B 46, nr.	458—459	7. júní 1977
B 47, nr.	460—465	29. sept. 1977

Leiðréttingar:

Bls. 144. sjá 1. línu í 3. gr. greiðnilega, les greinilega.
Bls. 245. sjá 6. línu að ofan kr. 225.00, les 255.00.
Bls. 547. sjá efst til vinstri, dagsetn. 5. júlí 1976.
Bls. 561. sjá 14. línu 9. Heimtaugargjöld varakassa, les varkassa.
Bls. 577. sjá 11. línu að neðan Fiskiðnarins, les Fiskiðnaðarins.
Bls. 601. sjá 3. línu í 5. gr. árelga, les árlega.
Bls. 610. sjá 2. línu í 20. gr. að, les af.
Bls. 622. sjá 3. línu í 2. 1. 3. aukenni, les auðkenni.
Bls. 628. sjá 3. línu í 4. 2. 5. kjarorkumálanefndar, les kjarnorkumálanefndar.
Bls. 637. sjá 1. línu í 7. 4. 1. skilar, les skilað.
Bls. 663. sjá 8. línu að neðan veltunnar, les veitunnar.
Bls. 752. sjá 6. línu í 7. gr. múnuði, les mánuði.
Bls. 755. sjá 3. línu í 5. gr. að, les og.
Bls. 820. sjá 1. línu í nr. 432. nr. 121/1975, les nr. 121/1976.
Bls. 845. sjá neðst BCAA-Insptection, les BCAA-Inspection.
Bls. 856. sjá 2. línu í F. sélyfs, les sérlyfs.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1976

5. janúar 1976. 1 Nr. 1.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður tolla af hráefnum til sælgætisframleiðslu í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Tollskr.nr.	Vörulýsing
úr 11.08.09	Bragðlaus sterkja.
úr 15.12.03	Hert pálmakjarnaolía.
úr 17.02.03	Síróp í 25 kg pakkningum og stærri.
19.01.00	Maltextrakt.
úr 19.05.00	„Puffed rice“ og „Corn puffs“.
úr 21.07.09	Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 35.03.09	Gelatin.
úr 38.19.19	„Invertase concentrate“ og Cremoru Super.

2. gr.

Niðurfelling tolla skv. 1. gr. er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Innflytjandi leggi stund á sælgætisframleiðslu og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til sælgætisframleiðslu

eða

b. Innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu, að varan verði eingöngu notuð sem efnivara til sælgætisframleiðslu og framvísi jafnframt yfirlýsingu frá sælgætisframleiðanda (framleiðendum) um að viðkomandi vörusending sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til framleiðslu á sælgæti eingöngu.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. heimild í 55. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974, um tollskrá o.fl. til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 389 24. desember 1974 um sama efni svo og önnur þau fyrirmæli, er brjóta kunna í bága við auglýsingu þessa.

Fjármálaráðuneytið, 5. janúar 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Lárvík í Eyrarsveit.

1.	Innri- og Ytri-Látravík og Skerðingsstaðir	747	einingar
2.	Efri-Lág og Lágarkot	102	—
3.	Krókur	26	—
4.	Neðri-Lág	74	—
5.	Mýrarhús	51	—
		Samtals 1000	einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 3. 5. janúar 1976.

REGLUGERÐ

um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

1. gr.

Stéttarfélög eða stéttarsambönd höfunda fara með almenna aðild til að semja við Ríkisútvarpið um greiðslur til höfunda fyrir verk, sem heimilt er að flytja í útvarpi án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, sbr. 23. gr. 1. mgr. höfundalaga nr. 73/1972, enda hafi þau áður öðlast löggildingu menntamálaráðuneytisins. Leita skal umsagnar höfundaréttarnefndar, sem skipuð er skv. 58. gr. höfundalaga, um umsóknir stéttarfélaga um löggildingu. Stéttarfélagi höfunda, sem þegar hefur verið löggilt af menntamálaráðuneytinu, er heimilt að halda löggildingu sinni án nýrrar umsóknar.

2. gr.

Takist ekki samningar milli stéttarfélags og Ríkisútvarpsins um greiðslur til höfunda skv. 1. gr. geta aðilar, ef þeir eru sammála um það, lagt ágreininginn undir úrskurð 3ja manna gerðardóms, sbr. 2. mgr. 57. gr. höfundalaga, sbr. og reglur sem ráðuneytið setur um störf dómsins.

3. gr.

Stéttarfélagi höfunda, sem öðlast hefur umboð verulegs hluta íslenskra höfunda og hlotið löggildingu skv. 1. gr., skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka utan Ríkisútvarpsins að því leyti, sem höfundi ber þóknun fyrir flutning þeirra. Slík gjaldskrá er háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Beiðni stéttarfélags um gjaldskrá skal lögð fyrir höfundaréttarnefnd til umsagnar. Eldri gjaldskrár, löglega settar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skulu halda gildi sínu.

4. gr.

Rétthafar ritverka og tónsmíða, sem hvorki eru meðlimir löggilts félags né hafa veitt því umboð til að gæta hagsmuna sinna, skulu njóta sama réttar og meðlimir félagsins að því er snertir fjárhæð greiðslu fyrir flutning verka þeirra.

Innheimtu og aðra hagsmunagæslu en að framan greinir, sbr. 1.—3. gr. annast félagið einungis samkvæmt umboði í samræmi við reglur eða samþykktir félagsins. Þó skal stéttarfélagi höfunda, sem annast almenna innheimtu gjalda fyrir flutningsrétt og hefur aflað sér umboða til þeirrar starfsemi frá verulegum hluta íslenskra höfunda, einnig heimil innheimta fyrir rétthafa sem standa utan félagsins eða hafa ekki veitt því sérstakt innheimtuumboð enda njóti þeir sama réttar við úthlutun og félagsmenn.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í höfundalögum nr. 73/1972 og kemur í stað reglugerðar nr. 429 frá 30. desember 1974.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

6. janúar 1976. Nr. 4.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Þorskur:	
4x14 m/r interl.	97.65
4x14 r/r og 8x7 r/l	107.14
10x5, 3x18 og 4x12	171.77
5x10 og 4x13	193.73
4x15	202.71
12x1	184.74
Blokk	117.84
Blokk 24½	121.84
Ýsa:	
4x14 m/r interl.	92.59
10x5 og 3x18	166.57
12x1	175.07
Blokk	111.72
Steinbítur:	
8x7 r/l	79.77
10x5	159.73
12x1	159.73
Blokk	102.46

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Karfi:	
8x7 m/r	82.00
10x5 m/r	105.37
10x5 r/l	111.50
12x1	111.50
Lausfrystur 4x12/1x30	109.77
Blokk	95.36
Ufsi:	
8x7 r/l	74.77
4x6 kg	63.17
10x5	82.93
Blokk	68.54
Langa:	
8x7 r/l	82.00
10x5	115.30
Blokk	89.01
Grálúða:	
Heilfryst	79.34
Blokk, U.S.S.R.	82.00
Heilfrystur fiskur	40.50

Verðbil verði 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. janúar 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 5. 8. janúar 1976.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum hráefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Frá 1. janúar 1976 skal tollur falla niður af eftirtöldum hráefnum og hjálparefnum sem teljast til tollskrárnúmers 38.19.19:

ADMUL GLP
ADMUL GMS — SF/40
ADMUL MGA
ADMUL MGK
ADMUL MGP
ADMUL POLYESTER 19
ADMUL POLYESTER 57
ADMUL WOL
ADMUL 69/1
AMPHISOL
ANTIFLOAT CVP
AROCLOR 1248

AROCLOR 5460
ASCININ R KONZ
AVOLAN IL

BASOLAN — DC
BEN — A — GEL
BENTONE
BLANKIT IAN
BLANKIT IN
BRATELLIN

CERECLOR 42
CLEARPOL
CLOPHEN A 60
COBALT 254
COBALT OCTOATE 6% og 12%
COLLUPULIN
CO — RO STABILISATOR
CREMODAN MOUSSE 30
CREMODAN SE 33
CREMODAN SE 34
CREMODAN SI 315

DAUROTIN EXTRA STRONG
DESMODUR VERSUCHSPRODUKT DD 3058
DIMODAN CP
DIMODAN LS
DIMODAN PV
DIMODAN P
DIMODAN S
DUOSAL

ELDOLAK
EMULGATOR PAF 11
EMULSIFIER WHC

FOAM STABILIZER (FOAMDEX)
FRIX P
FRUCTODAN DC

GELO
GENULACTA Type K 100°

HOMODAN M54
HOMODAN MO
HOMODAN PT
HOMODAN RM
HOMODAN RMS
HYDRIN 60
HYMONO SF/33
HYMONO SF/44

IRCOGEL 2354
ISONE D

KNACKS
KNACKS OHNE
KNACKS P
KNACKS P EXPORT
KNACKS VK 5
KONZENTRAT 1
KONZENTRAT 19
KONZENTRAT 23
KONZENTRAT 25,3
KONZENTRAT 26,1
KONZENTRAT 27
KONZENTRAT 29
KONZENTRAT 40
KONZENTRAT 49
KONZENTRAT (atrix) 62
KONZENTRAT 88

LAKOLIT
LAKOLIT R
LEROMOLL 112
LUAKTIN KONZ
LUDOX A 50
LUDOX P 40

MAGILEX 805
MATTIERUNGSMITTEL OK 412
MESAMOLL
MESITOL — NBS

NEUTRIGAN
NOFOME C
NOPCO NXZ
NOPCO NDW
NOPCO 141 — A
NOPCO 2219 — A
NOPCO 8034

PAGIN 35
PALSGAARD 0138
PALSGAARD 0206
PALSGAARD 1305
PALSGAARD 4104
PALSGAARD 5108
PALSGAARD 5902
PALSGAARD 5915

SETAMOL WS

TANAVOL M—RH

TARI TF 5
TOFFAN
TRIODAN 20
TURBOFIX

UNOSAL
UV. ABSORBER 318

VERDÜNNER UPL 2246

ZEOLITH — T — pasta (50% í laxerolíu)
ZEOLITH — T — pulver
ZIRGEL — K

2. gr.

Framangreind niðurfelling er því skilyrði háð, að innflytjandi stundi iðnrekstur og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan verði eingöngu notuð sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 17. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o.fl. til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 349 7. nóv. 1974 ásamt auglýsingu nr. 301 10. júlí 1975 um viðbót við hana.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1976.

F. h. r.
Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 6. 9. janúar 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964, um iðgjöld til slysatrygginga skv. 40. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	28
2.	46
3.	91
4.	91
5.	109
6.	175
7.	253
8.	360
9.	486
10.	581

2. gr.

Í 3. málsgr. 4. gr. komi: 7 200 krónur í stað „5 700 krónur."

3. gr.

3. gr. orðist svo:
Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 46.00 (2. áhættuflokkur).
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 360.00 (8. áhættuflokkur).

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 360.00 (8. áhættuflokkur).

Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 6 000.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta eða stærri kr. 486.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 581.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta eða stærri kr. 581.00 (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættugjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 60.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr.	1 500
Vegna rafstöðvar	—	750
Vegna súgþurrkunartækis	—	750
Vegna heyblásara (saxblásara, heybyssu)	—	750
Vegna bifhjóls	—	2 400
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	—	2 400

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1976. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 391, 23. desember 1974, um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

9. janúar 1976. Nr. 7.

REGLUGERÐ

um prófun búvéla.

1. gr.

Bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins annast prófun búvéla og verkfæra í þeim tilgangi, að reyna hæfni og notagildi þeirra við íslenskar aðstæður. Tilhögun á prófun getur verið þrennskonar.

a) Prófun einstakra búvéla að beiðni framleiðanda eða umboðsmanns hans.
b) Telji Bútæknideild ástæðu til, getur hún haft frumkvæði um prófun einstakra búvéla. Skal þá framleiðanda eða umboðsmanni hans tilkynnt um prófunina.
c) Samanburðartilraunir á vélum og verkfærum af hliðstæðri gerð, þegar Bútæknideild telur ástæðu til.

2. gr.

Prófun búvéla á vegum Bútæknideildar fer fram að Hvanneyri eða öðrum þeim stað, er deildin ákveður.

3. gr.

Beiðni um prófun á landbúnaðartæki skal vera skrifleg og sendast Bútæknideild með góðum fyrirvara. Beiðninni skal fylgja lýsing á gerð og vinnubrögðum tækisins.

4. gr.

Samþykki Bútæknideild að taka viðkomandi búvél í prófun, skal umsækjandi sjá um flutning hennar á prófunarstað fyrir þann tíma, er Bútæknideild til tekur. Sé prófun búvélar bundin við vissan árstíma, skal hún send Bútæknideild minnst tveim vikum áður en hann gengur í garð.

5. gr.

Eigi skal endurprófa búvél, nema sérstakar ástæður komi til að mati Bútæknideildar.

6. gr.

Umsækjandi ber ábyrgð á því, að búvél, sem send er til prófunar, sé að öllu leyti eins að allri gerð og vélar þær af sömu tegund, sem eru á markaðnum.

Umsækjandi ber einnig ábyrgð á því, að vélin sé rétt samsett og rétt stillt, þegar prófun hefst. Hann skal og láta í té fullnægjandi upplýsingar um notkun og viðhald vélarinnar.

7. gr.

Umsækjandi um prófun skal afhenda Bútæknideild endurgjaldslaust vél þá, sem reyna skal, og hefur deildin full umráð yfir henni á meðan prófun stendur yfir. Þá skal hann láta deildinni í té varahluti í vélina, svo sem nauðsyn krefur við prófunina.

Umsækandi kostar flutning á vél sinni til og frá prófunarstað.

Bútæknideild er undanþegin allri ábyrgð og bótaskyldu vegna tjóns, sem prófunarvél kann að verða fyrir við prófunina.

8. gr.

Umsækjandi eða umboðsmanni hans er heimilt að vera viðstaddur prófun vélar sinnar. Að öðru leyti ákveður Bútæknideild í hvert sinn, hverjum skuli vera heimilt að fylgjast með búvélaprófunum.

9. gr.

Bútæknideild er skylt að láta umsækjanda í té bráðabirgðaskýrslur um niðurstöður prófunar eigi síðar en mánuði eftir að henni lýkur.

Endanleg skýrsla um umbeðna prófun (skv. 1. gr. a.) skal birt opinberlega, nema fyrir liggi skrifleg yfirlýsing umsækjanda þess efnis, að hann muni ekki bjóða viðkomandi vél til sölu hér á landi. Taki annar aðili upp verslun með sömu vél, þótt undir öðru merki sé, skal skýrslan birt með viðeigandi skýringum.

Prófunarskýrslu skal senda framleiðanda eða umboðsmanni hans til yfirlestrar og umsagnar, áður en hún er sett í prentun. Skriflegar athugasemdir skulu berast Bútæknideild fyrir tilskilinn tíma.

10. gr.

Óheimilt er að nota prófunarskýrslu í auglýsingarskyni, fyrr en endanleg skýrsla Bútæknideildar liggur fyrir. Er þá heimilt að birta skýrsluna orðrétt í heild eða lokaorð hennar. Hins vegar er óheimilt að draga úr skýrslunni einstakar málsgreinar, töflur eða línurit til birtingar, nema skriflegt samþykki Bútæknideildar liggi fyrir.

Niðurstöður búvélaprófana eiga aðeins við um vélar, sem eru eins og prófunarvélin að allri gerð og byggingu sbr. 6. gr. 1. mgr.

11. gr.

Gjald fyrir prófun búvélar greiðist við lok prófunar samkvæmt gjaldskrá, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins ákveður í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt V. kafla laga nr. 64 21. maí 1965 um Rannsóknastofnun landbúnaðarins til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 33 12. apríl 1962.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

9. janúar 1976. Nr. 8.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisþjónustunnar.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.	Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára	kr.	2 000.00
2.	Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa, sem eru 67 ára og eldri eða hafa eigi náð 18 ára aldri	—	1 000.00
3.	Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	—	350.00
4.	Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering"), hvert skjal	—	350.00

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjörræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1976. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 22. desember 1972.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

1. gr.

C-liður 32. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjaldendum, sem stunda atvinnu í a. m. k. 25 kílómetra fjarlægð frá heimili sínu og þurfa dag hvern að fara milli heimilis og vinnustaðar, skal heimilt að draga frá tekjum greidd fargjöld með áætlunarbifreiðum, eða samsvarandi fjárhæð sé notað annað flutningstæki, enda sé sá flutningskostnaður, sem atvinnurekandi kann að hafa endurgreitt launþega, talinn að fullu til tekna skv. síðasta málslið A-liðar 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 11/1975. Á sama hátt skulu þeir gjaldendur, sem hafa húsnæðisaðstöðu á vinnustað á vegum atvinnurekenda njóta frádráttar frá tekjum vegna greiddra fargjalda í samræmi við tilhögun vinnu á hverjum stað, þó eigi hærri en svarar til einnar ferðar fram og til baka fyrir hverja unna viku.

Þeir sem þurfa að fara langferðir vegna atvinnu sinnar mega og draga ferðakostnað frá tekjum sínum. Skattstjóri metur í hverju tilviki hvort um langferð sé að ræða og skal hann við það mat hafa til hliðsjónar vegalengd ferðar og lengd dvalartíma gjaldanda frá heimili sínu. Að jafnaði kemur þó frádráttur vegna langferða ekki til greina fyrir fleiri en þrjár slíkar ferðir fram og til baka á hverju ári. Auk fargjalds má taka tillit til fæðis á ferðalaginu og gistikostnaðar. Gjaldanda ber að gera fulla grein fyrir kostnaðinum og skal þess gætt, að ekki sé veittur hærri frádráttur en skattstjóri telur nauðsynlegan vegna ferðarinnar.

2. gr.

B-liður 35. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Námskostnað, sem stofnað er til eftir tuttugu ára aldur, má draga frá tekjum næstu 5 ár eftir að námi er lokið enda geri nemandi árlega meðan nám stendur yfir fullnægjandi grein á framtali sínu fyrir því hvernig fjár var aflað til greiðslu hans og annarra útgjalda með sama hætti og öðrum framteljendum ber að gera grein fyrir fjáröflun til útgjalda sinna. Leggja skal og fram vottorð frá viðkomandi skólum og önnur nauðsynleg sönnunargögn, eftir því sem við á.

Nemandi skal árlega gera grein fyrir fjáröflun og kostnaði við námið á sérstöku eyðublaði, sem skattyfirvöld láta í té. Skal það fyrst sent með framtali nemandans fyrsta árið eftir að hann nær 20 ára aldri og ætíð síðan meðan á námi stendur. Einnig skal nemandi, sem óskar eftir að njóta frádráttar skv. þessum lið, senda með fyrsta framtali sínu eftir að námi er lokið afrit eða ljósrit af prófskírteini og sundurliðað heildaryfirlit yfir námskostnaðinn og fjáröflun til greiðslu hans og annarra útgjalda á námsárunum, svo og gera grein fyrir námsferli sínum, þ. e. hvaða nám hann hafi stundað, við hvaða skóla, hvenær og hve lengi og hvaða prófi hann hafi lokið. Skattstjóri úrskurðar síðan heildarupphæð frádráttar og má þá hafa hliðsjón af almennum námsfrádrætti skv. A-lið þessarar gr., sem leyfður var við hliðstætt nám á sama stað og tíma.

Frá heildarupphæð frádráttar skv. þessum stafl. skal draga þann námsfrádrátt, sem færður hefur verið til frádráttar á framtölum skattþegns skv. A-lið og honum hefur að gagni komið til skattlækkunar og enn fremur þann frádrátt sem foreldri hefur notið skv. 49. gr. A. 2. Það, sem þá verður eftir má skattþegn draga frá tekjum næstu 5 ár þó aldrei meira en 1/5 hluta hvert ár.

Nemanda er heimilt, enda sendi hann ósk um það með fyrsta framtali eftir að hann hefur náð 20 ára aldri, að vera undanþegin skyldu til þess að gera árlega grein

fyrir námskostnaði á þar til gerðum eyðublöðum frá skattyfirvöldum, svo og að skila heildarskilagrein, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. B-liðar þessarar greinar, og er hann þá bundinn af þeirri ósk sinni allan námstímann og við endanlegt uppgjör á námskostnaði að námi loknu. Ef nemadi sendir ekki fyrrgreinda ósk með fyrsta framtali sínu og ekki heldur útfyllt eyðublað um námskostnað skv. 2. mgr. skal skattstjóri líta svo á að nemandi óski að nota undanþáguheimild þessarar málsgreinar.

Þegar nemandi, sem óskað hefur þess að falla undir ákvæði 4. mgr., hefur lokið námi skal hann senda afrit eða ljósrit af prófskírteini með framtali sínu og skal skattstjóri þá ákvarða námskostnað hans þann tíma, sem námið stóð yfir skv. mati ríkisskattstjóra á kostnaði við viðkomandi nám, að fengnum upplýsingum frá lánasjóði ísl. námsmanna og öðrum aðilum um eðlilegan árlegan meðalnámskostnað og eðlilega tímalengd við hverja námsbraut.

Eigi skal leyfa skattþegni námskostnað vegna fleiri ára en sem nemur eðlilegum námstíma skv. upplýsingum viðkomandi skóla en taka skal tillit til tafa frá námi vegna veikinda eða vegna þess að nemandi hvarf frá námi um tíma, við ákvörðun námskostnaðar í námsbraut hans. Sé námstími styttri en eðlilegur námstími miðast námskostnaður við raunverulegan námstíma. Sé námstími lengri en eðlilegur námstími skal leggja saman fullan námskostnað allra námsáranna og reikna síðan hlutfall eðlilegs námstíma.

Þeir nemendur, sem fram til ársins 1975 hafa sent eyðublað um námskostnað með framtölum sínum en óska eftir að falla undir ákvæði 4. og 5. mgr. B-liðar þessarar gr. skulu senda skattstjóra umsókn þar um með framtali 1976 og eru þeir þá bundnir af þeirri ósk sinni allan námstímann og við endanlegt uppgjör á námskostnaði að námi loknu. Sama gildir um þá nemendur sem senda eyðublöð um námskostnað skv. 2. mgr. á árinu 1976 og síðar en óska þess síðar, að námskostnaður þeirra verði ákvarðaður skv. 5. og 6. mgr. B-liðar þessarar greinar.

Heildarnámskostnað skv. úrskurði skattstjóra skv. ákvörðunarreglu í 5., 6. og 7. mgr. B-liðar þessarar gr. má skattþegn draga frá tekjum sínum á næstu 5 árum eftir að námi er lokið þó aldrei meira en 1/5 hluta hvert ár.

3. gr.

100. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 383 1974, orðist svo:

Lögreglustjórar eða gjaldheimtur sbr. lög nr. 68/1962 skulu innheimta tekju- og eignarskatt.

Á þann hátt, er hér segir skal innheimta fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi 60% — sextíu af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð er nemi 60% — sextíu af hundraði — þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið a. m. k. 30% lægri en á næsta ári áður, eða ástæður hans hafa versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum skv. þessum tl. Skattstjóri ákveður lækkunina.

   Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörslum innheimtumanns.
2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tl. ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.

3. Vangreiðsla að hluta skv. þessari grein veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé skattur hækkaður svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir 1. ágúst eða 1. dag næsta mánaðar eftir álagningu fari hún seinna fram telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkaður eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973 og 55. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 21. gr. laga nr. 7/1972, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 10. 14. janúar 1976.

AUGLÝSING

um breytingar á skattvísitölu samkv. 26. gr. laga nr. 8/1972 sbr. lög nr. 11/1975, um tekjustofna sveitarfélaga.

Fjárhæðir til frádráttar á útsvari samkvæmt 26. gr. laga nr. 8/1972 sbr. lög nr. 11/1975 breytast í samræmi við skattvísitölu og verða á árinu 1976 eftirfarandi:

1. Í stað fjárhæða í 1. málslið 1. mgr. 26. gr. laganna „10 500 kr." og „7 500 kr." komi: 13 125 kr. og 9 375 kr.
2. Í stað fjárhæðar „1 500 kr." í 3. málslið 1. mgr. 26. gr. laganna komi: 1 875 kr.
3. Í stað fjárhæðar „3 000 kr." í 4. málslið 1. mgr. 26. gr. laganna komi: 3 750 kr.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 11. 14. janúar 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði nr. 272 9. desember 1970, sbr. reglugerð nr. 365 27. desember 1973.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:
Í stað „1. nóvember" komi: 1. október.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. breytist þannig:
Í stað „1. nóvember“ komi: 1. október.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt IV. kafla laga nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

19. janúar 1976. Nr. 12.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976:

	Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1.	10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
2.	24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
3.	24 × 450 gr sérfryst	321.30
4.	6 × 2 kg, 5 × 2 kg og 4 × 2 kg sérfryst	321.30
5.	4 × 2.5 kg sérfryst	321.30
6.	2 × 5 kg sérfryst	321.30
7.	4 × 7 kg sérfryst	321.30
8.	1 × 25 lbs. sérfryst	321.30
9.	15 × 200 gr sérfryst	326.70
10.	í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 63.3% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. janúar 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 12. janúar 1976 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað þess að ætla landspildu þá, sem liggur milli Miklubrautar og gróðrarstöðva við Suðurlandsbraut, vestan Skeiðavogs undir útivistarsvæði, skuli þar framvegis gert ráð fyrir iðnaði, vörugeymslum og þjónustustarfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi.

1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt reglugerð þessari eiga þær konur, sem forfallast hafa frá vinnu vegna barnsburðar og fullnægja skilyrðum þeim, sem hér fara á eftir:

a. Eru fullra 16 ára og eru fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélögum.
b. Sanna með vottorði launagreiðanda, að þær hafi á síðustu 12 mánuðum fyrir barnsburðinn stundað vinnu, sem tryggingaskyld er samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar í að minnsta kosti 1032 dagvinnustundir eða 516 dagvinnustundir, sé um reglubundna hálfsdagsvinnu að ræða, enda hafi vinnan verið greidd samkvæmt kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélags. A. m. k. þriðjungur þeirra dagvinnustunda, sem að framan greinir, skal hafa verið unnin eftir að kona varð fullra 16 ára.

   Konur, sem fullnægt hafa framangreindum skilyrðum, halda rétti sínum til fæðingarorlofs, þótt þær hafi fyrir fæðingu barns stundað allt að 24 mánuðum vinnu hjá launagreiðanda, sem ekki er iðgjaldsskyldur til atvinnuleysistrygginga. Réttur glatast heldur ekki, þótt þær hafi fyrir fæðingu verið veikar um allt að tveggja ára skeið, enda séu veikindin sönnuð með læknisvottorði.

   Kona, sem áður hefur fullnægt skilyrðum til þess að fá atvinnuleysisbætur og lokið bótatímabili sínu, telst fullnægja skilyrðum til fæðingarorlofsgreiðslu, þótt vinnustundafjölda hennar á síðustu 12 mánuðum, sem að framan getur, sé ekki fullnægt, enda hafi ekki tekist að útvega henni vinnu og hún fullnægt skilyrði um daglega skráningu hjá vinnumiðlun. Þegar reiknaður er tími til réttinda samkvæmt framansögðu, telst ekki með sá tími, sem verkfall eða verkbann hefur hvílt á starfsgrein þeirri, sem stéttarfélag umsækjanda tekur til, nema sannað sé, að konan hafi verið orðin þunguð, þegar það verkfall eða verkbann hófst.
c. Leggja fram vottorð ljósmóður eða læknis um fæðingu barns.

2. gr.

Þær konur, sem telja sig eiga rétt til fæðingarorlofs samkvæmt reglugerð þessari, skulu snúa sér til nefndar þeirrar, sem annast úthlutun atvinnuleysisbóta fyrir stétt-

arfélag þeirra, og afhenda henni gögn þau, sem um ræðir í 1. gr. og jafnframt umsókn um fæðingarorlof í því formi, sem nefndin leggur til. Nefndin fellir síðan úrskurð um umsóknina með sama hætti og umsóknir um atvinnuleysisbætur, eftir því, sem við á.

3. gr.

Nú greiðir launagreiðandi konu óskert laun í barnsfararfríi, og skal þá aðeins greiða samkvæmt þessari reglugerð þann tíma, sem sú launagreiðsla nemur skemmri tíma en 90 bótadögum. Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Upphæð greiðslu í fæðingarorlofi skal miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, samkv. næst lægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera sem hér segir:

a. Til giftrar konu eða sambúðarkonu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greindum launum.
b. Til annarra kvenna á sama hátt 70% af launum.
c. Konum skv. a-lið svo og konum skv. b-lið, annarra en giftra kvenna og sambúðarkvenna, skal auk þessa greiða 6.5% af áður greindum launum vegna hvers barns, sem þær framfæra á heimili sínu og þeirra barna utan heimilis, sem þær sannanlega greiða meðlag með, þó ekki fleiri en þremur alls.

Sé bótaréttur samkvæmt reglugerð þessari byggður á hálfsdagsvinnu, greiðist hálft fæðingarorlof. Hafi kona áður að jafnaði stundað heilsdagsvinnu, skal þó greiða fullar bætur, ef hún sannar með læknisvottorði, að henni hafi vegna meðgöngunnar verið talið ráðlegt að vinna aðeins hálfsdagsvinnu allt að tveim mánuðum fyrir fæðingu, enda hafi hún, er hálfsdagsvinna þessi hefst, þegar unnið sér rétt til fullrar greiðslu.

5. gr.

Fæðingarorlofsfé skal að jafnaði greitt með þrem jöfnum greiðslum eftir á. Fyrsta greiðslan má fara fram, þegar eftir er til fæðingar allt að þriðjungi orlofsréttartímabilsins, enda hafi konan lagt niður vinnu og sannað væntanlegan fæðingartíma með vottorði læknis eða ljósmóður.

6. gr.

Þegar atvinnuleysisbótanefnd hefur borist umsókn um fæðingarorlof ásamt tilskyldum gögnum, skal hún kveða upp úrskurð um rétt umsækjanda. Nefndin skal gera skrá um þá umsækjendur, sem hún úrskurðar bætur og afhenda hana Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar ásamt öllum fylgiskjölum. Fallist Tryggingastofnunin eða umboðsmenn hennar á úrskurðinn, afhenda þeir atvinnuleysisbótanefnd fé til greiðslu bótanna. Að lokinni greiðslu skal nefndin afhenda þessum aðilum eintak af bótaskránni með kvittun umsækjanda fyrir móttöku greiðslunnar.

7. gr.

Verði ágreiningur í úthlutunarnefnd um úrskurð, skal gerð grein fyrir því á skránni eða sérstöku fylgiskjali, í hverju hann sé fólginn. Nefndin í heild eða einstakir nefndarmenn geta ávallt vísað ágreinings- eða vafaatriðum til úrskurðar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir úrskurð um málið. Sama rétt á umsækjandi um fæðingarorlof, sem ekki vill sætta sig við úrskurð úthlutunarnefndar eða eftir atvikum Tryggingastofnunarinnar eða umboðsmanna hennar um málið.

8. gr.

Umsóknir um greiðslu fæðingarorlofs skulu ritaðar á eyðublöð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til. Skulu eyðublöð þessi vera fyrir hendi hjá ráðuneytinu, Tryggingastofnun ríkisins og umboðsmönnum hennar, svo og hjá öllum úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta.

9. gr.

Nú hefur kona störf að nýju áður en lokið er því tímabili sem hún á rétt til greiðslu orlofsfjár samkvæmt reglugerð þessari, og styttist þá 90 bótadaga orlofstíminn sem nemur þeim tíma, er hún vinnur, þó ekki meira en 5 daga fyrir hverja vinnuviku. Ekki skerðist réttur hennar til greiðslu skv. 4. gr. reglugerðar nr. 105/1974 um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, þar sem það á við. Ekki getur kona notið samtímis fæðingarorlofsgreiðslu og almennra atvinnuleysisbóta.

10. gr.

Ekki má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkvæmt reglugerð þessari né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 56 27. maí 1975, staðfestist hér með til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 15. 22. janúar 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 39.36 fyrir hvern rúmmetra vatns, eða samkvæmt magnhemli kr. 862.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar Hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði.

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾" ..... kr. 341.10
b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" ..... — 765.30
c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri ..... — 1 530.50

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	m^3	Heimæðagjald						
Allt að	400	109 310.00 kr.						
400 —	2000	109 310.00 —	fyrir	400 m^3	+	87.50 kr./m^3	þar	yfir
2000 —	6000	249 230.00 —	—	2000 —	+	74.50	—	—
6000 —	10000	546 557.00 —	—	6000 —	+	65.70	—	—
Meira en	10000	808 906.00 —	—	10000 —	+	57.00	—	—

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 13 118.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað að lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 588.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 91 28. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 22. janúar 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 16. 20. janúar 1976.

REGLUGERÐ

um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (Gadus morhua morhua)	50 cm
Ýsa (Melanogrammus aeglefinus)	45 —
Ufsi (Pollachius virens)	50 —
Lýsingur (Merluccius merluccius)	30 —
Skarkoli (Pleuronectes plattessa)	34 —
Langlúra (Gyptocephalus cynoglossus)	30 —
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	30 —
Tunga (Solea solea)	24 —
Sandhverfa (Psetta maxima)	30 —
Slétthverfa (Psetta psetta)	30 —
Stórkjafta (Lepidorhombus whiff)	30 —
Lýsa (Merlangius merlangus merlangus)	40 —
Sandkoli (Limanda limanda)	20 —
Steinbítur (Anarhichas lupus)	40 —
Karfi (Seliastes marinus)	500 gr.

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 10% af þorsk-, ýsu- og ufsaafla hverrar veiðiferðar vera undir ofangreindum lágmarksstærðum, þó má ekki landa þorski undir 43 cm, ýsu undir 40 cm eða ufsa undir 45 cm. Ennfremur má 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr að

2. gr.

þyngd hver fiskur. Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

3. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa og, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar fisktegundir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt um í reglugerð þessari.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og er heimilt að gera afla upptækan til ríkissjóðs, ef brot þykir gefa tilefni til.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og fellur með henni úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 393 31. desember 1974 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærð fisktegunda.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1976.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

19. janúar 1976. Nr. 17.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma.

1. Fyrir Norðausturlandi allt árið, á svæði, er að vestan takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 7) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í austur frá Langanesi (grunnlínupunktur 9). Að utan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 70 sjómílur utan við grunnlínu.
2. Fyrir Austurlandi allt árið innan línu, er dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjöruborði Hvalbaks (64°35′8 n.br., 13°16′6 v.lgd.).
3. Fyrir Suðausturlandi allt árið á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
   a) 63°57′8 n.br., 13°00′0 v.lgd.
   b) 63°45′0 n.br., 14°00′0 v.lgd.
   c) 64°01′0 n.br., 14°07′0 v.lgd.
   d) 64°15′0 n.br., 13°00′0 v.lgd.

4. Fyrir Vesturlandi á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember ár hvert á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   a) 65°25'0 n.br., 26°45'0 v.lgd.
   b) 65°25'0 n.br., 27°00'0 v.lgd.
   c) 64°40'0 n.br., 27°00'0 v.lgd.
   d) 64°40'0 n.br., 27°15'0 v.lgd.
5. Fyrir Norðurlandi allt árið innan línu, er dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjöruborði Kolbeinseyjar (67°08'8 n.br., 18°40'6 v.lgd.).

Þá eru íslenskum skipum bannaðar allar veiðar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir suðurlandi á tímabilinu 20. mars til 15. maí á svæði er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   a) 63°32'0 n.br., 22°00'0 v.lgd.
   b) 63°00'0 n.br., 22°00'0 v.lgd.
   c) 63°00'0 n.br., 21°10'0 v.lgd.
   d) 63°32'0 n.br., 21°10'0 v.lgd.
2. Fyrir Vestfjörðum allt árið á svæði er takmarkast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   a) 66°57'0 n.br., 23°21'0 v.lgd.
   b) 67°01'0 n.br., 22°11'5 v.lgd.
   c) 67°20'5 n.br., 22°31'5 v.lgd.
   d) 67°17'0 n.br., 23°51'0 v.lgd.

Sjávarútvegsráðuneytið mun ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar miskimiðunum í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ráðstafanir verða gerðar að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og mun þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Mun ráðuneytið með tilkynningu loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

Að öðru leytið skal íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974, og fellur með henni úr gildi reglugerð nr. 154 13. júní 1973 um friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum og reglugerð nr. 210 27. maí 1975 um bann við veiðum með botn- og flotvörpu umhverfis Kolbeinsey.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1976.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1976

26. janúar 1976. 21 Nr. 18.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 370 17. desember 1974, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liðir:

Tollskrá Kafli nr.	Vörutegund
19.07.00	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta.
19.08.00	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi nú þegar.

Viðskiptaráðuneytið, 26. janúar 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 2, nr. 18. Útgáfudagur 28. janúar 1976.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1976

Nr. 19. 22 23. janúar 1976.

AUGLÝSING

um verðhækkunarstuðul fyrir óbeina fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 60/1973 um breyting á framangreindum lögum, hefur fjármálaráðuneytið ákveðið í samráði við Hagstofu Íslands og á grundvelli útreikninga hennar, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1975 skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna, sem falla undir 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 45%.
2. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 36%.

Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 3, nr. 19. Útgáfudagur 29. janúar 1976.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1976

13. janúar 1976. 23 Nr. 20.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 73 26. apríl 1971.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

30. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs Neskaupstaðar skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar 30—44 falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að greinar 45—52 verði 30—37.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 272 5. okt. 1972 um breytingu á reglugerð nr. 73 26. apríl 1971.

Samgönguráðuneytið, 13. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

13. janúar 1976. Nr. 21.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Neskaupstaðar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Neskaupstað.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiða kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 2 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Hvert það skip, sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 200.00 fyrir hvert skip, auk kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 250.00 í hafnsögusjóð.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.

b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00 hver 1000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 tonn) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1000 kg.:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., ósunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00 hver 1000 kg.:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 64.00/rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

11. gr.

Vatnsgjald, vigtargjald, leiga á áhöldum hafnarinnar og aðstoð veitt af starfsmönnum hafnarinnar greiðist eftir gjaldskrá eða ákvörðun, sem hafnarstjórn setur hverju sinni, nema samningar komi til.

Fyrir lóðir og lendur hafnarinnar, geymsluhús, dráttarbraut og aðrar fasteignir hafnarsjóðs, sem leigt er einstaklingum og félögum, um lengri eða skemmri tíma, svo og aðstöðu, sem veitt er á bryggjum eða hafnarmannvirkjum, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi við hafnarstjórn.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

12. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

13. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra eða hafnarskrifstofunni þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipinu, uns gjöld eru greidd. Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur fengið afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarskrifstofunni, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

Aðila, sem kaupir fisk af fiskiskipi, ber að halda eftir af aflaverðmætinu nægilegri upphæð til að greiða hafnarsjóði öll gjöld, sem skipinu ber að greiða honum, enda ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

14. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóðum hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt á vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

15. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld sbr. 12. gr. hafnalaga.

Auk þess eru skipsgjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 13. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

22. janúar 1976. Nr. 22.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn nr. 149 7. júlí 1964.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um hafnargjöld á Raufarhöfn.

21. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs Raufarhafnar skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

VIII. kafli og greinar nr. 22—38 falla niður og breytast eftirfarandi greinar og kaflar í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 20 13. apríl 1973, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 149 7. júlí 1964.

Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

22. janúar 1976. Nr. 23.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar.

I. KAFLI

Hafnargjöld.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og skemmtiferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir, skuli greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
b. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
c. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 2 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Hvert það skip sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 200.00 fyrir hvert skip, auk kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 250.00 í hafnsögusjóð.
d. Fyrir að vera úti í skipum skal greiða kr. 6 000.00 fyrir hvern sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn heim. Sama gjald greiðist ef hafnsögumaður þarf að fara með skipinu til annarra hafna. Auk þess greiðist ferðakostnaður heim.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 110.00 hver 1000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 tonn) svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1000 kg.:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 640.00 hver 1000 kg.:

a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c. Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 64.00/rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

11. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

12. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

II. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

13. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

15. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir hafnarinnar, samkvæmt 11. gr. greiði móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru frá höfninni.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Kröfur ná einnig til tryggingafjár skipa og varnings.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson

29. janúar 1976. Nr. 24.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 195 15. júní 1973.

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 15. gr. reglugerðar nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. apríl 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sátta milli aðila allt til 7. apríl 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

29. janúar 1976. Nr. 25.

REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.

1. gr.

Frá 10. febrúar til 1. júní 1976 eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvísandi austur frá Stokksnesi og vestur um að línu dreginni í réttvísandi vestur frá Látrabjargi.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Nr. 26. 15. janúar 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með ákveðið, að stöðvunarskylda skuli vera á Urðarbraut gagnvart Borgarholtsbraut, sbr. 4. mgr. 48. gr. sömu laga, en Borgarholtsbraut var gerð aðalbraut með auglýsingu dags. 16. janúar 1974.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast þegar gildi.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 15. janúar 1976.

e. u.

Leó E. Löve.

Nr. 27.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1973.

Eignir:

1.	Hálft húsið Hagamelur 21, fasteignamat	kr.	1 803 000.00
2.	Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1972 ..... kr. 527 920.46		
3.	Tekjur umfram gjöld 1973, lagðar í sparisjóðsbækur ..... — 37 954.11		
		—	565 874.57
		Kr.	2 368 874.57

Skuldir:

1.	Skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24/11 1952 (1. veðr.) LSR 2869	kr.	49 412.90
2.	Eignir umfram skuldir	—	2 319 461.67
		Kr.	2 368 874.57

Tekjur:

1.	Húsaleiga:				
	a. stærri íbúðin	kr.	78 000.00		
	b. minni íbúðin	—	52 500.00		
				kr.	130 500.00
2.	Vaxtatekjur			—	51 821.70
				Kr.	182 321.70

Gjöld:

1.	Fasteignagjöld	kr.	23 868.00
2.	Vaxtagreiðslur	—	4 678.59
3.	Viðgerðir	—	15 821.00
4.	Verðlaun til dr. Guðmundar Pálmasonar	—	100 000.00
5.	Tekjur umfram gjöld	—	37 954.11
		Kr.	182 321.70

Menntamálaráðuneytið, 9. janúar 1974.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Reikningur þessi hefur verið endurskoðaður og reynst réttur.

Reykjavík, 13. jan. 1975.

f. h. Ríkisendurskoðunarinnar

Kristján Einarsson.

Nr. 28.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1974.

Eignir:

1.	Hálft húsið Hagamelur 21, fasteignamat			kr.	1 803 000.00
2.	Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Ísl. nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1973	kr.	565 874.57		
3.	Tekjur umfram gjöld, lagðar í sparisjóðsbækur	—	150 354.35		
				—	716 228.92
				Kr.	2 519 228.92

Skuldir:

1.	Skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24/11 1952 (1. veðr.) LSR 2869	kr.	45 997.75
2.	Eignir umfram skuldir	—	2 473 231.17
		Kr.	2 519 228.92

Tekjur:

1.	Húsaleiga:				
	a) stærri íbúðin	kr.	96 000.00		
	b) minni íbúðin	—	66 000.00		
				kr.	162 000.00
2.	Vaxtatekjur			—	67 859.20
				Kr.	229 859.20

Gjöld:

1.	Fasteignagjöld	kr.	28 114.00
2.	Vaxtagreiðslur	—	6 240.85
3.	Keypt eldavél	—	45 150.00
4.	Tekjur umfram gjöld	—	150 354.35
		Kr.	229 859.20

Menntamálaráðuneytið, 17. janúar 1975.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Reikningur þessi hefur verið endurskoðaður og reynst réttur.

Reykjavík, 13. jan. 1976.

f. h. Ríkisendurskoðunarinnar

Kristján Einarsson.

Nr. 29.

REIKNINGUR

Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1975.

Eignir:

1.	Hálft húsið Hagamelur 21, fasteignamat			kr.	1 803 000.00
2.	Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1974	kr.	716 228.92		
3.	Tekjur umfram gjöld lagðar í sparisjóðsbækur	—	241 399.00		
				—	957 627.92
				Kr.	2 760 627.92

Skuldir:

1.	Skuldabréf hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, útg. 24/11 1952 (1. veðr.) LSR 2869	kr.	42 768.00
2.	Eignir umfram skuldir	—	2 717 859.92
		Kr.	2 760 627.92

Tekjur:

1.	Húsaleiga:				
	a) stærri íbúðin	kr.	117 500.00		
	b) minni íbúðin	—	79 000.00		
				kr.	196 500.00
2.	Andvirði seldrar eldavélar			—	19 000.00
3.	Vaxtatekjur			—	101 580.00
				Kr.	317 080.00

Gjöld:

1.	Fasteignagjöld	kr.	39 316.00
2.	Vaxtagreiðslur	—	7 360.00
3.	Auglýsingakostnaður vegna samkeppnisverkefnis	—	29 005.00
4.	Tekjur umfram gjöld	—	241 399.00
		Kr.	317 080.00

Menntamálaráðuneytið, 12. janúar 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Reikningur þessi hefur verið endurskoðaður og reynst réttur.

Reykjavík, 13. jan. 1976.

f. h. Ríkisendurskoðunarinnar

Kristján Einarsson.

30. janúar 1976. Nr. 30.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 5% frá 1. janúar 1976 frá því sem þær voru í desember 1975.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. og greiðslur samkv. 73. gr. skulu einnig hækka um 5% frá sama tíma.

2. gr.
Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 4, nr. 20—30. Útgáfudagur 6. febrúar 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1976

26. janúar 1976. 37 Nr. 31.

STARFSREGLUR

fyrir Heilbrigðisráð Íslands.

1. gr.

Heilbrigðisráð Íslands er þannig skipað að landlæknir er formaður þess en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver: læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefna tvo menn í ráðið og ráðherra skipar þrjá menn án tilnefningar.

2. gr.

Kjörtímabil ráðsins er þrjú ár. Í fyrsta sinn eru þeir, sem tilnefndir eru af læknadeild Háskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, Tannlæknafélagi Íslands, Hjúkrunarfélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og tryggingaráði þó skipaðir til fjögurra ára.

Ráðið skal starfa án þóknunar.

3. gr.

Hlutverk ráðsins er:

a. að veita umsögn um heilbrigðis- og almannatryggingamál, sem ráðherra eða ráðuneyti leggja fyrir ráðið til umsagnar eða ráðgjafar,
b. að vera félagssamtökum, er starfa að heilbrigðis- eða almannatryggingamálum, til ráðuneytis um þau mál, sem þau óska að leggja fyrir ráðið til umsagnar og
c. að gera tillögur til ráðherra eða ráðuneyta um úrbætur á sviði heilbrigðis- og almannatryggingamála.

4. gr.

Tillögugerð sú, sem um ræðir í 3. gr. c. varðar einkum málefni þau, sem hér eru nefnd:

a. Áætlanagerð á sviði heilbrigðis- og almannatryggingamála.
b. Samræming á hinum ýmsu sviðum heilbrigðisþjónustunnar.
c. Úrbætur og samræming menntunar heilbrigðisstétta.
d. Aukin samvinna heilbrigðisstétta með hagkvæman rekstur heilbrigðisstofnana fyrir augum og bætta þjónustu fyrir almenning.
e. Fræðsla og upplýsingaöflun um heilbrigðis- og almannatryggingamál fyrir almenning.
f. Rannsókn á áhrifum almannatrygginga á heilbrigðisþjónustuna og nauðsyn lagabreytingar í því efni.
g. Löggjafarmálefni sem eru orðin úrelt eða þarfnast endurbóta.

5. gr.

Ráðið getur skipað nefndir eða starfshópa til þess að vinna að einstökum verkefnum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Slíkir starfshópar eða nefndir geta, að fengnu samþykki ráðsins, leitað samstarfs við fólk, er býr yfir reynslu og sérþekkingu á því sviði, sem starfshópnum eða nefndinni er ætlað að fjalla um.

6. gr.

Reikningsár Heilbrigðisráðs Íslands er almanaksárið.

Ráðið skal árlega gera áætlun um óhjákvæmilegan kostnað við starfsemi þess á næsta fjárhagsári. Áætlun þessa ásamt greinargerð skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 30. apríl ár hvert.

Ofangreindar starfsreglur staðfestast hér með.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 32. 29. janúar 1976.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. febrúar 1976 til ársloka 1980:

Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri
Akureyri — Þórshöfn — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 29. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 33. 2. febrúar 1976.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Seltjarnarneskaupstað.

I. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa í Seltjarnarneskaupstað, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Þegar gerður hefur verið samningur milli landeiganda og bæjarstjórnar um gerð byggingahæfra lóða eða lóðir eru orðnar byggingahæfar að mati bæjarstjórnar, skal eigandi þegar greiða af þeim lóðum gatnagerðargjald kr. 1 040.00 á hvern m² lóðar.

Þessi upphæð er miðuð við byggingavísitölu 1881 stig og breytist í samræmi við hana.

Við samþykkt teikninga í byggingarnefnd skal umreikna gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. og skal þá greiddur mismunur eða endurgreiddur.

3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

Einbýlishús	8,0%
Raðhús og tvíbýlishús	6,0%
Fjölbýlishús	1,8%
Iðnaðarhúsnæði	2,5%
Sama, stærð 2000 m²—5000 m²	3,0%
Sama, stærð undir 2000 m²	3,5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki skal aldrei teljast minni að rúmmáli en flatarmál hennar margfaldað með 3,30.

Bílgeymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast, þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

Af einbýlishúsalóðum, sem eru stærri en 1000 m² skal greiða sérstakt stærðargjald af því sem er fram yfir 1000 m² kr. 1 040.00 pr. m² miðað við vísitölu 1881. Gjaldið breytist í samræmi við breytingar á vísitölu.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð, skal lækka gjald samkvæmt 2. gr. vegna nýja hússins um allt að kr. 925 000.00 eftir mati byggingarnefndar. Upphæð þessi er miðuð við byggingavísitölu 1881 stig og breytist í samræmi við hana. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Gjald samkvæmt 3. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytingu.

6. gr.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði síðar endurnýjað skal reikna gjaldið að nýju, en áður greitt gjald kemur þá til frádráttar.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá samþykkt teikninga og þar til framkvæmdir hefjast skal umreikna gjaldið sam-

kvæmt 2. gr. síðustu málsgrein í sama hlutfalli og breyting á byggingarkostnaði hefir orðið.

7. gr.

Bæjarstjórn setur reglur um innheimtu gatnagerðargjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. og 3. gr. skulu gilda um allar óbyggðar lóðir á Seltjarnarnesi, sem greitt hefur verið af gatnagerðargjald, hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 1 árs frá gildistöku þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

8. gr.

Af öllum lóðum og húsum sem falla undir I. kafla skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari.

9. gr.

Af hverjum rúmmetra greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,0%
Raðhús og tvíbýlishús	0,7%
Fjölbýlishús	0,4%
Atvinnuhúsnæði	0,7%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og samkvæmt 2. gr.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

11. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið. Heimilt er þó gjaldanda að greiða 2/3 gjaldsins með tveim jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu tvö ár á eftir, enda séu þó greiddir venjulegir vísitölvextir af eftirstöðvum á hverjum tíma.

Gatnagerðargjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign. Bæjarstjórn samþykkir að beita ekki heimild um afturvirkni samkvæmt 4. gr. laga um gatnagerðargjöld.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

1. gr.

Í stað orðanna „kr. 24.20 pr. lítra“ í 2. mgr. a-liðar 3. gr., komi orðin: kr. 29.00 pr. lítra.

2. gr.

Síðasta málsgrein a-liðar 3. gr. hljóði svo: Miðað skal við, að uppgjör til olíufélaganna fari fram mánaðarlega, þó þannig að niðurgreiðslan verður aðeins greidd vegna eðlilegra viðskipta viðkomandi skips í umræddum mánuði.

3. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 503 26. nóvember 1975, um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 55 27. maí 1975 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1976 til 15. febrúar 1976, og birtist til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Eftir 15. febrúar 1976 fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

10. febrúar 1976. Nr. 35.

AÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts.

Bæjarnöfn	Einingar
Kaðalstaðir I	104
Kaðalstaðir II	104
Miðgarður	25
Brúarreykir	150
Síðumúlaveggir	81
Síðumúli	144
Fróðastaðir	103
Þorgautsstaðir	190
Háafell	213
Sámsstaðir	211
Haukagil	82
Hvammur	73
Kirkjuból	100
Bjarnastaðir	118

Bæjarnöfn	Einingar
Gilsbakki	423
Fljótstunga	465
Eign Kalmanst. í norðurbakka	420
Upprekstur Reykd. og Hálsahr.	325
Kalmanstunga II	488
Kalmanstunga I	797
Húsafell II	77
Húsafell III	77
Hraunsás	125
Stóri-Ás	223
Sigmundarstaðir	106
Refsstaðir	170
Signýjarstaðir	173
Norðurreykir	184
Reykholt	52
Skáney	103
Birkihlíð	103
Hurðarbak	250
Brekkukot	143
Deildartunga II	50
Deildartunga I	50
Klettur	106
Samtals	6 608

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76. 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 36. 10. febrúar 1976.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Unadalsár, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu.

1.	Hofsós	7.03%
2.	Hof	8.72%
3.	Enni II	3.18%
4.	Hugljótsstaðir	0.96%
5.	Enni I	0.58%
6.	Ljótsstaðir	3.36%
7.	Sandfell	3.31%
8.	Stekkjarból	2.20%
9.	Á	4.22%
10.	Hraun	5.35%
11.	Hólkot	6.33%

12. Hofshreppur	18.65%
13. Hofshreppur v/Upprekstrarfélagsins	36.11%
	100.00%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

10. febrúar 1976. Nr. 37.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Deildarár á Sléttu, N-Þing.

Raufarhöfn	30.00%
Grashóll	20.00%
Hóll	16.66%
Höfði	16.67%
Vogur	16.67%
	100.00%

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

13. febrúar 1976. Nr. 38.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Sauðárkróks Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Sauðárkróks Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl 9—12 og 13—18.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. febrúar 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

REIKNINGUR

Líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.

Rekstrarreikningur 1975.

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók í Landsb. Ísl. Selfossi nr. 31373, fyrir 2/5.—31/12. 1975	kr.	105 000.00
	Kr.	105 000.00

Gjöld:

Tekjuafgangur	kr.	105 000.00
	Kr.	105 000.00

Efnahagsreikningur 31/12. 1975.

Eignir:

Sparisjóðsbók Lb. Self. nr. 31373	kr.	1 105 000.00
	Kr.	1 105 000.00

Skuldir:

Höfuðstóll	kr.	1 000 000.00
Tekjuafgangur 1975	—	105 000.00
	Kr.	1 105 000.00

Selfossi, 21. janúar 1976.
f. h. Kvenfélags Selfoss,
Arndís Þorbjarnardóttir, form.

Séð. Engar athugasemdir.
Skrifst. Árnessýslu 6. 2. 1976.
Páll Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1976

19. febrúar 1976. 45 Nr. 40.

REGLUGERÐ

um skráningu ökutækja.

1. gr.

Skráningarskyld vélknúin ökutæki eru þessi:

a. bifreiðar
b. bifhjól
c. dráttarvélar
d. létt bifhjól

Enn fremur eru tengivagnar og festivagnar, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira, skráningarskyld ökutæki.

2. gr.

Áður en skráningarskylt ökutæki er tekið í notkun skal eigandi þess eða umráðamaður senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um ökutækið.

Fullnægi ökutækið settum reglum skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett á það skráningarmerki.

3. gr.

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi innan hálfs mánaðar tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í. Ef nýi eigandinn er búsettur í öðru umdæmi, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóra þar eigendaskiptin, og skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá.

Nú flyst eigandi ökutækis búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá innan hálfs mánaðar senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í umdæmi því, er það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæmi því, sem það flyst í og fá þar ný skráningarmerki. Ef aðeins er um að ræða 6 mánaða eða skemmri dvöl í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Heimilt er lögreglustjóra að umskrá ökutæki að ósk eiganda við eigendaskipti, þótt eigi sé um að ræða flutning ökutækis í annað lögsagnarumdæmi. Enn fremur er lögreglustjóra heimilt að umskrá ökutæki, þannig að umdæmistala flytjist á annað ökutæki í eigu sama aðila.

4. gr.

Fyrir skráningu og umskráningu ökutækis, svo og skráningu eigendaskipta að ökutæki, skal greiða gjald til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs. Lögreglustjórar annast innheimtu gjaldsins.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir skráningarskyld ökutæki, hver í sínu umdæmi. Halda skal sérstaka skrá fyrir hvern flokk skráningarskyldra ökutækja. Bifreiðar og bifhjól skulu þó færð á sömu skrá.

Bifreiðaeftirlit ríkisins heldur skrá yfir öll skráningarskyld ökutæki.

6. gr.

Hverju skráðu ökutæki skal ávallt fylgja skráningarskírteini, er lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður eftir ákvörðun og í umboði lögreglustjóra gefur út. Dómsmálaráðuneytið ákveður gerð skráningarskírteina.

7. gr.

Eiganda eða umráðamanni skráðs ökutækis er skylt að tilkynna lögreglustjóra innan hálfs mánaðar, ef ökutæki er breytt frá því, sem greinir í skráningarskírteini. Nú er breyting þess eðlis, að í bensínbifreið er settur hreyfill, er notar annað eldsneyti en bensín, og skal það þá tilkynnt lögreglustjóra jafnskjótt og breyting kemur til framkvæmda.

Nú er breyting á ökutæki í samræmi við settar reglur, og skráir lögreglustjóri hana þá í ökutækjaskrá og á skráningarskírteini.

8. gr.

Tilkynningar, sem um ræðir í 2., 3. og 7. gr., skulu skráðar á eyðublöð, sem lögreglustjórar láta í té. Eyðublöðin skulu gerð eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins.

9. gr.

Á hverju skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan.

Á hverjum skráningarskyldum tengi- eða festivagni skal vera skráningarmerki að aftan. Auk þess skal vagninn auðkenndur að aftan umdæmistölu dráttartækis.

10. gr.

Skráningarmerki skulu auðkennd með bókstaf fyrir hvert lögsagnarumdæmi, auk skráningarnúmers aftan við bókstafinn.

Umdæmisbókstafir eru þessir:

A Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsýsla, Dalvíkurkaupstaður.
B Barðastrandarsýslur.
D Dalasýsla.
E Akraneskaupstaður.
F Siglufjarðarkaupstaður.
G Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður.
H Húnavatnssýslur.
Í Ísafjarðarkaupstaður, Ísafjarðarsýslur, Bolungarvíkurkaupstaður.
J Keflavíkurflugvöllur.
K Sauðárkrókskaupstaður, Skagafjarðarsýsla.
L Rangárvallasýsla.
M Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.
N Neskaupstaður.

Ó Ólafsfjarðarkaupstaður.
P Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
R Reykjavík.
S Seyðisfjarðarkaupstaður, Norður-Múlasýsla.
T Strandasýsla.
U Eskifjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla.
V Vestmannaeyjakaupstaður.
X Árnessýsla.
Y Kópavogskaupstaður.
Z Skaftafellssýslur.
Þ Húsavíkurkaupstaður, Þingeyjarsýslur.
Ö Keflavíkurkaupstaður, Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður.

11. gr.

Skráningarmerki bifreiða skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, 130 mm á hæð. Stafir skulu vera með steinskrift, þrykktir í spjaldið. Rönd skal vera á brúnum, 5 mm breið, þrykkt á sama hátt. Stafirnir og röndin skulu vera fægð og bera lit málmsins, en grunnur með svartri, gljálausri málningu. Stafir skulu vera 90 mm á hæð, 55 mm á breidd og breidd stafleggja 15 mm. Bil milli tölustafa skal vera 10 mm, en bil milli bókstafs og tölustafa 30 mm.

Á stafi og rönd skráningarmerkis er heimilt að setja hvítt glitefni af gerð, sem Bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

12. gr.

Skráningarmerki bifhjóla skulu vera rétthyrnd með hvítum glituðum stöfum á svörtum grunni, 90 mm á hæð, en hæð stafa 45 mm. Þegar skráningarnúmer er fimm tölustafa, er heimilt að hafa umdæmisbókstaf fyrir miðju ofan við tölustafi.

13. gr.

Skráningarmerki dráttarvéla skulu vera rétthyrnd með rauðum stöfum á hvítum, glituðum grunni, 80 mm á hæð, en hæð stafa 50 mm. Aftan við umdæmisbókstaf skal standa bókstafurinn d, 35 mm á hæð.

14. gr.

Skráningarmerki léttra bifhjóla skulu vera rétthyrnd með hvítum, glituðum stöfum á rauðum grunni, 70 mm á hæð, en hæð stafa 45 mm.

15. gr.

Skráningarmerki tengivagna og festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira, skulu vera af sömu gerð og skráningarmerki bifreiða. Aftan við umdæmisbókstaf skal standa bókstafurinn T, 45 mm á hæð.

16. gr.

Ökutæki embættis forseta Íslands skulu í stað skráningarmerkis auðkennd merki forseta Íslands á hvítum fleti, auk skráningarnúmers.

17. gr.

Á leigubifreiðum til fólksflutninga, allt að 8 farþega, skal vera merki með bókstafnum L, svörtum að lit á gulum, glituðum grunni. Merkið skal vera rétthyrnt, 100

mm á hæð og 85 mm á breidd, en stafurinn 45 mm á hæð. Merkinu skal komið fyrir annað hvort aftan við skráningarmerki bifreiðarinnar eða fyrir miðju þess að ofan eða neðan.

18. gr.

Á bifreiðum, sem teljast til sendibifreiða samkvæmt tollskrá, skal vera merki með bókstafnum S, rauðum að lit á hvítum, glituðum grunni. Merkið skal vera réttþyrnt, 100 mm á hæð og 85 mm á breidd, en stafurinn 45 mm á hæð. Merkinu skal komið fyrir annað hvort aftan við skráningarmerki bifreiðarinnar eða fyrir miðju þess að ofan eða neðan.

Merki þetta skal vera á sendibifreið meðan á henni hvílir kvöð, sem á er lögð samkvæmt reglum um tollmeðferð sendibifreiða.

19. gr.

Heimilt er að auðkenna ökutæki að aftan íslensku þjóðernismerki. Skráningarskylt ökutæki, sem farið er með úr landi, skal búið þjóðernismerki að aftan.

Þjóðernismerki er sporöskjulagað merki. 115 mm á hæð og 175 mm á breidd, með bókstöfunum ÍS. Grunnur merkisins skal vera hvítur og bókstafir svartir. 80 mm á hæð.

20. gr.

Heimilt er að auðkenna ökutæki erlendra sendierindreka hér á landi með svörtu sporöskjulaga merki með bókstöfunum CD, hvítum að lit.

21. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilfellum heimilað akstur óskráðra bifreiða og bifhjóla. Þegar svo stendur á skal nota bráðabirgðaskráningarmerki, sem eru eins og venjuleg skráningarmerki að öðru leyti en því, að grunnur skal vera rauður.

Bráðabirgðaskráningarmerki má einungis nota við flutning ökutækisins, við reynsluakstur, kynningarstarfsemi og í sambandi við skráningu. Ökutæki með bráðabirgðaskráningarmerki má að jafnaði eigi nota til flutnings farþega eða farms. Bráðabirgðaskráningarmerki má eigi nota lengur á sama ökutæki en tvær vikur og einungis innan sama umdæmis, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Ökutæki með bráðabirgðaskráningarmerkjum eru háð sömu reglum, sem gilda um önnur ökutæki. Í skráningarskírteini, sem ávallt skal fylgja ökutæki með bráðabirgðaskráningarmerki, skal tilgreina notkunarsvið.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða í ríkissjóð kr. 9 000 á ári og annast lögreglustjóri innheimtu gjaldsins. Lögreglustjóri getur leyft notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 500 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

22. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins sér um gerð skráningarmerkja og merkja samkv. 17. og 18. gr. Skulu lögreglustjórar eða bifreiðaeftirlitsmenn, eftir ákvörðun og í umboði viðkomandi lögreglustjóra, afhenda skráningarmerki, enda greiði eigandi ökutækis fyrirfram gjald fyrir, eins og það er ákveðið hverju sinni af dómsmálaráðuneytinu.

23. gr.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í, en ef það er í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

24. gr.

Eiganda ökutækis ber að skila aftur, án endurgjalds, skráningarmerki við endurnýjun þess, eða ef ökutæki er afskráð. Nú verður annað ökutæki skráð innan eins mánaðar með sömu umdæmistölu á nafn þess, sem átti hið afskráða ökutæki, og skal hann fá sömu skráningarmerki án gjalds, ef þau eru nothæf.

25. gr.

Skráningarmerkjum skal komið fyrir og fest vel á áberandi stað, þar sem bifreiðaeftirlitsmaður tiltekur, og má eigi hylja þau. Nú hylur óskráður tengi- eða festivagn skráningarmerki dráttartækis og skal vagninn þá auðkenndur að aftan umdæmistölu dráttartækisins.

Skráningarmerki skulu ávallt vera vel læsileg. Skylt er að endurnýja skráningarmerki, ef það verður ógreinilegt, þannig að orkað geti tvímælis, hver umdæmistala ökutækisins er. Þegar nýtt skráningarmerki er afhent í stað annars, skal skila hinu gamla, nema það hafi glatast.

Óheimilt er að festa við skráningarmerki önnur merki en þau, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari, sbr. 17. og 18. gr.

26. gr.

Merki, sem nota ber eða heimilað er að nota á ökutæki, má eigi nota með öðrum hætti en fyrir er mælt.

Óheimilt er að festa á ökutæki merki, áletranir eða önnur auðkenni, sem líkjast merkjum þeim, sem nota ber á ökutæki eða heimilað er að nota, þannig að hætta er á, að villst verði á þeim og heimiluðum merkjum.

27. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi bifreiðaeftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 72 24. júní 1937 um gerð og notkun bifreiða með breytingum nr. 112 12. ágúst 1949, 109 29. ágúst 1955, 124 9. apríl 1956 og 138 17. maí 1966, svo og 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970 um skráningu og skoðun léttra bifhjóla o. fl.

Ákvæði stjórnarráðsbréfs nr. 363 28. nóvember 1973 heldur gildi sínu þar til annað verður ákveðið.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. febrúar 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ
um verðlagsmál.

1. gr.

Viðskiptaráðherra skipar verðlagsstjóra og skrifstofustjóra verðlagsskrifstofunnar. Verðlagsstjóri ræður starfsmenn verðlagsskrifstofunnar að fengnu samþykki ráðherra.

2. gr.

Skrifstofustjóri verðlagsskrifstofunnar skal aðstoða verðlagsstjóra við daglegan rekstur verðlagsskrifstofunnar og gegna störfum verðlagsstjóra í forföllum hans.

3. gr.

Verðlagsskrifstofan skal starfa í þrem deildum, verðlagningardeild, verðreikningadeild og verðgæsludeild. Deildarstjórar skulu hafa forstöðu deildanna undir umsjón skrifstofustjóra.

4. gr.

A. Verðlagningardeild skal:
   1. Undirbúa greinargerðir og tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál og annast birtingu ákvarðana hennar, svo og almenna upplýsingamiðlun.
   2. Athuga verðmyndun vöru og þjónustu og gera áætlanir um verðlagsþróun.
   3. Fylgjast með verðlagsmálum erlendis.

B. Verðreikningadeild skal:
   1. Safna verðútreikningum og yfirfara þá.
   2. Túlka álagningarákvæði verðlagsnefndar.
   3. Annast tölfræðilega úrvinnslu.

C. Verðgæsludeild skal:
   1. Annast eftirlit með verðlagi innanlands.
   2. Undirbúa kærur um verðlagsbrot og afla nauðsynlegra gagna í því sambandi.
   3. Safna skýrslum um og gera sérstakar kannanir á verðlagi innanlands.

Deildarstjórar skulu og hafa umsjón með störfum starfsmanna utan Reykjavíkur og gefa þeim fyrirmæli hver á sínu sviði.

5. gr.

Verðlagsstjóri ákveður í samráði við ráðherra fjölda starfsmanna utan Reykjavíkur og starfssvæði þeirra, eftir því sem best hentar á hverjum tíma.

6. gr.

Seljendum vöru og þjónustu, sem bundin er ákvörðunum verðlagsnefndar, ber að snúa sér til verðlagsskrifstofunnar með staðfestingu á söluverði, áður en sala er heimil.

7. gr.

Innflytjendum ber að skila verðútreikningi yfir allar innfluttar vörur til verðlagsskrifstofunnar innan 10 daga frá tollafgreiðslu, nema öðruvísi sé ákveðið, og er óheimilt að hefja sölu á vörunni fyrr en verðútreikningi hefur verið skilað.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 frá 14. júní 1960 um verðlagsmál, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 188 31. október 1968 um verðlagsmál.

Viðskiptaráðuneytið, 19. febrúar 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

20. febrúar 1976. Nr. 42.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar árið 1976.

1. gr.

Á tímabilinu 1. mars til 15. maí 1976 eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan grunnlínu, samkvæmt reglugerð 299/1975.

Á tímabilinu 15. maí til 15. júlí 1976 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti loðnuafla fiskiskips.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handhófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd, ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

4. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 2. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og kærir hlutaðeigandi skipstjóra veiðiskips til sekta, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. er sjávarútvegsráðueytinu heimilt að veita, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, leyfi til loðnuveiða í tilrauna- og rannsóknaskyni á svæðum, sem loðnuveiðar eru bannaðar samkvæmt 1. gr. og á loðnu, sem er minni en 12 cm að lengd.

6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 með síðari breytingum, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. febrúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 6, nr. 40—42. Útgáfudagur 24. febrúar 1976.

13. febrúar 1976. 53 Nr. 43.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 48 5. mars 1970, um holræsi í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.

1. gr.

3. mgr. 3. gr. orðist svo:
Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins 1,5% af fasteignamati húseignanna sbr. gildandi fasteignamat, en þó aldrei lægra en kr. 750.00.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:
Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og fasteignaskatts.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

13. febrúar 1976. Nr. 44.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld fyrir Selfosshrepp.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

A gjald.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	4 %
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	2,5%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	2 %

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Fjölbýlishús	1,5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	4 %
Opinberar byggingar	4 %
Önnur hús og byggingar	1,5%

+ kr. 60.00 pr. fermeter lóðar.

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum, skal greiða hálft gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdrætti.

Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m^3 hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m^3 hver íbúð

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

3. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

4. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, samkvæmt 2. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

5. gr.

B gjald.

Gatnagerðargjald þetta er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu, svo og ganga endanlega frá gangstétt.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2,0 %
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	1,4 %
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1,15%
Fjölbýlishús	1,0 %
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,0 %
Opinberar byggingar	2,0 %
Önnur hús og byggingar	1,0 %

6. gr.

Gjöld samkvæmt 5. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, reiknaðri af Hagstofu Íslands 1. nóvember ár hvert.

7. gr.

Þar sem ákveðið er að innheimta gjald samkvæmt 5. gr. af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og/eða gangstétt, skal miða það við vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið.

Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri, og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal hreppsnefnd heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 með breytingu á sömu lögum nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

16. febrúar 1976. Nr. 45.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hafnarhrepps, Höfn, Hornafirði.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir hvert hús, sem fær vatn frá vatnsveitu Hafnarhrepps, skal greiða tengigjald kr. 20.00 á hvern rúmmetra húss, allt að 2000 rúmmetrum að stærð, en kr. 12.00 á hvern rúmmetra sem þar er umfram.

Lágmarkstengigjald er kr. 10 000.00.

2. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Hafnarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal árlega greiða vatnsskatt er nemi 0.30% af fasteignamatsverði húsa og lóða þeirra. Vatnsskattur skal þó aldrei lægri vera en kr. 4000.00 á hverri húseign eða sjálfstæðri íbúð.

Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

3. gr.

Af öðrum húsum, sem nota vatn til annarra þarfa en heimilisnotkunar vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, svo sem verksmiðjum, þvottahúsum, iðnaðarfyrirtækjum, gistihúsum, frystihúsum, verbúðum, bensínafgreiðslum, þvottaplönum o. fl. skal greiða vatnsskatt er nemi 0.30% af fasteignamatsverði húsa og lóða. Þó aldrei minna en kr. 6000.00 af hverri húseign. Auk þess er vatnsveitunni heimilt að láta þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytissölur, greiða kr. 25 000.00 á ári fyrir vatnsafnotin.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, skal þá greiða krónur 8.00 — átta krónur — af smálest, auk þess vatnsskatts, sem um getur í 3. gr. Vatnsveitan sér um útvegun og uppsetningu mælanna.

Þó eru þvottaplön fyrir bifreiðar undanskilin, ef þau greiða vatnsskatt samkv. síðustu málsgrein 3. greinar.

5. gr.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðist kr. 80.00 fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 160.00 fyrir fiskiskip og kr. 220.00 fyrir önnur skip. Þó skal vatnsveitunni heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerð eru út frá Höfn í Hornafirði.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða að hafnarsjóður Hafnarhrepps greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun. Enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fer fram við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

7. gr.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 1986 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu um allt að 50%, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

8. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts ár hvert er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts. Vatnsskattur samkvæmt 4. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega, eða við aflestur mælis.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns vegna skips.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. febrúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

18. febrúar 1976. Nr. 46.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð, nr. 58 21. febrúar 1973, um holræsi í Hafnarhreppi, Höfn, Hornafirði.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standast þann kostnað er húseigendum, sem eiga hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald til sveitarsjóðs, sem nemur 0.20% af fasteignamatsverði húss og lóðar, samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 frá 29. apríl 1963.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei lægri vera en kr. 1500.00.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1986 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

18. febrúar 1976. Nr. 47.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu á Höfn í Hornafirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

2. gr.

Stjórn vatnsveitunnar skipa 3 aðalmenn og 3 til vara, kosnir af hreppsnefnd Hafnarhrepps til fjögurra ára. Byggingarfulltrúi skal vera einn aðalmanna. Annast

hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar og umsjón eigna, undir yfirstjórn og í samráði við hreppsnefnd.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningunum ár hvert.

4. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.

5. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum veitunnar hvorki nýlagnir eða breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

Fyrir tengingu heimæða, skal greiða sérstakt gjald samkvæmt gjaldskrá.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta án tafar gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Stjórn vatnsveitu, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Vatnsveitan getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda sé það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

9. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot til þarfa vatnsveitunnar, svo og mannvirki, þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

10. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

11. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

12. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af fasteignum eins og hann er ákveðinn í gjaldskrá vatnsveitunnar hverju sinni.

Af húsum sem ekki eru virt fasteignamatsvirðingu og greiða ber vatnsskatt af, skal greiða vatnsskatt samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

Aukavatnsskatt skal innheimta af verksmiðjum, iðnfyrirtækjum, atvinnufyrirtækjum og öðrum sem nota vatn til annars en heimilisnotkunar.

13. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, eða setja hreyfivélar í samband við þá, nema með leyfi vatnsveitustjórnar, eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarf í kauptúninu.

14. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála er reglugerðin fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 30 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi einhver skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

25. febrúar 1976. Nr. 48.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af bensíni (bensíngjald) og skal gjaldið nema kr. 16.00 af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum, sem nota má á bifreiðar og bifhjól (gúmmígjald) og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd — öðrum en leigubifreiðum til mannflutninga og öðrum þeim bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum eða greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
0—1 999	70 000	3 000—3 199	94 000
2 000—2 199	74 000	3 200—3 399	98 000
2 200—2 399	78 000	3 400—3 599	102 000
2 400—2 599	82 000	3 600—3 799	106 000
2 600—2 799	86 000	3 800—3 999	110 000
2 800—2 999	90 000		

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín og eru 4 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	2.80	15,0—15,9	4.50
5,0— 5,9	2.94	16 0—16,9	4.72
6,0— 6,9	3.07	17,0—17,9	4.94
7,0— 7,9	3.20	18,0—18,9	5.15
8,0— 8,9	3.33	19,0—19,9	5.37
9,0— 9,9	3.46	20,0—20,9	5.59
10,0—10 9	3.59	21,0—21,9	5.80
11,0—11,9	3.72	22,0—22,9	6.02
12,0—12,9	3.85	23,0—23 9	6.24
13,0—13,9	4.07	24,0—24,9	6.45
14,0—14,9	4.28	25,0—25,9	6.67

c. Af leigubifreiðum til mannflutninga allt að 8 farþega, sem nota annað eldsneyti en bensín, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Gjald þetta nemur kr. 2.80 á kílómetra.

d. Eigendur þeirra bifreiða, er um getur í a-lið þessarar greinar og 14. gr. geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera kr. 2.80. Greiða skal þá 1/12 hluta gjalds samkvæmt a-lið 3. gr. eða 14. gr. eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera út-

búin viðhlýtandi ökumælabúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar, hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisútbúnað þeirra bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll þau ákvæði þessarar reglugerðar, er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 283/1975.

e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. b- og c-liðum þessarar greinar fyrir 30 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 283/1975.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi bifreiðarinnar nýtist ekki til fulls og á þá eigandi bifreiðarinnar rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðarinnar né sé slík skráning til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd bifreiðarinnar.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestur á ökumæli bifreiðarinnar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðarinnar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini. Jafnframt skal um leið ákvarða þungaskatt af bifreiðinni tveimur gjaldskrárflokkum hærri en leyfð hámarksþyngd segir til um fyrir innheimtutímabil það, þegar brotið varð uppvíst, og þrjú þau næstu. Sé um að ræða bifreið í hæsta eða næst hæsta gjaldskrárflokki skal hækka skattinn á hvern ekinn kílómetra um krónutölu sem sé jöfn mismun upphæðar efsta gjaldflokks og þess þriðja að ofan talið. Ákvörðun þessa skal færa í skráningarskírteini.

Hækkun gjaldskrárflokks fylgir bifreið í þrjú næstu innheimtutímabil eftir brot þó svo um eigendaskipti verði að ræða.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri.

6. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a-lið 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljist heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. b-, c- og d-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október en eindagi 21. dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytisins (t. d. bifreiðaeftirlitsmanns, lögreglumanns eða hreppstjóra) og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts skv. ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 283/1975.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a-lið 3. gr. að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða af bifreið skatt sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið, hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a-lið 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. b-, c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit, að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar sekt sem nemur þungaskatti af 5000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Sektin miðast við b-, c- og d-lið 3. gr. eftir því sem við á og innheimtist eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiða eða við álestur ökumælis, að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má, að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandalaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framansögðu varðar sektum allt að kr. 500 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma, og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, og skal þá lögreglustjóri, eftir kröfu viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því, að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. b-, c- og d-lið 3. gr., til álesturs, ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja sekt á eiganda eða umráðamann bifreiðar, er nemi kr. 500.00 á hvern dag sem líður frá þeim tíma, sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. og þar til komið er með bifreiðina til álesturs.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess, að ekki varð komið með bifreið til álesturs á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils, er tilgreint er til álestrar ökumæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

11. gr.

Bifreið, sem í Bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annað eldsneyti en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram af sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur. Fresturinn skal því skilyrði bundinn að sé gjaldið ekki innt af hendi á nákvæmlega réttum tíma getur innheimtumaður látið lögregluna stöðva atvinnurekstur viðkomandi þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

13. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af bensíni ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 284/1975.

14. gr.

Uns ákveðið er með auglýsingu um gildistöku c-liðar 3. gr. er eigendum leigubifreiða til mannflutninga allt að 8 farþega, sem nota annað eldsneyti en bensín, og ekið er gegn gjaldi skv. löggiltum mælum, heimilt að greiða í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra fast árgjald sem hér segir:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
0—1 999	91 000	3 000—3 199	122 200
2 000—2 199	96 200	3 200—3 399	127 400
2 200—2 399	101 400	3 400—3 599	132 600
2 400—2 599	106 600	3 600—3 799	137 800
2 600—2 799	111 800	3 800—3 999	143 000
2 800—2 999	117 000		

Nú hafa aðrar þær díselbifreiðar, sem eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, eigi ökumæli til þungaskattsákvörðunar, en er ekið gegn gjaldi skv. löggiltum gjaldmæli, og skal þá greiða fast árgjald af þeim eftir sömu gjaldskrá og gildir skv. þessari grein fyrir leigubifreiðir til mannflutninga.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, og breytingu á þeim lögum nr. 78 23. des. 1975, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 282/1975 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 403 18. desember 1974, um gatnagerðargjöld í Bolungarvíkurkaupstað.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Húseigendur í Bolungarvík skulu greiða til bæjarsjóðs Bolungarvíkur gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m^3 eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

1.	Einbýlishús	3 %
2.	Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	2 %
3.	Tveggja hæða íbúðarhús	2 %
4.	Fjölbýlishús	1,5%
5.	Verslunar- og skrifstofubyggingar	2 %
6.	Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað húsnæði	1,5%
7.	Opinberar byggingar	3 %
8.	Bílageymslur, sérbyggðar	3 %

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

2. gr.

Ný grein, 4. gr., bætist við og orðist svo:

Af byggingum, sem reistar verða á lóðum sem óbyggðar eru þegar lokið hefur verið við að leggja bundið slitlag á viðkomandi götu, skal greiða gatnagerðargjald samkv. 1. gr. og skal það greiðast á gjalddögum sem bæjarstjórn ákveður.

3. gr.

4. gr. verði 5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. og 3. gr. laga nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

19. febrúar 1976. Nr. 50.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Bæjarráð annast stjórn og rekstur vatnsveitunnar í umboði bæjarstjórnar.

Reikningsár veitunnar er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga, og fylgja reikningum bæjarins.

2. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupstaðinn, sem henta þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.

3. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við Vatnsveitu Sauðárkróks, skal senda umsókn þar um. Umsókn skal rituð á eyðublöð, sem umsjónarmaður vatnsveitunnar lætur í té, með minnst 7 daga fyrirvara. Áður en hafist er handa um lagningu innanhúskerfis í byggingu umsækjanda, skal hann leggja fram uppdrátt í tvíriti og í eigi minni mælikvarða en 1:100. Skal uppdráttur gerður af hæfum manni sem til hefur hlotið samþykki vatnsveitunnar.

Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega og dýpt heimæðar við húsvegg.

Uppdráttur skal hafa hlotið samþykki umsjónarmanns vatnsveitunnar áður en innanhúslögn er hafin og skal stimpla og árita bæði eintökin og skal annað geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

4. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá Vatnsveitu Sauðárkróks, hvorki nýlagnir eða breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, nema vatnsveitan sjálf. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við viðhald vatnsæða frá aðalæð í hús sín samkvæmt reikningi vatnsveitunnar.

Fyrir tengingu heimæða skal greiða sérstakt tengigjald, samkvæmt gjaldskrá vatnsveitunnar.

5. gr.

Tenging heimæða við vatnsveitukerfið skuldbindur ekki vatnsveituna til að tryggja að þrýstingur í götuhæð sé ávallt nægjanlegur.

6. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

7. gr.

Pípulagningamenn eða verktakar, sem hlotið hafa samþykki bæjarstjórnar, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir innanhúss, og gildir það jafnt um nýlagnir og breytingar og/eða viðgerðir á eldri lögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktan uppdrátt og nánari fyrirmæli er kunna að verða sett.

8. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar lagnir má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Sé verk, að áliti vatnsveitunnar eða eftirlitsmanns hennar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllunum.

Eftirlit vatnsveitunnar rýrir á engan hátt ábyrgð þess er annast verkið.

9. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

10. gr.

Eftirlitsmönnum vatnsveitu er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær.

Ef þeim útbúnaði þykir í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

11. gr.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að tilkynna bilanir á pípum eða tækjum eða eyða vatni að óþörfu. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá er heimilt að loka fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

12. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

14. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna. Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn frá Vatnsveitu Sauðárkróks.

Nú er vatni frá vatnsveitunni veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því er í gjaldskrá þessari segir.

15. gr.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist vatnsskattur skv. fasteignamatsverði lóðarinnar. Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, ellegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans á Sauðárkróki, ef hún er fyrir hendi, annars áætlar vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.

3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttektin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að verða vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram samkv. bókun byggingarfulltrúans á Sauðárkróki.

16. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 17. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og skulu þeir aðrir greiða aukavatnsskatt, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar. Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli 50m/m eða minni kr. 2 500.00 og kr. 5 000.00 fyrir stærri mæla. Skal vatnsveitan sjá um uppsetningu mælanna og kosta eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af mannavöldum eða frostum ber húseiganda að bæta.

17. gr.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 15. gr. skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0,40% af heildar mati hverrar fasteignar, þó eigi minna en kr. 9.00 af m^3 hverrar byggingar. Gjalddagi skatts skv. þessari grein er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts.

18. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli eða vatnsnot eru áætluð skv. 16. gr. skal greiða kr. 8.00 á hvern m^3 auk gjalds skv. 17. gr. Vatnssala skv. þessari grein fellur í gjalddaga ársfjórðungslega innan mánaðar frá lokum hvers ársfjórðungs.

19. gr.

Heimæðagjöld Vatnsveitu Sauðárkróks skulu vera sem hér segir:

Rúmmál húss (utanmál).

400— 2000 m^3	kr. 21 000.00	fyrir	400 m^3	og 16.00 kr/m^3	þar yfir.
2000— 6000 m^3	kr. 46 600.00	fyrir	2000 m^3	og 14.50 kr/m^3	þar yfir.
6000—10000 m^3	kr. 104 600.00	fyrir	6000 m^3	og 13.00 kr/m^3	þar yfir.
yfir 10000 m^3	kr. 156 600.00	fyrir	10000 m^3	og 11.50 kr/m^3	þar yfir.

Gjöld skv. 19. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar pr. 1. nóvember 1975 (1986 stig). Er bæjarráði heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða. Heimæðagjöld skal greiða um leið og bygging er tengd vatnsveitunni.

20. gr.

Fyrir vatn í skip í höfninni greiðast kr. 50.00 fyrir hvern m^3 og auk þess afgreiðslugjald kr. 500.00 að degi, en kr. 900.00 utan dagvinnutíma. Gjaldið greiðist við viðtöku.

21. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka gjöld skv. reglugerð þessari, öll eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

22. gr.

Verði vanskil skal reikna hæstu lögleyfða dráttarvexti. Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari, á réttum gjalddögum. Opnunargjald skal vera kr. 1000.00. Vatnsskatt og önnur gjöld skv. reglugerð þessari má taka lögtaki, og njóta gjöld þessi lögveðsréttar í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkróks nr. 96 14. apríl 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

27. febrúar 1976. Nr. 51.

REGLUGERÐ

um vöruflutninga með loftförum.

1. gr.

Almennt.

1.1. Þegar vörur eru fluttar með loftförum skal hlaða þeim og binda þær þannig tryggilega niður, að öruggt sé að þær geti ekki færst til, og á þann hátt valdið breytingu á þyngdarpunkti loftfarsins, skaðað áhöfn eða farþega, eða skemmt mikilvæga hluta loftfarsins.

2. gr.

Vöruflutningar í venjulegu vörurými.

2.1. Við hleðslu í vörurými, skal fara eftir gildandi reglum um þann hámarksþunga sem láta má í vörurýmið, og jafnframt á hverja flatareiningu í hlutaðeigandi tegund loftfars. Hleðslufyrirmæli hér að lútandi skulu höfð greinilega uppi við í vörurýminu í augsýn þeirra sem annast hleðsluna.

2.2. Allur bindibúnaður, sem notaður er til þess að binda niður farm í vörurými, svo sem net, krókar, bönd og festingar, skal þola eftirfarandi álag:

a) Þegar vörurými er þannig, að óbundinn flutningur gæti skaðað áhöfn eða farþega þegar kraftar hraðabreytinga verka á loftfarið:

Kraftstefna	Brotþol
Fram	6 × þungi farmsins
Upp	2 × þungi farmsins
Aftur og til hliðar	1.5 × þungi farmsins

eða meira brotþol sem loftfarið er gert fyrir.

b) Þegar vörurými er þannig að ekki er hætta á því sem um getur í lið a):

Kraftstefna	Brotþol
Fram, upp, aftur og til hliðar	1.5 × þungi farmsins

2.3. Fyrir loftför, sem notuð eru til flugrekstrar í atvinnuskyni, skulu vera til handbærar leiðbeiningar um hleðslu og frágang farms í vörurými sem lýsa hvernig hólfa á í sundur með netum, og hvernig binda á niður farminn og hvað á við í hverju tilviki. Þar skal einnig getið um styrkleika og brotþol fastra sem og lausra hluta í bindibúnaðinum. Þegar vörurými, sem átt er við í 2.2. b) hér að framan, er hólfað sundur með neti, má láta stykkjaflutning í hólfin án þess að binda flutninginn niður.

3. gr.

Vöru- og farangursflutningar í farþegarými.

3.1. Flytja má vörur auk farþega í farþegarými loftfara, sem aðallega eru notuð til farþegaflutninga, ef þau eru viðurkennd til slíkra flutninga, og ef vörunum er, með þeim undantekningum sem um getur í gr. 3.1.1., hlaðið framan við farþegana.

3.1.1. Hlaða má farangri í samræmi við það, sem hér hefur verið sagt, við hliðina á farþeganum sem fremst situr. Ef varningi er komið fyrir í sérstökum gámum, sem gerðir eru til þess að spenna þá í farþegasæti, má setja slíka gáma í sæti aftan við farþega í farþegarýminu.

3.2. Eigi má hlaða varningi þannig að lokað sé fyrir gangdyr eða neyðardyr í stjórnklefa eða í farþegarými. Öryggisbúnaður skal vera aðgengilegur. Ekki má varningurinn skyggja á leiðbeiningarskilti í farþegaklefa nema sett séu upp önnur í þeirra stað.

3.3. Umbúðir varnings skal vanda — sjá gr. 3.6. hér að aftan — og varning skal binda niður í samræmi við gr. 2.2. a) hér að framan. Um handfarangur gilda ákvæði reglugerðar um mannflutninga í loftförum.

3.4. Þegar varningi er hlaðið í farþegarými skal sérstaklega gæta þess að ekki sé farið fram úr leyfilegri hámarkshleðslu á hverja flatareiningu. Í þessu tilviki skal miða við brotþol, sem er 4.5 × þungi farmsins, eða meira brotþol, ef loftfarið er smíðað eða gert fyrir það. Eigi mega gámar með farangri, sem settir eru í farþegasæti, vera þyngri en 80 kg.

3.5. Í farþegarými má aðeins flytja þess konar farangur, sem ekki getur eðlis síns vegna eða staðsetningar í loftfarinu, haft áhrif á flugöryggið. Í farþegarými má ekki flytja varning, sem felst í skilgreiningu í 4. gr.

3.6. Varningur skal vera í þess konar gámum eða í slíkum umbúðum að eldhætta sé ekki meiri en frá stólaklæðningu og öðrum innréttingum farþegarýmisins. Ella skal breitt yfir hann með óeldfimum dúk. Varningurinn skal einnig vera þannig um búinn að ekki finnist óþefur af honum.

3.7. Þar sem það á við skulu leiðbeiningar þær, sem um getur í gr. 2.3. um hleðslu farms í vörulestum, einnig hafa að geyma reglur um hleðslu varnings í farþegarými.

4. gr.

Flutningur varnings sérstaks eðlis.

4.1. Að því er varðar flutning á hergögnum skal gæta ákvæða laga um loftferðir.

4.2. Eigi má flytja skotvopn í farþegarými loftfara sem notuð eru til flugrekstrar í atvinnuskyni. Flugmálastjórn getur þó veitt undanþágur frá þessu ákvæði.

4.2.1. Þegar þörf er á undanþágu frá ákvæði í gr. 4.2. skal hlutaðeigandi flugrekandi sækja um hana til flugmálastjórnar, sem tekur síðan afstöðu til erindisins.

4.3. Við flutning varnings, sem af getur stafað eldhætta, sprengihætta, mengun, áhrif á mælitæki eða fjarskiptatæki loftfarsins, gas eða óloft, geislavirkni eða annað það, sem gæti haft áhrif á loftfarið, áhöfn þess eða farþega eða geti af öðrum ástæðum skert öryggi, skal hafa hliðsjón af reglum Alþjóðasambands flugfélaga — International Air Transport Association (IATA) „IATA Restricted Articles Regulations" og „IATA Live Animals Manual."

Reglur IATA má panta frá: Assistant Director General — Traffic: International Air Transport Association P. O. Box 315, 1215 Geneva 15 Airport, Switzerland.

Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. laga um loftferðir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

27. febrúar 1976. Nr. 52.

REGLUGERÐ

um meðalþunga, sem lagður er til grundvallar við hleðslu loftfara.

1. gr.
Orðaskýringar.

1.1. Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð, hafa þau merkingu þá sem hér segir:

a) **Flugrekandi:** Einstaklingur eða félag sem fengið hefur leyfi samgönguráðuneytis eða flugmálastjórnar eftir því sem við á, til þess að stunda flugrekstur í atvinnuskyni.

b) **Flugstjóri:** Flugmaður, sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

c) **Flugverji:** Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

d) **Óreglubundið flug:** Með því er átt við flutning á farþegum eða farmi, sem ekki er áætlunarflug og framkvæmt er með loftförum sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.

e) **Þjónustuliði:** Áhafnarliði, sem er starfsmaður flugrekanda og falið er starf um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur sem nauðsynlegt er öryggi farþega, annað en starf flugliða.

2. gr.

Almennt.

2.1. Í hvers konar flugstarfsemi má leggja til grundvallar þann meðalþunga, sem ákveðinn er með reglum þessum, við útreikninga á flugtaksþunga og á því hvernig farmi loftfars skal komið fyrir.

3. gr.

Meðalþungi fólks.

3.1. Við útreikninga á flugtaksþunga og á hleðslu loftfars, sem hefur mesta leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg, skal leggja til grundvallar þann meðalþunga fólks sem hér greinir:

a) karl í áhöfn ..... 80 kg
b) kona í áhöfn ..... 70 kg
c) karlfarþegi ..... 75 kg
d) kvenfarþegi ..... 65 kg
e) barn 2—12 ára ..... 35 kg
f) barn yngra en 2 ára ..... 10 kg

Ath.: Flugrekandi, sem annast reglubundið áætlunarflug eða óreglubundið flug, getur fengið heimild flugmálastjórnar til þess að leggja til grundvallar annan meðalþunga fyrir áhöfn og farþega ef hann með nægilega stóru úrtaki sannar að meðalþungi sé annar en að framan greinir.

3.1.1. Í meðalþunganum fyrir áhöfn er innifalinn 5 kg handfarangur. Annar farangur áhafnar skal veginn og færður inn á hleðslu- og jafnvægisskrá.

3.1.2. Í meðalþunganum fyrir farþega er innifalinn aðeins léttur handfarangur, sem telja má nauðsynlegan meðan á ferðinni stendur vegna veðurfars, heilsufars eða hreinlætis. Farangur þessi má ekki fara fram úr 2 kg á mann. Farangur þessi er t. d.:

a) fatnaður,
b) regnhlíf og stafur,
c) handtaska,
d) hreinlætisvörur,
e) ljósmyndavél og sjónauki, svo og
f) takmarkaður fjöldi leikfanga.

Ath.: Allan annan farangur farþega skal vega og færa inn á hleðslu- og jafnvægisskrá.

3.1.3. Þegar nauðsynlegt er talið, skal ganga úr skugga um raunverulegan þunga fólks, með því að vigta alla, farþega og áhöfn ásamt handfarangri. Athugasemd um þetta skal gerð í hleðslu- og jafnvægisskrá.

3.2. Við útreikninga á flugtaksþunga og á hleðslu loftfara, sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga 5700 kg eða minni, skal leggja til grundvallar þann meðalþunga fólks sem hér greinir:

a) flugverjar og farþegar af báðum kynjum 75 kg
b) barn 2—12 ára ..... 35 kg
c) barn yngra en 2 ára ..... 10 kg.

Ath.: Flugrekandi, sem rekur reglubundið áætlunarflug, getur fengið heimild flugmálastjórnar til þess að leggja til grundvallar annan meðalþunga fyrir áhöfn og farþega í loftförum sem hafa 15 eða fleiri farþegasæti ef hann með nægilega stóru úrtaki sannar að meðalþungi sé annar en að framan greinir.

3.2.1. Í þessum þungatölum er aðeins innifalinn sams konar handfarangur og greinir í gr. 3.1.2.

3.2.2. Ef flugstjóri telur að raunverulegur þungi sé annar en sá sem hér er nefndur meðalþungi fólks þá skal hann ganga úr skugga um hver sé hinn raunverulegi þungi fólks og farangurs.

4. gr.

Farangur sem flytja má í farþegaklefa.

4.1. Taka má annan handfarangur en um getur í gr. 3.1.2. inn í farþegaklefa, svo sem skjalatösku, innkaupatösku, smápakka og annað slíkt, þó ekki þyngra en 5 kg, enda sé farangrinum komið fyrir undir farþegasætum eða í þar til gerðum geymsluhólfum.

4.1.1. Handfarangur þann, sem nefndur er í gr. 4.1., má ekki telja með í meðalþunga fólks, þeim sem greinir í gr. 3.1. og 3.2.

Á þeim flugvöllum, þar sem afgreiðsla flugfarþega er ekki framkvæmd af starfsliði flugrekanda eða af aðilum sem það hefur þjálfað eða viðurkennt, skal flugstjórinn sjá um að reglur þessar séu haldnar.

4.1.2. Þjónustuliðar í farþegaklefa, eða einhver tiltekinn aðili í áhöfn, skal sjá svo um að allur farangur, sem farþegar flytja með sér í farþegaklefa, sé á öruggum stað við flugtak og lendingu, svo sem í farangurs- og vöruhólfi, undir farþegasætum eða á annan hátt tryggilega frá honum gengið.

4.2. Flugrekandi skal, annaðhvort með tilkynningaspjöldum eða áletrun á farmiða eða á annan handhægan og greinilegan hátt láta farþega vita um ákvæði þessara reglna um handfarangur.

5. gr.

Staðlaður þungi farangurs.

5.1. Flugrekandi, sem annast reglubundið áætlunarflug eða óreglubundið flug, getur fengið leyfi flugmálastjórnar til þess að nota staðlaðan þunga farþegafarangurs á tilteknum leiðum ef það stuðlar að einfaldari afgreiðslu farþega.

6. gr.

Eðlisþyngd eldsneytis og olíu.

6.1. Ef raunveruleg eðlisþyngd eldsneytis og olíu er ekki kunn, skal miða við eftirfarandi lágmarksgildi við útreikning á flugtaksþunga og hleðslu loftfars:

a) bensín	0.71 kg/líter
b) þotueldsneyti	
JP-1	0.79 kg/líter
JP-4	0.76 kg/líter
c) smurolía	0.88 kg/líter

Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. laga um loftferðir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfsetist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um mannflutninga í loftförum.

1. gr.
Orðaskýringar.

1.1. Þegar eftirfarandi orð eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

a) **Flugrekandi:** Einstaklingur eða félag sem fengið hefur leyfi samgönguráðuneytisins eða flugmálastjórnar eftir því sem við á til þess að stunda flugrekstur í atvinnuskyni.

b) **Flugstjóri:** Flugmaður, sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

c) **Þjónustuliði:** Áhafnarliði, sem er starfsmaður flugrekanda, og falið er starf um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur sem nauðsynlegt er öryggi farþega, annað en starf flugliða.

2. gr.
Almennt.

2.1. Hámarksfjöldi þeirra, sem nokkru sinni mega vera um borð í loftfari, takmarkast af tölu þeirri, sem getið er í lofthæfisskírteini eða tegundarskírteini þess. Enn fremur takmarkast hámarksfjöldinn af fjölda björgunarvesta, björgunarbáta, súrefnisgrímna og annars neyðarbúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni.

2.1.1. Með þeirri undantekningu, sem um getur í 6. gr., má fjöldi þeirra, sem um borð eru, þó aldrei fara fram úr fjölda öryggisbelta á föstum sætum eða bekkjum um borð.

3. gr.
Öryggisbelti.

3.1. Áhöfn og farþegar skulu hafa öryggisbelti spennt í flugtaki og við lendingu.
Flugstjórinn skal, þegar flogið er í ókyrru lofti, fyrirskipa að öryggisbelti séu spennt.

3.2. Í loftförum, sem hafa aðgreind stjórnrými og farþegarými, skal vera greinilegt ljósskilti í farþegarými með textanum „SPENNIÐ BELTIN“ og/eða „FASTEN SEAT BELTS“. Kveikt skal á skiltinu í hvert skipti sem farþegarnir eiga að vera spenntir fastir. Farþegunum skal og sagt að sitja ætíð fastspenntir er þeir sitja í sæti sínu, jafnvel þótt ekki sé kveikt á skiltinu.

4. gr.
Tóbaksreykingar.

4.1. Lofthæfisskírteini eða flughandbók loftfars segir til um hvort tóbaksreykingar eru leyfðar í loftfarinu. Reykingar má aðeins leyfa í stjórnklefa og farþegaklefa en ekki á salernum eða í öðrum afmörkuðum hlutum loftfarsins.

4.1.1. Í loftförum, þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar og þar sem stjórnklefi og farþegaklefi eru aðgreindir, skal vera greinilegt ljósskilti í farþegaklefa með textanum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og/eða „NO SMOKING“. Kveikt skal á skiltinu í hvert skipti sem reykingar eru bannaðar. Flugstjórinn skal sjá um að farþegar skilji merkingu textans.

4.1.2. Öll salerni og önnur afmörkuð svæði, sem farþegar hafa aðgang að, skulu vera greinilega merkt með textanum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og/eða „NO SMOKING“, hvort sem reykingar eru leyfðar í loftfarinu eða ekki.

4.2. Tóbaksreykingar eru ekki leyfðar í loftförum í eftirfarandi tilvikum:

a) Í stjórnklefa og farþegaklefa:
þegar loftfarið er á jörðu niðri,
í flugtaki og rétt eftir flugtak,
rétt fyrir eða við lendingu,
við flug í ókyrru lofti þegar flugstjórinn ákveður svo,
í loftförum sem hafa mestan flugtaksþunga 5700 kg eða minni ef einhverjum um borð er gefið súrefni eða notar það.

b) Í farþegaklefa:
í loftförum sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg þegar súrefni er gefið farþegum í meira en 30% farþegasæta; ef aðeins einstökum farþegum er gefið súrefni eru tóbaksreykingar bannaðar í sömu sætaröð, næstu sætaröð framan við og næstu sætaröð aftan við þá farþega sem gefið er súrefni.

c) Í stjórnklefa:
í loftförum sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg þegar einhver notar súrefni í stjórnklefa.

5. gr.

Sala og neysla áfengra drykkja um borð í loftförum í atvinnuflugi.

5.1. Flugstjóri skal banna farþega að kaupa áfenga drykki eða neyta þeirra um borð í loftfari ef farþeginn er svo mikið undir áhrifum áfengis að ætla má að hann geti skert nauðsynlegan aga um borð eða verið öðrum til ama eða tjóns.

5.2. Flugstjóri skal neita að taka um borð farþega, og ber að vísa frá borði farþegum, sem eru svo mikið undir áhrifum áfengis að þeir geti stefnt í hættu öryggi og hindrað reglu um borð.

5.3. Flugstjóri skal fylgjast með að góð regla sé um borð.

6. gr.

Flutningur á börnum.

6.1. Setja má barn yngra en tveggja ára í sama sæti og fullorðinn að því tilskildu að aðeins sá fullorðni hafi öryggisbeltið spennt, þegar svo ber undir, og haldi á barninu.

6.2. Setja má tvö börn, sem eru í fylgd fullorðins og orðin eru tveggja ára en samanlagt ekki eldri en 12 ára, saman í eitt sæti þannig að þau sitji hlið við hlið og bæði séu spennt föst í sama öryggisbeltið, sbr. þó gr. 2.1., enda sé tilskilinn öryggisbúnaður við sætin (björgunarbelti og súrefnisgrímur ef við á)

6.3. Við sérstaka barnaflutninga skal vera hæfilegur fjöldi fullorðinna til eftirlits og aðstoðar börnunum.

7. gr.

Flutningur á fötluðu fólki.

7.1. Líkamlega fatlað fólk.

Ath.: Með líkamlega fatlað fólk er átt við persónur sem ekki geta hjálparlaust komist um borð eða frá borði.

7.1.1. Flugrekandi skal fyrir sérhverja tegund loftfars, sem hann notar, tilgreina nákvæmlega í flugrekstrarhandbók sinni á hvern hátt flutningur líkamlega fatlaðra skuli fara fram. Sama gildir um flutning sjúklinga í sjúkrakörfum.

7.1.1.1. Þegar líkamlega fötluðu fólki er valinn staður í loftfari skal eftirfarandi atriða gætt:

a) hlutaðeigandi skal sitja í námunda við neyðardyr með neyðarrennu, og ef hún er ekki til, þá við aðrar stórar neyðardyr.

b) hlutaðeigandi skal ekki settur í sætaröð við glugga sem notaður er sem neyðardyr.

7.2. Andlega fatlað fólk.
Við flutning andlega fatlaðra skal krefjast skriflegs vottorðs læknis sem greinir hvort þörf sé að gæslumaður fylgi hinum fatlaða.

7.3. Áður en flug er hafið skal flugstjóra tilkynnt um tölu hinna sjúku og fötluðu, hvar þeir sitji, og með hverjum þeirra séu gæslumenn.

8. gr.
Áhöfn í farþegarými.

8.1. Í farþegarými skal vera sá lágmarksfjöldi þjónustuliða sem getur í gr. 8.3. hér á eftir.

8.2. Öðrum en þeim, sem fengið hafa sérstaka viðurkennda þjálfun, er óheimilt að starfa sem þjónustuliði í farþegarými.

8.3. Lágmarksfjöldi þjónustuliða í farþegarými fer að **hluta eftir fjölda farþegasæta**, sem eru í loftfarinu og að **hluta eftir þeim fjölda farþega**, sem fluttir eru hverju sinni.

8.3.1. Ef um er að ræða loftför með sætum fyrir 10—19 farþega ákveður flugmálastjórn hvort nauðsyn sé áhafnar í farþegarými og hefur þá hliðsjón af hverrar tegundar loftfarið er.

8.3.2. Í loftförum, sem hafa 20 eða fleiri farþegasæti, fer fjöldi þjónustuliða í farþegarými eftir því hve margir farþegar eru fluttir svo sem hér greinir.

Fjöldi farþega	Fjöldi þjónustuliða í farþegarými
1— 50	a. m. k. 1
51—100	a. m. k. 2
101 og þar yfir	a. m. k. 1 að auki fyrir hverja 50 farþega eða færri.

8.3.2.1. Ef farþegarnir eru færri en 20, og eru allir starfsmenn flugrekanda vel kunnugir neyðarbúnaði farþegarýmis, þarf ekki áhöfn í farþegarými.

8.3.3. Reglur um fjölda og skipun þjónustuliða í farþegarými skulu vera í flugrekstrarhandbók flugrekanda.

8.4. Með hliðsjón af neyðarbúnaði, innréttingu og viðbrögðum við neyðarástandi getur flugmálastjórn krafist að einn eða fleiri þjónustuliðar í farþegarými séu karlmenn.

8.5. Fyrir hverja tegund loftfars, sem flugrekandi notar, skal hann setja reglur um staðsetningu þjónustuliða í farþegarými við flugtak og lendingu. Þeir skulu sitja eins nálægt neyðardyrum og hægt er og jafnframt geta fylgst með farþegunum. Ef fleiri áhafnarliðar eru í farþegarými skulu þeir vera dreifðir um farþegarýmið svo að auðvelda megi farþegum eftir megni að komast út úr loftfarinu í neyðartilvikum.

Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. laga um loftferðir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

27. febrúar 1976. Nr. 54.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

Tafla I. — Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Númer á mælal.
			Daggreiðslur	Ársgreiðslur	
	A — LÝSING				
1.1.	Án fastagjalds	40,00			01
1.2.	Með fastagjaldi	22,00	0,45/m²	165	01
1.3.	Götu og hafnarlýsing	8,00			03
	B — HEIMILI				
2.1.	Með fastagjaldi	11,00	3,30/herbergi	1 205	01
	C — IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1.	Smávélar	22,00			02
3.2.	Stórnotkun	3,50	27,50/kW	10 037	04
	D — HITUN				
4.1.	Án rofs	9,00			01
4.2.	Með rofi 1 kl/á dag	5,00			03
4.3.	Með rofi 3 kl/á dag	2,70			03
4.4.	Með rofi 3 kl/á dag sumarhitun	1,30			03
4.5.	Með rofi 14 kl/á dag (kl. 10—24)	1,30			03
	F — ANNAÐ				
5.1.	Sérsamningar				
5.2.	Lokun húsveitna og enduropnun		660 á reikning		
5.3.	Súgþurrkun	5,50			
	MÆLALEIGUR				
01	Einfasa almenn án stjórnt.		3,25/mælingu	1 200	
02	Einfasa með stjórnt. og þrífasa án stjórnt.		5,45/mælingu	2 000	
03	Þriggja fasa m/stjórnt.		9,05/mælingu	3 300	
04	Þriggja fasa m/aflmæli		18,10/mælingu	6 600	

Upplýsingar og ýmis ákvæði.

1. Mælieiningar raforku eru kílówattstundir (kWst.) og kílówött (kW.). Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA.) ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,8.
2. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.
4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A-1.2 og C-3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B-2.1 og D-4.1 til 4.3.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notenda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur 15 dögum eftir útsendingu reiknings er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextirnir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningum.
7. Tengingargjöld greiðast þegar tengingu er lokið.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo að til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald skv. lið 5.2 á hverja innheimtu (reikning) sem krafin er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt. Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald skv. lið 5.2 á skrifstofu rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandi kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.
11. Tenging við veitukerfið.

    Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu II miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða. Húsbyggjanda ber að senda rafveitunni afrit eða ljósrit af byggingarleyfi áður en bygging hefst, ásamt afstöðumynd er sýnir inntak heimtaugar.

    Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda, eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu.

    Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðist samkvæmt útlögðum kostnaði.

    Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

    Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

    Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert,

er rafveitunni heimilt að krefja notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði, sem hún hefur lagt í vegna þessa (auka heimtaugargjalds).

Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefja aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað, sem af frosti í jörðu kann að leiða.

Tafla II. Tenging við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Málstraumur Stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður pr./meter kr.
63 amp 220/380 volt	53 350.00	2 090.00
100 — 220/380 —	84 150.00	2 420.00
125 — 220/380 —	105 050.00	2 640.00
200 — 220/380 —	165 000.00	3 630.00
300 — 220/380 —	236 500.00	4 400.00

Tengingar með meiri flutningsgetu eða annari spennu, greiðist samkvæmt kostnaði.

SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU I.

A. LÝSING

1.1. Lýsing án fastagjalds. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.

1.2. Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum.

Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur, án fastagjalds.

B. HEIMILI

2.1. Fastagjaldið miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús, 5—25 m^2, ef herbergin eru minni, reiknast hálft gjald, en ef stærri tvöfalt. Ef um smá atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglu.

IÐNAÐUR OG VERSLUN

3.1. Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn til ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m^2 gólffletar samkvæmt þeim taxta.

3.2. Afl og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mestu álagstímum.

D. HITUN

4.1. Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1 til 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxta B-2.1 margfaldað með

tölunni 5. Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m² af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

4.4. Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept. ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil yfir fyrrgreint tímabil, að mati rafveitustjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

5.1. Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup.

Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslur fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis gjöld.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I þessarar gjaldskrár, nema á töxtum 4.2, 4.3, 4.4 og 5.5.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka orkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5%, sem kaupgj. hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. sept. 1975 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Hækkanir skv. ofanrituðu eru þó því aðeins gildar að heimild iðnaðarráðuneytissé fyrir hendi.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis, gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 345 11. júní 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 55. 25. febrúar 1976.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks ákveður að leggja á gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald er tvennskonar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með holræsalögn, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við bundið slitlag á götu, svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss", eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Miða skal við stærð bygginga samkv. fasteignamatsskráningu.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöld í samræmi við það rúmmál samkv. fasteignamatsskrá, sem hverjum tilheyrir.

4. gr.

Álagning A-gjalda og B-gjalda, skal vera sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
1. Íbúðabyggingar:		
1.1. Einbýlishús	3,5%	3,0%
1.2. Tvíbýlishús á 2 hæðum og sambyggð einbýlishús á 1 hæð	2,5%	2,0%
1.3. Þríbýlishús á 3 hæðum, 2 hæða raðhús og sambyggð tvíbýlishús	2,0%	1,5%
1.4. Fjölbýlishús og bifreiðageymslur	1,5%	1,0%
2. Aðrar byggingar:		
2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir	3,5%	3,0%
2.2. Heilbrigðis- og skólamannvirki, söfn, íþróttamannvirki, samkomuhús og fangahús	2,5%	2,0%
2.3. Iðnaðarhúsnæði, sláturhús, mjólkurbú, fiskvinnslustöðvar, orkuver, spennistöðvar, bensín- olíu- og lýsisgeymar, sérbyggðar vöruskemmur	2,0%	1,5%
2.4. Gripahús, hlöður, geymsluskúrar	1,5%	1,0%

3. Jafnframt B-gjaldi og sem hluti þess skulu lóðarhafar greiða kr. 100.00 fyrir hvern fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á eða ekki.

Við álagningu A-gjalda fyrir nýbyggingar skal miða við stærð húss, samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð:

Einbýlishús	500 m³
Sambyggð einbýlishús	450 m³
Tvíbýlishús	400 m³
Þríbýlishús og sambyggð tvíbýlishús	350 m³
Fjölbýlishús	300 m³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

5. gr.

A-gjöld samkv. 4. gr. breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er í ársbyrjun á því ári sem lóðin er veitt.

6. gr.

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir:

Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast, þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðasla A-gjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald.

Gjaldið af hinu breytta húsnæði skal nema mismun gatnagerðargjalda reiknuðu fyrir og eftir breytinguna.

Sömu reglur gilda, ef notkun byggingarýma er breytt, sem felur í sér að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þótt ekki þurfi breytinga á byggingu eða endurbyggingar við.

8. gr.

Byggingarfrestur er 8 mánuðir þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði skal endurgreiða 50%.

Eftirstöðvarnar endurgreiðist eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar greiðsla samkv. þeirri úthlutun fer fram.

9. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 8 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

10. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingaskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

11. gr.

Bæjarráð úrskurðar flokkun bygginga í gjaldflokka skv. 4. gr. Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður A-gjald af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður A-gjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Enn fremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjöld sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

12. gr.

B-gjöld samkv. 4. gr. skal miða við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar og síðan við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins

slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi á síðustu 5 árum, og falla þau í gjalddaga 3 mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar og miðast við byggingarvísitölu sem þá er í gildi.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á B-gjaldi samkvæmt 4. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags. Af álögðu gjaldi skal greiða 20% á framkvæmdaárinu.

Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki. Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign, þau skulu bera 10% ársvexti, er greiðist eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin. Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10%, eftir ákvörðun bæjarráðs á hverjum tíma. Heimilt er að veita sömu greiðslukjör á gjöldum álögðum samkvæmt 13. grein.

15. gr.

Hafi gangstéttargjald áður verið greitt af lóð, skal sú greiðsla koma til frádráttar við álagningu B-gjalds.

Skal meta gjöldin til samræmis við hækkun byggingarvísitölu frá því að þau voru greidd.

16. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal innheimta bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

17. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fresta álagningu B-gjalds, ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- eða örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þá gildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt að forsendur frestunarinnar bresti.

Einnig er heimilt að víkja frá gjalddögum B-gjalds þegar greiða skal á sama tíma A- og B-gjald sbr. 16. gr.

18. gr.

Bæjarstjórn skal vera heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. gr., hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

19. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vá-

tryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr um meiri háttar ágreining, sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 56. 1. mars 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 532 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

20. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

20. Einkaleyfi skv. l. nr. 12/1923		
fyrir fyrstu 5 ár	kr.	10 000
fyrir næstu 5 ár	—	30 000
fyrir síðustu 5 ár	—	60 000

2. gr.

10. og 11. tl. 3. gr. reglugerðarinnar falli niður.

3. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Fyrir aðra skráningu greiðist kr. 5 000.00
Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 20. desember 1975 öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1976

11. mars 1976. 85 Nr. 57.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 27. júní 1976.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1070 meðmælendur, en mest 2140.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 120 meðmælendur, en mest 240.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 435.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 95 meðmælendur, en mest 185.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 11. mars 1976.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

5. mars 1976. Nr. 58.

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Hrognkelsaveiðar á bátum, sem eru stærri en 8 brúttórúmlestir, eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Í umsóknum um slík leyfi skal tilgreina nafn, einkennisstafi og stærð báts og nafn skipstjóra. Þá skal og greint frá því hvort viðkomandi skipstjóri hafi áður stundað hrognkelsaveiðar og þá hvar og hve lengi. Einnig skal skýrt frá því hvort hrognkelsaveiðar hafi áður verið stundaðar á viðkomandi bát og þá einnig hvar og hve lengi.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. gr.

Bannað er að salta grásleppuhrogn um borð í veiðiskipinu. Þá er bannað að nota „móðurskip“ við veiðarnar, nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins. Í umsóknum um slík leyfi skal gefin lýsing bæði á „móðurskipinu“ og bát eða bátum þeim, sem nota skal til veiðanna. Þá skal og upplýst hvort og þá hvernig slíkar veiðar hafa áður verið framkvæmdar.

3. gr.

Bátum, sem stunda hrognkelsaveiðar, er óheimilt að stunda jafnframt annan veiðiskap svo sem þorskveiðar í net.

4. gr.

Allir þeir, er stunda hrognkelsaveiðar, skulu halda skýrslu um netafjölda, sem vitjað er um og veiðimagn í hverri veiðiferð, veiðisvæði þar sem sérstaklega skal getið hvort veitt hafi verið innan eða utan netlaga og veiðitíma og senda þær til Fiskifélags Íslands eigi síðar en einum mánuði eftir að þeir hafa hætt veiðum. Á þetta bæði við um þá, er stunda veiðarnar samkvæmt sérstökum leyfum sbr. 1. og 2. gr. og þá, sem ekki þurfa slík leyfi til veiðanna.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 59. 10. mars 1976.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. febrúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. febrúar 1976:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr. 249.50
Millifiskur nr. 1	— 238.40
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 194.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 165.60

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök

15/20	kr.	230.00
21/25	—	222.00
26/30	—	214.00
31/35	—	206.00
36/40	—	198.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Stjórnartíðindi B 8, nr. 57—59. Útgáfudagur 15. mars 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1976

Nr. 60. 88 17. mars 1976.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1976, Skuldabréf H, vegna Norður- og Austurvegar.

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 300 millj. króna, skv. heimild í LXVII. lið 6. gr. fjárlaga 1976, sbr. lög nr. 36 frá 23. maí 1975 og lög nr. 7/1974.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari skulu nefnd Skuldabréf H.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 2000.00 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala þeirra hefst í mars 1976 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 20. maí 1976.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga eftir 10 ár eða hinn 30. mars 1986.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur árlegur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, sem í gildi er í mars 1976, til gjalddaga hinn 30. mars 1986. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til gjalddaga þeirra verið lægri en hún var í mars 1976 og sé lægri á gjalddaga þeirra. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þeirrar, sem um er fjallað í 8. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966 en hana skipa: Hagstofustjóri og er hann formaður, maður nefndur af Hæstarétti og annar nefndur af Seðlabankanum. Sama gildir, ef breyting verður á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, og skal þá nefndin úrskurða, hvernig umreikna skuli á milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Úrskurðir nefndar þessarar eru fullnaðarúrskurðir.

5. gr.

Af happdrættisskuldabréfunum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættislána ríkissjóðs skal nema 10% — tíu af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn fimmtudaginn 20. maí 1976 og síðan þriðja fimmtudag í maí ár hvert þar á eftir, þar til dregið hefur verið samtals 10 sinnum. Síðasti dráttardagur er því þriðji fimmtudagur maímánaðar árið 1985.

Vinningum skal úthlutað skv. skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

6	vinningar á	kr.	1 000 000.00	= 6 000 000.00
6	vinningar á	—	500 000.00	= 3 000 000.00
130	vinningar á	—	100 000.00	= 13 000 000.00
800	vinningar á	—	10 000.00	= 8 000 000.00
942	vinningar			kr. 30 000 000.00

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Heimilt er að nota tölvu Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið, skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setti um útdrátt vinninga í B-flokki happdrættisláns ríkissjóðs 1973, nr. 164 frá 1. júní 1973, sbr. og 1. gr. reglugerðar nr. 220 frá 12. júlí 1974.

7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, sbr. 4. gr. laga nr. 36/1975, sbr. og lög nr. 7/1974 og lög nr. 99/1971.

8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland, sbr. 7. gr. laga nr. 36/1975.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 17. mars 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 61. 18. mars 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 50.00 fyrir hvern rúmmetra vatns, eða samkvæmt magnhemli kr. 1095.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾″	kr.	433.20
b) fyrir mæla eða hemla 1″—2″	—	971.90
c) fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri	—	1 943.70

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	m³	Heimæðagjald						
Allt að	400	138 824 kr.						
400—	2000	138 824 —	fyrir	400 m³ +	111.10	kr./m³	þar	yfir
2000—	6000	316 584 —	—	2000 — +	94.50	—	—	—
6000—	10000	694 584 —	—	6000 — +	83.30	—	—	—
Meira en	10000	1 027.784 —	—	10000 — +	72.40	—	—	—

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr 16 660.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirrætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 1000.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 21. mars 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 15 22. janúar 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 62. 11. mars 1976.

REGLUGERÐ
um Reiknistofnun Háskólans.

1. gr.

Reiknistofnun Háskólans lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a) að annast rekstur reiknimiðstöðvar við Háskóla Íslands til úrvinnslu verkefna kennara og nemenda og annarra starfsmanna háskólans og stofnana hans,
b) að annast reikniþjónustu fyrir aðila utan háskólans, þó skulu þarfir háskólans hafa forgang,
c) að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á nýjungum og fást við hver þau verkefni önnur, er stuðlað geta að eflingu þjónustustarfsemi reiknistofnunarinnar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til tveggja ára í senn, að fengnum tillögum háskólaráðs, sem setur forstöðumanninum erindisbréf. Háskólaráð skipar fjóra menn til að sitja í stjórn stofnunarinnar með forstöðumanni til tveggja ára. Verkfræði- og raunvísindadeild tilnefnir tvo þeirra og skulu þeir ekki vera úr sömu skor, viðskiptadeild tilnefnir einn, hinn fjórða skipar háskólaráð án tilnefningar.

4. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundi. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns. Stjórnin fjallar um öll meiriháttar mál, ræður starfslið, samþykkir rekstraráætlanir og semur gjaldskrá yfir selda þjónustu. Tillaga um gjaldskrá skal fylgja fjárlagaáætlun fyrir stofnunina ár hvert.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

a) fjárveitingar á fjárlögum,

b) tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan háskólans,
c) gjafir.

Stefnt skal að því að tekjur af þjónustu fullnægi sem mest fjárþörf stofnunarinnar bæði til reksturs og tækjakaupa miðað við eðlilegan endingartíma. Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar 5. málsgr. 5. gr. og 3. málsgr. 8. gr. í reglugerð nr. 537/1975, um Raunvísindastofnun Háskólans.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius

16. mars 1976. Nr. 63.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 15. febrúar til 30. júní 1976:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
ÞORSKUR:	
4x14 m/r interl.	97.97
4x14 r/l og 8x7 r/l	103.90
10x5, 3x18 og 4x12	177.04
5x10 og 4x13	185.90
4x15	189.28
12x1	189.28
Blokk	131.84
Blokk 24½	135.61
ÝSA:	
4x14 m/r interl.	105.31
10x5 og 3x18	175.58
12x1	183.81
Blokk	133.52
Blokk 24½	137.18
STEINBÍTUR:	
8x7 r/l	89.80
10x5	183.15
12x1	183.15
Blokk	130.16

KARFI:	
8x7 m/r	87.35
10x5 m/r	118.29
10x5 r/l	121.54
12x1	124.79
1x25	118.77
4x12	136.58
Lausfrystur 4x12/1x30	121.47
Blokk	130.22
UFSI:	
8x7 r/l	72.52
4x6 kg	74.20
10x5	108.20
4x12	108.20
Blokk	83.84
Blokk 24½	83.84
LANGA:	
8x7 r/l	88.72
10x5	139.60
Blokk	97.36
GRÁLÚÐA:	
6x10	99.13
4x15	99.13
Heilfryst	76.99
Blokk	85.54
Heilfr. fiskur	40.50

Verðbil verður 3% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1976.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 64. 16. mars 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 27 20. mars 1963 um sauðfjárbaðanir.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Nú baðar umráðamaður eða fjáreigandi eigi sauðfé sitt á lögskildum tíma, án þess að lögmæt forföll hamli að dómi eftirlitsmanns og sýslumanns eða bæjar-

fógeta. Skal hann þá greiða dagsektir, er nemi kr. 20.00 — tuttugu krónum — á hverja kind á dag hvern, er böðun dregst fram yfir lögskilinn tíma, þ. e. 1. mars. Dagsektir skulu renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið og skal sýslumaður annast innheimtu sektarinnar. Jafnframt skal sýslumaður í samráði við eftirlitsmann með sauðfjárböðunum gera ráðstafanir til að fé sé baðað á kostnað eiganda eða umráðamanns eins fljótt og aðstæður leyfa.

Við framkvæmd verksins eru sýslumanni eða starfsmanni hans heimil frjáls afnot af fjárhúsum fjáreiganda eða umráðamanns, réttum hans, girðingum, baðþró, vatni og annarri aðstöðu eða útbúnaði sem nauðsynlegur er til þess að böðun fjárins geti farið sem best úr hendi.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða sektum frá 10 000—100 000 kr., sem renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal fara með þau mál að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. mars 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

17. mars 1976 Nr. 65.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 17 19. janúar 1976 um breyting á reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

3. tl. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir Suðausturlandi allt árið á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

a) 64°05′5 n.br., 13°46′0 v.lgd.
b) 63°49′5 n.br., 13°39′0 v.lgd.
c) 63°45′0 n.br., 14°00′0 v.lgd.
d) 64°01′0 n.br., 14°07′0 v.lgd.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins sbr. lög nr. 45 13. maí 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 60—65. Útgáfudagur 20. mars 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1976

Nr. 66. 96 19. mars 1976.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði í Reykjafjarðarál.

1. gr.

Allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (66°27'4 n.br., 22°24'3 v.lgd.) og að austan af 20°20'0 v.lgd.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1976.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 67. 10. mars 1976.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt. Hreppsnefnd lætur leggja dreifikerfi vatnsveitu utanhúss, inn fyrir húsvegg með stoppkrana og má ekki hylja hann. Telst dreifikerfi vatnsveitunnar ná þangað og vera eign hennar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun.

3. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við Vatnsveitu Reykhólahrepps, skal senda skriflega umsókn þar um.

4. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Ef hreppsnefnd eða umsjónarmanni vatnsveitunnar þykir í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri hreppsnefnd það á hans kostnað.

5. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatninu. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó slík lokun fari fram.

6. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa komið vatnsæðum sínum þannig fyrir, að óþrif hljótist af.

7. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur samkvæmt mati fyrir, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

9. gr.

Hver sá, sem fær tengt við Vatnsveitu Reykhólahrepps, skal greiða tengigjald kr. 25 000 af hverju húsi, og fylgir byggingavísitölu.

Af öllum íbúðarhúsum, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt á ári hverju 0.25% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Þó skal lágmarksgjald af íbúð vera kr. 1 200.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal þá greiða kr. 2.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við einn ársfjórðung.

10. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert, þó skal greiða vatn, ef það er selt um mæli samkvæmt 9. gr. ársfjórðungs-

lega og er þá fyrsti gjalddagi 1. apríl, annar gjalddagi 1. júlí o. s. frv. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti húsa. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirræki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

11. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 25 000 sekt, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á reglugerðinni skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 68. 10. mars 1976.

REGLUGERÐ

fyrir íþróttahúsið Ásgarð í Garðakaupstað.

1. gr.

Íþróttahúsið er staðsett í Garðakaupstað og starfrækt undir nafninu Ásgarður.

2. gr.

Íþróttahúsið Ásgarður er að ⅔ hlutum skólamannvirki, en að ⅓ hluta íþróttamannvirki bæjarfélagsins.

3. gr.

Starfræksla hússins er í höndum húsnefndar, sem skipuð er þremur mönnum. Tveir þeirra eru kosnir af bæjarstjórn og einn af skólanefnd. Varamenn eru kosnir af sömu aðilum, en nefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum.

4. gr.

Nefndin er ábyrg fyrir rekstri hússins gagnvart bæjarstjórn og skólanefnd. Nefndin skal halda gerðabók um störf sín og starfrækslu hússins.

5. gr.

Hlutverk húsnefndar er:

a) að setja reglur um umgengni í húsinu.
b) að raða niður afnotum af húsinu. Forgangsréttar um afnot njóti skólar bæjarins og því næst íþróttafélög innan bæjarins og þá almenningur.
c) að gera tillögu til bæjarstjórnar um afnotagjöld.

d) að ráða starfsfólk og setja því starfsreglur.
e) að gera tillögur um viðhald hússins og áhalda þess, svo og öflun tækja.
f) að gera árlega áætlun um fjárþörf rekstrarins og skila henni það snemma, að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.
g) að sjá um að fjárhagsáætlun fyrir húsið sé fylgt.

6. gr.

Húsnefnd gæti þess við skipulagningu afnota skóla og leiguafnot íþróttafélaga og almennings, að nýting hússins verði sem virkust, afkastamest og samfelldust svo að sem mestur fjöldi iðkenda geti notið íþrótta og baða.

Við afnot og útlán leggi hún til grundvallar skiptingu salar, búnings- og baðklefa í þriðjunga af heildarrými. Við ákvörðun leigugjalds og kostnaðarskiptingu, vegna skólaafnota, sé til viðmiðunar sem eining þriðjungur salar og tilheyrandi húsrými.

7. gr.

Formaður boðar til funda húsnefndar. Óski samnefndarmenn hans báðir eftir fundi er honum skylt að boða til hans.

8. gr.

Greiðslur á kostnaði við rekstur hússins fara fram í skrifstofu bæjarins, svo og bókhald. Engir reikningar greiðist nema forstöðumaður hússins hafi staðfest þá.

9. gr.

Rekstrarárið er almanaksárið og skal rekstrarreikningur hússins koma fram í ársreikningum bæjarsjóðs og endurskoðast af endurskoðendum.

10. gr.

Rísi ágreiningur vegna skilnings á ákvæðum þessarar reglugerðar, sker menntamálaráðuneytið úr.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49 frá 7. apríl 1956, samþykkt af bæjarstjórninni í Garðakaupstað 15. janúar 1976, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

18. mars 1976. Nr. 69.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	322.55
2. 24×1 lb. blokkfryst	336.25
3. 24×450 gr. sérfryst	336.25
4. 6×2 kg, 5×2 kg og 4×2 kg sérfryst	336.25
5. 4×2.5 kg sérfryst	336.25
6. 2×5 kg sérfryst	336.25
7. 4×7 kg sérfryst	336.25
8. 1×25 lbs. sérfryst	336.25
9. 15×200 gr. sérfryst	341.90
10. Í saltlegi	322.55

Verðbil verður 2½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðist við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1976.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 70. 10. mars 1976.

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1976—1977.

	Bekkur									
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
Móðurmál	10	10	10	9	9	8	6	5	5	72
Stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5	5	41
Danska				3	3	3	3	4	4	20
Enska						3	4	4	4	15
Íþróttir[1])	2	2	2	2	3	3	3	3	3	23
Átthagafræði	3	4	4							11
Kristinfræði			1	2	2	2	2			9
Saga, félagsfr. og landafr.				4	3	3	4	4		18
Líffr., eðlis- og efnafr.				2	3	3	4	4		16
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	1	1		8
Mynd- og handmennt			3	4	4	4	4	4		23
Heimilisfræði[2])							1—4	0—4		1
Valgreinar[3])								3	12—16	15—19
	20	21	25	31	33	35	37	37	33—37	272—276
Kennarastundir til ráðst.	1	1	1	1	1	1	1	1		

Skýringar:

1) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.
2) Í 7. bekk er skylt að veita nemendum tilsögn í heimilisfræðum sem nemur 1 st. á viku að jafnaði. Heimilt er að halda námskeið í greininni umfram þetta í 7. og

8. bekk og má þá draga úr kennslu í öðrum greinum á meðan, eftir mati skólastjóra, en aukinn kostnaður sem hugsanlega hlýst af þessu fellur á viðkomandi sveitarfélag. Athygli skal vakin á að til þess að forðast aukin útgjöld af þessu, þarf að tilkynna þeim kennurum, sem eiga að minnka kennslu meðan á námskeiði stendur um þá ráðstöfun um leið og stundaskrár eru afhentar og draga úr greiðslum til þeirra sem þessu nemur. Þetta tekur aðeins til yfirvinnu og stundakennslu.

3) Um valgreinar í 8. bekk, sjá eftirfarandi ábendingar um valgreinar í 9. bekk. Valgreinar í 9. bekk skulu vera þessar:

a) Saga, félagsfræði og landafræði	4	stundir
b) Líffræði, eðlis- og efnafræði	4	—
c) Mynd- og handmennt	4	—
d) Aðrar greinar	8	—

Í flokknum aðrar greinar eru m. a. þessar:

Kynning atvinnuvega,
viðskiptagreinar,
vélfræði,
heimilisfræði,
tækniteiknun,
saumar,
smíðar,
vefnaður.

Nánari upplýsingar um kennslu í þessum greinum fylgja námsskrá. Nemendur skulu velja annað hvort **sögu, félagsfræði og landafræði** 4 st. eða **líffræði, eðlis- og efnafræði** 4 st. Þar að auki skulu þeir velja greinar skv. c- og d-lið 8 st. minnst og 12 st. mest.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda eigi vera lægri en 17 og í einstökum námshópum skulu eigi vera færri nemendur en 12.

Menntamálaráðuneytið, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

10. mars 1976. Nr. 71.

AUGLÝSING

um fólkvang við Álfaborg í Borgarfirði eystra, Norður-Múlasýslu.

Að tillögu hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps hefur Náttúruverndarráð ákveðið að friðlýsa Álfaborg í Borgarfirði eystra með nokkurri spildu umhverfis eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti. Hefur svæðið þannig verið fellt að skipulagi Bakkagerðiskauptúns og er friðað sem fólkvangur samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Takmörk fólkvangsins eru sem hér segir:

Mörk svæðisins mynda sexhyrning um Álfaborg og nær það frá aðalgötu um kauptúnið samkvæmt uppdrætti 465 metra til suðvesturs en er breiðast 265 metra (milli horna).



Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólki er þar heimil för enda gangi menn snyrtilega um og varist að skerða gróður og raska jarðmyndunum.
2. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins sem verður girtur fjárheldri girðingu innan árs frá gildistöku þessarar friðlýsingar.
3. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
4. Breytingar á landi, mannvirkjagerð og jarðrask er bannað nema eftir skipulagi sem Náttúruverndarráð hefur samþykkt.
5. Heimilt er að planta á svæðið trjágróðri að ráði kunnáttumanna en þó ekki í sjálfa Álfaborgina þar sem haldið skal náttúrlegum gróðri.
   Eftirlit með fólkvanginum er í höndum hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 66—71. Útgáfudagur 23. mars 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1976

Nr. 72. 104 24. mars 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald:

Fyrir verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 180.00.

Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðju.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur: Gjald kr. 1000.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm^2 þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m^2 hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m^3 rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með allt að 2 m^3 rúmtaki.

2. flokkur: Gjald kr. 1500.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm^2 og eru með hitafleti frá 2 m^2 til 30 m^2. Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m^3. Eimhitaðir suðukatlar og þurrkarar. Þó suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélbúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstilofshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi meira en 2 m^3 rúmtaki.

3. flokkur: Gjald kr. 4000.00.

Eimkatlar með meira en 30 m^2 hitafleti.

C. Aflvélar:

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 32.00.

Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 32.00.

D. Vinnuvélar:

1. flokkur: Gjald kr. 32.00.

Dælur sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar (smergelskífur). Fægivélar, skósmíða- hnappagatavélar, sníðavélar, saumavélar, leðurgerðarvélar, loftblásarar undir 2 hö.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. flokkur: Gjald kr. 120.00.
Dælur sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmsmíðavélar, loftblásarar yfir 2 hö., plastiðnaðarvélar, gúmmígerðarvélar, reykblásarar, þrýstiloftsþjöppur allt að 5 hö., brjóstssykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, prjónavélar, roðflettivélar, marningsvélar, færibönd 2—5 m. að lengd.

3. flokkur: Gjald kr. 300.00.
Trésmíðavélar, prentvélar, vökvaþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápugerðarvélar, málningagerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, steinsmíðavélar, grjótmulningsvélar, flöskuáfyllingarvélar, síldar- og fiskimjölsvélar, olíuskilvindur, ullarþvottavélar, flókagerðarvélar, tuskutætarar, dælur yfir 10 hö., hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar, fiskþvottavélar, pönnufrystitæki, færibönd 5—10 m. l.

4. flokkur: Gjald kr. 600.00.
Ullarvinnsluvélar, skipadráttarvindur, einfaldar lyftivindur, þrýstiloftsþjöppur 10 hö. og meira, gasframleiðslutæki, flöskuþvottavélar, matarlyftur að 50 kg. Færibönd 10 m og lengri, lokubúnaður í vatnsorkuverum, rækjupillunarvélar, hausunarvélar.

5. flokkur: Gjald kr. 1200.00.
Brettatrillur og brettalyftarar, bifreiðalyftur, sjálfvirkar pappaprentvélar, vörulyftur 50—350 kg. Rúllustigar, sýningarklefar, málaraskólar, verkpallar í strengjum, steypuhrærivélar, flatningsvélar, flökunarvélar, skipadráttarvagnar, tvíbrauta lyftibúnaður, málmbræðsluker með hreyfibúnaði. Fiskløndunartæki (grabbar).

6. flokkur: Gjald kr. 3000.00.
Fólkslyftur og aðrar sjálfvirkar lyftur með fallhemlum, fallhamrar (aflvélagj. innifalið). Vörulyftarar með sæti, vörulyftur yfir 350 kg, færibrautir í sláturhúsum.

7. flokkur: Gjald kr 4000.00.
Dráttarvélar, vegaþjöppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómul. minna en 8 m, lyftigeta minna en 2 tonn). Litlar steypustöðvar.

8. flokkur: Gjald kr. 6000.00.
Farandkranar, byggingakranar, fisklöndunarkranar, malarvinnslusamstæður og aðrar svipaðar vélar, steypustöðvar stórar.

E. Frystivélar:

1. flokkur: Gjald kr. 300.00.
Frystivélar með allt að 10 000 kcal/h afköstum.

2. flokkur: Gjald kr. 800.00.
Frystivélar með 10 000 til 20 000 kcal/h afköstum.

3. flokkur: Gjald kr. 1400.00.
Frystivélar með 20 000 til 50 000 kcal/h afköstum.

4. flokkur: Gjald kr. 3000.00.
Frystivélar með yfir 50 000 kcal/h afköstum.

F. Byggingamannvirki og verkpallar:

Vegna byggingamannvirkja, sem eru í smíðum, greiðist kr. 1.60 af hverjum rúmmetra þess. Heimilt er þó að veita 50% afslátt af gjaldi af stórum byggingum með mjög litlum innréttingum.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 6.00 fyrir hvern hlaupandi lengdarmetra verkpalls. Þó skal ekki greiða gjald af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörðu.

G. Losun og lestun:

Í hvert sinn, sem skip kemur frá erlendri höfn eða affermir vörur hér við land skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlits þannig:

Skip, sem eru	100 til 1000	brúttólestir	greiði kr. 2 000.00
Skip, sem eru	1000 til 2000	brúttólestir	greiði — 4 000.00
Skip, sem eru	2000 til 3000	brúttólestir	greiði — 6 000.00
Skip, sem eru	3000 brúttól.	og þar yfir	greiði — 8 000.00

Er viðkomandi embættismönnum falið að innheimta eftirlitsgjaldið samkvæmt gjaldskránni með öðrum skipagjöldum við tollafgreiðslu skipanna við komu þeirra frá erlendri höfn, enda verði gjöldin aðeins tekin þar sem eftirlitsmenn eru starfandi.

Skip, sem fermir eða affermir vörur í strandferðum, skal einu sinni fyrir hvern mánuð, sem það siglir milli hafna greiða gjald skv. gjaldskránni, enda hafi það ekki flutt vörur milli Íslands og annarra landa á sama tíma.

Gjald skv. 3. mgr. innheimtist eftir reikningi, sem Öryggiseftirlit ríkisins gefur út með sama hætti og önnur gjöld fyrir öryggiseftirlit á föstum vinnustöðum.

H. Húsakynni án véla:

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 12.00 af hverjum fermetra gólffletar. Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 6.00 fyrir hvern fermetra gólffletar. Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 3.00 fyrir hvern fermetra gólffletar.

I. Hávaðamæling, gasmæling eða þrýstiraun rýma, kerja eða geyma og önnur sérþjónusta:

Fyrir hverja hávaða- eða gasmælingu rýmis, kers eða geymis í landi greiðist kr. 2 000.00.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 2 000.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 750.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því. Sé gasmæling eða önnur þjónusta framkvæmd utan hins reglulega vinnutíma öryggiseftirlitsins samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal hann greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem þjónustuna framkvæmir, yfirvinnu þá sem þjónustan leiðir af sér.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m^3 að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2 kg/cm^2 greiðist kr. 1 200.00 en fyrir stærri katla kr. 1 600.00.

2. gr.

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 32.00 til kr. 6 000.00.

Þó skoðun fari fram oftar en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi auka eftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir Öryggiseftirlit ríkisins.

3. gr.

Vegna meðferðar hættulegra efna, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða sömu laga, greiði eftirlitsskyld fyrirtæki, sem nota, flytja, framleiða eða geyma þessi efni, tvöfalt persónugjald, samanber A-lið þessarar gjaldskrár og auk þess fast gjald kr. 8 000.00.

4. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkv. gjaldskrá þessari, til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því, sem með þarf.

5. gr.

Þegar teikningum af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

6. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt eða skylt er að stofnunin gegni, greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfin eru.

7. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. apríl 1976 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 312 12. október 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

22. mars 1976. Nr. 73.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í poka botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm. Ávallt skulu a. m. k. öftustu 8 metrar botnvörpu og flotvörpu vera gerðir úr riðli með lágmarksmöskvastærðinni 155 mm.

Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botnvörpu og flotvörpu, en í 1. mgr. greinir, skal vera 135 mm.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilt að

nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í þeim hlutum botnvörpu eða flotvörpu, sem þar greinir, á eftirgreindum svæðum:

A. Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., og utan línu sem dregin er frá stað 66°00'0 n.br., 25°15'0 v.lgd., í stað 64°53'0 n.br. 25°15'0 v.lgd. og þaðan í 90° réttvísandi að stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19°50'0 v.lgd. þaðan í stað 63°06'0 n.br., 18°00'0 v.lgd. síðan í 65° réttvísandi að 10°00'0 v.lgd. og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.

B. Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18°00'0 v.lgd. og 21°00'0 v.lgd. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

3. gr.

Lágmarksstærð möskva humarvörpu skal vera 80 mm.

4. gr.

Lágmarksstærð möskva rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum, aftur að fremsta horni neðra byrðis og 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

5. gr.

Lágmarksstærð möskva botnvörpu og flotvörpu, sem notuð er til þess að veiða spærling, loðnu, kolmunna og ískóð, skal vera 16 mm.

6. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1.—5. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

7. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með smáriðnum botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 3.—5. gr. reglugerðar þessarar, er það aðeins heimilt að því tilskildu, að a) slík veiðarfæri noti skipin aðeins til þess að veiða þær tegundir, sem veiðarfærin eru gerð fyrir og b) öllum fiski, sem í þau fæst og ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem heimilt er að hirða verði þegar fleygt útbyrðis.

8. gr.

Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—5. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal ekki teljast ólögmætt til 31. desember 1977:

A) að festa undir poka botnvörpu og flotvörpu segldúk, net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti, þó þannig, að þessir slitvarar eða hlífar séu aðeins festar að framan og á hliðunum við pokann.

B) að festa við poka botnvörpu og flotvörpu netbút úr sama efni og pokinn er gerður úr. Möskvar netbútsins skulu rúmlega helmingi stærri en möskvar pokans, og skal netbúturinn festur við pokann að framan, á hliðunum og aftan þannig, og hver möskvi netbútsins falli saman við fjóra möskva pokans.

9. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4. og 5. gr. er heimilt að nota styrktarpoka úr sverara garni en pokinn er sjálfur gerður úr. Lágmarksmöskvastærð slíks styrktarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

10. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 og er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs, ef brot þykir gefa tilefni til.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 393 31. desember 1974, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1976.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 15. maí 1976 að nota botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm og þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. að nota til 31. desember 1976 botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Ennfremur er heimilt til 15. maí 1977 að nota flotvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm, þó þannig að eftir 31. desember 1976 taka ákvæði 1. mgr. 1. gr. einnig til flotvörpuneta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

22. mars 1976. Nr. 74.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 35% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 70% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endan-

legt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilum eða hálfum tug króna, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 328 21. nóvember 1973 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1976

23. mars 1976. 111 Nr. 75.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1.	Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu	kr. 20 000
1.2.	Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli)	— 5 000
1.3.	Fyrir venjulegan aukatengil (ekkert afnotagjald)	— 4 000

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í **hvert skipti.**

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan sérbúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í símapípur, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu er kr. 2 900 að viðbættum kr. 7.50 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið í 2.1 hér að framan, auk kr. 1 000 á ársfjórðungi.

2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir aukatalfæri (ekki hægt að tala á milli) .... kr. 410

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu ..... kr. 10 000
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða aukatengli .... — 3 500

3.3. Milli stöðvargjaldssvæða ..... — 13 000

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 5 000 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 6 350 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af aukatengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 1 600 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 3 400.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu ..... kr. 15 400
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi ..... — 6 600
1.3. Fyrir aukatengil með rafvökum (ekkert afnotagjald) ..... — 4 200

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	1 300	1 040	780
4 —	1 750	1 400	1 050
6 —	1 950	1 560	1 170
8 —	2 200	1 760	1 320
10 —	2 400	1 920	1 440
12 —	2 450	1 960	1 470
14 —	2 550	2 040	1 530
16 —	2 600	2 080	1 560
24 —	2 850	2 280	1 710

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi ..... kr. 1 050

2.3. Almenn ákvæði.

Ofannefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum aðilum, sem að áliti stöðvarstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórð-

ungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu	kr. 7 700
3.2.	Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða aukatengli	— 3 250
3.3.	Milli stöðvargjaldsvæða	— 10 550

Áðurnefnd gjöld, sem nefnd eru undir 2. og 3. eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 4 750.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af aukatengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 1 600 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 3 400.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

III. KAFLI
Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 10 500. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða ákveðst stofngjald af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	kr.	650
4 —	—	800
6 —	—	1 000
8 —	—	1 200
10 —	—	1 250
12 —	—	1 300
14 —	—	1 350
16 —	—	1 400
24 —	—	1 500

2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Allt í samráði við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu, en um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

1.1. **Dagtaxti** er frá kl. 08:00 til kl. 20:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald-flokkur	Sek í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	7.50
B	45 —	10.00
C	30 —	15.00
1	24 —	18.75
2	12 —	37.50
3	10 —	45.00
4	8 —	56.25
5	6 —	75.00

1.2. Næturtaxti er frá kl. 20:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald-flokkur	Sek í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	3.75
B	90 —	5.00
C	60 —	7.50
1	45 —	10.00
2	24 —	18.75
3	20 —	22.50
4	15 —	30.00
5	12 —	37.50

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 54	kr. 18
— 10— 25 — —	— 84	— 28
— 25—100 — —	— 114	— 38
— 100—225 — —	— 144	— 48
— 225—350 — —	— 174	— 58
— Yfir 350 — —	— 225	— 75

Ofannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
2.4. Kvaðning: kr. 60. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 75 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir.
2.6. Boðsending: kr. 105 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 105 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 84 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 28 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.2. Strandargjald kr. 165 ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 234 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 55 eða kr. 78 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla.
4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig samsett:
a. Gjaldið milli Íslands og viðkomandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef viðkomandi skip tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. 2.

V. KAFLI
Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 70 og kr. 9 fyrir hvert orð. Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Blaðaskeyti: Kr. 2.10 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 63.
1.3. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.4. Veðurskeyti: Kr. 90 fyrir hvert skeyti.
1.5. Símapóstávísanir: Gjald kr. 300 án tillits til orðafjölda.
1.6. Heillaskeyti: Kr. 9 fyrir hvert orð. Auk þess greiðist fyrir skrauteyðublað kr. 145. Grunngjald innifalið.
1.7. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 70. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
1.8. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 110 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt, sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.9. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
1.10. Samanburður til tryggingar gegn missímum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda ákveðst af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.
3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig samsett:
a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 70.
b. Línugjald kr. 9 hvert orð.
c. Strandargjald kr. 11 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
3.2. Sérstök loftskeyti.
3.2.1. Gjald fyrir blaðaloftskeyti frá íslenskum skipum til afgreiðslu innanlands er þannig samsett:
a. Línugjald kr. 2.10 hvert orð.
b. Helmingur venjulegs strandargjalds.
3.2.2. Gjald fyrir hraðblaðaloftskeyti er þannig samsett:
a. Línugjald kr. 2.10 hvert orð.
b. Venjulegt strandargjald.
Minnsta gjald fyrir blaðaloftskeyti er hið sama og fyrir 14 orð. Blaðaloftskeyti er aðeins leyft frá skipi til lands.
3.2.3. Gjald fyrir veðurskeyti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 100.
3.2.4. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein. þessa kafla.
3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI
Telex og fjarritarar.

1. Stofngjald, afnotagjald og flutningsgjald samkv. sérgjaldskrá.

Gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni.

2. Gjald fyrir telexritanir.

2.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 7.50 fyrir hvert teljaraskref og samsvarar það kr. 18.75 á mínutu.
2.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá pósti og síma hverju sinni.

VII. KAFLI

Línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir langlínu ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

2. Afnotagjald.

Ársfjórðungsleigan á hvern km. skal vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m):

2.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.4—0.7 mm ..... kr. 1 200
2.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 1 700
2.3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm eða loftlínu ..... — 2 000
2.4. Viðskiptagjald: Leiga fyrir línu milli símabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði miðast við 40 þúsund mínútna notkun á ári, samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi símamiðstöðva.

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til fjarlægra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

VIII. KAFLI

Sérbúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar samkv. sérgjaldskrá.

Gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni.

IX. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 1 800 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 350 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastjórnin gefur út símaskrá og leggur hverjum leigusíma til eitt eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 500. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 1000 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans.

Breytir engu í þessu þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það gegn 750 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 850
3.2.	Aukanafn í skrá	— 1 000
3.3.	Aukalína í skrá, hver lína	— 500
3.4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 850+1000	— 1 850

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 800 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 500. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 850. Auglýsingarlína kostar kr. 500.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla fer eftir viðmiðunarstundaskrá, sem menntamálaráðuneytið gefur út árlega sbr. 44. gr. grunnskólalaga.

Varðandi fasta leyfisdaga skal miða við ákvæði 45. gr. sömu laga og reglugerðar um leyfi í skólum. Skrá um fasta leyfisdaga skal birta nemendum og kennurum í upphafi skólaárs.

Um prófdaga vegna prófa, sem lögð eru fyrir heila árganga nemenda, fer samkvæmt ákvæðum 60. gr. grunnskólalaga.

10. gr.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld

kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 míútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og öðlast hún gildi hinn 1. september 1976.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 80. 11. mars 1976.

REGLUGERÐ

um leyfi í skólum.

1. gr.

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

I. 1. desember.
II. Jólaleyfi: frá og með 21. desember til og með 3. janúar.
III. Öskudagur.
IV. Páskaleyfi: frá pálmasunnudegi til þriðjudags eftir páska að honum meðtöldum.
V. Sumardagurinn fyrsti.
VI. 1. maí.
VII. Uppstigningardagur.
VIII. Hvítasunnuleyfi: frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðjudags eftir hvítasunnu að honum meðtöldum. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
IX. 17. júní (í skólum sem þá kunna að vera starfandi).
X. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur til grunnskóla svo og framhaldsskóla ef lög eða reglugerðir um þá mæla ekki fyrir um annað. Reglugerðin tekur ekki til Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 45. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, öðlast gildi hinn 1. september 1976. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 41/1973, um leyfi í skólum svo og önnur ákvæði er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna.

1. Stjórn varnarliðs Bandaríkjanna annast skráningu ökutækja í eigu varnarliðsins. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli heldur skrá um ökutæki varnarliðsins samkvæmt gögnum frá stjórn þess. Ökutæki þessi eru auðkennd skráningarmerkjum af sömu gerð og ákveðin er í reglugerð um skráningu ökutækja.
   Umdæmisbókstafur ökutækjanna er VL.
   Stjórn varnarliðsins annast um, að búnaður ökutækja í eigu varnarliðsins sé í lögmætu ástandi. Ökutækin eru undanþegin vátryggingarskyldu.
2. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli annast skráningu ökutækja í einkaeign varnarliðsmanna og heldur skrá um þau. Ökutæki þessi skulu auðkennd umdæmisbókstaf Keflavíkurflugvallar, J, en hvert skráningarnúmer skal hefjast á tölustafnum 0.
   Ökutæki í einkaeign varnarliðsmanna eru háð sömu reglum og önnur ökutæki að því er varðar skráningu, gerð og búnað, skoðun og vátryggingu.

Auglýsing þessi er sett í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið með vísun til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. desember 1951, laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl., nr. 106 17. desember 1954, og umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968.

Utanríkisráðuneytið, 19. mars 1976.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason

27. febrúar 1976. Nr. 82.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

A. Skýringar:

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur gert þær breytingar á götuheitum á svæði því, sem eftirfarandi reglur fjalla um, að vestasti hluti Álfhólsvegar (vestan Vallartraðar), ný brú yfir vegargjá Hafnarfjarðarvegar, austasti hluti Hábrautar (austan akvegar að kirkju) og akvegur að kirkju, heitir nú einu nafni Hamraborg.

B. Umferðarreglur:

1. Aðalbrautarréttur Skeljabrekku gagnvart Hamraborg (áður Álfhólsvegi) fellur niður.
2. Umferð um Hamraborg skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Skeljabrekku í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

3. Umferð um tengiveg vestan Hafnarfjarðarvegar skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Hamraborg í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
4. Við mót Hamraborgar og Hábrautar skal umferð Hamraborgar víkja fyrir umferð af Hábraut inn á Hamraborg samkvæmt ákvæðum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
5. Bifreiðastöður á Hamraborg eru bannaðar á svæðinu milli Skeljabrekku og tengivegar vestan Hafnarfjarðarvegar.
6. Einstefnuakstur til norðurs verði um bráðabirgðaveg milli Borgarholtsbrautar og Hamraborgar. Skal umferð um þann veg víkja fyrir umferð um Hamraborg samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Ákvæði síðasta málsliðs koma þá fyrst til framkvæmda, er gatnamót bráðabirgðavegarins og Hamraborgar hafa verið flutt vestur fyrir Hábraut.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 27. febrúar 1976.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 83. 24. febrúar 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Jakobsdóttur og Jóns Jónssonar á Giljum í Mýrdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. febrúar 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Jakobsdóttur og Jóns Jónssonar á Giljum í Mýrdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sigríðar Jakobsdóttur og Jóns Jónssonar á Giljum í Mýrdal og er stofnaður til minningar um þau af syni þeirra, Markúsi Jónssyni, sem lést í Reykjavík 17. maí 1970.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er dánargjöf að upphæð 100 þúsund krónur til Byggðasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í Skógum undir Eyjafjöllum. Sjóðinn skal annaðhvort ávaxta í Landsbanka Íslands í Reykjavík eða vísitölutryggðum verðbréfum. Ákveður sjóðsstjórnin, að hve miklu leyti hvor þessara leiða verður farin.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins á að vera sá að kaupa til Byggðasafnsins þá muni, er menningarsögulegt gildi hafa og fást eigi á annan hátt. Eins má nota fé úr sjóðnum til þess að láta gera líkingar af hlutum, sem nú eru með öllu ófáanlegir, en fengur er í að hafa í safninu. Enn fremur má nota fé úr sjóði þessum til annarra þeirra þarfa, sem Byggðasafninu geta komið að notum.

Þá má stjórn sjóðsins, ef hún álítur þess þörf og fé leyfir, veita þeim mönnum, sem dvelja við Byggðasafnið um stuttan tíma í rannsóknarskyni, einhvern fjárstyrk úr sjóðnum.

4. gr.

Samkvæmt tillögum í erfðaskrá stofnanda sjóðsins er hverjum þeim, sem heiðra vill minningu Gilnahjóna, heimilt er að styrkja sjóðinn með fégjöfum. Einkum taldi hann æskilegt, að afkomendur hjónanna minntust þeirra með framlögum í sjóðinn.

5. gr.

Gera skal minningarspjöld, sem verða til sölu til ágóða fyrir sjóð þennan og málefni þau, sem hann á að styrkja. Fellur það í hlut sjóðsstjórnar að ákveða, hvernig sölu slíkra minningarspjalda verði best fyrir komið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur sjálf ákvarðanir um kaup og styrkveitingar af fé sjóðsins og hefur óbundnar hendur í þeim efnum. Þó má aldrei skerða upprunalegan höfuðstól. Ef verulegur hluti eigna sjóðsins er bundinn í vísitölutryggðum verðbréfum, getur stjórnin selt þau eða tekið lán út á þau, þegar hún telur slíkt nauðsynlegt til þess að geta sinnt verkefnum sjóðsins til hlítar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skulu tveir vera úr stjórn Byggðasafnsins, en hinn þriðji hins vegar vera afkomandi Gilnahjóna, ef unnt er. Voru það tilmæli sjóðsstofnanda, að Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag. yrði af þeirra hálfu í fyrstu stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók, og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, ársreikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega í lok hvers árs, og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureikninga Vestur-Skaftafellssýslu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

17. mars 1976. Nr. 84.

REGLUGERÐ

um húsafriðunarsjóð.

1. gr.

Húsafriðunarnefnd ákveður styrki úr sjóðnum og metur hvaða umsóknir séu styrkhæfar, sbr. 4. gr.

2. gr.

Húsafriðunarnefnd skal auglýsa eftir umsóknum til húsafriðunarsjóðs í dagblöðum og Lögbirtingablaði. Auglýsingar skal birta eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Umsóknir skal senda húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafni Íslands, Reykjavík.

3. gr.

Umsóknir skulu greiðnilega bera með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrk úr sjóðnum. Skulu umsóknum fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar:

a. uppmælingar, dagsettar og undirskrifaðar,
b. ljósmyndir,
c. upplýsingar um nánasta umhverfi,
d. sögulegar upplýsingar sem unnt er að afla, s. s. aldur mannvirkis, nöfn arkitekts, smiðs og eigenda fyrr og nú,
e. greinargerð um framtíðarnotkun,
f. greinargerð um fyrri breytingar ef gerðar hafa verið,
g. teikningar af breytingum ef ráðgerðar eru,
h. kostnaðaráætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt greinargerð um verktilhögun.

4. gr.

Húsafriðunarnefnd metur, að viðhafðri skoðun og úttekt, hvort framkvæmdir, sem sótt er um að styrktar verði, séu viðunanlega af hendi leystar. Varðar styrkmissi ef á slíkt brestur að mati nefndarinnar. Húsafriðunarnefnd skal hafa aðgang að kostnaðarreikningum í sambandi við þær framkvæmdir sem hún fjallar um. Einnig skal nefndin eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan viðgerð fer fram.

5. gr.

Fjárveitingar úr húsafriðunarsjóði skulu að jafnaði greiddar í september ár hvert, enda sé fé fyrir hendi í sjóðnum.

Húsafriðunarnefnd skal láta menntamálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í té yfirlit um greiðslur úr sjóðnum fyrir lok hvers árs.

6. gr.

Varsla og reikningshald húsafriðunarsjóðs skal vera í höndum Landsbanka Íslands samkvæmt samkomulagi, sem menntamálaráðuneytið gerir við bankann þar að lútandi.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 42/1975, um breyting á þjóðminjalögum nr. 52/1969, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því er varðar styrkveitingar úr sjóðnum fyrir árið 1976 er húsafriðunarnefnd heimilt að bregða út af þeim reglum, sem hér eru settar, að svo miklu leyti sem aðstæður krefjast.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Hofsóshrepp.

1. gr.

Þegar Hofsóshreppur hefur látið leggja holræsi í veg eða götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjórn ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Hofsóshreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1976. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu 2 m inn fyrir lóðamörk húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseigenda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varðar, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það. Umsóknir skulu skrifaðar. Með umsókn fylgi uppdráttur af holræsakerfi hússins, og uppdráttur er sýni allar lagnir utan húss, bæði í grunnmynd og rúmmynd.

4. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar holræsalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið teknar út af byggingafulltrúa, sem getur stöðvað verkið, ef eitthvað áfátt kann að vera.

5. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hætta er fyrir hendi, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að þessi efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

6. gr.

Skylt er mönnum að hlíta því, að holræsalagnir séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt vatnalögum.

7. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfi hreppsins greiðist úr sveitarsjóði en til að vega upp á móti þeim kostnaði skal innheimta stofngjöld og holræsagjöld af húseigendum.

8. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram, skal húseigandi greiða stofngjald. Innheimta skal holræsagjald af öllum húsum í Hofsóshreppi, sem standa við götu eða

opin svæði, þar sem holræsi hefur verið lagt í, samkvæmt sérstakri gjaldskrá. Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá hreppsnefnd gjaldið. Greiða skal holræsagjald af húsum og öðrum mannvirkjum, sem í byggingu eru og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar. Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

9. gr.

Holræsagjald af fasteign má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

10. gr.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum innan lóðarmarka. Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd mála, og veitt undanþágur ef hún telur ástæður til. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 86. 29. mars 1976.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, skulu hækka um 10% frá 1. apríl 1976 frá því sem þær voru í mars 1976.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. og greiðslur samkv. 73. gr. skulu einnig hækka um 10% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

1. gr.

Skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skal slíta í síðast lagi klukkan eitt eftir miðnætti, á laugardögum þó í síðasta lagi klukkan tvö eftir miðnætti.

Leyfi lögreglustjóra (hreppstjóra) þarf þó til þess að skemmtun standi lengur en til kl. 11.30.

2. gr.

Ef um er að ræða árshátíðir, afmælisfagnaði eða aðrar þess háttar samkomur, sem fyrst og fremst eru ætlaðar félagsmönnum og gestum þeirra, en skemmtun er eigi ætluð almenningi, er lögreglustjóra heimilt að leyfa, að skemmtun standi einni klukkustund lengur en greinir í 1. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að leyfa að áramótafagnaðir standi til klukkan 4 að morgni nýársdags.

3. gr.

Ef sérstaklega stendur á getur dómsmálaráðuneytið heimilað lögreglustjóra að leyfa að skemmtun standi lengur en greinir í 1. og 2. gr.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 22. desember 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 11 15. janúar 1948 og 17 29. janúar 1948 um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

24. mars 1976. Nr. 88.

GJALDSKRÁ

um holræsi í Hofsóshreppi.

Tengigjöld.

1. gr.

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00, fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m^3.

Árlegt holræsagjald.

2. gr.

Árlegt holræsagjald skal vera 0,22% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámark kr. 10.00 pr. m^3 íbúðar, lágmark íbúðarhús kr. 8.00, lágmark önnur hús kr. 5.50. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00. Gjaldskrá þessa má hækka (eða lækka) um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. mars 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 89. 3. mars 1976.

AUGLÝSING

um innflutning með greiðslufresti.

Í samræmi við 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 79 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka Íslands og gjaldeyrisviðskiptabankana sett eftirfarandi reglur um erlendan greiðslufrest:

1. Heimilt skal að flytja inn eftirtaldar vörur með þriggja mánaða greiðslufresti, enda hafi innflytjendur áður samið við Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands um greiðslufyrirkomulag vörunnar. Aðrar vörur, sem ekki eru taldar hér á eftir, er óheimilt að flytja inn með greiðslufresti:

Tollskr.nr.	Vörutegund
01.06.21	Loðdýr.
03.01.05	Síld, fryst.
03.03.01	Beita.
05.02.00	Hár og burstir.
05.03.00	Hrosshár.
05.04.00	Innyfli.
06.01.00	Blómlaukar.
07.05.00	Matbaunir (gular og grænar) í umbúðum meira en 5 kg.
09.01.12	Kaffibaunir.
10.01.00	Hveiti, ómalað.
10.02.00	Rúgur, ómalað.
10.03.00	Bygg, ómalað.
10.04.00	Hafrar, ómalað.
10.05.00	Maís, ómalað.
10.06.11	Rís, ómalað í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
10.06.19	Rís, ómalað í umbúðum (5 kg eða) meira en 5 kg.
10.06.21	Annar rís, ómalað í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
10.06.29	Annar rís, ómalað í umbúðum (5 kg eða) meira en 5 kg.
10.07.00	Bókhveiti o. fl., annað korn.
11.01.11	Hveitimjöl.
11.01.12	Hveitimjöl í umbúðum meira en 5 kg.

Tollskr.nr.	Vörutegund
11.01.21	Byggmjöl.
11.01.22	Maísmjöl.
11.01.23	Rísmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.01.24	Rísmjöl í umbúðum meira en 5 kg.
11.01.25	Rúgmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.01.26	Rúgmjöl í umbúðum meira en 5 kg.
11.01.29	Annað.
11.02.10	Hveitigrjón og meslingrjón.
11.02.21	Maís, kurlaður.
11.02.22	Hafragrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.02.23	Hafragrjón í umbúðum meira en 5 kg.
11.02.29	Annað.
11.02.30	Annað.
11.03.01	Mjöl úr belgávöxtum í smásöluumbúðum 5 kg. eða minna.
11.03.09	Mjöl úr belgávöxtum.
11.04.00	Mjöl úr ávöxtum, sem teljast til einhvers númers í 8. kafla.
11.05.01	Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.05.09	Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum.
11.06.01	Maníókamjöl.
11.06.09	Annað.
11.07.00	Malt.
11.08.01	Kartöflusterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.08.02	Kartöflusterkja í umbúðum meira en 5 kg.
11.08.03	Önnur sterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
11.08.09	Annað.
11.09.00	Glúten og glútenmjöl.
12.01.10	Jarðhnetur.
12.01.20	Kopra.
12.01.30	Pálmahnetur og kjarnar.
12.01.40	Sojabaunir.
12.01.50	Línfræ.
12.01.60	Baðmullarfræ.
12.01.70	Rísínusfræ.
12.01.80	Önnur.
12.02.00	Mjöl, ófitusneitt.
12.03.01	Grasfræ í 10 kg umbúðum og stærri.
12.03.09	Annað.
12.05.00	Síkoríurætur.
12.06.00	Humall og humalmjöl.
12.07.00	Plöntur og plöntuhlutar.
13.01.00	Hráefni úr jurtaríkinu.
13.02.01	Gúmmí arabikum.
13.02.09	Annað.
13.03.01	Pektín.
13.03.02	Lakkrísextrakt.
13.03.03	Lakkrísextrakt, annar.
13.03.09	Annað.
14.01.00	Jurtaefni til iðnaðar.
14.02.00	Jurtaefni til iðnaðar.

Tollskr.nr.	Vörutegund
14.03.00	Jurtaefni til iðnaðar.
14.04.00	Fræ, kjarnar o. þ. h.
14.05.00	Önnur efni úr jurtaríkinu.
15.04.00	Feiti og olía úr fiski.
15.05.00	Ullarfeiti.
15.06.00	Önnur feiti.
15.07.81	Sojabaunaolía.
15.07.82	Baðmullarfræsolía.
15.07.83	Jarðhnetuolía.
15.07.84	Olívuolía.
15.07.85	Sólrósarolía.
15.07.86	Rapsolía o. fl.
15.07.87	Línolía.
15.07.88	Pálmaolía.
15.07.89	Kókosolía.
15.07.91	Pálmakjarnaolía.
15.07.92	Rísinusolía.
15.07.93	Önnur.
15.08.01	Línolía.
15.08.09	Önnur.
15.09.00	Degras.
15.10.11	Sterín.
15.10.19	Aðrar.
15.10.20	Feitialkóhól.
15.11.00	Glyseról.
15.12.01	Sojabaunaolía.
15.12.02	Baðmullarfræsolía.
15.12.03	Aðrar.
15.12.09	Olíur úr dýraríkinu.
15.14.00	Spermacet.
15.15.00	Vax.
15.16.00	Vax úr jurtaríkinu.
15.17.00	Leifar frá hreinsun á feiti o. þ. h.
17.01.10	Óhreinsaður sykur.
17.01.21	Molasykur í smásöluumbúðum.
17.01.22	Molasykur í umb. meira en 5 kg.
17.01.23	Strásykur í smásöluumbúðum.
17.01.24	Strásykur í umb. meira en 5 kg.
17.01.25	Púðursykur.
17.01.26	Sallasykur.
17.01.27	Steinsykur.
17.01.29	Annar.
17.02.01	Drúfusykur.
17.02.02	Hunangslíki.
17.02.03	Síróp.
17.02.04	Litarefni.
17.02.09	Annað.
17.03.01	Melassi til fóðurs.
17.03.09	Annað.

Tollskr.nr.	Vörutegund
17.04.02	Möndlumassi og persipan.
17.05.00	Sykur, síróp og melassi með bragð og litarefnum.
18.01.00	Kakaóbaunir.
18.02.00	Kakaóhýði og úrgangur.
18.03.00	Kakaódeig.
18.04.00	Kakaósmjör.
18.05.01	Kakaóduft ósykrað, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
18.05.09	Annað.
19.01.00	Maltextrakt.
19.04.01	Tapiókagrjón og sagógrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna.
20.07.01	Ávaxta- og grænmetissafi í 50 kg umbúðum og stærri.
21.06.01	Ger.
21.06.02	Bökunarduft.
23.01.00	Mjöl og duft úr kjöti o. fl.
23.02.00	Klíð.
23.03.00	Sykurmelassi.
23.04.00	Olíukökur.
23.05.00	Víndreggjar.
23.06.00	Jurtaefni hæf til skepnufóðurs.
23.07.00	Blandað skepnufóður.
25.01.02	Fóðursalt.
25.01.09	Annað.
25.02.00	Brennisteinskís.
25.03.00	Brennisteinn.
25.04.00	Grafít.
25.05.00	Sandur.
25.06.00	Kvarz.
25.07.00	Leir.
25.08.00	Krít.
25.09.00	Jarðlitir.
25.10.00	Kalsíum o. þ. h. til áburðar, kalsíumalúmínfosföt.
25.11.00	Baríumsúlfat o. fl.
25.12.01	Kísilgúr.
25.12.09	Annað.
25.13.01	Vikursteinn.
25.13.09	Annað.
25.14.00	Flögusteinn.
25.15.00	Marmari.
25.16.00	Granít o. fl.
25.17.00	Smásteinar o. fl.
25.18.00	Dólómít.
25.19.00	Magnesíumkarbónat.
25.20.01	Gips, óunnið.
25.20.09	Annað.
25.21.01	Kalkáburður.

Tollskr.nr.	Vörutegund
25.21.09	Annað.
25.22.01	Kalk, leskjað.
25.22.09	Annað.
25.25.00	Merskúm o. fl.
25.26.00	Gljásteinn.
25.27.00	Steatít, talk.
25.28.00	Krýólít, chiolít.
25.29.00	Arsenúlfíð.
25.30.00	Bóröt, bórsýra.
25.31.00	Feldspat.
25.32.00	Strontíumkarbónat, jarðefni.
26.01.81	Járngrýti.
26.01.82	Brennisteinskís.
26.01.83	Kopargrýti.
26.01.84	Nikkilgrýti.
26.01.85	Alumíngrýti.
26.01.86	Blýgrýti.
26.01.87	Zinkgrýti.
26.01.88	Tingrýti.
26.01.89	Mangangrýti.
26.01.91	Krómgrýti.
26.01.92	Wolframgrýti.
26.01.93	Títangrýti, vanadín-, molybden-, tantal- og zirkongrýti.
26.01.94	Málmgrýti, annað.
26.01.95	Jarðefnasambönd silfurs, platínu.
26.01.96	Úraníum- og thóríumgrýti.
26.01.97	Gull.
26.02.00	Gjall.
26.03.00	Aska.
26.04.00	Annað gjall, aska.
27.01.10	Steinkol.
27.01.20	Steinkolatöflur.
27.02.00	Brúnkol og brúnkolatöflur.
27.03.00	Mór.
27.04.00	Koks.
27.05.00	Gaskoks.
27.06.00	(Jarðtjara) netjatjara.
27.07.00	Olíur.
27.08.10	Jarðtjörubik.
27.08.20	Bikkoks.
27.09.00	Jarðolíur óhreinsaðar.
27.10.10	Jarðolía, hreinsuð, bensín.
27.10.21	Flugvélabensín.
27.10.29	Annað bensín.
27.10.31	Steinolía, hreinsuð.
27.10.32	Þotueldsneyti.
27.10.33	Lakkbensín.
27.10.39	Annað.
27.10.40	Gasolía.

Tollskr.nr.	Vörutegund
27.10.50	Brennsluolía.
27.10.60	Smurningsolía.
27.10.71	Ryðvarnarefni.
27.10.79	Annað.
27.11.01	Gas.
27.11.09	Annað.
27.12.00	Vaselín.
27.13.00	Parafín og vaxtegundir.
27.14.10	Jarðolíukoks.
27.14.20	Annað.
27.15.00	Bítúmen og asfalt.
27.16.00	Bítúmenblöndur.
27.17.00	Rafmagn.
28.01.10	Klór.
28.01.20	Annað.
28.02.00	Brennisteinn, þurreimdur.
28.03.00	Kolefni.
28.04.10	Súrefni.
28.04.20	Köfnunarefni.
28.04.30	Vatnsefni.
28.04.40	Annað.
28.05.10	Kvikasilfur.
28.05.20	Annað.
28.06.00	Saltsýra og klórsúlfónsýra.
28.07.00	Brennisteinsdíoxíd.
28.08.00	Brennisteinssýra.
28.09.00	Saltpéturssýra, níteringssýra.
28.10.00	Fosfórpentoxyd og fosfórsýra.
28.11.00	Arsentríoxyd og arsensýrur.
28.12.00	Bóroxyd og bórsýra.
28.13.01	Kolsýra.
28.13.02	Brennisteinstríoxyd.
28.13.09	Annað.
28.14.00	Halogeníd.
28.15.00	Súlfíd málmleysingja.
28.16.00	Ammoníak.
28.17.10	Vítissódi.
28.17.21	Kalíumhydroxyd.
28.17.29	Peroxyd.
28.18.00	Oxyd, hydroxyd, peroxyd.
28.19.00	Zinkoxyd og zinkperoxyd.
28.20.10	Alumínoxyd.
28.20.20	Kórundum.
28.21.00	Krómoxyd og krómhydroxyd.
28.22.00	Manganoxyd.
28.23.00	Járnoxyd og járnhydroxyd.
28.24.00	Kóbaltoxyd og kóbalthydroxyd.
28.25.00	Títanoxyd.
28.26.00	Tinoxyd.
28.27.00	Blýmenja.

Tollskr.nr.	Vörutegund
28.28.00	Hýdrazín o. fl.
28.29.00	Flúoríd o. fl.
28.30.01	Kalsíumklórid.
28.30.09	Annað.
28.31.00	Klórit og hýpóklórit.
28.32.00	Klóröt og perklóröt.
28.33.00	Brómíd o. fl.
28.34.00	Jódíd o. fl.
28.35.00	Súlfíd.
28.36.00	Díthíonít o. fl.
28.37.00	Súlfít o. fl.
28.38.00	Súlföt o. fl.
28.39.01	Natríum nítrit.
28.39.09	Annað.
28.40.00	Fosfit o. fl.
28.41.00	Arsenit o. fl.
28.42.10	(Karbónöt o. fl.) natríumkarbónat (sódi).
28.42.20	Önnur.
28.43.00	Cyaníd o. fl.
28.44.00	Fúlmínöt o. fl.
28.45.00	Sílíköt.
28.46.00	Bóröt o. fl.
28.47.00	Sölt málmsýrna.
28.48.00	Önnur málmsölt o. fl.
28.49.00	Hlaupkenndir góðmálmar o. fl.
28.50.00	Kljúfanleg kemisk frumefni og ísótópar o. fl.
28.51.00	Ísótópar.
28.52.00	Ólífræn eða lífræn (efni) sambönd, thóríums, úraníums.
28.53.00	Fljótandi andrúmsloft o. fl.
28.54.00	Vatnsefnisperoxyd.
28.55.00	Fosfíd.
28.56.10	Kalsíumkarbíd .
28.56.20	Annað.
28.57.00	Hydríd o. fl.
28.58.00	Önnur ólífræn sambönd og amalgöm.
29.01.10	Styren.
29.01.21	Acetylen.
29.01.22	Karbónhydríd.
29.01.29	Önnur.
29.02.00	Halógenderivatar karbónhydrída.
29.03.00	Súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar karbonhydrída.
29.04.10	Metanól.
29.04.29	Annað.
29.05.00	Hringliða alkóhól.
29.06.00	Fenól og fenólalkóhól.
29.07.00	Halógen-, súlfó-, nítró- nítrósóderivatar fenóla.
29.08.00	Eter o. fl.
29.09.00	Epoxyd o. fl.
29.10.00	Acetöl og hemiacetöl o. fl.
29.11.01	Formaldehyd og formalín.

Tollskr.nr.	Vörutegund
29.11.09	Annað.
29.12.00	Halógen-, súlfó-, nítró- og nítrósóderivatar í nr. 29.11.01/09.
29.13.00	Keton o. fl.
29.14.01	Ediksýra o. fl.
29.14.02	Maurasýra.
29.14.09	Annað.
29.15.00	Tví- eða margbasiskar sýrur o. fl.
29.16.00	Alkóhólsýrur o. fl.
29.17.00	Ester brennisteinssýru o. fl.
29.18.00	Ester saltpéturssýrlings o. fl.
29.19.00	Ester fosfórsýru o. fl.
29.20.00	Ester kolsýru o. fl.
29.21.00	Ester annarra ólífrænna sýrna o. fl.
29.22.00	Amín.
29.23.00	Amín.
29.24.00	Kvarterner ammóníumsölt o. fl.
29.25.00	Amíd.
29.26.00	Imíd og imín.
29.27.00	Nítril.
29.28.00	Diazó, azó o. fl.
29.29.00	Lífrænir derivatar af hydrazíni og hydroxylamíni.
29.30.00	Sambönd með annars konar atómhópum úr köfnunarefni.
29.31.00	Lífræn brennisteinssambönd.
29.32.00	Lífræn arsensambönd.
29.33.00	Lífræn kvikasilfursambönd.
29.34.00	Önnur ólífræn, lífræn sambönd.
29.35.00	Mishringliða sambönd, núkleinsýrur.
29.36.00	Súlfónamíd.
29.37.00	Súltón og súltöm.
29.38.00	Próvítamín o. fl.
29.39.00	Hormón o. fl.
29.40.01	Ostahleypir.
29.40.09	Enzym.
29.41.00	Glykósíd o. fl.
29.42.00	Jurtaalkóíd o. fl.
29.43.00	Sykur, kemískt hreinn o. fl.
29.44.00	Antibíótika.
29.45.00	Önnur lífræn sambönd.
30.01.00	Kirtlar o. fl. til lækninga.
30.02.00	Antísera o. fl.
30.03.09	Annað.
30.04.00	Vatt, bindi o. fl.
30.05.00	Annað.
31.01.00	Gúanó o. fl. þ. h.
31.02.10	Natríumnítrat.
31.02.21	Kalkammonsaltpétur.
31.02.22	Kalksaltpétur.
31.02.23	Tröllamjöl.
31.02.29	Annað.

Tollskr.nr.	Vörutegund
31.03.10	Tómasgjall.
31.03.21	Súperfosfat.
31.03.29	Annað.
31.04.10	Kalísölt, óhreinsuð.
31.04.21	Kalíumklóríd.
31.04.22	Kalíumsúlfat.
31.04.29	Annað.
31.05.01	Nítróphoska.
31.05.02	Áburður í smásöluumb. 10 kg eða minni.
31.05.09	Annað.
32.01.00	Sútunarefnaextraktar.
32.02.00	Sútunarsýrur o. fl.
32.03.00	Tilbúin sútunarefni o. fl.
32.04.00	Litarefni úr jurta- eða dýraríkinu (þó ekki indigó).
32.05.00	Litarefni o. fl.
32.07.00	Önnur litarefni.
32.08.00	Tilreidd pigment o. fl.
32.09.01	Blakkfernis.
32.09.02	Prentþynnur.
32.09.03	Áldeig.
32.09.04	Bæs.
32.13.10	Prentlitir.
33.01.00	Rokgjarnar olíur.
33.02.00	Terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum.
33.03.00	Konsentröt af rokgjörnum olíum.
33.04.01	Bragðbætandi efni til iðnaðar.
33.04.02	Ilmefni til iðnaðar.
33.04.03	Bökunardropar.
33.04.09	Annað.
33.05.00	Vatn frá eimingu rokgjarnra olía.
34.02.01	Anionvirk efni.
34.02.02	Ekki ion-virk efni.
34.02.03	Kationvirk efni.
34.02.04	Önnur.
35.01.00	Kasein o. fl.
35.02.00	Albúmín o. fl.
35.03.01	(Gelatín) lím annað en matarlím.
35.03.09	Annað.
35.04.00	Pepton o. fl.
35.05.00	Dextrín o. fl.
35.06.09	Annað.
37.01.01	Röntgenfilmur og -plötur, ólýstar.
37.01.02	Blaðfilmur og plötur.
37.01.09	Aðrar.
38.01.00	Tilbúið grafít.
38.02.00	Dýrakol.

Tollskr.nr.	Vörutegund
38.03.00	Ávirk kol o. fl. þ. h.
38.04.00	Gasvatn og notaður gashreinsunarleir
38.05.00	Tallolía.
38.06.00	Súlfitlútur.
38.07.00	Terpentínuolía o. fl.
38.08.00	Kólófónium o. fl.
38.09.01	Metanól óhreinsað.
38.09.02	Acetónolía.
38.09.09	Annað.
38.10.00	Bik o. fl.
38.11.00	Sótthreinandi efni, efni til varnar eða útrýmingar á skordýrum, illgresi o. þ. h.
38.12.00	Steining, bæs o. fl. til iðnaðar.
38.13.01	Lóðningar- og logsuðuefni.
38.13.09	Annað.
38.14.00	Efni til varnar banki í vélum o. fl.
38.15.00	Efni til hvatningar vúlkaniseringar.
38.16.00	Efni til ræktunar smáverugróðurs.
38.17.00	Eldslökkvandi efni.
38.18.00	Blönduð upplausnarefni og þynnar.
38.19.12	Steinefnablöndur til vegamerkinga.
38.19.13	Sementssteypuþéttiefni.
38.19.14	Kol til kolburstagerðar.
38.19.15	Prófefni og hitakeilur.
38.19.16	Hvatar til iðnaðar.
38.19.17	Naftanöt.
38.19.18	Efnisvörur til sútunar.
38.19.19	Annað.
38.19.20	Eldfast lím og mörtel.
39.01.01	Plastplötur, báraðar.
39.01.02	Upplausnir óunnar o. fl.
39.01.03	Prófílar, pípur, þræðir.
39.01.04	Harðplastplötur.
39.01.05	Blöð, þynnur o. fl.
39.01.07	Einþáttungar (monofilament).
39.01.08	Blöð, þynnur o. fl.
39.01.09	Annað.
39.02.77	Polyethylen.
39.02.78	Polystyren.
39.02.79	Annað.
39.02.83	Prófílar, pípur, þræðir.
39.02.85	Blöð, þynnur o. fl.
39.02.88	Plötur til myndamótagerðar.
39.02.91	Einþáttungar (monofilament).
39.02.94	Blöð, þynnur o. fl.
39.02.95	Pípur og slöngur fyrir háþrýsting.
39.02.99	Annað.
39.03.10	Vúlkanfiber.
39.03.22	Upplausnir óunnar o. fl.
39.03.23	Prófílar, pípur, þræðir.

Tollskr.nr.	Vörutegund
39.03.25	Blöð, þynnur o. fl.
39.03.27	Einþáttungar (monofilament).
39.03.29	Annað.
39.04.01	Upplausnir óunnar o. fl.
39.04.02	Prófílar, pípur, þræðir.
39.04.03	Blöð, þynnur o. fl.
39.04.04	Einþáttungar (monofilament).
39.04.09	Annað.
39.05.01	Upplausnir óunnar o. fl.
39.05.02	Prófílar, pípur, þræðir.
39.05.03	Blöð, þynnur o. fl.
39.05.05	Einþáttungar (monofilament).
39.05.09	Annað.
39.06.01	Upplausnir óunnar o. fl.
39.06.02	Prófílar, pípur, þræðir.
39.06.03	Blöð, þynnur o. fl.
39.06.09	Annað.
39.07.31	Netjakúlur o. fl. þ. h.
39.07.32	Fiskkassar, fiskkörfur, línubalar.
39.07.33	Lóðabelgir.
39.07.34	Vörur til hjúkrunar og lækninga.
39.07.35	Björgunar- og slysavarnartæki.
39.07.36	Mjólkurbrúsar 10 l. og stærri.
39.07.37	Pípuhlutar (fittings) svo og pípu- og vélaþéttingar o. fl. til véla.
39.07.41	Geymar, kör og önnur stór ílát.
39.07.46	Umbúðakassar úr plasti.
39.07.48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar, hettur og blómapottar svo og brúsar ót. a.
39.07.51	Vörur til skipa.
39.07.53	Pokar.
39.07.67	Mjólkurumbúðir.
39.07.72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker.
39.07.76	Töskuhandföng.
40.01.01	Latex.
40.01.02	Plötur til skósólagerðar.
40.01.09	Annað.
40.02.01	Gervilatex.
40.02.09	Annað.
40.03.00	Endurunnið gúmmí.
40.04.00	Úrgangur af gúmmíi.
40.05.01	Plötur til skógerðar.
40.05.09	Annað.
40.06.00	Óvúlkaníserað gúmmí eða gervigúmmí o. fl.
40.07.00	Þræðir og snúrur úr toggúmmíi o. fl.
40.08.01	Plötur, þynnur o. fl. úr svampgúmmíi til skósólagerðar.
40.08.02	Annað svampgúmmí.
40.08.04	Stengur, prófílar o. fl.
40.09.01	Pípur og slöngur.
40.09.09	Aðrar.
40.10.00	Vélareimar og færibönd.

Tollskr.nr.	Vörutegund
40.11.01	Hjólbarðar, nýir.
40.11.02	Hjólbarðar, notaðir.
40.11.03	Hjólbarðar á flugvélar.
40.11.09	Annað.
40.12.00	Vörur til lækninga.
40.14.01	Bobbingar og trollpokahlífar.
40.14.02	Björgunartæki.
40.14.03	Burstahausar.
40.14.04	Vélaþéttingar og þéttilistar.
40.14.05	Vörur til tækninota.
40.14.07	Vörur til skipa.
40.15.00	Harðgúmmí.
40.16.01	Harðgúmmí til lækninga og hjúkrunar.
41.01.11	Nautshúðir, óunnar.
41.01.19	Aðrar.
41.01.20	Kálfsskinn.
41.01.30	Geitaskinn.
41.01.40	Sauðskinn með ull.
41.01.50	Sauðskinn ullarlaus.
41.01.60	Aðrar húðir, skinn.
41.02.10	Kálfsleður.
41.02.21	Leður í sóla.
41.02.29	Annað.
41.03.00	Leður úr sauð- og lambskinnum.
41.04.00	Leður úr geitar- og kiðlingaskinnum.
41.05.01	Svínsleður.
41.05.09	Leður ót. a.
41.06.00	Þvottaskinn.
41.07.00	Pergament.
41.08.00	Lakkleður o. fl.
41.09.00	Afklippur frá leðri og þ. h.
41.10.00	Leðurlíki.
44.03.10	Trjábolir til framleiðslu á viðarslípi.
44.03.20	Trjábolir af barrtrjám til framl.
44.03.30	Trjábolir af öðrum trjátegundum en barrtrjám til framl.
44.03.40	Námustoðir.
44.03.51.	Staurar og spírur í fisktrönur.
44.03.52	Girðingastaurar.
44.03.53	Síma- og rafmagnsstaurar.
44.03.59	Annað.
44.04.10	Trjábolir af barrtrjám.
44.04.20	Trjábolir af öðrum trjátegundum.
44.05.11	Þilfarsplankar.
44.05.19	Annar trjáviður úr barrtrjám.
44.05.21	Trjáviður úr eik.
44.05.22	Trjáviður úr beyki.
44.05.23	Trjáviður úr birki og hlyni.
44.05.24	Trjáviður úr rauðviði.
44.05.25	Trjáviður úr teakviði.

Tollskr.nr.	Vörutegund
44.05.29	Trjáviður úr öðrum trjátegundum.
44.08.00	Trjáviður í tunnustafi, tunnustafir.
44.09.01	Trjáviður, tunnubönd.
44.09.09	Annað.
44.10.00	Trjáviður í göngustafi o. fl.
44.11.00	Tréþráður, eldspýtnaefni, trépinnar í skó.
44.13.11	Þilfarsplankar.
44.13.19	Annar trjáviður úr barrtrjám.
44.14.00	Viður sagaður, skorinn eða flagaður í spónaþynnur.
44.15.00	Krossviður.
44.18.00	Gervitrjáviður úr spónum.
44.19.00	Ramma- og húsgagnalistar.
44.22.01	Tunnur.
44.22.09	Annað.
44.25.01	Burstatré.
44.25.02	Skósmíðaleistar.
44.28 81	Botnvörpuhlerar og bobbingar.
44.28.84	Árar.
44.28.85	Stýrishjól.
44.28.86	Hnakkvirki og aktygjaklafar.
45.02.00	Korkur í stykkjum, plötum o. þ. h.
45.03.01	Netja- og nótakorkur.
45.03.02	Björgunaráhöld.
45.04.01	Korkvörur til skógerðar.
45.04.03	Vélaþéttingar, pípur o. þ. h. úr korki.
45.04.05	Korkur í flöskuhettur.
46.01.00	Fléttur.
46.03.01	Fiskkörfur og kolakörfur.
46.03.02	Töskuhöldur úr fléttiefnum.
47.01.10	Viðarslíp.
47.01.20	Pappírsmassi úr öðru en trjáviði.
47.01.30	Viðarmassi.
47.01.40	Sóda- og súlfatviðarmassi, óbleiktur.
47.01.50	Sóda- og súlfatviðarmassi, bleiktur.
47.01.60	Súlfitviðarmassi, óbleiktur.
47.01.70	Súlfitviðarmassi, bleiktur.
47.01.80	Viðarmassi, hálfkemískur.
47.02.00	Úrgangspappír og úrgangspappi.
48.01.10	Dagblaðapappír.
48.01.20	Prent- og skrifpappír.
48.01.30	Kraftpappír og kraftpappi.
48.01.51	Bókbandspappi.
48.01.52	Umbúðapappír, venjulegur.
48.02.00	Handgerður pappír og pappi.
48.03.01	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír.
48.03.09	Annað.
48.04.00	Pappír og pappi í rúllum eða örkum.

	Tollskr.nr.	Vörutegund
	48.05.01	Bylgjupappír og bylgjupappi.
	48.05.02	Pappi og pappír, mynstraður eða upphleyptur.
	48.05.09	Annað.
	48.06.00	Pappír og pappi, línustrikað eða krossstrikað í rúllum eða örkum.
Úr	48.07.10	Glattaður pappír, myndapappír, NCR-pappír.
	48.07.81	Pappaumbúðir um mjólk.
	48.07.82	Pappír og pappi, vaxborinn eða plastborinn.
	48.07.88	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk.
	48.07.92	Pappi til myndamótagerðar.
	48.07.93	Efni í vélaþéttingar.
	48.08.00	Síublökkir, þynnur og plötur úr pappírsmassa.
	48.09.00	Byggingarplötur.
	48.15.01	Límbönd.
	48.16.01	Pappakassar og öskjur.
	48.16.02	Pappírspokar til umbúða um kartöflur, sement og áburð.
	48.16.06	Pappakassar utan um útflutningsvörur.
	48.16.07	Pappírspokar utan um útflutningsvörur.
	48.19.02	Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir.
	48.21.01	Pípur og vélaþéttingar.
	48.21.02	Spjöld.
	48.21.05	Pappír í dýptarmæla.
	49.01.09	Prentaðar bækur, bæklingar á erlendu máli.
	49.05.01	Landabréf, sjókort.
	49.05.02	Önnur landabréf, sjókort.
	49.05.03	Jarðlíkön og himinmyndarlíkön.
	49.06.00	Bygginga- og vélauppdrættir o. fl. þ. h.
	50.01.00	Silkiormahjúpar.
	50.02.00	Silki, óspunnið.
	50.03.00	Úrgangur silkis.
	50.04.00	Garn úr silki.
	50.05.00	Garn úr chappe-silki.
	50.06.00	Garn úr bourette-silki.
	50.07.00	Garn úr silki.
	50.08.00	Silkiormaspuni.
	50.09.00	Vefnaður úr silki.
	50.10.00	Vefnaður úr bourette-silki.
	51.01.11	Garn til veiðarfæragerðar.
	51.01.19	Annað.
	51.01.20	Garn úr uppkembdum trefjum.
	51.02.11	Eingirni til veiðarfæragerðar.
	51.02.19	Annað.
	51.02.20	Einþáttungar úr uppkembdum trefjum.
	51.03.10	Garn úr syntetískum trefjum.
	51.03.20	Garn úr uppkembdum trefjum.
	51.04.11	Grófur einskeftur vefnaður.
	51.04.19	Annað.
	51.04.20	Vefnaður úr uppkembdum trefjum.

Tollskr.nr.	Vörutegund
52.01.00	Málmgarn.
52.02.00	Vefnaður úr málmþræði.
53.01.10	Ull, hvorki kembd né greidd.
53.01.20	Önnur ull.
53.02.10	Fíngerð hár.
53.02.20	Grófgerð hár.
53.03.00	Úrgangur úr ull og öðru dýrahári, ekki tættur eða kembdur.
53.04.00	Úrgangur úr ull og öðru dýrahári, tættur eða kembdur.
53.05.10	Ull og annað dýrahár, kembt eða greitt.
53.05.20	Lopadiskar úr ull.
53.06.01	Garn úr ull.
53.06.09	Annað.
53.07.01	Kambgarn úr ull.
53.07.09	Annað.
53.08.00	Garn úr fíngerðu dýrahári.
53.09.00	Garn úr hrosshári og öðru grófgerðu dýrahári.
53.10.00	Garn úr ull, hrosshári eða öðru dýrahári.
53.11.00	Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári.
53.12.00	Vefnaður úr grófgerðu dýrahári.
53.13.00	Vefnaður úr hrosshári.
54.01.00	Hör, óunninn o. fl.
54.02.00	Ramí, óunnið o. fl.
54.03.01	Eingirni til veiðarfæragerðar.
54.03.09	Annað.
54.05.01	Segl- og presenningsdúkur.
54.05.02	Vefnaður úr hör eða ramí.
54.05.09	Annað.
55.01.00	Baðmull, hvorki kembd né greidd.
55.02.00	Baðmullarlínters.
55.03.01	Vélatvistur.
55.03.09	Annar.
55.04.00	Baðmull, kembd eða greidd.
55.05.10	Garn úr baðmull, óbleikt og ómerсað.
55.05.20	Annað.
55.06.01	Tvinni.
55.06.09	Annað baðmullargarn.
55.07.10	Snúðofin baðmullarefni, óbleikt.
55.07.20	Önnur.
55.08.10	Frottéefni, óbleikt.
55.08.20	Önnur.
55.09.11	Segl- og presenningsdúkur.
55.09.12	Segl- og presenningsdúkur.
55.09.19	Annað.
55.09.21	Segl- og presenningsdúkur.
55.09.22	Segl- og presenningsdúkur.
55.09.23	Baðmullarvefnaður, einlitaður og ómynstraður.
55.09.29	Annað.

Tollskr.nr.	Vörutegund
56.01.10	Úr syntetískum trefjum.
56.01.20	Úr uppkembdum trefjum.
56.02.10	Vöndlar úr syntetískum trefjum.
56.02.20	Vöndlar úr uppkembdum trefjum.
56.03.00	Úrgangur úr stuttum tilbúnum trefjum.
56.04.10	Syntetískar trefjar.
56.04.20	Uppkembdar trefjar.
56.05.11	Garn til veiðarfæragerðar.
56.05.19	Annað.
56.05.20	Úr stuttum uppkembdum trefjum.
56.06.10	Garn úr syntetískum trefjum.
56.06.20	Garn úr uppkembdum trefjum.
56.07.10	Vefnaður úr syntetískum trefjum.
56.07.20	Vefnaður úr uppkembdum trefjum.
57.01.00	Hampur, óunninn eða tilreiddur.
57.02.00	Manilahampur, óunninn eða tilreiddur.
57.03.00	Júta, óunnin eða tilreidd.
57.04.10	Trefjar úr sísalhampi o. fl.
57.04.21	Húsgagnatróð í plötum.
57.04.29	Annað.
57.05.01	Eingirni til veiðarfæragerðar úr hampi.
57.05.09	Annað.
57.06.00	Garn úr jútu.
57.07.01	Eingirni til veiðarfæragerðar úr öðrum spunaefnum.
57.07.09	Annað.
57.08.00	Pappírsgarn.
57.09.01	Umbúðastrigi úr hampi.
57.09.09	Annar.
57.10.01	Umbúðastrigi úr jútu.
57.10.09	Annar.
57.11.00	Vefnaður úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu.
57.12.00	Vefnaður úr pappírsgarni.
58.04.11	Molskinn.
58.04.19	Annar flauel-, flos- og chenillevefnaður.
58.04.20	Flauel-, flos- og chenillevefnaður úr silki.
58.04.30	Flauel-, flos- og chenillevefnaður úr ull.
58.04.40	Flauel-, flos- og chenillevefnaður úr syntískum trefjum.
58.04.50	Flauel-, flos- og chenillevefnaður úr uppkembdum trefjum.
58.04.60	Annar flauel-, flos- og chenillevefnaður.
58.05.00	Ofin bönd.
58.07.01	Chenillegarn, yfirspunnið garn.
58.07.02	Garn og kaðlar úr syntetískum trefjum til veiðarfæragerðar.
58.07.03	Netateinar.
58.07.09	Annað chenillegarn, yfirspunnið garn o. fl.
58.08.01	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr tyll.
58.08.09	Annað tyll og netaefni, ómynstrað.
58.09.00	Tyll og annað netaefni, mynstrað o. fl.
59.03.01	Trefjadúkur.

Tollskr.nr.	Vörutegund
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða.
59.04.02	Kaðlar.
59.04.04	Seglgarn.
59.04.05	Garn úr syntetískum efnum til veiðarfæragerðar.
59.04.09	Annað.
59.05.01	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr gerviefnum.
59.05.02	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum efnum en gerviefnum.
59.05.09	Önnur net.
59.06.01	Spyrðubönd.
59.06.03	Öngultaumar.
59.07.01	Bókbandsléreft, listmálunarléreft, skóstrigi o. fl. þ. h.
59.07.09	Annað.
59.08.01	Presenningsdúkur.
59.08.02	Bókbandsléreft.
59.08.03	Límbönd til einangrunar eða umbúða.
59.08.09	Annað.
59.09.01	Presenningsdúkur.
59.09.02	Einangrunarbönd.
59.09.09	Annað.
59.11.01	Sjúkradúkur.
59.11.02	Einangrunarbönd.
59.11.09	Annað.
59.12.00	Spunavörur gegndreyptar eða húðaðar á annan hátt.
59.13.00	Teygjanleg efni.
59.14.00	Kveikir úr spunatrefjum o. fl.
59.15.00	Vatnsslöngur og aðrar svipaðar slöngur úr spunatrefjum.
59.16.00	Drifreimar og færi- eða lyftubönd.
59.17.00	Spunaefni og vörur úr spunatrefjum.
60.01.01	Prjónavoð og heklvoð úr silki eða gerviþráðum.
60.01.02	Prjónavoð og heklvoð úr ull.
60.01.03	Prjónavoð og heklvoð úr baðmull.
60.01.04	Hringprjónuð grisja til umbúða um kjöt.
60.01.09	Önnur prjóna- og heklvoð.
60.05.01	Kjötpokar.
60.05.02	Földuð vara í metramáli.
60.06.03	Prjóna- og heklvoð.
62.03.01	Kjötpokar úr spunaefnum.
62.03.02	Sekkir og pokar úr jútu.
62.03.09	Aðrir.
62.04.01	Presenningar og segl.
62.05.02	Björgunar- og slysavarnatæki.
64.01.01	Vaðstígvél með lágum hæl.
Úr 64.02.02	Skóhlífar.
64.05.01	Yfirhlutar af skófatnaði.
64.05.09	Aðrir.
65.01.00	Hattaefni úr flóka.
65.02.00	Hattaefni, fléttuð.

Tollskr.nr.	Vörutegund
65.06.01	Hlífðarhjálmar.
65.07.00	Svitagjarðir o. fl.
66.03.00	Hlutar og útbúnaður og fylgihlutar með regnhlífum, göngustöfum o. fl.
68.13.01	Vélaþéttingar úr asbesti.
70.01.00	Glerbrot og annar glerúrgangur, glermassi.
70.02.00	Glerungur og smelt í massa, slöngum eða pípum.
70.03.00	Gler í kúlum, slöngum eða pípum, óunnið.
70.04.00	Óunnið steypt eða valsað gler.
70.05.00	Óunnið teygt eða blásið gler.
70.06.00	Steypt, valsað, teygt eða blásið gler.
70.08.00	Öryggisgler.
70.10.01	Öl- og gosdrykkjaflöskur.
70.14.03	Luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki.
70.14.04	Gler fyrir götuljósker.
70.14.05	Gler fyrir duflaljósker.
70.16.00	Steinar, flögur, hellur o. fl. úr pressuðu eða mótuðu gleri.
70.17.01	Glerlyfjahylki.
70.17.09	Annað.
70.18.00	Optískt gler og vörur úr því.
70.20.10	Garn úr glertrefjum.
70.20.20	Vefnaður úr glertrefjum.
70.21.01	Netjakúlur.
71.05.00	Silfur, óunnið eða hálfunnið.
71.06.00	Silfurplett, óunnið eða hálfunnið.
71.07.10	Gullstengur, óunnar eða hálfunnar.
71.07.20	Annað.
71.08.00	Óeðlir málmar og silfur, með gullhúð, óunnið eða hálfunnið.
71.09.00	Platína, óunnin eða hálfunnin.
71.10.00	Óeðlir málmar og góðmálmar með platínuhúð, óunnir eða hálfunnir.
71.11.10	Góðmálmsúrgangur úr silfri eða platínu.
71.11.20	Góðmálmsúrgangur úr gulli.
73.01.10	Spegiljárn.
73.01.20	Annað.
73.02.10	Ferrómangan.
73.02.20	Annað.
73.03.00	Úrgangur og brot af járni eða stáli.
73.04.00	Kornað járn eða stál, vírkúlur.
73.05.10	Járn- eða stálduft.
73.05.20	Járn- eða stálsvampur.
73.06.10	Hnoðuð járn- og stálstykki o. þ. h.
73.06.20	Steypt hrájárn og stálstykki.
73.07.00	Gjallfrítt hrájárn o. fl.
73.08.00	Plötuefni í rúllum, úr járni eða stáli.
73.09.00	Alhæfiplötur úr járni eða stáli.
73.10.11	Vír til framleiðslu á naglavír.

Tollskr.nr.	Vörutegund
73.10.12	Steypustyrktarjárn.
73.10.13	Valsaður vír.
73.10.19	Annað.
73.10.21	Steypustyrktarjárn.
73.10.23	Jarðborspípur úr stáli.
73.10.29	Annað.
73.11.10	Prófíljárn og -stál, þilstál.
73.11.20	Annað.
73.12.00	Bönd úr járni eða stáli.
73.13.10	Þynnur og plötur úr járni eða stáli.
73.13.20	Þynnur og plötur úr járni eða stáli.
73.13.30	Þynnur og plötur úr járni eða stáli.
73.13.40	Þynnur og plötur úr járni eða stáli tinaðar og ótinaðar.
73.13.59	Aðrar.
73.14.01	Logsuðuvír.
73.14.02	Vír, 6 mm og grennri.
73.14.09	Annað.
73.15.61	Hrásteypa úr kolefnisríku stáli.
73.15.62	Hrásteypa úr stállegeringum.
73.15.63	Gjallfrí hrásteypa o. þ. h. úr kolefnisríku stáli.
73.15.64	Gjallfrí hrásteypa o. þ. h. úr stállegeringum.
73.15.65	Plötuefni í rúllum úr kolefnisríku stáli.
73.15.66	Plötuefni í rúllum úr stállegeringum.
73.15.67	Vírstengur úr kolefnisríku stáli.
73.15.68	Vírstengur úr stállegeringum.
73.15.69	Stangajárn og jarðborspípur úr kolefnisríku stáli
73.15.71	Stangajárn og jarðborspípur úr stállegeringum.
73.15.72	Prófíljárn og þil úr kolefnisríku stáli.
73.15.73	Prófíljárn og þil úr stállegeringum.
73.15.74	Prófíljárn úr kolefnisríku stáli.
73.15.75	Prófíljárn úr stállegeringum.
73.15.76	Plötur og þynnur og alhæfiplötur úr kolefnisríku stáli.
73.15.77	Plötur og þynnur og alhæfiplötur úr stállegeringum.
73.15.78	Plötur og þynnur úr kolefnisríku stáli.
73.15.79	Plötur og þynnur úr stállegeringum.
73.15.81	Plötur og þynnur úr kolefnisríku stáli.
73.15.82	Plötur og þynnur úr stállegeringum.
73.15.83	Plötur og þynnur úr kolefnisríku stáli.
73.15.84	Plötur og þynnur úr stállegeringum.
73.15.85	Bandaefni úr kolefnisríku stáli.
73.15.86	Bandaefni úr stállegeringum.
73.15.87	Vír úr kolefnisríku stáli.
73.15.88	Vír úr stállegeringum.
73.16.10	Teinar úr járni eða stáli fyrir járnbrautir og sporvagna.
73.16.20	Annað.
73.17.00	Pípur úr steypujárni.
73.18.10	Efni í pípur.
73.18.21	Saumlausar pípur til smíða.
73.18.29	Annað.
73.18.31	Pípur til smíða.

Tollskr.nr.	Vörutegund
73.18.32	Pípur til raflagna.
73.18.39	Annað.
73.19.00	Háþrýstileiðslur úr stáli.
73.20.00	Pípuhlutar (fittings) úr járni eða stáli.
73.21.09	Mannvirki (t. d. skemmur, brýr og brúarhlutar).
73.22.01	Tankar fyrir mjólk.
73.22.09	Annað.
73.23.01	Tunnur.
73.23.02	Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri.
73.23.03	Niðursuðudósir.
73.23.04	Áletraðar dósir utan um útflutningsvörur.
73.24.00	Hylki og ílát.
73.25.01	Vírkaðlar.
73.25.02	Vírkaðlar.
73.25.09	Annað.
73.26.00	Gaddavír og annars konar vír.
73.27.01	Steypustyrktar- og múrhúðunarnet.
73.27.02	Girðingarnet.
73.27.09	Annað.
73.28.00	Möskvateygðar plötur.
73.29.01	Keðjur.
73.29.02	Snjókeðjur.
73.29.03	Keðjur til véla (drifkeðjur).
73.29.09	Aðrar.
73.30.00	Akkeri, drekar.
73.32.00	Boltar og rær o. fl. þ. h.
73.35.00	Fjaðrir og fjaðrablöð.
73.37.03	Hálfunnir miðstöðvarofnar og hálfunnin ofnrif.
73.40.30	Grófunnin járn- og stálsmíði.
73.40.41	Veiðarfæralásar o. þ. h. útgerðarvörur.
73.40.42	Fiskkassar, fiskkörfur, línubalar.
73.40.43	Girðingarstaurar.
73.40.44	Grindur og kassar til flutnings á mjólkurflöskum og hyrnum.
73.40.45	Tengidósir fyrir raflagnir.
73.40.46	Vörur til skipa.
73.40.47	Drykkjarker fyrir skepnur.
73.40.48	Jarðstrengsmúffur.
73.40.51	Formuð brennsluhólf o. fl.
74.01.10	Koparsteinn.
74.01.20	Koparúrgangur og brotakopar.
74.01.30	Kopar, óhreinsaður.
74.01.40	Kopar, hreinsaður.
74.02.00	Koparforlegeringar.
74.03.01	Stengur og prófílar.
74.03.02	Vír.
74.03.03	Log- og rafsuðuvír.
74.04.00	Plötur og ræmur úr kopar.
74.05.01	Þynnur í vatnskassaelement og efni í prentaðar straumrásir.
74.05.09	Annað.

Tollskr.nr.	Vörutegund
74.06.00	Koparduft og koparflögur.
74.07.01	Pípur, pípuefni úr fosfór bronze-legumálmi óunnum.
74.07.09	Annað.
74.08.00	Pípufittings úr kopar.
74.09.00	Geymar, ker og þ. h. ílát.
74.10.00	Vír, strengir, kaðlar o. þ. h. úr kopar.
74.11.00	Vírnet, vírdúkur o. þ. h. úr koparvír.
74.12.00	Möskvateygðar plötur úr kopar.
74.13.00	Keðjur og keðjuhlutar úr kopar.
74.15.00	Boltar og rær o. þ. h. úr kopar.
74.16.00	Fjaðrir úr kopar.
74.19.01	Veiðarfæralásar, sigurnaglar og þ. h. til veiðarfæra.
74.19.02	Vörur til skipa.
74.19.04	Vörur úr kopar eða koparlegeringum, grófmótaðar.
75.01.10	Nikkilsteinn, nikkilspeis.
75.01.20	Nikkilúrgangur og brotanikkill.
75.01.30	Nikkill, óunninn.
75.02.01	Stengur og prófílar úr nikkli.
75.02.02	Vír úr nikkli.
75.03.00	Plötur og ræmur o. þ. h. úr nikkli.
75.04.00	Pípur, pípuefni, holar stengur o. þ. h. úr nikkli.
75.05.00	Forskaut úr nikkli, unnin og óunnin.
76.01.10	Álúrgangur og brotaál.
76.01.20	Ál, óunnið.
76.02.01	Stengur og prófílar úr áli.
76.02.02	Suðuvír.
76.02.09	Annað.
76.03.09	Annað.
76.04.00	Álþynnur.
76.05.00	Álduft og álflögur.
76.06.01	Prófílpípur til smíða.
76.06.09	Annað.
76.07.00	Pípufittings úr áli.
76.08.00	Mannvirki, hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett o. þ. h.
76.09.00	Geymar, ker og önnur slík stór ílát úr áli.
76.10.01	Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri.
76.10.04	Niðursuðudósir.
76.10.09	Annað.
76.11.00	Hylki og ílát.
76.12.00	Vír, strengir, kaðlar o. þ. h. úr áli.
76.13.01	Steypustyrktar- og múrhúðunarnet.
76.13.02	Girðingarnet.
76.13.09	Annað.
76.14.00	Möskvateygðar plötur.
76.16.01	Netjakúlur.
76.16.02	Fiskkassar, fiskkörfur, línubalar.
76.16.04	Vörur til skipa.
76.16.05	Drykkjarker fyrir skepnur.

Tollskr.nr.	Vörutegund
76.16.06	Anóður.
76.16.08	Vörur úr áli, grófmótaðar.
76.16.14	Grindur og kassar til flutnings á mjólkurflöskum og -hyrnum.
77.01.10	Magnesíumúrgangur og brotamagnesíum.
77.01.20	Óunnið magnesíum.
77.02 00	Stengur, prófílar, vír, plötur, spænir, pípur o. fl. úr magnesíum.
77.03.00	Aðrar vörur úr magnesíum, ót. a.
77.04.00	Beryllíum, unnið eða óunnið og vörur úr því.
78.01.10	Blýúrgangur og brotablý.
78.01.20	Óunnið blý.
78.02.01	Stengur og prófílar úr blýi.
78.02 02	Vír.
78.03.00	Plötur og ræmur.
78.04.01	Blýduft.
78.04.09	Annað.
78.05.00	Pípur, pípuefni, holar stengur og pípuhlutar.
78.06.01	Sökkur, netja- og nótablý o. þ. h. til veiðarfæra.
78.06.02	Vörur til skipa.
79.01.10	Zinkúrgangur og brotazink.
79.01.20	Óunnið zink.
79.02.01	Stengur og prófílar úr zinki.
79.02 02	Vír úr zinki.
79.03.10	Zinkduft.
79.03.20	Zinkplötur, zinkræmur, zinkþynnur og zinkflögur.
79.04.00	Pípur og pípuhlutar úr zinki.
79.06.04	Forskaut.
80.01.10	Tinúrgangur og brotatin.
80.01 20	Óunnið tin.
80.02.01	Stengur og prófílar úr tini.
80.02.02	Vír úr tini.
80.03.00	Plötur og ræmur.
80.04.00	Tinþynnur, tinduft o. fl.
80.05.00	Pípur og pípuhlutar úr tini.
81.01.00	Wolfram, óunnið og unnið og vörur úr því.
81.02.00	Molybden, óunnið og unnið og vörur úr því.
81.03.00	Tantal, óunnið og unnið og vörur úr því.
81.04.10	Úranium og thórium.
81.04.20	Annað.
83.07.01	Duflaljósker og hlutar til þeirra.
83.07.02	Siglingaljósker, olíulampar, gasljósatæki.
83.07.03	Lampar fyrir uppskurði.
83 09.00	Spennur, töskurammar, sylgjur, krókar, lykkjur o. fl. til fatnaðar.
83.13.01	Spons og sponslok.
83.13.02	Flöskuhettur úr óðýrum málmum.

Tollskr.nr.	Vörutegund
83.13.03	Áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir.
83.13.04	Hettur á mjólkurflöskur og lok á skyrumbúðir.
83.13.09	Annað.
83.15.00	Þráður, stengur, pípur, plötur, rafsuðuvír o. þ. h. úr ódýrum málmum.
84.02.00	Hjálpartæki við gufukatla, eimsvalar við gufuvélar.
84.03.00	Tæki til framleiðslu á gasi.
84.04.00	Gufuvélar.
84.05.00	Gufuvélar án ketils.
84.06.10	Flugvélahreyflar.
84.06.21	Bensínhreyflar.
84.06.22	Dísilhreyflar 300 hestöfl eða stærri.
84.06.23	Dísilhreyflar minni en 300 hestöfl.
84.06.24	Hlutar til hreyfla.
84.06.29	Annað.
84.07.00	Vatnsaflsvélar og hreyflar.
84.08.10	Flugvélahreyflar.
84.08.21	Gashverflar til bifreiða.
84.08.29	Annað.
84.08.31	Aflvélar og hreyflar til bifreiða.
84.08.39	Annað.
84.10.01	Stimpildælur.
84.10.02	Fiskidælur.
84.10.03	Dælur úr ryðfríu og sýruþolnu stáli og úr plasti, ót. a.
84.10.04	Aðrar miðflóttaaflsdælur.
84.10.05	Tannhjóladælur.
84.10.06	Aðrar snúningsdælur.
84.11.02	Þjöppur fyrir frystikerfi og loftþjöppur.
84.11.09	Annað.
84.13.01	Brennarar fyrir brennsluolíu.
84.14.00	Ofnar fyrir iðnaðar- og rannsóknastofur.
84.15.12	Kæli- og frystivélasamstæður aðrar.
84.15.19	Hlutar til kæli- og frystivélasamstæðna.
84.16.00	Sléttipressur og aðrar svipaðar valsvélar.
84.17.11	Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu.
84.17.12	Mjólkurvinnsluvélar.
84.18.10	Mjólkurskilvindur.
84.18.26	Lýsissíur.
84.19.09	Annað.
84.20.00	Vogir og vogarlóð.
84.21.00	Mekanísk tæki til dreifingar á vökvum og dufti, slökkvitæki o. fl.
84.22.01	Kraftblakkir til fiskiskipa.
84.22.02	Vindur.
84.22.04	Lyftur til vöru- og mannflutninga.
84.26.01	Mjaltavélar.
84.26.02	Mjólkurvinnsluvélar.
84.26.09	Aðrar.
84.27.00	Pressur, marningsvélar til framleiðslu á víni o. þ. h.
84.28.00	Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar.
84.29.00	Vélar og tæki til brauðkornsmölunar.

Tollskr.nr.	Vörutegund
84.30.01	Vélar og tæki til brauð- og kexgerðar.
84.30.02	Vélar og tæki til súkkulaði- og sykurvörugerðar.
84.30.03	Vélar og tæki til kjötvinnslu.
84.30.04	Vélar og tæki til drykkjarvörugerðar.
84.30.05	Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar o. fl. þ. h. vélar.
84.30.09	**Aðrar.**
84.31.00	Vélar og tæki til framl. og vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa.
84.32.00	Bókbandsvélar.
84.33.00	Pappírs- og pappaskurðarvélar o. fl. þ. h. vélar.
84.34.01	Setningarvélar og vélar til framl á prentmyndamótum o. þ. h.
84.34.02	Prentletur, matrixur og tilheyrandi.
84.34.03	Prentmyndamót, prentplötur, prentvalsar o. þ. h.
84.34.04	Litógrafísteinar, plötur og valsar.
84.34.09	**Annað.**
84.35.00	Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi.
84.36.00	Vélar til pressunar á tilbúnum spunatrefjum o. fl. þ. h. vélar.
84.37.01	Prjónavélar.
84.37.09	**Aðrar.**
84.38.00	Hjálparvélar og hjálpartæki með vélum í nr. 84.36. og 84. 37.
84.39.00	Vélar og tæki til framl. og snyrtingar á flóka í metramáli.
84.40.11	Fataþvottavélar, þó ekki til heimilisnotkunar.
84.40.13	Aðrar strokvélar.
84.40.15	Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavöru.
84.41.02	Saumavélar til notkunar í iðnaði.
84.41.09	**Annað.**
84.42.00	Vélar og tæki til vinnslu á húðum og skinnum og leðurvörum.
84.43.00	Málmbræðsluofnar o. fl. þ. h. og steypuvélar.
84.44.00	Völsunarvélar til að valsa málma.
84.45.00	Vélar til smíða úr málmum og málmkarbíðum
84.46.00	Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir o. þ. h.
84.47.01	Trésmíðavélar.
84.47.09	**Aðrar.**
84.48.00	Hlutar og hjálpartæki við vélar er teljast til nr. 84.45.—84.47. o. fl.
84.50.00	Vélar og tæki, sem nota gas til suðu, kveikinga, skurðar og herslu á málmum.
84.56.02	Vélar og tæki til leirvörugerðar og framleiðslu á steypumótum úr sandi.
84.56.09	**Annað.**
84.57.00	Vélar og tæki til framl. og vinnslu á gleri o. fl. vélar.
84.59.10	Kjarnorkuofnar.
84.59.21	Vélar, tæki og mekanísk áhöld til matvælaiðnaðar, ót. a.
84.59.22	Vélar, tæki og mekanísk áhöld til efnaiðnaðar, ót. a.
84.59.23	Vélar, tæki og mekanísk áhöld til málm-, tré- og húsgagnaiðnaðar og bursta- og körfugerðar.
84.59.24	Vélar, tæki og mekanísk áhöld til mannvirkjagerðar, ót. a.
84.59.25	Vélar til plastiðnaðar.
84.59.28	Stýrisvélar til skipa.
84.59.29	**Annað.**
84.60.00	Mótakassar til málmsteypu o. fl.
84.61.01	Gaslokar og hliðstæðir lokar.
84.61.02	Lokar úr ryðfríu og sýruþolnu stáli og úr plasti.
84.61.09	**Annað.**

Tollskr.nr.	Vörutegund
84.62.00	Kúlu-, kefla- og nálaleg.
84.63.01	Drifásar, sveifarásar, leguhús o. fl. til flugvéla.
84.63.02	Skrúfuásar, skrúfuásþéttar, skutpípur o. fl.
84.63.03	Leguhús.
84.63.09	Annað.
84.64.00.	Þéttingar o. fl.
84.65.01	Skipsskrúfur.
84.65.09	Annað.
85.01.01	Straumfestar.
85.01.02	Spennar 1000 kw og minni.
85.01.03	Rafsuðuspennar.
85.01.04	Riðstraumsrafhreyflar.
85.01.05	Rafalar allt að 1000 kw.
85.01.06	Rafalar 1000 kw og stærri.
85.01.09	Annað.
85.02.00	Rafseglar, síseglar, borhöldur, pípuhaldarar, spennubakkar o. fl.
85.04.01	Efni í rafgeyma.
85.08.00	Rafmagnsræsi og kveikibúnaður fyrir brunahreyfla, rafalar og straumrofar.
85.09.00	Rafmagnsljósa- og merkjatæki, rúðuþurrkarar, affrystitæki o. fl.
85.10.01	Duflaljósker.
85.11.00	Rafbræðslu- og hitunarofnar, upphitunartæki, rafsuðu-, raflóðningar- og rafskurðarvélar.
85.13.00	Rafmagnstæki fyrir talsíma og ritsíma, á línu.
85.15.31	Ratsjár og radíómiðunartæki.
85.15.32	Sendi- og móttökutæki, talstöðvar og senditæki fyrir útvarp og sjónvarp.
85.15.33	Neyðartalstöðvar.
85.16.00	Rafmagnsbúin umferðarstjórnartæki.
85.17.01	Brunavarnarkerfi, þjófavarnarkerfi og hlutir til þeirra.
85.18.00	Rafmagnsþéttar, óbreytilegir eða breytilegir.
85.19.01	Rofar.
85.19.02	Vör og varhús.
85.19.03	Eldingar- og risspennuverndartæki og annar verndarbúnaður ót. a.
85.19.04	Falir, tenglar, klær og tengibúnaður, fjöltengi.
85.19.05	Tengikassar og annar tengibúnaður ót. a.
85.19.06	Viðnám, breytiviðnám og spennudeilar.
85.19.07	Greinitöflur, stýri og eftirlitstöflur.
85.19.09	Annað.
85.22.10	Flýtar fyrir rafeindir.
85.23.01	Jarð- og sæstrengir.
85.23.09	Annað.
85.24.00	Burstakol, bogalampakol, rafhlöðukol o. fl.
85.25.00	Einangrarar úr hvers konar efni.
85.26.00	Einangrunarhlutar í rafmagnsvélar, tæki og búnað.
85.28.00	Rafmagnshlutar til véla og áhalda.
86.08.00	Gámar, sérstakl. útbúnir til flutnings með hvers konar farartækjum.
87.02.31	Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
87.02.38	Sjúkrabifreiðar.

Tollskr.nr.	Vörutegund
87.03.01	Slökkviliðsbifreiðar.
87.04.21	Grindur fyrir sjúkra-, slökkvi- og snjóbifreiðar og snjóplóga.
87.04.22	Grindur fyrir vörubifreiðar, jeppa- og almenningsbifreiðar.
87.05.01	Yfirbyggingar fyrir dráttarvélar sem teljast til nr. 87.01.11.
87.05.02	Yfirbyggingar fyrir dráttarvélar sem teljast til nr. 87.01.19 og 97.01.20.
87.05.03	Yfirbyggingar fyrir sjúkra-, slökkvi- og snjóbifreiðar og snjóplóga.
87.06.01	Vatnskassar fyrir ökutæki er teljast til nr. 87.01.—87.03.
87.06.02	Öryggisbelti.
87.06.09	Annað.
87.11.00	Ökutæki með drifi fyrir fatlaða og sjúka.
87.13.01	Ökutæki án drifs fyrir fatlaða og sjúka.
87.14.01	Hjólbörur og handvagnar, tengivagnar til vöruflutnings.
88.01.00	Loftfarartæki, léttari en andrúmsloft.
88.02.01	Flugvélar og svifflugur.
88.02.09	Annað.
88.03.01	Hlutar til flugvéla.
88.03.09	Aðrir.
88.04.00	Fallhlífar, einnig hlutar og fylgitæki til þeirra.
88.05.00	Slöngvitæki, flugæfingartæki.
89.01.10	Herskip.
89.01.21	Björgunarbátar.
89.01.22	Vélskip yfir 250 smál. brúttó.
89.01.23	Vélskip 100—250 smál. brúttó.
89.01.24	Vélskip 10 og allt að 100 smál. brúttó.
89.01.29	Annað.
89.02.00	Dráttarbátar.
89.03.00	Vitaskip, slökkviskip, dýpkunar- og dæluskip, flotkranar.
89.04.00	Skip, bátar til niðurrifs.
89.05.00	Fljótandi útbúnaður, annar en skip og bátar.
90.01.01	Gleraugnagler (án umgerðar).
90.01.09	Annað.
90.02.01	Vitagler.
90.02.09	Annað.
90.03.00	Umgerðir um gleraugu og hlutar til þeirra.
90.04.01	Raf-, logsuðu- og hlífðargleraugu.
90.04.09	Annað.
90.06.00	Stjörnufræðileg tæki og áhöld og útbúnaður til þeirra.
90.07.01	Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðilegra rannsókna.
90.11.00	Rafagna- og prótonsmásjár og diffraktógrafar.
90.12.00	Optískar smásjár.
90.13.00	Optísk tæki og áhöld.
90.14.01	Áttavitar og önnur siglingatæki tilheyrandi þeim.
90.14.09	Annað.
90.15.00	Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg eða minna.
90.16.00	Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings, mælinga o. þ. h.
90.17.10	Rafmagnslækningatæki.
90.17.20	Önnur.
90.18.00	Tæki til mekanóterapi, nuddlækninga, psykótekniskra rannsókna o. fl.

Tollskr.nr.	Vörutegund
90.19.10	Heyrnartæki.
90.19.20	Annað.
90.20.00	Röntgentæki o. fl. þ. h.
90.21.00	Tæki, áhöld og eftirlíkingar til sýningar og kennslu.
90.22.00	Tæki til mekanískrar prófunar á eiginleikum efnis.
90.23.01	Sjúkramælar.
90.23.02	Aðrir hitamælar.
90.23.03	Loftþyngdarmælar.
90.23.04	Háhitamælar, flotvogir og rakamælar.
90.23.09	Annað.
90.24.01	Hitastillar.
90.24.09	Annað.
90.25.00	Tæki og áhöld til fysískrar og kemískrar greiningar.
90.26.10	Notkunarmælar fyrir rafmagn.
90.26.21	Mælar til prófunar á tækjum er falla í nr. 90.26.
90.26.29	Aðrir.
90.27.01	Snúnings- og framleiðsluteljarar o. þ. h.
90.27.09	Annað.
90.28.01	Bergmálsdýptarmælar, asdictæki o. þ. h. fisksjár.
90.28.09	Önnur.
90.29.01	Hlutar og fylgitæki til tækja og áhalda sem teljast til nr. 90.28.01.
90.29.09	Annað.
92.12.02	Grammófónplötur til tungumálakennslu.
93.04.01	Línubyssur.
93.04.02	Hvalveiðibyssur.
93.04.03	Fjárbyssur.
93.07.21	Skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur.
93.07.22	Skot sérstaklega gerð fyrir fjárbyssur.
94.01.01	Dráttarvélasæti.
94.02.00	Húsgögn fyrir læknisaðgerðir.
95.08.01	Gelatínbelgir um lyf.
96.02.03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum.
96.03.00	Tilbúin knippi til framl. á sópum, penslum og burstum.
97.07.01	Fiskiönglar, venjulegir.
98.01.00	Hnappar, smellur, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar.
98.02.01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum.
98.02.09	Annað.
98.13.00	Lífstykkjateinar og aðrir slíkir teinar.

2. Ekki er heimilt að flytja inn vörur með þriggja til tólf mánaða greiðslufresti nema sérstakt samþykki komi til, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands geta veitt samkvæmt nánari ákvörðun viðskiptaráðuneytisins. Þeir, sem hyggjast flytja inn vörur með slíkum fresti, skulu því leita samþykkis þessara banka, áður en varan er send frá útlöndum.
3. Við innflutning á vörum gegn allt að tólf mánaða gjaldfresti er óheimilt að reikna gjaldfrestinn frá síðari tíma en komudegi vörunnar til landsins.

4. Ekki er heimilt að taka lán erlendis eða fá greiðslufrest til lengri tíma en eins árs nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Þeir, sem hyggjast taka slík lán eða fá slíkan greiðslufrest, skulu afhenda umsóknir um það til viðskiptaráðuneytisins.
5. Framangreind ákvæði um lán og endurgreiðslufrest vegna vörukaupa, gilda á hliðstæðan hátt um lán eða greiðslufrest vegna annars en vörukaupa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar ráðuneytisins nr. 5 3. febrúar 1972 og nr. 491 24. nóvember 1975 um innflutning með greiðslufresti.

Viðskiptaráðuneytið, 3. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Björgvin Guðmundsson.

26. mars 1976. Nr. 90.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð iðnaðarins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. mars 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð iðnaðarins.

1. gr.

Nafn, heimili.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður iðnaðarins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að örva til dáða á sviði iðnaðarmála og jafnframt að vekja athygli á þeim afrekum, sem unnin hafa verið og unnin verða á því sviði.

Þessum tilgangi skal leitast við að ná m. a. með því að veita verðlaun, helst árlega, manni eða fyrirtæki, er unnið hefur eitthvað í þágu íslensks iðnaðar, er verðlaunavert þykir að dómi sjóðsstjórnar.

Stofnframlag sjóðsins er af gefendum helgað minningu þeirra fjölmörgu hugvits- og hagleiksmanna, sem fyrr og síðar hafa lifað og starfað á Íslandi, og misjafnrar umbunar notið fyrir verk sín.

3. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 4 mönnum tilnefndum af eftirgreindum aðilum og skal útnefningin gilda til fjögurra ára. Sömuleiðis útnefning varamanna.

1. Einum manni tilnefndum af stjórn Últímu h/f svo lengi, sem það fyrirtæki er við lýði. Eftir það af þeim aðila, er stjórn sjóðsins telur rétt að komi í hans stað.
2. Einum manni tilnefndum af Iðnaðarbanka Íslands h/f.
3. Einum manni tilnefndum af stjórn Félags íslenskra iðnrekenda.
4. Einum manni tilnefndum af Landssambandi iðnaðarmanna.

Stjórnin kýs sér formann, sem jafnframt er framkvæmdastjóri sjóðsins. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Um stofnfé.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er framlag, sem Últíma h/f gefur til stofnunar sjóðsins, 35 árum eftir stofnun þess fyrirtækis. Stofndagur sjóðsins telst 3. mars 1976.

Sjóðstofnunin var ákveðin með fundarsamþykkt í stjórn Últímu h/f þann 10. október 1975 og staðfest á hluthafafundi sama félags þann 3. mars 1976.

Til þess er ætlast af gefendum, að verðlaunaafhending úr sjóðnum fari fram árlega hinn 3. mars, eða í nánd við þá dagsetningu.

Stofnféð er nýrri hluti húseignar Últímu h/f í Kópavogi, það er vestara húsið að Skeljabrekku 4. Bygging þessi er 162 fermetrar að flatarmáli, aðalhæð auk kjallara. Brunabótamat í ársbyrjun 1976 er kr. 10 457 000.00 — tíu milljónir fjögur hundruð fimmtíu og sjö þúsund krónur —.

Á eigninni hvíla engin veðbönd.

Verðlaunasjóður iðnaðarins nýtur arðs af eigninni frá 1. mars 1976 og greiðir frá sama tíma öll gjöld af eigninni.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum. Sé um minningargjafir að ræða, sem verulegum upphæðum nema, skal færa nöfn gefenda og þeirra, er minnst skal með gjöfunum, inn í gjörðabók sjóðsins, svo og í fylgirit, er fylgi með til þeirra, er verðlaun hljóta úr sjóðnum hverju sinni.

Sjóðsstjórn skal annast um eignir sjóðsins og ávaxta lausafé hans. Skal það jafnan varðveitt hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

Ekki skal taka á móti umsóknum um verðlaun úr sjóði þessum, en ábendingar til sjóðsstjórnarmanna eru að sjálfsögðu þegnar.

Við val verðlaunaþega skal eftirgreint haft í huga:

1. Verðlaun skal gjarnan veita fyrir uppfinningar, sem líklegar teljast til að koma íslenskum iðnaði að gagni.
2. Verðlaun má einnig veita einstaklingum og fyrirtækjum fyrir happadrjúga forystu í uppbyggingu iðnaðar, hvort sem er til innanlands nota eða til sölu erlendis, eða fyrir forystu á sviði iðnaðarmála almennt.
3. Verðlaun má veita fyrir sérlega vel gerða iðnaðarframleiðslu t. d. sem fram kynni að koma á iðnsýningum eða kaupstefnum.
4. Verðlaun má einnig veita fyrir hönnun, sem er sérlega vel heppnuð að dómi sjóðsstjórnar.

Ofangreind upptalning er gerð til leiðbeiningar fyrir sjóðsstjórnina um það, hvað fyrir stofnendum vakti með sjóðsstofnuninni.

5. gr.

Verðlaunaafhending.

Verðlaun skulu afhent í formi peningaupphæðar. Verðlaunum skal fylgja skjal heft inn í skinnband, þannig gert, að það megi hengja á vegg og komi fram á forsíðu hverjum verðlaunin eru veitt og fyrir hvað, ásamt undirskrift sjóðsstjórnar.

Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórnin hverju sinni tilhögun verðlaunaafhendingar.

6. gr.

Sjóðsslit.

Ef eitthvað það ber að höndum, er veldur því, að sjóðurinn verði með samþykkt sjóðsstjórnar lagður niður, þá skulu eignir hans renna til viðurkenndrar líknarstofnunar samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktar- og minningarsjóð Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. mars 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktar- og minningarsjóð Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Styrktar- og minningarsjóður Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Samtök astma- og ofnæmissjúklinga.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 100 000.00 — Ellefu hundruð þúsund krónur — þar af ein milljón krónur í spariskírteinum ríkissjóðs, sem er minningargjöf um hjónin Þórunni Kristjánsdóttir og Ísak Bjarnason frá Fífuhvammi, gefin af börnum þeirra hjóna á 100 ára fæðingardegi Þórunnar 11. febrúar 1975.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a) að vinna að aukinni þekkingu á astma- og ofnæmissjúkdómum,
b) að styrkja lækna og aðra, sem leita sér þekkingar á ofangreindum sjúkdómum og kunnáttu í meðferð þeirra, með framhaldsnámi eða rannsóknum á þessu sviði.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru dánar- og minningargjafir, svo og tekjur af ýmsri starfsemi í þágu sjóðsins.

6. gr.

Heimilt er að verja allt að ⅘ hlutum árlegra tekna sjóðsins til styrkveitinga. Ávaxta skal fé sjóðsins í verðtryggðum spariskírteinum eða annarri álíka tryggri fjárfestingu. Taka skal lán til styrkveitinga, þegar ekki er handbært fé í sjóðnum.

7. gr.

Sjóðnum skal fylgja sérstök bók og skal ef óskað er geyma í henni nöfn, myndir og helstu æviatriði þeirra, sem minnst er með minningar- eða dánargjöfum.

8. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 16. apríl ár hvert, en það er stofndagur Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga.

Auglýsa skal með mánaðarfyrirvara eftir umsóknum um styrki.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum kosnum á aðalfundi Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga ár hvert. Formaður samtakanna skal vera sjálfkjörinn, og að minnsta kosti einn læknir skal eiga sæti í stjórninni. Kjósa skal þrjá varamenn, þar af einn lækni, sem taka sæti í stjórninni í forföllum aðalmanna.

Stjórnin skiptir með sér verkum, og kýs sér formann, ritara og gjaldkera. Halda skal gerðabók yfir alla fundi sjóðsstjórnar og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir, umsóknir um styrki úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins, svo og ársreikninga sjóðsins, sem skulu endurskoðaðir á sama

hátt og reikningar samtakanna. Sjóðsstjórn skal skila skýrslu yfir starfsemina á aðalfundi ár hvert.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á aðalfundi Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga 6. mars 1976.

Nr. 92.

REIKNINGUR

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Ársreikningur 1973, 1974 og 1975.

Eign 1. janúar 1973:				
1) Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra A nr. 1324 og 1326 17. fl.	kr.	2 000.00		
2) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	73 137.80		
			kr.	75 137.80
Tekjur:				
Af veðdeildarbréfum	kr.	200.00		
Af sparisjóðsinnstæðu	—	25 608.20		
			kr.	25 808.20
Fjárlagastyrkur 1974			—	1 000 000.00
Fjárlagastyrkur 1975 1 000 000.00 ÷ 10%			—	900 000.00
			Kr.	2 000 946.00
Gjöld:				
1) Greidd verðlaun skv. ákvörðun verðlaunanefndar				
a) 1974:				
Haraldur Sigurðsson	kr.	300 000.00		
Jón Kr. Margeirsson	—	300 000.00		
Sveinbjörn Rafnsson	—	300 000.00		
			kr.	900 000.00
b) 1975:				
Dr. Bjarni Einarsson	kr.	250 000.00		
Dr. Einar Ólafur Sveinsson	—	250 000.00		
Elsa E. Guðjónsson	—	250 000.00		
Dr. Hallgrímur Helgason	—	250 000.00		
			—	1 000 000.00
Eign 31. desember 1975:				
2) Veðdeildarbréf Landsbankans 17. fl., Litra A nr. 1324 og 1326	kr.	2 000.00		
3) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	98 946.00		
			—	100 946.00
			Kr.	2 000 946.00

Menntamálaráðuneytið, 19. mars 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Reikning þennan hef ég endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin, 19/3 1976.

Kristján Einarsson.

Nr. 93.

REIKNINGUR

Sjóðs Morten Hansen til stofnunar kennslubóka- og kennsluáhaldasafns í Reykjavík.

Ársreikningur 1970.

Tekjur:

Eign 1. janúar 1970:				
Sparisjóðsinnstæða	kr.	23 594.70		
Söfnunarsjóðsinnstæða	—	103 899.46		
			kr.	127 484.16
Vextir:				
Af söfnunarsjóðsinnstæðu (aðaldeild nr. 566) árið 1970	kr.	9 869.50		
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsbanka Íslands árið 1970	—	1 651.60		
			kr.	11 521.10
			Samtals kr.	139 005.26

Gjöld:

Eign 31. desember 1970:		
Sparisjóðsinnstæða í Landsbanka Íslands, bók nr. 12828	kr.	25 246.30
Söfnunarsjóðsinnstæða, aðaldeild nr. 566	—	113 758.96
Samtals	kr.	139 005.26

Menntamálaráðuneytið, 8. júní 1971.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Reikning þennan hef ég endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin, 19/3 1976.

Kristján Einarsson.

REIKNINGUR

Sjóðs Morten Hansen til stofnunar kennslubóka- og kennsluáhaldasafns í Reykjavík.

Ársreikningur 1971—1975.

Tekjur:

Eign 1. janúar 1971:				
Sparisjóðsinnstæða	kr.	25 246.30		
Söfnunarsjóðsinnstæða	—	113 758.96		
			kr.	139 005.26
Vextir:				
Af söfnunarsjóðsinnstæðu (aðaldeild nr. 566)	kr.	74 436.04		
Vextir af sparisjóðsinnstæðu í Landsbanka Íslands	—	13 974.70		
			kr.	88 410.74
			Kr.	227 416.00

Gjöld:

Eign 31. desember 1975:			
Sparisjóðsinnstæða í Landsbanka Íslands, bók nr. 12828	kr.	39 221.00	
Söfnunarsjóðsinnstæða, aðaldeild nr. 566	—	188 195.00	
	Kr.	227 416.00	

Menntamálaráðuneytið, 19. mars 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

Reikning þennan hef ég endurskoðað, kannað eignir sjóðsins og ekkert fundið athugavert.

Ríkisendurskoðunin, 19/3 1976.

Kristján Einarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1976

26. mars 1976. 181 Nr. 95.

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í poka dragnótar skal vera 170 mm. Ávallt skulu a. m. k. öftustu 5 metrar dragnótarinnar vera úr 170 mm riðli.

Lágmarksmöskvastærð í öðrum hlutum dragnótar, en í 1. mgr. greinir, skal vera 135 mm.

2. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólögmætt að festa undir poka dragnótar segldúk, net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti, þó þannig, að þessir slitvarar eða hlífar séu aðeins festar að framan og á hliðunum við pokann.

3. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksstærð (sbr. 1. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

4. gr.

Við veiðar með dragnót í íslenskri fiskveiðilandhelgi, er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

5. gr.

Með mál, sem rís út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréfi til dragnótaveiða, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 278 9. september 1974 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

B 23

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

GJALDSKRÁ
fyrir póstþjónustu.

TEGUND SENDINGAR		Innanlands	Norðurlönd	Önnur lönd
Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.
Bréf.	20	35	35	45
Hámarksstærð:	100	70	70	110
Lengd + breidd	250	140	140	220
+ þykkt 900 mm.	500	280	280	420
Mesta lengd 600 mm.	1000	560	645	730
Í ströngum:	2000	1185	1185	1185
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.				
Mesta lengd 900 mm.				
Hámarksþyngd 2 kg.				
Lágmarksstærð:				
90 × 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm.				
Minnsta lengd 100 mm.				
Póstkort.				
Mest 105 × 148 mm		30	30	30
Minnst 90 × 140 mm				
Prent.				
Stærð sama og bréfa.	20	30	30	30
(Prentkort sama stærð	100	50	50	50
og póstkort).	250	90	90	90
Hámarksþyngd 2 kg.	500	165	165	165
Bækur þó 5 kg.	1000	275	275	275
Burðargjald fyrir prent	2000	380	380	380
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	570	570	570
er sama og fyrir	4000	750	750	750
„Önnur lönd“	5000	930	930	930
Smápakkar	100	50	50	50
Stærð sama og bréfa.	250	90	90	90
Hámarksþyngd 1 kg.	500	165	165	165
	1000	275	275	275
Innrituð blöð og tímarit.				
Innritunargjald 6500 kr.				
Ársgjald 350 kr.				
Stærð sama og bréfa.	hver			
a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg.	500	9		
b) Til áskrifenda. Hámarksþyngd	20	3		
500 g hvert eintak.	100	4		
	200	8		
	300	12		
	400	16		
	500	20		

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr
Gíróþjónusta (aðeins innanlands).	
Inn- og útborganir (ókeypis af eigin reikningi)	45
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Hámarksupphæð innanlands: Kr. 200 000.00 (Símapóstávísanir kr. 100 000.00).	
Burðargjald	80
b. Til annarra landa:	
Burðargjald	100
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana.	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Burðargjald eins og fyrir póstávísun.	
Póstkröfugjald	65
b. Til annarra landa	
Burðargjald	150
Almennir bögglar (innanlands):	
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 90 × 140 mm): Þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m.	
Mesta lengd 1.50 m.	
Burðargjald: (alm.)	
1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
100 kr 180 kr 270 kr 460 kr 650 kr 780 kr	
Burðargjald: (rúmfr. + broth.)	
1 kg 3 kg 5 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
150 kr 270 kr 405 kr 690 kr 975 kr 1170 kr	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar.	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	75
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	75

Loftbréf: Söluverð kr. 50. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 75
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 65
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 160
Móttökukvittun	kr. 50

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 80 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 75
Skiptiverð í frímerkjum kr. 45

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 65

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 45

Tollmeðferð böggla: kr. 80

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 50

Geymslugjald böggla: 65 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 45

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 2 600 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 9 100 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafist innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. maí 1976. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu frá 18. ágúst 1975.

Samgönguráðuneytið, 23. mars 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðarhrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðarhrepps.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. mars 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 98. 31. mars 1976.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.

1. gr.

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Til þess að hjúkrunarfræðingur geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

1. Hann skal hafa hlotið hjúkrunarleyfi hér á landi samkvæmt 1. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974.
2. Hann skal hafa stundað sérnám í einhverri þeirri sérgrein hjúkrunar, er reglugerðin nær til.

3. gr.

Sérnám má einungis fara fram í þeim skólum og heilbrigðisstofnunum, sem viðurkennd eru til slíks náms af viðkomandi yfirvöldum.

Hjúkrunarráð skal meta námsskrár og námsstöður áður en viðurkenning er veitt.

4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í eftirtöldum greinum:

I. Barnahjúkrun:
Eitt ár nám í barnahjúkrun.
II. Geðhjúkrun:
Nám í geðhjúkrun 15 mánuðir.
III. Heilsuvernd:
Eitt ár nám í heilsuvernd.
IV. Ljósmóðurfræði:
Eitt ár nám í ljósmóðurfræði.
V. Röntgenhjúkrun:
Tvö ár nám í röntgentækni, þar af þriggja mánaða nám á geislalækningadeild.
VI. Svæfingahjúkrun:
Tvö ár nám í svæfingahjúkrun.

VII. Hjúkrun á lyflækningadeildum, handlækningadeildum, elli- og endurhæfingardeildum, gjörgæsludeildum, skurð- og slysadeildum:
Eitt ár framhaldsnám í hjúkrunarfræði.

5. gr.

Umsóknir um sérfræðileyfi, ásamt gögnum sem staðfesta menntun, skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

6. gr.

Heimilt er að veita þeim hjúkrunarfræðingum, er starfað hafa sem sérfræðingar í fyrrnefndum sérgreinum hér á landi, sérfræðileyfi, þótt nám þeirra hafi verið annars konar en hér er gert að skilyrði.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974, sbr. lög nr. 32/1975, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

30. mars 1976. Nr. 99.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmála Njarðvíkurkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Njarðvíkur skal skipuð 7 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Njarðvíkurkaupstað og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Hún skal fyrir lok desembermánaðar ár hvert gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal í meginatriðum greina, hvernig fjárveiting til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, og enn fremur hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur skuli innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Enn fremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   3. Hún skal leggja fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en 30. júní ár hvert.

B. Bæjarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um, hvernig verklegum framkvæmdum skuli hagað í meginatriðum á fjárhagsárinu. Hún getur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 47. gr. og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður lóðaleigur, gjaldskrá bæjarfyrirtækja, eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI
Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta, úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn. Sá er réttkjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Ef þrír eða fleiri, sem um skal kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseti er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr eða varforseti, eða forfallast frá störfum bæjarstjórnar, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa í hans stað, fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabils hans.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, skv. samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til bæjarstjóra, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til 1 árs í senn á sama fundi og forsetakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er fram fara atkvæðagreiðslur í bæjarstjórn.

6. gr.

Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta, eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal skráð, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitja fundinn, tölurðð bæjarstjórnarfunda, svo og hver sé fundarritari, og einnig það, sem forseti vill láta til bókar færa, þótt ekki sé getið í dagskrá fundarins.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók, og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana. Hver fulltrúi, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáeinum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og skulu fundir að jafnaði hefjast kl. 17.00. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmætra nefnda, sem þurfa kunna staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar skv. 2. gr., sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra, bæjarráði, lögmætri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmætar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð, eigi síðar en kl. 12.00 föstudag næstan fyrir bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi kl. 19.00 tveimur dögum fyrir boðaðan bæjarstjórnarfund, hafa sent öllum bæjarfulltrúum og a. m. k. jafnmörgum varabæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu afrit fundargerða, tillagna, afrit af skýrslum og athugasemdir endurskoðenda svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá.

Ef ákveðinn verður aukafundur, skv. 3. mgr. 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá, sem send verði bæjarfulltrúum og varafulltrúum með 24 klst. fyrirvara.

Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara, ef aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé þess getið með fundarboðun, hvaða mál sé á dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki ⅔ viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

9. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda skal auglýsa a. m. k. á þremur stöðum við vegar um bæinn.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið með atkvæðagreiðslu án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega áskilð í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningu, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda, eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema hina árlegu fjárhagsáætlun, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingar ráðherra.

Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða ein vika hið skemmsta á milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar eða tveir bæjarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði í stafrófsröð og hlutkesti ræður hver byrja skal.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem vill taka til máls á bæjarstjórnarfundi, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumenn svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveða sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal standa við sæti sitt þá hann talar, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala, á bæjarstjórnarfundum, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Framsögumaður eða flutningsmaður tillögu má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd.

Bæjarstjóri, sem ekki er jafnframt bæjarfulltrúi, skal hafa málfrelsi á bæjarstjórnarfundum til jafns við bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál á bæjarstjórnarfundum, nema forseti leyfi.

16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að umræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er, lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, sbr. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíka tillögu og skal hún einnig afgreidd umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun á ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

17. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu, skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi, það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir, eða ef nauðsyn krefur, fresta eða slíta fundi.

18. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið, að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa til að hafa umsjón með útgáfunni.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundir skuli teknir á segulband, til geymslu einhvern ákveðinn tíma.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögleg forföll hamli.

Honum er skylt að taka að sér störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í bæjarráði eða öðrum nefndum o. s. frv.

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, setið í bæjarráði eða öðrum nefndum, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma prúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum, gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar.

Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við, eftir sinni bestu getu, vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, sem upp kunna að koma milli bæjarstjórnarfulltrúa og hafa í huga, að heill bæjarfélagsins er ofar þrasi og togstreitu stjórnmálanna.

20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans.

21. gr.

Hver bæjarstjórnarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn, skv. ákvörðun hennar.

22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn, skv. 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem þess óskar lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI
Bæjarráð.

24. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júní ár hvert, skal kjósa þrjá menn í bæjarráð og þrjá til vara, hlutfallskosningu. Kosning bæjarráðs gildir þar til nýtt bæjarráð hefur verið kjörið. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarráðs. Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal það kjósa sér formann og varaformann. Formaður bæjarráðs hefur á hendi undirbúning funda bæjarráðs í samráði við bæjarstjóra. Formaður bæjarráðs stýrir fundum þess.

Bæjarráð skal halda fund 2. og 4. fimmtudag í hverjum mánuði. Aukafundi skal halda, ef formaður eða bæjarstjóri ákveða það eða ef bæjarráðsmaður óskar þess.

25. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn Njarðvíkurkaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin, skv. lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð skal gera tillögur til bæjarstjórnar í þeim málum, sem fyrir bæjarráði liggja.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

26. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir

og skuldir bæjarins, svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Enn fremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnarinnar er falið að hafa með höndum fyrrgreinda málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda að því leyti, sem slíkt er ekki fram tekið í fjárhagsáætlun.

27. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef það eða bæjarstjóri óskar þess, þegar til umræðu eru þau málefni, sem störf þeirra snerta.

V. KAFLI
Um bæjarstjóra.

28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar. Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma. Ráðningarsamningur er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Á ráðningarkjörtímabilinu þarf uppsögn ráðningarsamnings tvær umræður í bæjarstjórn.

Nú næst ekki meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo og að bæjarstjóri er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, getur þá ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál.

Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur í skrifstofu bæjarins.

30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Hann á einnig sæti í fastanefndum.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt í bæjarstjórn, bæjarráði eða í fastanefndum, nema hann sé til þess kjörinn.

Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

31. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun og getur bæjarstjóri þá fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni afrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

32. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt bæjarstjórnar, má ekki greiða, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð bæjarráðs til slíks.

33. gr.

Bæjarstjóra er heimilt í samráði við bæjarráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma. Stendur sú ákvörðun óhögguð, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en í tvo mánuði er að ræða, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna starfi hans.

VI. KAFLI
Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa. Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. maí ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráði er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga kaupstaðarins og fyrirtækja hans, sbr. 26. gr. Jafnframt getur það falið honum að hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga og gæta þess, að kröfum í lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt. Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögu um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI
Nefndir.

36. gr.

Bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu eftirtaldar nefndir og starfsmenn, auk þeirra sem áður getur, til að fara með tiltekin mál eftir því, sem lög mæla fyrir, í júní ár hvert.

A. Til eins árs:

1. Byggingarnefnd, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
2. Rafveitunefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
3. Atvinnumálanefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Endurskoðendur reikninga bæjarsjóðs, rafveitu, vatnsveitu, tveir aðalmenn og tveir til vara.
5. Kjörstjórnir við Alþingis- og forsetakosningar:
   a. Yfirkjörstjórn, þrír aðalmenn og þrír til vara.
   b. Undirkjörstjórnir, þrír aðalmenn og þrír til vara í hverja.
6. Kjörstjórn við bæjarstjórnarkosningar:
   a. Yfirkjörstjórn, þrír aðalmenn og þrír til vara.
   b. Undirkjörstjórnir, þrír aðalmenn og þrír til vara í hverja.
7. Eigendafélag Félagsheimilisins „Stapa", fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
8. Fulltrúa á aðalfund S. A. S. f. R., þrír aðalmenn og þrír til vara.
9. Fulltrúa á aðalfund Hitaveitu Suðurnesja, þrír aðalmenn og þrír til vara.
10. Áfengisvarnarnefnd, sjö aðalmenn og sjö til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Skólanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
2. Heilbrigðisnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
3. Félagsmálaráð, þrír aðalmenn og þrír til vara.
4. Byggðasafns- og náttúruverndarnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
5. Bókasafnsnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
6. Dagheimilis- og leikvallanefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
7. Sundlaugar- og íþróttahúsnefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
8. Æskulýðsráð, þrír aðalmenn og þrír til vara.
9. Fegrunarnefnd, fimm aðalmenn og fimm til vara.
10. Framtalsnefnd, þrír aðalmenn og þrír til vara.
11. Skólanefnd Iðnskóla Suðurnesja, aðalmaður og einn til vara.
12. Skólanefnd Fjölbrautarskóla Suðurnesja, einn aðalmaður og einn til vara.
13. Sjó- og verslunardómur, sjö aðalmenn og sjö til vara.
14. Brunavarnir Suðurnesja, einn aðalmaður og einn til vara.
15. Sjúkrahús Keflavíkurlæknishéraðs, einn aðalmaður og einn til vara.
16. Heilsugæslustöð Suðurnesja, einn aðalmaður og einn til vara.
17. Sjúkrasamlag Njarðvíkur, fjórir aðalmenn og fjórir til vara.
18. Samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum, einn aðalmaður og einn til vara.
19. Sáttanefnd, tveir aðalmenn og tveir til vara.
20. Lista- og menningarsjóður, þrír aðalmenn og þrír til vara.
21. Stjórn Hitaveitu Suðurnesja, einn aðalmaður.
22. Í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands, einn aðalmaður og einn til vara.
23. Stjórn íþróttasvæða, þrír aðalmenn og þrír til vara.

C. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykkta bæjarstjórnar.

Formenn skulu sjá um, að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta, óska eftir, að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar, svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skuli haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til, til að ræða ýmis bæjarmál.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, sem starfa á vegum bæjarstjórnar, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

37. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt, eða bæjarstjórn leggi nefndina niður.

38. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstöku mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

VIII. KAFLI

39. gr.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins, og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði og forstöðumönnum bæjarstofnana að ráða í ákveðnar stöður.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarstjórn (bæjarráði) að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarstjórn (eða bæjarráð) getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlýða breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

IX. KAFLI

40. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1976.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 100. 5. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Akranesi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Akranesi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0.15% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri, en svarar kr. 6.50 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 1.60 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 6.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 100.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjald af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingavísitölu og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna, eins og hún er í árslok hverju sinni. Hækkanir samkvæmt þessari málsgrein mega þó ekki vera meiri en 50% án staðfestingar ráðuneytis.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innnheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

5. apríl 1976. Nr. 101.

SAMÞYKKT

um hundahald í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Eyrarbakkahreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b. Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað við eftirlit með hundum í hreppnum.
c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda

inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

f. Bændum á lögbýlum utan þéttbýlis skal heimilt að hafa einn hund án gjalds. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum að sjá svo um að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 102. 9. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 195 15. júní 1973.

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 15. gr. reglugerðar nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 30. apríl 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sátta milli aðila allt til 24. apríl 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Borgarnesi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi bæjarins eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3,0%
Raðhús og parhús einnar hæðar	2,0%
Raðhús og parhús tveggja hæða	1,8%
Tvíbýlishús, tveggja hæða	1,8%
Fjölbýlishús	0,8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsn.	2,0%
Opinberar byggingar	3,0%
Bílskúrar	3,0%
Önnur hús	1,0%

Gjald af fermetra lóðar verði kr. 50.00.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. sem gildir um áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds, skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélags, getur sveitarstjórn áskilið að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingaleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseiganda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðs-

hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Raðhús og parhús einnar hæðar	1,0%
Raðhús og parhús tveggja hæða	0,9%
Tvíbýlishús tveggja hæða	0,9%
Fjölbýlishús	0,5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,0%
Opinberar byggingar	1,5%
Bílskúrar	1,5%
Önnur hús	0,5%

Gjald af fermetra lóðar verði kr. 30.00.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei miðast við minna hús en 300 m^3.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

Gjald af fasteignum við götur, þar sem lagt hefur verið varanlegt slitlag og/eða gangstétt á síðustu fimm árum, skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum. Sveitarstjórn getur sett nánari ákvæði um innheimtu gjalda samkv. 6. gr.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það, ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

Tafla I. — Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Daggreiðslur	Fastar greiðslur í kr. Ársgreiðslur	Mælal.
	A — LÝSING				
1.1.	Án fastagjalds	40,00			
1.2.	Með fastagjaldi	22,00	0,45/m²	165	01
1.3.	Götu og hafnarlýsing	8,00			
	B — HEIMILI				
2.1.	Með fastagjaldi	11,00	3,30/herbergi	1 205	01
	C — IÐNAÐUR OG VERSLUN				
3.1.	Smávélar	22,00			02
3.2.	Stórnotkun	3,50	27,50/kW	10 038	04
	D — HITUN		Með taxta B 2.1		
4.1.	Án rofs	9,00	1 herbergi 16,50	6 022,50	01
4.2.	Með rofi 1 kl/á dag	5,00	2 herbergi 33,00	12 045,00	til
4.3.	Með rofi 3 kl/á dag	2,65	3 herbergi 49,50	18 067,50	
4.4.	Með rofi 14 kl/á dag	1,30	4 herbergi 66,00	24 090,00	03
			5 og fleiri 82,50	30 112,50	
	F — ANNAÐ				
5.1.	Sérsamningar				
5.2.	Lokun húsveitna og enduropnun		660 á reikning og eða útsendingu lokunarm.		

	MÆLALEIGUR	Daggreiðslur	Ársgreiðslur
01	Einfasa almenn án stjórnt.	3,25/mælingu	1 186,25
02	Einfasa með stjórnt. og þrífasa án stjórnt.	5,45/mælingu	1 990,00
03	Þriggja fasa m/stjórnt.	9,05/mælingu	3 303,00
04	Þriggja fasa m/aflmæli	18,10/mælingu	6 606,50

Upplýsingar og ýmis ákvæði.

1. Mælieiningar raforku eru kílówattstundir (kWst) og kílówött (kW). Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA) ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,8.
2. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.

4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A-1.2 og C-3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B-2.1 og D- 4.1 til 4.3.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur 15 dögum eftir útsendingu er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningi.
7. Tengigjöld greiðast þegar tengingu er lokið.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald samkvæmt lið 5.2 í töflu I, á hverja innheimtu og eða útsendingu lokunarmanns, sem krafin er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt. Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald samkvæmt 5.2 í töflu I á skrifstofu rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandi kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.
11. Tenging við veitukerfið.

Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu II miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og að umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða. Rafveitunni skal sent afrit eða ljósrit af byggingarleyfum.

Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notenda eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu eða öðrum hliðstæðum aðstæðum.

Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðist samkvæmt útlögðum kostnaði.

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þessa, auk heimtaugargjaldsins. Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefjast aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörð kann að leiða.

Tafla II. Tenging við veitukerfið — heimtaugagjöld.

Málstraumur stofnvara-spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga	Yfirlengdargjald eða kostn. kr/m.
63 amper 220/380 volt	kr. 53 350.00	2 090.00
100 — 220/380 —	— 84 150.00	2 420.00
125 — 220/380 —	— 105 050.00	2 642.00
200 — 220/380 —	— 165 000.00	3 630.00
300 — 220/380 —	— 236 500.00	4 400.00

Tenging með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðist samkvæmt kostnaði.

Skýringar með töflu I.

1.1 Lýsing án fastagjalda. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.

1.2 Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur, án fastagjalds.

2.1 Heimili. Fastagjaldið miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús, 5—25 m², ef herbergi eru minni, reiknast hálft gjald, en ef stærri tvöfalt. Ef um smá atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

3.1 Iðnaður og verslun. Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn til ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m² gólfflatar samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mestu álagstímum.

4.1 Hitun með 3ja klst. rofi. Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.3, reiknast þá til viðbótar taxtanum 4.3, fastagjald samkvæmt taxta B-2.1, margfaldað með tölunni 5.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Sveitarstjórn ákveður greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslu fyrir stofn og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis gjöld.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld, samtals 33%, eru talin með í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I, þessarar gjaldskrár, nema á töxtum til húsahitunar, D-4.1 til 4.4.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka einingaverð þessarar gjaldskrár um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald á Patreksfirði hækkar eða lækkar, er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrána um 2%.

Hækkanir samkvæmt ofanrituðu eru þó því aðeins gildar, að heimild iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 14 frá 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 343 18. júní 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 1. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 105. 5. apríl 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Akraness.

Almennur vatnsskattur.

1. gr.

Af öllum húseignum í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.158% af framreiknuðu gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni.

2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhús	minnst	11.37	kr./m³
Iðnaðarhús	—	2.75	—
Vörugeymslur	—	2.75	—
Allt annað húsnæði	—	11.37	—

Þessi lágmarksgjöld eru miðuð við fasteignamat 1970 og breytast í samræmi við það.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr., skal greiða aukavatnsskatt af húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.12 fyrir hvern rúmmetra vatns. Fyrir önnur vatnsafnot en þau, er að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar.

Önnur gjöld.

4. gr.

Greiða skal vatn sem selt er til skipa og báta í Akraneshöfn. Greiðsla skal vera kr. 78.40 fyrir hvern rúmmetra.

5. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiæðar vatnsveitunnar, greiði stofngjald, er sé kr. 14.70 af fyrstu 2000 rúmmetrum húss og kr. 9.80 af því, sem þar fer yfir.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 3 410 pr. mæli. Mælaleiga skal vera sem hér segir:

40 mm mælir og minni	kr.	1 176	pr. ár
50 mm mælir	—	1 960	— —
80 mm mælir	—	2 352	— —
100 mm mælir	—	4 704	— —

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akraness nr. 16 15. janúar 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

6. apríl 1976. Nr. 106.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 123 8. júlí 1971, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

1. gr.

Á eftir 3. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður, sem verði 4. tölulið og orðist svo:

4. Deild fyrir skreiðarafurðir.

2. gr.

3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðherra skipar tvo menn í stjórn hverrar deildar eftir tilnefningu hagsmunaaðila í þeirri grein fiskiðnaðarins, sem í hlut á. Taka þeir sæti í stjórninni, þegar fjallað er um málefni deildarinnar svo sem við ákvörðun um verðgrundvöll. Þeir skulu tilnefndir þannig:

1. Í deild fyrir frystar fiskafurðir:
   Einn maður eftir tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og einn maður eftir tilnefningu sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga.
2. Í deild fyrir saltfiskafurðir:
   Tveir menn eftir tilnefningu Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.
3. Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja:
   Tveir menn eftir tilnefningu Félags ísl. fiskimjölsframleiðenda.
4. Í deild fyrir skreiðarafurðir:
   Einn maður eftir tilnefningu Samlags skreiðarframleiðenda og einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu nokkurra stærstu skreiðarframleiðenda og

útflytjenda, sem standa utan Samlags skreiðarframleiðenda, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu þannig að frá þeim komi tillögur um fleiri en einn mann, skal ráðherra hafa frjálst val um skipun þessa fulltrúa úr þeim hópi.

Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og skiptingu kostnaðar á deildir.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1976.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 107. 31. mars 1976.

GJALDSKRÁ

yfir gjald af einkasöluvörum.

Áhöfnum og farþegum, sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 362/1975, skal heimilt að greiða af því sem umfram er einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu, áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

			0,375 l.		0,75 l.
A.	Áfengi:				
1.	Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr.	400.00	kr.	800.00
2.	Íslenskar áfengistegundir	—	1300.00	—	2200.00
3.	Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir ót. a. ..	—	1900.00	—	3300.00

B.	Tóbak:		
1.	Reyktóbak	kr.	2000 pr. tylft eða lb.
2.	Vindlingar	—	1550 pr. karton
3.	Smávindlar	—	180 pr. 10 stk.
	Meðalstærð	—	500 pr. 25 stk.
	Vindlar aðrir	—	900 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir, skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5 mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 286/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. mars 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. desember 1970 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:
Fastagjald, kr. 525..00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:
Vatnsgjald, kr. 1 155.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

2. mgr. 11. gr. orðist þannig:
Allur kostnaður við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 650.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

5. apríl 1976. Nr. 109.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:
1. Gróðurhús, 100 m^2 og stærri, kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:
1. Gróðurhús kr. 270.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 770.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimaæð:
Hús allt að 300 m^3 kr. 101 000.00.
Hús 300—2000 m^3 kr. 101 000.00 fyrir hverja 300 m^3 og kr. 76.00 hvern m^3 þar yfir.
Hús stærri en 2000 m^3 kr. 230 000.00 fyrir 2000 m^3 og kr. 64.00 hvern m^3 þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntak er kr. 12 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld samkvæmt þessari reglugerð miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóv. 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.
Heimild til hækkunar skv. 7. gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 110.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning, árið 1975.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins 1. janúar 1975		kr.	213 614.00
2.	Gjöf Þórunnar Hafstein		—	1 000.00
3.	Vextir af bankainnstæðum:			
	a) í Landsbankanum	kr. 10 114.00		
	b) í Útvegsbankanum	— 52.00		
			—	10 166.00
		Samtals	kr.	224 780.00

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1976

1.	a) Í Landsb. viðsk.b. nr. 5740	kr. 73 329.00		
	b) Í Útvegsb. bankab. nr. 10081	— 451.00		
			kr.	73 780.00
2.	Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs 1974 skv. kaupnótu		—	150 000.00
3.	Happdrættislán ríkissjóðs 1973—C		—	1 000.00
		Samtals	kr.	224 780.00

Reykjavík, 3. febrúar 1976.
Guðrún Markúsdóttir.

Við undirritaðar höfum lesið ársreikning sjóðsins Gerðuminning fyrir árið 1975 og ekki fundið neitt athugavert.

Reykjavík, 5. febrúar 1976.
Vigdís Jónsdóttir. Ólöf Sigurjónsdóttir.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Rekstrarreikningur frá 1. jan. til 31. des. 1975.

Tekjur:			
Framlag neytenda skv. áætlun	kr.	133 784 000.00	
Tilfærsla vegna 1974	—	7 371 225.00	
			kr. 141 155 225.00
Iðgjöld framleiðenda skv. áætlun	—	89 189 333.00	
Tilfærsla vegna 1974	—	4 914 150.00	
			— 94 103 483.00
Iðgjöld launþega			— 48 379.00
Framlag atvinnurekenda			— 72 569.00
Vaxtatekjur			— 58 814 310.00
Framlög vegna eftirlauna:			
Ríkissjóður Íslands	kr.	49 205 134.00	
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	29 523 080.00	
			— 78 728 214.00
			Kr. 372 922 180.00
Gjöld:			
Eftirlaun skv. I. kafla	kr.	4 992 694.00	
Eftirlaun skv. II. kafla	—	78 728 214.00	
Laun og önnur rekstrargjöld	—	4 183 907.00	
			kr. 87 904 815.00
Réttindaflutningur og endurgreidd iðgjöld			— 533 943.00
		Tekjuafgangur	kr. 284 483 422.00
			Kr. 372 922 180.00

Efnahagsreikningur 31. desember 1975.

Eignir:			
Veltufjármunir:			
Búnaðarbanki Íslands, innstæður			kr. 58 143 831.00
Ríkissjóður Íslands v/framlags neytenda			— 40 762 602.00
Óinnheimt iðgjöld skv. áætlun stjórnar			— 60 609 899.00
		Veltufjármunir samtals	kr. 159 516 332.00
Fastafjármunir:			
Skuldabréf	kr.	442 775 000.00	
Skuldabréf, verðtryggð	—	84 126 990.00	
(Verðgildi kr. 109 537 627.00)			kr. 526 901 990.00
			Kr. 686 418 322.00

Skuldir:

Eigið fé:		
Höfuðstóll 1/1 1975	kr. 401 934 900.00	
Tekjuafgangur 1975	— 284 483 422.00	
		kr. 686 418 322.00
		Kr. 686 418 322.00

Reykjavík, 26. febrúar 1976.

Pétur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning ársins 1975 og efnahagsreikning 31. des. 1975, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 26. febrúar 1976.

Vigfús Gunnarsson. Örn Marinósson.

Nr. 112.

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1975.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.

Gjöld:

Ýmiss kostnaður, prentun o. fl. 1975	kr.	282 771.00
Styrkveitingar árið 1975	—	466 000.00
Vaxtagjöld vegna kaupa á spariskírtein.	—	2 640.00
Hr. tekjur fl. á höfuðstól og til ráðst. 1978	—	13 736 476.80
Samtals	kr.	14 487 887.80

Tekjur:

Samúðarskeyti Landsímans	kr. 11 150 512.00	
÷ 15% til F. Í. S.	— 1 672 576.00	
	kr.	9 477 930.00
Aðrar minningargjafir	—	26 310.00
Vaxtatekjur 1975	—	4 983 641.80
Samtals	kr.	14 487 887.80

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1975.

Eignir:

Innstæða á ávísanareikningi	kr.	162 142.00
Innstæður á bankabókum	—	40 104 911.00
Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	—	57 000.00
Spariskírteini 1. fl. '74 c 1136—1140 og 1. fl. '75 c 10461—10465	—	500 000.00
Samtals	kr.	40 824 053.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75		kr. 23 487 576.20	
Hr. tekjur '75	kr. 13 736 476.80		
1) Þar af lagt við höfuðstól		— 7 236 476.80	
			kr. 30 724 053.00
2) Til ráðstöfunar árið 1978 skv. 5. gr. skipulagsskrár		kr. 6 500 000.00	
Til sama frá 1974		— 3 600 000.00	
			— 10 100 000.00
			Samtals kr. 40 824 053.00

Nr. 113.

REIKNINGUR

Systrasjóðs Kvennaskólans í Reykjavík 1975.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1975			kr. 719 132.00
1) Framlög námsmeyja 1975			— 42 800.00
2) Gjöf frá 50 ára árgangi			— 9 000.00
3) Vextir greiddir 1975:			
a) Í Söfnunarsjóði 1974	kr.	11 470.00	
b) Í Landsbanka viðsk.b.	—	90 138.00	
c) Í Landsbanka sparisj.b.	—	2 482.00	
			— 104 090.00
			Samtals kr. 875 022.00

Gjöld:

1) Styrkur veittur námsmeyjum			kr. 70 000.00
2) Eign sjóðsins um áramót:			
a) Í Söfnunarsjóði aðald. nr. 32	kr.	105 422.00	
b) Í Landsb. viðskiptab. nr. 5618	—	644 242.00	
c) Í Landsb. sparisj.b. nr. 19092	—	55 358.00	
			kr. 805 022.00
			Samtals kr. 875 022.00

Nr. 114.

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs kennara við Kvennaskólann í Reykjavík 1975.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1975			kr. 180 009.00
Vextir greiddir:			
a) Af verðbréfi	kr.	50.00	
b) Í Landsb. viðsk.b.	—	28 569.00	
c) Í Landsb. sparisj.b.	—	35.00	
			— 28 654.00
			Samtals kr. 208 663.00

Gjöld:

Eign sjóðsins um áramót:			
a) Veðdeildarbréf 17. fl.	kr.	1 000.00	
b) Í Landsb. viðsk.b. nr. 5621	—	207 306.00	
c) Í Landsb. sparisj. b. nr. 10	—	357.00	
		kr.	208 663.00
		Samtals kr.	208 663.00

Nr. 115.

REIKNINGUR

Kristjönugjafar 1975.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. jan. 1975		kr.	243 775.00
Vextir greiddir:			
a) Í Sparisj. Rvíkur og nágr. (ársbók)	—	38 947.00	
b) Í Sparisj. Rvíkur og nágr. sparisj.b.	—	47.00	
		—	38 994.00
		Samtals kr.	282 769.00

Gjöld:

Eign sjóðsins um áramót:			
a) Í Sparisj. Rvíkur og nágr. nr. 27039	kr.	282 361.00	
b) Í Sparisj. Rvíkur og nágr. nr. 10551	—	408.00	
		kr.	282 769.00
		Samtals kr.	282 769.00

Nr. 116.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands.

Rekstrarreikningur 1975.

Tekjur:

1. Yfirfært frá fyrra ári		kr.	2 430 734
2. Af útflutningsgjaldi		—	88 891 367
3. 1% af fob verði útfluttra sjávarafurða		—	323 530 967
4. Mótframlag ríkissjóðs vegna 1% af fob verði		—	323 615 934
5. Framlag ríkissjóðs		—	35 000 000
6. Vextir, innheimtir á árinu		—	1 179 984 194
7. Framlag úr gengismunarsjóði skv. lögum nr. 55/1975		—	300 000 000
		Kr.	2 253 453 196

Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur		kr.	51 281 553
2. Vextir greiddir á árinu		—	1 140 999 013
3. Lagt í Stofnsjóð		—	900 000 000
4. Lagt í Afskriftareikning		—	40 000 000

5. Lagt í Varasjóð	—	112 694 748
6. Yfirfært til næsta árs	—	8 477 882
	Kr.	2 253 453 196

Efnahagsreikningur 31. desember 1975.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:			
a) Fiskiskip		kr.	12 665 747 194
b) Hraðfrystihús		—	1 585 368 498
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur		—	107 007 345
d) Aðrar fiskvinnslustöðvar		—	298 019 698
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir		—	104 854 135
f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.)		—	98 215 167
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975 fyrir lánum út á:			
a) Fiskiskip		—	1 323 448 000
b) Fasteignir		—	1 025 860 000
3. Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl.		—	1 387 814 949
4. Verðbréf		—	60 882 522
5. Ýmsir skuldunautar		—	366 498 746
6. Bankainnstæður:			
a) Fiskveiðasjóður	kr. 9 725 577		
b) Stofnfjársjóður	— 424 490 202		
c) Lausaskuldalán	— 2 064 000		
d) Gengisjöfnunarstyrkur	— 78 975 643		
		—	515 255 422
		Kr.	19 538 971 676

Skuldir:

1. Skuldir við innlenda banka	kr.	1 292 793 500
2. Skuldir í erl. mynt	—	6 894 528 172
3. Framlagsreikningur Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka	—	175 393 000
4. Skuldir við innlenda banka vegna lausaskuldalána	—	2 011 672 000
5. Skuld við gengismunarsjóð vegna lausaskuldalána	—	339 700 000
6. Innstæður lántakenda vegna erlendra lána til skipakaupa	—	4 533 239 689
7. Stofnfjársjóður fiskiskipa	—	424 490 202
8. Viðskiptamenn	—	242 962 604
9. Sumarsíldveiðar 1968, lög nr. 79/1968 17. gr. B	—	2 499 242
10. Gengisjöfnunarstyrkur, lög nr. 79/1968 17. gr. A	—	4 239 742
11. Gengisjöfnunarstyrkur 1974, lög nr. 106/1974	—	20 053 052
12. Gengisjöfnunarstyrkur 1975, lög nr. 55/1975	—	58 922 591
13. Eigið fé	—	3 538 477 882
	Kr.	19 538 971 676

Reykjavík, 28. janúar 1976.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Sverrir Júlíusson. **Guðjón Halldórsson.**

Svavar Ármannsson.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 12. febrúar 1976.

Birgir Finnsson. *Birgir Kjaran.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1975 rétta.

Reykjavík, 2. mars 1976.

Davíð Ólafsson. *Bjarni Guðbjörnsson.* *Jónas H. Haralz*

Ármann Jakobsson. *Sigurbjörn Sigtryggsson.*

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1975 hér með staðfestir.

Reykjavík, 2. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 95—116. Útgáfudagur 28. apríl 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1976

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 1 850.00 frá 21. apríl 1976, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 20. apríl 1976.

F. h. r.

Yngvi Ólafsson.

Gylfi Knudsen.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 117. Útgáfudagur 21. apríl 1976.

B 27

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1976

Nr. 118. 214 28. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 3. maí 1976 nema kr. 17,67 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 3. maí 1976. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. laga nr. 79/1974 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 3. maí 1976, skal greiða kr. 1,67 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 3. maí 1976 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 3. maí 1976.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 3. maí 1976.

Fjármálaráðuneytið, 28. apríl 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 119. 30. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimta innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Gjaldið skal innheimt af öllum bifreiðum og bifhjólum að undanskildum ökutækjum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

87.02.31 Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
87.02.38 Sjúkrabifreiðar sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.
87.03.01 Slökkviliðsbifreiðar.
87.03.02 Snjóplógar.
87.03.03 Kranabifreiðar.
87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

Þá skal eigi innheimta innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollívilnana skv. 27. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl.

2. gr.

Gjald af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum skal reiknað af tollverði (cif-verði) ökutækis sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga og vera sem hér segir:

1. 75% af snjósleðum í tnr. 87.02.32 og bifreiðum í jeppaflokki í tnr. 87.02.37 en frá og með 1. júlí 1976 90% af sömu vörum.
2. 25% af dráttarbifreiðum í tnr. 87.01.20, almenningsbifreiðum í tnr. 87.02.20 og vörubifreiðum að burðarþoli 6 tonn og þar yfir í tnr. 87.02.33 og 87.02.34.
3. 50% af öllum öðrum bifreiðum og bifhjólum.

3. gr.

Við tollafgreiðslu atvinnubifreiða til leigubifreiðastjóra, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga að aðalstarfi, til ökukennara og af atvinnubireiðum sendibifreiðastjóra, sem hafa akstur sendibifreiða að aðalstarfi, skal einungis innheimta í peningum 25% innflutningsgjald. Af bifreiðum sömu aðila, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi, skal við tollafgreiðslu einungis innheimta í peningum 38% innflutningsgjald.

Um eftirgjöf og eftirstöðvar innflutningsgjalds af bifreiðum þessara aðila skal í framkvæmd farið, eftir því sem við á, eftir reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

4. gr.

Um gjald samkvæmt reglugerð þessari af bifreiðum og bifhjólum, sem hafa verið teknar til tollmeðferðar fyrir birtingu reglugerðar þessarar, sbr. 14. gr. tollskrárlaga, skal farið eftir eldri reglugerð nr. 63/1975 enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 15. maí 1976.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 63/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Ólafsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1976

Nr. 120. 216 3. maí 1976.

REGLUGERÐ
um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 4. maí 1976 nema kr. 17,59 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 4. maí 1976. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. laga nr. 79/1974 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 4. maí 1976, skal greiða kr. 1,59 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 4. maí 1976 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 4. maí 1976.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 3. maí 1976. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 118 28. apríl 1976.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 120. Útgáfudagur 3. maí 1976.

Endurprentuð síða.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 — 1976

5. maí 1976. 217 Nr. 121.

REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI

Sérstakt vörugjald.

1. gr.

Sérstakt vörugjald

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Gjaldið skal vera 10% til 4. maí 1976 en 18% á tímabilinu 5. maí 1976 til 31. desember 1976.

II. KAFLI

Innflutningur.

2. gr.

Gjaldskyldar innfluttar vörur

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu við innflutning á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum, sbr. tollskrárlög nr. 6/1974:

03.01.01	08.13.00	11.08.01	17.01.26
04.06.00	09.03.00	11.08.02	17.02.01
04.07.00	09.04.00	11.08.03	17.02.02
05.13.00	09.05.00	11.08.09	17.02.03
06.02.01	09.06.00	11.09.00	17.02.09
06.02.09	09.07.00	12.01.10	17.03.09
06.04.01	09.08.00	12.01.20	17.04.01
06.04.09	09.09.00	12.01.30	17.04.03
07.02.00	09.10.00	12.01.40	17.04.04
07.03.00	11.01.23	12.01.50	17.04.05
07.04.00	11.01.24	12.01.60	17.04.09
07.06.00	11.01.25	12.01.70	17.05.00
08.01.40	11.02.10	12.01.80	18.06.09
08.03.20	11.02.22	12.02.00	19.02.09
08.04.21	11.02.23	12.04.00	19.03.00
08.04.22	11.02.29	12.08.00	19.04.01
08.10.00	11.03.01	12.09.00	19.04.09
08.11.00	11.03.09	13.03.03	19.05.00
08.12.01	11.04.00	17.01.10	19.07.00
08.12.02	11.05.01	17.01.21	19.08.00
08.12.03	11.05.09	17.01.22	20.01.00
08.12.09	11.06.09	17.01.25	20.02.02

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

20.02.09	36.02.00	41.06.00	48.15.09
20.03.00	36.03.00	41.07.00	48.21.01
20.04.00	36.04.00	41.08.00	48.21.02
20.05.00	36.07.00	41.10.00	48.21.04
20.06.00	36.08.00	42.03.03	48.21.19
20.07.01	37.01.09	42.05.03	55.03.01
20.07.09	37.02.02	42.06.00	58.01.00
21.05.01	37.02.09	44.02.00	58.02.01
21.07.05	37.03.00	44.03.52	58.02.09
21.07.06	37.04.00	44.03.59	59.02.02
21.07.07	37.05.01	44.04.10	59.06.02
21.07.08	37.05.09	44.04.20	59.06.09
21.07.09	37.06.00	44.09.09	59.08.03
22.01.01	38.11.00	44.10.00	59.09.02
22.02.00	38.14.00	44.11.00	59.10.00
22.03.00	38.17.00	44.13.11	59.11.02
22.10.00	38.19.11	44.13.19	59.11.09
25.01.01	38.19.12	44.13.29	59.15.00
25.02.00	38.19.15	44.16.00	59.16.00
25.04.00	38.19.19	44.17.00	59.17.00
25.10.00	39.01.01	44.22.09	62.05.01
25.12.09	39.01.09	44.25.09	62.05.04
25.14.00	39.02.87	44.28.99	62.05.05
25.15.00	39.02.92	45.01.00	62.05.06
25.19.00	39.02.99	45.02.00	62.05.07
25.24.00	39.03.29	45.03.09	62.05.08
25.29.00	39.04.09	45.04.02	64.01.09
25.30.00	39.05.09	45.04.03	64.06.00
25.31.00	39.06.09	45.04.09	65.01.00
25.32.00	39.07.34	46.01.00	65.02.00
27.08.20	39.07.36	46.02.09	65.04.00
27.10.71	39.07.63	46.03.09	65.06.09
27.11.01	39.07.67	48.01.40	65.07.00
27.11.09	39.07.71	48.05.09	66.01.00
27.14.10	39.07.73	48.07.86	66.02.00
27.15.00	39.07.89	48.07.87	66.03.00
27.16.00	40.05.09	48.07.93	67.01.00
29.04.21	40.08.03	48.07.94	67.02.00
30.03.01	40.08.09	48.07.99	67.03.00
30.05.00	40.09.01	48.08.00	67.04.00
32.10.00	40.09.09	48.10.00	67.05.00
32.13.20	40.11.01	48.11.00	68.03.00
33.06.02	40.11.02	48.12.00	68.04.00
33.06.04	40.11.09	48.13.00	68.05.00
33.06.06	40.12.00	48.14.01	68.06.00
33.06.08	40.13.01	48.14.02	68.08.09
33.06.19	40.14.04	48.14.03	68.09.00
34.05.03	40.14.05	48.14.09	68.10.01
34.05.09	40.14.06	48.15.01	68.10.09
34.07.00	40.14.08	48.15.02	68.12.01
35.03.09	40.14.19	48.15.03	68.12.02
36.01.00	40.16.09	48.15.05	68.12.09

68.13.01
68.13.09
68.14.00
68.16.01
68.16.09
69.04.00
69.05.00
69.07.00
69.08.00
69.09.00
69.10.00
69.11.00
69.12.00
69.14.00
70.11.00
70.12.00
70.13.00
70.14.02
70.14.03
70.14.09
70.15.00
70.16.00
70.17.09
70.18.00
70.19.00
70.20.20
70.20.32
70.20.39
70.21.09
71.13.01
71.13.09
71.14.01
71.14.09
71.15.00
73.10.12
73.10.13
73.10.21
73.13.51
73.16.20
73.17.00
73.18.29
73.18.32
73.18.39
73.20.00
73.23.02
73.24.00
73.25.01
73.25.09
73.26.00
73.27.01
73.27.02
73.29.02
73.29.09
73.32.00
73.33.00
73.34.00
73.35.00
73.36.01
73.36.02
73.36.03
73.36.09
73.38.11
73.38.19
73.38.23
73.38.29
73.39.01
73.39.09
73.40.43
73.40.59
74.05.09
74.07.09
74.08.00
74.10.00
74.13.00
74.15.00
74.16.00
74.17.00
74.18.01
74.18.09
74.19.03
74.19.09
75.04.00
75.06.02
75.06.03
75.06.09
76.03.01
76.04.00
76.06.09
76.07.00
76.10.01
76.11.00
76.12.00
76.13.01
76.13.02
76.15.01
76.15.02
76.16.03
76.16.19
77.02.00
77.03.00
77.04.00
78.04.09
78.05.00
78.06.09
79.04.00
79.05.00
79.06.01
79.06.02
79.06.03
79.06.09
80.05.00
80.06.02
80.06.09
82.01.09
82.02.00
82.03.00
82.04.00
82.05.00
82.08.00
82.09.01
82.09.09
82.10.00
82.11.01
82.11.09
82.12.01
82.12.09
82.13.01
82.13.09
82.14.00
82.15.00
83.01.01
83.01.02
83.01.05
83.01.09
83.02.03
83.02.09
83.03.09
83.04.00
83.05.09
83.06.00
83.08.00
83.10.00
83.11.00
83.13.04
83.13.09
84.06.21
84.06.23
84.06.24
84.06.29
84.08.21
84.08.29
84.08.31
84.08.39
84.09.00
84.10.01
84.10.04
84.10.06
84.10.09
84.11.09
84.12.00
84.13.09
84.15.11
84.15.20
84.15.31
84.15.39
84.17.20
84.18.21
84.18.22
84.18.24
84.18.25
84.18.29
84.19.01
84.19.02
84.19.03
84.22.03
84.22.04
84.22.09
84.23.01
84.23.02
84.23.03
84.23.04
84.23.09
84.25.01
84.40.12
84.40.14
84.40.19
84.40.21
84.40.29
84.51.01
84.51.09
84.52.01
84.52.02
84.52.03
84.52.09
84.53.00
84.54.01
84.54.09
84.55.01
84.55.02
84.55.09
84.56.01
84.56.09
84.58.00
84.59.24
84.59.26
84.59.29
84.61.09

84.62.00	85.20.00	90.20.00	93.02.00
84.63.03	85.21.01	90.21.00	93.03.00
84.63.09	85.21.09	90.23.01	93.04.03
84.64.00	85.22.20	90.23.02	93.04.09
84.65.09	85.23.01	90.23.03	93.05.00
85.01.05	85.23.09	90.23.09	93.06.10
85.01.06	85.25.00	90.24.01	93.06.20
85.01.09	85.26.00	90.24.09	93.07.10
85.02.00	85.27.00	90.25.00	93.07.22
85.03.09	85.28.00	90.26.10	93.07.29
85.05.00	87.01.12	90.26.21	94.01.01
85.06.01	87.01.19	90.26.29	94.02.00
85.06.02	87.04.10	90.27.09	95.01.00
85.06.03	87.04.21	90.28.09	95.02.00
85.06.04	87.04.22	90.29.09	95.03.00
85.06.09	87.04.29	91.01.00	95.04.00
85.07.02	87.06.09	91.02.00	95.05.00
85.07.03	87.07.00	91.03.00	95.06.00
85.07.04	87.10.00	91.04.00	95.07.00
85.07.09	87.12.10	91.05.00	95.08.09
85.08.00	87.12.20	91.06.00	96.02.02
85.09.00	87.13.02	91.07.00	96.02.04
85.10.09	87.14.01	91.08.00	96.04.00
85.12.01	87.14.03	91.09.00	96.05.00
85.12.02	87.14.09	91.10.00	96.06.00
85.12.03	90.01.01	91.11.00	97.04.01
85.12.04	90.01.09	92.01.00	97.04.02
85.12.05	90.03.00	92.02.00	97.04.09
85.12.06	90.04.09	92.03.09	97.05.00
85.12.07	90.05.00	92.04.01	97.06.01
85.12.09	90.06.00	92.04.09	97.06.02
85.13.00	90.07.04	92.05.00	97.06.09
85.14.00	90.07.09	92.06.00	97.08.00
85.15.11	90.08.01	92.07.01	98.03.00
85.15.12	90.08.09	92.07.09	98.04.00
85.15.21	90.09.01	92.08.00	98.05.00
85.15.22	90.09.09	92.09.00	98.06.01
85.15.23	90.10.02	92.10.00	98.06.09
85.15.32	90.10.09	92.11.01	98.08.00
85.15.39	90.11.00	92.11.02	98.09.00
85.16.00	90.12.00	92.11.09	98.10.00
85.17.01	90.13.00	92.12.01	98.11.00
85.17.09	90.14.09	92.12.03	98.14.00
85.19.03	90.16.00	92.12.09	98.15.00
85.19.05	90.17.10	92.13.01	98.16.00
85.19.07	90.17.20	92.13.09	99.06.00
85.19.09	90.18.00	93.01.00	

3. gr.

Gjaldstofn innfluttra vara

Við innflutning gjaldskyldra vara er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1971. Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974 og byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1964 skal þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá sérstöku vörugjaldi í sama mæli hlutfallslega.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

4. gr.

Endursala til framleiðenda

Innflytjendur og aðrir, sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda, skulu við sölu á vörum, sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu, færa söluna á sérstaka sölureikninga eða -nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds.

III. KAFLI

Innlend framleiðsla.

5. gr.

Gjaldskyld innlend framleiðsla

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi eða fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

6. gr.

Gjaldstofn innlendra framleiðsluvara

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð en með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að meðtöldu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1971.

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 10% og 18%, sbr. 2. mgr. 1. gr., á 89,3% heildsöluverðsins en það svarar til 8,93% og 16,07% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Frádráttur

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Tilkynningarskylda

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda skattstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja tilkynningarskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrá um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

8. gr.

Reikningar og nótur

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða -reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

9. gr.

Bókfærð sala

Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

10. gr.

Frádráttur

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 6. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

11. gr.

Framtöl

Þeir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 7. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald, sem þeim ber að standa skil á. Greiðslum skal fylgja skýrsla á þar til gerðum eyðublöðum um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, sbr. 6. og 10. gr., og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

12. gr.

Gjalddagi

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu á árinu 1976 eru þrír. Gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. janúar til 5. maí er 1. júní 1976, gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 6. maí til 31. ágúst er 1. október 1976 og gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. september til 31. desember er 1. febrúar 1977.

Eindagi

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga en beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi hið sérstaka vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

1. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
2. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

14. gr.

Það hækkaða vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 5. maí 1976 skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal greitt af sölu eða annarri

afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 5. maí 1976 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 5. maí 1976.

Hafi innflytjandi fyrir 5. maí 1976 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til 4. maí, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 15. maí 1976.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 5. maí 1976 gegn fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða það hækkaða vörugjald sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal gilda frá 5. maí 1976 nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 5. júlí 1976.

15. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar vörugjaldsins hinn 5. maí 1976.

Ákvæði laga um verðlagsmál nr. 54/1960 um refsingar og viðurlög skulu gilda um brot gegn ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við á.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 77 23. desember 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, svo og I. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, um breyting á þeim lögum.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 346 22. júlí 1975 og reglugerð nr. 546 31. desember 1975, um breytingu á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1976.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Stjórnartíðindi B 18, nr. 121. Útgáfudagur 5. maí 1976.

Nr. 122. 224 13. apríl 1976.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Fjarðarár í Borgarfirði, Norður-Múlasýslu.

Hofströnd	3.26 %
Sólbakki	1.09 —
Desjarmýri	20.74 —
Hvannstóð	18.75 —
Hólalandshjáleiga	5.35 —
Hólaland	10.15 —
Grund I	5.07 —
Grund II	5.07 —
Gilsárvellir I og III	9.96 —
Gilsárvellir II	4.98 —
Hvoll	4.71 —
Jökulsá I	5.35 —
Bakki, Bakkagerði og Jökulsá II	5.52 —
Samtals	100.00 %

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. apríl 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Nr. 123. 13. apríl 1976.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Fjarðarár í Borgarfirði, Norður-Múlasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Fjarðarár í Borgarfirði.
Heimili þess og varnarþing er Borgarfjarðarhreppur í N.-Múl.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Fjarðará og þverám hennar, en þær eru: Hofströnd, Sólbakki, Desjamýri, Hvannstóð, Hólalandshjáleiga, Hólaland,

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Grund I, Grund II, Gilsárvellir I, Gilsárvellir II, Gilsárvellir III, Hvoll, Jökulsá, Bakki og Bakkagerði.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl-mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari verðar sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. apríl 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 107 30. maí 1974.

1. gr.

Við 1. tölulið 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður 1:

1. Alvarleg blóðþrýstingshækkun 30. flokkur J. (Diazoxidum NFN).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. apríl 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 125. 20. apríl 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs hjónanna Sveins Guðmundssonar, bónda frá Bjarnastaðahlíð og Þorbjargar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. apríl 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Sveins Guðmundssonar, bónda, frá Bjarnastaðahlíð og Þorbjargar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Guðrúnu Þ. Sveinsdóttur, kennara, til minningar um foreldra sína Svein Guðmundsson, bónda frá Bjarnastaðahlíð í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, f. 29. febrúar 1836, d. 18. ágúst 1914 og konu hans Þorbjörgu Ólafsdóttur, f. 1. nóvember 1846, d. 15. apríl 1906.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón króna 00/100 —. Það má aldrei skerða né heldur það fé, er sjóðnum kann að berast með gjöfum, áheitum og frjálsum framlögum.

Fé sjóðsins skal ávaxta í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, og/eða í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ættmenni og niðja ofangreindra Bjarnastaðahlíðarhjóna til háskólanáms.

Skal veita einum nemanda styrk úr sjóðnum 3ja hvert ár og verja til þess tilföllnum 3ja ára vaxtatekjum sjóðsins.

Falli styrkveiting niður skal úthlutunarfé lagt við höfuðstól.

4. gr.
Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum: Prófastinum í Skagafjarðarprófastdæmi, oddvita Lýtingsstaðahrepps og einum manni og öðrum til vara kjörnum af hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps eftir hverjar nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar, og skal leitast við að velja þá úr hópi niðja Bjarnastaðahlíðarhjóna.
Stjórnin skiptir með sér verkum, heldur fundargerðabók, er geymi skipulagsskrá sjóðsins og allt annað er honum við kemur.

5. gr.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarsjóðs Lýtingsstaðahrepps.

6. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

12. apríl 1976. Nr. 126.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælisgjafasjóð Elliheimilis Ísafjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. apríl 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælisgjafasjóð Elliheimilis Ísafjarðar.

1. gr.
Sjóðurinn heitir Afmælisgjafasjóður Elliheimilis Ísafjarðar.

2. gr.
Sjóðurinn er stofnaður á aldarafmæli Ísafjarðarkaupstaðar 1966, og er stofnfé hans kr. 20 000 — tuttugu þúsund krónur —, sem við hjónin afhendum forseta bæjarstjórnar Ísafjarðar í sparisjóðsbók við Útvegsbanka Íslands á Ísafirði.

3. gr.
Sjóðinn skal geyma og ávaxta á sem hagkvæmastan hátt þar til að hann hefur vaxið svo að hann, að áliti stjórnarinnar, geti byrjað starfsemi sína með útliti fyrir að hún geti haldið áfram án þess að fé skorti.

4. gr.
Tilgangur sjóðsins er að gleðja vistmenn Elliheimilis Ísafjarðar með gjöf á afmælisdegi þeirra hvers um sig.

5. gr.
Stjórn sjóðsins skal skipuð nefnd þeirri, sem á hverjum tíma stjórnar heimilinu fyrir hönd bæjarstjórnar og fái hún forstöðukonu heimilisins til aðstoðar við sig að velja gjafir með sér.

6. gr.
Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá þessa, svo og nöfn gjafþega og upphæðir gjafa til þeirra hvers um sig.

7. gr.

Reikningur sjóðsins skal gerður árlega og þess getið þar hve mörgum var gefið og tilfærð heildarverðupphæð, svo og vextir af sjóðnum, gjafir og aðrar tekjur ef einhverjar eru. Endurskoðun sjóðsins og reikninga hans fylgist með endurskoðun reikninga elliheimilisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Nr. 127. 13. apríl 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 40.74 hver kwst. til lýsingar.

A—2 Kr. 11.56 hver kwst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 5 892.00 á ári fyrir 25 m^2 gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 175.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m^2.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 40.74 hver kwst. til ljósa og kr. 9.33 hver kwst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 7.71 hver kwst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 62.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, ennfremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 7.70 hver kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 19.66 hver kwst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 6 491.00 hvert kw. upp að 50 kw. og kr. 3.33 hver kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 5 767.00 hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 3.14 hver kwst. sem er umfram 200 000 kwst.

C—4 Kr. 11.53 hver kwst., ef um meira en 30 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 12.12 hver kwst., fyrir búrekstur.

C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 1.48/1.34 hver kwst. og kr. 12 284.00 hvert kw.

C—7 Sérsamningur, Iðunn, gufuketill, verðið er háð svartolíuverði.

D. Hitun.

D—1 Kr. 2.42 hver kwst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en ½ klst. í senn.
D—2 Kr. 3.27 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Kr. 1.90 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
D—4 Kr. 1.41 hver kwst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.43 hver kwst. á tímabilinu 1. okt til 30. apríl.
D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.25 hver kwst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.
D—7 Sértaxti til upphitunar kr. 1.93 hver kwst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 5.26 hver kwst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kwst. á ári.
E—2 Kr. 6.83 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
E—3 Kr. 3.33 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
E—4 Kr. 3.97 hver kwst. til súgþurrkunar.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 3.62 hver kwst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árslegu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. kr.	30—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kwst.-mælar	595.00	734.00	798.00		
3-fasa kwst.-mælar	977.00	1 547.00	1 994.00	3 321.00	7 304.00
Tvígj.- og mestastr. mælar		1 994.00	3 321.00	5 348.00	10 708.00
Skiptirofar/skiptiklukkur .		2 465.00			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr/m.	Lengdargjald Loftlína kr/stólpi	Umframgjald Loftlína kr/stólpi
25 A 1-fasa	—	6 600.00	—	Innif.	12 000.00
25 A 3-fasa	—	9 700.00	—	—	17 000.00
63 A 1-fasa	48 400.00	9 700.00	Innif.	—	17 000.00
63 A 3-fasa	52 800.00	11 200.00	—	—	18 700.00
110 A 3-fasa	66 000.00	13 300.00	—	—	23 000.00
200 A 3-fasa	37 500.00	—	2 750.00	—	—
315 A 3-fasa	114 000.00	—	3 750.00	—	—
300 KVA 3-fasa	303 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
500 KVA 3-fasa	484 000.00	—	—	—	—
800 KVA 3-fasa	787 000.00	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugagjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarskassa eða stofntengikassa í hitaveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengs-heimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 600.00.

   Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 600.00 og sett viðeigandi vör.

Söluskattur og verðjöfnunargjald, svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 71 17. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 7. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	42.00 á kWst.
12.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	12.50 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	210.00 á m^2 á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	78.00 á m^2 á ári
13.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	12.50 á kWst.
14.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	21.00 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

21.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Orkugjald	—	9.50 á kWst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	840.00 á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft en 25 m^2 eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð.		
22.	Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	9.50 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

31. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 21.00 á kWst.
Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra.

32. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.20 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 32 544.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kw. ..... — 10 848.00 á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir 15 mín.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW.

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.20 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 28 080.00 á ári
Aflgjald af uppsettum kw. í málraun véla umfram 2 kw. ..... — 8 616.00 á kw. á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 5.78 á kWst.

42. Til húshitunar, roftími 2×1½ klst. á dag. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 2.42 á kWst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.45 á kWst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 2.84 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun hitunar sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 678.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 1 524.00 á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 A og til 100 A ..... — 1 704.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ málraun		Heimtaugargjald kr.	Yfirlangdargjald Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A	1-fasa	53 110	1 740	18 480
63 A	3-fasa	57 460	1 740	22 560
100 A	3-fasa	68 340	1 960	28 800
200 A	3-fasa	110 140	2 630	
315 A	3-fasa	229 620	3 680	
300 KVA	3-fasa	321 470	Samkv. kostn.	
500 KVA	3-fasa	532 660	—	
800 KVA	3-fasa	852 600	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir.

63 A 1-fasa kr. 11 500.00. 63 A 3-fasa kr. 15 800.00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir rafmagnsnotkun um heimtaug skal vera kr. 5 960.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 840.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 840.00 til rafveitunnar.

Söluskattur, verðjöfnunargjald svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskránni, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi, sbr. og heimild í auglýsingu nr. 67/1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 281 30. maí 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 13. apríl 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 129. 27. apríl 1976.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976:

Óverkaður saltfiskur		
Stórfiskur nr. I	kr.	278.00.
Millifiskur nr. I	—	266.00.
Smáfiskur 40/60 nr. I	—	225.00.
Smáfiskur 60/100 nr. I	—	200.00.

Verð þessi eru fob. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök

15/20	kr.	230.00.
21/25	—	222.00.
26/30	—	214.00.
31/35	—	206.00.
36/40	—	198.00.

Verð þessi eru cif. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. apríl 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

21. apríl 1976. Nr. 130.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Kópavogi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Kópavogi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu allt að 550 m^3	8.0%
Sama, rými umfram 550 m^3	12.0%
Raðhús og tvíbýlishús	6.0%
Fjölbýlishús	2.0%
Iðnaðarhús í skálabyggingu á einni hæð stærra en 2000 m^2	3.0%
Sama, stærð undir 2000 m^2	3.5%
Verslunar- og skrifstofuhús	6.0%
Annað húsnæði	4.0%
Allar byggingar á miðbæjarsvæði	10.0%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki skal aldrei teljast minni að rúmmáli en flatarmál hennar margfaldað með 3.30.

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt á sömu lóð skal lækka gjald skv. 2. gr. vegna nýja hússins um allt að kr. 925 000.00 eftir mati byggingarnefndar. Upphæð þessi er miðuð við byggingarvísitölu 1881 stig og breytist í samræmi við hana. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 2. gr.

4. gr.

Gjald samkv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

5. gr.

Gjald skal áætla, þegar lóðarúthlutun fer fram og skal greiða 75% þess innan eins mánaðar frá úthlutun. Eftirstöðvar falla í gjalddaga, þegar byggingarleyfi er veitt og skal greiða það eigi síðar en innan eins mánaðar frá gjalddaga.

Þegar byggt er á eignarlóð, áður veittri lóð eða eldra hús er stækkað, skal greiða allt gjaldið þegar byggingarleyfið er veitt.

Bæjarráði er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar og veita greiðslufrest, ef um er að ræða umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila.

6. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 5. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarráð þá úthlutað lóðinni á ný.

7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ. e. sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er bæjarráði að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum. Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innstæðu hans frá því lóðinni var skilað eða hún af honum tekin.

8. gr.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá því 75% greiðslan skv. 5. gr. er innt af hendi og til þess dags, sem teikning er samþykkt skal umreikna þá greiðslu í sama hlutfalli og breyting á byggingarkostnaði hefur orðið. Umreikningur þessi skal þó aldrei valda meiri breytingu en svarar til breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins innan þess tímafrests, sem úthlutunarskilmálar veita til þess að leggja fram teikningar til samþykktar í byggingarnefnd.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar skal reikna gjaldið að nýju en áður greitt gjald kemur þá til frádráttar þ. e. sama krónutala og greidd hafði verið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 1. janúar 1978 skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Af bílageymslum, sem reistar eru við hús, sem samþykkt voru í byggingarnefnd fyrir 23. sept 1966 skal aðeins greiða hálft gjald, og ekkert, ef húsið var samþykkt fyrir 21. ágúst 1962.

Af stækkun húsa, sem samþykkt voru fyrir 21. ágúst 1962 skal ekki greiða gjald, ef á hinni samþykktu teikningu er gert ráð fyrir stækkuninni.

II. KAFLI

Gatnagerðargjöld B.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

9. gr.

Af öllum húsum, nýbyggingum og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Kópavogi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

10. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1.0%
Raðhús og tvíbýlishús	0.7%
Fjölbýlishús	0.4%
Atvinnuhúsnæði	0.7%

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og skv. 2. gr.

11. gr.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í bygginganefnd.

12. gr.

Gatnagerðargjald skv. 10. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða 66% gjaldsins með þremur jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu 3 ár á eftir, enda séu þá greiddir venjulegir vixilvextir af eftirstöðvunum á hverjum tíma.

Bæjarráði er heimilt að veita afslátt og/eða rýmri greiðslufrest, þegar um er að ræða fasteignir þeirra aðila, sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti sbr. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, svo og þegar greiða skal bæði A- og B-gjald samtímis.

13. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Blönduósi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Blönduóshreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald sem lagt er á vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum, og B-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja slitlag á götu og ganga frá gangstéttum.

3. gr.

Gatnagerðargjald, A-gjald, skal greiða af öllum byggingarlóðum, sem úthlutað er, og telst lóðinni ekki úthlutað og til umráða fyrir lóðarbeiðanda fyrr en greiðslu gjaldsins er lokið.

Gjaldið skal miðað við rúmmetra húss. Miða skal við utanmál húsa og lofthæð 2,70 á íbúðarhúsum. Það skal ákveða sem hluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands 1. júlí ár hvert, svo sem hér segir:

Einbýlishús	0,35%
Tvíbýlishús, raðhús	0,28%
Fjölbýlishús	0,20%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	0,35%
Iðnaðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði	0,20%
Opinberar byggingar	0,35%
Önnur hús eftir nánari ákvörðun hrepps	0,2—0,4%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald.

Gjald skal einnig greiða af óbyggðum byggingarlóðum við götur þær sem innheimt er A- og B-gjöld.

Gjald skal miðað við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miðað við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miðað við eftirtaldar lágmarksstærðir.

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu	500 m³
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggt einbýlishús	400 m³ hver íbúð
Fjölbýlishús	300 m³ hver íbúð
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	1000 m³ hver íbúð
Annað húsnæði	1500 m³ hver íbúð

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni lægri lofthæð.

Framangreindar reglur gilda, er hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gatnagerðargjald vegna varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal greiða af fasteignum, þar sem þegar hefur verið lagt á varanlegt slitlag og/eða gangstétt á undanförnum 5 árum. B-gjald skal lagt á samkvæmt sömu reglu og A-gjald, og vera sem hér segir:

Eibýlishús	3,25%
Tvíbýlishús, raðhús	2,52%
Fjölbýlishús	1,80%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,25%
Iðnaðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði	1,80%
Opinberar byggingar	3,25%
Önnur hús eftir nánari ákvörðun hrepps	1,80—3,60%

5. gr.

Gjöld samkv. 3. og 4. gr. breytast árlega samkv. vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er 1. júlí ár hvert.

6. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalda er, þegar lokið er lagningu bundins slitlags eða gangstéttar, að frátöldu A-gjaldi sem greiðast á við lóðarúthlutun. Gjalddagi gatnagerðargjalda af húsum sem standa við götur, sem hafa nú þegar bundið slitlag er 14 dögum eftir birtingu reglugerðar þessarar.

7. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er þann 1. júlí, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan á verki stendur, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um ræðir.

8. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald verið greitt af lóð, og skal það gjald þá koma til frádráttar með álagi samkvæmt breytingu á vísitölu, sem orðin er frá því að greitt var, enda hafi gjaldið verið ætlað til framkvæmda við bundið slitlag á götu.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist út á gjalddaga, sbr. 6. gr. en eftirstöðvar með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 20% gjaldsins uns gangstétt hefir verið lögð við hús hans. Ef gangstétt er lögð að hluta, má halda eftir greiðslu á 10% gjaldsins.

10. gr.

Hreppsnefnd getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef ástæður eru bágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gatnagerðargjöld álögð samkvæmt reglugerð þessari á hús þau, sem standa við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi, skal miða við byggingarvísitölu 1. júlí s. l.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 132.

REIKNINGUR

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðardóttur.

Eignir:

Innstæða í Söfnunarsj. aðaldeild nr. 456	kr.	32 385.00
Samtals	kr.	32 385.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	29 176.00
Vaxtatekjur	—	3 209.00
Samtals	kr.	32 385.00

Nr. 133.

REIKNINGUR

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans; Stefán, Ólafíu, Elísabet, Sveinbjörn og Steinunni.

Eignir:

Innstæða í sparisj.bók nr. 60749 Búnaðarb.	kr.	40 731.00
Samtals	kr.	40 731.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	35 112.80
Vaxtatekjur	—	5 618.20
Samtals	kr.	40 731.00

Nr. 134.

REIKNINGUR

Minningargjöf um Hans Wíum, sýslumann.

Eignir:

Innstæða á Landsbankabók nr. 5468	kr.	21 885.00
Samtals	kr.	21 885.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	18 867.00
Vaxtatekjur	—	3 018.00
Samtals	kr.	21 885.00

Nr. 135.

REIKNINGUR

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5469	kr.	44 864.00
Samtals	kr.	44 864.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	38 676.00
Vaxtatekjur	—	6 188.00
Samtals	kr.	44 864.00

Nr. 136.

REIKNINGUR

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5462	kr.	28 576.00
Samtals	kr.	28 576.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	24 635.00
Vaxtatekjur	—	3 941.00
Samtals	kr.	28 576.00

Nr. 137.

REIKNINGUR

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5467	kr.	96 715.00
Samtals	kr.	96 715.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	83 375.00
Vaxtatekjur	—	13 340.00
Samtals	kr.	96 715.00

REIKNINGUR

Minningargjöf um Gísla Oddsson, skipstjóra.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5466	kr.	80 622.00
Samtals	kr.	80 622.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	69 502.00
Vaxtatekjur	—	11 120.00
Samtals	kr.	80 622.00

Nr. 139.

REIKNINGUR

Sjóður Guðlaugar Jónsdóttur og Guðjóns Björnssonar.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5471	kr.	450 013.00
Samtals	kr.	450 013.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	387 943.00
Vaxtatekjur	—	62 070.00
Samtals	kr.	450 013.00

Nr. 140.

REIKNINGUR

Sjóður Marsibilar Illugadóttur.

Eignir:

Innstæða í Landsbankabók nr. 5463	kr.	107 651.00
Samtals	kr.	107 651.00

Skuldir:

Hrein eign 1/1 '75	kr.	92 803.00
Vaxtatekjur	—	14 848.00
Samtals	kr.	107 651.00

Reykjavík, 16. janúar 1976.

María Sigurðardóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 22. janúar 1976.

Vilborg Gunnlaugsdóttir. Sigr. Brynjólfsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

1. **flokkur:** Gjald kr. 6 000.00,
handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.

2. **flokkur:** Gjald kr. 12 000.00,
jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúningsvélar, múgavélar, færibönd, súgþurrkunarblásarar, rafgirðingar, garðsláttuvélar, drykkjarker.

3. **flokkur:** Gjald kr. 18 000.00,
áburðardreifarar, talíur, dælur, sniglar, ámoksturs- og hleðslutæki, sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindivélar, heyflutningsblásarar, flokkunarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunartæki til þurrkunar.

4. **flokkur:** Gjald kr. 24 000.00,
gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heyþurrkunarkerfi.

5. **flokkur:** Gjald kr. 30 000.00,
traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornþreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfelli.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um Rannsóknastofnun landbúnaðarins og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. apríl 1976.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

29. apríl 1976. Nr. 142.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá byrjun loðnuvertíðar til 29. febrúar 1976 annars vegar og frá 1. mars til loka loðnuvertíðar 1976 hins vegar.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá byrjun loðnuvertíðar til 29. febrúar 1976 annars vegar og frá 1. mars til loka loðnuvertíðar 1976 hins vegar:

Byrjun vertíðar til 29. febrúar 1976:

Loðnumjöl, $ 4.99 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 325.00 fyrir hverja lest.
Verðbil fyrir loðnumjöl verður ekkert, en fyrir loðnulýsi 5%.
Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ = 170.90.
Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

1. mars til loka vertíðar 1976:

Loðnumjöl, $ 5.37 á próteineiningu í lest.
Loðnulýsi, $ 325.00 fyrir hverja lest.
Verðbil fyrir loðnumjöl verður ekkert, en fyrir loðnulýsi 5%.

Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ = 170.90.
Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 143. 28. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 98 24. mars 1975 fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Hitaveitan hefir eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum og lögnum að vatnsmæli eða rennslishemli og telst dreifikerfið ná þangað og vera eign hitaveitunnar. Á langir sínar innanhúss, leggur hitaveitan til stofnloka, síur og stýrihemla.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 144. 28. apríl 1976.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 97 24. mars 1975.

2. gr. orðist þannig:
Gjöld samkv. 3. grein breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir í upphafi hvers árs.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvar í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði, fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði eins rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi svo og önnur erindi afgreidd í byggingarnefnd, sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðast eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 12 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélagsins vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni.

Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

1.	Einbýlishús á einni hæð	2.0%
2.	Einbýlishús á tveimur hæðum og tvíbýlishús	1.7%
3.	Raðhús á einni hæð	1.4%
4.	Raðhús á tveimur hæðum og fjölbýlishús með 3—4 íbúðum	1.2%
5.	Fjölbýlishús og bílgeymslur	0.8%
6.	Verslunar- og skrifstofubyggingar, opinberar byggingar	2.0%
7.	Iðnaðarhúsnæði, vörugeymslur, annað húsnæði	0.8%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld skv. 11. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er í upphafi þess árs sem lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu, sbr. þó 13. gr.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi fyrir gildistöku reglugerðarinnar eins og lög heimila og skal gjaldið miðað við þá vísitölu sem í gildi er í upphafi árs 1976.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu. Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum, og skulu eftirstöðvarnar bera 10% vexti er greiðist eftir á.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af gatnagerðargjaldi skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók á hverjum tíma.

15. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

16. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.

b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 15. gr.
c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

17. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 220. 26. maí 1976.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á skreið fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á skreið fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976:

Þorskur:			
Saga IG/IM	kr.	814.50	pr. kg fob.
Edda 20/40	—	699.80	— — —
Edda 30/up	—	699.80	— — —
Astra 20/40	—	614.70	— — —
Astra 30/up	—	671.35	— — —
Polar	—	614.70	— — —
Ufsi:			
Astra 20/40	kr.	450.80	pr. kg fob.
Astra 30/up	—	507.00	— — —
Polar	—	478.90	— — —

Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um framleiðslu, eftirlit og útflutning á lagmeti.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Lagmeti eru matvæli, sem lögð eru í loftþéttar umbúðir (úr málmi, gleri eða plasti), í þessari reglugerð aðeins matvæli unnin úr sjávarafurðum.

Niðurlagt lagmeti er lagmeti, sem rotvarið er með salti, sykri, sýrum eða öðrum rotvarnarefnum eða reykingu.

Niðursoðið lagmeti er lagmeti, sem soðið er á viðeigandi hátt til þess að fyrirbyggja skemmdir af völdum gerla, sveppa eða gerhvata.

Viðbótarefni eru hvers konar efni, sem sett eru í lagmeti til þess að bæta útlit þess, bragð, gerð eða næringargildi, auðvelda vinnslu eða auka geymsluþol.

Þrýstisuða er suða í vatni eða gufu í lokuðu rými við hitastig hærri en 100°C og samsvarandi þrýstingi.

Þrýstisjóðari er málmhylki gert til þess að þrýstisjóða lagmeti annaðhvort með vatni eða gufu, að viðbættum nauðsynlegum yfirþrýstingi.

Yfirþrýstingur er sá þrýstingur, sem hafður er í þrýstisjóðara framyfir þann eðlilega þrýsting, er samsvarar hitastigi vatnsgufunnar.

Eftirlit eru reglubundnar skoðanir og sýnataka til þess að fylgjast með framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum lagmetisverksmiðju og meðferð og gæðum hráefna og framleiðsluvöru á öllum stigum vinnslu og geymslu.

„Lot" er magn vöru, og getur þar verið um að ræða eina sendingu „party", „shipment", eða framleiðslu eins dags, eða einnar vaktar.

Alþjóðastaðlaskrá, Codex Alimentarius, eru reglur um framleiðslu hvers konar matvæla, ásamt stöðlum um gerð þeirra, gæði og merkingu, viðbótarefni í þeim, rannsóknir á þeim og mat. Reglur þessar eru settar af Alþjóðastaðlaskrárráðinu, Codex Alimentarius Commission, þar sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI

Lagmetisverksmiðjur.

2. gr.

Um hús og búnað lagmetisverksmiðja gilda eftir því sem við á, sömu ákvæði og um hraðfrystihús, sömuleiðis um vatn það, sem verksmiðjurnar nota og um hreinlætistæki, klæðnað, aðbúnað og heilbrigði starfsfólks.

3. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu, auk viðeigandi geymsluklefa fyrir hráefni, hafa kæliklefa til geymslu á niðurlögðu lagmeti við 2—5°C, og geymslu fyrir niðursoðið lagmeti 15—20°C heita, aðra hvora eða báðar, eftir því hver framleiðslan er.

4. gr.

Þrýstisjóðarar í lagmetisverksmiðjum skulu gerðir fyrir yfirþrýsting. Þeir skulu vera undir opinberu eftirliti á sama hátt og gufukatlar, sbr. lög um öryggisráðstafanir

á vinnustöðum nr. 23/1952. Á þrýstisjóðurum skulu vera þrýstimælar og hitamælar af viðeigandi gerð, ásamt sjálfrita fyrir þrýsting og hitastig.

5. gr.

Lagmetisverksmiðjur skulu hafa vottorð frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða um, að þær fullnægi settum skilyrðum til framleiðslu. Nefnast þetta vinnsluvottorð og endurnýjast þau árlega, en auk þess í hvert sinn, sem gerðar eru breytingar eða viðbætur á húsum eða búnaði verksmiðjanna.

III. KAFLI

Framleiðsla lagmetis.

6. gr.

Hráefni, sem nota á í lagmeti, skal vera ógallað og heilnæmt. Það skal háð eftirliti Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

7. gr.

Um tegund og magn viðbótarefna í lagmeti skal farið eftir þeim reglum, sem gilda á hlutaðeigandi erlendum markaði. Annars ber að fara eftir sérkröfum kaupenda, ef einhverjar eru, en þær verða að vera skjalfestar og afhendast Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í ljósriti.

8. gr.

Umbúðir, sem notaðar eru fyrir lagmeti, skulu uppfylla þær kröfur um efni og gerð, sem gildandi eru á erlendum mörkuðum. Skal notkun umbúðanna háð samþykki Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

9. gr.

Merking umbúða skal hverju sinni vera í samræmi við kröfur viðkomandi viðskiptalands, en lágmarkskröfur eru þessar: Smásöluumbúðir (dósir, glös o. s. frv.), sem notaðar eru fyrir lagmeti, skulu greinilega merktar með áprentuðum miðum eða steinprenti. Tilgreind skal tegund vörunnar og nettóþyngd og seljandi vörunnar, auk þess framleiðandi vörunnar, framleiðsluland og framleiðsludagur. Framleiðanda og framleiðsludag má tilgreina með dulmerki (code), og skal dulmerkið tilkynnt Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Dósir án steinprents skulu merktar á botni með orðinu ICELAND. Á ytri umbúðum (pappakössum) skal standa að minnsta kosti heiti vörunnar og magn í kassa (nettóþyngd einingar og einingafjöldi), nafn seljanda og nafn eða merki viðtakanda. Ef um niðurlagt lagmeti er að ræða skal á öllum umbúðum standa skýrum stöfum, að varan skuli geymd við kælingu, heimilt er að tiltaka nánar að geymsluhitinn skuli vera 2—5°C.

10. gr.

Í hverri lagmetisverksmiðju skal færa framleiðsluskýrslu í þríriti, þar sem skráð er daglega tegund og magn framleiðslu, tegund umbúða, prófanir gerðar á staðnum og sýni send til rannsókna. Annað afritið sendist Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en hitt Sölustofnun lagmetis. Frumritið geymir verksmiðjan ásamt tilheyrandi línuritum frá þrýstisjóðurum greinilega merktum. Skrá skal einnig í skýrsluna ef truflanir verða á vinnslunni, bilanir, rafmagnsskortur, gufuskortur, vinnutafir o. s. frv. Í geymslu verksmiðjunnar skal fullunnu vörunni staflað eftir tegundum og framleiðsludögum, þannig að alltaf sé auðvelt að sjá aldur vörunnar og finna ákveðna framleiðsludaga.

IV. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur með höndum eftirlit með lagmetisverksmiðjum á Íslandi, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með framleiðslu þeirra. Starfsmenn Framleiðslueftirlitsins fylgjast með hreinlæti í verksmiðjunum og hráefni. Skrá þeir athugasemdir sínar í framleiðsluskýrslu verksmiðjunnar ásamt nafni sínu í hvert sinn, sem þeir koma þar til eftirlits.

12. gr.

Taka skal reglulega sýni af framleiðslu lagmetisverksmiðjanna og senda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, einnig af hráefni og vatni þeirra, þegar ástæða þykir til. Reglubundna sýnatöku af framleiðslunni annast matsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða á staðnum, og eru þá tekin sýni af hverju „lot" samkvæmt töflunni í 13. gr. Framleiðslueftirlitið má fela verkstjóra lagmetisverksmiðju eða trúnaðarmanni hans daglega sýnatöku. Eru þá tekin sýni af hverri suðu, þegar um niðursoðið lagmeti er að ræða, en af niðurlögðu lagmeti eru tekin sýni 2—3 sinnum á dag. Reynist þessi sýnataka ekki fullnægjandi tekur Framleiðslueftirlitið viðbótarsýni samkvæmt töflunni í 13. gr. Allar óskir um sýnatöku starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða skulu bornar fram við þá stofnun.

13. gr.

Fjöldi sýna, sem taka skal af lagmeti, fer eftir reglum Alþjóðastaðlaskrárinnar (CAC/RM 42—1969). Er fjöldi sýna þar miðaður við fjölda eininga í „lot" vörunnar. Í reglum þessum er einnig tilgreindur leyfilegur hámarksfjöldi sýna, er metast óhæf. Er þá aðeins miðað við þá galla, sem finnast við skynmat (á útliti, bragði, lykt, gerð) eða við mælingar á nettóþyngd, magni viðbótarefna o. s. frv. Sýnatökutöflur Alþjóðastaðlaskrárinnar eru þessar:

Sýnatökutöflur Codex Alimentarius fyrir matvæli í neytendaumbúðum.

Nettóþyngd einingar minni en 1 kg (2.2 lb.)

Einingafjöldi í heildarmagni	Fjöldi sýna	Hámarksfjöldi ótækra sýna
4 800 eða færri	6	1
4 801— 24 000	13	2
24 001— 48 000	21	3
48 001— 84 000	29	4
84 001—144 000	48	6
144 001—240 000	84	9
Fleiri en 240 000	126	13

Nettóþyngd einingar 1—4.5 kg (2.2—10 lb.)

Einingafjöldi í heildarmagni	Fjöldi sýna	Hámarksfjöldi ótækra sýna
2 400 eða færri	6	1
2 401— 15 000	13	2
15 001— 24 000	21	3
24 001— 42 000	29	4
42 001— 72 000	48	6
72 001—120 000	84	9
Fleiri en 120 000	126	13

14. gr.

Komi fram við ofanskráðar sýnatökur á lagmeti, gallar svo sem bólgnar dósir eða lekar, þá skal Framleiðslueftirlit sjávarafurða taka miklu stærri sýni af hinni grunuðu vöru. Skal miðað við að þessir gallar séu útilokaðir í meiru en 1% vörunnar.

15. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er skylt að tilkynna hlutaðeigandi verksmiðju tafarlaust ef eitthvað finnst athugavert við framleiðslu hennar. Auk þess skal Rannsóknastofnunin alltaf senda verksmiðjunum nákvæma skriflega skýrslu um niðurstöður hverrar rannsóknar svo fljótt sem auðið er, og samtímis sendist afrit af skýrslunni til Sölustofnunar lagmetis.

16. gr.

Lagmeti, sem flutt er út frá Íslandi, skal fylgja vottorð frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um það, að varan sé góð og heilnæm og hafi tilskilið geymsluþol. Vottorð þetta skal ekki gefið út fyrr en í fyrsta lagi 2 vikum eftir að sýni af vörunni hafa borist til stofnunarinnar. Rannsóknastofnunin skal einnig ganga úr skugga um, að varan fullnægi reglum viðtökulandsins og sérkröfum kaupandans ef einhverjar eru. Sölustofnun lagmetis er skylt að tilkynna hlutaðeigandi verksmiðju og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um allar kvartanir, sem frá kaupendum kunna að berast.

17. gr.

Sölustofnun lagmetis er skylt að tilkynna Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með nægum fyrirvara í hvert skipti sem útskipun lagmetis á að fara fram. Tilkynningum þessum skulu fylgja eftirtaldar upplýsingar.

Vörutegund (erlent heiti).
Magn vöru: Kassafjöldi, einingar í kassa, nettóþyngd einingar.
Framleiðandi vörunnar og framleiðsludagur.
Merki vörusendingar.
Kaupandi vörunnar og viðtökuland.
Útskipunarhöfn, útskipunardagur og flutningsskip.
Útflytjandi vörunnar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Kostnað af eftirliti Framleiðslueftirlits sjávarafurða með lagmetisverksmiðjunum og af sýnatöku hjá þeim, svo og kostnað af rannsóknum sýna hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, greiði Sölustofnun lagmetis eftir gjaldskrá, sem staðfest er af viðkomandi ráðuneyti. Fé til greiðslu þessa kostnaðar tekur sölustofnunin sem hundraðshluta af útflutningsverði lagmetis, þó aldrei meira en 0.2% fob-verðs.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetis og öðlast þegar gildi nema II. kafli hennar um lagmetisverksmiðjur, sem taki gildi hinn 20. maí 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 20. maí 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1976:

5x5 lbs. í skel garndreginn.	U.S. $ á lb. cif, U.S.A.
7—9	6.21
9—12	5.90
12—15	5.59
15—18	4.82
18—24	4.24
24—30	3.83
30—45	2.95

5x3 kg í skel með görn.	U.S. $ á lb. cif, U.S.A.
7—15	5.17
10—20	5.17
15—30	4.03
20—35	4.03
30—40	2.90
30—45	2.90
35—60	1.49
45—60	1.49

5x3 kg í skel með görn.	Ítölsk líra á lb. cif, Milano
35—60	1 270
45—60	1 270

6x5 lbs. í skel með görn.	U.S. $ á lb. cif, U.S.A.
7—9	5.59
9—12	5.31
12—15	5.03
15—18	4.34
18—24	3.82
24—30	3.45

Viðmiðunarverð miðast við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar ($ 1 = 180.40) og Lírum (Lit. 100 = 21.02) 14. maí 1976.

Verðbil verður 4%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. maí 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

B 48

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	80.00
Einstakir miðar, börn	—	30.00
10 miða kort, fullorðnir	—	550.00
10 miða kort, börn	—	180.00
Gufubað	—	160.00
Leiga á handklæðum og skýlum	—	60.00
Sundnámskeið, 20 st. fullorðnir	—	2 000.00
Sundnámskeið, 20 st. börn	—	1 250.00

Íþróttafélög:

16 ára og eldri, 10 miðar	kr.	250.00
Yngri en 16 ára	—	150.00

Börn innan 5 ára, sem koma í umsjá fullorðinna, fá ókeypis aðgang.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 240 23. maí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 224. 1. júní 1976.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 31. október 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. maí til 31. október 1976.

Spærlingsmjöl $ 5.50 á proteineiningu í lest.
Kolmunnamjöl $ 5.50 á proteineiningu í lest.

Verðbil verður 3%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Verðin miðast við cif, og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1.00 = kr. 182.10.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 215/1973, um Tækniskóla Íslands.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Inngönguskilyrði.

Inngönguskilyrði eru bæði verkleg og bókleg.

Verkleg inngönguskilyrði í sérgreinadeildir (byggingar (B), rafmagn (R), vélar (V)):

a) Sveinspróf í samræmi við skrá um þær tegundir sveinsprófa sem gilda fyrir hverja sérgreinadeild;
eða:

b) ekki skorti annað né meira en níu mánaða starfsreynslu á að umsækjandi hafi rétt til þess að ganga undir sveinspróf, að mati iðnskóla á stað viðkomandi sérgreinadeildar. Heimilt er iðnskóla að láta umsækjanda ganga undir próf til að sanna verk- og fagkunnáttu sína;
eða:

c) starfsreynsla eftir grunnskólapróf (gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla) sem er nægjanleg til að umsækjandi geti til jafns við þá, sem fullnægja skilyrðum a) eða b), tileinkað sér námsefni viðkomandi sérgreinadeildar, enda sé hann fullra 24 ára. Heimilt er rektor að fela iðnskóla á stað viðkomandi sérgreinadeildar að prófa verkkunnáttu umsækjanda.

Um verkleg inngönguskilyrði í aðrar deildir skólans eða vegna sérstakra verkefna fer eftir námsskrá eða öðrum sérstökum reglum sem menntamálaráðuneytið staðfestir.

Áður en nemandi er brautskráður úr sérgreinadeild getur skólanefnd krafist þess, að nemandinn ljúki sveinsprófi í tiltekinni iðngrein, eða afli sér ákveðinnar viðbótarstarfsreynslu, ef fyrri verkmenntun hans telst ekki að öllu leyti viðeigandi.

Bókleg inngönguskilyrði.

Undirbúningsdeild:

d) Að fullnægt sé skilyrðum samkvæmt a)- eða b)-lið þessarar greinar. Þó má umsækjanda vanta níu mánaða starfsreynslu á að fullnæga skilyrði b)-liðar;
eða:

e) lokapróf iðnskóla í almennum greinum eða sambærilegt nám að mati deildarstjórnar, enda verði umsækjandi 20 ára á almanaksárinu;
eða:

f) grunnskólapróf (gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla), enda verði umsækjandi 22 ára á almanaksárinu.

Raungreinadeild:

Lokapróf undirbúningsdeildar eða annað nám, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir nám í raungreinadeild með hliðsjón af framangreindum skilyrðum til inngöngu í undirbúningsdeild.

Tæknasvið í B, R eða V:

Lokapróf undirbúningsdeildar eða sambærilegt nám.

Tæknifræðisvið í B, R eða V:

Lokapróf í raungreinadeild eða sambærilegt nám.

Um bókleg inngönguskilyrði í aðrar deildir (önnur svið) eða vegna sérstakra verkefna fer eftir námsskrá eða öðrum sérstökum reglum, sem menntamálaráðuneytið staðfestir.

Ef aðsókn að námi í undirbúnings- eða raungreinadeild verður meiri en skólinn getur annað, skulu þeir, sem þegar fullnægja verklegum inngönguskilyrðum í sérgreinadeildir, ganga fyrir um skólavist að öðru jöfnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi. Þó skal á árinu 1976 einnig heimilt að innrita nemendur samkvæmt óbreyttum ákvæðum 12. gr. reglugerðar nr. 215 21. júní 1973.

Menntamálaráðuneytið, 28. maí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 226. 30. apríl 1976.

REGLUGERÐ

fyrir Fósturskóla Íslands.

I. KAFLI
Hlutverk skólans.

1. gr.

Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík. Skólinn er jafnt fyrir karla og konur.

2. gr.

Hlutverk Fósturskóla Íslands er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til sjö ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum.

Heimilt er að fela skólanum að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og skal þá setja um það sérstaka reglugerð.

3. gr.

Í starfsemi Fósturskólans skal stefnt að því að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum sem skólanum er ætlað að fást við og talin eru í 2. grein.

Leggja skal áherslu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til og á þann hagnýta grundvöll sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áhersla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

4. gr.

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálarfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana sem skólinn menntar starfslið til.

5. gr.

Skólinn skal annast endurmenntun fósturmenntaðs fólks. Skal sú fræðsla miðast annars vegar við upprifjun og endurhæfingu fólks sem ekki hefur verið í starfi um skeið og hins vegar við endurmenntun fólks í starfi.

Endurmenntun skal veitt á ýmsan hátt svo sem:

a. Einstakir fyrirlestrar eða fyrirlestraflokkar.
b. Samfelld námskeið í eina eða tvær vikur.
c. Kvöldnámskeið eitt eða fleiri kvöld í viku í nokkrar vikur.
d. Heimsóknir og fræðsla á vettvangi.
e. Stakir fræðslufundir með fólki í starfi.

6. gr.

Fela má skólum að annast framhaldsmenntun fyrir fósturmenntað fólk. Yrði slík framhaldsmenntun tvíþætt:

a. Stutt námskeið.
b. Árlangt nám sem einkum sé ætlað verðandi verknámskennurum, svo og stjórnendum barnaheimila.

Þar sem starfssvið Fósturskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands skarast skulu skólarnir hafa samvinnu um framhalds- og endurmenntun.

II. KAFLI
Stjórn skólans.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

8. gr.

Við skólann skal vera skólanefnd sem menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

Skólanefnd skal fylgjast með því að skólinn starfi samkvæmt lögum og reglum sem honum eru settar.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um húsnæði skólans og búnað. Skal þar farið eftir almennum reglum um skóla sem eru í gildi á hverjum tíma en auk þess tekið tillit til sérþarfa skólans.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólanefndar en skólastjóri skal áður hafa farið yfir umsóknir og gert tillögur um hverjir verði teknir í skólann.

Skólastjóri og skólaráð vísa til skólanefndar umsóknum um undanþágur frá einstökum þáttum námsins sem nemandi telur sig hafa lokið annars staðar. Ætlið skal bera undir skólanefnd ef til kemur með brottvikningu nemanda úr skóla, svo og meiri háttar frávik frá reglulegu námi.

Skólanefnd gerir tillögu til menntamálaráðherra um ráðningu skólastjóra.

Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðherra um ráðningu fastra kennara skólans en skólastjóri skal áður hafa gert tillögur til skólanefndar. Greini skólastjóra og skólanefnd á skal leggja tillögur skólastjóra fyrir menntamálaráðherra jafnframt tillögum skólanefndar.

Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Sé skólanefnd ósamþykk ráðningu einhvers stundakennara skal hún leggja fram rökstuddar tillögur um ráðningu annars í hans stað og er slík breyting háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Skólanefnd gerir árlega tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til skólans. Skulu þær tillögur byggjast á áætlun skólastjóra og liggja fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

Að öðru leyti starfar skólanefnd samkvæmt erindisbréfi er menntamálaráðuneytið setur.

Haldin skal gerðabók yfir fundi skólanefndar.

9. gr.

Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar við stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess en auk hans sitja í ráðinu tveir fastir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda. Skulu fulltrúar kennara kosnir á fyrsta kennarafundi hvers skólaárs og fulltrúar nemenda kosnir af nemendaráði á sama tíma, sbr. 10. grein. Kosning til skólaráðs gildir til eins árs í senn. Annar kennaranna í skólaráði skal vera verknámskennari. Meðan ekki eru a. m. k. tveir fastir kennarar við skólann má kjósa stundakennara í skólaráð ef hann kennir minnst níu stundir á viku við skólann.

Skólaráð skal hafa fastan fundardag í hverjum mánuði sem skólinn starfar en auk þess má kveðja það til fundar eftir þörfum.

Skólaráð fjallar um þau atriði skólastjórnar sem ekki falla beint undir skólastjóra eða skólanefnd samkvæmt reglugerð þessari og erindisbréfum. Skólastjóri getur auk þess leitað ráða hjá skólaráði um önnur atriði. Meðal verkefna skólaráðs er fyrirkomulag námsins innan hins almenna ramma skólans, undirbúningur stundaskrár og námsefnis næsta skólaárs, gerð próftöflu, svo og agabrot nemenda, þó skal vísa til skólanefndar tillögum um brottvikningu, sbr. 8. grein. Þá tekur skólaráð til meðferðar umsóknir um undanþágu frá eða frestun á einstökum þáttum námsins, sbr. þó 8. grein.

Haldin skal gerðabók yfir fundi skólaráðs.

10. gr.

Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð í upphafi hvers skólaárs, sbr. 9. grein. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

11. gr.

Skólastjóri hefur sem framkvæmdastjóri skólanefndar yfirumsjón með rekstri skólans, húsum hans og munum, sjóðum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum.

Skólastjóri skal hafa forystu um uppeldisverk skólans og bera ábyrgð á því að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skólanum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því að kennarar og aðrir starfsmenn ræki skyldur sínar.

Skólastjóri skal með aðstoð kennara fylgjast sem best með framförum, hegðun og iðni nemenda skólans og leiðbeina þeim eftir föngum.

12. gr.

Almennur kennarafundur allra kennara skólans skal haldinn í upphafi hvers skólaárs og síðan eins oft og þurfa þykir. Skólastjóri boðar til kennarafundar

þegar hann telur þörf á en auk þess er hann skyldur til að boða kennarafund ef þrír kennarar hið minnsta óska eftir því. Á almennum kennarafundi skal kynna ákvarðanir skólaráðs varðandi fyrirkomulag námsins og kennsluhætti, svo og almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmats. Ef meiri hluti fastra kennara er andvígur tillögum skólaráðs skal skólaráð fjalla um þær aftur og bera þær að nýju undir kennarafund. Kennarafundur getur einnig átt frumkvæði að því að mál komi til meðferðar skólaráðs eða skólanefndar.

Kennarafundur kýs við upphaf hvers skólaárs tvo kennara í skólaráð, sbr. 9. grein.

Rétt til að sitja kennarafundi hafa, auk kennara skólans og skólastjóra, skólalæknir og skólahjúkrunarkona, svo og ráðgjafi ef ráðinn verður að skólanum, þegar fjallað er um mál er varða starfssvið þeirra. Skólastjóri býr mál undir kennarafund en þó getur hver kennari og aðrir þeir, sem rétt hafa til fundarsetu, borið fram mál.

Halda skal gerðabók yfir fundina.

III. KAFLI

Inntaka nemenda í Fósturskólann.

13. gr.

Inntaka nemenda er í höndum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til hennar um það efni.

Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verslunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
2. Heimilt er að veita umsækjanda skólavist þótt hann fullnægi ekki kröfum 1. töluliðar með hliðsjón af hæfnisprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum sem skólinn menntar starfslið til. Skal við mat á slíkum umsóknum m. a. hafa í huga að umsækjandi hafi næga þekkingu, t. d. í íslensku og dönsku, til að geta tileinkað sér námsefni skólans.
3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

IV. KAFLI

Um nám, námstíma og námstilhögun.

14. gr.

Námstími í skólanum er þrjú ár og er námið bæði bóklegt og verklegt. Námstíminn skiptist í bóklegar og verklegar annir. Nemendum er skylt að mæta í kennslustundir nema veikindi eða önnur gild forföll hamli.

15. gr.

Annaskipti skulu vera sem hér segir:

1. ár: Námið hefst með bóklegri önn sem stendur frá miðjum september til jóla eða í 13—15 vikur. Að loknu jólafríi tekur við verkleg önn á stofnunum í 5 vikur. Námsárinu lýkur með bóklegri önn sem stendur í 13—15 vikur.

2. ár: Námið hefst um miðjan september með tveggja vikna bóklegu námskeiði, áheyrn og athugunum á uppeldisstofnunum fyrir börn á forskólaaldri. Frá 1.

október til og með 31. maí er verklegt nám á uppeldisstofnunum. Samið skal við viðkomandi aðila um laun nema á þessu tímabili.

3. ár: Námið er bóklegt, hefst um miðjan september og lýkur í maílok.

16. gr.

Hið verklega nám fer fram undir eftirliti og stjórn verknámskennara. Það fer fram á stofnunum sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir og skal neminn starfa á deild með fóstru.

Jafnhliða hinu samfellda, verklega námi á öðru námsári skulu nemendur fá verkefni til úrlausnar frá skólanum og koma saman til umræðufunda og náms a. m. k. einu sinni í mánuði.

Forfallist nemi á öðru ári frá verklegu námi lengur en 4 vikur lengist verklega námið sem því svarar.

17. gr.

Grunnmenntun sú, sem Fósturskólinn veitir, sbr. 2. og 3. grein, skiptist í uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálsgreinar og náttúrufræðigreinar, þar með taldar heilsufræðigreinar.

Heimilt er einnig að gefa kost á námi í öðrum greinum, t. d. erlendum tungumálum, ef þurfa þykir og aðstæður leyfa.

18. gr.

Tímafjöldi í einstökum greinum og skipting þeirra á annir skal vera sem næst því er hér segir:

	1. ár 1. önn	1. ár 3. önn	3. ár	
Uppeldisgreinar:				
Hagnýt uppeldisfræði og starfshættir	70	28	90	
Sálarfræði	28	84	120	
Meðferð ungbarna	28	28		
				476
Félagsgreinar:				
Félagsfræði og hópefli			90	
Félagslöggjöf			30	
Samfélags- og átthagafræði		42	60	
				222
Móðurmálsgreinar:				
Íslenska	42	42	60	
Barnabókmenntir	28		60	
Framsögn — raddbeiting		28	30	
				290
Náttúrufræðigreinar:				
Heilsufræði — heilsuvernd	56		30	
Næringarefnafræði			30	
Líffræði — eðlisfræði	28	28	30	
				202
List- og verkgreinar:				
Myndlð — skapandi starf	84	84	150	
Tónlist	28	28	90	
Rytmik — dramik	28	28	30	
				550
Stundafjöldi á önn:	420	420	900	
Stundafjöldi alls:				1740

Heimilt er þó að víkja frá ákvæðum þessarar greinar með samþykki menntamálaráðuneytisins.

V. KAFLI
Um próf og námsmat.

19. gr.

Hverjum kennara ber að fylgjast með því hvernig nemendum vegnar í námi í þeim greinum sem hann kennir. Hann skal í upphafi hverrar annar leitast við að gera nemendum grein fyrir markmiðum námsins og hjálpa þeim síðan til að meta hvort þeir ná þeim eða ekki.

20. gr.

Í hinu verklega námi skal hver deildarfóstra í samráði við forstöðukonu gefa umsögn um nema á þar til gerðu eyðublaði. Umsagnir þessar skulu sendar verknámskennara. Verknámskennari leiðbeinir nemum m. a. á grundvelli þessara umsagna sem fara skal með sem trúnaðarmál en hann heimsækir líka nema á stofnunum og kynnist þeim í starfi eftir því sem unnt er.

Að námi loknu skal gefa eina einkunn í verklegu uppeldisstarfi. Þá einkunn gefur verknámskennari í samráði við deildarfóstrur. Hafa skal til hliðsjónar ofangreindar umsagnir og eigin kynni verknámskennara af nema í verklegu námi. Einkunnin skal gefin í orðum og eru einkunnirnar **ágætlega hæfur, vel hæfur, hæfur, ekki hæfur.** Skal á skírteini sagt um hvaða einkunnir er að ræða svo hverjum lesanda sé ljóst mat skólans á verklegri hæfni nemans. Er einkunn þessi gefin í lok annars námsárs. Til að mega halda áfram námi á þriðja námsári þarf einkunnina **hæfur hið minnsta.**

21. gr.

Í lok fyrra misseris fyrsta árs skal meta stöðu nemandans í öllum greinum, annaðhvort með prófi eða af verkefnum sem hann hefur leyst. Í heilsufræði skal þó haft próf og er einkunn í heilsufræði hluti af lokaeinkunn nemandans í náttúrufræðigreinum. Próf eða umsögn í öðrum greinum er einkum ætlað nemendum til leiðbeiningar. Ræða skal við þá nemendur sem ekki hafa náð tökum á náminu og þeim leiðbeint eftir föngum.

Í lok síðustu annar fyrsta árs skal haldið próf í öllum bóklegum greinum. Í list- og verkgreinum skal ekki haldið próf nema kennari óski en meta skal frammistöðu nemenda yfir veturinn og gefa einkunn fyrir. Einkunnir fyrsta árs eru hluti af lokaeinkunn nemenda. Áður en próf fer fram skulu kennarar gefa nemendum starfseinkunn fyrir frammistöðu yfir veturinn og gildir hún þriðjung á móti vorprófi. Sama gildir um heilsufræðieinkunn haustannar.

Til að standast próf fyrsta árs og þar með öðlast rétt til verklegs náms á öðru ári þarf meðaleinkunnina 5.0 hið minnsta og einkunnir í uppeldisgreinum mega ekki vera lægri en 5.0 í hverri um sig. Heimilt er nemanda, sem ekki nær lágmarkseinkunn í einni eða tveimur uppeldisgreinum, að þreyta haustpróf. Nemandi, sem ekki nær lágmarkseinkunn í fleiri en tveimur uppeldisgreinum eða í tveimur uppeldisgreinum og aðaleinkunn, fær ekki að þreyta haustpróf en heimil er honum endurseta í bekknum einu sinni.

Heimilt er nemanda, sem ekki nær tilskilinni meðaleinkunn að loknu fyrsta námsári, að þreyta próf í einni eða tveimur greinum að hausti.

Í lok þriðja árs skal halda próf í öllum greinum sem kenndar eru það ár nema list- og verkgreinum þar sem ákvæði fyrsta árs gilda. Til að standast próf þarf lágmarkseinkunnina 5.0 í öllum uppeldisgreinum og íslensku. Um heimild til að

endurtaka próf og til endursetu gilda ákvæði fyrsta árs. Þegar sama grein hefur verið kennd á fyrsta og þriðja ári gildir einkunn fyrsta árs móti einkunn þriðja árs í hlutföllunum 1 : 2. Starfseinkunn skal gefin á sama hátt og á fyrsta ári.

Ekki skal gefin einkunn í þeim greinum sem kenndar eru á námskeiðum né heldur í rytmik, dramik, framsögn og raddbeitingu enda hafi nemendur sótt 80% tímanna hið minnsta. Í sérstökum tilvikum er nemanda heimilt með leyfi skólaráðs að sanna kunnáttu sína í grein, sem kennd er á námskeiði, með prófi hafi hann af gildum ástæðum ekki getað tekið þátt í því nema að hluta. Einnig er heimilt að taka til greina námskeið sem tekin hafa verið annars staðar enda séu þau sannanlega sambærileg.

22. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum á bilinu 0—10. Önnur brot geta komið fram þegar meðaltöl tveggja eða fleiri einkunna eru tekin. Einkunnin 9—10 telst ágætiseinkunn, einkunnin 7—8.99 telst vera fyrsta einkunn, einkunnin 6—6.99 önnur einkunn og einkunnin 5—5.99 þriðja einkunn.

Eftirtaldar einkunnir verða á lokaprófsskírteini:

Í hagnýtri uppeldisfræði, starfsháttum og meðferð ungbarna	1	einkunn
Í sálarfræði	-	—
Í félagsgreinum	-	—
Í náttúrufræðigreinum	-	—
Í íslensku	-	—
Í myndið og skapandi starfi	-	—
Í starfi á vettvangi (verklegt nám)	-	—

Tekið skal fram á skírteini hvaða námsgreinar og námskeið nemandi hefur sótt sem ekki er gefin einkunn í.

Til viðmiðunar um vægi einstakra þátta lokaeinkunnar má hafa stundafjölda í hverjum þætti.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til þriggja ára í senn prófdómara í uppeldisgreinum og félagsgreinum á þriðja ári að fengnum tillögum skólastjóra. Heimilt er að ráða prófdómara til að fara yfir úrtak verkefna í öðrum greinum ef sérstaklega stendur á. Beri prófdómara og kennara mikið á milli við slíka úrtakskönnun má láta prófdæma öll verkefnin. Tekur skólastjóri ákvörðun um það.

VI. KAFLI

Um starfslið Fósturskólans.

24. gr.

Fósturskólinn skal vera svo vel búinn starfsliði að hann geti rækt þær skyldur er lög mæla fyrir um.

25. gr.

Skólastjóri Fósturskólans skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði.

26. gr.

Fasta kennara skal ráða að skólanum eftir þörfum og stundakennara í þá kennslu sem fastir kennarar anna ekki eða hafa ekki menntun til.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar við skólann í bóklegum greinum sem hafa lokið háskólaprófi í þeim aðalgreinum er þeir kenna. Þeir sem lengri hafa eðli-

legan námstíma ganga fyrir ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti. Þeir skulu og hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Verknámskennarar skulu hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands (Fóstruskóla Sumargjafar) eða sambærilegum erlendum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skulu þeir hafa unnið fóstrustörf með góðum árangri í a. m. k. þrjú ár.

Kennarar í list- og verkgreinum skulu hafa lokið kennaraprófi í kennslugreinum sínum.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita ef sérstaklega stendur á.

27. gr.

Hverjum kennara skólans er skylt að hafa umsjón með einni bekkjardeild skólans ef skólastjóri ákveður svo.

Fastur kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því sem aðstæður leyfa. Má fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíku aukastarfi enda komi til samþykki menntamálaráðuneytisins.

28. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í fimm ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi getur það veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst þegar kennurum gefst kostur á að kynnast slíkum skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara sem taka þátt í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið skal í framkvæmd á lögum um orlof kennara gæta þess eftir föngum að það trufli ekki störf eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms að þeir starfi að námi loknu við skólann í minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til

að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennurum launalaust leyfi þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Kennarar skólans skulu eiga þess kost eigi sjaldnar en á fimm ára fresti að sækja námskeið í kennslugreinum sínum sér að kostnaðarlausu til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjóra.

29. gr.

Félags- og námsráðgjafi. Við skólann skal starfa félags- og námsráðgjafi og miðast fullt starf við 750 nemendur.

Félags- og námsráðgjafi skal vera uppeldis- eða sálfræðingur eða kennari sem fyrir sérþekkingar eða reynslu sakir telst hæfur til að takast slíkt á hendur. Hann liðsinnir nemendum í námsvanda, svo og um einkamál. Hann fer með hvert erindi, sem undir hann er borið, og þá vitneskju, sem hann öðlast í starfi sínu, sem algert trúnaðarmál.

Félags- og námsráðgjafi er einnig ráðgjafi kennara um vandamál nemenda. Skulu kennarar leita til hans ef nemanda sækist námið vonum seinna eða ef nemandi semur sig ekki að háttum skólans. Í samráði við skólastjóra hefur ráðgjafi samband við vandamenn nemenda sem í örðugleikum eiga með nám.

Félags- og námsráðgjafi á rétt til setu á fundum skólaráðs þegar fjallað er um námserfiðleika eða agabrot einstakra nemenda og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt.

Félags- og námsráðgjafi skal hafa fastan viðtalstíma í skólanum og vera þar á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Fulltrúi skal annast störf á skrifstofu skólans, bókhald, vélritun og hvers konar daglega afgreiðslu. Hann aðstoðar skólastjóra við undirbúning fjárlaga. Hann skal annast skjalavörslu eftir nánari fyrirmælum skólastjóra. Einnig má fela honum önnur störf eftir því sem tími leyfir og þörf er á.

Bókavörður. Ráðinn skal sérmenntaður bókavörður í hluta starfs eða heilt starf eftir því sem þörf er á.

Húsvörður. Hann hefur umsjón með lóð og húsum skólans, dyravörslu, húsmunum, ræstingu, ljósi og hita. Hann sér um innkaup á tækjum og efni til ræstingar og annast vörslu þess. Hann ræður í samráði við skólastjóra starfslið til ræstingar og annarra starfa er falla undir hans umsjónarsvið og stjórnar þeim verkum. Hann hefur reiður á starfstíma þess og skilar fulltrúa skýrslu um hann svo að greiðslur komi fyrir í tæka tíð. Húsvörður hefur umsjón með og annast viðhald á húsi og húsbúnaði og vekur í tæka tíð athygli á því er ætla má að þarfnist fjárveitinga ár hvert. Hann sér um að húsakynni skólans séu opin þegar þörf krefur en læst ella.

Fastir starfsmenn skólans eru starfsmenn ríkisins. Um laun og starfstíma fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

VII. KAFLI

Um húsrými og tæki.

30. gr.

Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar sér menntamálaráðuneytið skólanum fyrir húsrými er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerð fyrir bóklegt og verklegt nám, bókasafni og lesstofum, félagsher-

bergjum nemenda, skrifstofuhúsnæði fyrir kennara og skólastjóra, herbergi fyrir læknisþjónustu og það húsnæði annað er þörf verður fyrir.

Fósturskólanum skal séð fyrir safni bóka og annarra kennslugagna sem nemendur hafi aðgang að, svo og þeim kosti kennslutækja er þörf verður á.

31. gr.

Skólastjóri skal leita eftir tillögum kennara um bækur og kennslugögn og leggur þær til grundvallar við fjárhagsáætlun skólans.

VIII. KAFLI
Um heilsuvernd.

32. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í samráði við heilbrigðisyfirvöld og skólastjórn skólalækni og hjúkrunarkonu og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum og starfa samkvæmt ákvæðum í lögum og reglugerðum um heilsuvernd í skólum.

IX. KAFLI
Um gildistöku reglugerðarinnar.

Reglugerð þessi er sett samkv. 23. gr. laga nr. 10 1973 um Fósturskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið 30. apríl 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

3. júní 1976. Nr. 227.

REGLUGERÐ
um stjórn póst- og símamála.

1. gr.

1.1. Stjórn póst- og símamála er í höndum póst- og símamálastjóra undir yfirstjórn samgönguráðherra. Póst- og símamálastjóri er forstjóri þeirrar ríkisstofnunar, sem annast rekstur póst- síma- og fjarskiptamála. Póst- og símamálastjóri ber ábyrgð gagnvart samgönguráðuneyti og stjórnar stofnuninni í samræmi við stefnumörkun, sem felst í lögum, reglum og fyrirmælum æðri stjórnvalda.

1.2. Stjórnunarhluti stofnunarinnar greinist í fjórar aðaldeildir, fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild. Aðaldeildir greinast svo aftur í undirdeildir, samkvæmt skipuriti, sem ráðherra staðfestir.

1.3. Reksturshluti stofnunarinnar greinist í fjögur póst- og símaumdæmi.

1.4. Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri en umdæmisstjóri hverju umdæmi.

Framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar heyra beint undir póst- og símamálastjóra.

2. gr.

2.1. Aðaldeildir pósts og síma vinna að áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, í samræmi við markmið stofnunarinnar og ákvarðanir stjórnvalda.

2.2. Starfssvið hverrar deildar er í höfuðatriðum sem hér segir:

2.3. **Fjármáladeild:**

1) Vinna að gerð heildaráætlana, ásamt öðrum aðaldeildum, í samræmi við markmið stofnunarinnar og ákvarðanir stjórnvalda.
2) Gerð fjárhags- og greiðsluáætlana og umsjón með gerð fjárlagatillagna.
3) Yfirstjórn fjársýslu stofnunarinnar og gerð reglulegra yfirlita um fjárstreymi; yfirumsjón með innkaupum og vörslu birgða.
4) Endurskoðun í samráði við ríkisendurskoðun, og umsjón með, að úrskurðum og fyrmælum ríkisendurskoðunar sé fylgt í stofnuninni.
5) Yfirstjórn bókhalds stofnunarinnar, gerð efnahags- og rekstursreikninga og ársuppgjörs, og skal að því stefnt, að bókhaldið sé sem virkast stjórntæki í stofnuninni.
6) Gerð tillagna til póst- og símamálastjóra að reglum og fyrirmælum um hagsýslumál stofnunarinnar.
7) Yfirumsjón með gjaldskrármálum stofnunarinnar og gerð gjaldskrár í samráði við póst- og símamálastjóra. Samskipti við erlendar póst- og símamálastjórnir að því er varðar taxtamál og uppgjör.
8) Tölfræðileg gagnasöfnun og úrvinnsla, eftir því sem nauðsynlegt er, svo og útgáfa ársskýrslu stofnunarinnar.

2.4. **Tæknideild:**

1) Vinna að gerð heildaráætlana, ásamt öðrum aðaldeildum, í samræmi við markmið stofnunarinnar og ákvarðanir stjórnvalda.
2) Fylgjast með nýjungum og framförum á sviði tæknimála stofnunarinnar.
3) Gerð tæknilegra áætlana og umsjón með niðurröðun og tæknilegri samræmingu verkefna stofnunarinnar.
4) Yfirstjórn framkvæmda á sviði fjarskiptavirkja stofnunarinnar.
5) Framfylgja kröfum um gerð og hönnun fjarskiptavirkja og búnaðar í samræmi við alþjóðareglur.
6) Yfirumsjón og eftirlit með tæknilegum rekstri fjarskiptavirkja stofnunarinnar og gerð tillagna til póst- og símamálastjóra að reglum og fyrirmælum um viðgerðarþjónustu slíkra fjarskiptavirkja.
7) Samskipti við erlendar símastjórnir og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði tæknilegra fjarskiptamála.
8) Yfirumsjón með verkstæðum stofnunarinnar að því er varðar síma- og radíótæknileg málefni.
9) Eftirlit með því, að reglugerðum um starfrækslu radíóstöðva sé fylgt og leyfisveitingar þar að lútandi, svo og frumkvæði að nauðsynlegum breytingum á slíkum reglugerðum.

2.5. **Umsýsludeild:**

1) Vinna að gerð heildaráætlana, ásamt öðrum aðaldeildum, í samræmi við markmið stofnunarinnar og ákvarðanir stjórnvalda.
2) Yfirumsjón starfsmannamála stofnunarinnar og úrlausn vandamála varðandi túlkun og framkvæmd laga, reglugerða, samninga eða fyrirmæla um starfsmannamál.
3) Launaútreikningar starfsfólks, skráning og fjarveruskráning, samræming á vaktskrám.
4) Áætlanagerð um skipulags- og hagræðingarmál stofnunarinnar.
5) Samræming skipulags og framkvæmda við húsbyggingar stofnunarinnar og eftirlit með fasteignum hennar um allt land.

6) Rekstur póst- og símakólans. Í samráði við framkvæmdastjóra annarra aðaldeilda skal umsýsludeild staðla, eftir því sem unnt er, menntunarkröfur, fræðslu- og endurmenntunarleiðir fyrir starfsfólk stofnunarinnar.
7) Almenn sameiginleg þjónustumál innan stofnunar, svo sem fjölföldun skjala, vélritunarstofa og rekstur mötuneyta.
8) Skipulag skjalavistunarkerfis stofnunarinnar og skjalavörslu.

2.6 **Viðskiptadeild:**
1) Vinna að gerð heildaráætlana, ásamt öðrum aðaldeildum, í samræmi við markmið stofnunarinnar og ákvarðanir stjórnvalda.
2) Yfirstjórn mála, sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur, bæði um póst- og símamál.
3) Skipulag póst- og símaþjónustu, þ. á m. þjónustutími stöðva, póstleiðir og símaafgreiðsla. Gerð tillagna og setning reglna og fyrirmæla um þjónustuhætti og vinnubrögð. Rekstur umferðamálaskrifstofu.
4) Umsjón með að reglugerðum um póst- og símaþjónustu sé framfylgt.
5) Samskipti við erlendar póst- og símastjórnir og fjölþjóðlegar stofnanir, að því er varðar þau viðskiptamál stofnunarinnar, sem eru á starfssviði deildarinnar.
6) Póstgíróþjónusta, frímerkjaútgáfa, sala og birgðavarsla frímerkja.
7) Yfirumsjón með útgáfu símaskrárinnar.
8) Samræming, ritstjórn og útgáfa reglna og fyrirmæla, sem stofnunin setur. Upplýsinga- og kynningastarfsemi stofnunarinnar, kvartana- og skaðabótamál, í samráði við viðkomandi aðaldeildir og póst- og símamálastjóra.

3. gr.

3.1. Póst- og símaumdæmi skulu vera fjögur.
Umdæmi I nær frá Skeiðarársandi í Gilsfjarðarbotn, Umdæmi II þaðan að mörkum Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, Umdæmi III þaðan að mörkum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu og Umdæmi IV þaðan á Skeiðarársand.

3.2. Verkefni umdæmisstjóra, hvers í sínu umdæmi, eru sem hér segir:
1) Yfirstjórn og eftirlit með rekstri póst- og síma og radíóstöðva, verkstæða, birgðastöðva og öðrum rekstri á vegum pósts og síma í umdæminu, í samræmi við reksturságætlanir og önnur fyrirmæli er gilda um stofnunina.
2) Umsjón og eftirlit með fjárreiðum póst- og símastöðva.
3) Umsjón og samræming á sviði tæknilegra framkvæmda.
4) Gerð frumtillagna að fjárhagsáætlunum. Gerð tillagna um skipulag þjónustu póst- og símstöðva.
5) Tillögugerð í hagræðingarmálum. Umsjón með að rekstur stöðva sé sem hagkvæmastur og gerð tillagna til úrbóta, ef ástæða þykir til.
6) Sjá um, að lögum, reglum og fyrirmælum um starfsmannahald sé fylgt og fylgjast með að fjöldi starfsfólks á hverjum vinnustað sé í samræmi við verkefnin.
7) Stuðla að fræðslu starfsfólks miðað við það, sem nauðsynlegt er til að það geti leyst verkefni sín sem best af hendi og veitt viðskiptavinum pósts og síma sem besta þjónustu.
8) Upplýsinga- og kynningarstarfsemi fyrir almenning og fjölmiðla um störf pósts og síma.

4. gr.

4.1. Aðalpóststofan í Reykjavík og símstöðin í Reykjavík starfa innan Umdæmis I, hliðstætt því sem ákveðið var í gr. 2.5.1—2.5.2 í reglugerð um stjórn og skipulag pósts og síma, nr. 384/1974.

4.2. Skipting umdæma í þjónustueiningar og deildir, þ. á m. deildaskipting á aðalpóststofunni í Reykjavík og símstöðinni í Reykjavík, skal ákveðin með skipuriti, sem ráðherra staðfestir.

5. gr.

5.1. Öllum stjórnendum pósts og síma ber, hverjum á sínu sviði, að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með nýjungum, sem til framfara horfa.

5.2. Þeim ber að leggja fyrir póst- og símamálastjóra tillögur sínar og ábendingar um endurbætur á sinni deild og hafa nána samvinnu sín á milli um sameiginleg mál.

6. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt heimild í lögum nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til að öðlast gildi 1. júlí 1976, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi 1. júlí 1976 reglugerð nr. 384 20. des. 1974, um stjórn og skipulag pósts og síma.

Samgönguráðuneytið, 3. júní 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 228. 31. maí 1976.

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum, samkvæmt reglugerð nr. 181 5. maí 1974, sbr. reglugerð nr. 432 17. sept. 1975.

Samkvæmt heimild í reglugerð um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum nr. 181 5. maí 1974, sbr. reglugerð um breytingu á henni nr. 432 17. september 1975 hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

Skylt skal að hafa gjaldmæli sem sýni rétt ökugjald í öllum leigubifreiðum allt að 8 farþega, sem aka fólki gegn borgun, á þeim stöðum þar sem í gildi eru reglugerðir um takmörkun þeirra og útgáfu atvinnuleyfa, svo og sendibifreiðum í Reykjavík, sem aka vörum gegn borgun.

Leigubifreiðastjórum á þeim stöðum þar sem gjaldmælaskylda hefur ekki verið er þó veittur frestur til 15. september 1976 til að fullnægja 2. mgr. auglýsingar þessarar.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota skuli gjaldmæla af rafeindagerð framleidda af Haldex AB í Svíþjóð og Iðntækni hf. á Íslandi. Eldri gerðir gjaldmæla frá Halda AB í Svíþjóð má þó nota meðan endast.

Ráðuneytið skipar löggildingarmenn gjaldmæla, sem annast löggildingarstörf samkvæmt áðurgreindri reglugerð og fást upplýsingar um þá í ráðuneytinu.

Við birtingu þessarar auglýsingar afturkallast auglýsingar ráðuneytisins frá 18. ágúst 1952, 3. okt. 1956 og 22. sept. 1960.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um sérlyf, sem tekin eru af sérlyfjaskrá.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að eftirtalin sérlyf verði tekin af sérlyfjaskrá frá og með 1. júlí 1976:

Dobesin Asa sérlyf nr. 259 og
Tylinal Kabi sérlyf nr. 581.

Heimilt verður að afhenda úr óseldum birgðum lyfjanna til og með 31. júlí 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 2. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, skulu eftirtalin ávana- og fíknilyf skráð á lista A yfir ávana- og fíkniefni, sbr. fylgiskjal með ofangreindri reglugerð:

Amphetaminum
Dexamphetaminum
Metamphetaminum
Methylphenidatum
Pemolinum

Eftirtaldar undanþágur og fyrirmæli skulu gilda um notkun þessara lyfja til lækna svo og sölt þeirra og hvers konar samsetningar:

1. Ávísanir lækna skulu einungis ætlaðar sjúklingum, er þjást af eftirtöldum sjúkdómum:
   1.1 Narcolepsia
   1.2 Hyperkinesis
   1.3 Retardatio mentis
   1.4 Epilepsia
   1.5 Parkinsonismus
   1.6 Aðrar mjög mikilvægar ástæður.
2. Leyfi þarf til að ávísa megi þeim lyfjum, er að framan greinir. Sækja skal um slík leyfi til landlæknis. Leyfisumsókn skal fylgja rökstuðningur læknis, sbr. 1. tölulið að framan, og skal, auk nafns sjúklings, greint frá fæðingardegi, ári og nafnnúmeri.
   Landlæknir gefur út leyfi til tiltekins tíma, allt að 5 árum, í formi lyfjakorts, sem sjúklingur skal framvísa lækni og lyfjabúð.
   Landlæknir sendir lyfjaeftirliti ríkisins og lyfsölum tilkynningu um sérhvert leyfi, sem gefið er út eða er afturkallað.

3. Óheimilt er að ávísa í síma lyfjum þeim, er að framan greinir.
4. Innflutningur ofangreindra lyfja er bundinn innflutningsleyfum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 390/1974. Innflutningsleyfi eru gefin út af lyfjamáladeild ráðuneytisins.
5. Fyrirmæli auglýsingar þessarar um takmörkun lyfjaávísana eiga við afgreiðslu lyfja, hvort sem er innan eða utan sjúkrastofnana.
6. Landlæknir getur afturkallað leyfi til þess að sjúklingi sé ávísað lyfjum þessum, ef hann telur gildar ástæður liggja til þess, að hlutaðeigandi hafi brotið í bága við fyrirmæli auglýsingar þessarar, villt á sér heimildir eða aðrar mikilvægar ástæður mæla með afturköllun.

Fyrirmæli auglýsingar þessarar taka gildi 1. ágúst 1976 og er það hér með tilkynnt öllum, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 231. 4. júní 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóv. 1973.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. gr.
Um ávana- og fíknilyf.

1. Lyfsalar og læknar (dýralæknar), er rétt eiga eða leyfi hafa til lyfsölu, skulu halda eftir lyfseðlum á eftirritunarskyld ávana- og fíknilyf, samkvæmt þessari grein. Eftirtalin ávana- og fíknilyf, svo og sölt þeirra og hverskonar samsetningar, eru eftirritunarskyld:

a) Aethylmorphinum, ef það er eitt virkra efna leyst í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða þess háttar. Enn fremur í öðrum formum, ef magn fer fram úr 1 g.
Allvpropymalum
Amfepramonum
Amphetaminum (ávísanir bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf)
Chlorphenterminum
Cocainum, ef innihald er umfram 0,1% af kókaíni. (Sbr. einnig auglýsingu nr. 425/1974)
Codeinum, ef það er eitt virkra efna leyst í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða þess háttar. Enn fremur í öðrum formum, ef magn fer fram úr 1 g.
Dexamphetaminum (ávísanir bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf)

Dextromethorphanum
Dextromoramidum
Dextropropoxiphenum, ef magn fer fram úr 1.6 g
Diphenoxylatum, nema lyf í samsetningum, sem innihalda 2.5 mg af difenoxýlati í hverjum skammti og atrópínsúlfat í magni, sem samsvarar eigi minna en einum hundraðshluta af innihaldi difenoxýlats.
Fentanylum
Glutethimidum
Hydroconum
Hydromorphonum
Levorphanolum
Meballymalum
Mebumalum
Meprobamatum
Methadonum
Methamphetaminum (ávísanir bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf)
Methaqualonum
Methylphenidatum (ávísanir bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf)
Metoponum
Morphinum, ef innihald er umfram 0.2% af morfíni
Nicomorphinum
Normethadonum
Opium, ef magn er umfram 1 g. Óblandaðir ópíumsdropar og ópíumstöflur eru þá ávallt eftirritunarskyld.
Oxiconum
Pemolinum (ávísanir bannaðar nema að fenginni sérstakri heimild, sbr. auglýsingu um takmarkanir á ávísunum lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf)
Pentazocinum
Pentymalum
Pethidinum
Phenterminum
Pholcodinum
Tetraponum, sbr. morfín.
Thebaconum.

b) Önnur lyf og efni, sem greind eru á listum A og B í fylgiskjali með reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

2. Eigi má ávísa einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, er nú verða talin, eða söltum þeirra, í meira magni en hér greinir:
I. Diazepamum, Medazepamum og Nitrazepamum 0.5 g
II. Chlordiazepoxidum og Oxazepamum 1.0 g
III. Flurazepamum 1.5 g
IV. Aethallymalum, Allypropymalum, Diallymalum, Hexemalum, Heptamalum, Meballymalum, Mebumalum, Pentymalum 3.0 g
V. Apronalum, Diallymalum, Enhexymalum, Glutethimidum, Methaqualonum og Secumalum 5.0 g
VI. Meprobamatum 20 g
VII. Carisoprodolum, Methocarbamolum og Phenprobamatum 25 g

3. Óheimilt er að ávísa í síma amfetamíni, dexamfetamíni, metamfetamíni, metýlfenídati og pemólíni. Öðrum eftirritunarskyldum lyfjum má einungis ávísa í síma í hylkjum, skömmtum, stílum eða töflum og eigi í fleiri einingum en 5 handa sama einstaklingi í einu. Ákvæði þessi um fjölda eininga taka ekki til etýlmorfíns og kódíns, ef ávísað er einu g eða minna, nema því aðeins, að í fyrrgreindum lyfjaformum séu einnig önnur eftirritunarskyld lyf. Þó má ávísa í síma allt að 1 g af etýlmorfíni eða kódíni og 0.3 g af folkódíni, sem leyst er í vatni, sprittblöndu, sykurblöndu eða öðru þess háttar, eða allt að 1 g af ópíum, sem leyst er í mixtúru, ef eigi eru önnur eftirritunarskyld lyf með. Enn fremur má ávísa í síma allýpropýmali, mebúmali eða pentýmali til innstungu allt að 3 g.
4. Símalyfseðilseyðublað, sem á er rituð símaávísun á eftirritunarskyld lyf, má ekki nota til ávísunar á önnur lyf.
5. Læknir, (dýralæknir, tannlæknir) er skyldur til þess að lesa lyfjafræðingi fæðingardag og ár eða nafnnúmer þess, sem lyfseðill er stílaður á, þá er hann ávísar eftirritunarskyldum lyfjum í síma.
6. Viðtakandi eftirritunarskylds lyfs skal staðfesta móttöku þess með eiginhandaráritun aftan á lyfseðil.
7. Ef lyfseðli, sem hljóðar á eftirritunarskylt lyf er í einhverju ábótavant, samkvæmt framanskráðu eða ákvæðum 1., 2., 3. eða 4. gr., telst hann ógildur, uns hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, sbr. þó staflið d í 8. tölulið.
8. a) Ef lyfseðill hljóðar á eftirritunarskylt lyf, skal áletra hann nafnnúmeri þess, sem lyfseðillinn er stílaður á áður en lyfið er afgreitt. Ef lyfið er afhent öðrum en þeim, sem á lyfseðli er greindur, skal sömuleiðis áletra lyfseðil nafni hans og nafnnúmeri. Lyfseðill á eftirritunarskylt lyf gildir einungis eina afgreiðslu. Skal síðan merkja hann fullnægjandi ógildingarmerki, ásamt dagsetningu afgreiðslu.
   b) Ef útlendingur framvísar lyfseðli á eftirritunarskylt lyf, skal við afgreiðslu árita hann heiti heimalands og vegabréfsnúmeri, ef hlutaðeigandi er vegabréfsskyldur.
   c) Ef eftirritunarskyldum lyfjum er ávísað í síma, skal lyfjafræðingur fullvissa sig um (með upphringingu eða á annan hátt), að sá, sem lyfseðil les (læknir, tannlæknir, dýralæknir) sé einn og hinn sami og hann segist vera. Þessa gerist ekki þörf, ef ótvíræðir kunnugleikar eru á milli þess, sem lyfseðil les, og hins, sem veitir honum viðtöku.
   d) Ef lyfjum þeim, sem talin eru í 2. tölulið, er ávísað í hylkjum, skömmtum, stílum eða töflum og einingafjöldi er meiri en svarar til þess hámarksmagns, sem þar er greint, er lyfjafræðingi skylt að leiðrétta lyfseðilinn með tilliti til þessa, og er honum heimilt að gera það án samráðs við útgefanda. Breytingar á lyfseðlum, gerðar samkvæmt ofansögðu, skal hann auðkenna dagsetningu og fangamarki sínu með penna.
   e) Ef læknir (dýralæknir, tannlæknir) ritar lyfseðil á eftirritunarskylt lyf, skal hann rita öll tölugildi, er varða magn, styrkleika, þunga eða einingafjölda bæði með tölustöfum og bókstöfum. Lyfseðla á eftirritunarskyld lyf skal rita með penna og undirrita eigin hendi, sbr. einnig ákvæði 3. gr.
   f) Ef ávísað er með sama lyfseðli eftirritunarskyldu ávana- og fíknilyfi og öðrum lyfjum og þau síðarnefndu hafa verið strikuð út af lyfseðlinum, þá er óheimilt að afgreiða hann.
9. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, lyfjamáladeild, í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið var afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal nota ljósrit af lyfseðlinum til innheimtu.

10. Hlíta skal, um afgreiðslu lyfseðla á eftirritunarskyld lyf, almennum ákvæðum um afgreiðslu lyfja eftir lyfseðli, sbr. 5. gr., að svo miklu leyti, sem þau eiga við.

2. gr.

Eftirtalin breyting verður á viðauka I við reglugerðina, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, sbr. 14. gr. b.

Lyf eða samsetning	Samsetningar, sem setja má í lausasölu	Athugasemdir
Kreosotum	Kvefmixtúra	Ekki yfir 0.3%

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30. 29. apríl 1963 og öðlast gildi 1. ágúst 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

9. júní 1976. Nr. 232.

REGLUGERÐ

um Launasjóð rithöfunda.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar í stjórn Launasjóðs rithöfunda til þriggja ára í senn þrjá menn utan Rithöfundasambands Íslands tilnefnda af stjórn þess. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Engan má tilnefna í stjórn tvívegis í röð né oftar en tvisvar samanlagt.

Sjóðsstjórn annast úthlutun úr Launasjóði rithöfunda og skal hafa lokið störfum 1. mars ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun hennar.

2. gr.

Árlegum tekjum sjóðsins skal varið til að greiða íslenskum rithöfundum starfslaun samkvæmt 26. launaflokki opinberra starfsmanna (byrjunarþrepi).

Starfslaun eru veitt eftir umsóknum, skemmst til tveggja og lengst til níu mánaða í senn.

Höfundar eiga rétt á að sækja um starfslaun árlega.

Sjóðsstjórn auglýsir eftir umsóknum með venjulegum hætti. Í umsókn skal getið verka, sem höfundur hefur látið frá sér fara eða vinnur að. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar fylgja skuli umsókn um starfslaun.

Höfundur, sem sækir um og hlýtur starfslaun í þrjá mánuði eða lengur, skuldbindur sig til að gegna ekki fastlaunuðu starfi meðan hann nýtur starfslauna. Slík kvöð fylgir ekki tveggja mánaða starfslaunum enda skulu þau einvörðungu veitt vegna verka sem birst hafa næsta almanaksár á undan.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita höfundum starfslaun í skemmri tíma en þeir sóttu um nema höfundur hafi beinlínis beðist undan því í umsókn sinni.

Einu gildir hvort höfundur sækir sjálfur eða einhver í umboði hans.

Starfslaun verði greidd mánaðarlega hjá ríkisféhirði.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1975 um Launasjóð rithöfunda og öðlast þegar gildi.

Gildistími reglugerðarinnar er þrjú ár.

Bráðabirgðaákvæði.

Úthlutun árið 1976 skal lokið fyrir 15. ágúst þ. á.

Menntamálaráðuneytið, 9. júní 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 233. 31. maí 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóv. 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri skal á hverjum tíma miðast við íbúatölu Akureyrar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin skal úthluta fimmta hverju leyfi, er losnar og einu leyfi, fyrir hverja 500 íbúa fjölgun.

Leyfi þeirra manna, sem við gildistöku reglugerðarinnar fá atvinnuleyfi, en ekki hafa akstur leigubifreiða að aðalatvinnu, skulu ekki endurveitt öðrum.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 178 23. júní 1968.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 234. 10. júní 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 186 6. júní 1973, sbr. reglugerð nr. 358 17. júlí 1975 um Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr og til næstu vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur

0.5% af fasteignamatsverði árlega. Lágmarksgjald skal vera kr. 5 500.00 og hámarksgjald kr. 12 500.00 af íbúð.

2. gr.

Í stað kr. 8.00 komi kr. 15.00.

3. gr.

Í stað kr. 5 000.00 komi kr. 15 000.00.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 358 17. júlí 1975.

Reglugerðarbreyting þessi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

31. maí 1976. Nr. 235.

STARFSREGLUR

fyrir flugráð.

1. gr.

Flugráð fer með stjórn flugmála undir yfirstjórn samgönguráðherra, en flugmálastjóri annast framkvæmd ályktana ráðsins og daglegan rekstur flugmála.

2. gr.

Flugráð skal bera undir ráðherra öll mál, sem mikilvæg eru eða þannig vaxin, að ráðið telur eðlilegt að leita um þau fyrirmæla ráðherra. Auk þess fjallar flugráð um þau erindi, sem samgönguráðuneytið sendir ráðinu til umsagnar.

3. gr.

Flugráð heldur fundi eigi sjaldnar en tvisvar hvern mánuð. Þó er heimilt að aðeins sé einn fundur í júní, júlí og ágúst.

Aukafundi skal halda eftir þörfum og ætíð ef formaður eða tveir flugráðsmenn æskja þess.

4. gr.

Formaður flugráðs stýrir flugráðsfundi og leggur fyrir ráðið þau mál, sem því ber að fjalla um og á dagskrá eru, ásamt nauðsynlegum skýringum.

Einstakir flugráðsmenn geta einnig lagt fyrir ráðið mál, sem eru í þess verkahring, eftir því sem fundartími leyfir.

Í fjarveru formans stýrir varaformaður fundi, en sé hann einnig fjarverandi, kýs ráðið fundarstjóra úr sínum hópi. Flugráð kýs ritara úr hópi flugráðsmanna, en auk þess er ráðinu heimilt að ráða sér fastan fundarritara.

5. gr.

Fundarboði í flugráð skal fylgja dagskrá og er fundur lögmætur og ályktunarbær ef hann er löglega boðaður og þrír aðalfulltrúar viðstaddir hið fæsta. Geti aðalfulltrúi ekki mætt, skal þegar boða varamann hans. Varamenn skal einnig boða til setu á fundi flugráðs, með málfrelsi og tillögurétti, a. m. k. mánaðarlega, enda þótt hlutað-

eigandi aðalfulltrúi sé ekki forfallaður, svo og þegar ræddar eru framkvæmdaáætlanir, sbr. 7. gr. Hafi fundur í flugráði ekki verið ályktunarbær vegna fjarveru aðalfulltrúa skal næsti fundur bær til að ályktа, enda þótt færri aðalfulltrúar en þrír séu viðstaddir. Óheimilt er aðalfulltrúa að greiða atkvæði nema á þeim fundi þar sem málið er borið undir atkvæði og ekki gilt að hann lýsi afstöðu sinni símleiðis.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum flugráðs.

6. gr.

Allar gerðir flugráðs skulu færðar í gerðabók. Að loknum fundi, svo fljótt sem við verður komið skulu aðalfulltrúar í flugráði senda afrit af fundargerð og dagskrá næsta fundar. Afrit af fundargerðum skulu einnig send öllum varamönnum í flugráði, svo og samgönguráðherra og ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytis.

Gerðabók flugráðs skal undirrituð af formanni ráðsins og kjörnum ritara þess.

7. gr.

Flugráð gerir heildaráætlun um nauðsynlegar framkvæmdir flugmála í 4 ár í senn og síðan, er ráðherra hefur fallist á slíka áætlun sem eðlilega stefnu, semur ráðið sérlegar tillögur um framkvæmdir í samræmi við heildaráætlunina, svo og aðrar fjárlagatillögur flugmála, innan þess frests sem samgönguráðuneytið setur.

Er fjárlög hafa verið afgreidd ber flugráði að fylgjast með, að þeim sé fylgt í öllum þeim efnum, sem flugmálin varða og fé ekki varið umfram áætlun fjárlaga né í öðru skyni, nema með sérstöku leyfi samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Ekki má stofna til neinna nýrra framkvæmda eða skuldbindinga, sem máli skipta, nema samþykki flugráðs sé áður fengið. Skal gera kostnaðaráætlanir um allar framkvæmdir, áður en í þær er ráðist og þeim haldið innan þess sviðs, sem fjárveitingar fjárlaga marka.

9. gr.

Ársfjórðungslega skal leggja fyrir flugráð reikningsyfirlit flugmálastjórnar undanfarandi þrjá mánuði.

Ársreikningur flugmálastjórnar fyrir hvert ár skal á sama hátt lagður fyrir flugráð í næsta marsmánuði.

10. gr.

Halda skal sérstaka bréfabók fyrir flugráð og sú bók skal liggja frammi á flugráðsfundum, svo og afrit af bréfum, sem skrifuð hafa verið frá því síðasti fundur var haldinn.

Í bréfabók flugráðs skal skrá öll móttekin og útsend bréf og tilgreina dagsetningu, sendanda eða móttakanda, svo og efni bréfs í stuttu máli og skjalavistunarnúmer.

Bréfa- og skjalasafn flugráðs skal varðveitt sérstaklega, aðskilið frá skjalasafni flugmálastjóraembættisins. Öll bréf flugráðs skulu rituð í þess nafni og undirrituð af formanni og ritara flugráðs.

11. gr.

Ráðningar fasts starfsfólks flugmálastjórnar skal leggja fyrir flugráð og rökstudd umsögn þess fylgja beiðni um ráðningu. Óheimilt er að ráða starfsmann eða greiða honum laun fyrri en samgönguráðuneytið hefur aflað nauðsynlegra heimilda, samkvæmt þeim almennu reglum, sem þar um gilda og staðfest það með bréfi til flugráðs.

12. gr.

Flugráð fjallar um allar sendiferðir starfsmanna flugmálastjórnar úr landi, áður en heimildar til ferðarinnar er leitað til samgönguráðuneytisins.

Flugráði og samgönguráðuneytinu skal gefin skrifleg skýrsla um allar slíkar sendiferðir.

13. gr.

Um risnu flugráðs fer eftir því, sem ráðið ákveður hverju sinni.

14. gr.

Flugráð skal í starfi sínu hafa sem nánast og best samstarf við íslensk flugfélög um öll mál, er þau varða, og gefa trúnaðarmönnum þeirra kost á að tjá sig um og fylgjast með meðferð þeirra mála, er ætla má að flugfélög telji snerta hagsmuni sína að verulegu leyti eða óska eftir að fylgjast með.

Starfsreglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi starfsreglur fyrir flugráð, nr. 102 30. ágúst 1955.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

9. júní 1976. Nr. 236.

REGLUGERÐ

um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

I. KAFLI

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra starfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu sveitar- og sýslufélaga eða atvinnufyrirtækja þessara aðila með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.
Ákvæði reglugerðarinnar taka þó ekki til borgar-, bæjar- eða sveitarstjóra.

2. gr.

Um laun og önnur starfskjör þeirra starfsmanna, sem reglugerð þessi tekur til, skal fara eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og kjarasamningum, er gerðir eru samkvæmt henni. Kjarasamningur greinist í tvo þætti, aðalkjarasamning og sérkjarasamning.

3. gr.

Sveitarstjórnir og sýslunefndir fara með fyrirsvar síns sveitarfélags að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína.
Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi.

4. gr.

Einstök félög innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd viðurkennir, fara með allan samningsrétt og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna skv. reglugerð þessari. Stjórnir einstakra félaga eða til þess kjörnar nefndir fara með fyrirsvar þeirra um gerð samninga. Félögin

skulu tilkynna sveitarstjórn eða sýslunefnd hverjir skipi samninganefnd eigi síðar en við uppsögn samninga. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fer á sama hátt með fyrirsvar þeirra starfsmanna sveitar- og sýslufélaga, sem aðild eiga að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en ekki eiga aðild að einstökum félögum bandalagsins.

5. gr.

Starfsmaður, sem reglugerð þessi tekur til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður viðurkenndra félaga samkv. 4. gr. eftir nánari samþykktum félaganna. Starfsmaður samkvæmt þessari reglugerð má eigi vera félagi eða aðili að félagi annarra viðurkenndra heildarsamtaka.

6. gr.

Starfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið samkvæmt þessari reglugerð eða lögum nr. 46/1973, skal greiða gjald til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags, er hann ætti að tilheyra, sem er jafnt og það gjald, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan heildarsamtaka.

II. KAFLI

7. gr.

Í aðalkjarasamningi skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, þar með taldar vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, starfsmenntun og annað, sem aðiljar verða sammála um.

Í sérkjarasamningi skal kveðið á um röðun manna og starfsheita í launaflokka, svo og þau kjaraatriði, sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

8. gr.

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Þeir skulu gerðir til eigi skemmri tíma en tveggja ára miðað við mánaðamót.

9. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérkjarasamninga. Sérkjarasamningum verður ekki sagt upp sérstaklega.

Uppsögn skal vera skrifleg eða sendi í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

10. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

11. gr.

Í samþykktum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skal ákveðið, hver taki ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, boðun verkfalls og hvernig ákvörðun þar um skuli tekin.

12. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja sínum kröfugerð og megintillögur um nýjan aðalkjarasamning og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

Þegar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests, skal aðili, sem sagt hefur upp kjarasamningi, senda gagnaðilja sínum megintillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga.

13. gr.

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðilja.

14. gr.

Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst.

15. gr.

Hafi samningar ekki tekist á fyrstu 60 dögum uppsagnarfrests, skal sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum taka deilu um aðalkjarasamning til meðferðar og leita um sættir. Heimilt er hvorum aðilja að vísa kjaradeilu fyrr til sáttasemjara.

Sáttasemjari skal kveðja tvo menn með sér til að vinna að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

Sáttanefnd getur kvatt menn til starfa í umboði sínu til að vinna að lausn einstakrar deilu og til að hafa umsjón með atkvæðagreiðslum og þess háttar.

16. gr.

Unnið skal að gerð sérkjarasamninga jafnhliða því sem unnið er að gerð aðalkjarasamnings.

Ef gerð sérkjarasamninga er ekki lokið innan 45 daga frá undirritun aðalkjarasamnings, samþykkt sáttatillögu eða miðlunartillögu, skal kjaranefnd skv. 29. gr. taka deilu til meðferðar. Skal nefndin úrskurða um ágreiningsefni innan 45 daga. Gildir úrskurður hennar sem samningur sama tíma og aðalkjarasamningur.

17. gr.

Aðiljar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum þeim, sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera heildarsamtök eða einstök félög því aðeins ábyrgð, að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.

Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, styrktarsjóðum, orlofssjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa.

III. KAFLI

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna, er hlutaðeigandi félagi starfsmanna, sbr. 1. og 4. gr., heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í reglugerð þessari.

19. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

20. gr.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans,
2. ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi,
3. ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar samkvæmt 24. gr.,
4. til stuðnings aðilja í annarri kjaradeilu.

21. gr.

Hafi verkfall verið boðað, skal sáttanefnd, sbr. 2. mgr. 15. gr., leggja fram sáttatillögu um aðalkjarasamninga a. m. k. fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðilja áður en hún leggur fram sáttatillögu.

Sáttanefnd ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttað, þar á meðal um fjölda kjörstaða, og hvenær hún skuli fram fara.

Hlutaðeigandi borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða formaður sýslunefndar greiða atkvæði fyrir hönd sveitar- og sýslufélaga.

Hver starfsmaður sveitar- eða sýslufélags innan félags, sem á í kjaradeilu, hefur atkvæðisrétt. Leggja skal fram kjörskrá áður en atkvæðagreiðsla hefst. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og standa í minnst 2 daga. Sáttanefnd eða fulltrúum hennar er heimilt að vera á kjörfundum.

22. gr.

Þegar sáttatillaga samkvæmt 21. gr. hefur verið lögð fram, getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðilja áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

23. gr.

Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn send sáttanefnd.

Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttanefndar og er hvorum aðilja heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talningu.

24. gr.

Sáttatillaga telst felld, ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra starfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði, sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

Sáttatillaga, sem hefur verið samþykkt, telst gildur aðalkjarasamningur frá þeim degi, er atkvæðagreiðsla fór fram og næstu 24 mánuði, sbr. 8. gr.

25. gr.

Nú er vinnustöðvun hafin og sáttatilraunir sáttanefndar hafa ekki borið árangur og er henni þá rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðilja áður en hún leggur fram miðlunartillögu.

Um atkvæðagreiðslur um miðlunartillögu gilda ákvæði 21., 23. og 24. gr. eftir því sem við á.

IV. KAFLI

26. gr.

Þótt löglegt verkfall sé hafið, er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd, sem skipuð er skv. ákvæðum 27. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi, sem gerður verður að loknu verkfalli.

V. KAFLI

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar, er starfsmönnum þeim, sem um er rætt í 1. mgr. 1. gr. og skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

1. Borgar- og bæjarlögmönnum, borgar- og bæjarriturum, borgar- og bæjarverkfræðingum, skrifstofustjórum borgarstjórnar og forstöðumönnum launadeilda.
2. Forstöðumönnum stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgenglum þeirra.
3. Öðrum þeim, sem gegna störfum, sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna, sem getið er í 1.—2. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri eða oddviti sýslunefndar birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1. mgr. Rísi mál um, hvort maður falli undir ákvæði 1. mgr., skal það mál lagt fyrir Félagsdóm, sem sker úr því til fullnustu.

28. gr.

Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem eru félagar í hlutaðeigandi félagi og um ræðir í 27. gr., skal samið af samninganefnd félagsins. Hafi samningar eigi tekist innan 45 daga frá gerð aðalkjarasamnings, skal leggja deiluna fyrir Kjaranefnd, sem úrskurðar endanlega um hana.

VI. KAFLI

29. gr.

Kjaranefnd, sem skipuð er skv. 30. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja um þessi atriði:

1. Röðun manna og starfsheita í launaflokka og önnur atriði í sérkjarasamningi, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 16. gr.
2. Deilum sem rísa kunna á samningstímabili um skipan manna í launaflokka og önnur kjaraatriði, sem um er fjallað í sérkjarasamningi.
3. Laun og starfskjör þeirra manna, sem um ræðir í 27. gr., sbr. 28. gr.
4. Kjör þeirra, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en ekki í einstöku aðildarfélagi bandalagsins.

Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaranefnd, þegar fjallað er um þau mál, sem um ræðir í 1.—3. tl.

30. gr.

Aðiljar skulu leggja ágreiningsefni sín skriflega fyrir Kjaranefnd, lýsa því, sem þeir eru sammála um og setja fram sjónarmið sín og rökstyðja.

31. gr.

Kjaranefnd aflar sér sjálf nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, þar með töldum embættismönnum.

Kjaranefnd getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og til ráðuneytis um úrlausn mála.

VII. KAFLI.

32. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa á milli samningsaðilja um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 27. gr.

33. gr.

Þegar Félagsdómur fer með slík mál, nefnir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og fjármálaráðherra dómara til setu í dómnum í stað þeirra, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan sambanda sinna og svo starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur og sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. KAFLI

34. gr.

Ákvæði í ráðningasamningi er ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

35. gr.

Nú er sett á fót ný stofnun hjá sveitar- eða sýslufélagi og skal þá ákveða kjör hennar með samkomulagi milli hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar og þess viðurkennda starfsmannafélags, sem í hlut á.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðilja skal Kjaranefnd skera úr deilunni.

Sama gildir, ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir sveitar- eða sýslufélags.

36. gr.

Óski stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hlutaðeigandi sveitarstjórnir og sýslunefndir, er félagsmálaráðherra heimilt að lengja fresti samkvæmt 16. og 28. gr. þessarar reglugerðar.

37. gr.

Heimilt er að koma á fót sérstökum samstarfsnefndum einstakra félaga og hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar til að fjalla um ágreiningsmál, sem upp koma. Verði samkomulag í samstarfsnefnd um atriði, skal það bindandi fyrir báða aðilja.

XI. KAFLI

38. gr.

Á hverjum vinnustað þar sem a. m. k. fimm menn vinna er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja

ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.

Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.

39. gr.

Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.

Starfsmönnm ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.

Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðiljum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram. Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.

Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m. a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið. Einnig skal veita honum aðgang að síma og aðra nauðsynlega fyrirgreiðslu.

40. gr.

Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um það ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og um það hverjir sækja um starfann.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.

Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.

Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

41. gr.

Brot á reglugerð þessari varða stöðumissi, sektum eða varðhaldi.

42. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 41. gr. laga nr. 29/1976 öðlast gildi 1. júlí 1977 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði II. kafla reglugerðar þessarar svo og ákvæði VI. kafla skulu gilda um þá sérkjarasamninga, sem gerðir verða í framhaldi af aðalkjarasamningum 1976, eftir því sem við á, svo og ákvæði VII. kafla. Ef gerð sérkjarasamninga á árinu 1976 verður ekki lokið fyrir 1. júlí, skal Kjaranefnd samkvæmt II. kafla taka deilu til meðferðar og ljúka úrskurði um ágreiningsefni fyrir 1. ágúst og gildir úrskurður hennar sem samningur frá og með 1. júlí 1976.

Heimilt er að segja upp aðalkjarasamningi 1976 með þeim fyrirvara, er um getur í 9. gr. reglugerðarinnar miðað við 1. júlí 1977. Skal um aðdraganda þeirrar samningagerðar, verkfallsboðanir o. fl. farið samkvæmt þessari reglugerð eftir því sem við á.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 237. 9. júní 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafveita Reyðarfjarðar selur á því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl. til iðnaðar.

11.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	31.40 á kWst
12.	Fast gjald	—	F1+F2
	Orkugjald	—	15.00 á kWst

2. Notkun til heimilisþarfa.

21.	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	9.00 á kWst

3. Vélanotkun.

31.	Fast gjald	—	F1+F2
	Orkugjald	—	18.00 á kWst
	Lágmarksgjald	—	48×F1 á ári
32.	Aflgjald lágmark 3 kW	—	39 534.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	—	13 178.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	4.39 á kWst
33.	Aflagjald umfram 5 kW	—	11 180.00 kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	3.55 á kWst
34.	Til súgþurrkunar.		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	4.42 á kWst

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	—	F1+F4
	Orkugjald	—	3.91 á kWst
	Roftími allt að 1 klst á dag.		
42.	Fast gjald	—	F1+F4
	Orkugjald	—	2.40 á kWst
	Roftími allt að 3 klst á dag.		

43. Fast gjald ..... — F1+F4
Orkugjald ..... — 1.96 á kWst
Roftími allt að 15 klst.

5. Utanhúslýsing.

51. Fast gjald ..... — F1
Orkugjald ..... — 9.35 á kWst

Skilgreiningar og ýmis ákvæði. Föst gjöld.

F1. ..... — 221.00 á mánuði
F2. a) Verslunar, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ..... — 8.00 á m² á mán
b) Gangar, geymslur o. þ. h. ..... — 4.30 á m² á mán
F3. ..... — 70.00 á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeingingar eru:
a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar en ekki ganga, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra tvö.
b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

F4. Hvert uppsett kW ..... kr. 939.00 á kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.
a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl og götulínur og spennar þoli álag að dómi rafvstj.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

7. Véla- og tækjaálag.

Ef fasaviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasaviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasaviksstuðli undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1900.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1250.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 3 900.00

Auk grunngjalds skal greiða kr. 10% af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og kr. 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3x70q skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 9. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 238. 15. júní 1976.

GJALDSKRÁ

yfir efnarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurmjöl:		
Framleiðslusýnishorn: (Vatn, fita, protein og salt) ..	kr.	2 000.00
Einstakar efnagreiningar:		
Vatn	kr.	400.00
Salt	—	500.00
Protein (Kjaldahl)	—	1 000.00
Fita	—	700.00
Aska	—	400.00
Ammoníak	—	400.00
Sandur	—	500.00
Kalcium	—	800.00
Fosfór	—	800.00
Meltanlegt protein	—	1 700.00
Lysine nýtanlegt	—	3 400.00
Natrium nitrit	—	1 000.00
Nitroso-dimethylamin	—	2 000.00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	—	800.00
Sýrustig pH	—	400.00

Útflutningssýnishorn:

Fyrir mjölmagn að 100 tonnum (vottorð kr. 500.00).	kr.	2 800.00
Fyrir mjölmagn frá 100 að 500 t (vottorð kr. 500.00).	—	3 600.00
Fyrir mjölmagn frá 500 tonnum (vottorð kr. 500.00).	—	4 200.00

Fyrir útflutningssýni á síldarmjöli eða loðnumjöli bætast kr 1 000.00 vegna ákvörðunar á natrium nitrit.

Amínosýrur:

a) Lysine, Histidine, Ammonia, Arginine, Aspartic Acid, Threonine, Serine, Glutamic Acid, Proline, Glycine, Alamine, Valine, Isoleucine, Leucine, Tyrosine og Phenylalanine	kr.	8 000.00
b) Methionine og Cystine	—	4 000.00
Fullkomin Aminosýrugreining	—	12 000.00

Lýsi:

A-vítamín, bein mæling	kr.	700.00
A-vítamín, með Morton & Stubb leiðrétt	—	2 100.00
Óbundnar fitusýrur	—	400.00
Sýrutala	—	400.00
Joðtala	—	900.00
Sáputala	—	1 000.00
Ósápuhæft	—	1 800.00
Eðlisþyngd (Pyknometer)	—	600.00
Peroxíð gildi	—	800.00
Litur (Lovibond einingar)	—	400.00
Vatnsinnihald (með Toloul eimingu)	—	600.00
Vatn og óhreinindi (í skilvindu)	—	400.00
Ljósbrot (Refractive Index)	—	500.00
Natrium sápa	—	800.00

Fyrir útflutningssýni bætast kr. 500.00 fyrir vottorð.

Salt:

Klorid (titer)	kr.	600.00
Kalcium	—	800.00
Magnium	—	800.00
Sulfat	—	800.00
Óleysanlegt í vatni	—	800.00
Raki og bundið vatn	—	800.00
Járn	—	800.00
Kopar	—	800.00
Fullkomin efnagreining	—	4 900.00

Síld:

I. Undirbúningsvinna:

a) Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin, flökuð og hökkuð	kr.	1 200.00
b) Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð	—	900.00

c) Síld vigtuð, flökuð og hökkuð	—	700.00
d) Síld lengdarmæld, vigtuð og hökkuð	—	400.00
Fyrir undirbúningsvinnu af 50 síldum eða færri greiðist hálft gjald.		
II. Efnagreiningar:		
Fita	—	700.00
Salt	—	500.00
Vatn	—	400.00

Einstakar efnagreiningar:

Trimethylamin (T. M. A.)	kr.	1 000.00
Alginsýra	—	2 000.00
Kvikasilfurs ákv. í matvælum	—	1 200.00
Ákv. á málmum með atom absorption	—	1 200.00

Smásjárrannsóknir:

Einföld rannsókn, án litunar	kr.	300.00
Einföld rannsókn, með litun	—	500.00—1 000.00
Greining á spunaefni	—	600.00
Greining á spunaefni + vigt	—	900.00
Talning í smásjá	—	900.00

Gerlrannsóknir:

Talning við ræktun, eins konar	kr.	600.00
Talning við ræktun, tvenns konar	—	1 000.00
Talning við ræktun, þrenns konar	—	1 400.00
Colititer, 6 glös	—	500.00
Colititer, 9 glös, MPN	—	800.00
Colititer, 15 glös, MPN	—	1 300.00
Colititer, 10 glös (forpróf) með MPN	—	600.00
Coligreining (eftir forpróf)	—	300.00—1 000.00
Indol prófun (eftir forprlóf)	—	300.00—1 000.00
Talning, eins konar + colititer, 6 glös	—	1 000.00
Talning, eins konar + colititer MPN	—	1 100.00
Talning, tvenns konar + colititer MPN	—	1 400.00
Talning, tvenns konar + colititer forpróf	—	1 400.00
Salmonella (kvalitativt próf)	—	1 400.00—2 200.00
Stafylokokkar (coagulase prófun)	—	900.00
Stafylokokkar (coagulase prófun) með forprófun	—	1 700.00
Sulfite reduserandi clostridia	—	1 600.00—1 800.00
Talning í uppþvottavatni (+ prufuglös)	—	500.00
Undirbúningur sýnishorna (prufuglös, hökkun, mölun o. fl.)	—	100.00— 500.00

Mjólkurrannsóknir o. fl.:

Litaprófun (reduktase)	kr.	300.00
Storchs-prófun	—	200.00
Fosfataseprófun I	—	300.00
Fosfataseprófun II	—	800.00
Katalase í smjöri	—	400.00
Eðlisþyngd m/flotvog	—	200.00

Eðlisþyngd m/pyknometer	—	600.00
Feiti (Gerber) mjólk og rjómi	—	200.00
Feiti (Gerber) rjómaís	—	300.00
Sýrustig (titration)	—	400.00
Þurrefni	—	400.00
Klóritíter í mjólk	—	400.00
Frítt klór í vatni	—	300.00
Skynmat (organoleptic test)	—	700.00

Niðursuðuvörur:

Framleiðslusýnishorn (vatn, salt, pH, vigt o. fl.)	kr.	1 000.00
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.)	—	400.00
Vottorð	—	500.00
Drip-ákvörðun (á rækju o. fl.)	—	1 000.00
Stykkjatalning (á rækju o. fl.)	—	400.00

2. gr.

a) Gjald fyrir efnarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá, ákveðast með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við, að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnum þeim, sem rannsökuð eru.

3. gr.

Þegar sýnistaka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, greiðast kr. 800.00 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnistökuna.

Þegar um er að ræða sýnistöku á útfluttum niðursuðuvörum, greiðast aðeins laun starfsmannsins auk ferðakostnaðar.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessar sýnistökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

4. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efnarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, frá 17. maí 1974.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1976.

Matthías Bjarnason.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum karfa fyrir framleiðslutímabilið 8. júní til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystum karfa fyrir framleiðslutímabilið 8. júní til 31. desember 1976:

Karfi	Ísl. kr. á lb. cif.
8 × 7 m/r	109.15
10 × 5 m/r	168.40
Blokk	169.80

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur úr eða í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

Komi til framleiðslu á öðrum pakkastærðum, skulu þær miðast hlutfallslega við þá pakkningu, sem skyldust er af ofangreindum, þegar framleiðsla hefst.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 240. 8. júní 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Framtakssjóð Vélskólanema, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júní 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framtakssjóð Vélskólanema.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framtakssjóður Vélskólanema. Stofnendur eru nemendur Vélskóla Íslands útskrifaðir árið 1966.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 80 000.00 og er óskerðanlegt. Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum hans, gjafir og áheit, sala á minningarkortum og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum og skulu þeir kosnir af Skólaráði Vélskóla Íslands. Kosning skal fara fram árlega.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins, er að styrkja nemendur Vélskóla Íslands til náms og rannsóknarstarfa. Skal árlega veita einum nemanda, sem sýnt hefur sérstaka ástundun og samviskusemi, viðurkenningu.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta á sparisjóðsbók í Sparisjóði Vélstjóra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn og heimilisföng þeirra sem styrk fá og allar greiðslur, er sjóðurinn lætur af hendi. Einnig skulu allar tekjur og framlög færð í hana á sama hátt. Einnig ársreikninga og skulu þeir undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum, sem kosnir eru af Skólaráði Vélskólans.

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef ástæða þykir til, en einungis með samþykki allra stjórnarmeðlima.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum er gerðar kunna að verða á henni skv. 8. gr.

Nr. 241.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1975.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1975.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr.	17 768.00
	Kr.	17 768.00

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr.	17 768.00
	Kr.	17 768.00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1975.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	154 439.00
	Kr.	154 439.00

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. jan. 1975	kr.	136 671.00	
Hreinar tekjur árið 1975	—	17 768.00	
			kr. 154 439.00
		Kr.	154 439.00

Samgönguráðuneytið, 26. mars 1976.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um einkarétt lögmanna.

Samkvæmt heimild í 4. málsgr. 5. gr. laga nr. 61 4. júlí 1942 um málflytjendur hefur verið ákveðið, að fyrirmæli 3. málsgr. 5. gr. sömu laga um einkarétt héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna í Reykjavík og á Akureyri skuli frá 1. júlí 1976 að telja einnig taka til eftirtalinna kaupstaða: Garðakaupstaðar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Keflavíkurkaupstaðar, Kópavogskaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar, Seltjarnarneskaupstaðar og Vestmannaeyjakaupstaðar.

Þetta tilkynnist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. júní 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 243. 13. maí 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Vinstri beygja af Elliðavogi til austurs í Súðavog verður bönnuð.
2. Stöðvunarskylda á Álfabakka við Reykjanesbraut verður felld niður.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. maí n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. maí 1976.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 244. 23. júní 1976.

AUGLÝSING

um heimild til hækkunar raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefir veitt Rafmagnsveitum ríkisins, Reykjavík og Andakílsárvirkjun, Akranesi, heimild til 15% hækkunar heildsöluverðs raforku frá og með 1. júlí 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 23. júní 1976.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 21, nr. 206—244. Útgáfudagur 29. júní 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1976

28. júní 1976. 421 Nr. 245.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 119 30. apríl 1976 um innflutningsgjald af bifreiðum.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir hækkun innflutningsgjalds 1. júlí 1976 á þeim ökutækjum, er falla undir 1. tl. 2. gr., skal heimilt til 15. júlí 1976 að greiða 75% innflutningsgjald af sömu ökutækjum, enda sé skilyrðum 14. gr. tollskrárlaga um töku nefndra ökutækja til tollmeðferðar fullnægt fyrir 1. júlí 1976.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1976.

F. h. r.
Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

28. júní 1976. Nr. 246.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI
GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II KAFLI
HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2.3 Aðalheimtaugar.
Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63 A 1-fasa	80 980	Innifalið
63 A 3-fasa	87 400	—
100 A —	103 900	—
200 A —	167 470	—
315 A —	349 000	—
300 kVA —	487 740	Samkv. kostnaði
500 kVA —	814 120	—
800 kVA —	1 301 870	—

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.
Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald [1) 2)] Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	14 360	2 130	27 040
63 A 3-fasa	20 170	2 130	31 460
100 A —	21 390	2 750	36 050

A merkir málstraum stofnvara í amper.
kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

2.5 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.6 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafmagnsveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.7 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

3. gr.

Fellur niður.

4. gr.

Fellur niður.

5. gr.

Fellur niður.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

III. KAFLI
MÆLALEIGA

6. gr.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem notuð eru á hverjum stað í sambandi við sölu á raforku.

Ársleiga eftir mælitæki skal vera sem hér segir:

Tegund mæltækis	Upp að 30 A kr.	35—50 A kr.	55—100 A kr.	Yfir 100 A kr.
Einfasa kWst.-mælar, hemilmælar og lausar skiptiklukkur einar sér	381.00			
Þrífasa kWst.-mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir	844.00	1 416.00	1 634.00	2 724.00
Tvígjaldsmælar, mestumælar	1 416.00	1 634.00	2 588.00	4 140.00
Rofar				
1 × 10 A—2 × 30 A	2 124.00			
3 × 15 A—3 × 60 A	2 587.00			
3 × 100 A—3 × 350 A	6 264.00			

Ársleiga eftir önnur mælitæki skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Ekki skal greiða leigu eftir mæla, sem notaðir eru skv. 3. tl. 8. gr.

Leiga skal greidd samtímis gjaldi fyrir raforku.

IV. KAFLI
SALA RAFORKU

7. gr.

Verð á raforku til lýsingar skal ákveðið sem hér segir:

7.1 Kr. 48.37 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.

7.2 Kr. 66 437.65 hvert árskW til útilýsingar, þótt mælitækjum verði ekki við komið, svo og raforku til götulýsingar, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað eða viðhaldskostnað að fullu, eftir ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

7.3 Kr. 12.82 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Auk þess ber þá að greiða fastagjald, er nemi kr. 6 643.75 á ári fyrir allt að 25 ferm. gólfflatarmáls rýmis þess, er lýsa skal, og kr. 205.10 fyrir hvern ferm. umfram 25 ferm. Fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með 3,5.

7.4 Kr. 13 765.26 hvert árskW, og öll notkun kr. 12.82 hver kWst., ef um meira en 2.5 kW-afl er að ræða og árlegur notkunartími meiri en 2000 klst. Verði aflmælingu skv. þessum lið ekki beitt, skal reikna fyrir hvern fermetra gólfflatarmáls 15W á kr. 8 331.27 árskW. Sé notuð lýsing með flúrlömpum, er heimilt að miða gjald skv. 1.—4. tl. við VA í stað W.

8. gr.

Verð á raforku til almennrar heimilisnotkunar skal ákveðið sem hér segir:

8.1 Raforka til ljósa um sérmæli skal seld skv. 1. tl. 7. gr., en raforka til heimilisvéla um sérstakan mæli skal seld á kr. 12.05 hver kWst.

8.2 Heimilt er að selja raforku til notkunar á skrifstofum, verslunum og verkstæðum skv. lið 8.1.

8.3 Kr. 11.97 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli. Lágmarksgjald kr. 598.89 á ársfjórðungi.
8.4 Kr. 10.48 hver kWst., sem seld er um sérmæli til suðunotkunar í veitingahúsum, gistihúsum og öðrum slíkum stöðum.
8.5 Kr. 10.48 hver kWst., sem seld er til súgþurrkunar á heyi.
8.6 Kr. 35 883.72 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli og auk þess kr. 9.81 hver kWst. fyrir umframnotkun. Hemilstilling skal vera minnst 500W að viðbættum 100W fyrir hver íbúðarherbergi umfram tvö.
8.7 Kr. 35 883.72 hvert árskW, sem selt er um hemilmæli til notkunar í skrifstofum, verslunum og verkstæðum. Umframnotkun skal seld á kr. 9.81 og hemilstilling miðuð við 500W fyrir fyrstu 25 ferm. gólffletar eða minna, og síðan 100W fyrir hverja 12 ferm. eða minna. Beita skal 3. tl. 7. gr. við ákvörðun gjaldsins. Ef óskað er hærri hemilstillingar en um getur í þessum tölulið, skal gjaldið vera kr. 66 437.65 hvert árskW.
8.8 Kr. 9.09 hver kWst., þegar orkan er seld sjúkrahúsum, heilsuverndarstöðvum, vistheimilum fyrir börn og elliheimilum. Taxti þessi tekur ekki til starfsmannabústaða þeirra sem eru utan aðalbygginga viðkomandi stofnunar.

9. gr.

Verð á raforku til vélarekstrar skal ákveðið sem hér segir:
9.1 Kr. 24.13 hver kWst., sem seld er um kWst.-mæli.
9.2 Kr. 4 829.23 hvert uppsett árskW og öll notkun kr. 9.42 hver kWst.
9.3 Ef raforka er seld um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, skal greiða fyrir notkun sem hér segir:
Kr. 8 089.48 árskW.
Auk þess skal greiða kr. 4.12 fyrir hverjt kWst.
9.4 Kr. 26 206.76 fyrir hver árskW, sem selt er um hemilmæli, og kr. 12.82 hver kWst., sem umfram er. Rafmagnsveitan ákveður stillingu hemilmælis hverju sinni. Raforku til hitunar í iðnaði má selja skv. þessum lið.
9.5 Kr. 25.43 fyrir hverja kWst., sem seld er til vinnuvéla, vinnuljósa og annarra nota við húsbyggingar, meðan á framkvæmdum stendur.

10. gr.

Verð á raforku til hitunar skal ákveðið sem hér segir:
10.1 Kr. 5.07 hver kWst., seld um kWst.-mæli, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
10.2 Kr. 3.06 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn allt að tveim klst., tvisvar á dag.
10.3 Heimilt er að selja raforku til heimilisnota á kr. 3.31 hverja kWst. (án söluskatts), en þá skal fastagjald vera kr. 10 074.23 á ári fyrir eins herbergis íbúð og kr. 4 630.78 að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að kr. 28 616.47.
10.4 Kr. 4.40 hver kWst. fyrir notkun til hitunar á neysluvatni, stóra kæliklefa og fyrir vatnsdælur í íbúðarhúsum.
10.5 Kr. 2.21 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumur er rofinn með klukkurofa í tvær klst. tvisvar á dag.
10.6 Kr. 1.39 hver kWst. (án söluskatts), sem seld er um kWst.-mæli, ef straumurinn er rofinn með klukkurofa kl. 09—21, enda séu fyrir hendi nægilega stórir hitageymar til dagsnotkunar. Þegar um er að ræða hitun á húsrými, sem er stærra en 2000 rúmmetrar, eða aðra hliðstæða notkun á afli, er heimilt að láta raforku í té á tímanum kl. 12:30—15:30.
10.7 Kr. 2.47 kver kWst., sem seld er um tvígjaldsmæla á tímabilinu kl. 22:00—09:00 og kr. 10.48 hver kWst., sem seld er á tímabilinu kl. 09:00—22:00.

11. gr.

Rafmagnsveitan má, með samþykki borgarráðs, selja raforku eftir sérstökum samningi.

Heimilt er að setja sérstök skilyrði um raforkusölu til ígripanotkunar fleiri en eins aðila um sama mæli, svo sem um hafnarskápa, og annars staðar, þar sem þess er talin þörf, þar með talið að krefjast fyrirframgreiðslu og tengigjalds. Rafmagnsveitunni er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá þeim notendum, sem kaupa orku samkv. aflgjaldskrá.

12. gr.

Borgarstjórn ákveður gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu.

13. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi Rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórnarnefnd veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20% skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til, eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, kostnaður vegna launa, vélakostnaður, efnis og vaxtagjalda. Gjaldskrárbreytingar samkvæmt framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun á hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

14. gr.

Verð á orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Nú er notuð heimild til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda með greiðslu gjalda, skv. gjaldskrá þessari, og skal þá taka gjald, kr. 1 000.00, fyrir að setja straum á að nýju.

16. gr.

Ef í ljós kemur við skoðun, að notuð eru óleyfileg vör eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust, og er ekki heimilt að opna hana að nýju, fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 1 000.00, til Rafmagnsveitunnar.

17. gr.

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar skv. 10. gr. eru þau, að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra, notandi kosti tengingu klukkurofa og búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafmagnsstjóra.

18. gr.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m² skal telja sem hálft, en þar sem herbergjastærð fer fram úr 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem eitt herbergi. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðal-

stærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

19. gr.

Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

20. gr.

Verðjöfnunargjald, 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

21. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir gjaldendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

22. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 379 29. ágúst 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 247. 29. júní 1976.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefir ráðuneytið heimilað eftirtöldum rafveitum að hækka smásöluverð raforku skv. núgildandi gjaldskrá, frá og með 1. júlí 1976.

Rafveita Hafnarfjarðar	um	allt	að	11%
Rafveita Keflavíkur	—	—	—	10%
Rafveita Gerðahrepps	—	—	—	10%
Rafveita Voga- Vatnsleysustr.hr.	—	—	—	10%
Rafveita Njarðvíkur	—	—	—	10%
Rafveita Sandgerðis	—	—	—	10%
Rafveita Grindavíkur	—	—	—	10%
Rafveita Borgarness	—	—	—	12%
Rafveita Húsavíkur	—	—	—	15%
Rafveita Akureyrar	—	—	—	20%
Rafveita Sauðárkróks	—	—	—	20%
Rafveita Ísafjarðar	—	—	—	11%
Rafveita Patreksfjarðar	—	—	—	11%

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr.	5 000.00
2.	Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	1 500.00
3.	Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	1 500.00
4.	Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	—	1 500.00
5.	Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	—	300.00
6.	Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	2 200.00
7.	Fyrir fjármark	—	500.00
8.	Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	—	300.00
9.	Fyrir innköllun, þrjár birtingar	—	2 400.00
10.	Fyrir auglýsingu um skiptafund	—	1 000.00
11.	Fyrir einkaleyfisumsókn	—	1 000.00
12.	Fyrir ógildingarstefnu	—	2 400.00
13.	Fyrir dómsbirtingu	—	2 400.00
14.	Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	—	700.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 210.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 16. ágúst 1976. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 277 18. júní 1975, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. júní 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

22. júní 1976. Nr. 249.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 39/1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Til þess að kandidat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi og að heita læknir, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi, er hér greinir:

a) Hann skal hafa unnið kandidatsstörf eða samsvarandi aðstoðarlæknisstörf á viðurkenndu deildaskiptu sjúkrahúsi (eða sjúkrahúsum) í samtals 12 mánuði. Þar af skal hann a. m. k. vinna í 2 mánuði á almennri lyflækningadeild og í 2 mánuði á almennri handlækningadeild, en a. m. k. skulu 9 mánuðir vera unnir

á klíniskum deildum og mest 3 mánuði á rannsóknardeildum. Lágmarkstími á deild skal vera 2 mánuðir.

Í stað starfa á deildaskiptu sjúkrahúsi má koma starf á óskiptu sjúkrahúsi, sem stjórn læknadeildar viðurkennir.

Kandidötum, sem útskrifast hafa samkvæmt eldri reglugerð læknadeildar Háskóla Íslands skulu vinna a. m. k. í einn mánuð á fæðinga- og kvensjúkdómadeild.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969 öðlast gildi 1. júlí 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. júní 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1976

31. maí 1976. 429 Nr. 250.

REGLUGERÐ

um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

I. KAFLI

Skýringar á hugtökum.

1. gr.

1. Matvæli eða neysluvörur eru samkvæmt reglugerð þessari hvers konar vörur, sem ætlaðar eru mönnum til neyslu sem matur eða drykkur, samkv. nánari skilgreiningu 2. gr. laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Nauðsynjavörur eru samkvæmt reglugerð þessari hvers konar áhöld og efni, sem notuð eru við tilbúning og dreifingu á matvælum og neysluvörum þ. e. a. s. umbúnaður, geymsla, flutningur, afgreiðsla og önnur meðferð.
2. Reglugerð þessi fjallar ekki um aðrar neyslu- og nauðsynjavörur en sem segir frá hér að framan sbr. 1. gr. 1. t. d. hreinlætis- og snyrtivörur, klæðnað, húsgögn, eldivið, lækningaáhöld, hjúkrunarvörur, leikföng o. s. frv. sbr. 3. gr. laga nr. 24 frá 1936.
3. Með reglugerð þessari fylgir sérstakur listi yfir aukefni, sem setja má í matvæli á Íslandi og í hvaða magni. Listanum er skipt niður í A flokk og B flokk. Í A flokki eru öll aukefni, sem talin eru aðgæsluverð (gerviefni ásamt tilgreindum náttúrulegum efnum) og er notkun þeirra skilgreind til hlítar á listanum. Í B flokki er allur þorri náttúrulegra aukefna og sætir notkun þeirra þeim takmörkunum, sem kveðið er á um á listanum.

   Ráðherra er heimilt að breyta aukefnalistanum að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og eiturefnanefnd.

II. KAFLI

Tilbúningur, dreifing og meðferð matvæla.

2. gr.

1. Tilbúningur og dreifing á matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar og annarra reglugerða, sem í gildi eru um einstakar vörutegundir og sem settar kunna að verða samkvæmt lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, að svo miklu leyti sem ekki eru í gildi strangari eða ítarlegri fyrirmæli í sérlögum eða reglugerðum.

3. gr.

1. Matvæli, neyslu- eða nauðsynjavörur, sem finnast kunna á stað eða í húsakynnum viðkomandi verslunar, sem slíkar vörur selur eða hefur á boðstólum, skulu taldar hafðar þar á boðstólum, nema annað sé sannað.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. Matvæli, neyslu- eða nauðsynjavörur sem finnast kunna á framleiðslustað eða í húsakynnum viðkomandi framleiðslustaðar, sem slíkar vörur framleiðir, skulu taldar framleiddar þar nema annað sé sannað.

4. gr.

1. Ekki má búa til matvæli, neyslu- eða nauðsynjavörur í því skyni að hafa þær á boðstólum eða dreifa manna á meðal séu þær taldar hættulegar heilbrigði manna samkv. gildandi lögum og reglugerðum eða auglýsingu ráðherra eða séu þær að öðru leyti vitanlega hættulegar heilbrigði manna er þeirra er neytt eða þær eru notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.
2. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur skulu teljast hættulegar heilbrigði manna:
   a. Þegar sérstök hætta er á að þær geti borið með sér sjúkdóma eða valdið eitrunum.
   b. Þegar þær eru búnar til eða þegar með þær er farið af mönnum, sem haldnir eru næmum sjúkdómum þá þeir vinna að vörunum.
   c. Þegar hætta er á, að starfsmenn geti borið með sér sóttkveikjur næmra sjúkdóma, þegar þeir vinna að vörunum, þannig að hættulegt kunni að vera að neyta þeirra eða nota þær.

5. gr.

1. Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum, skal gæta þess hreinlætis og þeirri varkárni, að varan óhreinkist ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.
2. Viðkvæmum matvælum skal halda nægjanlega köldum, og ílát, áhöld, rör, vélar og fleira, sem notað er við framleiðslu og tilbúning slíkra matvæla, skal hreinsa og sótthreinsa vandlega með viðurkenndum aðferðum.
3. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum né dreifa manna á meðal, þegar þær geta talist miður hæfar til neyslu eða notkunar vegna hættulegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum.

6. gr.

1. Vatn, sem notað er við tilbúning á matvælum og neysluvörum eða til hreinsunar á ílátum og áhöldum, sem notuð eru við tilbúning og dreifingu þeirra, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til neysluvatns á hverjum tíma. Sjór, sem notaður er í sama tilgangi skal vera hreinn samkvæmt viðurkenndum stöðlum.
2. Ís, sem notaður er á tilsvarandi hátt, skal fullnægja þeim hreinlætiskröfum, sem gerðar eru til neysluvatns, þegar hann snertir vöruna beinlínis bráðinn eða óbráðinn.
3. Notkun freóns (Diklórdifluormetan) til frystingar er því aðeins leyfð, að fengið sé samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins hverju sinni og þá skal gæta eftirfarandi skilyrða:
   a. Frystivökvinn skal vera minnst 99.97% freón.
   b. Matvæli, sem fryst hefur verið með freónvökva, skal ekki innihalda meira en 100 mg/kg (PPM) freón strax eftir afþýðingu.

7. gr.

1. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum eða dreifa manna á meðal á nokkurn þann hátt, sem fallinn er til að blekkja kaupanda eða móttakanda á uppruna þeirra, tegund, samsetningu, eðli, áhrifum, magni, verðgildi, eða öðru þess háttar. Þegar dæmt er um þessi atriði, skal sérstaklega tekið tillit til þess nafns, sem vörunni er gefið og þeirra upplýsinga, sem um hana eru birtar í auglýsingum, hvort heldur er í orðum eða myndum, sem festar eru á vöruna sjálfa eða á umbúðir hennar eða á annan hátt.

2. Nafn á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum telst blekkjandi:
   a. Þegar í vöruna vantar að nokkru eða öllu leyti einhver þau efni eða þegar vöruna skortir þá eiginleika, sem varan eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins á að innihalda eða hafa til að bera.
   b. Þegar annarleg efni eru í vörunni.
   c. Þegar í vörunum eru leifar af hráefnum eða öðrum efnum, sem bætt er í þær meðan á framleiðslu stendur í ríkara hlutfalli en vera ber eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins.
3. Reglugerðir, sem í gildi eru eða settar kunna að verða um sérstakar tegundir af matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum, skulu lagðar til grundvallar þegar dæmt er um þau atriði, er þessi grein, 5. gr. og 6. gr. fjalla um.

8. gr.

1. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur, sem boðnar eru til sölu eða hafðar eru á boðstólum, eða dreift manna á meðal, mega ekki innihalda önnur aukefni en þau, sem leyfð eru í gildandi lögum og reglugerðum, eða auglýsingum ráðherra.
2. Ef boðin er til sölu aukefnablanda, skal telja fram efni á umbúðum í lækkandi röð eftir magni með þeim merkingum, sem notaðar eru á aukefnalista, sem í gildi er hverju sinni. Ef hámarksákvæði gilda um einstök efni blöndunnar, samkv. aukefnalistum, skal það auðkennt í hundraðshlutum af heildarþyngd blöndunnar.
3. Fæðu ætlaða smábörnum (barnafæða) má ekki setja á markað, nema að leyfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins komi til.
4. Litarefni má ekki nota á þann hátt, að það leyni því, að matvara sé skemmd eða heilsuspillandi eða líti út fyrir að vera af betri gæðaflokki en hún í raun og veru er.

III. KAFLI

Merking umbúða.

9. gr.

1. Neysluvörum í luktum umbúðum eða hylkjum (dósum, flöskum, öskjum, loftþéttum umbúðum úr gerviefnum og þar um líkum) má ekki dreifa til sölustaða án þess að nafn og heimilisfang framleiðanda, pökkunarfyrirtækis, umboðsmanns, innflytjanda, útflytjanda eða seljanda og þar sem það á við nafn framleiðslufyrirtækis og framleiðslustaðar sé skráð á umbúðirnar.
2. Djúpfrystar neysluvörur (undir ÷ 25° C) skal framleiðandi, eftir atvikum umboðsmaður eða innflytjandi, merkja með „Djúpfryst“ á umbúðirnar.
3. Heilbrigðiseftirliti ríkisins er heimilt að setja fyrirmæli þess efnis, að gefin skuli upp nettóþyngd vörunnar og jafnframt sett nánari ákvæði um merkingar vegna sölu á viðkvæmum matvælum.
4. Þegar um samsettar neysluvörur er að ræða, sem seldar eru í luktum umbúðum eða hylkjum, ákveður Heilbrigðiseftirlit ríkisins að hve miklu leyti skýring skuli fylgja á samsetningu vörunnar áður en hún er seld. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur einnig ákveðið, að magn aðalefnanna sé gefið upp fyrir einstakar vörutegundir.
5. Þar sem þess er krafist, að ákveðins nafns á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum eða ákveðins eiginleika þeirra sé getið á umbúðum varanna, á einkennismiðum eða á annan hátt, þá skal það gert með greinilegum bókstöfum og jafnlitsterkum þeim, sem notaðir eru við aðalauðkenningu vörunnar. Bókstafirnir skulu vera 3 mm að hæð í minnsta lagi og þeim komið þannig fyrir að auðvelt sé fyrir kaupanda að taka eftir þeim, þegar sala fer fram. Sé ekki annað ákveðið, skal auðkenning vera á íslensku. Sé einhver auðkenning aðeins leyfð með sérstökum skilyrðum, skulu þau einnig gilda um auðkenningu á erlendum málum.

6. Skrá skal pökkunardagsetningu og geymsluþol á umbúðir vöru, sem dreift er til verslana frá framleiðslustað, sé varan í luktum neytendaumbúðum eða hraðfryst en ekki niðursoðin (dauðhreinsuð) og sé um að ræða nýtt kjöt eða nýjan fisk eða vörur unnar úr kjöti eða fiski. Sama gildir um viðkvæmt álegg úr kjöti eða fiski ásamt öðrum viðkvæmum matvörum. Skráning á umbúðir í þessu tilviki skal vera þannig: „Pakkað ....." „Nothæft til .....".
7. Veita má undanþágu frá pökkunardagsetningu á vörunni ef framleiðandi hefur gefið heilbrigðisnefnd á framleiðslustað skriflega tilkynningu um það, hve langan tíma hann reiknar frá pökkunardegi til síðasta söludags (skráð eftir „nothæft til .....").

   Komist framleiðandi síðar að því að lengja megi þennan tíma eða að stytta þurfi tímann, sem geyma má vöruna, þarf að senda tilkynningu um það til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefndum ber að senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins afrit af slíkum tilkynningum framleiðanda.
8. Við sölu og dreifingu á matvælum, sem nefnd eru í 6. tl. þessarar greinar skal auðkenna umbúðir með „Geymist í kæli".
9. Við sölu og dreifingu barnamatar og áleggs, skal getið um aðalefni vörunnar á umbúðum.

IV. KAFLI

Leyfisveitingar.

10. gr.

1. Sá, sem vill reka sláturhús, búa til matvæli eða neysluvörur, eða selja eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kökum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal sanna fyrir lögreglustjóra, m. a. með vottorði héraðsdýralæknis og viðkomandi heilbrigðisnefndar eða Heilbrigðiseftirlits ríkisins, að hann fullnægi skilyrðum laga nr. 24/1936, þessarar reglugerðar og öðrum ákvæðum, sem sett hafa verið eða sett kunna að verða um þess háttar starfsemi. Lögreglustjóri veitir leyfi til starfseminnar þegar settum skilyrðum er fullnægt, og má hún ekki hefjast fyrr. Sama gildir ef starfsemin er flutt, skipt er um eiganda, eða breytt er um starfssvið.
2. Venjulega heimilisframleiðslu á landbúnaðarafurðum er ekki skylt að tilkynna, né heldur sölu á nýjum fiski, er sjómenn sjálfir annast um beint upp úr bát eða á lendingarstað.

V. KAFLI

Húsakynni.

11. gr.

1. Þar sem tilkynningaskyld starfsemi, skv. 10. gr. er rekin, skulu húsakynni vera rúmgóð og björt, loftræsting góð, hægur aðgangur að ómenguðu, heitu og köldu neysluvatni og gott frárennsli. Gólf, veggir, loft og þök skulu vera þétt og ásamt borðum, hillum og öðrum innanstokksmunum þannig úr garði gerð að auðvelt sé að gera þau hrein.
2. Fjöldi og stærð herbergja skal miðast við eðli og magn starfseminnar. Herbergi, þar sem matargerð fer fram, skal hafa 8 fermetra frían gólfflöt fyrir hvert vinnustæði þegar frá er dreginn sá flötur, sem ýmiss konar vélar og gólffastur búnaður taka. Vinnuborð og lausir bekkir skulu ekki metnir sem fastur búnaður. Heilbrigðisnefnd eða Heilbrigðiseftirlit ríkisins, geta veitt undanþágu frá þessu, þegar slíkt er talið forsvaranlegt.

3. Húsakynni verða að hafa góða lýsingu. Á vinnustað, þar sem matargerð og uppþvottur fer fram, skal ljósstyrkur vera minnst 100 lux. Þessi húsakynni mega ekki vera í beinu sambandi við íbúðarherbergi og ekki má þannig til haga að óþefur, eða óþverri geti borist þangað frá salernum, mykjuhaugum, gripahúsum, haughúsum og öðru því líku.
4. Starfstólk skal eiga auðveldan aðgang að þrifalegu salerni og handlaug með rennandi heitu og köldu vatni, sbr. nánar 62. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.
5. Halda skal húsakynnum þessum vel hreinum og ekki má nota þau til annars en þess, sem þau eru ætluð til. Í þeim má ekki geyma vörur, sem flýtt geta fyrir skemmdum í matvælum eða sem vegna lyktar sinnar eða bragðs eða á annan hátt geta valdið því, að þau verði óhæf eða miður hæf til neyslu.
6. Húsakynni skulu vera rottu- og músaheld og séð skal um útrýmingu á flugum, kakkalökkum og öðrum meindýrum.

12. gr.

1. Á stöðum, þar sem matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur eru búnar til, geymdar eða hafðar á boðstólum, má ekki geyma eða nota eiturefni eða hættuleg efni.
2. Héraðsdýralæknir leiðbeinir um geymslu og notkun eiturefna til hreingerninga og sótthreinsunar í samvinnu við eiturefnanefnd.

VI. KAFLI

Gerð íláta, áhalda, véla og umbúða.

13. gr.

1. Ílát, áhöld, vélar og umbúðir, sem notaðar eru á þeim stöðum, sem nefndir eru í 12. gr., eða sem geta snert matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur, sem dreifa skal manna á meðal, skulu vera þannig úr garði gerð, að þau skaði ekki né mengi matvælin, neyslu- eða nauðsynjavöruna.
2. Notkun glerhúðaðra (emaleraðra) íláta og áhalda og svonefndra „patent"-tappa (flöskuloka með gúmmíþéttingu) er bönnuð. Ekki má búa um matvæli, neyslu- eða nauðsynjavöru, pappír, plast eða aðrar umbúðir, sem eru litaðar, málaðar, gljáðar eða prentaðar með eitruðum litum eða öðrum eiturefnum t. d. samböndum af arsen, baríum, krómi, nikkel, blýi, kadium, kvikasilfri, þannig að hætta geti verið á því að eitthvað af þessum efnum komist í vöruna.

Eigi má heldur búa um slíkt í málmþynnur úr öðru en alumíníum eða tini.

VII. KAFLI

Starfsfólk.

14. gr.

1. Starfsfólk, sem vinnur við fyrirtæki, sem tilkynningaskyld eru samkv. 10. gr. og sem afgreiðir fólk, býr til og sýslar með eða kemur á annan hátt í snertingu við matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur, skal ástunda strangasta persónulega hreinlæti og þrifnað í meðferð vörunnar. Starfsfólk, sem fæst við viðkvæman mat og drykkjarvörur, skal íklætt hreinum og heilum vinnufötum og hafa höfuðfat (hettu, skýluklút eða hárnet, húfu). Heilbrigðisnefnd getur ákveðið að vinnuföt og höfuðbúnaður skuli vera hvítur. Hendur skal ávallt þvo strax eftir að þær hafa komist í snertingu við eitthvað, sem óhreinkar þær, m. a. eftir viðkomu á salerni, eftir tóbaksreykingar og annars svo oft sem þurfa þykir. Sár og rispur skal hylja með hentugum vatnsþéttum umbúðum.
2. Starfsfólk, sem er með smitandi sjúkdóma (þ. á m. hálsbólgu, vessandi sár eða kýli, útferð úr eyrum) má ekki starfa í matvælaiðju eða matvöruverslun.

15. gr.

1. Heilbrigðisyfirvöld geta krafist læknisskoðunar þegar starfsfólk er ráðið til starfa við tilkynningarskyld fyrirtæki samkv. 10. gr. Ennfremur geta heilbrigðisyfirvöld krafist reglulegra heilsufarsskoðana starfsfólks, sem vinnur í fyrirtækjum, sem framleiða, matbúa og/eða sýsla með mat og drykkjarföng, sem ætluð eru á markað. Þó skal heilbrigðisvottorð yngra en mánaðargamalt tekið gilt.

VIII. KAFLI

Undanþágur.

16. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur veitt framleiðslu- eða dreifingaraðilum matvöru skammtímaundanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar, enda sé undanþágan eingöngu miðuð við það, að tími gefist til að breyta aukefnaíblöndun í matvæli og auðkenningu á umbúðum í samræmi við reglugerð þessa.
2. Hvað snertir undanþágubeiðnir um starfsfólk, tæki, húsakynni og því um líkt, skal leita til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar, sem ber þá að gæta ákvæða heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, þ. e. a. s. 211. greinar.

IX. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

17. gr.

1. Við brotum gegn reglugerð þessari skal refsað með sektum en með varðhaldi ef sakir eru miklar.
2. Ef aðilar sinna ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið dagsektir allt að kr. 2 000.00 þar til úr er bætt.
3. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

18. gr.

1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

X. KAFLI

Gildistaka.

19. gr.

1. Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og með stoð í lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. mars 1977.
2. Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum frá 15. júlí 1936, svo og ákvæði annarra reglugerða, sem kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa, nema samsvarandi ákvæði, sem ganga lengra og eru nákvæmari.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. maí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Aukefnalisti.

Fyrri hluti: Listi yfir algeng aukefni í matvælum.

Aukefni í A-flokki (gerviefni og tilgreind náttúruleg efni) eru **merkt** með stjörnu í fyrri hluta og er framleiðanda aðeins heimilt að nota slík efni, ef það er talið upp við þau matvæli, sem um ræðir í seinni hluta skrárinnar. Þetta eru þau efni, sem eru undir beinu eftirliti í aukefnaskrá þessari.

Aukefni í B-flokki (allur þorri náttúrulegra aukefna) eru **ómerkt** í fyrri hluta og er framleiðanda heimilt að nota þau, hafi hann áður fengið leyfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Þessi efni eru ekki undir beinu eftirliti að öðru leyti en því, að framleiðendum ber að tilkynna Heilbrigðiseftirliti ríkisins um notkun allra slíkra efna og síðar ákveður Heilbrigðiseftirlit ríkisins, hvort notkun verði leyfð. Notkun annarra náttúrulegra aukaefna en þeirra sem falla undir B-flokk er ekki háð takmörkunum samkvæmt reglugerð þessari.

Öllum aukefnum er í fyrri hluta skipt niður í 3 flokka eftir hlutverkum.

I. Aukefni, sem eru næringarefni eða fæðutegundir.
II. Tæknileg aukefni.
III. Skynverkandi aukefni.

I. Aukefni, sem eru næringarefni eða fæðutegundir.

A. Vítamín og próvítamín.
1. þíamín, B_1
2. ríbóflavín, B_2
3. níasín
4. pýrídoxín, B_6
5. cyanocobalanín, B_{12}
6. askorbínsýra, C
7. retinol, A*
8. tokoferol, E
9. chole-calciferol, D*
10. karótín, próvítamín A

B. Steinefni.
1. kalsíum
2. magníum
3. járn*
4. fosfór

C. Amínósýrur.
1. lýsín
2. metionín*
3. tryptofan

D. Manneldishæfar örverur.
1. ölger

E. Eggjahvítugjafar.
1. unnin sojahvíta
2. manneldishæft fiskimjöl

II. Tæknileg hjálparefni.

a. Gerhvatar.

1. **Unnið úr dýrum:**
   Katalasi (nautslifur)
   Lípasi (dýra)
   3. Pepsín
   4. Rennet
   5. Rennet (naut)
   6. Trypsín
2. **Unnið úr plöntum:**
   1. Brómelaín
   2. Malt kolhýdrasar
   3. Papaín
3. **Unnið úr örverum:**
   1. Blandaðir kolhýdrasar og próteasar (Bacillus subtilis)
   2. Kolhýdrasi (Rhizopus oryzae)
   3. Kolhýdrasi (Saccharomyces so.)
   4. Kolhýdrasi (Aspergillus niger), (A(2))
   5. Glúkósoxýdasi (Aspergillus niger), (A(2))
   6. Rennet (Endothia parasitica), (A(2))
   7. Rennet (Mucor miehei), (A(2))
   8. Rennet (Mucor pusillus), (A(2))

b. Sýrur, basar, sölt (öll úr A(1)-flokki)

1. Adipinsýra
2. Asetöt (sölt edikssýru):
   kalsíumasetat
   natríumasetat
3. Edikssýra
4. Fosföt (sölt af fosfórsýrum):
   mónókalíummónófosfat
   mónókalsíummónófosfat
   mónónatríummónófosfat
   díkalíummónófosfat
   díkalsíummónófosfat
   dínatríummónófosfat
   tríkalíummónófosfat
   trínatríummónófosfat
   dínatríumpýrófosfat
   tetranatríumpýrófosfat
   natríumtrípólýfosfat*
   natríumpólýfosfat*
5. Fúmarsýra
6. Glúkónó-δ-lakton*
   Kalsíumglúkonat
7. Hýdroxíð:
   Ammoníumhýdroxíð
   Kalíumhýdroxíð
   Kalsíumhýdroxíð
   Magníumhýdroxíð
   Natríumhýdroxíð

8. Karbonöt (sölt kolsýru):
   Ammoníumkarbónat
   Kalíumbíkarbónat
   Natríumbíkarbónat
   Ammoníumkarbónat
   Kalíumkarbónat
   Kalsíumkarbónat
   Magníumkarbónat
   Natríumkarbónat
9. Klóríð (sölt saltsýru):
   Ammoníumklóríð
   Kalíumklóríð
   Kalsíumklóríð
   Magníumklóríð
   Natríumklóríð
10. DL-Laktöt (sölt mjólkursýru):
   Ammoníumlaktat
   Kalíumlaktat
   Kalsíumlaktat
   Natríumlaktat
11. DL-Malínsýra
12. DL-Malöt:
   Kalíummalat
   Kalsíummalat
   Natríummalat
13. DL-Mjólkursýra
14. Ortófosfórsýra*
15. Oxíð:
   Kalsíumoxíð
   Magníumoxíð
16. Sítrónusýra
17. Sítröt (sölt sítrónusýru):
   Kalíumsítrat
   Kalsíumsítrat
   Natríumsítrat
18. Súlföt (sölt brennisteinssýru):*
   Kalíumsúlfat
   Kalsíumsúlfat
   Natríumsúlfat
19. L(+)-Tartröt (sölt L(+)-vínsýru):
   Kalíumnatríumtartrat
   Kalíumtartrat
   Natríumtartrat
20. L(+)-Vínsýra

c. Rotvarnarefni.

1. Asetöt:
   Kalsíumasetat
   Natríumdíasetat*
2. Bensósýra*
3. Bensóöt:*
   Kalíumbensóat
   Natríumbensóat

4. Brennisteinsdíoxíð*
5. Hexametylentetramín*
6. p-Hydroxýbensósýruesterar:*
   Etýl-p-hýdroxýbensósýra
   Metýl-p-hýdroxýbensósýra
   Própýl-p-hýdroxýbensósýra
7. Maurasýra*
8. Nísín*
9. Nítrít:*
   Kalíumnítrít
   Natríumnítrít
10. Nítröt:*
   Kalíumnítrat
   Natríumnítrat
11. Própíonsýra*
12. Própíonöt:*
   Kalíumpróþíonat
   Kalsíumpróþíonat
   Natríumpróþíonat
13. Sorbinsýra*
14. Sorböt:*
   Kalíumsorbat
   Kalsíumsorbat
   Natríumsorbat
15. Súlfít og metabísúlfít:*
   Natríumsúlfít
   Natríumbísúlfít
   Natríummetabísúlfít
   Kalíummetabísúlfít

d. Þráavarnarefni, jónbindar.

1. L-Askorbínsýra (C-vítamín)*
2. L-Askorböt (sölt askorbínsýru):*
   Natríumaskorbat
3. L-Askorbýlfitusýruesterar:*
   Askorbýlpalmítat
   Askorbýlstearat
4. Bútýlerað hýdorxýanísól*
5. Bútýlerað hýdroxýtólúen*
6. Einglyseríðsítrat*
7. Etýlendíamíntetraasetöt (EDTA):* [1])
   Kalsíumdínatríumsalt
   Dínatríumdíhýdrogensalt
8. Fosföt:*
   Natríumpólýfosfat
9. Gallínsýruesterar:*
   Dodesýlgallat
   Oktýlgallat
   Própýlgallat
10. Ísóaskorbínsýra (erytorbínsýra)*

1) Ekkert umframmagn af Na_2H_2EDTA má vera fyrir hendi í matvælinu. Það á allt að umbreytast yfir í $CaNa_2EDTA$.

11. Ísóaskorböt (sölt ísóaskorbínsýru):*
    Natríumísóaskorbat
12. Ísóprópýlsítratblanda*
13. Ortófosfórsýra
14. Sítrónusýra
15. Sítröt (sölt sítrónusýru):
    Kalíumsítrat
    Kalsíumsítrat
    Natríumsítrat
16. α-Tókoferol (E-vítamín)
    Tókoferolblanda (E-vítamínkjarni)
17. L(+)-Vínsýra
18. Þíódíprópíonsýra*
19. Þíódíprópínsýruesterar:*
    Díarýlþíódíprópíonat
    Dístearýlþíóprópíonat

e. Bindi- og límefni.

1. Agar
2. Alginsýra
3. Alginöt:
    Ammoníumalginat
    Kalíumalginat
    Kalsíumalginat
    Natríumalginat
4. Dextrín, hvítt og gult
5. Desoxýkóliksýra*
6. Ein- og tvíglyseríð
7. Ein- og tríglyseríðesterar:*
    Díasetýlvínsýruesterar
    Ediksýruesterar
    Edik + vínsýruesterar
    Mjólkursýruesterar
    Sítrónusýruesterar
8. Fitusýruesterar sorbitols:*
    Sorbitan mónópalmítat
    Sorbitan mónóstearat
    Sorbitan tristearat
9. Fitusýruesterar súkrósa*
10. Fosfatíðsölt:
    Ammoníumfosfatíð
11. Gelatín
12. Gelatínsambönd*
13. Jurtagúmmí:
    Arabískt gúmmí
    Fúrsellaran*
    Gúargúmmí
    Karragenan*
14. Kóliksýra*
15. Lesitín
16. Mjölvi:
    Amýlósi
    Amýlópektín

17. Mjölvisambönd:*
    Asetýlerað fosfat
    Asetýlerað glyserol
    Asetýlerað tvímjölviadípat
    Bleikjað mjölvi
    Einmjölvifosfat
    Fosfaterað tvímjölvifosfat
    Hýdroxýprópýlmjölvi
    Hýdorxýprópýltvímjölviglyserol
    Mjölvi, meðhöndlað með basa
    Mjölvi, meðhöndlað með gerhvötum
    Mjölvi, meðhöndlað með sýru
    Mjölviasetat
    Oxað mjölvi
    Tvímjölvifosfat
    Tvímjölviglyserol
18. Pektín (ekki amíderað)
    Pektín, amíderað*
19. Pólýglyserolesterar fitusýru
20. Pólýglyserolesterar interesteraðrar rikínolíusýru*
21. Pólýoxýetýlen (20) sorbitanfitusýruesterar:*
    Pólýoxýetýlen(20)sorbitan mónóoleat (Pólýsorbat 80)
    Pólýoxýetýlen(20)sorbitan mónóstearat (Pólýsorbat 60)
    Pólýoxýetýlen(20)sorbitan mónópalmitat Pólýsorbat 40)
    Pólýoxýetýlen(20)sorbitan tristearat (Pólýsorbat 65)
22. Pólýoxýetýlen (8)stearat*
23. Pólýoxýetýlen(40)stearat*
24. Própýlenglýkólesterar fitusýru*
25. Própýlenglýkólalginat*
26. Sellulósi, fínkristallaður
27. Sellulósasambönd:*
    Hýdroxýprópýlsellulósi
    Hýdroxýprópýlmetýlsellulósi
    Metýlsellulósi
    Metýletýlsellulósi
    Natríumkarboxýmetýlsellulósi
28. Steroýllaktýlöt:*
    Kalsíumsteroýllaktýlöt
    Natríumsteroýllaktýlöt
29. Sterýlsítrat*

f. Leysar.

i. **Til burðar**
1. Edikssýra
2. Etanol
3. Etýlasetat
4. Própan-2-ol (ísóprópanol)
5. Própýlenglýkol

g. Kekkjavarnarefni.

1. Fosföt:*
    Tetranatríumdífosfat
    Tríkalsíumfosfat
    Trímagníumfosfat

2. Karbonöt:
   Kalsíumkarbónat
   Magníumkarbónat
3. Kísildíoxíð (myndlaust)*
4. Magníumoxíð
5. Mýristöt:
   Álmýristat
   Ammoníummýristat
   Kalíummýristat
   Kalsíummýristat
   Magníummýristat
   Natríummýristat
6. Palmítöt:
   Álpalmítat
   Ammoníumpalmítat
   Kalíumpalmítat
   Kalsíumpalmítat
   Magníumpalmítat
   Natríumpalmítat
7. Silíköt:
   Álsilíkat
   Kalsíumsilíkat
   Magníumsilíkat
   Natríumsilíkat
   Natríumkalsíum
8. Stearöt:
   Álstearat
   Ammoníumstearat
   Kalíumstearat
   Kalsíumstearat
   Magníumstearat
   Natríumstearat

h. Efni til hveitimeðhöndlunar.

1. L-Askorbinsýra (C-vítamín)
2. Azódíkarbonamíð*
3. Benzóýlperoxíð* [1])
4. Klórdíoxíð* [1])
5. Kalíumbrómat* [1])

i. Ýmis tæknileg hjálparefni.

1. Dímetýlpólýsiloxan*
2. Kúprísúlfat*
3. D-Mannitol
4. Natríumkaseínat
5. Oxýstearín*
6. Paprikukjarni (oleoresín)
7. D-Sorbitol
8. Stearýltartrat*
9. Steinolía*

III. Skynverkandi efni.

a. **Litarefni**	Litarvísitala (Colour Index)
1. Annattólausnir*	75120
2. β-Apó-′-karotenal	
3. β-Apó-8′-karotensýra	

1) Aðeins leyft í sérstökum tilgangi, þ. e. í kexhveiti.

	Litarvísitala (Colour Index)
4. β-Karótín	
5. Indantrenblátt*	69800
6. Kantaxantin	
7. Karamellubrúnt (Ekki þó 8)	
8. Karamellubrúnt, framleitt með ammoníakaðferðinni	
9. Klórófýll	75810
10. Klórófýll-koparkomplex	75810
11. Klórófýllin-koparkomplex*	75810
12. Matarblátt 1 (Indígótín)*	73015
13. Matarblátt 2 (Brilliant Blue FCF)*	42090
14. Matargrænt 3 (Fast Green FCF)*	42053
15. Matargrænt 4 (Green S)*	44090
16. Matargult 3 (Sunset Yellow FCF)*	15985
17. Matargult 4 (Tartrazine)*	19140
18. Matargult 13 (Quinoline Yellow)(A(2))*	47005
19. Matarrautt 7 (Ponceau 4 R)*	16255
20. Matarrautt 9 (Amaranth)*	16185
21. Matarrautt 14 (Erythrosine)*	45430
22. Matarrautt 17 (Allura Red)*	
23. Paprikukjarni (oleoresin)	
24. Patentblátt V*	42051
25. Ríbóflavín*	
26. Ríbóflavín-5-fosfat*	
27. Títandíoxíð*	77891
28. Túrmerik (kúrkúmín)	75300
29. Viðarkolssvart, sérstaklega unnið fyrir matvæli	

b. **Gervisætuefni**
1. Sakkarín*
2. Sakkaröt:*
   Kalsíumsakkarat
   Natríumsakkarat

c. **Bragðaukandi efni**
1. Etýlmaltol*
2. L-Glútamínsýra
3. L-Glútamöt:
   Ammoníumglútamat
   Kalíumglútamat
   Kalsíumglútamat
   Natríumglútamat
4. Maltol*
5. Natríum Inósínat

d. **Bragðefni**
1. trans-Anetol
2. Bensaldehýð
3. Bensýlasetat*
4. Etýlasetat
5. Etýlbútýrat
6. Etýlformat
7. Etýlheptanóat*
8. Etýllaktat*
9. Etýllárat*
10. Etýlmaltol*
11. Etýlnónanóat*

12. Etýlvanillín*
13. Eugenol
14. Geranýlasetat*
15. α-Ínón
16. β-Ínón
17. Ísóamýlbútýrat*
18. δ-Karvon
19. l-Karvon
20. Línalol (90% og 95%)
21. Línalýlasetat (90% og 96%)
22. Mentol (dl- og l-)
23. Metýlantranílat
24. Metýlsalisýlat*
25. δ-Nónalakton*
26. Nónanal
27. Oktanal
28. Píperonal
29. Sinnamaldehýð*
30. Sítral
31. Sítrónellol (90% og 98% alkóhól alls)
32. δ-Úndekalakton*
33. Vanillín
34. Maltol (A(2))
35. Etýl-metýlfenýlglýsídat (A(2))
36. Kínin (Aðeins í „tonic" og skylda gosdrykki (bragðbitra))
37. Glychirrizin (Leyfi Heilbr.eftirl. ríkisins)

Ýmis skynverkandi efni

1. Kaffein

Efni, sem óheimilt er að nota í matvæli.

1. Klóramfenikol (rotvarnarefni)
2. Nítrófúrazón
3. Salisýlsýra og sölt hennar (rotvarnarefni)
4. Kúmarín (bragðefni)
5. Díhýdrókúmarín (")
6. Ísóafról (")
7. Safrol (")
8. Díhýdrósafról (")
9. Nítróbensen (")
10. Agariksýra (")
11. Pennýroyalolía (")
12. Tansýolía (")
13. Rueolía (")
14. Birkitjöruolía (")
15. Cadeolía (")
16. Beisk möndluolía (")
17. Burkni (")
18. Kalamusolía (")

Seinni hluti: Listi yfir algengustu matvæli og reglur um aukefnanotkun.

Suðurfjarðavegur (96) frá ristarhliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:
Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) að gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:
Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestsseturs framhjá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:
Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álaugarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkv. 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkv. reglugerð um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum frá 2. desember 1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 66 14. júlí 1975, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 410 27. desember 1973 og reglugerð nr. 403 29. ágúst 1975, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 24. júní 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á áður staðfestu aðalskipulagi fyrir Reykjavíkurborg.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. júní 1976 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar, að því er varðar eftirfarandi:

Í stað útivistarsvæðis, skuli gert ráð fyrir opinberri byggingu á lóðinni Langahlíð nr. 3.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Raufarhafnarhreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í sveitarfélaginu og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Bannað er að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Hundeiganda ber að hlýta að öðru leyti reglum um hundahald (þ. m. t. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júní 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 259. 29. júní 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 48.64 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 6 314 á ári fyrir allt að 25 m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal og kr. 119 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 60 á m² á ári.

   Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 10.57 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 1 087 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélanotkun

1. Um kWst.-mæli á kr. 20.94 hverja kWst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 11 514 hvert ár kW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 4.15 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 57 570 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kWA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 8.06 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 10.81 hverja kWst.
3. Um kWst.-mæli á kr. 2.61 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.

4. Um kWst.-mæli á kr. 3.80 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
5. Um kWst.-mæli á kr. 1.36 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. Um kWst.-mæli á kr. 1.98 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a) Að vélaafl, götulínur og spennur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
e) Að lagðar séu fram niðurstöður úrteikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. Stórnotkun.

1. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.
   Aflgjald: Kr. 20 985 hvert árs-kW.
   Orkugjald: Kr. 2.34 hverja kWst.
   Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun Rafveitunefndar.

F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem er notuð á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er aðræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur. Um kWst.-mæli á kr. 25.53 hverja kWst.
3. Gjöld fyrir götu og hafnarlýsingu: Kr. 66 789 hvert árskílówatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu Rafveitunefndar sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn nema samþykki Rafveitunefndar komi til.

G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum kr. 58 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 137 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 260 á mánuði.
4. Af mestu mælum kr. 450 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína Lágmark kr.	Jarðlína Yfirlengd kr./m.	Loftlína Lágmark kr.	Loftlína Yfirlengd kr./stólpa
	220 V KERFI			
63 A 1-fasa	37 800	2 110	28 500	27 800
100 A 1-fasa	45 700	2 520	36 200	34 700
63 A 3-fasa	47 100	2 520	36 200	34 700
100 A 3-fasa	59 600	2 860	41 100	43 200
125 A 3-fasa	73 000	3 200	51 400	45 288
200 A 3-fasa	113 900	4 340	81 400	51 700
300 A 3-fasa	164 400	5 280		
	380 V KERFI			
63 A 1-fasa	37 800	2 110	32 400	27 800
63 A 2-fasa	45 700	2 110	32 600	32 400
63 A 3-fasa	63 900	2 520	49 100	34 700
100 A 3-fasa	101 000	2 860	73 000	43 200
125 A 3-fasa	126 100	3 200	88 700	45 288
200 A 3-fasa	197 700	4 340	140 000	51 700
300 A 3-fasa	284 800	5 280		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 1 563 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. — Lengd stærri jarðlínuheimtaugar en að ofan greinir reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu. Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m, svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 17 000 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga. Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa. — Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 100.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 1 100 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þess allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu eftir 1. júní 1976, er Rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum D1, D3 og D5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. júlí 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 44.00 hverja kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 17.20 hverja kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 192.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 67.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 11.00 hver kWst.

C. Vélanotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 24.40 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 384.00 hvert uppsett kW. vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 10.00 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
    a. Um kWst.-mæli á kr. 7.05 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
    b. Um tvígjaldsmæli á kr. 41.80 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 7.80 hver kWst. utan þess tíma.
    c. Um tvígjaldsmæli á kr. 41.80 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn en kr. 7.80 hver kWst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 9 020.00 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu mælt, sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 4.76 á notaða kWst.
35. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl má selja þannig:
    Um mæli á kr. 5 915.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 4.76 á notaða kWst.
    Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.
    Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda tilfinnanlegum spennutruflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 4.88 hver kWst., án rofs.
42. Um kWst.-mæli á kr. 2.44 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Um kWst.-mæli á kr. 1.32 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 07.00.
    Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við 1.21 kWst. og söluverð dísilolíu í Keflavík kr. 5.80 hver lítri. Fyrir hverja 10 aura, sem olían lækkar eða hækkar, lækkar eða hækkar kWst. um: Á gjaldskrárlið 41 3 aura, gjaldskrárlið 42 1.7 aura og gjaldskrárlið 43 1 eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar

notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.

c. Að hitalagnir, þar með talið öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 13.20 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. **24.64 hver kWst.**
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.20 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 4.07 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 10.00 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
54. Til gatnalýsingar á kr. 10.00 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá fjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. — Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 66.70	á mán.
2.	Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 79.40	— —
3.	Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 198.00	— —
4.	Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 298.00	— —
5.	Af álagsstýringarliðum	— 298.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 420.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 420.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1] kr./m
63 A 1-fasa	72 952.00	innifalið
63 A 3-fasa	78 738.00	—
100 A —	93 600.00	—
200 A —	150 865.00	—
315 A —	314 413.00	—
300 kVA —	439 384.00	samk. kostnaði
500 kVA —	733 477.00	— —
800 kVA —	1 172 853.00	— —

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Máltsraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald[1][2] Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./m
63 A 1-fasa	12 936.00	1 925.00	24 365.00
63 A 3-fasa	18 161.00	1 925.00	28 336.00
100 A 3-fasa	19 261.00	2 475.00	32 483.00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

KVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

---

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur og Gerðahrepps hefur samið, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1976 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numdar eldri gjaldskrár Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

29. júní 1976. Nr. 261.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 48.89 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 13.87 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 7 070 á ári fyrir 25 m² gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 210.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst. mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 48.89 hver kWst. til ljósa og kr. 11.20 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 9.25 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 74.40 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, ennfremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 9.63 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 23.59 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 7 790.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 4.00 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 6 920.00 hvert kW sem er fram yfir 50 kW og kr. 3.77 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.

C—4 Kr. 13.84 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 14.54 hver kWst., fyrir búrekstur.
C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 1.78/1.61 hver kWst. og kr. 14 740.00 hvert kW.
C—7 Sértaxti Iðunnar, Gufuketill, kr. 211.00 hver kWst.

D. Hitun.

D—1 Kr. 2.78 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1/2 klst. í senn.
D—2 Kr. 3.76 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Kr. 2.19 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
D—4 Kr. 1.69 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.72 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.50 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.
D—7 Sértaxti til upphitunar kr. 2.32 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmöguleiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 6.31 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 8.20 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
E—3 Kr. 4.00 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
E—4 Kr. 4.77 hver kWst. til súgþurrkunar.
F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 4.34 hver kWst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. Kr.	30—50 Amp. Kr.	50—100 Amp. Kr.	100—500 Amp. Kr.	Yfir 500 Amp. Kr.
1-fasa kWst.-mælar	714.00	880.00	950.00		
3-fasa kWst..-mælar	1 173.00	1 857.00	2 393.00	3 985.00	8 765.00
Tvígjalds- og mestastraumsmælar .		2 393.00	3 985.00	6 418.00	12 850.00
Skiptirofar/skiptiklukkur		2 960.00			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald Jarðstr. kr.	Stofngjald Loftlína kr.	Lengdargjald Jarðstr. kr./m	Lengdargjald Loftlína kr./stólpi	Umframgjald Loftlína kr./stólpi
25 A 1-fasa	—	8 000	—	Innif.	14 400
25 A 3-fasa	—	12 000	—	—	20 000
63 A 1-fasa	58 000	12 000	Innif.	—	20 000
63 A 3-fasa	63 400	13 500	—	—	22 400
110 A 3-fasa	79 000	16 000	—	—	28 000
200 A 3-fasa	45 000		3 300	—	—
315 A 3-fasa	137 000		4 500	—	—
300 VKA 3-fasa	364 000		Skv. kostn.	—	—
500 KVA 3-fasa	580 000		—	—	—
800 KVA 3-fasa	944 000		—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugagjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarskassa eða stofntengikassa í hitaveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m. innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 750.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 750.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunnar, eru innifalin í upphæðum gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.
4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976. Jafnframt er eldri gjaldskrá sama efnis úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 262. 29. júní 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

11. Um kWst.-mæli á kr. 43.00.
12. Um kWst.-mæli á kr. 18.00 á hverja kWst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 14.30 á ferm. á mánuði.
b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ.h. kr. 7.10 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 10.60 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 78.00 á mánuði af hverju herbergi.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 29.40 hverja kWst. ársnotkun.
32. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 10 kW:
a) Kr. 8.90 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
b) Kr. 11.70 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
c) Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 11 120.00 á kW á ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 4.00.

d) Ef ekki er reiknað um mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst. mæli á kr. 4.00 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 8 782.00 á ári fyrir hvert kW í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 495.00 hver kWst.
42. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 2.60 hver kWst., enda megi rjúfa straum-inn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
43. Til húsahitunar um kWst.-mæli kr. 2.35 enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar.

A. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
B. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
C. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli kr. 18.00 hver kWst.
2. Til götu- og hafnalýsingar kr. 4 713.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 50 amp. og minni	kr. 73.00	á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 75.00	- —
3.	Af þrífasa mælum 50—100 amp.	— 104.00	- —
4.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	— 184.00	- —
5.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 amp.	— 230.00	- —

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimæðagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Stofngjald kr.	Lengdargjald kr.
1.	60 A 1 fasa	3 730.00	1 590.00
2.	60 A 3 fasa	3 730.00	1 930.00
3.	100 A 3 fasa	11 040.00	2 190.00
4.	200 A 3 fasa	37 950.00	3 330.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metra frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofntengikassa hússins, Rafveitan ákveður leigu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðast eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 700.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 700.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 20% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. Vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1976. Jafnframt er eldri gjaldskrá sama efnis úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 263. 30. júní 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 43.60 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hverskonar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 133.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 65.00 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 11.00 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 12 130.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:

a) Um kWst.-mæli á kr. 3.65 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 12 130.00 Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kw.

b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 3.65 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 11 480.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 12 130.00 á kw. á ári.

b) Af allri notkun kr. 3.65 hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélarekstrar, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa á kr. 133.00 hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 53.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisg., frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 105.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 4.20 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 3.00 hverja kWst.

D—5. Um afl- og orkumæla:

a) Á kr. 3.00 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 350.00 hvert kw.

b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 1.60 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði af þeim samkv. gjaldskrá.

d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérrofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.

e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.

f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annara slíkra staða á kr. 13.00 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagningar við byggingar, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.00 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 3.20 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 9.50 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar eða aðra mannvirkjagerð á kr. 21.50 hver kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir), á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr.	70.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	80.00 - —
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	—	130.00 - —
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	—	230.00 - —
5.	Af mesta aflsmælum 100 amp. og minni	—	210.00 - —
6.	Af mesta aflsmælum yfir 100 amp.	—	400.00 - —
7.	Af álags stýriliðum minni gerð	—	225.00 - —
8.	Af álags stýriliðum stærri gerð	—	400.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það, heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kva.	Heimtaugargjald kr.
1.	3 × 60	22	55 450
2.	3 × 100	38	80 500
3.	3 × 200	75 sp.	158 500
4.	3 × 350	132	264 000

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 50 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytstu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr.	11 500
Fyrir 60 amp. þrífasa	—	14 500

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfa, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður há útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða samkvæmt reikningi. Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikn.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 570.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 570.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Hreppsnefnd Miðneshrepps er heimilt að hækka gjöld, eða lækka samkv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá er 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Miðneshrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

TAFLA 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orku verð kr./kWst.	Fastar greiðslur í kr. Daggreiðslur	Ársgr.	Númer á mælal.
	A. Lýsing				
1.1	Án fastagjalds	44.40			01
1.2	Með fastagjaldi	24.40	0.50/m²	183	01
1.3	Götu- og hafnarlýsing	8.90			03
1.4	Við húsbyggingar	24.40			01
	B. Heimili				
2.1	Með fastagjaldi	12.20	3.70/herb.	1 350	01
	C. Iðnaður og verslun				
3.1	Smávélar	24.40			02
3.2	Stór notkun	4.00	30.00/kW	10 950	04
	D. Hitun		Með taxta B 2.1		
4.1	Án rofs	10.00	1 herb. 18.50	6 753	01
4.2	Með rofi 1 kl/á dag	5.55	2 — 37.00	13 505	03
4.3	Með rofi 3 kl/á dag	2.95	3 — 55.50	20 258	03
4.4	Með rofi 3 kl/á dag sumarhitun		4 — 74.00	27 010	03
4.5	Með rofi 14 kl/á dag næturhitun	1.44	5 — 92.50	33 763	03
			fleiri sleppt.		
	F. Annað				
5.1	Sérsamningar.				
5.2	Lokun húsveitna og enduropnun		730 á reikn		
5.3	Súgþurrkun.				
	Mælaleigur				
0 1	Einfasa almenn án stjórnart.		3.60/mælingu	1 315	
0 2	Einfasa með stjórnart. og þrífasa án stjórnart		6.00/mælingu	2 190	
0 3	Þriggja fasa m/stjórnt.		10.00/mælingu	3 650	
0 4	Þriggja fasa m/aflmæl.		20.00/mælingu	7 300	

Upplýsingar og ýmis ákvæði.

1. Mælieiningar raforku eru kílówattstundir (kWst.) og kílówött (kW.).
   Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA) ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,8.
2. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.
4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A-1.2 og C-3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B-2.1 og D-4.1 til 4.3.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notenda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur 15 dögum eftir útsendingu reiknings er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextirnir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningum.

7. Tengingargjöld skulu vera að fullu greidd þegar tengingu er lokið.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo að til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald skv. lið 5.2 á hverja innheimtu (reikning) sem krafinn er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt.

   Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald skv. lið 5.2 á skrifstofu Rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandinn kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.
11. **Tenging við veitukerfið.**

    Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu II miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða. Húsbyggjanda ber að senda Rafveitunni afrit eða ljósrit af byggingarleyfi áður en bygging hefst, ásamt afstöðumynd er sýnir inntak heimtaugar. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda, eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu.

    Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðast samkvæmt útlögðum kostnaði.

    Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðast við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

    Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

    Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þess (auka heimtaugargjalds).

    Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefja aukagjalds.

    Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörðu kann að leiða.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./meter
63 amp 220/380 volt	59 200	2 320
100 — 220/380 —	93 410	2 690
125 — 220/380 —	116 605	2 930
200 — 220/380 —	183 150	4 030
300 — 220/380 —	262 515	4 885

Tenging með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðist samkvæmt kostnaði.

SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU I.

A. Lýsing.

1.1 Lýsing án fastagjalds. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.

1.2 Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum.

1.4 Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur án fastagjalds.

B. Heimili.

2.1 Fastagjaldið miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús, 5—25 m^2, ef herbergin eru minni, reiknast hálft gjald, en af stærri tvöfalt. Ef um smá atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglu.

C. Iðnaður og verslun.

3.1 Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn til ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m^2 gólfflatar samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílówöttum.

Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mestu álagstímum.

D. Hitun.

4.1 Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1 til 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxta B-2.1 margfaldað með tölunni 5.

Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m^2 af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

4.4 Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept. ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil yfir fyrrgreint tímabil, að mati rafveitustjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

F. Annað.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup.

Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Hreppsnefnd ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslur fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis gjöld.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I þessarar gjaldskrár, nema á töxtum 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka orkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald á Vestfjörðum hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. mars 1976 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Hækkanir skv. ofanrituðu eru þó því aðeins gildar að heimild iðnaðarráðuneytis sé fyrir hendi.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn, með samþykki ráðuneytis, gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi hinn 1. júlí 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

30. júní 1976. Nr. 265.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

TAFLA 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orku verð kr./kWst.	Fastar greiðslur í kr. Daggreiðslur	Ársgr.	Númer á mælal.
	A. Lýsing				
1.1	Án fastagjalds	44.40			01
1.2	Með fastagjaldi	24.40	0.50/m²	183	01
1.3	Götu- og hafnarlýsing	8.90			03
1.4	Við húsbyggingar	24.40			01
	B. Heimili				
2.1	Með fastagjaldi	12.20	3.70	1 350	01
	C. Iðnaður og verslun				
3.1	Smávélar	24.40			02
3.2	Stór notkun	4.00	30.00/kW	10 950	04
	D. Hitun				
4.1	Án rofs	10.00			01
4.2	Með rofi 1 kl/á dag	5.50			03

Númer gjald-skrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orku verð kr./kWst.	Fastar greiðslur í kr. Daggreiðslur	Ársgr.	Númer á mælal.
4.3	Með rofi 3 kl/á dag	3.40			03
4.4	Með rofi 3 kl/á dag sumarhitun	1.60			03
4.5	Með rofi 14 kl/á dag næturhitun	1.60			03
	F. Annað				
5.1	Sérsamningar.				
5.2	Lokun húsveitna og enduropnun		730.00		
5.3	Súgþurrkun	6.00			
	Mælaleigur				
0 1	Einfasa almenn án stjórnart.		3.60/mælingu	1 315	
0 2	Einfasa með stjórnart. og þrífasa án stjórnart		6.00/mælingu	2 190	
0 3	Þriggja fasa m/stjórnt.		10.00/mælingu	3 650	
0 4	Þriggja fasa m/aflmæl.		20.00/mælingu	7 300	

Upplýsingar og ýmis ákvæði.

1. Mælieiningar raforku eru kílówattstundir (kWst.) og kílówött (kW.). Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA) ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,85.
2. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afli.
3. Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.
4. Notkun eftir gjaldskrárliðum A-1.2 og C-3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B-2.1 og D-4.1 til 4.3.
5. Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
6. Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að álestur fer fram er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupareikningum.
7. Tengingargjöld skulu vera að fullu greidd þegar tengingu er lokið.
8. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo að til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald skv. lið 5.2 á hverja innheimtu (reikning) sem krafinn er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt.
   Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
9. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald skv. lið 5.2 á skrifstofu Rafveitunnar.
10. Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandinn kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsofnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.
11. **Tenging við veitukerfið.**
    Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu II miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða. Húsbyggjanda ber að senda Rafveitunni afrit eða ljósrit af byggingarleyfi áður en bygging hefst, ásamt af-

stöðumynd er sýnir inntak heimtaugar. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda, eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu.

Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðast samkvæmt útlögðum kostnaði.

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðast við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þess (auka heimtaugargjalds).

Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefja aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörðu kann að leiða.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./meter
63 amp 220/380 volt	59 220	2 320
100 — 220/380 —	93 410	2 690
125 — 220/380 —	116 605	2 930
200 — 220/380 —	183 150	4 030
300 — 220/380 —	262 515	4 885

Tenging með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðist samkvæmt kostnaði.

SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU I.

A. Lýsing.

1.1 Lýsing án fastagjalds. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.

1.2 Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvílíkum stöðum.

1.4 Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur án fastagjalds.

B. Heimili.

2.1 Fastagjaldið miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús, 5—25 m², ef herbergin eru minni, reiknast hálft gjald, en af stærri tvöfalt. Ef um smá atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

C. Iðnaður og verslun.

3.1 Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn til ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m^2 gólfflatar samkvæmt þeim taxta.

3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílówöttum.

Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 klst. á dag á mestu álagstímum.

D. Hitun.

4.1 Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1 til 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxta **B-2.1 margfaldað með** tölunni 5.

Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m^2 af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

4.4 Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept. ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil yfir fyrrgreint tímabil, að mati rafveitustjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

F. Annað.

5.1 Sérsamningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup.

Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslur fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulýsingar.

Ýmis gjöld.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I þessarar gjaldskrár, nema á töxtum 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka orkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. júní 1976 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Hækkanir samkvæmt ofanrituðu eru þó því aðeins gildar að heimild iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki iðnaðarráðuneytisins gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976, og birtist til eftir-

breytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Ísafjarðar.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

16. júlí 1976. Nr. 266.

REGLUGERÐ
um síldveiðar.

1. gr.

Bannað er að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sé hún verulegur hluti síldarafla fiskiskips.

Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

4. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 1. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir, og gerir sjávarútvegsráðuneytinu viðvart, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem dregin er réttvísandi norðvestur frá Riti eru allar síldveiðar bannaðar til 15. júlí 1977.

Þó eru síldveiðar með reknetum heimilar á þessu svæði til 25. nóvember 1976, enda sé möskvastærð netanna minnst 63 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti teygður horna á milli eftir lengd netsins. Komist þá flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegnum möskvann.

Jafnframt getur sjávarútvegsráðuneytið á tímabilinu 25. september til 25. nóvember 1976 heimilað veiðar á allt að 10 500 lestum síldar í herpinót á þessu svæði. Getur ráðuneytið bundið leyfi þessi skilyrðum er þurfa þykir og ennfremur skipt þessu veiðimagni niður á einstök skip.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 490 21. nóvember 1975 um bann við veiði síldar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 25, nr. 256—266. Útgáfudagur 26. júlí 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1976

11. júní 1976. 517 Nr. 267.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Grundarfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar tekur ákvörðun, samkvæmt skipulagi, um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða.

2. gr.

Þegar holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Á sama hátt skal farið með regnvatn af húsum og lóðum ef unnt er og það tengt við aðalræsi eða sérstakt regnvatnsræsi.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða stofngjald, sem hreppsnefnd ákveður árlega. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

Auk stofngjalds af hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi hreppsins, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu uppbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er notað hverju sinni sem álagningastofn fasteignaskatts. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. febrúar ár hvert.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar og sett er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 268. 11. júní 1976.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Grundarfjarðar er eign Eyrarsveitar. Heimili hennar og varnarþing er í Grundarfirði.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem skipulagt er og vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Grundarfirði.

3. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo að húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við. Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á aðalæðum og dreifiæðum.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

5. gr.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilisþarfa fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurð vatnsveitunnar. Ef óskað er eftir vatnsnotkun utan þess svæðis, sem vatnsveitan nær til og hefur verið tekið til skipulags og byggingar, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

6. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Hver sá, er óskar eftir að fá vatnsæð tengda húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum, skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Með umsókninni skal fylgja uppdráttur að vatnslögninni. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð gegn sérstöku stofngjaldi.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögn í hús hans og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Allar lagnir skulu lagðar undir eftirliti starfsmanna vatnsveitunnar og ber húseiganda að fara í öllu eftir fyrirmælum þeirra að því er snertir efni og frágang. Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum vatnsveitunnar, en á kostnað húseiganda.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við leka, þegar er hans verður vart. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki geti frosið í leiðslum.

Eftirlitsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til eftirlits með vatnslögnum og tækjum, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir umbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseiganda skylt að bæta úr því tafarlaust, ella er vatnsveitunni heimilt að láta vinna verkið á kostnað húseiganda.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddögum. Vatnsskatt ber að greiða að fullu, þótt lokað sé fyrir vatnið af þessum orsökum.

9. gr.

Óheimilt er að tengja dælur eða tæki er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki við heimæðar, nema með sérstöku leyfi Hreppsnefndar. Óheimilt er að tengja æðar vatnsveitunnar við önnur veitukerfi nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð.

Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar nema með leyfi vatnsveitunnar.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

10. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkunar á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni eða að loka fyrir vatnið vegna framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn veitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaeign.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta árlegan vatnsskatt af öllum fasteignum sem vatn er lagt í. Almennur vatnsskattur skal

miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamati mannvirkja og lóða eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Almennur vatnsskattur hverrar fasteignar skal hlíta ákvæðum um hámarks- og lágmarksgjald af hverjum rúmmetra í byggingum og ennfremur hlíta ákvæðum um lágmarksgjald af hverri fasteign.

12. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn utan heimilisþarfa, t.d. frystihús, vinnslustöðvar o.fl., og innheimta aukavatnsskatt eftir mældri vatnsnotkun. Vatnsveitan sér um uppsetningu og eðlilegt viðhald mælanna, en húseigandi greiðir fyrir uppsetningu og mælaleigu samkvæmt gjaldskrá. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust er hann kann að verða var við bilanir á vatnsmæli. Áætla má vatnsnotkun eftir fyrri notkun ef mælir bilar. Stofngjald fyrir tengingu heimæða sbr. 7. gr. ákveður hreppsnefnd hverju sinni.

13. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. febrúar ár hvert og ber að greiða skattinn til skrifstofu hreppsins. Þar sem aukavatnsskattur er greiddur, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og gengur hann fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

14. gr.

Greiða skal fyrir vatn til skipa við afhendingu. Hreppsnefnd er heimilt að semja um fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Grundarfirði. Einnig að ákveða lágmarksgjald fyrir bílaþvottaplön.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni ef hún telur gildar ástæður til þess.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Grundarfjarðar.

1. gr.

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 0.5% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 21.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 15.00 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð almenns vatnsskatts aldrei vera hærri en svarar kr. 26.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Almennur vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000 af skattskyldri fasteign. Af bílaþvottaplani greiðist aukaskattur kr. 10 000.

Framangreindir gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss og lágmarksvatnsskattur af fasteign skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 7.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

4. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður ekki komið við, skal greiða gjöld, sem hreppsnefndin ákveður.

5. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500 og leiga kr. 1 500 á ári fyrir hvern mæli.

7. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Drangsnesvatnsveitu.

1. gr.

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps hefur einkarétt til reksturs vatsveitu og sölu vatns á því svæði, sem hún nær yfir og getur fullnægt, svo og til Drangsneshafnar.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er þurfa þykir.

3. gr.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Kaldrananeshrepps með sérstöku reikningshaldi. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Oddviti annast reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar, en þó er heimilt að fela öðrum einhvern þessara starfsþátta, ef henta þykir.

Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins og fylgja reikningum sveitarsjóðs ár hvert.

4. gr.

Hver sá sem óskar eftir að kaupa vatn af Drangsnesvatnsveitu, skal senda um það skriflega umsókn til hreppsnefndar, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsafnot til annarra þarfa skulu háð leyfi með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

5. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæð um kauptúnið í samræmi við skipulag þess, eftir því, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim.

6. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað af lagningu vatnsæðar frá aðalæð í hús sitt og annast viðhald hennar.

7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær ef leki eða aðrar bilanir koma að þeim.

Framkvæmi eigandi ekki nauðsynlegar viðgerðir án tafar, er vatnsveitunni heimilt að loka fyrir vatn til viðkomandi aðila og framkvæma viðgerð á kostnað eigandans. Enn fremur er vatnsveitunni heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

8. gr.

Hverjum manni skal skylt að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir skv. mati, ef samkomulag ekki næst.

9. gr.

Enginn má taka vatn úr vatnsæð án heimildar, ella skal sá, er það gerir, sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við skv. hegningalögum, einnig skal sá skyldur til að greiða fyrir vatnið skv. mati vatnsveitunnar.

10. gr.

Hver sá, er saurgar eða skemmir vatnsæð, brunn eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir skv. mati, ella sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við.

11. gr.

Umsjónarmanni skal heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæð er, til athugunar. Ef útbúnaði er ábótavant að dómi umsjónarmanns og vatnsveitustjórnar, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella sé vatnsveitunni heimilt að láta gera við gallann á hans kostnað.

12. gr.

Stofngjald skal vera kr. 7 000.00 fyrir hverja íbúð og skal greitt um leið og íbúð er tengd við aðalæð.

Árlegur vatnsskattur skal vera 0.50% af heildarmati hverrar fasteignar, þ.e. mannvirkja og lóðar, skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963 fyrir íbúðarhús.

Lágmarksupphæð fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 200.00.

13. gr.

Aukavatnsskatt skv. 12. gr. skal greiða fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, útgerðarstöðvar, frystihús, bifreiðaþvottaplön og aðra áþekka starfsemi.

14. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Sé vatn ekki selt eftir mæli, skal greiða af fasteignamati húss og lóðar árlegan vatnsskatt 1.5%.

15. gr.

Vatnsveitan ákveður verðskilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem talin eru hér að framan, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

17. gr.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 1455 stig, en heimilt er hreppsnefnd að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu um allt að 50%, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

18. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskattsins er 15. janúar ár hvert og greiðist í einu lagi fyrir líðandi ár.

Vatnsskattur skv. 14. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega við aflestur mælis.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

19. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskattsins vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1976 er 15. júní.

Gjaldskrá þessi, er samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 271. 23. júní 1976.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Árnesshverfis í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Árnesshverfis, heimili þess og varnarþing er í Gnúpverjarhreppi í Árnessýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá húsum á félagssvæðinu fyrir köldu vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru forráðamenn eftirtalinna húsa: Félagsheimilið Árnes, skólastjórabústaðurinn Heiði og Kennarabústaðurinn Tröð.

4. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri vatnsleiðslu greiðist að jöfnu af félagsheimilinu Árnesi og Gnúpverjarhreppi, svo og þeim styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

5. gr.

Fleiri notendur má taka í félagið með samþykki löglegs stjórnarfundar.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert, og telst hann lögmætur, ef 2/3 hluti félagsmanna sækir hann.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir

fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 1 endurskoðandi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Ágreiningi skal skjóta undir dóm félagsfundar. Færa skal gerðarbók stjórnarfundar og félagsfundar.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og sér um viðhald og viðgerðir á vatnsveitunni.

9. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinga verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti 2/3 félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Árnesshverfis, Gnúpverjahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

1. júlí 1976. Nr. 272.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

I. KAFLI

Markmið samþykktar.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir félagssvæði allra búnaðarfélaga í Búnaðarsambandi Vestfjarða, en skiptist í þrjú húsagerðarsambönd, sem hér segir:

1) Samþykktarsvæði Austur-Barðastrandarsýslu og búnaðarfélög Snæfjalla-, Nauteyrar-, Reykjafjarðar- og Ögurhreppa í Norður Ísafjarðarsýslu.
2) Samþykktarsvæði Vestur-Barðastrandarsýslu.
3) Samþykktarsvæði Vestur-Ísafjarðarsýslu og búnaðarfélög Bolungarvíkur, Skutulsfjarðar og Súðavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Hvert húsagerðarsamband setur sér húsagerðarsamþykkt, er Búnaðarsamband Vestfjarða leitar síðan staðfestingar landbúnaðarráðneytisins á.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingarframkvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi

vill búnaðarsambandið ná með því, að hvert húsagerðarsamband á búnaðarsambandssvæðinu taki að sér, eftir því sem aðstaða leyfir, byggingu íbúðar- og peningshúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru í almennum búrekstri, hvert á sínu svæði, þannig að þau ráði til sín flokka byggingarmanna og leggi þeim til sem fullkomnastar vélar og önnur tæki til vinnunnar. Heimilt er og húsagerðarsamhöndum innan búnaðarsambandssvæðisins að hafa samvinnu sín í milli, þyki það vænlegra til árangurs.

II. KAFLI

Skipan og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs einn mann og einn til vara til 3ja ára í stjórn viðkomandi húsagerðarsambands og auk þess tvo fulltrúa á aðalfund þess. Heimilt er að stjórn ræktunarsambands sé jafnframt stjórn húsagerðarsambands, svo og fulltrúar búnaðarfélaga á aðalfundi.

Stjórn hvers húsagerðarsambands ræður sér framkvæmdastjóra í samráði við Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands og skal hann hafa full réttindi húsasmíðameistara. Þó má ráða annan mann sé annars ekki kostur, enda fullnægi hann skilyrðum skv. 14. gr. reglugerðar nr. 88 frá 13. maí 1947. Stjórn sambandsins setur honum erindisbréf varðandi störf hans. Stjórnin getur falið 2 mönnum úr stjórn sambandsins að annast, ásamt framkvæmdastjóra, um stjórnarframkvæmdir þær, er um getur í 5. og 6. gr., svo og umsjón með rekstri fyrirtækisins og nefnast þeir framkvæmdastjórn. Stjórnin heldur sérstaka gerðabók, þar sem færðar eru ályktanir hennar, vegna þessarar starfsemi sambandsins.

4. gr.

Stjórn hvers húsagerðarsambands annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum og öðru því, er þarf til þess að náð verði æskilegum hraða í byggingarstarfsemi sambandsins, enda komi samþykki stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða til. Skylt er henni samkv. 20. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í Sveitum, að hafa samráð við forstöðumann Byggingarstofnunar landbúnaðarins um kaup og val véla, verkfæra og sérstakra veggjamóta, sem sambandið fær styrk til að kaupa, samkv. 21. gr. áðurnefndra laga, enda sé einnig haft samráð við stjórn Búnaðarfélags Íslands um fjölda þeirra eininga, sem kaupa þarf.

5. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri hvers húsagerðarsambands sjá um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin tekur á móti umsóknum frá félagsmönnum um byggingarframkvæmdir og kynnir sér, hvort umsækjandi geti fullnægt þeim skilyrðum, sem sambandið setur. Hún undirritar alla verktökusamninga og ákveður í samráði við framkvæmdastjóra, hvenær og í hverri röð byrja skuli á hverri byggingu, sem unnið skal að. Ennfremur skal hún ásamt framkvæmdastjóra ganga úr skugga um, að staðsetning byggingar sé ákveðin í samráði við viðkomandi byggingarnefnd og byggingarfulltrúa og samþykkt af trúnaðarmanni Byggingarstofnunar landbúnaðarins.

7. gr.

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með öllum vinnuflokkum og bókhald og gjaldkerastörf fyrir byggingarframkvæmdirnar, nema annað þyki hentara. Ennfremur ber honum að fylgjast með því, að verkkaupi fullnægi öllum skilyrðum, sem honum eru sett af sambandsstjórninni, og hefur að öðru leyti daglegt eftirlit með rekstrinum. Honum er skylt að veita verkkaupanda nauðsynlegar upplýsingar og áætlanir um efni til byggingarinnar ásamt öllum leiðbeiningum, er þörf kann að vera fyrir.

8. gr.

Allir samningar, er stjórn og framkvæmdastjóri gera fyrir hönd húsagerðarsambands skv. samþykktum þessum eða ályktunum aðalfundar sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og búnaðarfélögin, er að samþykktinni standa, án þess að það hafi verið sérstaklega undir þá borið. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

9. gr.

Nú sækir félagsmaður sambandsins um að það annist byggingarframkvæmdir á jörð hans eða landi, sem hann hefur til umráða. Skal þá fylgja umsókninni teikning samþykkt af Byggingarstofnun landbúnaðarins. Rísi ágreiningur um teikningar þær, er fyrir liggja, getur kostnaðarmaður bygginga skotið þeim ágreiningi til Búnaðarfélags Íslands, er fellir fullnaðarúrskurð um hann. Jafnframt sé fram tekið, hvenær hann telji sig geta lokið undirbúningi verksins og fullnægt þar að lútandi ákvæðum samþykktarinnar. Ennfremur sé tekið fram, að hve miklu leyti hann óski að verkið sé unnið af sambandinu. Umsóknir skulu komnar til sambandsstjórnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

10. gr.

Að fengnum umsóknum þeim, er um getur í 9. gr., ber stjórn húsagerðarsambandsins, í samráði við framkvæmdastjórn, að semja starfs- og rekstraráætlun fyrir hinar fyrirhuguðu byggingaframkvæmdir yfirstandandi árs. Rísi ágreiningur innan sambandsstjórnar um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunarinnar, ber að leggja hana fyrir aðalfund sambandsins til samþykktar.

Framkvæmdastjóra er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun eftir því, sem við verður komið.

11. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar skal þess gætt, að þeir, sem mest hafa þörf fyrir nýbyggingar, sitji fyrir, eftir því sem unnt er.

12. gr.

Til þess að húsagerðarsamband taki að sér byggingaframkvæmdir, skal verkkaupi hafa fullnægt eftirtöldum skilyrðum: Lagt inn greiðslu í sjóð félagsins, sem stjórn sambandsins telur fullnægjandi til að ljúka verki því, sem það tekur að sér að annast. Heimilt er verkkaupa að leggja fram sem greiðslutryggingu ávísun á væntanlegt lán eða styrk, enda liggi fyrir yfirlýsingar frá stofnunum um lágmarksupphæð á láni eða styrk, sem veittur yrði. Nú hefur verkkaupi fullnægt að dómi framkvæmdastjóra, framangreindum skilyrðum og skulu þeir þá gera með sér verktökusamning. Verkkaupi skal hafa grafið fyrir húsi, ennfremur gert byggingasvæði aðgengilegt fyrir vélar og önnur tæki, sem nauðsynleg eru við bygginguna, tryggt

nóg vatn til steypunnar og flutt allt byggingarefni á staðinn, nema samið hafi verið sérstaklega við sambandið um annað.

13. gr.

Byggingaframkvæmdum sé yfirleitt hagað þannig, að sem haganlegast sé fyrir báða aðila. Að sumrinu sé unnið að steypuvinnu og húsin gerð fokheld, en að því leyti, sem sambandið tekur að sér innanhússvinnu, er gengið út frá því, að hún fari fram að vetrinum. Vanda skal val manna við vinnuna, eftir því sem kostur er, og sé að minnsta kosti einn maður í hverjum flokki fær til að vinna á eigin ábyrgð að þeim verkefnum, sem flokknum er ætlað að leysa af hendi, enda sé hann verkstjóri flokksins.

Byggingavinnan skiptist milli vinnuflokka eftir því sem stjórn og framkvæmdastjóri telja hagkvæmast, jafnframt því, að tryggð sé nægileg verkvöndun.

14. gr.

Nú liggja ekki fyrir næg verkefni hjá félagsmönnum húsagerðarsambands og er þá heimilt að taka verk fyrir utanfélagsmenn, enda sé farið eftir reglum sambandsins um greiðslutryggingu og öll störf greidd af verkkaupa eftir reikningi.

IV. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar.

15. gr.

Kostnaður við þær framkvæmdir, er samþykkt þessi tekur til, greiðist af verkkaupanda eftir þeim skildaga og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningi þeim, er um ræðir í 6. og 12. gr. þessarar samþykktar. Heimilt er stjórn og framkvæmdastjóra húsagerðarsambands að láta greiðslu fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstursreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við meðaltals byggingarkostnað næstliðins árs, eins og hann hefur verið reiknaður af Byggingarstofnun landbúnaðarins og með hliðsjón af verðbreytingum, sem kunna að hafa orðið.

16. gr.

Til rekstursкostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur rekstурskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af áhöldum og veggjamótum. Kostnaður við flutning á milli vinnustaða, viðhald véla og annarra tækja, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er stjórn húsagerðarsambands að ákveða að leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarrekstурskostnaði hvers árs.

17. gr.

Áhættuþóknun af verkum, sem unnin eru fyrir utanfélagsmenn og annar hagnaður á þeim, skal leggjast í byggingarsjóð sambandsins.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Hvert húsagerðarsamband myndar byggingarsjóð til kaupa á vélum, verkfærum, áhöldum og veggjamótum við byggingarframkvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er kr. 5 000 000.00, — fimm milljón krónur.

Tekjur byggingasjóðs eru:

1) Tveir þriðju hlutar stofnfjárins er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins, út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggi fyrir samþykki Byggingarstofnunar landbúnaðarins og stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða um þörf húsagerðarsambands fyrir þann vélakost.
2) Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestfjarða, er nemi 1/6 hluta heildarstofnfjárins.
3) Eftirstöðvar stofnfjárins, 1/6 hluta, tekur húsagerðarsambandið að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnaðar við byggingarframkvæmdir. Heimilt er þó að jafna þessum hluta stofnfjárins niður á bændur á húsagerðarsambandssvæðinu í hlutfalli við landverð.
4) Tekjur þær, sem inn kunna að koma. skv. 17. gr.

19. gr.

Nú kemur síðar í ljós, að áliti sambandstjórnar, að auka þurfi byggingarsjóð, og ber henni þá að gera rökstuddar tillögur um aukningu sjóðsins, og senda þær öllum búnaðarfélögum, áður en fulltrúar eru kosnir á aðalfund sambandsins.

Ef meiri hluti löglega kjörinna fulltrúa á aðalfundi sambandsins samþykkir að auka byggingarsjóðinn, er samþykktin bindandi fyrir búnaðarfélögin.

20. gr.

Stjórn sambandsins ber að taka þær greiðslutryggingar, sem fyrir er mælt í 12. gr., miðað við áætlaðan kostnað sambandsins af hverri byggingu. Lokagreiðslur fara fram skv. ákvæðum verktökusamnings.

21. gr.

Heimilt er stjórn húsagerðarsambandsins að taka rekstrarlán gegn tryggingu í ávísunum og greiðslutryggingum, sem ekki eru fallnar í gjalddaga.

VI. KAFLI

Um reikningshald og endurskoðun.

22. gr.

Reikningsár húsagerðarsambandsins er almanaksárið og skal reikningsskilum lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en aðalfundur sambandsins er haldinn. Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

23. gr.

Endurskoðendur séu tveir fyrir hvert húsagerðarsamband, kosnir af aðalfundi búnaðarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reksturinn vandlega og hafa eftirlit með starfrækslu stjórnar og framkvæmdastjóra í hvívetna.

24. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram árlega á aðalfundi húsagerðarsambands. Þar gefur stjórn eða framkvæmdastjóri skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur, ef tilefni er til. Síðan skulu reikningarnir sendir Búnaðarsambandi Vestfjarða.

VII. KAFLI

Um breyting samþykkta og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

25. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma, um breyting á samþykkt þessari, frá hreppabúnaðarfélögum, skulu sendar sambandsstjórn, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum, er að samþykktinni standa samkv. 1. gr. Breytingartillögur sambandsstjórnar skulu og sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst, ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

26. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti 3/5 atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

27. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá krónum 10 000.00—100 000.00, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

28. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. júlí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Nr. 273. 30. júní 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. kWst. = kílówattstund = orkueining, kw = kílówatt = afleining.

Frá og með 1. júlí 1976 er verðgildi gjaldstigs skv. V. kafla: g = kr.9.10.

I. KAFLI

RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Orku- og afltaxtar (þ. e. kWst.- kw.-taxtar).

		g.	kr.
11.	Um mestaafls-mæli:		
11.1	Fyrir hverja kWst.	0.3	2.70
11.2	Fyrir hvert árskílówatt	1 600	14 560.00

			g.	kr.
11.3	Fast árgjald:			
	— grunngjald	1 600		
	— mæligjald, M 1	1 200	2 800	25 480.00
12.	Um markafls-mæli:			
12.1	Fyrir hverja kWst. allrar notkunar		0.3	2.70
	— kWst. notkunar umfram markstillingu		3	27.30
12.2	Fyrir hvert árskílówatt		1 600	14 560.00
12.3	Fast árgjald:			
	— grunngjald	1 600		
	— mæligjald, M 1	1 200	2 800	25 480.00

2. Orkutaxtar (þ. e. kWst.-taxtar).

21.	Um kWst.-mæli:			
21.1	Fyrir hverja kWst.		1	9.10
21.2	Fast árgjald:			
	— grunngjald á kW skv. v. 21		600	5 460.00
	— mæligjald, M 2		600	5 460.00
	Lágmark 5000 g/ári (sbr. v. 21)			
22.	Um kWst.-mæli:			
22.1	Fyrir hverja kWst.:			
	— allt að 1200 kWst./ári		3	27.30
	— umfram 1200 kWst./ári		2	18.20
22.2	Fast árgjald:			
	— mæligjald, M 2		600	5 460.00

3. Tímataxtar (þ. e. með skilyrðum um notkunartíma).

31.	Um kWst.-mæli til hitunar:		
31.1	Án rofs	0.64	5.82
31.2	Allt að 1½ klst. rof á sólarhring	0.36	3.28
31.3	Allt að 2½ klst. rof á sólarhring	0.34	3.09
31.4	Allt að 4½ klst. rof á sólarhring	0.27	2.46
31.5	Allt að 14½ klst. rof á sólarhring	0.19	1.73

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið v. 31.

Taxtar 31. (1—5) eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

Mæligjöld og rofagjöld skv. II. kafla.

4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g/kWst.

Önnur ákvæði og skýringar vegna einstakra taxta:

v. 11: Aflnotkun mælist sem meðalálag í 15 mínútur.

v. 12: Lágmarksstilling markafls er 5 kW.

v. 21: Grunngjald reiknast þannig:

a) vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki: af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kW.

b) vegna lýsingar o. fl.: miðað er við 0.05 kW á hvern m² gólfflatar í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins.

c) vegna rafmagns til heimila: í stað gólfflatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kW á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö.

Lágmarksgjald taxta 21 (kWst.-gjald + fast árgjald) er 5000 gjaldstig á ári. Í stað taxta 21 má velja taxta 22, ef hagkvæmara þykir.

v. 31: Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.

b) að vélaafl, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

c) að straumur sé rofinn á tilskyldum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. II. kafla gjaldskrár.

d) að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

e) að notkun um mæli lagnarinnar sé minnst 6000 kWst/ári.

Almennt:

a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja (t. d. rafsuðuspenna) eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

c) Hitunartaxtar 31 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknast í heilum tug aura.

II. KAFLI

MÆLAGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

1. Af mælum, þ. e.:				
— mestaafls-mæli eða markafls-mæli	M 1 =	1 200 g =	kr.	10 920
— kWst.-mæli	M 2 =	600 g =	—	5 460
2. Af rofum, þ. e.:				
— klukkurofa 80 A eða stærri	R 1 =	800 g =	—	7 280
— klukkurofa minni en 80 A	R 2 =	600 g =	—	5 460
— fjarstýribúnaði	R 3 =	600 g =	—	5 460

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

III. KAFLI

TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3		4	
	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða		Tengigjöld skv. jöfnu g=1500+150×kVA	
Gjaldskrárliður	220 V kerfi A	380 V kerfi A	spennis	kVA	Gjaldstig g	Tengigjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	3 400	30 940
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 =	22	4 800	43 680
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	7 200	65 520
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	11 400	103 740
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	12 900	117 390
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	21 300	193 830
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	36 100	328 510
T 8				300	41 500	377 650
T 9				500	76 500	696 150

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði.

a) Um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytstu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

Y (J) =(200+3×kVA) gjaldstig á metra.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

Y(L)=(40+2×kVA) gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) Um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) Almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

IV. KAFLI

OPNUNARGJÖLD

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilu hundraði króna og er nú samkvæmt því kr. 900.00.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

V. KAFLI

VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir hækkun. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga aðmáli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Borgarness.

Iðnaðaarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 274. 7. júlí 1976.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. cif.
4 × 14 m/r interl.	111.18
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	117.91
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	196.21
5 × 10	206.03
4 × 13	196.21
4 × 15	209.78
12 × 1	209.78
Blokk	158.89
Blokk 24½	163.34

	Ísl. kr. á lb. cif.
Ýsa:	
4 × 14 m/r interl.	116.79
10 × 5 og 3 × 18	184.79
12 × 1	193.45
Blokk	157.26
Blokk 24½	161.57
Steinbítur:	
8 × 7 r/l	91.67
10 × 5	197.48
12 × 1	197.48
Blokk	156.15
Ufsi:	
8 × 7 r/l	72.52
4 × 6 kg.	83.33
10 × 5	110.22
4 × 12	110.22
Blokk	99.44
Blokk 24½	104.71
Langa:	
8 × 7 r/l	107.99
10 × 5	164.46
Blokk	127.67
Grálúða:	
Heilfryst	97.00
Blokk	110.00
Heilfr. fiskur	46.66

Verðbil verður 3%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1976.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

7. júlí 1976. Nr. 275.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	354.00
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	369.00
3. 24 × 450 gr. sérfryst	369.00
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	369.00
5. 4 × 2.5 kg. sérfryst	369.00
6. 2 × 5 kg. sérfryst	369.00
7. 4 × 7 kg. sérfryst	369.00
8. 1 × 25 lbs sérfryst	369.00
9. 15 × 200 gr. sérfryst	375.00
10. í saltlegi	354.00

Verðbil verður 2½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1976.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 276. 8. júlí 1976.

REGLUGERÐ

um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (Gadus morhua morhua)	50 cm
Ýsa (Melanogrammus aeglefinus)	45 —
Ufsi (Pollachius virens)	50 —
Skarkoli (Pleuronectes platessa)	34 —
Langlúra (Gyptocephalus cynoglossus)	30 —
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	30 —
Stórkjafta (Lepidorhombus Whiffiagonis)	30 —
Lýsa (Merlangius merlangus merlangus)	40 —
Sandkoli (Limanda limanda)	20 —
Steinbítur (Anarhichas lupus)	40 —
Karfi (Sebastes marinus)	500 gr.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 10% af þorsk-, ýsu- og ufsaafla hverrar veiðiferðar vera undir ofangreindum lágmarksstærðum, þó má ekki landa þorski undir 43 cm, ýsu undir 40 cm eða ufsa undir 45 cm. Ennfremur má 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr. að þyngd hver fiskur.

2. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

3. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa og, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar fisktegundir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt um í reglugerð þessari.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 2. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs afla.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 1. gr. laga nr. 34 17. maí 1976 um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er með henni felld úr gildi reglugerð nr. 16 20. janúar 1976 um lágmarksstærðir fisktegunda.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

1. júlí 1976. Nr. 277.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð í Laugarási, og innheimtir gjald fyrir, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Ákvæði þessi eru háð því skilyrði, að notendur hafi samið við stjórnarnefnd Laugaráshéraðs um vatnsréttindin.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis, og annast viðhald hans. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu á heita vatninu við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húsráðendum í té aukahemil, sé þess óskað.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr árinu.

Þar til hemlar hafa verið settir á, og ef hemlar bila, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af stærð og hitaþörf hússins.

Skylt er húseiganda að tilkynna starfsmönnum hitaveitunnar, ef hann breytir hitakerfi í húsi, sem geti raskað mælingu um hemil.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.
   Garðyrkjustöðvar kr. 200.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
   Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 14.00 á mánuði af hverjum rúmm.
   Íbúðarhús kr. 1 000.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
   Iðnaðarhús kr. 500.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
2. Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 200.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald, kr. 14.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 9.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.
4. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar—mars 1. apríl. Fyrir apríl—júní 1. júlí. Fyrir júlí—sept. 1. október. Fyrir okt.—des. 1. nóvember.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga.

Heimilt er að taka 2% dráttarvexti á mánuði af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Heimæðagjöld skulu vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli kr. 60 000.00.

Hús 300 rúmm. að utanmáli og stærri kr. 60 000.00 fyrir 300 rúmm. og kr. 100.00 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 144 000.00 af sekl.

Heimæðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr.

Gjöld samkv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 100 hinn 1. nóv. 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim til samræmis við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 14 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlýta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af fulltrúum stjórnarnefndar Laugaráshéraðs og fulltrúum notenda í Laugarási, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá frá 26. nóvember 1974 með síðari breytingum úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 1. júlí 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

2. júlí 1976. Nr. 278.

SAMÞYKKT

um hundahald í Borgarnesi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Borgarnesi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu lögreglunnar, og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.
c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn

á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvara er um hönd höfð.

e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum yfir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Borgarness staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 279. 24. júní 1976.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld að Hlöðum í Fellahreppi skv. 1. gr. laga nr. 51/1974.

1. gr.

Áður en byggingarleyfi er veitt til nýbyggingar á lóð, eða leyfi til stækkunar á eldra húsi, skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald vegna þátttöku í kostnaði við gatnagerð, holræsa- og vatnsæðarlögn að lóðarmörkum.

2. gr.

Gatnagerðargjald, samkvæmt 1. gr., skal reiknað sem hundraðshluti af byggingarkostnaði á gólffermetra í vísitöluhúsinu, eins og hann er ár hvert. Gjaldskráin skal þó aðeins breytast einu sinni á ári, þ. e. 1. janúar í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. (Vísitala byggingarkostnaðar er 101 stig 1. janúar 1976 og byggingarkostnaður á gólffermetra í vísitöluhúsinu kr. 51 050 frá sama tíma).

3. gr.

Gjaldstuðlar til ákvörðunar gatnagerðargjaldi, samkvæmt 1. og 2. gr. skulu vera sem hér segir:

a) Verslunar- og skrifstofuhús 2.0%
b) Einbýlishús 1.5%
c) Tvíbýlis- og parhús 1.1%
d) Rað- og keðjuhús ein hæð 1.0%
e) Rað- og keðjuhús tvær hæðir 0.9%
f) Fjölbýlishús 0.5%

g) Iðnaðar- og atvinnuhús 1.0%
h) Bifreiðageymslur og geymslurými 0.7%
i) Gripahús o.fl. 0.4%

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

25. júní 1976. Nr. 280.

REGLUGERÐ

um samþykktir fyrir húsfélög.

Almennir fundir.

1. gr.

Æðsta vald í málefnum húsfélagsins er í höndum almenns fundar þess.

Hver félagsmaður getur skotið þeim ákvörðunum stjórnar, sem honum viðkoma, til almenns fundar.

Á almennum fundi er málum ráðið til lykta með meiri hluta atkvæða og er atkvæði hvers félagsmanns þá miðað við eignarhluta hans.

Til ákvarðana um verulegar breytingar á sameign eða sölu verulegra hluta hennar og um breytingar á samþykktum þessum er þess þó krafist að ⅔ atkvæðisbærra manna, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, greiði atkvæði með því. Sé minna en helmingur þannig atkvæðisbærra manna á fundi en minnst 2/3 fundarmanna, bæði miðað við fjölda og eignarhluta, greiða atkvæði með tillögunni, skal halda nýjan fund innan 14 daga. Á þessum fundi nægir að tillagan sé samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða miðað við fjölda og eignarhluta. Regla þessarar síðustu málsgreinar á þó ekki við um breytingar skv. 9. gr. laganna um eignarráð og nýtingu fjölbýlishúsa.

2. gr.

Aðalfundur skal haldinn í mars eða apríl ár hvert.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðast liðið ár og framlagning ársreikninga með undirskrift endurskoðanda.
2. Kosning formanns stjórnar eigi hann að láta af störfum sbr. 6. gr.
3. Kosning annarra stjórnarmanna, sbr. 6. gr.
4. Kosning varamanna, sbr. 6. gr.
5. Kosning endurskoðanda og varamanns.
6. Önnur mál.

Almennir fundir eru annars haldnir, þegar stjórnin boðar til þeirra, þegar minnst 1/4 félagsmanna annað hvort miðað við fjölda eða eignarhluta krefjast þess eða þegar fyrri fundur hefur svo ákveðið.

3. gr.

Stjórnin boðar almenna fundi með minnst 8 daga fyrirvara.

Fund skal boða tryggilega. Í fundarboði skal greina fundartíma, fundarstað og dagskrá. Þá skal geta þeirra tillagna, sem leggja á fyrir fundinn og hvar þær eru til skoðunar.

4. gr.

Hver félagsmaður á rétt á að fá ákveðið efni tekið fyrir til umræðu á almennum fundi en ekki til atkvæðagreiðslu nema þess hafi verið getið í fundarboði. Krafa um að fá mál tekið fyrir á aðalfundi verður að hafa borist stjórn fyrir 15. febrúar.

Maki félagsmanns getur farið með atkvæðisrétt hans á fundi. Sama gildir um hvern lögráða mann, sem félagsmaður hefur gefið skriflegt umboð til þess.

5. gr.

Fundurinn velur sjálfur stjórnanda sinn.

Í fundargerðarbók skal getið aðalatriða þess sem fram fer á fundi. Stjórnandi fundar og formaður stjórnar undirrita fundargerð.

Stjórn.

6. gr.

Stjórn er kosin á aðalfundi. Hana skipa tveir til fjórir féalgsmenn auk formanns, sem valin er sérstaklega. Auk þess eru kosnir tveir varamenn. Kjörgengir sem formenn, stjórnarmenn og varamenn eru aðeins félagsmenn, makar þeirra og nánir ættingjar.

Formaður er kosinn til tveggja ára en aðrir stjórnarmenn til eins árs.

Stjórnin kýs varaformann úr sínum hópi.

Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

7. gr.

Stjórnin fer með málefni húsfélagsins.

Stjórnin er skyldug til að gæta vel sameiginlegra hagsmuna eignarinnar, borga sameiginleg útgjöld, taka venjulegar tryggingar (t. d. brunatryggingar og húseigendatryggingar) og sjá um ræstingu, viðhald og endurnýjun eftir því sem eðlilegt má teljast fyrir slíka húseign. Stjórnin heldur reikninga yfir gjöld og tekjur húsfélagsins, þar með talin þau gjöld sem krafin eru af eigendum til sameiginlegra þarfa. Krefjast ber gjaldanna með hæfilegum fyrirvara.

Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra sér til aðstoðar við daglegan rekstur eignarinnar.

8. gr.

Formaður, eða í hans fjarveru varaformaður, kallar stjórnina saman. Stjórnarfundir eru haldnir þegar formanni finnst þess þörf og annars þegar tveir stjórnarmenn krefjast þess.

Stjórnin er ákvörðunarhæf þegar meiri hluti stjórnar er á fundi, sem hæfilega hefur verið boðaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundi. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.

Gera skal stutta grein fyrir því helsta sem gerist á stjórnarfundi í fundargerðarbók. Fundargerð skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum sem sækja fund.

9. gr.

Húsfélagið er skuldbundið með undirritun formanns, eða varaformanns og eins annars stjórnarmanns.

Hússjóður.

10. gr.

Þegar þess er krafist af minnst 1/4 félagsmanna annað hvort miðað við fjölda eða eignarhluta, skal stofna hússjóð til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum. Aðalfundur ákveður gjöld í sjóðinn.

Endurskoðun.

11. gr.

Endurskoðandi kjörinn á aðalfundi til eins árs í senn skal endurskoða reikninga húsfélagsins. Sé þess krafist af minnst 1/4 félagsmanna miðað við fjölda eða eignarhluta, á endurskoðandinn að vera löggiltur.

Endurskoðandi skal hafa aðgang að öllu bókhaldi og birgðum, og hann getur krafist hvaða upplýsinga sem hann álítur hafa þýðingu fyrir starf sitt.

Endurskoðandi skal geta um það í athugasemd sinni við ársreikninga, hvort hann telur reksturinn tryggan.

Ársreikningar.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Samþykktir reikningar eru undirritaðir af stjórninni og áritaðir af endurskoðanda.

Umgengnisreglur.

13. gr.

Stjórn húsfélagsins skal sjá um að setiar séu umgengnisreglur í húsinu og þær kynntar öllum íbúum þess. Í húsreglum skal m. a. greina:

a. Umgengni um sameign.
b. Að eftir kl. 24.00 til kl. 07.00 megi enga háreysti hafa í húsinu, er raskað geti svefnfriði manna. Undanþágur frá þessari reglu ef veittar eru.
c. Þar skal koma fram nákvæm skipting afnota sameiginlegs þvottahúss og þurrkherbergis.
d. Hvernig ræstingu sameiginlegs húsrýmis skuli háttað.
e. Við hvaða hita miða skuli sameiginlega upphitun.

14. gr.

Geri eigandi eða annar íbúi hússins sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á umgengnisreglum eða öðrum skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða einhverjum félagsmanni þess og lætur ekki skipast við skriflega aðvörun, getur húsfélagið á löglega boðuðum húsfundi með samþykkt sbr. 4. mgr. 1. gr. krafist að hann flytji úr húsinu.

15. gr.

Samþykktir þessar, eru settar með heimild í 15. gr. laga nr. 59 31. maí 1976 um fjölbýlishús og gilda, nema annað hafi verið samþykkt og þinglýst.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

1. gr.

Eignarhluti íbúðar fjölbýlishúss er reiknaður út að fundinni sérstakri hlutfallstölu.

Til grundvallar öllum útreikningum eru lagðar byggingarleyfisteikningar og öll mál metin með 5 sm nákvæmni.

2. gr.

Útreikningurinn byggist á flatarmáli byggingarinnar.

Flatarmál takmarkast af skurðlínum gólfa og umliggjandi veggja.

Skilgreind verða og notuð við útreikninginn svokölluð skiptiflatarmál og viðbótarflatarmál.

3. gr.

Skiptiflatarmál er reiknað flatarmál, sem notað er við ákvörðun eignarhluta í sameign og táknar flatarmál íbúðar og þess sem henni fylgir sérstaklega.

Þegar finna skal skiptiflatarmál íbúðar skal reikna flatarmál hennar innan útveggja og veggja sem skilja hana frá öðrum íbúðum eða sameiginlegu húsnæði. Við stærðarákvörðun skiptiflatarmáls skal ekki tekið tillit til þykktar einangrunar, heldur reikna frá innra fleti útveggja. Séu útveggir hjúpveggir (curtain walls), skal reikna frá innri hlið veggjanna.

4. gr.

Viðbótarflatarmál er flatarmál þess sameiginlega húsrýmis, sem í útreikningi er skipt jafnt milli íbúða fjölbýlishúss.

Til slíks húsrýmis heyra þvottahús og sameiginlegar geymslur, jafnvel þótt geymslurnar séu hólfaðar niður að einhverju leyti. Hér undir falla reiðhjólageymsla og sorpgeymsla.

5. gr.

Sé mismunur á salarhæð í marghæða byggingu, skal meta hæðir þannig: Salarhæð (múrmál) 2.50 m óbreytt.

Sé salarhæð önnur, skal margfalda viðkomandi skiptiflatarmál með hlutfallinu, salarhæð/2.50 m.

6. gr.

Gangi jarðvegur upp fyrir gólfplötu herbergis, skal margfalda skiptiflatarmál herbergisins í samræmi við eftirfarandi töflu:

Jarðvegur (meðalhæð)	20— 40 cm	Stuðull	0.95
Jarðvegur (meðalhæð)	40— 60 —	—	0.90
Jarðvegur (meðalhæð)	60— 80 —	—	0.85
Jarðvegur (meðalhæð)	80—100 —	—	0.80
Jarðvegur (meðalhæð)	100—120 —	—	0.75
Jarðvegur (meðalhæð)	120—140 —	—	0.70
Jarðvegur (meðalhæð)	140—160 —	—	0.65
Jarðvegur (meðalhæð)	160 og yfir	—	0.60

7. gr.

Þegar geymsla tilheyrir íbúð, skal margfalda flatarmál hennar með 0.5 við ákvörðun skiptiflatarmáls.

Þegar bílgeymsla tilheyrir íbúð, skal margfalda flatarmál hennar með 0.6 við ákvörðun skiptiflatarmáls.

8. gr.

Hlutfallstala hverrar íbúðar í sameign er ákveðin þannig: Skiptiflatarmál (íbúð, bílskúr, sérgeymslur) að viðbættum þeim hluta viðbótarflatarmáls sbr. 4. gr., sem á hverja íbúð fellur er deilt með þannig fengnu flatarmáli allra íbúðanna og síðan margfaldað með 100. Þetta gerir hlutfallstölu íbúðarinnar í allri sameign.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 8. gr. laga nr. 59 31. maí 1976 um fjölbýlishús, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

30. júní 1976. Nr. 282.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds í Höfðahreppi.

1. gr.

Húseigendur í Höfðahreppi skulu greiða til sveitarsjóðs Höfðahrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land sem sambærilegt telst, þótt að ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verkið fer fram og skal þá miða við meðal vísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

3. gr.

Til útreiknings samkvæmt 2. gr. skal nota eftirfarandi tölur:

a. Einbýlishús með bifreiðageymslu allt að 500 m³ 2.0%
b. Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð að 400 m³ 1.5%
c. Fjölbýlishús á tveimur hæðum eða fleiri og með fleiri en 4 íbúðum að 300 m³ 0.7%
d. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem og opinberar byggingar 2.0%
e. Iðnaðarhús og vörugeymslur og annað atv.húsnæði 1.0%
f. Önnur hús 0.5%

Af kjöllurum og rishæðum sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar skal greiða hálft gjald.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar 250 m³.

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Fyrir umframstærðir í íbúðarhúsnæði skal greiða 25% hærra gjald.

Auk þessa skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. 3. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 283. 24. júní 1976.

AUGLÝSING

um skipulag í Torfalækjarhreppi Austur-Húnavatnssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. skipulagslaga nr. 19 24. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Torfalækjarhrepps, Austur-Húnavatnssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er birt hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Katrínar Pálsdóttur. Útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 5. júlí 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Katrínar Pálsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Katrínarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Katrínu Pálsdóttur af börnum hennar, tengdabörnum, barnabörnum, vinum og Mæðrafélaginu í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 200 000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — í ríkistryggðum verðbréfum.

Höfuðstóllinn skal aldrei vera lægri en kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — meðan hann er talinn virkur.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Mæðrafélagsins í Reykjavík og kýs það stjórn hans, það er formann, féhirði, ritara og tvo varamenn.

Endurskoðun á fjárreiðum sjóðsins skal framkvæmd árlega af endurskoðendum Mæðrafélagsins. Verði ágreiningur um mál sjóðsins, innan stjórnar hans, skal slíkum ágreiningi skotið til stjórnar Mæðrafélagsins, sem hefir úrskurðarvald í slíkum málum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja Mæðrafélagskonur til dvalar í sveit með börnum sínum og eða barnabörnum, þá er stjórn sjóðsins einnig heimilt að styrkja utanfélagskonur í sama augnamiði.
2. Að gleðja unga og gamla af báðum kynjum, sem sjúkir eru og bágstaddir, eftir mati stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Ef sjóðsstjórnin telur sig ná betri árangri í því, sem sjóðurinn á að þjóna og ef efnahagur leyfir er henni heimilt að kaupa eða leigja sumarbústað eða aðra aðstöðu til þess.

7. gr.

Þar sem sjóðurinn hefur engar fastar tekjur verður stjórn hans að afla honum tekna með því t. d. að selja minningarkort, áheitum, happdrætti o. s. frv., eftir því, sem stjórnin telur heppilegt á hverjum tíma.

8. gr.

Ef Mæðrafélagið yrði lagt niður, þá skal sjóðurinn og eignir hans ganga óskiptar til Hlífarsjóðs, sem er í vörslu S. Í. B. S. og lög þeirra samræmd.

9. gr.

Eignir sjóðsins, það er lausafé hans, skal jafnan ávaxtast í verðtryggðum ríkisskuldabréfum, þeim, sem auðseljanlegust eru.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Akraness Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Akraness Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga	kl. 9—18.30
Laugardaga	— 10—13
Sunnudaga og aðra helgidaga	— 13—14

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 286. 15. júlí 1976.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. ágúst 1976 frá því sem þær voru 1. júlí 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. skal hækka um 18% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

29. júlí 1976. 549 Nr. 287.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið heimilað eftirtöldum aðilum að hækka smásöluverð raforku skv. núgildandi gjaldskrá frá og með 1. ágúst 1976:

Rafmagnsveitum ríkisins um	20%
Rafveitu Akraness um	12%
Rafveitum Eyrarbakka, Selfoss, Hveragerðis, Stokkseyrar um	7.5%

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. júlí 1976. Nr. 288.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:
1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:
1. Gróðurhús kr. 320.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 920.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:
Hús allt að 300 m³ kr. 116 000.
Hús 300—2000 m³ kr. 116 000 fyrir hverja 300 m³ og kr. 87.00 hvern m³ þar yfir.
Hús stærri en 2000 m³ kr. 260 000 fyrir 2000 m³ og kr. 73.00 hvern m³ þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 12 000.

B 69

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:
Gjöld samkvæmt þessari reglugerð miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í mars 1976. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölu byggingarkostnaðar.
Hækkun gjalda skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er ákveðin skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 289. 15. júlí 1976.

AUGLÝSING

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. ágúst 1976 frá því sem þær voru í júlí 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.
Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) samkvæmt 19. gr. skal hækka um 18% frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1976

8. júlí 1976. 551 Nr. 290.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í poka botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm. Ávallt skulu a.m.k. öftustu 8 metrar botnvörpu og flotvörpu vera gerðir úr riðli með lágmarksmöskvastærðinni 155 mm.

Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botnvörpu og flotvörpu en í 1. mgr. greinir skal vera 135 mm.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í þeim hlutum botnvörpu eða flotvörpu, sem þar greinir, á eftirgreindum svæðum:

A. Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað 66° 00′0 n.br., 25° 15′0 v.lgd., og utan línu sem dregin er frá stað 66° 00′0 n.br., 25° 15′0 v.lgd., í stað 64° 53′0 n.br. 25° 15′0 v.lgd. og þaðan í 90° réttvísandi að stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að 19° 50′0 v.lgd., þaðan í stað 63°06′0 n.br., 18° 00′0 v.lgd., síðan í 65° réttvísandi að 10°00′0 v.lgd. og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.

B. Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli 18° 00′0 v.lgd. og 21° 00′0 v.lgd. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

3. gr.

Lágmarksstærð möskva humarvörpu skal vera 80 mm.

4. gr.

Lágmarksstærð möskva rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum, aftur að fremsta horni neðra byrðis og 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

5. gr.

Lágmarksstærð möskva botnvörpu og flotvörpu, sem notuð er til þess að veiða spærling, loðnu, kolmunna og ískóð, skal vera 16 mm.

6. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1.—5. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með smáriðnum botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 3.—5. gr. reglugerðar þessarar, er það aðeins heimilt að því tilskildu, að a) slík veiðarfæri noti skipin aðeins til þess að veiða þær tegundir, sem veiðarfærin eru gerð fyrir og b) öllum fiski, sem í þau fæst og ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem heimilt er að hirða verði þegar fleygt útbyrðis.

8. gr.

Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—5. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal ekki teljast ólögmætt til 31. desember 1977:

A) að festa undir poka botnvörpu og flotvörpu segldúk, net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr sliti, þó þannig, að þessir slitvarar eða hlífar séu aðeins festar að framan og á hliðunum við pokann.

B) að festa við poka botnvörpu og flotvörpu netbút úr sama efni og pokinn er gerður úr. Möskvar netbútsins skulu rúmlega helmingi stærri en möskvar pokans, og skal netbúturinn festur við pokann að framan, á hliðunum og aftan þannig, að hver möskvi netbútsins falli saman við fjóra möskva pokans.

9. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4. og 5. gr. er heimilt að nota styrktarpoka úr sverara garni en pokinn er sjálfur gerður úr. Lágmarksmöskvastærð slíks styrktarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

10. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eða samkvæmt 2. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 1. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 73 22. mars 1976, um möşkvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt að nota til 31. desember 1976 botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Ennfremur er heimilt til 15. maí 1977 að nota flotvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm, þó þannig að eftir 31. desember 1976 taka ákvæði 1. mgr. 1. gr. einnig til flotvörpuneta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 45.60 á kWst.

1.2. Til almennarar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 16.30 á kWst.
Fastagjald af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal:
Verslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. ..... — 241.00 á m^2 á ári
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 79.60 á m^2 á ári

1.3. Til hafnalýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 13.20 á kWst.

1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina. — 33 929.00 árskw.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:
a. Grunngjald ..... kr. 79.20 á mán.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 10.30 á kWst.
c. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 79.20 á mán.

Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2, eða minna, reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 26.40 á kWst.
Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólffleti eftir sömu reglum og gilda um lið 1.2., en er þriðjungi lægra.
Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst.-mæli eftir þessum gjaldskrárlið. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.

3.2. Um afl- og orkumæla:
Fastagjald ..... — 11 824.00 á ári
Orkugjald ..... — 3.98 á kWst.
Aflgjald af notuðu afli, lágm. 2 kw ..... — 11 824.00 hvert árskw.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar

skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kw

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:

Fast gjald	—	11 824.00 á ári
Orkugjald	—	3.98 á kWst.
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágmark 2 kw	—	9 798.00 hvert árskw.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, roftími 2×1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald án söluskatts ..... kr. 2.90 á kWst.

4.2. Önnur hitanotkun, roftími 2×1.5 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.74 á kWst.

4.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.04 á kWst.
Um framangreinda hitagjaldskrárliði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni	kr.	62.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	103.00 - —
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	145.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m. skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara:	Lágmark kr.	Jarðstrengur, yfirlengd kr./m.
63 A 1-fasa	53 027.00	1 740.00
63 A 3-fasa	56 800.00	1 740.00
100 A 3-fasa	67 565.00	1 932.00
125 A 3-fasa	82 248.00	2 346.00
200 A 3-fasa	108 882.00	2 594.00
300 A 3-fasa	227 000.00	3 643.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stytstu greiðfærri leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínudreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildi í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 840.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 840.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 20% auk 13% verðjöfnunargjalds, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á taxta 4.1.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda frá og með 1. júlí 1976, sbr. auglýsingu nr. 247 29. júní 1976, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks.

Iðnaðarráðuneytið, 14. júlí 1976.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	45.00 á kWst.
1.2.	Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	13.40 á kWst.
	Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:		
	Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	228.00 á m^2 á ári
	Geymslur og gangar þeim tilheyrandi	—	84.00 á m^2 á ári
1.3.	Til götulýsingar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	13.40 á kWst.
1.4.	Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	22.50 á kWst.

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

2.1.	Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	10.20 á kWst.
	Fastagjald af hverju herbergi	—	906.00 á ári
	Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m^2 má reikna með þeirri meðalstærð.		
2.2.	Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	—	10.20 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Um kWst.-mæli: Mælisleiga samkvæmt kafla II. Orkugjald	kr.	22.50 á kWst.
	Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2., en þriðjungi lægra.		

3.2. Um afl- og orkumæla:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.45 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 34 992.00 á ári
Aflgjald, umfram 2 kw. ..... — 11 664.00 á kw á ári
Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 1.2. og lágmarksaflgjald af 20 kw.

3.3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.45 á kWst.
Aflgjald, lágmark 2 kw. ..... — 30 192.00 á ári
Aflgjald, af uppsettum kw. í málraun véla umfram 2 kw ..... — 9 264.00 á kw. á ári

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

4. Hitun.

4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... kr. 6.20 á kWst.

4.2. Til húshitunar, roftími 2×1½ klst. á dag, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 2.60 á kWst.

4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 1.56 á kWst.

4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald ..... — 3.05 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða mælaleigu sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni ..... kr. 728.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni ..... — 1 638.00 - —
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 og til 100 A ..... — 1 830.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/málraun	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald, jarðstrengur kr./m.	Yfirlengdargjald, loftlína kr./stólpa
63 A 1-fasa	57 090	1 870	19 870
63 A 3-fasa	61 770	1 870	24 250
100 A 3-fasa	73 470	2 100	31 000
200 A 3-fasa	118 400	2 830	
315 A 3-fasa	246 840	3 960	
300 KVA 3-fasa	345 580	Samkv. kostn.	
500 KVA 3-fasa	572 610	—	
800 KVA 3-fasa	916 550	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins.

Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingarhverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í þágu hans, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa ..... kr. 12 400.00
63 A 3-fasa ..... — 17 000.00

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 6 400.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 900.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 900.00 til rafveitunnar.

Söluskattur, verðjöfnunargjald svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskránni, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 128 13. apríl 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

30. júní 1976. Nr. 293.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 44.00 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 17.20 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 193.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verslun, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 66.70 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 11.00 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 24.40 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 6 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 19.30 hver kWst.

3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
4. Um mæli á kr. 11 398.00 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 4.10 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 115.50 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 47.30 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 84.70 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 2.80 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.30 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 5.20 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má einnig selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 13.00 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 24.60 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.00 hver kWst á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 11.00 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 13.00 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1-1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr.	66.00 á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper	—	193.00 - —
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	—	77.00 - —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	—	259.00 - —
Af liða fyrir álagsstýringu	—	542.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 573.00.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 573.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggi við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnarteikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum:

	Málstraumur stofnvara:		Stofngjald
1.	63 A	1-fasa	66 320.00
2.	63 A	3-fasa	71 580.00
3.	200 A	3-fasa	145.200.00
4.	350 A	3-fasa	346 500.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknist frá lóðarmörkum við götu, stytstu leið að varakassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkv. ósk heimtaugarbeiðanda skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj — (312+KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Y1 — (62+KVA) kr./m, að viðbættum kr. 15 180.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur kr./m.	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	11 760.00	1 750.00	22 150.00
63 A 1-fasa	16 510.00	1 750.00	25 760.00
100 A 3-fasa	17 510.00	2 250.00	29 530.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema á töxtum 5-1, 5-2 og 5-3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. júlí 1976 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 294. 27. júlí 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr./kwst.	Fastar greiðslur í kr. Dag-greiðslur	Árs-greiðslur
	A — LÝSING			
A.1.	Með fastagjaldi	10.36	0.57/m²	208/m²
A.2.	Án fastagjalds	42.10		
	B — HEIMILI OG VINNULJÓS			
B.1.	Heimilisnotkun	8.79	2.48/herb.	905/herb.
B.2.	Húsbyggingar og Akraneshöfn	21.95		
	C — VÉLANOTKUN			
C.1.	Með fastagjaldi	10.36	7.32/kw	2672/kw
C.2.	Matvælaiðnaður (rafsuða)	7.78		
C.3.	Stórnotkun	3.00	27.70/kw	10110/kw
	D — HITUN			
D.1.	Án rofs	5.39		
D.2.	Með rofi 1½ klst. á dag	3.25		
D.3.	Með rofi 2½ klst. á dag	3.02		
D.4.	Með rofi 4½ klst. á dag	2.42		
D.5.	Með rofi 14½ klst. á dag	1.71		
D.6.	Sumarh. m. rofi 3 klst. á dag	1.98		
	E — ANNAÐ			
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Götu- og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu		1 450.00	

	MÆLA- OG ROFALEIGA		
10	Einfasa	0.96	350
11	Einfasa með rofa	6.44	2 350
20	Þrífasa	3.29	1 200
21	Þrífasa með rofa	8.77	3 200
24	Þrífasa með 2 rofum	11.65	4 252
30	Þrífasa með aflmæli	8.90	3 248

Ákvæði og skýringar með töflu I.

A. Lýsing.

A.1. Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds aðeins helming gólfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálft fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

A.2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. Heimili og vinnuljós.

B.1. Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5m² reiknast sem hálft. Ef herbergi er stærra en 25m² skal reikna hverja byrjaða 25m² sem herbergi.

B.2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast þá við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% af ástimpluðri flutningsgetu tengla er verða 3x35 A og 3x63 A, 220 V.

C. Vélar.

C.1. Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og til gisti- og veitingahúsa.

C.2. Til véla í matvælaiðnaði, þar sem uppsett rafafl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag um hádegi á tíma mesta álags. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.

C.3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur.

E. Annað.

E.1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E.2. Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti Rafveitunefndar.

E.3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið.

Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu, skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0.8 er rafveitunni heimilt að miða notkun við voltamper (Va).

D. Hitun.

D.3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

D.6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar, m.a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð díselolíu á hverjum tíma.
d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði, og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
e. Að tæki, lagnir og allur hitunarbúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. Að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D.1. Ef notkun er minni, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D.1.
g. Að notendur fái skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

Tafla II. — Tenging við veitukerfið (heimtaugar).

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur aðalvara 220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.	Flutningsgeta miðuð við stærð aðalvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða lofth. allt að 30 m Kr.
2.1	2 × 60	1 × 60	13	22 550.00
2.2	3 × 60	2 × 60	22	31 692.00
2.3	3 × 100	3 × 60	38	45 453.00
2.4		3 × 100	66	74 854.00
2.5	3 × 200		76	85 151.00
2.6	3 × 350	3 × 200	132	139 672.00
2.7		3 × 350	231	238 680.00
2.8	Vinnuljósaheimtaugar (hús í byggingu)			8 232.00

Tafla III. — Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald Kr.
3.1	150	158 500.00
3.2	300	317 000.00
3.3	500	504 000.00
3.4	750	748 500.00

Ákvæði og skýringar með töflum II og III.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu eða stíg, stytstu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern meter umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (1760 + 13 × kVA) kr.m. og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana Yj = (488 + 9 × kVA) kr.m. að viðbættum kr. 14 813 á hvern stólpa í umfram-línu.
c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort-tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð.
d. Tengigjald samkvæmt töflu III skal reiknað þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í framangreindum verðum þessarar gjaldskrár, nema á D liðum (hitun) sem eru undanþegnir þessum gjöldum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58, 29. júní 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 383 10. ágúst 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

30. júlí 1976. Nr. 295.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1.	Fast gjald	kr.	F1	
	Orkugjald	—	55.40	á kWst.
1.2.	Fast gjald	—	F1+F2	
	Orkugjald	—	30.00	á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

2.1.	Fast gjald	kr.	F1+F3	
	Orkugjald	—	14.40	á kWst.

Markmæling:

2.3.	Aflgjald, lágmarksstilling 4W	—	75 631.00 á ári
	Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	10 241.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.80 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	14.40 á kWst.

3. Vélanotkun o. fl.

3.1.	Fast gjald	kr.	F1+F2
	Lágmarksgjald	—	58×F1 á ári
	Orkugjald	—	30.00 á kWst.
3.2.	Aflgjald, lágmark 3 kW	—	55 566.00 á ári
	Aflgjald, umfram 3 kW	—	14 987.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1+F3
	Orkugjald	—	5.54 á kWst.
3.4.	Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október		
	Aflgjald	—	5 588.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	2.40 á kWst.

4. Húshitun.

4.1.	Fast gjald	kr.	F1+F4
	Orkugjald	—	6.72 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst á dag.		
4.2.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	2.86 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		

Markmæling:

4.3.	Fast gjald	—	F1
	Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW	—	21 600.00 á ári
	Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW	—	4 320.00 á kW á ári
	Orkugjald af allri notkun	—	1.69 á kWst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	14.40 á kWst.
	Roftími allt að 2×1.5 klst. á dag.		
4.4.	Fast gjald, lágmark 2 kW	—	F1+F4
	Orkugjald	—	1.48 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

5.1.	Fast gjald	kr.	F1
	Fyrir hvert götuljósker	—	6×F1 á ári
	Orkugjald	—	6.90 á kWst.
5.2.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	14.65 á kWst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals	kr.	2 670.00
fyrir hvert skipti.		

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F1	.....	kr.	432.00	á mánuði
F2	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	16.00	á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	8.00	á m^2 á mán.
F3	.....	—	170.40	á gjaldeiningu á mánuði

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

F4	Hvert uppsett kW	—	792.00	á ári

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 3.2.
   Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.
   Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð díselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 17.94 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1., 1.7 aura á lið 4.2., 1.5 aura á lið 4.3. og 0.9 aura á lið 4.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 296. 20. júlí 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps nr. 263 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 518.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 80.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. júlí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

20. júlí 1976. Nr. 297.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar nr. 136 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmlest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 518.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 920.00 fyrir hvert skip, auk kr. 4.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 400.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 80.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. júlí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 298. 26. júlí 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954 um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 45% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 75% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt í heilum eða hálfum tug króna, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 1. ágúst 1976.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 74 22. mars 1976 um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

20. júlí 1976. Nr. 299.

REGLUR

um hreindýraveiðar á Austurlandi 1976.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1115 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1976. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr. skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

1. Vopnafjarðarhreppur	25	hreindýr
2. Fljótsdalshreppur	125	—
3. Jökuldalshreppur	125	—
4. Fellahreppur	80	—
5. Tunguhreppur	80	—
6. Hlíðarhreppur	30	—
7. Hjaltastaðahreppur	35	—
8. Borgarfjarðarhreppur	20	—
9. Seyðisfjarðarhreppur	15	—
10. Skriðdalshreppur	70	—
11. Vallahreppur	90	—
12. Egilsstaðahreppur	35	—
13. Eiðahreppur	45	—
14. Mjóafjarðarhreppur	15	—
15. Norðfjarðarhreppur	15	—
16. Helgustaðahreppur	20	—
17. Reyðarfjarðarhreppur	35	—
18. Fáskrúðsfjarðarhreppur	15	—
19. Búðahreppur	15	—

20.	Stöðvarhreppur	15	—
21.	Breiðdalshreppur	50	—
22.	Beruneshreppur	35	—
23.	Geithellahreppur	35	—
24.	Búlandshreppur	15	—
25.	Bæjarhreppur	30	—
26.	Nesjahreppur	30	—
27.	Hafnarhreppur	15	—
		1115	hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr., en hver hreppsnefnd skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum, sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó, að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa, sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma, ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra, sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðin er fyrir Fljótsdalshrepp, og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa nægа skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess, að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 69/1936 og reglugerð nr. 105/1936. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega, að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt, að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á, að skv. lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 295/1975, um hreindýraveiðar á Austurlandi 1975.

Menntamálaráðuneytið, 20. júlí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius

22. júlí 1976. Nr. 300.

REGLUGERÐ

fyrir Íþróttahúsið á Akranesi.

1. gr.

Íþróttahúsið er í Akraneskaupstað og ber heitið Íþróttahúsið á Akranesi.

2. gr.

Íþróttahúsið á Akranesi er að hluta til skólamannvirki en að öðru leyti íþróttamannvirki kaupstaðarins.

3. gr.

Íþróttasal íþróttahússins skal nota til leikfimikennslu, íþróttaæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni og annarra nota eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Umsjónarmaður hússins skal vera fastur starfsmaður. Hann skal hafa daglegt eftirlit með húsinu og rekstri þess. Hann skal halda dagbók um notkun hússins og mæta á fundum húsnefndar. Störf sín vinnur hann samkvæmt erindisbréfi og fyrirmælum húsnefndar.

5. gr.

Starfræksla íþróttahússins er á ábyrgð bæjarstjórnar Akraness en er falin fimm manna húsnefnd sem er þannig skipuð:

Þrír kosnir af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, einn skipaður af skólanefnd Akraness og einn skipaður af Íþróttabandalagi Akraness. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn.

Nefndin skipti sjálf með sér verkum og færi gjörðabók um störf sín. Fundargerðir nefndarinnar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar samkv. bæjarmálasamþykkt.

6. gr.

Starfssvið húsnefndar skal vera:

a) að setja reglur um umgengni í húsinu.

b) raða niður afnotum af húsinu. Forgangsrétt um afnot njóti skólar bæjarins almenna kennsludaga frá kl. 8.00—18.00, því næst viðurkennd íþróttafélög innan kaupstaðarins og þá aðrir aðilar. Þegar ganga skal frá niðurröðun á afnotum hússins í byrjun vetrar þá skulu skólastjórar skóla bæjarfélagsins og formaður Íþróttabandalags Akraness boðaðir á fund húsnefndar.
c) gera tillögur til bæjarstjórnar um afnotagjöld.
d) gera tillögur um ráðningar starfsfólks og setja því starfsreglur.
e) gera tillögur um viðhald hússins, áhöld þess og öflun tækja.
f) gera árlega fjárhagsáætlun um rekstur hússins og skila henni það snemma að hún liggi fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.

Húsnefndin og umsjónarmaður skulu gæta þess við skipulagningu afnota að nýting hússins verði sem best og samfelldust.

7. gr.

Greiðslur á kostnaði við rekstur hússins fari fram á skrifstofu bæjarsjóðs svo og bókhald. Umsjónarmaður hússins skal árita reikninga.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness, er sett samkv. 10. gr. íþróttalaga nr. 49 7. apríl 1956 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. júlí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 301. 23. júlí 1976.

REGLUR

fyrir íþrótta- og félagsheimilið í Þorlákshöfn, Ölfushreppi, Árnessýslu.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er: Íþrótta- og félagsheimilið í Þorlákshöfn, Ölfushreppi, Árnessýslu.

Lóðin er leigð af Ölfushreppi. Lóðarstærð verður ákveðin í samræmi við skipulagsuppdrátt Þorlákshafnar. Íþrótta- og félagsheimilið í Þorlákshöfn er að 41% íþróttahús en að 59% félagsheimili.

Eigendur félagsheimilisins eru:

Ölfushreppur, Ungmennafélagið Þór Þorlákshöfn, Kvenfélag Þorlákshafnar, Söngfélag Þorlákshafnar, Leikfélag Þorlákshafnar, Kiwanisklúbburinn Ölver Þorlákshöfn.

2. gr.

Húsnefnd skipuð þremur mönnum og þrem til vara annast rekstur félagsheimilisins.

Húsnefnd skal þannig skipuð:

Hreppsnefnd kýs að afloknum sveitarstjórnarkosningum einn fulltrúa í húsnefnd til fjögurra ára.

Skólanefnd kýs einn mann á sama hátt. Félögin, sem um getur í 1. grein kjósa árlega sameiginlega einn fulltrúa í húsnefnd og skiptast þau á að kjósa hann sitt hvert árið. Þau félög er ekki kjósa fulltrúa skal það árið heimilt að eiga áheyrnar-

fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti á fundum húsnefndar. Kosningu þessa fulltrúa skal vera lokið fyrir 1. apríl ár hvert.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gjörðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands gjörðabækur þess til vörslu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður skal boða til fundar í húsnefnd. Skylt er formanni að kalla til fundar ef ⅓ nefndarmanna æskir þess.

Á aðalfundi sameignarfélags íþrótta- og félagsheimilis Þorlákshafnar á húsnefnd sæti með rétt til málfrelsis og tillagna. Á fundinum skal formaður eða gjaldkeri húsnefndar leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagsheimilisins ásamt skrá um nýtingu eignarinnar á yfirstandandi eða síðastliðnu ári.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sveitarstjórnarreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Þá skal nefndin einnig leggja fyrir aðalfundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið fyrir næsta starfsár eða yfirstandandi ár. Reikninga og nýtingaskrá (starfsskrá) skal formaður hafa lagt fram á fundi húsnefndar áður en hann leggur þá fyrir aðalfund. Á aðalfundi skal leggja reikninga fram til samþykktar. Afrit af ársreikningum svo og nýtingaskrá félagsheimilisins skal senda félagsheimilasjóði.

Félagsheimilið skal starfrækja sem sjálfstæða stofnun með sérstöku reikningshaldi. Heimilt er að fela skrifstofu sveitarstjórnar reikningshaldið. Almanaksárið skal vera reikningsár húseignarinnar.

Á aðalfundi sameignarfélagsins skal húsnefndin leggja fram fjárhagsáætlun sem gerð skal vera svo nákvæm sem unnt er.

Eigi má húsnefnd efna til útgjalda sem varða stofnkostnað né mikilla útgjalda sem varða rekstur, nema samþykkt liggi fyrir um framkvæmdir þessar frá aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi.

Fjárhagsáætlunin skal varða almanaksár og skal bera hana undir atkvæði fundarmanna á aðalfundi.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

a. að ráða húsvörð, setja honum starfsreglur (erindisbréf) og sjá um að þeim sé fylgt.
b. ráða annað starfsfólk og leita í því sambandi umsagnar húsvarðar um ráðningu þess.
c. að ráðstafa íþrótta- og félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
e. að annast kaup nauðsynlegra tækja.
f. að sjá um að viðhald og endurbætur húseignarinnar svo og húsbúnaðar og áhalda sé alltaf í góðu lagi.
g. að sjá um að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis.
h. að sjá um að húsið sé ávallt sem vistlegast, hæfilega hitað og lýst.
i. að sjá um að löggæsla sé á samkomum, ef hennar er þörf.

5. gr.

Eigendur íþrótta- og félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot af húsinu.

Skylt er að heimila félögum, er greinir í 1. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili,

innan hreppsfélagsins (eða byggðarlagsins) afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra.

Verði ágreiningur um hvort slíkt félag eigi afnotarétt af húsinu sker menntamálaráðuneytið úr. Opinberir skólar í Þorlákshöfn skulu hafa forgangsrétt að notkun Íþrótta- og félagsheimilisins á eðlilegum starfstíma skóla.

6. gr.

Leiga fyrir afnot af Íþrótta- og félagsheimilinu skal ákveðin svo há, að nægjanlegt fé fáist til að inna af höndum nauðsynleg rekstrargjöld, ef húsinu koma eigi aðrar tekjur.

Heimilt er í iðgjaldaskrá að gera mismun á leigugjöldum varðandi félög í byggðarlaginu sem ekki eru eigendafélög svo og félög einstaklinga sem eru utan byggðarlagsins en æskja afnota af húsinu.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignin, áhöld, húsbúnaður svo og séreignir félaga sem kunna að hafa fengið að geyma eignir sínar eða tæki í húsinu séu hæfilega vátryggðar.

8. gr.

Félag sem samkomu heldur í félagsheimilinu skal ávalt tilnefna fulltrúa af sinni hálfu sem húsvörður veit hver er og getur snúið sér sérstaklega til varðandi atriði samkomuhaldsins.

9. gr.

Húsnefnd skal sjá um að íþrótta- og félagsheimilið sé ávalt vel ræst. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Húsnefnd skal einnig skylt að sjá um að lóðin kring um félagsheimilið sé ávallt snyrtileg og vel við haldið.

Húsnefnd skal sjá um að bifreiðastæði við félagsheimilið, innan lóðar, séu vel skipulögð þannig að aðkeyrsla og frákeyrsla sé sem auðveldust og einnig að auðvelt sé að leggja þar bifreiðum.

11. gr.

Húsnefnd skal sjá um að húsið sé ávallt sem vistlegast og öruggast varðandi alla umgengni. Þá skal nefndin sjá um að notkun íslenska fánans við og innan hússins sé ávallt samkvæmt gildandi reglum um meðferð íslenska fánans.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina vandlega með viðgerð fyrir augum. Þessi athugun skal einnig varða öll öryggistæki svo sem til brunavarna.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta er spjöllum valda. Valdi samkomugestur óspektum, getur húsnefnd sett hann í samkomubann.

14. gr.

Um meðferð áfengis í félagsheimilinu skal fara samkvæmt lögreglusamþykkt Árnessýslu.

15. gr.

Reglur þessar sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. júlí 1976.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

29. júlí 1976. Nr. 302.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar Húsnæðismálastjórnar, með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Eigi umsækjandi íbúð, þegar hann leggur inn umsókn um lán, skal hann leggja inn sölusamning eða afsal vegna hennar áður en síðasti hluti lánsins kemur til greiðslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 30 12. maí 1970, sbr. lög nr. 72/1972 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. júlí 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

19. júlí 1976. Nr. 303.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð Fiskiðnarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976:

Óverkaður saltfiskur		
Stórfiskur nr. I	kr.	307.00
Millifiskur nr. I	—	294.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	—	248.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	—	220.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök		
15/20	kr.	256.00
21/25	—	247.00
26/30	—	238.00
31/35	—	230.00
36/40	—	221.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júlí 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 304. 6. júlí 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Fellahreppi.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar Fellahrepps hefir verið ákveðið, að eftirtalinn vegkafli í hreppnum skuli talinn aðalbraut:

Austurlandsvegur frá Lagarfljótsbrú til vesturs, uns þéttbýli lýkur.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

Sýslumaður N.-Múlasýslu, Seyðisfirði, 6. júlí 1976.

Erlendur Björnsson.

Nr. 305. 23. júlí 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarfirði eystra.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps hefir verið ákveðið, að eftirtalinn vegkafli í hreppnum skuli talinn aðalbraut:

Borgarfjarðarvegur frá Bakkaárbrú til austurs, uns honum lýkur, og síðan í framhaldi af honum Desjarmýrarvegur að fólkvangi við Álfaborg.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

Sýslumaður N.-Múlasýslu, Seyðisfirði, 23. júlí 1976.

Erlendur Björnsson.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Eskifjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum á Eskifirði.

Eskifjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum mannvirkjum og lóðum sjávarmegin við Strandgötu, frá 2—120, en það eru eftirtaldar eignir, lóðir og lóðarréttindi:

Lóðir — Mannvirki:			Skráðir eigendur:
Strandgata	2		Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata	4		Friðþjófur hf.
Strandgata	6		Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata	8		Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata	10		Bóas Emilsson
Strandgata	14		Eyri hf.
Strandgata	28	c	Bóas Emilsson
Strandgata	28	a	Gunnar Auðbergsson
Strandgata	30	a	Björg hf. — Seley hf.
Strandgata	32		Karl Símonarson
Strandgata	34		Helgi Garðarsson
Strandgata	36		Skeljungur hf.
Strandgata	38		Jón Kjartansson hf.
Strandgata	38	a	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata	40		Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata	44	a,b,c	Pöntunarfélag Eskfirðinga
Strandgata	46	a	Pöntunarfélag Eskfirðinga
Strandgata	46	b	Olíuverslun Íslands
Strandgata	48		RARIK
Strandgata	50		Kaupfélagið Björk (SÍS)
Strandgata	54		Kristinn Guðmundsson
Strandgata	56		Viggó Loftsson
Strandgata	58		Málmfreð Árnason/Stefán Guðmundsson
Strandgata	60	b	Guðjón Gíslason/Jón Stefánsson/Gunnar Hallgrímsson
Strandgata	64—66		Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.
Strandgata	68		Hafalda hf.
Strandgata	70		Friðrik Árnason
Strandgata	72		Guðni Jónsson d.b.
Strandgata	76		Jón Kjartansson hf.
Strandgata	78		Guðjón Hjaltason
Strandgata	80		Ragnar Björnsson/Arnar Kristjánsson
Strandgata	82		Jón Guðmundsson
Strandgata	84		Guðmundur Stefánsson
Strandgata	86	a	Sæberg hf.
Strandgata	86	b	Kaupfélagið Björk (SÍS)
Strandgata	86	c	Rækjuvinnslan sf.
Strandgata	88		Ingvar Gunnarsson o. fl.
Strandgata	90		Eiríkur Þorkelsson
Strandgata	92		Reynir Hólm
Strandgata	94		Sporður hf.
Strandgata	96		Martha Klausen/Thor Klausen
Strandgata	98	b	Egill Karlsson/Sporður hf.
Strandgata	120		Kjartan Björgvinsson

Ennfremur áskilur Eskifjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt á öllu landi og mannvirkjum fyrir botni fjarðarins og í dalnum.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Eskifjarðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1923, öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 307. 21. júlí 1976.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Þórshafnarhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og verðbréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það sem nauðsynlegt er hverju sinni og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsam-

þykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

21. júlí 1976. Nr. 308.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin skal af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera þrír menn og aðrir þrír til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum leggur vatnsveitan heimæð að stofnhana húss. Vatnsæð er lögð í skurðstæði holræsalagnar.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Ölfushrepps í Þorlákshöfn, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum

eða viðgerðar á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða að óþörfu vatni, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum og hafa vatnsæðar þannig, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatn til landshafnar er selt eftir mæli.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsins liggi við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna og sæta sektum nema þyngri refsins liggi við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum í Þorlákshöfn, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, í vegi eða á opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt.

Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsa og lóða.

Nú er hús, sem greiða ber vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitunefnd skattinn.

14. gr.

Hver sá er tengir við vatnsveitu Þorlákshafnar, skal greiða tengigjald samkvæmt gjaldskrá.

15. gr.

Af húsum sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl. skal greiða vatnsskatt skv. 2. gr. gjaldskrár og viðbótargjald samkvæmt mældri notkun.

Vatnsveitunni er heimilt að mæla notkun vatns yfir 1 ár og miða síðan við að um sömu notkun verði að ræða næstu ár þó að þá sé eigi mælt.

16. gr.

Heimilt er að selja vatn eftir mæli, er vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli skal greiða samkvæmt gjaldskrá.

Fyrirtæki svo sem þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt sem stjórn vatnsveitunnar ákveður í gjaldskrá.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa.

17. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er samhliða gjalddaga fasteignagjalda.

Vatnsskattur samkvæmt 16. gr. fellur í gjalddaga annanhvern mánuð eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 40 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

21. júlí 1976. Nr. 309.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Þorlákshafnar skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 0.37% af framreiknuðu gildandi matsverði húss og lóðar. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið. Lágmarks vatnsskattur skal vera kr. 5 000.00 á ári.

3. gr.

Notkunargjald skv. vatnsmæli.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í þau hús, sem hún telur ástæðu til, og skal notandi greiða kr. 11.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Mælaleiga er kr. 2 500.00 fyrir árið. Bílaþvottaplön skulu greiða kr. 25 000.00 yfir árið.

4. gr.

Vatn til landshafnar.

Vatn til landshafnar er ætlað til skipa og báta. Það er selt eftir magni. Landshöfn selur síðan vatnið til skipa og báta. Settir verða mælar á vatnsæðar er liggja að hafnargörðum. Vatnsveitan leggur til mælana og umbúnað þeirra og annast viðhald þeirra. Í leigu skal greiða kr. 5 000.00 fyrir hvern mæli/ár.

Verð á 1 m^3 vatns til landshafnar er kr. 30.00.

5. gr.

Fyrir önnur vatnsnot þar sem mælingu verður eigi við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

6. gr.

Stofngjöld.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað. Mælar eru ekki settir í íbúðarhús.

7. gr.

Í stofngjald skal greiða kr. 33.00 fyrir hvern fermetra lóðar fyrir einbýlishús, tvíbýlis-, rað- og fjölbýlishús.

8. gr.

Ef um er að ræða óvenju langar og kostnaðasamar heimtaugar, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað heimtauga.

9. gr.

Stofngjald samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

10. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu Ölfushrepps jafnframt mun skrifstofa Ölfushrepps annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

11. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess að notkunar- eða fastagjald hefur eigi verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi Ölfushrepps eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í reglugerð fyrir vatnsveitu Ölfushrepps, Þorlákshöfn, skal húseigandi greiða kr. 2 000.00 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

12. gr.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll gjöldin eða hvert um sig um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu frá Hagstofu Íslands sem sett var 100 stig í október 1975. Breyting er leyfileg í samræmi við það þó ekki hærri en 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Stöðvarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir, og einnig til hafnarinnar á Stöðvarfirði.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og oddviti annast allar framkvæmdir, er vatnvseituna varða, svo og viðhald hennar og umsjá alla.

3. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar Stöðvarhrepps.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

4. gr.

Hver sá, er húseign á við veg eða götu, sem vatnsæð liggur í, á rétt á að fá tengda vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en heimilistæki, má ekki tengja við hús- eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er vatnsveitunni heimilt að láta notanda greiða allt að helmingi kostnaðar við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að þeir notendur, sem síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldur á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju leyti þann kostnað er af lögninni leiddi, nema öðruvísi hafi verið um samið.

5. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Uppdráttur áritaður af vatnsveitunni skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

6. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda, og sé það gert, skal pípulagningarmeistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

7. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar er hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

8. gr.

Hreppsnefnd og/eða umsjónarmanni hennar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma,

sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda sé það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

10. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af fasteignum.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Af öllum fasteignum í Stöðvarbreppi, sem nota vatn, skal greiða árlega vatnsskatt, er nemi 0.4% af fasteignamati húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksgjald fyrir íbúð skal vera kr. 2 500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð —. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, skal greiða árlega kr. 2 500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð af hverri íbúð, sem búið er í umfram eina í húsi.

Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki vatnsskattur.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og skal þá greiða vatnsskatt samkvæmt samþykktum uppdráttum. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 8.00 — átta krónur — af rúmmetra auk þess vatnsskatts, sem um getur í 10. gr.

Hreppsnefnd sér um uppsetningu og útvegun mælanna.

12. gr.

Fyrir vatn til skipa og báta greiðast kr. 80.00 — áttatíu krónur — fyrir smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 500.00 — fimm hundruð krónur —, fyrir fiskiskip og kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónur — fyrir önnur skip. Þá skal hreppsnefnd heimilt að setja fast árgjald fyrir neysluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Stöðvarfirði.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Stöðvarfjarðar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

13. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

14. gr.

Framtalin gjöld skv. 11. og 12. gr. eru miðuð við byggingavísitölu 105 stig, og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna eins og hún er hverju sinni. Þó má hækkun ekki nema meira en 50% án samþykkis ráðuneytis.

15. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast oddviti reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur skv. 11. gr. fellur í gjalddaga 1. júlí og 31. desember eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnurekstrar síns. Útgerðarmaður skips og skipstjóri bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts til skipa. Vatnsskattinn má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

16. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum, sem á vatnsveitunni eru eða kunna að verða settir síðar. Óheimilt er að setja hreyfivélar í samband við hana nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarf í kauptúninu.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 311. 4. ágúst 1976.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hólmavíkurhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hólmavíkurkauptúni.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í kauptúninu undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins og fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með þessum hundum og skal upphæðin við það miðuð.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
Gjalddagi leyfisgjaldsins er 1. júlí ár hvert.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hundinn inn í matvöruverslanir, fiskvinnsluhús, eða aðra staði, sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró íbúa kauptúnsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um kauptúnið fara til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. m. t. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur, og leggja fram heilbrigðisvottorð vegna hundsins á skrifstofu hreppsins fyrir 1. júlí ár hvert.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. ágúst 1976.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

6. ágúst 1976. Nr. 312.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.

1. gr.

6. gr. 1. töluliðar a), Meprobamatum orðist svo:

Meprobamatum, nema lyf í samsetningum, sem innihalda 0.1 g af mepróbamati eða minna í hverjum skammti.

2. gr.

8. gr. stafliður 1. hljóði svo:

Súblímattöflur og merkúríoxýcýaníðtöflur, svo og nikotín, súblímat- og arsenlausnir, sterkari en 1% ætlaðar dýrum, skal ávallt auðkenna sérstökum miða, sem á er ritað með ljósu letri á dökkan grunn orðið: **Eitur.** Klóramíntöflur og ætiefni (caustica) skal auðkenna sérstökum miða, sem á er ritað með ljósu letri á dökkan grunn: **Varúð — Hættulegt.**

3. gr.

8. gr. stafliður m. töluliður 9 hljóði svo:

Klófenótan og hexícíð, sbr. viðauka 1, skal árita: Má ekki nota gegn óþrifum á svínum, alifuglum eða mjólkandi dýrum. Klófenótan, sem nota skal gegn óþrifum á mönnum eða dýrum, skal auðkenna rauðum merkimiða og auk þess svohljóðandi leiðbeiningum um notkun:

Notkunarreglur fyrir klófenótanstráduft:

Duftinu er stráð og núið á þá staði, þar sem óþrifa verður vart. Strá skal duftinu á nærklæðnað beggja vegna og innan á ytri klæði. Duftið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum. Ekki skal fara í bað á milli.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Notkunarreglur fyrir klófenótanspritt:

Kembið hárið með greiðu eða kambi, sem vættur er í sprittinu. Núið síðan sprittinu vel í hárið og hársvörðinn. Sprittið vinnur ekki á eggjunum (nitinni), og er því nauðsynlegt að endurtaka meðferðina að fimm til sex dögum liðnum.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Notkunarreglur fyrir hexicíðlausn (hársápu):

Gegnvætið hárið með volgu vatni. Hellið 2 matskeiðum af hársápu í hárið og látið freyða. Nuddið allan hársvörðinn vel í a. m. k. 4 mínútur. Skolið vandlega og þurrkið með þurru handklæði. Kembið hárið vandlega til þess að fjarlægja nit. Endurtakið meðferðina eftir fimm til sex daga.

Varúð: Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemmst í augu, skal skola þau strax með vatni. Notið lyfið ekki oftar en tvisvar við hverja smitun og aðeins tvisvar í sömu viku. Notið ekki lyfið til venjulegra hárþvotta, né heldur, ef sár eru á hársverði.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Notkunarreglur fyrir hexicíðáburð eða hexicíðkrem (húðáburð eða húðkrem):

Þvoið yður og þurrkið vandlega. Berið þunnt lag af áburði á allan líkamann, nema í andlit og hársvörð. Gætið þess vandlega að þekja alla húðina. Látið áburðinn vera á í sólarhring, en þvoið yður þá vel. Endurtakið vikulega, ef nauðsyn krefur, þó ekki oftar en 2—3 sinnum.

Varúð: Gætið þess, að lyfið komist ekki í augu, nef, munn eða aðra viðkvæma slímhúð. Ef það kemst í augu, skal skola þau strax með vatni.

Þar fyrir neðan skal vera sérstakur aðvörunarmiði með rauðu letri á ljósum grunni: **Varúð — Geymið þar, sem börn ná ekki til.**

Ef klófenótan eða hexicíð er selt til að eyða skordýrum í híbýlum, útihúsum, görðum o. s. frv., skal það auðkennt gulum merkimiða og orðinu **Skordýraeitur.** Á eftir orðinu skordýraeitur skal í sviga greina samsetningu og styrkleika efnisins í hundraðshlutum. Aðvörunarmiðar skulu þá vera eins og í 10. tölulið hér á eftir.

4. gr.

Við upptalningu 10. gr. bætast eftirtalin lyf:

Acetylcysteinum NFN
Acidum joglycamicum NFN
Acidum tranexamicum
Brompheniraminum NFN
Bupivacainum NFN
Calcii metrizoas NFN
Cambendazolum INN
Chlorpyraminum NFN
Colestyraminum NFN
Diphenylpyralinum NFN

Jodamidum NFN
Magnesii metrizoas NFN
Mepivacainum
Metrizamidum NFN
Natrii jopanoas NFN
Oxibuprocainum NFN
Paracetamolum NFN
Pramocainum NFN
Protamini sulfas
Salicylamidum
Streptodornasum NFN
Streptokinasum NFN
Tinidazolum NFN
Tylosinum NFN

5. gr.

Úr upptalningu 10. gr. fellur niður:
Bupivacinum NFN
Mepivacinum

6. gr.

Merkingin NFN fellur niður við eftirtalin lyf í 10. gr.:
Cyproheptadinum
Dexchlorpheniraminum
Metronidazolum
Pentagastrinum
Proxiphyllinum

7. gr.

Við upptalningu 11. gr. bætast eftirtalin lyf:
Acidum valproicum NFN
Alfaxalonum NFN
Amantadinum NFN
Amoxicillinum INN
Beclometasonum NFN
Benserazidum INN
Bumetanidum NFN
Calcitoninum NFN
Cefapirinum INN
Cefradinum INN
Clindamycinum NFN
Clomifenum
Clonazepamum NFN
Clozapinum NFN
Cytarabinum NFN
Dactinomycinum NFN
Dantrolenum NFN
Dapsonum NFN
Daunorubicinum INN
Deferoxaminum NFN
Demoxytocinum NFN
Diazoxidum NFN
Dimethyli sulfoxidum NFN
Dipropimazine DCF

Doxorubicinum NFN
Enallynymalum NFN
Estomycinum NFN
Etoglucidum NFN
Fenpipramidum NFN
Fenpipranum NFN
Flavoxatum NFN
Flucloroloni acetonidum NFN
Flucytosinum NFN
Glucagonum NFN
Halcinonidum INN
Leucovorinum NFN
Levonorgestrelum
Melphalanum NFN
Methotrexatum NFN
Metylperonum NFN (Melperonum)
Naficillinum NFN
Naproxenum NFN
Natrii fucidas NFN
Oxandrolonum NFN
Oxazepamum
Oximetholonum NFN
Oxipertinum NFN
Penicillaminum NFN
Pipotiazinum NFN
Pizotifenum NFN
Rimiterolum INN
Ritodrinum NFN
Spectinomycinum NFN
Sulfachlorpyridazinum NFN
Sulfaclozinum
Sulfapyrazolum NFN
Thiotepum NFN
Thyrotropinum NFN
Tioguaninum NFN
Treosulfanum INN
Tretinoinum NFN
Trimethaphanum NFN
Vinblastinum NFN
Vincristinum NFN

8. gr.

Úr upptalningu 11. gr. fellur niður:
Oxazepamum
Sulfaclozinnatrium

9. gr.

Merkingin NFN fellur niður við eftirtalin lyf í 11. gr.:
Cloxacillinum
Dextropropoxiphenum
Dihydroergotaminum
Doxepinum
Haloperidolum

Hydroflumethiazidum
Metacyclinum
Meticillinum
Nortriptylinum
Pivampicillinum
Polythiazidum
Propranololum
Sulfadimethoxinum
Sulfamethoxazolum
Tetramisolum
Thiomebumalum
Thioridazinum
Triamcinolonum
Trimethoprimum

10. gr.

Í viðauka 1, undir Clofenotanum, hljóði athugasemd þannig: Áletrun: Sjá 8. gr., 9. tölulið m-stafliðs.

11. gr.

Í viðauka 1, undir Hexicidum, hljóði athugasemd þannig: Áletrun: Sjá 8. gr., 9. tölulið m-stafliðs.

12. gr.

Í viðauka 1 bætist við undanþága varðandi lausasölu paracetamóls, svohljóðandi:

Lyf eða samsetningar	Samsetningar er selja má í lausasölu	Athugasemdir Dæmi
paracetamolum	töflur	Einstakur skammtur mest 0.5 g. Mest 20 töflur handa einstaklingi. Laus seðill frá framleiðanda skal fylgja hverri pakkningu með eftirfarandi áletrun: Mest 6 töflur á sólarhring handa fullorðnum við höfuðverk, tannverk, tíðaverkjum og sótthita af völdum inflúensu eða kvefs. Mesti skammtur á sólarhring handa börnum 7—12 ára eru 4 töflur og á aldrinum 3—7 ára 2 töflur. Lyfið er ekki ætlað yngri börnum en þriggja ára. Varhugavert er að nota lyfið ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Sjá einnig 8. gr. 20. tölulið.

13. gr.

Í viðauka 1, aftast **falli niður** eftirfarandi málsgrein:

Eftirtalin lyf má láta úti án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga.

1. Phenthiazinum
2. Piperazinum
3. Sera

4. Tetramisolum
5. Tiabendazolum
6. Vaccina

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

Nr. 313. 6. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1976.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1976, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	.....	kr.	46 000
II. flokkur	.....	—	38 000
III. flokkur	.....	—	30 000
IV. flokkur	.....	—	22 000
V. flokkur	.....	—	14 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur Apótek.

II. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs Apótek.

III. flokkur: Akureyrar Apótek,
Hafnarfjarðar Apótek,
Holts Apótek,
Ingólfs Apótek,
Stjörnu Apótek,
Vesturbæjar Apótek.

IV. flokkur: Akraness Apótek,
Apótek Vestmannaeyja,
Borgar Apótek,
Garðs Apótek,
Háaleitis Apótek,
Húsavíkur Apótek,
Ísafjarðar Apótek,
Kópavogs Apótek,

Laugarness Apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Selfoss Apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Blönduóss,
Árbæjar Apótek,
Borgarness Apótek,
Dalvíkur Apótek,
Nes Apótek, Neskaupstað,
Patreks Apótek,
Sauðárkróks Apótek,
Siglufjarðar Apótek,
Stykkishólms Apótek.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins,
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.,
Lyfjaverslun ríkisins,
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.,
Hermes sf.,
Pharmaco hf.

III. flokkur: Farmasía,
H. Ólafsson & Bernhöft,
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús samkvæmt V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. nóvember 1976. Gjaldið er lögtakskræft.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Apóteks Austurlands.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Apóteks Austurlands, Seyðisfirði, vera fyrst um sinn sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga	kl. 12—13
	og kl. 15—18
Laugardaga	kl. 10—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1976.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Almar Grímsson.

Nr. 315. 1. júlí 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bannað verður að leggja bifreiðum við Blómvallagötu að vestanverðu frá suðurgafli hússins Blómvallagötu 10 að Brávallagötu.
2. Umferð ökutækja annarra en strætisvagna í vinstri beygju af Grensásvegi til austurs í Sogaveg verður bönnuð.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. júlí n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. júlí 1976.

Sigurjón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 — 1976

REGLUGERÐ
um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 19. ágúst 1976 nema kr. 18.38 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 19. ágúst 1976. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 120/1976 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 19. ágúst 1976, skal greiða 79 aura af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 19. ágúst 1976 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 19. ágúst 1976.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 19. ágúst 1976. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 120 3. maí 1976.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 29, nr. 316. Útgáfudagur 19. ágúst 1976.

B 75

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1976

Nr. 317. 598 10. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Akraness nr. 267 11. júní 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmlest.
b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmlest.
c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmlest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
d. Bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiði ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 518.00 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr., eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 920.00 fyrir hvert skip, auk kr. 4.80 fyrir hverja brúttórúmlest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálft gjald samkvæmt lið a.
c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 400.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 80.00.

5. gr.

Gjald samkvæmt upphafi 11. gr. skal vera kr. 3.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

18. ágúst 1976. Nr. 318.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnumjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnumjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 1976:

Loðnumjöl, $ 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 184.40.

Verðbil verði 10%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. ágúst 1976.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Guðjón Smári Agnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. október 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. október 1976:

Spærlingsmjöl, $ 6.10 á próteineiningu í lest.
Kolmunnamjöl, $ 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verði 5%, miðað við verðhækkun eingöngu.
Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $ 1 = 184.40.
Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. ágúst 1976.

F. h. r.
Þórður Ásgeirsson.

Guðjón Smári Agnarsson.

Nr. 320. 16. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um laun innheimtumanna ríkissjóðs fyrir innheimtu.

1. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík skulu hljóta laun vegna innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Skulu innheimtulaun greidd vegna innheimtu ríksisjóðstekna. Þó skulu ekki greidd laun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu aðflutningsgjalda, bensíngjalds, gúmmígjalds, gjalds skv. l. nr. 6/1976 eða innflutningsgjalds af bifreiðum og bifhjólum.

Þá skulu og greidd innheimtulaun skv. reglugerð þessari vegna innheimtu gjalda er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta skv. embættisskyldu fyrir aðra aðila en ríkissjóð sbr. þó 11. gr. l. nr. 57/1949.

2. gr.

Laun innheimtumanna skulu reiknuð sérstaklega fyrir hvern eftirtalinna flokka innheimtra gjalda.

a) Tekju- og eignarskatt
b) Söluskatt
c) Aðrar ríkissjóðstekjur, sbr. þó 2. málslið 2. mgr. 1. gr.
d) Gjöld, er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta fyrir aðra aðila.

3. gr.

Laun innheimtumanna skulu annars vegar vera háð þeim fjárhæðum, sem til innheimtu eru árlega hjá hverjum innheimtumanni, en hins vegar skulu þau vera háð innheimtuhlutfalli.

Skulu launin ákvarðast þannig fyrir hvern gjaldaflokk, er getur í 2. gr.

a) Fyrst er tekin lágmarksþóknun sbr. 4. gr.

b) Við lágmarksþóknun skv. a-lið er bætt upphæð, sem háð er upphæð þeirri, sem til innheimtu er, þannig að fyrst er bætt 264 millj. kr. við þá upphæð, sem til innheimtu er og þeirri útkomu deilt upp í þá upphæð, er til innheimtu er, margfaldaðri með 594 þús. kr.

c) Sú þóknun, sem fæst út skv. liðum a) og b) miðast við 100% innheimtuhlutfall. Þessi þóknun skerðist síðan jafnt og þétt við lækkandi innheimtuhlutfall uns engin þóknun er greidd þegar innheimtuhlutfall hefur náð því lágmarki, sem getið er í 4. gr.

Nánar tiltekið reiknast þóknun Þ (í þús.kr.) skv. jöfnunni

$$Þ = \frac{P \div PL}{100 \div PL} \cdot \left(ÞL + 594 \cdot \frac{U}{U + 264}\right)$$

Þar sem PL er lágmarksinnheimtuhlutfall (í prós.) skv. 4. gr. og ÞL er þóknunarlágmark (í þús.kr.) skv. 4. gr. en P er innheimtuhlutfall (í prós.) og U er upphæð til innheimtu (í millj.kr.).

Sé innheimtuhlutfallið P jafnt eða lægra en lágmarksinnheimtuhlutfall PL skal þó ekki greidd þóknun.

4. gr.

Lágmarksinnheimtuhlutfall PL og þóknunarlágmark ÞL skal vera sem hér segir:

	PL (í prós.)	ÞL (í þús.kr.)
Fyrir tekju- og eignarskatt	60	92
Fyrir söluskatt	93	66
Fyrir aðrar ríkissjóðstekjur	75	59
Fyrir gjöld, er innheimtumenn ríkissjóðs innheimta fyrir aðra	60	3.3

5. gr.

Upphæðirnar „264 millj. kr.“ og „594 þús. kr.“ í b-lið 2. mgr. 3. gr., tölurnar „594“ og „264“ í greiðslujöfnunni í 3. mgr. 3. gr. og þóknunarlágmarkið ÞL í 4. gr., skulu árelga breytast í sama hlutfalli og laun í efsta þrepi launaflokks sýslumanna og bæjarfógeta breytast árlega.

Skal miða við laun 1. janúar 1976 sem grunntölu. Skal síðan miða stærðir þær, er breytast skulu skv. 1. gr., við laun 1. janúar það ár, er innheimtan fer fram á.

6. gr.

Fari samanlagðar aukatekjur innheimtumanns fyrir innheimtu á uppboðskröfum, vegna starfa í umboði Tryggingastofnunar ríkisins, starfa í þágu sýslusamlaga og starfa við umsjón með sýslu- og sýsluvegasjóðum á einu ári fram úr 50% af árslaunum skv. efsta þrepi launaflokks sýslumanna og bæjarfógeta skulu heildarlaun það ár fyrir innheimtu skv. 2.—5. gr. reglugerðar þessarar skerðast um upphæð er því svarar.

Skal miðað við laun það ár, er störfin eru framkvæmd.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, sbr. lög nr. 84 31. maí 1976 öðlast þegar gildi og koma ákvæði hennar til framkvæmda frá og með 1. janúar 1977.

Fyrir innheimtu á árinu 1976 skulu innheimtulaun greidd eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga nr. 92/1955 eins og hún var áður en henni var breytt með lögum nr. 84/1976.

Þrátt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal engin innheimtumanna ríkissjóðs missa meira en helming þeirra innheimtulauna, er hann hefði haft skv. eldri reglum vegna innheimtu á árinu 1977.

Fjármálaráðuneytið, 16. ágúst 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 321. 6. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 10 000.00 og er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um önnur form eða breytingar á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn, og er skráningargjald þá kr. 5 000.00.

Þegar sótt er að nýju um skráningu sérlyfs, sem áður hefur verið hafnað, skal greiða skráningargjald að upphæð kr. 5 000.00 og er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 5 000.00, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt 7. og 8. gr. renna í sérlyfjasjóð samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga. Skal þeim skipt þannig að skráningargjöld samkvæmt 7. gr. verði notuð til að standa straum af kostnaði við störf lyfjanefndar en árgjöld samkvæmt 8. gr. til að standa straum af kostnaði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, sbr. og 2. og 3. gr. laga nr. 85 25. maí 1976 um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

6. ágúst 1976. Nr. 322.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 325 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 650 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð. Sama gildir um óskráð sérlyf, sem flutt er inn samkvæmt undanþágu sbr. 3. málsgr. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Ráðuneytið gefur út skrá yfir slík undanþágulyf.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli vera bannaðar á Suðurgötu, vestanmegin götunnar, að undanskyldum tveimur bifreiðastæðum við Suðurgötu 8 (eldra húsið) og einu við Suðurgötu 9, sem ætluð eru til þarfa lögreglunnar eingöngu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 22. júlí 1976.

Elías I. Elíasson, settur.

Nr. 324. 19. ágúst 1976.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Hafnarfirði um að Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður skuli vera ein dómþinghá:

Að fengnum tillögum yðar, herra bæjarfógeti, í bréfi, dags. 13. febrúar sl., hefur ráðuneytið ákveðið, sbr. 72. og 202. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, að Garðakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður skuli frá og með 1. september nk. að telja vera ein dómþinghá.

Nr. 325. 19. ágúst 1976.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Keflavík um að Njarðvíkurkaupstaður og Keflavíkurkaupstaður skuli vera ein dómþinghá:

Að fengnum tillögum yðar, herra bæjarfógeti, í bréfi, dags. 3. febrúar sl., hefur ráðuneytið ákveðið, sbr. 72. og 202. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, að Njarðvíkurkaupstaður og Keflavíkurkaupstaður skuli frá og með 1. september nk. að telja vera ein dómþinghá.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 317—325. Útgáfudagur 30. ágúst 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 — 1976

27. ágúst 1976. 605 Nr. 326.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 532 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrír nýir töluliðir er verði 29., 30. og 31. töluliður og orðist svo:

29.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	kr. 500.00
30.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	— 2 000.00
31.	Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum ..	— 2 000.00

2. gr.

29. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar verður 32. töluliður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlist þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. ágúst 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

27. ágúst 1976. Nr. 327.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 900.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 1 200.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

B 76

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Seltjarnarness nr. 313 11. október 1974.

a-liður 4. gr. orðist þannig:

a. Fastagjald, kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b-liður 4. gr. orðist þannig:

b. Vatnsgjald, kr. 1 200.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. sept. 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 329. 25. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um breytingar á fjallskilareglugerð V-Húnavatnssýslu nr. 392/1975.

1. gr.

Breyting á 16. gr. Í stað orðsins „eftirleit" í annari málsgrein komi: aðra leit.

2. gr.

Breyting á 42. gr. Greinin orðist svo: Þegar fyrirskipuðum göngum á afrétt er lokið á haustin og hreppsnefndir hafa ákveðið að gera ekki fleiri leitir á kostnað fjallskilasjóðs, þá geta þær veitt mönnum heimild til eftirleitar á afréttum.

Fyrir kind sem finnst í eftirleit skal greiða fundarlaun. Skulu þau vera jafnhá í krónum talið og verð á meðaldilk. Fyrir hross skulu fundarlaun nema einum og hálfum fundarlaunum fyrir kind. Borgun til eftirleitarmanna greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi upprekstrarfélags.

3. gr.

Fjallskilareglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

Stjórnartíðindi B 31, nr. 326—329. Útgáfudagur 31. ágúst 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 — 1976

31. ágúst 1976. 607 Nr. 330.

REGLUGERÐ

um Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla.

I. KAFLI
Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Flensborgarskólinn er fjölbrautaskóli á framhaldsskólastigi.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu grunnskólanámi og búa þá undir þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins og frekara nám í sérskólum eða háskólum.

3. gr.

Skólinn skal gefa nemendum kost á fjölbreyttu samvali bóklegra og verklegra námsgreina, er myndi mismunandi og mislangar námsbrautir í samræmi við meginmarkmið skólans. Gert skal ráð fyrir mislöngum námsferli innan hverrar námsbrautar, þannig að nemendur eigi þess kost á hverju námsári að ljúka skilgreindu námi er veiti þeim tiltekin námsréttindi eða tiltekna starfshæfni. Um fjölda námsbrauta og inntak þeirra skal ákvarða í námsskrá, sbr. 10. gr.

4. gr.

Skólinn og allar námsgreinar hans eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

II. KAFLI
Um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

6. gr.

Nýir nemendur geta hafið nám hvort heldur er á haustönn eða vorönn. Skal sérstakur umsóknarfrestur auglýstur fyrir hvora önn, og er ekki skylt að taka til greina umsóknir sem berast eftir að hann rennur út. Umsóknir skulu ritaðar á sérstök eyðublöð, og skulu fylgja þeim þau gögn sem þar greinir.

7. gr.

Til að setjast í skólann þurfa nemendur að hafa lokið grunnskólanámi. Nánari inntökuskilyrði einstakra námsbrauta skulu vera hin sömu og gilda um sambærilegt nám í sérskólum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Skólinn skal starfrækja sérstaka undirbúningsdeild fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólanámi, en uppfylla ekki inntökuskilyrði neinnar námsbrautar í skólanum. Samtímis námi sínu í undirbúningsdeild er þessum nemendum heimilt að leggja stund á einstaka námsáfanga í fjölbrautaskólanum sjálfum, þar sem undirbúningsskortur þeirra kemur ekki að sök, og fá þeir það nám metið til stiga jafnt og aðrir nemendur. Nám í undirbúningsdeild veitir hins vegar ekki stig.

9. gr.

Skólastjórn getur veitt nemendum sem eru orðnir fullra 18 ára við innritun undanþágu frá setu í undirbúningsdeild.

III. KAFLI
Um námsbrautir, námsefni og kennslu.

10. gr.

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Námsbrautir eru skilgreindar sem samstæða tiltekinna áfanga er leiðir til tiltekinna námsloka. Áfangar miðast að jafnaði við 5 40 mínútna kennslustundir á viku í eina námsönn, og gefur hver staðinn áfangi ýmist 2 eða 3 námsstig eftir efnisinntaki og/eða þyngd. Námslok miðast ekki við tímalengd námsins, heldur við það annars vegar að tilteknum stigafjölda sé náð í heild, en hins vegar að lokið sé tilteknum áföngum í tilteknum námsgreinum. Í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur skal námsbrautum skólans lýst með því móti, að gerð sé grein fyrir inntaki allra námsáfanga allra námsbrauta og innbyrðis tengslum þeirra. Skal við það miðað að tveggja stiga áfangar nægi að mestu til námsloka á stuttum námsbrautum, sem miðast við eins eða tveggja ára meðalnámstíma. Þó skal nemendum á námsbrautum sem einungis krefjast tveggja stiga áfanga að jafnaði heimilt að taka þriggja stiga áfanga í staðinn, ef hans er völ og þeir uppfylla þær kröfur sem áfanginn sjálfur gerir um forkunnáttu.

11. gr.

Námsáfangar hverrar námsbrautar flokkast í námsbrautarkjarna og valfrjálsa áfanga. Öllum nemendum er skylt að ljúka námsbrautarkjarna, en valáföngum geta nemendur ráðið sjálfir, ýmist innan ramma ákveðins námsgreinaflokks eða frjálst innan marka námsskrár. Námsbrautarkjarni þeirra námsbrauta sem leiða til stúdentsprófs skal samsvara bæði kjarna og kjörsviði menntaskóla og skal námsefni hans vera í samræmi við reglugerð nr. 270/1974, um menntaskóla. Við ákvörðun annarra námsbrautarkjarna skal náin hliðsjón höfð af reglugerðum og námsskrám sem gilda um sambærilegt nám í sérskólum og framhaldsdeildum.

Auk náms í áföngum samkvæmt framansögðu skal öllum nemendum veitt nokkur þjálfun í vélritun. Ennfremur skal þeim séð fyrir íþróttaiðkunum við hæfi, og skal ætla til þess allt að 3 kennslustundum á viku allan námstímann.

12. gr.

Skólastjórn skal með nægum fyrirvara auglýsa hvaða áfangar verði að forfallalausu í boði næstu námsönn. Sú auglýsing er háð þeim fyrirvara að hæfur kennari fáist og nægilega margir nemendur óski eftir kennslu í áfanganum. Skal nemendafjöldi í bóklegum áfanga að jafnaði ekki fara niður fyrir 12 og í verklegum áfanga ekki niður fyrir 8. Menntamálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef um er að ræða skylduáfanga seint á námsferli, þannig að niðurfelling hans gæti leitt til seinkunar á námslokum nemenda.

Óski fleiri nemendur en 25 eftir kennslu í sama áfanga í bóklegri námsgrein eða fleiri en 15 í verklegri námsgrein skal heimilt að skipta þeim í hópa, og skal miða hópastærð og hópafjölda við að meðalstærð námshóps í bóklegri grein verði sem næst 20—22 nemendur, en 10—12 í verklegri námsgrein.

13. gr.

Við upphaf náms síns í skólanum skulu nemendur velja sér námsbraut og gera sér námsáætlun og tiltaka þar hvaða áföngum þeir hyggist ljúka á hverri námsönn. Skulu kennarar og námsráðunautur aðstoða þá við gerð þessarar áætlunar og endurskoðun hennar, sem fram skal fara að lokinni hverri námsönn, um leið og nemendur velja sér þá áfanga, sem þeir ætla að stunda næstu önn.

14. gr.

Námsannir á hverju skólaári eru tvær, haustönn og vorönn. Haustönn hefst 1. september og lýkur 20. desember, en vorönn hefst 15. janúar og lýkur fyrir 25. maí. Skulu kennsludagar á báðum önnum vera jafnmargir, en þá skóladaga sem vorönn hefur umfram haustönn má nota til náms utan ramma venjulegrar stundatöflu, til heimsókna á söfn og sýningar, til menningarstarfsemi, til skíðaiðkana, eða til annarrar starfsemi af svipuðum toga.

15. gr.

Gefa skal nemendum einkunn fyrir hvern námsáfanga. Skal sú einkunn byggjast á frammistöðu nemandans á kennslutímanum, vinnubrögðum hans við námið og á árangri á sérstöku prófi sem haldið er í annarlok. Skulu tveir fyrrnefndu þættirnir þó ekki metnir til einkunnar, nema lágmarksárangri sé náð á prófinu sjálfu. Tilkynna skal nemendum í upphafi annar hvernig hlutfalli einkunnaþátta verði háttað. Til prófa í lok hverrar annar má verja allt að 12 starfsdögum skólans.

16. gr.

Einkunnir skulu gefnar í bókstöfum, A, B, C, D og E.

Einkunnin A merkir að nemandinn hefur staðist áfangann með mjög góðum árangri og öðlast rétt til hraðari yfirferðar á næsta áfanga. Sé einkunnin A gefin fyrir tveggja stiga áfanga getur nemandinn sótt um að halda áfram námi á þriggja stiga áfanga, sé hans völ, og sé á það fallist gefur fyrri áfanginn þá 3 stig. Skólastjórn skal setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins á þeim. Sé einkunnin A gefin fyrir þriggja stiga áfanga veitir hún rétt til hraðferðar, þ. e. að taka saman næstu tvo áfanga í greininni með sama kennslustundafjölda og venjulegur áfangi hefur.

Einkunnin B merkir að nemandinn hefur staðist áfangann með góðum árangri og má athugasemdalaust halda áfram næsta áfanga í greininni.

Einkunnin C merkir að nemandinn hefur staðist áfangann og má halda áfram næsta áfanga, en þyrfti að leggja meiri rækt við greinina.

Einkunnin D merkir að nemandinn hefur ekki öðlast nægan undirbúning til að halda áfram í næsta áfanga með sama námshraða. Nemandi sem fær D fyrir þriggja stiga áfanga getur haldið áfram námi í tveggja stiga áfanga sömu greinar, þar sem þess er kostur, og fær hann þá 2 stig fyrir áfangann. Nemandi telst heldur ekki fallinn þótt hann fái einkunnina D fyrir lokaáfanga í grein, meðan slíkar einkunnir verða ekki fleiri en 2, og skal veitt full stigagjöf fyrir slíka áfanga. Að öðru leyti fást ekki stig fyrir áfanga, sem einkunnin D er gefin fyrir, og þeir áfangar skulu aldrei teljast til staðinna áfanga samkv. 18. gr. Nemendum sem fá einkunnina D skal alltaf heimilt að endurtaka áfangann.

Einkunnin E merkir að nemandinn hefur fallið á áfanganum og þarf að endurtaka hann.

17. gr.

Kennarar skulu gefa einkunnir fyrir áfanga í samráði við deildarstjóra greinarinnar. Prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu skulu hafa eftirlit með prófum eftir eðlilega lokaáfanga samkvæmt námsskrá, og ráða þeir prófseinkunn til jafns við kennara.

18. gr.

Til að öðlast rétt til að halda áfram námi við skólann skulu nemendur standast a. m. k. 3 áfanga fyrstu önn sína í skólanum, og a. m. k. 4 áfanga hverja önn eftir það. Skólastjórn setur nánari reglur um lágmarksstigafjölda sem nemendur þurfa að hafa náð eftir hverja námsönn, og þarf sá stigafjöldi ekki að vera hinn sami á öllum námsbrautum. Skulu þær reglur við það miðast að 11 annir séu hámarksnámstími til stúdentsprófs, en hámarkstími til náms á öðrum námsbrautum fari aldrei meira en 50% fram úr eðlilegum meðalnámstíma. Námstími í undirbúningsdeild reiknast ekki með námstíma að þessu leyti.

19. gr.

Nemandi telst hafa lokið prófi þegar hann hefur öðlast tilskilinn stigafjölda og staðist alla þá áfanga sem krafist er til námsloka, sbr. þó ákvæði 16. gr. um einkunnina D fyrir lokaáfanga. Skal hann fá skírteini sem tilgreinir:

a) námsbraut nemandans og heiti prófsins
b) námstíma nemandans í skólanum
c) námsferil nemendans, þ. e. stigafjölda hans í heild og einkunn hans fyrir hvern einstakan námsáfanga.

Ekki skulu reiknaðar út neinar meðaleinkunnir, hvorki í einstökum námsgreinum né fyrir prófið í heild.

Við lok hverrar námsannar skulu nemendur einnig fá vottorð um námsárangur á önninni, þar sem fram skal koma hversu miklum hluta áætlaðs náms sé lokið og hve mikill hluti þess sé eftir. Hverfi nemendur úr skólanum án þess að ljúka námi eiga þeir rétt á að fá yfirlitsskýrslu um námsferil sinn þann tíma sem þeir hafa verið í skólanum, þar sem fram komi hvaða áföngum þeir hafi lokið og með hvaða einkunn og hver stigafjöldi þeirra sé orðinn í heild.

20. gr.

Skólastjórn getur heimilað nemendum að taka próf í einstökum námsáföngum án tímasóknar. Skal þetta einkum koma til greina ef nemendur eiga lítið eftir að námi sínu og geta flýtt fyrir námslokum með þessu móti eða þeir hafa náð mjög góðum námsárangri á næstu önn á undan. Skal skólastjórn setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins á þeim.

21. gr.

Umsóknir um að stunda nám utanskóla skulu berast skólastjórn í síðasta lagi þremur vikum eftir upphaf annar. Utanskólanemendur skulu skila heimaritgerðum og öðrum veigamiklum verkefnum eins og reglulegir nemendur, og þeim er skylt að sækja verklegar kennslustundir.

22. gr.

Heimilt er skólastjórn að meta nám í sérskólum eða á viðurkenndum námskeiðum til stiga.

IV. KAFLI
Um starfslið skólans.

23. gr.

Skólinn skal vera svo vel búinn starfsliði að hann geti rækt þær skyldur er lög og reglugerð þessi mæla fyrir. Í því augnamiði skal auk skipaðs skólameistara og kennara ráða í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafarstörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** skal ráðinn til fimm ára í senn úr hópi fastra kennara á framhaldsskólastigi, og skal starfið áður hafa verið auglýst. Endurráðning er heimil. Við ráðningu aðstoðarskólastjóra skal taka tillit til starfsreynslu umsækjenda auk annarra verðleika. Skólameistari og skólanefnd Hafnarfjarðar skulu veita umsögn um umsækjendur.

Aðstoðarskólastjóri skal vera staðgengill skólameistara og honum til aðstoðar við daglega stjórn skólans, skýrsluhald, gerð stundaskrár og próftöflu og framkvæmd kennslu og prófa. Um nánari verkaskiptingu milli skólameistara og aðstoðarskólastjóra fer eftir erindisbréfi, sem menntamálaráðuneytið setur.

2. **Bókavörður** hefur umsjón með bóka- og námsgagnasafni skólans og lestrarsölum. Hann annast skráningu bókasafnsins og sér um að halda því í röð og reglu og annast innkaup á bókum í samráði við skólameistara og deildarstjóra. Hann leiðbeinir nemendum um, hvernig þeir geti sem best hagnýtt sér safnið.

3. **Deildarstjóra** skal ráða í greinum eða greinaflokkum sem kenndar eru 40 stundir á viku hið minnsta. Skal þess gætt að allar kennslugreinar skólans falli undir einhvern deildarstjóra.

Deildarstjóri skal ráðinn til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara við skólann. Endurráðning er heimil. Við ráðningu í deildarstjórastarf skal taka tillit til menntunar og annarra verðleika. Skólameistari ræður deildarstjóra að höfðu samráði við kennara í deildinni og með samþykki menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Hafnarfjarðar.

Deildarstjóri hefur umsjón með kennslu, námsefni og kennslutækjum í þeim greinum, sem falla undir deildarstjórn hans. Hann velur kennslubækur og ákvarðar yfirferð námsefnis á hverjum námsáfanga í samráði við aðra kennara og sker úr, ef ágreiningur verður. Hann hefur samráð um námsefni og kennsluaðferðir við aðra deildarstjóra skólans, við deildarstjóra í sömu greinum við aðra hliðstæða skóla og gerir tillögur um breytingar á námsskrá. Deildarstjóri skal fylgjast með því að snyrtilega sé farið með efni og tæki í verklegum æfingum og við aðra kennslu. Deildarstjóri er skólameistara til ráðuneytis við ráðningu kennara til deildarinnar og við verkefnaskiptingu milli kennara deildarinnar.

Deildarstjóri skal í lok hverrar annar semja skýrslu um starfsemi deildarinnar á önninni og gera, ásamt samkennurum sínum í deildinni, áætlun um starfsemi deildarinnar næstu kennsluönn. Skal hann leggja áætlun þessa fyrir skólameistara og gera í samráði við hann ráðstafanir í tæka tíð til að kennarar séu búnir undir að framkvæma hana. Deildarstjóri skal halda reglulega fundi með kennurum sínum og vera þeim til ráðuneytis um kennsluhætti.

Deildarstjóri hefur fastan viðtalstíma a. m. k. eina stund á viku, starfsmánuði skólans. Á sumrum skal hann svara fyrirspurnum nemenda um námstilhögun í námsgrein sinni.

4. **Námsráðunautur** liðsinnir nemendum við val á námsbraut og námsáföngum hverrar námsannar, svo og um einkamál sem námið varða. Hann fer með hvert erindi sem undir hann er borið og þá vitneskju sem hann öðlast í starfi sínu í sam-

tölum við nemendur sem algjört trúnaðarmál. Hann er ráðunautur kennara um vandamál nemenda, og skulu kennarar leita til hans ef nemanda sækist námið vonum seinna eða nemandi semur sig ekki að háttum skólans. Í samráði við skólameistara hefur námsráðunautur samband við vandamenn nemenda, sem eiga í örðugleikum með nám og skólavist.

Námsráðunautur er skólameistara til ráðuneytis um þau efni sem varða námsmat í skólanum og kannar og metur próf og einkunnagjöf með fræðilegum hætti. Hann er og kennurum til ráðuneytis um gerð prófa. Námsráðunautur situr fundi skólastjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hann skal vera til viðtals fyrir nemendur og kennara eftir samkomulagi.

Námsráðunautur skal vera uppeldis- eða sálfræðingur og jafnframt hafa nokkra reynslu af kennslustörfum. Séu ekki tök á að fá slíkan mann til starfa má til bráðabirgða ráða reyndan kennara til að gegna starfinu að nokkru eða öllu leyti.

5. **Félagsmálastjóri** skal ráðinn úr hópi fastra kennara við skólann. Hann skal vera nemendum til aðstoðar við félagsstörf og annast af skólans hálfu fyrirgreiðslu um framkvæmd þeirra. Hann hlutast til um skipulagningu félagsstarfsins svo að ekki valdi árekstrum, m. a. varðandi nýtingu húsnæðis, og sér fyrir umsjón og eftirliti með þeim samkomum nemenda sem fram fara í húsakynnum skólans eða á hans vegum annars staðar. Hann skal einnig aðstoða nemendur við fjárhagsáætlanir og fjárreiður vegna félagslífs þeirra.

Skólameistari ræður félagsmálastjóra til allt að tveggja ára í senn með samþykki menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Hafnarfjarðar.

B. Störf í skrifstofu.

1. **Fulltrúi** skal vera skólameistara og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum sem unnin eru í skrifstofu skólans og annast þau eftir því sem við verður komið. Hann sér einnig um það reikningshald sem skólinn hefur sjálfur með hendi og annast þær fjárreiður, sem um skrifstofu skólans fara. Um aðra skrifstofuaðstoð fer eftir mati skólameistara, menntamálaráðuneytisins og skólanefndar Hafnarfjarðar.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður** hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita og annast eftirlit með lóð skólans og hirðingu hennar.

2. **Gangaverðir** skulu hafa eftirlit með umgengni nemenda um skólahúsið og sjá um að þeir hlýði settum reglum.

3. **Tækjavörður** skal aðstoða við verklega kennslu og hafa umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörslu í samráði við deildarstjóra. Hann skal sjá um viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Fela má sama starfsmanni að gegna fleiru en einu þeirra starfa sem talin eru upp í liðum A—C hér að framan.

24. gr.

Skólameistari skal skipaður í embætti af forseta Íslands. Aðstoðarskólastjóri, fastir kennarar og aðrir uppeldislegir starfsmenn skólans skulu skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fenginni umsögn skólameistara og skólanefndar Hafnarfjarðar, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Annað starfsfólk skal ráðið með sama hætti og tíðkast við aðra skóla Hafnarfjarðarkaupstaðar. Tölu fastra kennara skal við það miða að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

Skólameistari ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

25. gr.

Þá eina má skipa kennara í bóklegum greinum, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, er þeir eiga að kenna. Þeir sem lengri hafa eðlilegan námstíma ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti. Kennarar í verklegum greinum skulu fullnægja skilyrðum til kennsluréttinda í sambærilegum sérskólum. Kennarar skulu hafa próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, ef sérstaklega stendur á.

26. gr.

Hverjum kennara er skylt að hafa umsjón með hópi 22—28 nemenda, eftir því sem skólameistari ákveður í upphafi skólaárs. Umsjónarkennarar skulu fylgjast vel með námsferli skjólstæðinga sinna, leiðbeina þeim um námsval í samráði við námsráðunaut og vera talsmenn þeirra gagnvart öðrum kennurum og yfirstjórn skólans. Umsjónarkennarar skulu gera sér sérstakt far um að efla félagsleg tengsl innan hópsins og stuðla að samstöðu hans. Umsjónarkennarar fá allt að 2 kennslustundir á viku til samskipta við hópinn og skulu þær notaðar til nauðsynlegrar upplýsingastarfsemi, en einnig til að ná félagslegum markmiðum starfsins. Skólastjórn skal setja umsjónarkennurum sérstakar starfsreglur og leita staðfestingar menntamálaráðuneytisins á þeim.

27. gr.

Allir fastir kennarar skólans skulu hafa viðtalstíma einu sinni í viku. Deildarstjórar og aðrir kennarar, sem hafa sérstakan viðtalstíma vegna starfs síns, skulu hafa þann viðtalstíma til viðbótar viðtalstíma samkvæmt þessari grein.

V. KAFLI
Um stjórn skólans.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, en hann er rekinn í sameiningu af ráðuneytinu og Hafnarfjarðarkaupstað, í samræmi við ákvæði samnings milli aðila frá 22. apríl 1975. Skal um verkaskiptingu milli rekstraraðila gilda hið sama og um aðra skóla sem þeir reka sameiginlega, en um kostnaðarskiptingu fer eftir ákvæðum samningsins. Skólanefnd Hafnarfjarðar sér um reikningshald fyrir skólann og annast fjárreiður hans.

29. gr.

Skólastjórn er skólameistari og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, 2 fulltrúar kennara, kosnir á almennum kennarafundi, og 2 fulltrúum nemenda, og hafa þeir allir jöfn réttindi. Fulltrúar nemenda og kennara skulu kosnir til eins árs í senn.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann, einstaklingsbundnar umsóknir þeirra, svo sem um flutning milli bekkja og frestun prófa, agabrot nemenda, svo og önnur málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólameistara einum eða almennum kennarafundi í þessari reglugerð.

Skólastjórn skal halda reglulega fundi á starfstíma skólans. Rísi ágreiningur í skólastjórn, ræður meiri hluti atkvæða. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði skólameistara. Haldin skal gerðabók um fundi skólastjórnar.

Skólastjórn getur falið skólameistara að annast, á þeim tíma árs er skólinn starfar ekki, afgreiðslu mála, er undir skólastjórn falla.

30. gr.

Skólameistari er oddviti skólastjórnar og hefur yfirumsjón með starfsemi skólans, húsum hans og munum, og rekstri öllum, að svo miklu leyti sem skólanefnd Hafnarfjarðar fer ekki með þau mál. Hann skal hafa forystu um uppeldishlutverk skólans og bera ábyrgð á því að öll starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir, námsskrár og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann hefur yfirumsjón með námi og kennslu í skólanum og öðru samstarfi nemenda og kennara og skal eftir föngum hafa eftirlit með því að kennarar og aðrir starfsmenn skólans ræki skyldu sína.

Skólameistari skal með aðstoð kennara og námsráðunauts fylgjast sem best með framförum, hegðun og iðni nemenda og kynna sér eftir föngum hagi hvers þeirra um sig, gáfur og skaplyndi. Skylt er honum að gefa skýrslu um framfarir og hegðun nemanda ef forráðamenn hans óska þess. Þá ber honum og að hlutast til um að forráðamanni sé tilkynnt ef nemandi vanrækir námið eða brýtur reglur skólans og skipast ekki við áminningar.

Kennsluskylda skólameistara skal vera 6 stundir á viku. Menntamálaráðuneytið getur þó minnkað kennsluskylduna ef sérstaklega stendur á. Eftir 55 ára aldur er skólameistara ekki skylt að kenna. Kennsla skólameistara umfram skyldu er háð samþykki menntamálaráðuneytisins fyrir hverja námsönn.

31. gr.

Almennur kennarafundur fjallar um mál er varða breytingar á námsskipan og kennsluháttum og um almennar ákvarðanir varðandi tilhögun prófa og námsmat. Skal jafnan leita álits kennarafundar áður en teknar eru veigamiklar ákvarðanir í slíkum efnum. Skólastjórn getur og ákveðið að skjóta öðrum málum til umsagnar kennarafundar. Kennarafundur getur á sama hátt vísað málum til endanlegrar afgreiðslu skólaráðs eða deildarstjórafundar.

Kennarafundur kýs við upphaf hverrar haustannar 2 fulltrúa til setu í skólastjórn og er kjörtímabil þeirra tvær annir í senn. Endurkjör er heimilt.

Skólameistari boðar til kennarafunda og stýrir þeim. Skylt er að halda kennarafund ef þriðjungur fastra kennara óskar þess eða fulltrúar kennara í skólastjórn.

Skylt er föstum kennurum að sækja kennarafundi að forfallalausu, enda séu fundirnir haldnir í eðlilegum starfstíma skólans og boðaðir í tæka tíð. Stundakennurum er skylt að sækja fundi, ef skólameistari óskar þess, enda hafi þeir þá atkvæðisrétt.

Rétt til að sitja kennarafundi hafa auk kennara námsráðunautur, félagsmálastjóri og bókavörður.

Skólameistari undirbýr að jafnaði mál er fyrir kennarafund koma, en öllum sem seturétt eiga á fundinum skal heimilt að leggja þar fram mál. Skólameistari sér um að samþykktum kennarafunda sé komið á framfæri við rétta aðila, nema fundurinn ákveði að hafa annan hátt á. Halda skal gerðabók um kennarafundi.

32. gr.

Í skólanum skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs tvo fulltrúa í skólaráð, sbr. 29. gr. Almenn samtök nemenda í skólanum setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu menntamálaráðuneytisins. Skal þess gætt, að slíkar reglur séu þannig úr garði gerðar, að tryggt sé eftir föngum jafnrétti nemenda til áhrifa á val fulltrúa í nemendaráð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

33. gr.

Um önnur atriði en þau sem fjallað er um í reglugerð þessari skulu gilda ákvæði í reglugerð nr. 270/1974 um menntaskóla og reglugerðum um framhaldsdeildir og sérskóla, að því er hliðstæðar námsbrautir varðar, og eftir því sem við getur átt. Þannig skulu m. a. gilda ákvæði menntaskólareglugerðar um reglu og aga.

34. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða þegar breytingar verða gerðar á námsskipan framhaldsskólastigsins almennt til samræmis við þær breytingar.

VII. KAFLI
Gildistaka.

35. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 14/1973 um fjölbrautaskóla og ákvæðum 7. gr. í samningi menntamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 22. apríl 1975. Reglugerðin öðlast gildi 1. september 1976. Nemendum sem hófu nám í skólanum á framhaldsskólastigi fyrir 1. september 1975 skal þó gert kleift að ljúka námi samkvæmt fyrri námsskipan.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. ágúst 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

16. ágúst 1976. Nr. 331.

REGLUGERÐ
um gatnagerðargjöld við byggðar götur í Þorlákshöfn.

1. gr.

Húseigendur og lóðarhafar í Þorlákshöfn skulu greiða til sveitarsjóðs Ölfushrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi og til lagningar gangstétta.

Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í vísitöluhúsi eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands á hverjum tíma, sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3.0%
Raðhús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsn.	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Bifreiðageymslur	3.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar og er það verð miðað við byggingarvísitölu 1881 stig.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu sem í gildi er, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verk fer fram og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 1. grein hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

4. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. greiðist þannig, að 20% greiðist, þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 332. 16. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hólmavíkurhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjald við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.5%
Tvíbýlishús og raðhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsn.	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílageymslu	500 m^2
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús, hver íbúð	400 m^2
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m^2

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni minna.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 45.00 af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélagsins, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

6. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku húseiganda og lóðarhafa í að leggja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. Gjaldið nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	3.0%
Tvíbýlishús	2.0%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atv.húsn.	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Bílskúrar	3.0%
Önnur hús	1.0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m^3.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 70.00 af hverjum fermetra lóðar.

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem er í gildi, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan á verki stendur, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. og 6. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

10. gr.

Gatnagerðargjaldið má taka lögtaki í viðkomandi fasteign, og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 333. 30. ágúst 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297 10. október 1973.

1. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 1. töluliðs 27. gr. komi ný málsgrein: „Heimilt er þó að leita Geitland til Fljótstunguréttar".

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér samkvæmt sveitastjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðarapóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga	kl. 9—18
Laugardaga	kl. 11—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 235 15. maí 1975.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 18.720,00 á ári fyrir hvert hús.

b) Vatnsgjald kr. 78,00 á ári pr. m^3. Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m^3 kr. 69.960,00.

Hús 300—2000 m^3 kr. 69.960,00 fyrir 300 m^3 og 61,00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m^3 kr. 173.400,00 fyrir 2000 m^3 og kr. 46,00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 10.800,00.

2. mgr. 11. gr. orðist þannig:

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, auk kr. 1.200,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um hækkun vergra tekna til skatts til takmörkunar á nýtingu persónuafsláttar til greiðslu útsvars.

1. gr.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal áður en ákvæðum 3. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð, sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila, miðuð við vinnuframlag þeirra, hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila.

2. gr.

Ríkisskattstjóri skal í þessu sambandi árlega setja skattstjórum meðaltalsviðmiðunarreglur um tekjur í hinum ýmsu atvinnugreinum. Skal þar miðað við hvað ætla má að heilsárslaun í viðkomandi atvinnugrein hefðu numið ef starfið hefði verið innt af hendi í þágu annars aðila. Má þar m.a. hafa til hliðsjónar hæstu kauptaxta skv. samningum stéttarfélaga við atvinnurekendur í þeim starfsgreinum þar sem slíkir samningsbundnir kauptaxtar eru til með breytingum vegna kaupgjaldsvísitölu og að viðbættu hæfilegu álagi vegna framkvæmdastjórnar atvinnurekandans. Viðmiðunartekjur bónda og konu hans skulu vera hinar sömu og gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni.

Nú gilda engir kauptaxtar skv. framansögðu í einhverri atvinnugrein og má þá hafa hliðsjón af kauptaxta þeirrar atvinnugreinar sem telja má að henni sé líkust.

3. gr.

Skattstjóri ákvarðar síðan hækkun á vergum tekjum til skatts með hliðsjón af viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra eftir aðstöðu gjaldandans á hverjum stað og tíma, umfangi starfsins og öðrum atriðum, er máli skipta svo sem elli, örorku eða sjúkleika gjaldandans.

Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hluta af skattárinu skal hækkun vergra tekna til skatts ákveðin í hlutfalli við þann tíma.

Nú nýtur maður fastra launa frá öðrum en stundar jafnframt sjálfstæða starfsemi, svo sem lækningar, lögfræðistörf, endurskoðun, verkfræðiþjónustu eða arkitektastörf, og skal þá ákveða hækkun vergra tekna hans til skatts vegna vinnu í eigin þágu með hliðsjón af þeirri skerðingu sem telja má að hið launaða starf hafi valdið á tekjum af sjálfstæðri starfsemi hans, enda séu föstu launatekjurnar a.m.k. ¼ af samanlögðum launatekjum og nettótekjum af atvinnustarfseminni.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 20 5. maí 1976, öðlast gildi þegar í stað og kemur til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1975.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

fyrir póstþjónustu.

1.0. VERKSVIÐ PÓSTÞJÓNUSTUNNAR OG GJALDSKRÁ. EINKARÉTTUR

1.1. Verksvið.

1.1.1. Verksvið póstþjónustunnar er fyrst og fremst að annast flutning og skil á póstsendingum, en þeim má skipta í eftirtalda þrjá höfuðflokka:

a) Bréfapóstsendingar (bréf, póstkort, prent, smápakkar og innrituð blöð og tímarit, að því er til flutnings þeirra tekur).
b) Bögglapóstsendingar.
c) Fjármunasendingar (póstávísanir, þar með taldar póstkröfuávísanir og símapóstávísanir, gíróinnborganir, -útborganir og -færslur).

1.1.2. Tilgreina má verð á bréfum og bögglum (verðsendingar) og ábyrgð má kaupa á bréfapóstsendingar (ábyrgðarsendingar). Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, bögglar og fjármunasendingar eru ævinlega bókfærðar og nefnast því einu nafni bókfærðar sendingar.

1.1.3. Auk flutnings og skila á póstsendingum, tekur póstþjónustan að sér ýmis störf, ákvörðuð með lögum, reglugerðum eða samningum, svo sem:

a) Innheimtu tolla af tollskyldum póstsendingum.
b) Eftirlit með áætlunarbifreiðum.
c) Inn- og útborgun orlofsfjár.
d) Sölu sparimerkja, viðtöku blaða úr sparimerkjabókum og áframsendingu þeirra.
e) Útborganir úr norskum og sænskum póstsparibankabókum.

1.2. Gjaldskrá.

1.2.1. Gjöld þau, sem tekin eru fyrir flutning póstsendinga og aðra þá þjónustu, sem almenningi stendur til boða, eru birt í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Þar eru einnig birt þau ákvæði, sem hverju sinni gilda um það, hversu stórar um sig sendingar megi vera, hversu þungar og hversu háa upphæð megi senda í póstávísunum o. s. frv.

1.2.2. Til allra landa annarra en Norðurlanda er almenna burðargjaldið, alþjóðaburðargjaldið, eins fyrir allar póstsendingar, aðrar en bögglа. Burðargjöld fyrir bögglа til útlanda eru birt í sérstakri pósttaxtabók.

1.2.3. Sé óskað eftir flutningi póstsendinga til útlanda flugleiðis, skal að jafnaði greiða sérstakt fluggjald, auk almenna burðargjaldsins. Er það jafnan birt í gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

1.3. Einkaréttur.

1.3.1. Póstþjónustan hefur einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:

a) Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.
b) Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent.
c) Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum, útfylltum með skrift.

1.3.2. Slíkar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda í landinu eða flytjast áfram yfir íslenskt póstsvæði eða með póstskipi, skulu þegar í stað afhent íslensku póstþjónustunni.

1.3.3. Á þeim stöðum, þar sem hefur verið komið á daglegum bréfaútburði á vegum póstþjónustunnar, má enginn reka sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út bréfapóstsendingar.

1.3.4. Póstar, fylgdarmenn þeirra eða samferðamenn, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum, vagnstjórar eða farþegar í sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, flugmenn eða farþegar flugvéla, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis bréfapóstsendingar utan pósttösku.

1.3.5. Fyrrnefndar sendingar má þó flytja utan pósts, ef þær eru frímerktar samkvæmt gildandi póstburðargjöldum og frímerkin síðan gerð ógild, þannig að póstþjónustan verði ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt þær séu sendar utan pósts, eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður.

1.3.6. Útgerðarmenn póstskipa, póstvagna o. s. frv. mega þó nota þessi flutningatæki sín til að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar milli sjórnenda og starfsmanna og starfsmanna í milli.

2.0. PÓSTSTÖÐVAR. VIÐSKIPTI VIÐ ALMENNING

2.1. Flokkun póststöðva.

2.1.1. Póststöðvum landsins er skipt í fjóra flokka, póststofur, póstafgreiðslur, póstútibú og bréfhirðingar.

2.1.2. Póststofur og póstafgreiðslur hafa með höndum öll almenn póststörf. Það hafa póstútibú og bréfhirðingar einnig, þó með vissum undantekningum, að því er varðar viðskipti við útlönd. Þá geta bréfhirðingar ekki sjálfar gefið út póstávísanir, heldur verða þær að senda þær ásamt peningunum til póstafgreiðslu þeirrar, sem þær heyra undir. Símapóstávísanir verða ekki sendar frá bréfhirðingu eða til hennar.

2.1.3. Póststöðvar skal jafnan kenna við staði þá þar sem þær eru. Séu fleiri en ein póststöð á sama stað, skal í dagstimpil hverrar um sig setja tölustaf eða annað aukenni.

2.2. Afgreiðslutími fyrir almenning.

2.2.1. Póst- og símamálastjórnin ákveður hver vera skuli afgreiðslutími fyrir almenning á hverri póststöð. Á póststofum, póstafgreiðslum og póstútibúum skal birt auglýsing um hann á staðnum.

2.2.2. Póstsendingum er veitt viðtaka allan þann tíma, sem póststöð er opin, en sé óskað eftir því, að sending fari með ákveðinni póstferð, verður að skila henni svo löngu á undan burtfarartíma póstsins sem viðkomandi póststöð krefst.

2.2.3. Á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal almenningurinn vera vandlega aðgreindur frá öðrum hluta húsrýmisins með afgreiðsluborði eða slíku.

2.2.4. Óviðkomandi er stranglega bannaður aðgangur að húsrými því þar sem unnið er við póst.

2.3. Póstkassar.

2.3.1. Á öllum póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal vera póstkassi, sem tæma ber stuttu áður en póstur fer. Í kaupstöðum og kauptúnum, skal þar að

auki setja upp póstkassa eftir þörfum og skulu þeir tæmdir eigi sjaldnar en tvisvar á dag. Að jafnaði skal auglýsa á póstkössum, hvenær þeir eru tæmdir.

2.3.2. Einstaklingum og stofnunum er óheimilt að setja upp á almannafæri póstkassa, sem að lit, lögun og gerð eru áberandi líkir póstkössum póstþjónustunnar.

2.4. **Póstleynd.**

2.4.1. Enginn, sem er í starfi hjá póstþjónustunni má gefa óviðkomandi aðila vísbendingu um það, hverjir nota póstinn eða hvernig, né heldur veita neinum tækifæri til að verða sér úti um slíka vitneskju. Hann má ekki heldur opna né lesa neitt af því, sem látið er í póst til flutnings. Þagnarskyldan er söm, þótt viðkomandi fari úr þjónustunni.

2.4.2. Dómarar og lögreglustjórar geta í vissum tilvikum að undangengnum úrskurði krafist upplýsinga um notkun póstsins.

2.4.3. Það telst ekki brot á þagnarskyldu, þótt upplýsingar séu gefnar um heimilisföng og pósthólf fólks.

2.5. **Viðskipti við almenning. Afgreiðsla.**

2.5.1. Póstmönnum ber að sýna almenningi lipurð og kurteisi og veita fúslega allar upplýsingar um burðargjöld, hvernig búa skal um póstsendingar, um útfyllingu eyðublaða, póstferðir o. s. frv. eftir því sem þeim er unnt og svo fremi það brjóti ekki í bága við þagnarskyldu þeirra.

2.5.2. Póstmönnum ber að sjá um, að í afgreiðslurými sé öllu sem haganlegast fyrir komið.

2.5.3. Hirslum, sem í eru peningar, frímerki eða önnur verðmæti, skal afgreiðslumaðurinn ætíð læsa, ef hann þarf að bregða sér frá.

2.6. **Viðskipti við almenning. Eyðublöð.**

2.6.1. Eyðublöð þau, sem almenningur þarf að nota, skulu jafnan vera fyrirliggjandi á póststöðvunum. Póst- og símamálastjórnin ákveður verð eyðublaðanna, svo og hvort þau skulu látin í té ókeypis.

2.6.2. Á póststofum, póstafgreiðslum og póstútibúum skal að jafnaði liggja frammi, almenningi til afnota, eitt eintak af póstlögum, reglugerð fyrir póstþjónustu, póststöðvaskrá, gjaldskrá, bæjatali, póstnúmeraskrá, póstáætlanabók og leiðabók fyrir sérleyfisbifreiðar. Forstöðumönnum þessara póststöðva ber að sjá um, að bækur þessar séu jafnan leiðréttar í samræmi við tilkynningu póst- og símamálastjórnarinnar á hverjum tíma.

3.0. **FLUTNINGUR PÓSTSENDINGA. FORBOÐ.**

3.1. **Flutningur póstsendinga.**

3.1.1. Innanlands eru allar tegundir póstsendinga fluttar með áætlunarbifreiðum, flugvélum, skipum, mjólkurbifreiðum og landpóstum. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni, sé þess krafist, og láta hann ganga fyrir öðrum flutningi, bæði farþegum og vörum.

3.1.2. Milli landa eru allar tegundir póstsendinga fluttar með flugvélum og skipum, og skal póstur ætíð ganga fyrir öðrum flutningi, bæði farþegum og vörum.

3.1.3. Póstflutning skulu póstflytjendur geyma á öruggum stað, og bera þeir á honum ábyrgð frá því þeir taka við honum og þar til ákvörðunarpóststöð hefur tekið við honum úr þeirra hendi athugasemdalaust.

3.1.4. Póst- og símamálastjórnin gefur út áætlun um ferðir sérleyfisbifreiða (leiðabók) og sér um að póststöðvarnar auglýsi almenningi tækifærisferðir og hvað þá sé tekið til flutnings. Þegar brottfarartími sérleyfisbifreiða er auglýstur, er ætíð átt við þann tíma, er þær mega leggja af stað í fyrsta lagi.

3.1.5. Póst- og símamálastjórnin gefur út póstáætlanabók, þar sem upplýsingum um póstferðir flugvéla, skipa, sérleyfisbifreiða, mjólkurbifreiða og landpósta er safnað saman á einn stað eftir því sem unnt er.

3.1.6. Þegar venjulegar leiðir lokast vegna ófyrirsjáanlegra atvika, svo sem hafísa, snjóa og þess háttar, skal leitast við að koma bréfum áfram einu sinni í viku, en heimilt er að geyma flutning á öðrum sendingum, þar til úr rætist.

3.2. **Forboð.**

3.2.1. Ekki eru leyfðar þær bréfapóstsendingar, sem með umbúnaði sínum geta verið hættulegar fyrir póstmenn, óhreinkað eða skemmt aðrar sendingar eða búnað póstþjónustunnar. Málmkrækjur til þess að loka sendingum mega ekki vera beittar. Þær mega heldur ekki torvelda póststörfin.

3.2.2. Óheimilt er að láta eftirtalda hluti í póstsendingar:

a) Hluti, sem samkvæmt eðli sínu geta skapað hættu eða valdið skemmdum þeim, sem greinir í 3.2.1.

b) Hluti, sem bannað er að dreifa, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.

c) Hluti, sem hættulegt er að flytja eða geta skemmt aðrar sendingar í póstinum, svo sem sprengihætta hluti, eldfima, eyðandi eða tærandi hluti og efni, t. d. dýnamit, púður, eiturefni (þar með talið ópíum, morfín, kókaín og önnur deyfilyf, nema þau séu send milli viðurkenndra aðila sem læknislyf eða í vísindalegum tilgangi, og þá eingöngu í bögglapósti) brennisteinssýru, saltpétur o. s. frv.

d) Hluti, sem vegna lögunar eða umbúnaðar samlagast ekki öðrum sendingum í póstinum, né heldur daunilla hluti.

e) Lifandi dýr að undanteknum býflugum, blóðsugum og silkiormum, svo og sníkjum og öðrum lífverum til eyðingar skaðvænlegum skordýrum, sem sendar eru á milli opinberlega viðurkenndra stofnana. Innanlands má senda ánamaðka í bögglapósti.

f) Auðskemmd líffræðileg efni, nema þau séu send milli viðurkenndra rannsóknastofnana, og greinilega sé merkt, hvert innihaldið sé.

g) Miða, tilkynningar eða auglýsingar frá útlendum happdrættum.

h) Til útlanda, hluti, sem bönnuð er dreifing á eða innflutningur í viðkomandi landi.

i) Klámfenga og ósæmilega hluti.

3.2.3. Leiki grunur á, að sendingu beri að vísa frá póstflutningi má krefjast þess, að sendandi eða viðtakandi opni sendingu í viðurvist póstmanns. Sé kröfunni ekki sinnt, má neita að taka við sendingunni eða fara með hana sem óskilasendingu, sé hún komin í vörslu póstþjónustunnar. Sé þagað um innihald slíkra sendinga eða rangt frá skýrt, er sendandi bótaskyldur fyrir skaða þeim, er af flutningi sendingarinnar kann að hljótast. Auk þess skal hann sæta sektum.

4.0. UTANÁSKRIFTIR OG UMBÚÐIR PÓSTSENDINGA.

4.1. Utanáskrift.

4.1.1. Utanáskrift skal haga sem hér segir:

a) Hægri helming framhliðarinnar skal nota fyrir utanáskriftina, áletranir og miða varðandi þjónustuna og fyrir frímerki og áprentanir um greitt burðargjald (í efra hægra horn).

b) Utanáskriftin skal vera greinilega skrifuð, hægra megin á framhlið sendingarinnar og á langveginn, með latneskum bókstöfum og arabískum tölum.

c) Ákvörðunarstað skal rita með upphafsstöfum, á eftir eða undan póstnúmeri, ef svo ber undir.

d) Utanáskriftin verður að vera svo skýr og nákvæm að flytja megi sendinguna og afhenda hana réttum viðtakanda án eftirgrennslana og tvímæla.

e) Nafn og heimili sendanda, ásamt póstnúmeri og póststöð skal tilgreina annaðhvort aftan á sendingunni eða vinstra megin á framhliðinni þannig, að það hvorki geri utanáskriftina óskýra, né skerði rúm fyrir þjónustuáletranir og merkimiða.

f) Á bréfasendingar, sem vegna stærðar sinna og lögunar, kynnu að vera taldar til prentsendinga, skal ritað orðið „bréf" („lettre" eigi það að fara til útlanda).

g) Á sama hátt skal rita á prentsendingar orðið „prent" („imprimé" eigi þær að fara til útlanda).

h) Innan í sendingum skal tilgreina nafn og heimili sendanda og viðtakanda, annaðhvort á innihaldið sjálft eða á merkimiða, sem festa ber tryggilega við það.

i) Á bréfum og bögglum með tilgreindu verði og ábyrgðarbréfum, sem hafa peninga að innihaldi, skal utanáskrift ævinlega sett á sjálfar umbúðirnar, en ekki á miða límdan á sendinguna.

4.1.2. Sendingar með álímdum eða ástimpluðum merkjum er líkjast frímerkjum eða póststimplum, eru ekki leyfðar.

4.1.3. Sendingar, hverrar tegundar sem eru, þar sem utanáskriftarhliðinni hefur verið skipt í reiti fyrir áframhaldandi utanáskriftir, eru ekki leyfðar.

4.1.4. Séu umbúðir eða innihald þess eðlis, að torvelt sé að setja á sendinguna utanáskrift, áletranir, dagstimpil, frímerki o. s. frv. má nota merkimiða, er sé vandlega festur við sendinguna. Hann má þó ekki vera minni en 90×140 mm.

4.1.5. Sendingar í umslagi með gegnsærri rúðu (gluggaumslagi) eru leyfðar með eftirfarandi skilyrðum:

a) Milli glugga og efri jaðars umslagsins verður að vera minnst 40 mm bil, og milli glugga og vinstri, hægri og neðri jaðars minnst 15 mm á hverjum stað, eftir því sem unnt er.

b) Glugginn má ekki vera afmarkaður með lituðu striki eða ramma.

c) Þegar utanáskrift sendanda er á framhlið, skal hún sett í efra vinstra horn.

d) Glugginn verður að vera á heilu hlið umslagsins, sem er með loku.

e) Rúðan verður að vera gerð úr þannig efni og á þann hátt að utanáskriftin sé auðlæs í gegnum hana.

f) Glugginn verður að vera ferhyrndur og lengri hlið hans samsíða lengri hlið umslagsins þannig, að utanáskrift viðtakanda sjáist í sömu stefnu, og stimplun með dagstimpli verði ekki torvelduð.

g) Allir jaðrar rúðunnar verða að vera óaðfinnanlega límdir innan á jaðrana á umslaginu, þar sem tekið var úr því fyrir glugganum. Nægilegt rúm verður því að vera milli hliðar- og neðri jaðra umslagsins og gluggans.
h) Aðeins utanáskrift viðtakanda má sjást gegnum gluggann eða þá að minnsta kosti að skera sig greinilega úr öðrum áletrunum, sem hugsanlega kunna að sjást gegnum gluggann.
i) Innihald sendingarinnar skal brotið þannig, að jafnvel þótt það skríði til innan í umslaginu, verði utanáskriftin fullkomlega sýnileg gegnum gluggann.
j) Sendingar í algerlega gegnsæju umslagi, jafnvel þótt með utanskriftarmiða séu, sendingar í umslagi með opnum glugga og sendingar í umslagi með fleirum en einum glugga eru ekki leyfðar.

4.2. **Umbúðir.**

4.2.1. Um allar póstsendingar skal búa vel og vandlega, einkum þó ef þær eiga að flytjast langa leið og sæta mörgum umskipunum. Einnig ber að taka tillit til, hvers eðlis innihald er.

4.2.2. Sendingar, sem hafa að innihaldi hluti úr brothættum efnum, svo sem gler, ýmis fljótandi efni, feiti, duft, hvort sem það litar frá sér eða ekki, lifandi býflugur, ánamaðka (aðeins leyft innanlands), blóðsugur, silkiorma eða sníkjur, skal búa um sem hér segir:
a) Hluti úr gleri eða öðrum brothættum efnum skal búa um í öskju úr málmi, viði, harðplasti eða sterkum pappa, er sé fyllt með pappír, spónum eða slíku, sem hindri að hlutirnir rekist saman eða í hliðarnar á öskjunni meðan á flutningi stendur.
b) Fljótandi efni, olíur og efni, sem auðveldlega verða fljótandi, skulu látin í sérstaka öskju úr málmi, traustum viði eða bárupappa úr sterku efni og stoppað með sagi, baðmull eða svampkenndu efni, nægilega miklu til þess að drekka í sig vökvann, ef ílátið skyldi brotna. Lok öskjunnar verður að vera þannig fest á, að það geti ekki auðveldlega losnað.
c) Fituefni, sem verða síður fljótandi, svo sem áburður, blautsápa, harpix o. s. frv., svo og silkiormsegg, sem minni óþægindi stafa af við flutninginn skulu fyrst látin í innri umbúðir, (öskjur, léreftspoka, pergament, plast o. s. frv.), er síðan skal láta í aðra öskju úr viði, málmi eða öðru þykku efni og sterku.
d) Þurr litarefni, svo sem anílín o. s. frv. er ekki leyft að flytja nema í sterkum pjáturdósum; þessar öskjur skal síðan láta í lérefts-, plast- eða pergamentspoka.
e) Lifandi býflugur, ánamaðka, blóðsugur og sníkjur, skal loka í öskjum, er sé þannig frá gengið, að ekki stafi hætta af.

4.2.3. Umbúða er ekki krafist um sendingar sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir, svo sem muni úr tré, málmi o. fl. Þegar svo er, verður utanáskriftin að vera á hlutnum sjálfum eða á merkimiða, sem festa skal rammlega við sendinguna. Merkimiði þessi má minnstur vera 90×140 mm.

4.2.4. Líffræðileg og auðskemmd efni skal búa um sem hér segir:
a) líffræðileg og auðskemmd efni, sem eru smáveirur (microorganismes) eða veirur, sem valda sjúkdómum (pathogenes), skulu vera í glasi eða hylki með þéttum veggjum úr gleri eða plasti með þéttu loki, eða í innsiglaðri glerkrukku. Ílátið á að vera algerlega vökvaþétt og lokun þess loftþétt. Vafið skal þéttu ísogandi efni (vökvasogandi vatt, mjúkt ullar-

klæði eða baðmullarflúnnel) margsnúnu um glasið og bundið fast fyrir um báða enda, eins og nokkurs konar köngul. Þannig umvafið skal ílátið síðan sett í málmhylki úr sterku efni og vel lokað. Ísogandi efnið milli íláts og ytra hylkis skal vera nægilega mikið til þess að drekka í sig allan vökva, sem er eða kynni að myndast í ílátinu, ef það skyldi brotna. Málmhylkið skal vera þannig gert og þannig lokað, að sérhver smitun frá innihaldinu geti ekki borist á ytra borðið. Skal hylkið síðan vafið baðmull eða öðru svampkenndu efni og síðan látið í kassa eða stokk, er varnar því, að það geti hreyfst til. Þetta varnarílát skal vera úr heilum kubb, holum innan, úr haldgóðu tré eða málmi eða einhverju öðru jafnhaldgóðu efni, með nákvæmu loki og þannig áfestu, að það geti ekki opnast í flutningi. Til þess að tryggja það að efni, sem næm eru fyrir hitabreytingum, haldi sér, skal gera sérstakar ráðstafanir, svo sem þurrkun í frysti eða ískældar umbúðir. Eigi flutningur á þessum sendingum að fara fram loftleiðis, verða umbúðirnar að vera nægilega sterkar til þess að þola breytingar á loftþrýstingi þeim, sem slíkur flutningur hefur í för með sér. Enn fremur skal stokkurinn (eða ytri umbúðirnar, ef svo ber undir) hafa á sömu hlið og utanáskrift efnarannsóknastofunnar, sem sendir og efnarannsóknastofunnar, er við tekur, sem báðar skulu vera opinberlega viðurkenndar, álímdan fjólubláan miða með sérstöku merki og þessum áletrunum:



stærð 62 × 44 mm

b) líffræðileg og auðskemmd efni, sem ekki eru lifandi, sjúkdómsvaldandi smáverur eða veirur, er valda sjúkdómum, skulu vera settar í vökvaþétt innra ílát og utan um það sett annað ílát til varnar ásamt ísogandi efni, annaðhvort í innra íláti eða milli innra og ytra íláts. Skal efni þetta vera nægilega mikið til þess að drekka í sig allan þann vökva, sem er eða kynni að myndast í innra ílátinu, ef það brotnar. Enn fremur skal innihald bæði innra og ytra íláts þannig umbúið, að það geti með engu móti haggast eða runnið til. Til þess að tryggja það, að efni, sem næm eru fyrir hitabreytingum, haldi sér, skal gera sérstakar ráðstafanir, svo sem þurrkun í frysti eða ískældar umbúðir. Eigi flutningurinn að fara fram loftleiðis, verða umbúðirnar að vera nægilega sterkar til þess að þola breytingar á loftþrýstingnum, einkum ef efnin eru send í innsigluðum krukkum eða glösum með vel festum töppum. Á ytra íláti eða umbúðum þess skal vera, á sömu hlið og utanáskrift efnarannsóknastofunnar, sem sendir, og efnarannsóknastofunnar, sem við tekur, er báðar skulu vera opinberlega viðurkenndar, álímdur fjólublár miði með sérstöku merki og þessum áletrunum:



stærð 62 × 44 mm

4.2.5. Sendingar með geislavirku efni eru leyfðar til flutnings í pósti að fyrirfram gefinni heimild heilbrigðisyfirvalda, enda sé innihald og útbúnaður í samræmi við meðmæli hinnar alþjóðlegu kjarorkumálanefndar og ákvæði alþjóðapóstsamningsins.

4.2.6. Umbúnaður póstsendinga með tilliti til athugunar á innihaldi skal vera sem hér segir:

a) Prent og blindraprent skal útbúið þannig, að innihald þeirra sé nægilega varið án þess að það þó hindri fljóta og auðvelda athugun á innihaldinu. Það skal vera krossbundið í sívalning, milli pappaspjalda, í umslögum eða opnum hylkjum, umslögum eða hylkjum, sem ekki eru innsigluð, en lokuð þannig, að auðvelt sé að opna þau og loka þeim og hafi enga hættu í för með sér eða þá vafðar seglgarni, sem auðvelt er að leysa.

b) Póst- og símamálastjórnin getur heimilað lokun prentsendinga, sem póstlagðar eru í miklu magni í einu og gefur þá út leyfi þar að lútandi til þeirra notenda, sem um það sækja. Til þess að verða teknar til flutnings gegn prentburðargjaldi, verða sendingar, sem lokað er á þennan hátt, að bera áletrunina „imprimé" (til útlanda) eða „prent" (innanlands) auk viðeigandi leyfisnúmers. Þessar athugasemdir tákna það, að innihaldið hafi verið athugað á réttan og viðeigandi hátt.

c) Prentsendingar, sem póstlagðar eru í miklu magni á þann hátt, sem segir í 4.2.6. b, má sem undantekningu frá 4.2.6. a, búa um í lokuðum og gegnsæjum plastumbúðum. Utanáskrift viðtakanda skal sett á utanáskriftarmiða, er sé látinn á eða undir plastið, samhliða lengri hliðinni. Á hvítri ógegnsærri ræmu, sem sé óaðskiljanlegur hluti umbúðanna og snúi eins og sé sömu megin og utanáskriftarmiðinn, skulu nafn og heimili sendanda vera, áprentun sú um greitt burðargjald, sem ráð er fyrir gert í 5.5.5. svo og áprentaðar áletranir, er geri kleift að tilgreina ástæður fyrir vanskilum og líma nýja utanáskrift viðtakanda ef svo ber undir.

d) Smápakka skal búa um þannig, að auðvelt sé að skoða innihaldið á svipaðan hátt og segir í 4.2.6. a.

4.2.7. Sendingar þær, sem frá er greint í 4.2.6. má taka til flutnings, ef þær eru lokaðar með sérstökum límmiða, sem taka má af og láta aftur á. Á miðann skal eftirfarandi athugasemd prentuð: „Opin sending. Má skoðast af póstþjónustunni. Miðann má taka af og láta á aftur". Sé miði þessi notaður á sendingar til útlanda, þarf auk þess að vera eftirfarandi þýðing á frönsku: „Envoi non clos. Peut être contrôlé par le service postal. Soulever l'étiquette et la replacer".

5.0. **BRÉFAPÓSTSENDINGAR. SÉRÁKVÆÐI UM HVERJA SENDINGARTEGUND.**

5.1. **Bréf, spjaldbréf, loftbréf, póstkort.**

5.1.1. Að því tilskildu, að hlýtt sé tilmælum um stöðlun, og ákvæðum um umbúnað, þyngd og stærð, er engra sérstakra skilyrða krafist fyrir lögun eða lokun bréfa. Nægilegt rúm verður þó að vera á framhliðinni fyrir utanáskrift, þjónustuáletranir og -miða, frímerki og dagstimplanir.

5.1.2. Bréfapóstsendingar aðrar en bréf (spjaldbréf, loftbréf) og póstkort (þar sem það á við) mega ekki bera utan á sér orðsendingar eða hafa að innihaldi neitt það, er talist geti hreinar persónulegar bréfaskriftir, né heldur innihalda frímerki, hvorki stimpluð né óstimpluð, né nokkurt skjal er vísi til verðs, svo sem happdrættismiða. Spjaldbréf og loftbréf er ekki hægt að senda sem verðsendingar.

5.1.3. Spjaldbréf er pappírsörk, eða pappaörk, brotin saman og límd aftur á jöðrum. Geta þau verið hvort heldur með áprentuðu eða álímdu frímerki.

5.1.4. Loftbréf er pappírsörk, þunn, ekki þyngri en 4 grömm, samanbrotin og límd á jöðrum. Geta þau verið með áprentuðu eða álímdu frímerki. Hið álímda eða áprentaða burðargjald skal vera jafnt burðargjaldinu fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Loftbréf eru flutt flugleiðis fyrir þetta gjald hvert á land sem er. Sé eitthvað látið inn í þau, verða þau þó ekki flugflutt. Einkaaðilum er ekki heimilt að búa til loftbréf, nema þeir hafi áður fengið leyfi til þess frá póst- og símamálastjórninni. Loftbréf, sem póststjórnir hinna Norðurlandanna hafa gefið út eða leyft að nota, má taka til flutnings, ef þau eru frímerkt með íslenskum frímerkjum.

5.1.5. Póstkort skulu vera ferhyrnd, úr pappa eða stinnum pappír, og skulu þau ævinlega send opin, þ. e. án umbúða eða umslags. Hægri helmingur framhliðarinnar a. m. k. skal ætlaður utanáskrift, frímerki o. s. frv. Ekki má líma eða festa neitt við póstkort, nema það falli algerlega að því. Póstkort, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem sett eru um þá sendingartegund (stærð og gerð), skal farið með sem bréf.

5.2. **Prentsendingar.**

5.2.1. Senda má sem prent það, sem prentað er eða fjölfaldað í allmörgum samskonar eintökum á pappír, pappa eða annað efni, sem vanalegt er að nota í prentiðn, svo framarlega sem þetta er gert vélrænt eða með ljósmyndunaraðferðum og útheimti notkun myndamóta, prentmóts eða filmu (t. d. blöð, bækur, nafnspjöld, ljósmyndir, alls konar tilkynningar).

5.2.2. Gegn prentburðargjaldi má senda:

Handskrifað eða vélritað mál, sem fjölfaldað hefur verið vélrænt, t. d. fjölritað, ef skilað er við afgreiðsluborð póststöðvar minnst 20 samhljóða eintökum.

5.2.3. Sem prent má ekki senda:

a) Neitt það, sem vélritað er, hver svo sem gerð ritvélarinnar er (ritvélar, bókhaldsvélar, skýrsluvélar).

b) Afrit, fengin með kalkeringu, handskrift, ritvél, hverrar gerðar sem hún kann að vera.

c) Neitt það, sem gert er með stimplum, hvort sem þeir eru með föstu eða lausu letri.

d) Pappírsvörur í venjulegum skilningi, þótt með áprentunum séu, þegar

augljóst er, að hinn prentaði hluti þeirra er ekki aðalatriðið, t. d. bréfsefni og eyðublöð, nema þá eitt og eitt til útfyllingar fyrir viðtakendur.

e) Filmur, myndsegulbönd, hljómbönd eða -plötur.

f) Gataðar pappírsræmur og rafreiknispjöld með götum, strikum eða merkjum, sem gætu verið athugasemdir, svo og diska eða segulbönd fyrir tölvur.

5.2.4. Sameina má í einni prentsendingu margs konar fjölfaldanir, gerðar með einhverri þeirri aðferð, sem leyfð er, svo framarlega sem þær bera ekki nöfn og heimili mismunandi sendenda og viðtakenda.

5.2.5. Á allar prentsendingar má með hvaða aðferð sem er:

a) Tilgreina nafn og heimili sendanda og viðtakanda með eða án tillits, atvinnu og stöðu.

b) Tilgreina sendidag og sendistað.

c) Tilgreina raðnúmer eða innritunarnúmer, sem einvörðungu á við um sendinguna sjálfa.

d) Strika út, merkja eða strika undir viss orð eða ákveðinn hluta hins prentaða texta.

e) Leiðrétta prentvillur.

Allar þessar viðbætur verða að vera í beinum tengslum við efni hins prentaða máls. Þær mega ekki vera þess eðlis, að þær myndi persónuleg skilaboð á dulmáli.

5.2.6. Ennfremur er heimilt á eftirtöldum tegundum prentsendinga að tilgreina viss atriði eða bæta þeim við:

a) Á pöntunar-, áskriftar- eða tilboðslista, er snerta bókaverslunarvörur, bækur, blöð, kopar- og stálstungur og sönglög: vörutegund, fjölda umbeðinna eða útboðinna eintaka, verði þeirra, sundurliðun á verðinu, greiðslufyrirkomulagi, útgáfu, nöfnum höfunda og útgefenda, verðlistanúmeri og orðunum heft, pappabundið eða innbundið.

b) Á eyðublöð undir útlánsbeiðnir frá bókasöfnum: heiti bókanna, fjölda umbeðinna eða sendra eintaka, nöfnum höfunda og útgefenda, bókaskrárnúmeri, fjölda leyfðra lestrardaga, nafni þess, er óskar að fá bókina.

c) Á prentuð myndaspjöld, prentuð heillaóska- eða samúðarspjöld: almennum kurteisiskveðjum, er séu mest fimm orð eða fimm upphafsstafir.

d) Á prentaðar bækur og listaverk: einfaldri tileinkun í algengum orðum.

e) Á úrklippur úr blöðum og tímaritum: heiti, dagsetningu, tölublaði og utanáskrift blaðsins, sem greinin var klippt úr.

f) Á prófarkir: breytingum og viðbótum, sem snerta prófarkalesturinn, brotið eða prentunina, svo sem „Séð" „Má prenta" o. s. frv., er eingöngu lýtur að tilbúningi verksins. Viðbæturnar má setja á sérstök blöð, ef þörf krefur.

g) Á tilkynningar um bústaðaskipti: hinu gamla og hinu nýja heimilisfangi ásamt flutningsdeginum.

h) Á prentuð boðsbréf og fundarboð: nafni þess sem boðinn er, fundarstað, og fundardegi og -stund.

5.2.7. Ennfremur má fylgja með:

a) Öllu prenti: Spjald, umslag eða pappírsræma með prentaðri utanáskrift sendandans, og má það vera frímerkt fyrir burðargjaldinu til hans aftur.

b) Prentuðum bókum og listaverkum: Opinn vörureikningur, gíró- eða póstávísunareyðublað, útfyllt eða óútfyllt.

c) Tískublöðum: Útklippt snið er myndi eina heild með blaðinu, sem þau eru send með, samkvæmt upplýsingum í því sjálfu.

5.3. **Blindraprent.**

5.3.1. Sem blindraprent má senda bréf með blindraletri og prentmót af blindraletri. Sama gildir um hljómupptökur og sérstakan pappír, sem eingöngu er ætlaður til notkunar fyrir blinda og með því skilyrði, að það sé sent af opinberum, viðurkenndum blindrastofnunum eða til þeirra.

5.4. **Smápakkar.**

5.4.1. Smápakkar skulu á framhliðinni bera greinilega áletrun, „Smápakki", „Petit paquet". Heimilt er að láta í þá opinn reikning, er aðeins innihaldi nauðsynlegustu atriði, svo og afrit af utanáskriftinni og heimilisfangi sendanda.

5.4.2. Nafn og póstfang sendanda, ásamt póstnúmeri ef svo ber undir, skal tilgreina utan á sendingunni. Á sendingum til útlanda skal innihaldið sömuleiðis tilgreint á tollmiða (ebl. C-1) límdum á sendinguna. Sé verðmæti innihaldsins meira en sem svarar 300 gullfrönkum, skal sendingunni fylgja tollskýrsla (ebl. C-2), og efri hluti tollmiðans vera límdur á sendinguna.

5.5. **Fjöldasendingar.**

5.5.1. Heimilt er að gefa afslátt af venjulegu burðargjaldi bréfapóstsendinga, sem bera á út innanlands og á Norðurlöndum, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) Sendingarnar séu allar eins í lögun og ekki póstlagðar færri en 5000 í einu.

b) Sendingarnar séu ekki þyngri en 200 g hver um sig, og lögun þeirra, stærð og fyrirferð sé ekki meiri en svo, að hægt sé á auðveldan hátt að skila þeim í bréfakassa eða bréfarifu hjá viðtakanda.

c) Þær þurfi ekki að bera út þegar í stað, heldur megi gera það á allt að 10 dögum eftir því sem henta kann að þykja hverju sinni, nema í desember, þá allt að 30 dögum.

5.5.2. Afslátturinn má mestur vera sem hér segir:

a) Utanáskriftarlausar sendingar:

fyrir sendingu að þyngd allt:

að 25 g	25%	afsl.
frá 25— 50 g	20%	—
— 50— 75 g	15%	—
— 75—100 g	10%	—
— 100—200 g	5%	—

b) Sendingar með utanáskrift, raðað eftir póstnúmerum og götum, eða nánari fyrirmælum viðtökupóststöðvar:

5 000—10 000 í einu	10%	afsl.
10 000—15 000 í einu	15%	—
15 000—20 000 í einu	20%	—
20 000—25 000 í einu	25%	—
yfir 25 000 í einu	30%	—

Nafn og heimili sendanda verður undantekningarlaust að vera letrað á sendingar þessar.

5.5.3. Sendingar þær, sem greinir í 5.5.2. stafliðunum a) og b) þarf hvorki að frímerkja né dagstimpla, en burðargjaldið greiðist í reiðufé gegn kvittun. Þar skal sundurliða sendingafjölda og burðargjald.

5.5.4. Kvittunin er úr sérstakri frumbók, póstkvittunarbók fyrir önnur burðargjöld. Er kvittunin í þríriti, frumritið fær sendandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi, og eitt eintak verður eftir í bókinni. Í þessa bók skal einnig skrá burðargjöld fyrir póstsendingar, sem ekki eru frímerktar, skv. sérstakri heimild póst- og símamálastjórnar hverju sinni, sbr. 9.8.1.

5.5.5. Þeir, sem fá afslátt skv. 5.5.2. skulu láta prenta sérstaka áletrun í efra hægra horn utanáskriftarmegin um, að burðargjald sé greitt, ásamt sérstöku leyfisnúmeri. Áletrun þessi skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:

Myndamóti til slíkrar áritunar skal undantekningarlaust skila til póst- og símamálastjórnar að notkun lokinni.



Leyfi nr.

5.5.6. Þeir, sem óska að fá afslátt skv. þessum reglum, skulu sækja um það á sérstöku eyðublaði, sem fá má á póststöðvunum, til póst- og símamálastjórnarinnar.

5.5.7. Leyfi samkvæmt 5.5.5. gildir aðeins í eitt skipti, nema sérstaklega sé um annað samið.

6.0. ÁBYRGÐARSENDINGAR. VERÐBRÉF. HRAÐBOÐASENDINGAR.

6.1. Ábyrgðarsendingar.

6.1.1. Sendandi bréfapóstsendingar getur gegn sérstöku gjaldi, auk hins almenna burðargjalds, fengið tekna ábyrgð á sendingunni. Ábyrgðin takmarkast við ákveðna upphæð, skv. gjaldskrá hverju sinni. Ábyrgðarsendingar skulu bera áritunina „Ábyrgð" eða „Recommandé" á vinstri hlið utanáskriftarmegin.

6.1.2. Skylda er að kaupa ábyrgð á bréf, sem hafa að innihaldi peninga, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, eða yfirleitt hvers konar skjöl, er vísa til verðs. Ekki mega aðrar bréfapóstsendingar en bréf innihalda þessa hluti.

6.1.3. Ábyrgð fæst ekki keypt á sendingar, þar sem utanáskriftin er að einhverju leyti ófullkomin, svo sem skrifuð með blýanti eða er með fangamarki viðtakanda eingöngu.

6.1.4. Sendandi ábyrgðarsendingar á rétt á að fá ókeypis kvittun, viðtökukvittun (ebl. 540), fyrir viðtöku hennar í póst. Heimilt er að láta sendanda sjálfan útfylla hana.

6.1.5. Beri ábyrgðarsending merki þess að hafa verið opnuð og síðan lokuð á ný, áður en hún er látin í póst, verður sendandi eða sendimaður hans að staðfesta þetta með undirskrift sinni. Sama gildir, ef ómerkt límbönd eru notuð.

6.2. **Verðbréf.**

6.2.1. Verðbréf nefnast svo, af því að tilgreina skal verðmæti innihaldsins utan á sendingunni. Auk almenna burðargjaldsins og sérstaks skrásetningargjalds, skal greiða fyrir slíkar sendingar sérstakt tryggingargjald, í hlutfalli við hið tilgreinda verð.

Innanlands eru engin takmörk fyrir upphæð hins tilgreinda verðs, en fyrir sendingar til útlanda gilda mismunandi takmörk, sem póststöðvarnar veita upplýsingar um.

6.2.2. Ekki er leyfilegt að tilgreina hærra verð á sendingu en sem svarar til hins raunverulega innihalds. Leiki grunur á, að hið tilgreinda verð sé hærra en vera beri eftir innihaldi, má krefjast þess, að sendandi opni sendinguna. Sé því neitað, má ekki taka við sendingunni til flutnings. Komi í ljós, að innihaldið sé mun minna virði en tilgreint var, má því aðeins taka hana til flutnings, að hið tilgreinda verð sé fært til samræmis. Þegar sending er gerð afturreka af þessum ástæðum, á sendandi rétt á að fá ókeypis skriflega yfirlýsingu póstmanns um, hvers vegna henni hafi verið neitað.

6.2.3. Verðupphæð skal tilgreina í íslenskum krónum, efst utanáskriftarmegin. Krónutalan skal tilfærð bæði í tölum og bókstöfum og aurar sem brot úr 100. Verðupphæð má hvorki breyta né strika út, nema hún sé alveg strikuð út og skrifuð að nýju staðfest með undirskrift sendanda. Ef í verðbréfi er bæði útlend mynt og innlend, skal útlenda myntin talin til verðs eftir lögskráðu bankagengi. Útlenda mynt, sem ekki er lögskráð, er ekki hægt að senda með tilgreindu verði. Eigi verðbréf að fara til útlanda, skal póstmaður breyta hinni tilgreindu upphæð í gullfranka eftir gildandi gengi hverju sinni og rita þá tölu í tölustöfum.

6.2.4. Allar áritanir á verðbréf skal gera með bleki, ritvél eða á annan varanlegan hátt, en ekki með blýanti eða slíku.

6.2.5. Áður en innihaldið er látið í umslagið, skal það sveipað í pappír á þann hátt, að hann haldi fast að innihaldinu á allar hliðar, svo að það leiki ekki laust í umslaginu.

Sé krafist talningar eða staðfestingar á innihaldinu, skal viðtökupóststöðin setja innsigli sitt á bréfið, eitt þegar umslagið er þannig gert, að aðeins tvö innsigli þurfi, en tvö ef þau eru fleiri. Séu umslögin stór, verða innsiglin að vera því fleiri, og skulu þau sett með hæfilegu millibili. Verðbréf skulu í einu og öllu umbúin þannig, að ókleift sé að komast að innihaldinu án þess að umbúðirnar eða innihaldið beri þess merki.



mynd 4



mynd 5

6.2.6. Til þess að bréf með tilgreindu verði séu tekin til flutnings verða þau að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

a) Þeim skal vera lokað annað hvort með nákvæmlega eins lakkinnsiglum, með blýinnsiglum eða með öðrum tryggilegum hætti, og sýni sérstakt eins útlitandi merki sendanda.

b) Umslögin eða umbúðirnar skulu vera sterk og efnið þannig, að lakkinnsiglin festist algjörlega við þau. Umslög skulu gerð úr einum og sama hlut, bannað er að nota algerlega gegnsæ umslög eða með gegnsærri rúðu.

c) Ytri frágangur skal vera þannig, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki um skemmdir sjáist á umslaginu, á umbúðunum eða innsiglunum.

d) Innsiglin, frímerkin fyrir burðargjaldinu, og miðar er snerta póstþjónustuna skulu sett á bréfið með bili á milli svo að þau verði ekki höfð til að hylja skemmdir á umslaginu eða umbúðunum. Ekki má heldur beygja frímerkin eða miðana yfir jaðra umslagsins eða umbúðanna, þannig að þau hylji jaðarinn. Bannað er að líma á bréf með tilgreindu verði aðra miða en þá, sem koma póststjórninni við.

d) Ef um þær er bundið með snæri og lakkað eins og segir í 6.2.6. a. þarf ekki að lakka snærið sjálft.

6.2.7. Bréf með tilgreindu verði, sem að ytra útliti eru eins og öskjur, skulu til viðbótar hlýta þessum skilyrðum:

a) Vera úr málmi, tré eða plastefni og nægilega sterkar.

b) Hliðar á trékössum skulu vera minnst 8 mm. þykkar.

c) Hliðarnar, sem vita upp og niður, skulu klæddar hvítum pappír undir utanáskrift til viðtakanda, tilgreiningu á verðinu og þjónustustimpla. Öskjur þessar skulu innsiglaðar á hinum fjórum hliðarflötum eins og segir í 6.2.6. a, ef nauðsyn krefur. Til þess að tryggja, að ekki verði farið í þær, skal krossbinda utan um öskjurnar með sterku seglgarni óhnýttu og skal yfir báða endana setja lakkinnsigli með sérstöku merki sendanda.

d) Sendingar, sem skrifað er utan á með fangamarki eingöngu, eða með blýanti, svo og þær, er hafa eitthvað útskafið eða yfirstrikað í utanáskriftinni, verða ekki teknar til flutnings. Hafi slíkar sendingar ranglega verið teknar til flutnings, er skylda að endursenda þær til upprunapóststöðvar.

6.3. **Hraðboðasendingar.**

6.3.1. Þar sem daglegum útburði bréfapóstsendinga hefur verið komið á, fást sendingar eða tilkynningar um komu þeirra bornar út til viðtakanda þegar í stað eftir komu þeirra á ákvörðunarpóststöð. Fyrir slíkan útburð með hraðboða greiðir sendandi sérstakt gjald, hraðboðagjald, auk venjulegs burðargjalds. Innrituð blöð og tímarit og fjöldasendingar fást þó ekki bornar út með hraðboða.

6.3.2. Á hraðboðasendingu skal letra greinilega orðið „Hraðboði" eða „Exprès" vinstra megin við nafn ákvörðunarstaðar. Þegar um er að ræða böggla, skal rita það á fylgibréfin.

7.0. **PÓSTBÖGGLAR.**

7.1. **Þyngd, stærð og innihald böggla.**

7.1.1. Sendingar þær, sem fara að einhverju leyti yfir takmörk þau, sem sett eru um stærð og þyngd bréfapóstsendinga, teljast bögglapóstsendingar. Þyngd þeirra og stærð skal vera í samræmi við það, sem á hverjum tíma er tilgreint í gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

7.1.2. Bögglar, sem eru þyngri eða stærri en leyfilegt er eða þannig í laginu, að þeir samlagist ekki öðrum bögglum í flutningi (komast ekki í poka), nefnast „rúmfrekir bögglar". Fyrir þá skal taka 50% viðbótarburðargjald. Sama viðbótarburðargjald verður að greiða fyrir brothætta böggla og böggla, sem fara verður sérstaklega varlega með.

7.1.3. Í böggla má ekki láta lokuð bréf eða innsigluð, né neina aðra sendingu með áritun til annars en viðtakanda sjálfs. Ekki má heldur tilgreina nema einn einstakling eða fyrirtæki sem viðtakanda böggulsins. Þó má leyfa áritanir eins og hr. A fyrir hr. B o. s. frv., enda er þá gert ráð fyrir því, að A sé viðtakandinn. Leiki grunur á, að í bögglinum sé lokað bréf eða orðsending í lokuðu umslagi til annars en viðtakanda, skal skorað á sendanda eða viðtakanda að opna böggulinn til rannsóknar. Leiði rannsókn í ljós, að slíkar sendingar séu í bögglinum, skal borga undir þær sérstaklega eftir burðargjaldi því, sem um þær gilda. Fari rannsókn fram við viðtöku, skal burðargjaldið greitt einfalt, en fari hún fram við afhendingu, ber að greiða það tvöfalt. Neiti viðtakandi að greiða burðargjaldið, skal fara með sendingarnar sem óskilasendingar.

7.2. **Umbúðir. Almenn ákvæði.**

7.2.1. Sérhver böggull skal vera umbúinn og lokaður þannig, að svari til þyngdar hans, lögunar og eðlis innihaldsins svo og til flutningsaðferðar og leiðarlengdar. Umbúðir og lokun eiga að vernda innihaldið, svo að það geti ekki skemmst hvorki við hristing né handfjatlanir á leiðinni. Þær skulu einnig vera svo úr garði gerðar, að ómögulegt sé að fara í innihaldið án þess að glögg merki sjáist um verknaðinn.

7.2.2. Sérhver böggull skal vera sérstaklega sterklega útbúinn, ef hann á að:
a) flytjast langa leið;
b) sæta mörgum umskipunum og mikilli handfjötlun;
c) vera varinn fyrir miklum breytingum á hitastigi eða ef um flugflutning er að ræða, fyrir breytingu á loftþrýstingi.

7.2.3. Sérhver böggull skal vera þannig umbúinn og lokaður, að hann geti ekki ógnað heilsu póstmanna, né heldur, ef innihald hans er þess eðlis, geti skaðað póstmennina, sem þurfa að handleika hann, svo og, að hann geti hvorki óhreinkað né skemmt aðra böggla, né heldur búnað póstþjónustunnar.

7.2.4. Sérhver böggull skal hafa á umbúðunum eða umslaginu nægilegt rúm til áritunar þjónustuupplýsinga svo og fyrir stimpla og merkimiða.

7.2.5. Án umbúða má taka við:
a) Hlutum sem láta má hvern innan í annan eða hluti, sem halda má saman með sterku bandi, með plombum eða lakki fyrir, þannig að úr verði einn böggull, sem getur ekki dottið í sundur.
b) Bögglum, sem eru úr einu heilu efni, svo sem tré eða málmstykki o. s. frv., sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir.

7.2.6. Sérhver böggull, sem hefur að innihaldi einhverja neðangreinda hluti, skal umbúinn eins og hér segir:
a) Dýrir málmar: Umbúðirnar skulu vera öskjur úr sterkum málmi eða viðarkassi að minnsta kosti 1 sentimetri á þykkt séu bögglarnir allt að 10 kg. að þyngd og 1½ sentimetri á þykkt séu bögglarnir yfir 10 kg. að þyngd eða þá tveir pokar án tvöfaldra sauma. Séu notaðir kassar úr krossviði, þarf þykktin ekki að vera nema 5 millimetrar, enda séu þá kassahornin styrkt með spöngum.
b) Hlutir úr gleri eða aðrir brothættir hlutir: Um þá skal búið í öskju úr málmi, viði, stinnu plasti eða sterkum pappa fyllt með pappír, hálmi eða hverju öðru heppilegu varnarefni, sem komi í veg fyrir allan núning eða högg meðan á flutningi stendur annaðhvort milli sjálfra hlutanna eða milli þeirra og hliðanna í öskjunni.

c) Lagarkenndar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkennd: Þau skulu lokuð í ílátum, algjörlega þéttum. Hvert ílát um sig skal látið í sérstaka öskju úr málmi, viði, stinnu plasti eða vönduðum bylgjupappa og fyllt með sagi, baðmull eða hverju öðru heppilegu varnarefni, nægjanlega miklu til þess að drekka í sig vökvann ef ílátið brotnar. Lokið á öskjunni skal fest þannig, að það geti ekki auðveldlega losnað.

d) Fituefni, sem ekki er hætt við að verði lagarkennd svo sem húðáburður, blautsápa, trjákvoða o. s. frv. svo og silkiormaegg, þar sem flutningur þeirra er minni erfiðleikum bundinn, skulu lokuð í innri umbúðum (öskju, léreftspoka, plasti o. s. frv.), sem því næst skulu látin í öskju úr málmi, viði eða hverju öðru efni, nægilega haldgóðu til þess að koma í veg fyrir að innihaldið leki út.

e) Hlutir sem lita svo sem anilínblátt o. s. frv: Þessir hlutir eru ekki leyfðir nema í öskjum, algjörlega þéttum sem þvínæst skulu látnar í öskjur úr viði, haldgóðu plasti eða vönduðum bylgjupappa með sagi eða öðru heppilegu efni til varnar, sem drekkur í sig, milli hinna tveggja umbúða.

f) Þurrduft, sem lita ekki: Slík efni skulu látin í ílát (öskju, poka) úr málmi, viði, haldgóðu plasti eða pappa og þessi ílát skulu síðan látin í öskju úr einhverju ofangreindra efna.

g) Fjárskot má senda í bögglapósti innanlands með þeim umbúnaði sem hér segir: Fyrst skal vafið utan um þau 2 mm þykkum pappa, svo þétt, að skothylkin geti ekki runnið til. Þar utanum skal vafið 2 cm þykku lagi af viðarull eða öðru samskonar efni. Þá skal aftur koma þykkt pappalag svo þétt vafið, að innihaldið hristist ekki eða skrölti laust, en yst skal notaður sterkur umbúðapappír. Böggulinn skal krossreyra með sterku snæri eða seglgarni. Á bögglinum skal vera greinileg áritun „Fjárskot. Varlega".

h) Eldfimar filmur og celluloid, unnið og óunnið: Utanáskriftarmegin á umbúðunum skal límdur hvítur miði, er sé mjög áberandi og skulu á hann rituð með stórum, svörtum stöfum orðin: Celluloid. Sé haldið fjarri eldi og ljósi (Celluloid. A tenir loin du feu et la lumière).

i) Lifandi dýr: Á umbúðir böggulsins og fylgibréf skal límdur merkimiði með mjög greinilegri áritun: Lifandi dýr (Animaux vivants).

j) Geislavirk efni: Bögglar, sem hafa geislavirk efni að innihaldi, skulu af sendanda útbúnir með sérstökum merkimiða, hvítum að lit, er beri þessa áletrun: Matières radioactives (geislavirk efni) og er miði þessi yfirstrikaður í embættisnafni, sé um að ræða endursendingu umbúða til upprunalands.

Þar að auki skulu þeir, auk heimilisfangs sendanda og viðtakanda bera greinilega áletrun um endursendingu þeirra, verði þeim ekki komið til skila. Sendanda ber að tilgreina nafn sitt og heimilisfang innan á umbúðirnar auk innihalds böggulsins.

k) Bögglum, sem hafa að innihaldi efni sem nefnd eru í 7.2.6. h og j, er ekki veitt viðtaka til útlanda nema umræddir hlutir séu leyfðir til flutnings af öllum póststjórnum, sem taka þátt í flutningi böggulsins.

7.2.7. Áfengissendingar frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (aðalverslun og útibúum) skulu, sem undantekning frá 7.2.6. c teknar til flutnings í þeim umbúðum, sem verslunin leggur til, greinilega merktar. „Brothætt. Varlega".

7.3. **Umbúðir. Sérákvæði um verðböggla.**

7.3.1. Sérhver böggull með tilgreindu verði er háður neðangreindum sérstökum reglum, að því er tekur til umbúnaðar:

a) Um peningaseðla skal sveipa sterkum pappír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið. Síðan skal láta utan um sterkan umbúðapappír og brjóta þannig, að pappírinn leggist saman aftan á bögglinum. Böggulinn skal síðan reyra með sterku snæri eða seglgarni, óhnýttu, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum, fyrst utanáskriftarmegin og síðan aftan á bögglinum.

b) Böggullinn skal innsiglaður með einu eða fleiri eins gerðum lakkinnsiglum, blýinnsiglum eða á annan tryggilegan hátt, með sérstakri áprentun eða merki sendanda. Á einum og sama böggli má aðeins nota eina samskonar áprentun eða eitt samskonar merki. Sé um að ræða böggul lokaðan með seglgarni, má loka honum með einu blýinnsigli eða lakkinnsigli, er sé komið þannig fyrir, að hvorki sé unnt að leysa seglgarnið né nema brott án þess að ummerki um athæfið sjáist.

c) Lakkinnsigli eða önnur innsigli, svo og allskonar merkimiðar og frímerki, ef svo ber undir, sem límd eru á böggla, skulu sett á með innbyrðis millibili, til þess að ekki sé hægt að nota þau til þess að hylja hugsanlegar skemmdir á umbúðunum. Merkimiða og frímerki má heldur ekki líma þannig á böggla, að þau þeki jaðar hans.

Miða með utanáskrift, má ekki líma á verðböggla, nema upphæð hins tilgreinda verðs sé lægri en sem nemur 1000 gullfrönkum og stærð miðans sé ekki meiri en 15×10,7 cm.

d) Á böggul og fylgibréf skal líma ljósrauðan miða, með áletruðum bókstafnum „V", nafni upprunapóststöðvar, og raðnúmeri böggulsins. Merkimiðinn skal límdur á böggulinn utanáskriftarmegin og í námunda við hana. Heimilt er þó að nota venjulegan merkimiða, ef honum fylgir ljósrauður miði með orðunum „Valeur déclarée" letrað með feitu letri.

e) Verðupphæðin skal tilgreind í íslenskri mynt og skrifuð af sendanda á böggulinn og fylgibréfið, með latnesku letri í bókstöfum og arabískum tölum, án útþurrkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þó að staðfest sé. Upphæð hins tilgreinda verðs má ekki rita með blýanti eða blekblýanti.

f) Upphæð hins tilgreinda verðs skal breytt í gullfranka af sendanda eða sendipóststöð eigi sendingin að fara til útlanda. Skal breytingin hækkuð upp í heilan gullfranka ef með þarf, skrifuð í tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er sýna upphæðina í íslenskri mynt. Upphæðin í gullfrönkum skal vera undirstrikuð með feitu striki með litblýanti.

g) Upprunapóststöð ber að tilgreina þyngdina nákvæmlega í kílógrömmum og grammatugum á bögglinum við hlið utanáskriftarinnar og á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, þannig að brot úr grammatugi sé hækkað upp í næsta tug.

7.4. **Fylgibréf og önnur skilríki með bögglum.**

7.4.1. Böggli, sem skilar er til póstflutnings, skal fylgja eitt fylgibréf (ebl. 506, innanlands, ebl. 510 til útlanda). Þrjá almenna böggla frá sama sendanda til sama viðtakanda má senda með einu fylgibréfi innanlands.

7.4.2. Bögglum til útlanda verður og að fylgja tollskýrsla (ebl. 512), þar sem ber að tilgreina nákvæmlega hvert innihald böggulsins sé á tungumáli, sem skilst í ákvörðunarlandinu eða á frönsku.

7.4.3. Allar áletranir á fylgibréf og tollskýrslur skal gera með bleki eða ritvél. Fylgibréfið er eign póststjórnarinnar.

7.5. **Bögglar, sem ekki verður komið til skila.**

7.5.1. Sendandi er skyldur til að mæla fyrir um, hvernig farið skuli með böggulinn, verði honum ekki komið til skila. Fyrirmæli sín skal hann tilgreina bæði á böggli (ebl. 514) og fylgibréfi. Séu engin fyrirmæli gefin, verður böggullinn endursendur á kostnað sendanda.

8.0. PÓSTÁVÍSANIR. PÓSTKRÖFUR.

8.1. **Póstávísanir. Útbúnaður.**

8.1.1. Hámark það, sem póstávísun má hljóða á er tilgreint í gjaldskrá fyrir póstþjónustu að því er snertir innlendar póstávísanir. Um póstávísanir til útlanda gilda mismunandi mörk, og er upplýsingar um það að finna í posttaxtabókinni ásamt því, til hvaða landa er heimilt að senda þær. Upphæð póstávísana til útlanda skal yfirleitt tilgreina í mynt ákvörðunarlandsins. Gjaldeyrisleyfi þarf til að senda póstávísanir til útlanda.

8.1.2. Undir póstávísanir má eingöngu nota eyðublöð þau, sem póst- og símamálastjórnin gefur út (ebl. 501, innanlands og ebl. 502 til útlanda) eða eyðublöð, sem hún kann að heimila einstaklingum að útbúa. Eyðublaðið skal fylla út með bleki eða ritvél, og óheimilt er að þurrka út eða strika út hið prentaða eða ritaða mál á þeim.

8.1.3. Á afklipping mega sendendur rita orðsendingar til viðtakanda. Upphæð innlendra póstávísana ber að rita á íslensku bæði í tölum og bókstöfum, en útlendra á frönsku, nema um ávísanir sé að ræða til landa, sem ávísanaviðskipti fara fram við eftir listum. Þá tekur viðskiptapóststöðin, Póststofan í Reykjavík, ávísunina upp á sérstakan lista, sem síðan er sendur til viðkomandi lands. Póstávísanir til Norðurlanda skulu þó ritaðar á dönsku.

8.1.4. Símapóstávísanir (ebl. 508) má senda öllum póststöðvum innanlands öðrum en bréfhirðingum og til útlanda skv. þeim upplýsingum, sem posttaxtabókin hefur að geyma. Símapóstávísanir til útlanda ber að rita á frönsku, nema til Norðurlanda á dönsku.

8.1.5. Á póstávísunum skulu aurar færðir sem brot úr hundraði og með tveim tölustöfum þannig, að núll standi á undan tölum upp að tíu.

8.1.6. Frímerki fyrir burðargjaldi almennra póstávísana skulu sett á póstávísunareyðublaðið, en frímerki fyrir burðargjaldi símapóstávísana á tilkynninguna, nema hún eigi að fara til útlanda, þá á tilkynningarafritið.

8.2. **Póstkröfur.**

8.2.1. Hámark póstkröfuupphæðar innanlands má vera hið sama og póstávísunar, en til útlanda geta mörkin verið mismunandi, og er upplýsingar um það að finna í posttaxtabókinni ásamt því, til hvaða landa megi senda þær. Póstkröfur til útlanda skal tilgreina í íslenskri mynt. Póstkröfur mega innanlands fylgja öllum póstsendingum, og þær má einnig innheimta eftir póstkröfueyðublaði einu saman. Þegar póstkrafa fylgir innrituðu blaði eða tímariti, verður sendingin þó að afhendast sérstaklega í póst. Innheimtur á póstkröfum annast allar póststöðvar.

8.2.2. Efst á framhlið sendingar, sem send er gegn póstkröfu, skal sendandi rita orðin „Póstkrafa kr. og upphæðina", sé um innlenda póstkröfu að ræða, en „Remboursement kr. og upphæðina", sé um póstkröfu til útlanda að ræða. Síðan skal hann líma á sendinguna sérstakan þríhyrndan miða, gulan að lit, sem póststöðvarnar láta í té. Útstrikanir eða yfirstrikanir á upphæðinni eru ekki leyfðar.

8.2.3. Sérhverri póstkröfusendingu skal fylgja póstkröfueyðublað (ebl. 505, fyrir innlendan bréfapóst, ebl. 507 fyrir innlendan bögglapóst, ebl. 503 fyrir útlendan bréfapóst, ebl. 503a fyrir útlendan bögglapóst.). Gæta skal þess að póstkröfuupphæðin sé nákvæmlega samhljóða við upphæðina á sendingunni, og engar breytingar má gera á henni né útstrikanir.

8.2.4. Meðan póstkröfusending hefur ekki verið innleyst, er sendanda heimilt að hækka eða lækka póstkröfuupphæðina eða fella hana niður gegn sérstöku gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

8.2.5. Póstkröfur skulu innleystar innan 15 daga frá því þær koma á ákvörðunarpóststöðina. Sendandi getur þó ákveðið lengri innlausnarfrest, allt að 30 dögum, en þá skal þess getið sérstaklega á póstkröfueyðublaðinu og sendingunni.

8.2.6. Þegar póstkrafa fylgir sendingu, skal aldrei líma frímerki á póstkröfueyðublaðið, heldur á sendinguna eða fylgibréf hennar ef hún er böggull. Frímerki má aðeins líma á póstkröfueyðublaðið, þegar engin sending fylgir.

8.2.7. Póstkröfusendingar skal afhenda til flutnings á póststöð, en finnist póstkröfusending í póstkassa, löglega útbúin, má taka hana til meðferðar, ef henni er veitt eftirtekt.

8.2.8. Póstkröfur frá útlöndum eru í mynt hlutaðeigandi sendilands og þarf póstmaður því að umreikna þá mynt í íslenskar krónur eftir gildandi innborgunargengi fyrir póstávísanir hverju sinni. Viðtakendur póstkröfusendinga frá útlöndum verða að framvísa leyfi frá gjaldeyrisbanka, nema um lágar upphæðir sé að ræða og eftir nánari ákvörðun hverju sinni.

8.3. **Útgáfa póstávísana.**

8.3.1. Þegar upphæð póstávísunar hefur verið innborguð (póstkrafa innleyst), gefur afgreiðslumaðurinn hana út. Hann tölusetur hana með raðtölu eftir útborgunarpóststöð, t. d. „Nr. 1001 til A", undirritar hana fullu nafni og dagstimplar. Einnig ógildir hann með dagstimpli öll frímerki, sem á henni eru og á póstkröfueyðublað stimplar hann í reitinn „Fararstimpill".

8.3.2. Póstávísanir (póstkröfuávísanir, tilkynningar um útgáfu símapóstávísana) eru sendar útborgunarpóststöð með fyrstu póstferð, og skal nota hin sérstöku umslög sem til þess eru ætluð (ebl. 535). Áður skulu þær færðar á „Lista yfir innborgaðar póstávísanir (ebl. 570)", sérstakan fyrir innlendar og sérstakan fyrir útlendar.

8.4. **Útborgun póstávísana.**

8.4.1. Áður en póstávísun er borguð út, skal póstmaður aðgæta, hvort hún er útfyllt og útgefin skv. settum reglum. Sé einhvers ábótavant í þeim efnum, skal undantekningarlaust endursenda hana ásamt orðsendingu á sérstöku eyðublaði (MP14) um hvað sé að.

8.4.2. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi til útborgunar, má fresta útborgun þar til það er fengið.

8.4.3. Að útborgun lokinni eru ávísanirnar skráðar á „Lista yfir útborgaðar póstávísanir", sérstakan fyrir innlendar og sérstakan fyrir erlendar og þeir síðan sendar endurskoðuninni ásamt listanum. Skal það gert eigi sjaldnar en á tíu daga fresti. Símapóstávísanir eru þó geymdar þar til útgáfutilkynning hefur borist í pósti, svo samanburður við skeytið geti farið fram.

8.5. **Útborgunargildi póstávísana.**

8.5.1. Innlend póstávísun gildir til loka annars mánaðar eftir útgáfumánuðinn, en erlend til loka fyrsta mánaðar. Að þessum tíma liðnum má alls ekki borga slíkar ávísanir út, hvorki sendanda né viðtakanda, en sækja má um framlengingu þeirra til endurskoðunar póstávísana.

9.0. **PÓSTGJÖLDIN. GREIÐSLUSKYLDA. GREIÐSLUAÐFERÐIR.**

9.1. **Greiðsluskylda.**

9.1.1. Að því undanteknu, er segir í 9.6. Gjaldfrjálsar sendingar hér á eftir, skulu burðargjöld og önnur póstgjöld vera að fullu greidd fyrirfram og bera merki þess að svo sé með frímerkjum, stimplum frímerkingarvéla eða öðrum áprentunum, t. d. „Burðargjald greitt". Innrituð blöð og tímarit þurfa þó ekki að bera neitt slíkt merki um, að burðargjald sé greitt.

9.2. **Vanborgaðar og óborgaðar sendingar.**

9.2.1. Sé burðargjald vanborgað eða vanti alveg, skal freista þess að ná til sendanda og láta hann borga það, sem á vantar. Reynist það ókleift, skal sendingin send áfram og afhent viðtakanda gegn innlausnargjaldi. Sama gildir, ef einhver hefur samið um það sérstaklega fyrirfram að fá til sín ófrímerktar sendingar, en þá verður sendingin að bera þess merki, t. d. með áletrun „Má láta ófrímerkt í póst".

9.2.2. Áður en vanborguð sending er send af stað, skal póstmaður árita hana eða stimpla, ofan til á miðri framhlið, með bókstafnum „T" og skrá burðargjaldið sem á vantar sem teljara í broti, þar sem nefnarinn er burðargjald fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa.

9.2.3. Ákvörðunarpóststöðin innheimtir innlausnargjaldið af viðtakanda og límir frímerki fyrir því á sendinguna og dagstimplar þau. Innlausnargjaldið er fundið með því að margfalda brotið með tölu, sem er jöfn burðargjaldi fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa, auk þóknunar er sé jöfn ábyrgðargjaldi eins og það er á hverjum tíma.

9.3. **Frímerki.**

9.3.1. Til greiðslu burðargjalda og annarra póstgjalda skal nota frímerki þau, sem póst- og símamálastjórnin gefur út eða ástimplanir frímerkingarvéla, sem hún hefur leyft notkun á. Frímerkin geta bæði verið einstök, eða álímd eða áprentuð á loftbréf og póstkort. Söluverð einstakra frímerkja er hið áprentaða verð þeirra, en söluverð loftbréfa o. s. frv. er nokkru hærra. Sé frímerki með yfirverði (líknarfrímerki), er burðargjaldsgildi þess söluverðið að frádregnu yfirverðinu. Frímerki skulu vera fáanleg á öllum póststöðvum. Á bréfhirðingum eru þó aðeins fáanlegar algengustu tegundirnar.

9.3.2. Frímerki, sem þegar hafa verið notuð, má ekki nota til burðargjaldsgreiðslu á ný. Sama gildir um ástimplanir frímerkingarvéla. Ekki má heldur nota ógild frímerki eða frímerki, sem eru rifin, yfirstrikuð eða óhrein. Ekkert endurgjald kemur fyrir frímerki, sem um of kunna að vera límd á sendingu.

9.3.3. Óski einhver eftir því að skila frímerkjum, sem hann hefur keypt, má ekki greiða andvirðið í peningum, heldur má skipta þeim við aðrar frímerkjategundir af sömu verðupphæð, ef merkin eru hrein og ósködduð. Um slík skipti gilda eftirfarandi reglur:

a) Frímerki, sem auglýst er, að falli úr gildi frá tilteknum degi, fæst skipt gegn gildandi frímerkjum að kostnaðarlausu, sé það gert innan þess dags, er þau falla úr gildi.

b) Gildandi frímerkjum geta menn fengið skipt á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, gegn þóknun, einum af hundraði af nafnverði þeirra, ef um minna en 50 frímerki er að ræða. Sé um meira magn að ræða verður að sækja um það sérstaklega til póst- og símamálastjórnarinnar. Er henni heimilt að taka gjald fyrir slík skipti, ef úr verður, sem nemur tíu af hundraði af samanlögðu nafnverði frímerkjanna.

c) Það, sem skakkt hefur stimplast í frímerkingarvél, getur notandi vélarinnar fengið endurgreitt, enda leggi hann fram sjálf umslögin eða annað það, sem stimplað var á, heilt og óskemmt, samanber 9.7.5.

9.4. **Alþjóðasvarmerki.**

9.4.1. Alþjóðasvarmerki fást gegn söluverði því, sem tilgreint er í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Póststöð, sem selur svarmerki, skal dagstimpla það á þar til gerðum stað. Svarmerki fást innleyst í öllum löndum, og fást fyrir hvert svarmerki frímerki, er svara burðargjaldi undir almennt bréf til útlanda af fyrsta þyngdarflokki frá því landi, þar sem merkin eru innleyst.

9.4.2. Alþjóðasvarmerki, sem innleyst eru, skulu dagstimpluð á viðeigandi stað. Gildistími þeirra er ótakmarkaður. Þau skulu sem fyrr segir innleyst fyrir frímerki, er svari til burðargjalds undir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki til útlanda.

9.5. **Greiðslur til póststöðva.**

9.5.1. Póststöðvarnar taka ekki við greiðslu í frímerkjum öðruvísi en álímdum á sendingar fyrir burðargjaldi þeirra.

9.5.2. Um kaup póststöðva á tékkum og ávísunum gilda þessar reglur:

a) Tékkar, útgefnir af ríkisstofnunum og opinberum embættum, viðurkenndum bönkum (ekki sparisjóðum), Reykjavíkurborg og stofnunum hennar, séu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá.

b) Aðrir tékkar, sem afhentir eru til greiðslu á því, sem póststöðvarnar eiga að taka á móti í viðskiptum, skulu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá, ef þeir eru innan við hámarksupphæð þá, sem póst- og símamálastjórnin ákveður hverju sinni. Ef þeir eru hærri, skal spyrjast fyrir um innistæðu í bankanum, áður en þeir eru innleystir, og vísa þeim frá, ef innistæða er ekki fyrir hendi. Tékkarnir skulu stílaðir á viðkomandi póststöð og ekki vera hærri en andvirði viðskiptanna. Alla tékka, sem ekki er hægt að innleysa á staðnum, ber að senda aðalgjaldkera pósts og síma með fyrstu ferð sem fellur.

9.6. **Gjaldfrjálsar sendingar.**

9.6.1. Sendingar, sem sendar eru milli póst- og símstöðva innanlands og milli þeirra og póst- og símamálastjórnarinnar, eru gjaldfrjálsar. Slíkar sendingar skulu áletraðar „Póst- og símamál", „Póstmál" eða „Símamál". Gjaldfrjálsar milli landa eru sendingar milli póststöðva eða póststjórna sem og skrifstofu og stofnana alþjóðapóstsambandsins. Skulu þær merktar „Service des postes". Þessar sendingar lúta ekki hinum almennu ákvæðum um þyngd og stærð o. s. frv., en þær mega þó ekki vega meira en 30 kg. og þær má aðeins senda vegna þarfa sjálfrar þjónustunnar.

9.6.2. Sendingar með upphleyptu blindraletri, „Blindraprent", eru sömuleiðis gjaldfrjálsar innanlands og í skipspósti milli landa.

9.7. **Frímerkingarvélar.**

9.7.1. Í stað frímerkja má nota frímerkingarvél af einhverri þeirri gerð, sem póst- og símamálastjórnin hefur leyft notkun á. Sá, sem hefur frímerkingarvélar á boðstólum, er skyldugur að gæta þess, að vélar þær, sem hverju sinni eru seldar, séu eins og vél sú, sem lögð var fram, þegar leyfið var fengið. Einnig er hann ábyrgur gagnvart póst- og símamálastjórninni fyrir því, að við sölu, viðgerðir og viðhald sé farið eftir reglum þessum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða.

9.7.2. Umsókn um leyfi til notkunar á frímerkingarvél skal senda póst- og símamálastjórninni, og annast seljandi vélarinnar um það. Leyfi þetta er óframseljanlegt. Vélina má ekki taka í notkun fyrr en fulltrúi póst- og símamálastjórnarinnar hefur skoðað vélina, læst henni og innsiglað. Til þess að frímerkingarvél verði notuð, þarf að kaupa á hana fyllingu eða frímerkingarspjald eftir því, af hvaða gerð vélin er. Skal þetta að fullu staðgreitt.

9.7.3. Stimpill frímerkingarvélar skal í senn vera frímerkingarstimpill, er tilgreini burðargjaldið, og dagstimpill með nafni viðkomandi póststöðvar, dagsetningu og sérstöku vélar- eða leyfisnúmeri. Afstimplunin skal vera hárauð. Leyfishafa er að auki heimilt að hafa sérstakan auglýsingastimpil, og má hann vera með öðrum lit. Stimpilmót skoðast eign póststjórnarinnar. Leyfishafa er skylt að skipta um stimpilmót á sinn kostnað, sé þess krafist, svo sem ef nafn póststöðvar breytist eða stimpilmótið er slitið orðið. Leyfishafi ber ábyrgð á, að dagsetning og burðargjald sé rétt. Umbúðir mega ekki vera þannig, að torvelt sé að greina stimpilinn.

9.7.4. Afstimplanir skulu settar á sendingar, þar sem mælt er fyrir, að frímerki skuli sett. Stimplun verður að vera greinileg, og skal í því sambandi gæta þess, að stimpillinn sé hreinsaður reglulega og ætíð sé nóg af litarvökva á vélinni. Sé sending þannig í laginu eða innihald hennar slíkt, að hætta sé á, að stimplun verði óskýr, skal annaðhvort stimpla umbúðirnar tómar eða stimpla á límmiða, sem síðan er límdur á sendinguna. Slíkir límmiðar verða þó að bera nafn og heimili sendanda, en stytt má það vera (t. d. símnefni). Slíka miða má þó aldrei nota á bréf með tilgreindu verði. Afstimplanir, sem klipptar hafa verið af umslögum o. s. frv., má alls ekki nota til frímerkingar.

9.7.5. Þegar sendingar, frímerktar með frímerkingarvél, eru póstlagðar, skulu þær vera flokkaðar eftir burðargjöldum. Frímerkingarstimplar, sem ekki hafa verið notaðir eða stimplast hafa um of, eru innleystir með því skilyrði, að stimplarnir séu vel læsilegir og umslögin o. s. frv. séu afhent heil og óskemmd og eigi eldri en mánaðargömul. Stimplanir, sem klipptar hafa verið út, eða stimplanir, sem koma út sem spegilmynd, eru ekki innleystar.

9.8. **Áprentun um greitt burðargjald.**

9.8.1. Fjöldasendingar og aðrar sendingar, sem póst- og símamálastjórnin heimilar að tekið sé við ófrímerktum gegn greiðslu í reiðufé, sbr. 5.5.4. skulu á þeim stað, sem ætlaður er fyrir frímerki, bera áletrun, eins og eftirfarandi mynd. Undir áritunina skal prenta leyfisnúmer.



Leyfi nr.

10.0. **SKIL SENDINGA TIL VIÐTAKANDA.**

10.1. **Afhendingarhættir.**

10.1.1. Sendingar má afhenda viðtakendum með eftirfarandi hætti:
a) Á póststöðinni sjálfri, er þær eru sóttar.
b) Með útburði af póstsins hálfu á heimili viðtakanda.
c) Með því að láta þær í pósthólf, er viðtakendur leigja á póststöðvum.

10.1.2. Sending, sem á er ritað „Sækist", „Poste restante" eða því um líkt, afhendist aðeins á ákvörðunarpóststöð. Ef vísað er á sendingu til margra, má skila henni hverjum þeirra sem vera skal. Almenn bréfapóstsending, sem ber ekki rétt nafn viðtakanda, er afhent þeim, sem spyr um hana og getur skýrt nákvæmlega frá, hvernig utanáskriftinni er hagað. Ef margir gera kröfu til slíkrar sendingar og geta skýrt nákvæmlega frá utanáskriftinni, er sendingin ekki afhent, heldur farið með hana sem óskilasendingu.

10.1.3. Hafi maður orðið gjaldþrota og bú hans tekið til skiptameðferðar, má afhenda skiptaráðendum, eftir beiðni þeirra, allar lokaðar bréfa- og bögglasendingar til hans, svo og póst- og póstkröfuávísanir, nema almenn bréf, sem áritað eru „einkabréf" eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf. Verði hlutafélag, verslunarfélag, kaupfélag eða hver sú félagsstofnun önnur, sem tilkynnt er til hlutafélagaskrár eða samvinnufélagaskrár, gjaldþrota og tekin til skiptameðferðar, skal eftir kröfu skiptaráðenda skila þeim, er skiptin annast, öllum póstsendingum til hennar.

10.1.4. Sendingar til manna, sem sitja í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða þá rannsóknardómaranum. Sendingar skal afhenda dómurum, lögreglustjórum eða öðrum yfirvöldum, sem úrskurða, að þær skuli afhentar sér, og öðlast hafa með sérstökum lögum vald til að kveða upp slíkan úrskurð.

10.1.5. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er dánarbúin hafa til meðferðar, nema sending beri það með sér með áritun eða á annan hátt, að hún hafi átt að afhendast viðtakanda persónulega, og er hún þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

10.2. **Útburður póstsendinga.**

10.2.1. Á þeim stöðvum, þar sem póstútburði hefur verið komið á fót, eru almennar bréfapóstsendingar, innrituð blöð og tímarit og tilkynningar um ábyrgðar- og verðsendingar, póstávísanir og böggla bornar út til viðtakenda.

10.2.2. Almennar bréfapóstsendingar teljast löglega afhentar, er bréfberi hefur fengið þær í hendur viðtakanda sjálfum eða einhverjum á heimili hans, eða látið þær í gegnum bréfarifu á íbúðarhurð viðtakanda eða í bréfakassa. Ólögleg telst aftur afhending sendingar, ef bréfberi skilur hana eftir í annarri íbúð, þótt í sama húsi sé, eða biður einhvern fyrir hana, sem býr ekki á sama heimili og viðtakandi.

10.2.3. Bréfberinn skilar póstsendingum af sér í sömu röð og bústaðir viðtakenda liggja í leið hans, nema sérstaklega standi á. Geti bréfberi ekki skilað sendingum, er gerð tilraun til afhendingar í næsta útburði á eftir. Beri sú tilraun ekki árangur heldur, er farið með sendingarnar sem óskilasendingar.

10.3. **Uppsetning einkapóstkassa.**

10.3.1. Í Reykjavík og annars staðar á landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram, getur forstöðumaður póststöðvar sett það skilyrði fyrir útburði

póstsendinga í hús á útburðarsvæði póststöðvarinnar, að húseigandi setji upp póstkassa undir þann póst, sem í húsið á að fara. Þó má setja bréfarifur í hurðir íbúða í stað póstkassa, þegar forstöðumaður póststöðvarinnar fellst á það.

10.3.2. Gerð slíkra póstkassa eða bréfarifa, svo og staðsetning þeirra, er háð samþykki forstöðumanns hlutaðeigandi póststöðvar.

10.3.3. Þess má krefjast, að póstkassar séu settir upp á neðstu hæð stórhýsis fyrir alla íbúa þess eða við hlið eða girðingu húsa, sem ekki liggja að umferðarvegi, eða við veg, vegamót o. þ. l. í útjöðrum bæja eða utanbæjar.

10.3.4. Fyrirmæli um uppsetningu póstkassa eða bréfarifa skulu tilkynnt í ábyrgðarbréfi og tiltekinn frestur til uppsetningar.

10.3.5. Hlýði húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamálastjórnin ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum samkv. 22. gr. póstlaga skuli beitt, þ. e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.

10.4. **Afhending sendinga í pósthólf.**

10.4.1. Á vissum póststöðvum geta menn fengið leigð sérstök hólf, sem bréfapóstsendingum þess, sem leigir, er raðað í, og teljast sendingarnar þar með afhentar og á ábyrgð viðtakanda.

10.4.2. Póstsendingum eða tilkynningum um þær, ef svo ber undir, er raðað í hólfin svo fljótt sem unnt er eftir aðgreiningu aðkomins pósts. Í pósthólf skal aðeins láta þær sendingar sem hólfnúmer er tilgreint á. Forstöðumönnum póststöðva er þó heimilt að víkja frá þessari reglu þegar um viðskiptavini er að ræða, sem fá að jafnaði mikið magn póstsendinga, enda sé öllum starfsmönnum kunnugt um leigu hans á hólfinu.

10.4.3. Leigutaki pósthólfs getur ekki krafist þess, að sendingar til annarra en hans sjálfs séu látnar í pósthólf, og póstmönnum er ekki skylt, nema samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns sé áður fengið, að raða bréfum til annarra en leigutaka sjálfs í hólf hans, enda þótt númer pósthólfsins sé ritað á bréfin. Raðist slíkt bréf samt sem áður í hólf, án þess að eftir sé tekið, ber póststöðin eða póst- og símamálastjórnin enga ábyrgð á afleiðingum, sem það kynni að hafa í för með sér.

10.4.4. Á meðan leigutaki hefur pósthólf á leigu, fær hann til afnota ókeypis einn lykil af hólfinu, sem skila ber á póststöðina, þegar leigu er lokið. Vilji leigutaki fá fleiri lykla, verður hann að greiða fyrir þá. Tapi leigutaki lykli, verður hann að kaupa nýjan og að auki kosta þá breytingu á læsingu, sem nauðsynleg er til þess, að ekki verði komist í hólfið með hinum lyklinum, ef leigutaki óskar eftir slíkri lagfæringu. Pósthólf fást ekki opnuð af póstmönnum til afhendingar á pósti úr þeim, nema alveg sérstakar ástæður liggi til þess. Börnum er alls ekki afhentur póstur úr hólfunum.

10.4.5. Leigutími pósthólfs er eitt ár í senn. Leigugjald er mismunandi eftir stærð hólfa, og ákveður póst- og símamálastjórnin, hversu hátt það skal vera. Leigugjaldið greiðist fyrirfram og fæst ekki endurgreitt, þótt leigutaki hætti að nota hólfið áður en leigutíminn er útrunninn. Leigutaka er óheimilt að framselja pósthólf til annarra, nema með fengnu leyfi hlutaðeigandi forstöðumanns og þá aðeins fyrir þann tíma, sem leiga er greidd fyrir.

10.5. **Afhendingartími póstsendinga.**

10.5.1. Póstur, sem kemur til ákvörðunarpóststöðvar, skal vera tilbúinn til afhendingar viðtakendum eins fljótt og auðið er. Bréfapóstur (þar með talin inn-

rituð blöð og tímarit) gengur alltaf fyrir prenti, smápökkum og bögglum, og mega þessar sendingar jafnvel bíða til næsta dags, ef ekki hefur unnist tími til þess að ganga frá bréfa- og blaðapósti.

10.5.2. Sé ekki hægt að koma innrituðum blöðum í fyrsta útburð, án þess að tefja eða seinka útburði bréfa, fer afhending blaða fram í næsta útburði á eftir.

10.5.3. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er afhent viðtakanda eins fljótt og unnt er, og er hún ekki látin bíða hins almenna útburðar póstsendinga úr sömu ferð. Á þeim stöðum, þar sem bréfaútburði hefur verið komið á fót, fást þó slíkar sendingar eða tilkynningar ekki afhentar nema á tímabilinu kl. 8—20 virka daga.

10.5.4. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er aðeins borin út einu sinni, og takist þá ekki að afhenda hana, telst sendingin ekki lengur hraðboðasending, og fer þá um afhendingu hennar eins og annarra póstsendinga. Hraðboðagjald endurgreiðist ekki.

10.5.5. Sendendur póstsendinga geta ekki krafist þess, að sendingum sé komið til skila á tilteknum tíma eða dögum, þótt þeir riti slík fyrirmæli á sendingar sínar.

10.6. **Tilkynningar um komu.**

10.6.1. Viðtakandi verðsendingar, ábyrgðarsendingar, bögguls, póstkröfu, póstávísunar og innlausnarsendingar fær tilkynningu (ebl. 583a, 580, 552) um, að sendingin sé komin á póststöðina, nema útburði slíkra sendinga hafi verið komið á fót í viðkomandi umdæmi. Ennfremur er viðtakanda send tilkynning um almenna bréfapóstsendingu, ef hún er þannig á sig komin, að hún samlagast ekki öðrum sendingum í útburði eða ekki er hægt að raða henni í pósthólf vegna stærðar.

10.6.2. Tilkynningar þær, sem hér um ræðir, sendast viðtakendum sem fullgreiddar almennar bréfapóstsendingar. Fyrir tilkynningar er ekkert gjald tekið.

10.7. **Afhending gegn kvittun.**

10.7.1. Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, almennir bögglar, póstkröfusendingar og póstávísanir (þar með taldar póstkröfuávísanir og símapóstávísanir) fást aðeins afhentar eða útborgaðar (ávísanir) gegn löglegri kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans. Hafi sendandi gert athugasemd á sendinguna um, að hún afhendist eingöngu viðtakanda sjálfum ber honum að kvitta fyrir sendingunni, og er þá kvittun umboðsmanns ekki tekin gild.

10.7.2. Fyrir sendingar til opinberra stofnana skal kvitta samkvæmt gildandi reglum þeirrar stofnunar, sem í hlut á.

10.7.3. Fyrir sendingu eða fjármuni til hlutafélags, kaupfélags, verslunarfélags, banka, sjúkrasamlags og þvílíkra stofnana, skal kvittað af þeim, sem á hverjum tíma, samkvæmt skriflegri tilkynningu frá forráðamönnum stofnananna til hlutaðeigandi póststöðvar, er veitt heimild til þess að taka við sendingum eða fjármunum í nafni þeirrar stofnunar, sem í hlut á. Sendingar til félaga, sem ekki eru tilkynningarskyld, eru afhentar þeim, sem félagsstjórn hefur tilkynnt póststöðinni, að megi kvitta fyrir póstsendingum eða getur á annan hátt sýnt fullnægjandi skilríki fyrir því, að hann megi taka við þeim.

10.7.4 Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.7.1. og fara eiga til manns eða félags, sem orðið er gjaldþrota, afhendist samkvæmt ákvæðum 10.1.3. og 10.1.4. í þessum kafla.

10.7.5. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.7.1. og fara eiga til manns, sem látinn er, skal afhenda forráðamönnum dánarbúsins eða skiptaráðanda, nema send-

andi hafi óskað utanáskriftarbreytingar. Skorist forráðamenn dánarbúsins eða skiptaráðandi undan því að taka við sendingunni, telst hún í óskilum og endursendist til upprunastaðar.

10.7.6. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.7.1. og fara eiga til manna, sem liggja á sjúkrahúsum eða í sóttkví, og geta þess vegna ekki sjálfir kvittað fyrir sendingunum, skulu afhentar forstöðumönnum sjúkrahússins eða sóttvarnarstöðvarinnar, sem þá kvittar fyrir þeim í umboði sjúklingsins nema þeir hafi gert aðrar ráðstafanir gagnvart póststöðinni um afhendingu slíkra sendinga til sín.

10.7.7. Samkvæmt áfengislögum má hvorki afhenda áfengissendingar ölvuðu fólki né unglingum undir lögaldri.

10.8. **Skilríki og persónusönnun.**

10.8.1. Sé verðsending, ábyrgðarsending, póstávísun eða almenn bögglasending sótt af viðtakanda sjálfum, er honum skylt að færa sönnur á, að hann sé sá, sem hann segist vera, ef póstmaður sá, er afhendir, ber eigi kennsl á hann, né kannist við undirskrift hans. Þetta má gera með því, að viðtakandi sýni vegabréf eða nafnskírteini, ökuskírteini eða póstskilríkisspjald eða vottorð manns, sem póstmaður þekkir.

10.8.2. Séu sendingar sóttar af sendimanni og póstmaður sá, sem afhendir kannast ekki við undirskriftina, ber viðtakanda að hafa hana vottfesta á kvittunarblaðinu (póstávísun eða fylgibréf) eða láta sendimann sýna vottfasta yfirlýsingu um, að hann megi taka við sendingum og kvitta fyrir þeim í bækur póststöðvarinnar. Slíkri yfirlýsingu heldur póststöðin eftir.

10.8.3. Til undirskriftar á kvittun má ekki nota firmastimpil eingöngu eða einkennisbókstafi.

10.8.4. Þegar maður vottar undirskrift, skal hann auk nafns síns einnig rita stöðu og heimilisfang. Sé sá, sem vottar, leigjandi að pósthólfi, er þó nægilegt að setja númer pósthólfsins í stað heimilisfangsins.

10.9. **Póstskilríkisspjald.**

10.9.1. Skilríkisspjald er fullgild heimild heimild til þess að fá afhentar póstsendingar á póststöð. Skilríkisspjald má sækja um á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum. Sá er æskir skilríkisspjalds, skal afhenda ljósmynd af sér til þess að líma á skilríkisspjaldið, fæðingarvottorð, og rita þar að auki nafn sitt á spjaldið. Gildistími skilríkisspjalds er samkvæmt ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

10.10. **Umboð.**

10.10.1. Umboð til þess að taka við og kvitta fyrir póstsendingum í nafni viðtakanda sjálfs, skal vera skriflegt, hljóða á nafn ákveðins manns, vera dagsett og undirritað af viðtakanda sjálfum. Í hinu skriflega umboði skal taka fram, hvort það nái til allra tegunda bókfærðra sendinga eða aðeins nokkurs hluta þeirra.

10.10.2. Umboð til þess að taka á móti og kvitta fyrir sendingum til opinberrar stofnunar skal gefið af hlutaðeigandi forráðamönnum í embættisnafni, samkvæmt þeim fyrirmælum, er um stofnunina gilda.

10.10.3. Umboð má einnig gefa símleiðis. Í skeytinu skal þá, auk umboðsins sjálfs, standa vottorð hlutaðeigandi símamanns, er sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum eða með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun þess símamanns, er

sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum, með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun símamanns, er við því tók, um að það hafi verið samanborið.

10.10.4. Frumrit umboðsins geymist hjá póststöðinni. Vilji viðtakandi póstsendingar afturkalla gefið umboð, skal það gert skriflega til þeirrar póststöðvar, er geymir umboðið. Eftir beiðni gefur póststöðin þá ókeypis viðurkenningu fyrir því, að umboðið sé afturkallað.

10.10.5. Séu vandkvæði á fyrir hlutaðeigandi að láta frumrit umboðs af hendi við aðrar stofnanir, má póststöðin láta sér nægja ljósrit eða staðfest afrit af frumritinu, en skyldur er þá umboðsmaður að sýna frumrit, þegar þess er krafist. Þegar frumrit þannig umboðs er sýnt, ritar póstmaður dagsetningu á afritið, og þegar afriti er skilað til geymslu, skal póstmaður staðfesta það með því að geta þess á frumritinu.

10.11. **Útborgun póstávísana, innlausn á póstkröfum og ýmsar greiðslur.**

10.11.1. Póstávísanir borgast út á ákvörðunarpóststöðinni. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi, má fresta útborgun, þar til það er fengið.

10.11.2. Póstkröfusendingar eru ekki afhentar viðtakendum, nema þeir greiði um leið þá upphæð, sem hvílir á sendingunni. Hafi sendandi póstkröfusendingar gefið fyrirmæli, meðan sendingin er í vörslu póstþjónustunnar, um að afhenda hana án innheimtu póstkröfuupphæðar eða gegn annarri upphæð en á henni stendur, er það þó gert.

10.12. **Geymslutími sendinga.**

10.12.1 Geti ákvörðunarpóststöð ekki afhent sendingu vegna skakkrar eða ófullnægjandi utanáskriftar eða af öðrum ástæðum, t. d. vegna þess að viðtakandi neitar að taka við henni, er dáinn eða fluttur burtu án þess að vitað sé, hvar hann er niður kominn, skal sendingin ekki geymd á póststöðinni lengri tíma en með þarf til þess að ganga úr skugga um, að henni verði ekki komið til skila. Sé ekki annað tekið fram í þessari grein, skal sending, sem þannig er ástatt um, að jafnaði ekki geymd lengur en mánuð að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.

10.12.2. Sending, sem á er ritað, að skuli geymast þangað til hennar verði vitjað, skal geyma viðtakanda allt að 3 mánuðum að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpóststöðvarinnar.

10.12.3. **Póstkröfur eru geymdar viðtakanda til innlausnar í 15 daga að telja** frá næsta degi eftir komu þeirra til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Sé póstkröfusending árituð „Poste restante", má hún geymast allt að 30 daga og sömuleiðis, ef sendandi hefur með áritun á sendinguna sett þennan geymslufrest. Hafi sendandi póstkröfusendingar óskað breytingar á póstkröfuupphæðinni, reiknast geymslutími að nýju jafnlangur, að telja frá næsta degi eftir að ákvörðunarpóststöðin hefur fengið beiðnina um breytinguna.

10.12.4. **Sendandi póstsendingar getur ákveðið styttri geymslutíma fyrir sendinguna** en hér er tiltekið, og ber honum þá að rita það á sendinguna og sömuleiðis á fylgibréfið, þegar um böggla er að ræða.

10.12.5. Þegar sending er áframsend, telst geymslutími hennar frá þeim degi, er hún kemur til hinnar nýju ákvörðunarpóststöðvar. Sé um að ræða áframsend**ingu milli póststöðva á sama staðnum, reiknast þó enginn geymslutími að nýju.**

10.12.6. Sending sem ekki er hægt að afhenda viðtakanda innan hins tiltekna geymslutíma, telst óskilasending.

11.0. ÓSKILASENDINGAR.

11.1. Meðferð óskilasendingar á ákvörðunarpóststöð.

11.1.1. Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:
a) Þegar viðtakandi skorast undan að taka við henni.
b) Þegar viðtakandi finnst ekki.
c) Þegar sending hefur legið á póststöðinni lögboðinn tíma, án þess að vera sótt, þrátt fyrir tilkynningu um komu hennar.

11.1.2. Sending endursendist viðtökupóststöðinni til afhendingar sendanda, ef heimilisfang hans er á sendingunni, annars sendist hún til póststofunnar í Reykjavík. Þegar um er að ræða bókfærða sendingu, að undanteknum póstkröfuávísunum, skal ákvörðunarpóststöðin, áður en hún endursendir hana, láta viðtökupóststöðina spyrja sendanda um, hvort hann geti veitt nánari upplýsingar um viðtakanda. Geti sendandi gert það, og vilji hann láta póstþjónustuna taka upplýsingar sínar til greina, skal hann greiða undir þær sama gjald og undir einfalt almennt bréf, og verða þær þá sendar ákvörðunarpóststöðinni með fyrstu póstferð. Að öðrum kosti skoðast sendingar sem komnar í óskil.

11.1.3. Á sendingar, sem ekki verður komið til skila, skal jafnan rita ástæðuna fyrir því. Í því skyni má nota sérstaka miða (ebl. 675). Viðtakandi, sem neitar að taka við sendingu, getur sjálfur ritað neitunina á sendinguna, en engar aðrar athugasemdir má hann rita á hana, og sé það gert, skal strika yfir þær á póststöðinni, svo þær verði ekki læsilegar. Hafi viðtakandi eigi ritað sjálfur á sendinguna, að hann neiti móttöku, skal það gert á póststöðinni sem átti að afhenda sendinguna.

11.1.4. Póstávísun, sem ekki verður komið til skila, sendist endurskoðun pósts og síma, Reykjavík. Þangað skal einnig senda póstávísun, sem hægt er að koma til skila, ef gildistími hennar er runninn út.

11.2. Meðferð vissra óskilaböggla.

11.2.1. Hafi óskilaböggull eitthvað það að innihaldi, sem liggur undir skemmdum, skal ákvörðunarpóststöðin þegar í stað koma innihaldinu í peninga á sem hagkvæmastan hátt. Sé af einhverjum ástæðum ekki hægt að selja innihaldið, skal það eyðilagt. Frá andvirði hins selda dragast gjöld þau, sem kunna að hafa hvílt á bögglinum, svo og kostnaðurinn við að koma honum í peninga. Afgangurinn sendist sendanda böggulsins, að frádregnu burðargjaldi. Að öðru leyti skal í einu og öllu fara eftir fyrirmælum þeim, er sendandi hefur gefið á fylgibréfi.

11.3. Endursending óskilasendinga til sendanda.

11.3.1. Óskilasending, sem endursend hefur verið til upprunapóststöðvar til afhendingar sendanda, skal afhent eftir sömu reglum og gilda um venjulega afhendingu til viðtakanda. Sé endursendur böggull ekki sóttur á póststöðina innan 7 daga að telja frá deginum eftir komu hans þangað, skal sendandi greiða geymslugjald eftir þann tíma.

11.3.2. Þegar póststöð, sem óskilasending hefur verið endursend til, hefur gengið úr skugga um, að sendingunni verði ekki komið til sendanda, sendir hún hana til póststofunnar í Reykjavík. Póstávísun má þó ekki senda seinna en um það bil, að gildi hennar er að renna út. Aðrar sendingar skal senda í síðasta lagi mánuði eftir komu þeirra á póststöð sendanda.

11.4. **Bann gegn póstmeðferð á sendingu að nýju.**

11.4.1. Þegar búið er að afhenda sendanda endursenda póstsendingu eða tilkynningu um, að hann eigi slíka sendingu, er ekki hægt að taka hana til póstmeðferðar að nýju, jafnvel þótt burðargjaldið sé greitt, nema sendingin sé sett í nýjar umbúðir.

11.4.2. Sending, sem afhent hefur verið viðtakanda, getur ekki sætt póstmeðferð að nýju, nema áframsending sé leyfð.

11.5. **Lokameðferð óskilasendinga.**

11.5.1. Sending, sem hvorki hefur verið hægt að afhenda viðtakanda né endursenda sendanda er opnuð í votta viðurvist af þeim starfsmönnum, sem póst- og símamálastjóri hefur tilnefnt.

11.5.2. Verði hægt að komast að því, hver sendandi sé, með því að opna sendingu, er hún send honum. Fáist engar upplýsingar á þennan hátt um sendanda, eða reynist ógerlegt að ná til hans, eru sendingar, sem geyma reiðufé eða aðra muni, er meta má til verðs, teknar í geymslu, en aðrar sendingar eyðilagðar undir umsjá þeirra, er hafa opnað þær.

11.5.3. Þegar almenn innlend póstávísun (ekki póstkröfuávísun) lendir í óskilum, or er send endursoðuninni vegna þess að gildi hennar er runnið út, endurnýjar skrifstofan gildi hennar, og býður sendanda upphæðina.

11.5.4. Hafi sendinga þeirra, sem getið er í 11.5.2. og hafa verið teknar í geymslu, ekki verið vitjað innan árs frá þeim tíma að þær voru póstlagðar, skal auglýsa þær í Lögbirtingablaðinu. Vitji þeirra enginn innan þriggja mánaða frá auglýsingu skal selja þær til hagnaðar fyrir póstsjóð samkvæmt 24. grein póstlaganna.

12.0. **ÝMIS AUKAÞJÓNUSTA.**

12.1. **Móttökukvittun.**

12.1.1. Sendandi ábyrgðarsendingar, verðsendingar, bögguls, útborgunarseðils eða póstávísunar getur gegn sérstöku gjaldi fengið kvittun á sérstöku eyðublaði (ebl. 556) fyrir því, að sendingin hafi verið afhent (borguð út). Kvittunin er undirrituð af þeim, sem kvittar fyrir móttöku sendingarinnar, og póstmanni þeim, sem afhendir. Eyðublaðið skal fest við sendinguna, en ekki skal telja það með þyngd sendingarinnar. Á sendinguna skal rita stafina AR. Sé um símapóstávísanir að ræða, skal setja stafina AP í skeytið, og annast móttökupóststöðin þá um að útbúa eyðublaðið og senda það póstleiðis aftur til sendanda.

12.1.2. Móttökukvittun er endursend án umbúða og viðtakanda að kostnaðarlausu.

12.2. **Frankóseðlar.**

12.2.1. Sendandi ábyrgðarsendingar eða bögguls til ýmissa landa getur gegn sérstöku gjaldi tekið að sér að greiða sjálfur öll gjöld, bæði póstgjöld og t. d. tolla, sem lögð kunna að verða á sendinguna í ákvörðunarlandinu. Slíkum sendingum skal fylgja frankóseðill (ebl. C3/CP 3), og á sendinguna skal letra „Franc de taxes et de droits". Heimilt er sendipóststöð að láta sendanda setja tryggingu fyrir greiðslu þessara gjalda.

12.2.2. Seðillinn er í tveimur hlutum, og kemur annar hlutinn aftur með gjöldunum sundurliðuðum. Upphæðinni er breytt í íslenskar krónur eftir gildandi innborgunargengi póstávísana og hún síðan innheimt af sendanda, sem fær afklippinginn.

12.2.3. Sé óskað eftir gjaldfrjálsri sendingu, eftir að sendingin hefur verið póstlögð, skal sendipóststöðin senda seðilinn í frímerktu ábyrgðarbréfi ásamt orðsendingu til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Kostnaðinn greiðir sendandi.

12.3. **Breyting á utanáskrift. Afturköllun sendingar.**

12.3.1. Meðan sending er í vörslu póstþjónustunnar, getur sendandi gert breytingar á því, sem hann hefur ákveðið um hana áður, látið breyta utanáskriftinni eða afturkalla hana úr póstinum. Beiðni um afturköllun sendingar eða utanáskriftarbreytingu á henni skal senda viðtökupóststöðinni. Skal hún gerð skriflega á eyðublað, sem ætlað er til þessa (ebl. C 7 og MP 4) og fæst á póststöðvunum. Eitt og sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í póst samtímis á sömu póststöð, frá sama sendanda til sama viðtakanda. Þegar um bréf er að ræða, skal fylgja beiðninni fullkomin líking af umslagi eða utanáskrift sendingarinnar. Sé sá, sem beiðnina sendir, ekki kunnugur póstmönnum á póststöðinni, skal hann færa sönnur á, hver hann sé, á sama hátt og krafist er við afhendingu verðsendinga.

12.3.2. Þegar beðið er um utanáskriftarbreytingu á sendingu, sem ekki er farin af stað frá póststöðinni, skal breytingin framkvæmd þar og helst af sendanda sjálfum. Beiðni um breytingu utanáskriftar eða afturköllun sendingar, sem farin er af stað frá viðtökupóststöðinni eða ekki er hægt að ná út úr póstflutningnum áður en hann fer af stað, má senda póstleiðis eða símleiðis eftir ósk sendanda. Símleiðis skal jafnan senda beiðnina til ákvörðunarpóststöðvarinnar, þegar fullvíst þykir, að beiðnin nái ekki í tæka tíð að öðrum kosti. Kjósi sendandinn, að slík beiðni sé send póstleiðis, skal hann greiða fyrir hverja beiðni gjald samkvæmt gjaldskrá. Eigi beiðni að sendast símleiðis, greiðir sendandi símskeytagjald. Varði beiðni breytingu á utanáskrift bögguls eða afturköllun hans, er sendandi skyldur til að ábyrgjast greiðslu á hinu nýja flutningsgjaldi hans.

12.3.3. Þegar afhenda á sendingu, sem hefur verið afturkölluð, verður sendandi, sem við henni tekur, að sanna heimild sína til hennar, á sama hátt og þegar um er að ræða afhendingu ábyrgðarsendinga, nema nafn sendanda standi á sendingunni eða hann geti sýnt kvittun póststöðvarinnar fyrir því, að hann hafi skilað sendingunni til flutnings. Þegar svo ber undir, skal sendandi kvitta fyrir móttöku sendingarinnar á venjulegan hátt.

12.3.4. Þegar innanríkissending er afturkölluð, er sendanda ekki endurgreitt burðargjaldið, nema þegar svo sérstaklega stendur á, að sendingin er ekki farin af stað frá ákvörðunarpóststöðinni. Þá skal endurgreiða sendanda burðargjaldið sjálft, en ekki önnur gjöld, sem á sendingunni hafa hvílt. Þegar um einfalda leiðréttingu á utanáskrift er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda), getur sendandi sent beiðni sína beint til ákvörðunarpóststöðvarinnar, og koma þá fyrirmæli þessarar greinar ekki til álita.

12.4. **Breyting póstkröfuupphæðar.**

12.4.1. Meðan póstkröfusending er í vörslu póstþjónustunnar, getur sendandi beðið um, að sending sé afhent viðtakanda án greiðslu póstkröfuupphæðar eða gegn greiðslu annarrar upphæðar (hærri eða lægri) en á sendingunni stendur. Beiðnir um afnám eða breytingu á póstkröfuupphæð má senda bæði póstleiðis og símleiðis, og gilda um þær sömu reglur og nefndar eru í 12.3. um utanáskriftarbreytingar og afturköllun.

Þegar slík beiðni er send póstleiðis, skal nýtt póstkröfueyðublað fylgja beiðninni og nýtt fylgibréf, þegar um bögglapóstsendingu er að ræða.

12.5. **Áframsending.**

12.5.1. Hafi viðtakandi skipt um bústað, má senda sendinguna áfram til hans til annarrar póststöðvar, hafi hún ekki verið afhent á ákvörðunarpóststöðinni. Áframsending póstkröfusendingar getur þó ekki fengist, ef geymslutími sá, sem ákveðinn er fyrir umræddа sendingu, er liðinn áður en beiðst er áframsendingar. Venjulega almenna bréfapóstsendingu má senda áfram, þótt búið sé að afhenda hana af ákvörðunarpóststöðinni, að því tilskildu, að sendingunni sé skilað aftur á póststöðina, sem afhenti hana, óbreyttri að öðru leyti en því, að breytt sé um heimilisfang og ákvörðunarpóststöð. Hafi póststöðin aftur á móti — einkum þegar um prentsendingar er að ræða — grun um, að breyting hafi verið gerð á sendingunni eða um áframsendingu sé beðið í öðrum tilgangi en þeim, sem réttur er, verður ekki tekið við sendingunni aftur, nema undir hana sé greitt að nýju. Áframsending annarra póstsendinga en þeirra, sem að ofan getur, eftir að þær hafa verið afhentar á löglegan hátt, er ekki leyfð.

12.5.2. Nú er sending í flutningi áleiðis til ákvörðunarpóststöðvar, og má þá, eftir beiðni viðtakanda, senda hana áfram til hans frá póststöð á leiðinni, ef hægt er að ná sendingunni úr póstinum án óþæginda eða tafar á póstflutningnum. Beri sending eða fylgibréf, ef svo ber undir, áritun á framhlið um, að hana megi senda áfram, skal það tekið til greina.

12.5.3. Beiðni um áframsendingu skal vera skrifleg og sendast þeirri póststöð, sem á að framkvæma hana. Í beiðninni skal helst ef hægt er, geta þess, hve langan tíma áframsending til viðtakanda eigi að gilda. Sé enginn tími tilgreindur í beiðninni, gildir hún í næstu þrjá mánuði, talið frá þeim mánuði þegar hún var send, nema hún sé felld niður aftur, eftir beiðni viðtakanda. Skriflega beiðni þarf ekki um áframsendingu almennra bréfapóstsendinga, sem þegar hafa verið afhentar.

12.5.4. Sé um aukaburðargjald að ræða undir sendingu vegna áframsendingar, reiknast það á sama hátt og um getur hér að framan um aukaburðargjöld vegna utanáskriftarbreytingar eða afturköllunar. Þegar sending er send áfram, strikar póststöðin, sem það gerir, yfir hið upprunalega heimilisfang og staðarnafn og skrifar hið nýja í staðinn, og þar hjá orðið „Áframsent" undirstrikað.

12.5.5. Póstávísun — almenna eða síma — má senda áfram póstleiðis eða símleiðis. Sé ávísun send áfram símleiðis, er símskeytagjaldið dregið frá hinni upprunalegu ávísun.

12.6. **Áframsending margra bréfapóstsendinga saman.**

12.6.1. Almennar sendingar til sama manns, sem senda skal áfram, má setja í sérstök umslög, sem póst- og símamálastjórnin leggur til, og aðeins má rita á nafn viðtakanda og hina nýju utanáskrift hans. Þá má, þegar fjöldi sendinga er svo mikill, nota poka. Þegar það er gert, skal færa nauðsynlegar upplýsingar á sérstakan merkimiða, sem sé prentaður eins og umslagið.

12.6.2. Í áframsendingarumslög eða poka má ekki láta sendingar, sem fara eiga í tollskoðun, né sendingar, sem vegna lögunar sinnar, ummáls eða þyngdar kunna að valda skemmdum.

12.6.3. Umslagið eða pokann skal afhenda opið á póststöðinni, sem annast áframsendinguna, svo kostur gefist á að taka viðbótargjald, sem kann að hvíla á sendingunum, sem í því eru, eða þá að tilgreina á sendingunum gjald það, sem taka ber við komu, þegar burðargjaldsviðbótin er ekki greidd. Þegar póststöðin hefur lokið rannsókn, er umslaginu eða pokanum lokað og settur á þau T-stimpill, ef svo ber undir, til þess að gefa til kynna að innheimta

eigi burðargjald af öllum sendingunum eða einhverju í umslaginu eða pokanum.

12.6.4. Við komu til ákvörðunarstaðar má útburðarpóststöðin opna umslagið eða pokann og athuga innihaldið, og innheimtir hún, ef svo ber undir, viðbótargjöld þau, sem ekki hafa verið greidd.

12.6.5. Almennar bréfapóstsendingar til sjómanna og farþega um borð í sama skipi, eða til fólks á sameiginlegu ferðalagi, má fara með samkv. ákvæðum í 12.6.1. til 12.6.4. Í því tilviki skulu safnumslögin eða merkimiðar pokanna útbúnir með utanáskrift skipsins (skipaafgreiðslunnar eða ferðaskrifstofunnar o. s. frv.), sem þau eiga að afhendast til.

12.7. **Fyrirspurn um sendingu.**

12.7.1. Heimilt er sendanda póstsendingar eða viðtakanda að gera fyrirspurn um sendingu til póstþjónustunnar, og skal fyrirpurnin rituð á sérstakt eyðublað (ebl. 547, 548 og MP 4), sem póst- og símamálastjórnin gefur út og póststöðvarnar láta af hendi. Sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í póst samtímis og af sama sendanda til sama viðtakanda á sama ákvörðunarstað. Hafi póstávísun glatast, er hægt að fá eftirrit af henni með því að snúa sér til endurskoðunar pósts og síma, Reykjavík. Beiðni um slíkt eftirrit skal rituð á fyrirspurnareyðublað og afhent á útborgunarpóststöðinni, er sendir það áfram til endurskoðunarinnar með áritun um, að ávísunin hafi ekki verið borguð út. Sé spurst fyrir um póstkröfusendingu til útlanda, skal eftirrit af póstkröfuávísuninni fylgja.

12.7.2. Fyrirspurn um sendingu má afhenda hvaða póststöð sem er. Sé sú póststöð ekki viðtökupóststöð sendingarinnar, sendir hún fyrirspurnina til viðtökupóststöðvarinnar. Hafi fyrirspyrjandi fengið kvittun fyrir viðtöku sendingar þeirrar, er hann spyrst fyrir um, skal hún fylgja. Sé spurst fyrir um ábyrgðarsendingu, verðsendingu eða böggul, skal líking af utanáskrift sendingarinnar fylgja fyrirspurninni. Jafnskjótt og lokið er rannsókn, fær fyrirspyrjandi tilkynningu um niðurstöðuna.

12.7.3. Undir fyrirspurn um sendingu skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Þetta gjald er aðeins tekið einu sinni, þótt sama eyðublaðið sé notað undir margar fyrirspurnir, eins og leyft er samkvæmt 12.7.1. Hafi sendandi greitt móttökukvittun fyrir sendingunni, greiðir hann ekkert gjald.

12.7.4. Komi í ljós, að fyrirspurn hafi verið gerð vegna mistaka, sem póstmenn eru valdir að, á fyrirspyrjandi rétt á að fá fyrirspurnargjaldið endurgreitt.

13.0. **SKAÐABÆTUR, ÁBYRGÐ.**

13.1. **Skilyrði fyrir greiðslu skaðabóta.**

13.1.1. Fyrir glataðar almennar bréfapóstsendingar eru engar skaðabætur greiddar. Heldur ekki þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti. Fyrir ábyrgðarsendingu, sem glatast, meðan hún er í vörslu póstþjónustunnar, skal greiða sendanda skaðabætur, eins og þær eru ákveðnar í gjaldskrá fyrir póstþjónustu hverju sinni. Glatist eða eyðileggist innihald ábyrgðarsendingar að nokkru eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá og að því tilskildu, að búið hafi verið um sendinguna á tryggilegan hátt að dómi póst- og símamálastjórnarinnar.

13.1.2. Fyrir verðbréf og verðböggla, sem glatast úr vörslu póstþjónustunnar, greiðast sendanda skaðabætur allt að upphæð hins tilgreinda verðs. Glatist eða eyðileggist innihald slíkra sendinga, greiðast skaðabætur, er svara til hins

raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en hið tilgreinda verð. Hafi innihaldið verið skjöl, sem hægt er að ógilda, getur póst- og símamálastjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarréttur, er samsvari upphæð verðskjalanna, sé framseldur henni. Komist upp, að verðið hafi í sviksamlegum tilgangi verið tilgreint hærra en það í raun og veru var, skal engar skaðabætur greiða.

13.1.3. Þegar póstávísanir, þar með taldar póstkröfuávísanir, hafa verið réttilega innborgaðar á póststöð, ber póstþjónustan ábyrgð á, að upphæðir þeirra komist í hendur réttum viðtakendum eða sendendum á ný, ef ekki tekst að hafa upp á viðtakendum eða þeir neita móttöku. Komi í ljós, að upphæð er fyrir vangá póstþjónustunnar útborguð öðrum en réttum aðila, ber að bæta tjónið að fullu.

13.1.4. Glatist sending eða innihald sendingar með áhvílandi póstkröfu, fer um skaðabætur eftir því, hverrar tegundar sendingin er, en aldrei eftir upphæð póstkröfunnar. Hafi póstkröfusending verið afhent, án þess að póstkrafan hafi verið innleyst, hefur sendandi rétt til þess að krefjast þess af póst- og símamálastjórninni, að hún greiði sér póstkröfuupphæðina.

13.1.5. Almennir bögglar, sem glatast eða eyðileggjast, eru bættir sendendum, sem segir í gjaldskrá fyrir póstþjónustu á hverjum tíma. Glatist innihald þeirra eða eyðileggist, að nokkru leyti eða öllu, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá, og að því tilskildu, að um böggulinn hafi verið tryggilega búið að dómi póst- og símamálastjórnarinnar.

13.1.6. Sé ábyrgðarsending, verðsending eða böggull með öllu glötuð, á sendandi rétt á að fá burðargjaldið sjálft endurgreitt, en önnur gjöld, svo sem tryggingargjald, ábyrgðargjald o. s. frv. eru ekki endurgreidd. Skaðabætur eru ekki greiddar, þegar skaðinn orsakast af eðli innihaldsins eða af slæmum umbúðum né heldur, þegar sending hefur eigi skaddast að utan á umbúðum eða innsigli. Þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, ef fé er talið á viðtökupóststöðinni.

13.1.7. Skaðabætur fyrir póstsendingar, samkvæmt ofansögðu, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatast hefur, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi, peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans. Bætur greiðast aldrei vegna þess, að póstsendingum seinki, hver svo sem orsökin kann að vera.

13.1.8. Bætur greiðast því aðeins, að þeirra sé krafist innan árs, frá því að sendingunni var skilað til flutnings, en eigi er skylt að greiða þær fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því póst- og símamálastjórninni var tilkynnt um vanskilin. Nú hafa skaðabætur verið greiddar og sendingin eða innihald hennar kemur í leitirnar, skal þá hlutaðeigandi boðin hún gegn því, að hann endurgreiði skaðabæturnar og burðargjaldið ef svo ber undir.

14.0. BLÖÐ OG TÍMARIT

14.1. Almenn skilyrði.

14.1.1. Til þess að njóta sérstakra kjara um burðargjald, umfram það, sem gildir um almennar prentsendingar, verða blöð og tímarit að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Vera prentuð og gefin út á Íslandi.

b) Vera til sölu og áskriftar á almennum markaði.

c) Koma út nokkurn veginn reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

d) Vera prentuð í a. m. k. 1000 eintökum hverju sinni.
e) Hvert eintak vegi eigi meira en 500 grömm.
f) Efni blaðsins eða tímaritsins sé almennt, fjölbreytilegt lesefni, eins og tíðkast í blöðum og tímaritum, þ. e. fréttir, greinar, ljóð, ritgerðir, sögur o. s. frv., en ekki t. d. ein saga, ein grein o. s. frv.
g) Auglýsingar taki eigi meira en helming af rúmi blaðsins eða tímaritsins.
h) Á fyrstu síðu sé prentað áberandi og stóru letri, heiti blaðsins eða tímaritsins, árgangur og tölublað.
i) Í blaðinu eða tímaritinu sé birt nafn og heimili útgefanda, ábyrgðarmanns og ritstjóra, svo og hvar það sé prentað.

14.1.2. Ekkert fylgiblað, sem eigi er beinlínis tilheyrandi blaðinu eða tímaritinu, t. d. sérprentaðar auglýsingar má senda með blaðinu eða tímaritinu, jafnvel þótt á sé prentað eða stimplað nafn þess.

14.1.3. Rit, gefin út í þeim tilgangi eingöngu að auglýsa eða kynna sérstakar vörur, þjónustu eða viðskiptafyrirtæki, svo sem verðlistar, skrár, kynningarrit o. s. frv. varðandi vörur og þjónustu eins eða fleiri fyrirtækja verða ekki send sem blöð og tímarit.

14.1.4. Blaða- og tímaritasendingar til umboðsmanna mega vega allt að 20 kg.

14.1.5. Alþingistíðindi, Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi má taka til póstflutnings skv. þessum reglum þótt þau fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum þeirra.

14.2. **Innritun.**

14.2.1. Blað eða tímarit, sem óskast flutt í pósti gegn hinum sérstöku kjörum um burðargjald, skal innritað hjá póst- og símamálastjórninni. Útgefandi skal um það rita umsókn á sérstöku eyðublaði, þar sem tilgreint skal eftirfarandi:

a) Nafn blaðsins eða tímaritsins.
b) Nafn og heimili útgefanda.
c) Nafn og heimili ábyrgðarmanns.
d) Útgáfustaður.
e) Upplag blaðsins eða tímaritsins.
f) Póststöð, þar sem blaðið eða tímaritið óskast póstlagt.
g) Útgáfutíðni blaðsins eða tímaritsins.
h) Áskriftargjald.
i) Lausasöluverð.
j) Þyngd hvers eintaks.
k) Upplýsingar um það hvort blaðið eða tímaritið óskast flutt:
   a) beint til áskrifenda eða,
   b) til umboðsmanna, og hve mörg eintök til hvors.

Sýnishorn af blaðinu eða tímaritinu skal fylgja með.

14.2.2. Innritunargjald skv. gjaldskrá fyrir póstþjónustu skal greiða á viðkomandi póststöð í fyrsta sinn sem blaði eða tímariti er skilað til flutnings.

14.3. **Flutningur og dreifing.**

14.3.1. Blöð og tímarit, sem koma út oftar en einu sinni í viku eru ekki borin út á útgáfustað.

14.3.2. Blöð og tímarit, sem koma út oftar en tvisvar í viku skulu flutt á sama hátt og bréfapóstur, þ. e. eftir fljótustu leið. Önnur blöð og tímarit skulu flutt þannig að kostnaður við flutninginn verði í hófi.

14.4. **Burðargjöld.**

14.4.1. Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir póstþjónustu. Heimilt er að veita fréttablöðum, sem gefin eru út eigi sjaldnar en einu sinni í viku, allt að helmings afslátt frá burðargjaldinu.

14.5. **Viðtaka. Umbúnaður.**

14.5.1. Blöðum og tímaritum skal skilað á póststöð röðuðum eftir póstnúmerum (póstdreifingarumdæmum), götum í þéttbýli og sveitabæjum eftir nánari ákvörðun.

14.5.2. Burðargjald skal staðgreitt. Sendandi fær kvittun úr póstkvittunarbók fyrir blöð og tímarit. Sendingarnar eru ekki frímerktar og ekki dagstimplaðar.

14.5.3. Blað eða tímarit skal einvörðungu látið í póst á þeirri póststöð, sem tilgreind var í umsókninni. Vilji útgefandi skipta um viðtökupóststöð, skal hann sækja um það sérstaklega.

14.5.4. Blaða- og tímaritasendingar skulu útbúnar eftir sömu reglum og gilda um umbúðir prentsendinga. Á umbúðir skal prenta eða stimpla nafn blaðsins eða tímaritsins, árgang, tölublað og útgáfustað ásamt áletruninni „Innritað til póstflutnings".

14.5.5. Með sérstöku samkomulagi má senda blöð og tímarit án utanáskriftar, ýmist til áskrifenda, skv. sérstakri áskrifendaskrá eða á hvert heimili á tilteknu svæði til kynningar.

15.0. **MEÐFERÐ PÓSTS Á VIÐTÖKUPÓSTHÚSI.**

15.1. **Tölusetningarmiðar.**

15.1.1. Á ábyrgðarsendingar skal líma hvítan miða með nafni viðtökupósthúss, stafnum „R" og raðtölu. Á verðbréf rauðan miða með stafnum „V" nafni viðtökupósthúss og raðtölu.

15.1.2. Á almenna böggla og fylgibréf þeirra skal líma hvítan miða með svörtum stöfum og á verðböggla auk þess merkimiðann „Valeur déclarée".

15.1.3. Miða þessa fá póststöðvar eftir þörfum. Ábyrgðarmiðar eru í rúllum með 2000 miðum hver, en bögglamiðar í rúllum með 1000 miðum hver. Þar sem því verður við komið skal afgreiðslumaður líma tölusetningarmiðana á sendingarnar þegar í stað við viðtöku þeirra.

15.1.4. Á ábyrgðarsendingar og verðsendingar skal miðinn settur á sendinguna utanáskriftarmegin til vinstri. Miðann má ekki líma yfir frímerki eða aðra álímda miða, og ekki má hann heldur vera beygður yfir brún sendingarinnar.

15.1.5. Bögglamiðinn er í tveimur hlutum, minni hluta, sem líma skal á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, og stærri hluta, sem líma skal á sjálfan böggulinn, vinstra megin út undan nafni ákvörðunarpóststöðvar. Sé utanáskrift á viðbundnum merkiseðli, skal miðinn settur sem næst þeim stað á bögglinum, sem merkiseðillinn er bundinn við. Á merkiseðilinn má ekki líma miðann, nema ekki sé unnt að líma hann tryggilega á sjálfan böggulinn.

15.1.6. Séu fleiri en einn böggull látinn fylgja sama fylgibréfi, skulu miðarnir límdir á fylgibréfið, hver niður undan öðrum í réttri töluröð.

15.1.7. Þess skal gætt, að þeir sendendur, sem tölusetja ábyrgðarsendingar og böggla sjálfir, noti eigi lægra númer en 4000, en númer þar fyrir neðan séu eingöngu til notkunar á póststöðvunum sjálfum. Á tölusetningarmiða, sem bankar eða aðrar stofnanir nota skv. heimild póststöðvar til að tölusetja sjálfir sendingar sínar, má fyrir neðan nafn póststöðvar prenta smáu letri nafn þeirrar stofnunar eða fyrirtækis, sem í hlut á.

15.2. **Aðrir miðar.**

15.2.1. Miða sem póststöðvar kunna að líma á fylgibréf eða önnur eyðublöð, má ekki líma á afklippinginn. Gæta þarf þess að líma þá ekki yfir áletranir á fylgibréfi eða sendingu.

15.2.2. Á hraðboðasendingar skal líma rauðan miða með áletruninni „Exprès". Sé um böggul að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.

15.2.3. Á flugpóstsendingar skal líma bláan miða með áletruninni „Flugpóstur — Par avion". Sé um böggla að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.

15.2.4. Á póstkröfusendingar skal líma gulan miða, þríhyrndan. Þá láta póststöðvar einnig í té miða til að líma á brothætta böggla og rúmfreka, sem og sendingar í skipspósti.

15.2.5. Á smápakka til útlanda skal líma grænan tollmiða (ebl. C 1) og á alla smápakka hvítan miða með áletruninni „petit paquet — smápakki".

15.3. **Bókfærsla.**

15.3.1. Í viðtökubók (ebl. 567) skal skrá jafnóðum og í töluröð allar ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla.

15.3.2. Sendendur, sem nota póstkvittunarbækur í tvíriti (ebl. 567 b) og tölusetja sjálfir sendingar sínar, skulu letra raðtölu hverrar sendingar um sig í viðeigandi línu ásamt nafni viðtakanda og póststöð (ákvörðunarstað). Slíkar sendingar eru ekki færðar inn í viðtökubókina, en frumrit viðeigandi blaðsíðu úr póstkvittunarbókinni er síðan geymt, flokkað eftir sendendum.

15.3.3. Bókina skal færa eins og form hennar segir til um, og í hana má einungis skrifa með bleki.

15.3.4. Innborgaðar póstávísanir skal færa á lista yfir innborgaðar póstávísanir (ebl. 570), eins og form hans segir til um. Lista þessa skal senda endurskoðuninni á 10 daga fresti. Sérstök bók er fyrir innlendar póstávísanir og sérstök fyrir útlendar.

15.3.5. Innborgaðar póstávísanir skal senda útborgunarpósthúsi með fyrstu ferð sem fellur. Nota skal hin sérstöku umslög, sem til þess eru ætluð (ebl. 535).

15.4. **Notkun dagstimpils.**

15.4.1. Allar póstsendingar, að undanskildum innrituðum blöðum og tímaritum og fjöldasendingum, skal stimpla á viðtökupóststöð með dagstimpli, er sýni nafn póststöðvar og viðtökudag sendingarinnar. Sendingar, frímerktar með frímerkingarvél, þarf þó ekki að dagstimpla, nema hin áprentaða dagsetning sé röng.

15.4.2. Stimpla skal með dagstimpli öll íslensk frímerki, sem á sendingunni kunna að vera, nema ógild séu, hvort sem til þess þarf eina stimplun eða fleiri. Stimpillinn þarf ekki að þekja nema um þriðja hluta hvers frímerkis.

15.4.3. Eftirtaldar aðkomnar póstsendingar skal dagstimpla á bakhlið (póstkort á framhlið hægra megin): Sendingar skakkt sendar og sendar áfram, óskilasendingar, hraðboðasendingar, poste restante sendingar, ábyrgðarsendingar og verðsendingar. Auk þess skal stimpla póstkröfu við komu í viðeigandi reit. (Komustimpill).

15.4.4. Gæta skal þess að stimplar séu hreinir og sýni réttan dag.

15.4.5. Skipsbréf, þ. e. bréf, sem póstlögð hafa verið um borð í skipi á rúmsjó, skal dagstimpla á því pósthúsi, sem bréfin fær til áframflutnings. Jafnframt skal letra eða stimpla á bréfin orðið „paquebot".

16.0. MILLIVIÐSKIPTI PÓSTSTÖÐVA INNANLANDS.

16.1. Póstsendingaskrá.

16.1.1. Sérhverjum póstflutningi (afgreiðslu) skal fylgja póstsendingaskrá (ebl. 517), sem er í heftum þannig, að afrit skrárinnar verður eftir í heftinu, en frumritið skal senda með póstflutningnum.

16.1.2. Skrárnar skal tölusetja í áframhaldandi töluröð yfir árið fyrir hvert ákvörðunarpósthús um sig. Á fyrstu skrá ársins skal að auki tilgreina tölu síðustu skrár ársins á undan, t. d. 150/1.

16.1.3. Áður en færslan hefst, skal dagstimpla skrána og fylla út haus hennar, eins og hinn prentaði texti segir til um.

16.1.4. Á skrána skal færa nöfn viðtakenda og númer á hverju ábyrgðarbréfi og verðbréfi. Greina skal tilgreint verð. Á sama hátt skal farið með alla bögglа. Séu lausir bögglar í afgreiðslu skal þess getið í athugasemdadálki. Í athugasemdadálki skal geta þess, ef póstkrafa hvílir á einhverri sendingunni, eins ef hún á að berast út með hraðboða eða er endursend. Þess skal og getið á skránni, ef almennar hraðboðasendingar eru.

16.2. Skrárumslag.

16.2.1. Skráin er, að færslu lokinni, sett í skrárumslag, ásamt ábyrgðarbréfum, verðbréfum, hraðboðasendingum og bögglafylgibréfum. Bera skal saman sendingar og færslur, og skulu tveir starfsmenn annast þann samanburð, sé þess kostur. Undirrita þeir síðan skrána báðir.

16.2.2. Séu sendingar þær, sem um getur í 16.2.1., fleiri en svo, að þær komist í skrárumslagið, skal pakka þeim vandlega inn í sterkan pappír, sem síðan skal krossbinda og innsigla með plombu. Í skrárumslaginu skulu þá aðeins vera, auk skrárinnar sjálfrar, hugsanlegar hraðboðasendingar.

16.2.3. Skrárumslagið og verðbréfapakkann, ef svo ber undir, skal setja í verðpóstpoka, rauðan að lit. Almennar sendingar skal auk þess setja í verðpokann, ef þær eru einungis fáar. Fyrir pokann skal síðan rammlega bundið og í fyrirbandið fest merkispjald, rautt að lit, sem á skal letrað bæði nafn sendi- og ákvörðunarpóststöðva. Að lokum skal innsigla pokann með plombu.

16.3. Póstflutningsskrá.

16.3.1. Áður en póstflutningur er fenginn póstflytjanda, skal vega póstinn og fylla út póstflutningsskrá í jafn mörgum eintökum og ákvörðunarpóststöðvar eru, auk eins fyrir sendipóststöðina og eins fyrir flytjanda, líkt og form hennar segir til um, ebl. 525a fyrir skips- og bílpóst, en ebl. 525b fyrir flugpóst. Jafnframt er pósturinn færður inn í póstabók (ebl. 588). Póstflytjandi skal kvitta fyrir móttöku póstflutnings á eitt eintak skrárinnar, sem sendipóststöð skal geyma vandlega.

16.3.2. Þegar póstflytjandi hefur tekið við póstflutningi, telst hann ábyrgur fyrir honum og er skyldur til að bæta allt tjón og tap, er hljótast kann, meðan á flutningi stendur.

16.3.3. Póstflytjandi afhendir ákvörðunarpóststöð póstflutninginn ásamt tveimur eintökum póstflutningsskrárinnar. Þegar ákvörðunarpóststöðin hefur fullvissað sig um, að móttekinn póstflutningur sé í samræmi við það, sem á skrána er letrað og ásigkomulag hans sé óaðfinnanlegt, fær það póstflytjanda annað eintak skrárinnar undirritað, en heldur hinu, sem geyma skal vandlega.

16.4. **Leiðréttingarskýrsla.**

16.4.1. Reynist vanta poka, lausan böggul eða bréfaumslag, skal gera athugasemd þar að lútandi á skrána og taka skýrslu af póstflytjanda. Jafnframt skal síma til sendipóststöðvarinnar og tilkynna um vöntunina. Símtalið skal sömuleiðis staðfest í leiðréttingarskýrslu (ebl. 538), sem senda ber í ábyrgð með fyrstu póstferð.

Bæði sendi- og ákvörðunarpóststöð skulu þegar í stað gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að finna það, sem vantaði, t. d. skal hafa samband við alla viðkomustaði póstflytjandans. Reynist allt þetta árangurslaust, skal leita aðstoðar lögreglu og póst- og símamálastjórninni send skýrsla um málið.

16.5. **Upptaka pósts.**

16.5.1. Tveir starfsmenn skulu standa að því sameiginlega að taka upp póst, svo framarlega sem það er unnt. Fyrst skulu þeir ganga úr skugga um, að fyrirbönd og innsigli séu eins og vera ber, en opna síðan verðpóstpokann og bera innihald hans saman við skrána, eftir því sem við á, og að auki fylgibréf við böggla. Að þessum samanburði loknum, kvitta þeir á skrána og fullvissa sig jafnframt um, að rétt númer sé á henni, miðað við næstu skrá á undan frá sömu sendipóststöð. Reynist svo ekki vera, skal senda leiðréttingarskýrslu til sendipóststöðvar.

16.5.2. Komi í ljós, að sendingar vanti, gleymst hafi að færa þær á skrána, þær hafi skaddast eða eyðilagst eða um ónákvæmni í innfærslu sé að ræða, skal útbúa leiðréttingarskýrslu til handa sendipóststöð. Séu skemmdir slíkar, að ætla megi, að innihald vanti að einhverju eða öllu leyti, skal kveðja viðtakanda til að gera skýrslu um málið, sem sendist póst- og símamálastjórninni.

16.5.3. Við upptöku á pósti skal venda öllum pokum þannig, að tryggt sé að engar sendingar verði eftir í þeim.

16.5.4. Alla tóma póstpoka, sem ekki þarf að nota, skal senda Póststofunni í Reykjavík.

16.6. **Magnskráning.**

16.6.1. Póst- og símamálastjórnin getur ákveðið, sem undantekningu frá 16.1.4., að í viðskiptum tiltekinna póststöðva skuli ábyrgðarsendingar eða bögglar ekki færast hvert fyrir sig á skrána, heldur aðeins fjöldi þeirra. Skal þá rita heildartöluna á skrána og draga hring um hana, t. d. Áb. 32. Ábyrgðarsendingar og bögglar, sem fara eiga til annars ákvörðunarstaðar en afgreitt var til skal þó ævinlega færa eina og eina, svo sem í 16.1.4. segir. Sama gildir um endursendar ábyrgðarsendingar og böggla.

17.0. **MEÐFERÐ PÓSTS Á ÁKVÖRÐUNARPÓSTSTÖÐ.**

17.1. **Bókfærsla.**

17.1.1. Ábyrgðarsendingar, verðbréf og bögglar og almennir bögglar skulu bókfærast í móttökubók (ebl. 568) þegar við komu eða þegar stimplun er lokið, eins og form bókarinnar segir til um. Í bækur þessar skal skrifa með bleki. Viðtakendur sendinga þessara kvitta í móttökubókina fyrir móttöku þeirra, nema um sé að ræða böggla, þá á fylgibréfin.

17.1.2. Hvíli póstkrafa á ofangreindum sendingum, skal að auki færa þær í póstkröfubók (ebl. 572), eins og form hennar segir til um. Jafnóðum og kröfur

eru leystar inn (eða endursendar óinnleystar), skal rita dagsetninguna, þegar þær eru innleystar (endursendar).

17.1.3. Allar þessar sendingar skulu tölusetjast með svonefndu komunúmeri, í áframhaldandi röð fyrir hverja tegund sendingar og hvern mánuð.

17.1.4. Póst- og símamálastjórnin getur heimilað, að ábyrgðarsendingar og almennir bögglar séu ekki færðir í móttökubók. Viðtakendur ábyrgðarsendinga kvitta fyrir móttöku sendinganna á tilkynningareyðublöðin (ebl. 583), sem svo geymast á sama hátt og kvittuð fylgibréf, eftir afhendingardögum og í stafrófsröð viðtakenda.

17.1.5. Fylgibréf skulu geymd á tryggan hátt í eitt ár, en sendast síðan til endurskoðunar pósts og síma.

17.1.6. Póstávísanir skulu að útborgun lokinni færast á lista yfir útborgaðar póstávísanir (ebl. 534b), sem sendist endurskoðun pósts og síma á 10 daga fresti.

17.2. **Skaddaðar póstsendingar.**

17.2.1. Hafi umbúðir almennrar bréfapóstsendingar eða ábyrgðarsendingar opnast eða skaddast þannig, að ná megi til innihaldsins, skal búa um sendinguna á ný í gegnsætt umslag eða með límræmu, sem á skal letra eða stimpla nafn póststöðvar og að búið hafi verið um sendinguna að nýju.

17.2.2. Séu peningar eða verðmæti í sendingunni og ná megi til þeirra, skal viðkomandi starfsmaður kalla til annan starfsmann til þess að vera vitni. Skulu þeir í sameiningu kanna innihaldið og skrá niðurstöðu þeirrar athugunar utan á umbúðirnar, er þeir hafa búið um hana á ný. Hafi verið um almenna bréfapóstsendingu að ræða, skal hún send áfram í ábyrgð og viðtakandi krafinn um ábyrgðargjald.

17.2.3. Bögglar, sem bera merki þess að innihaldið hafi skemmst í flutningi, skulu teknir til viðeigandi meðferðar og umbúnir á ný, ef þörf krefur. Letra skal á þá athugasemd þar að lútandi.

17.2.4. Beri póstsending ótvíræð merki þess, að frímerki hafi dottið eða verið tekið af henni, skal hún, án tillits til þess, hvort frímerki þau, sem eftir eru, sýni nægjanlegt burðargjald eða ekki, áletruð athugasend um það.

17.2.5. Komi verðsending eða ábyrgðarsending til ákvörðunarpóststöðvar öðruvísi útbúin en fyrir er mælt, ber að gera viðtakanda aðvart um það á tilkynningunni um sendinguna. Sama gildir og, ef umbúðir eru skaddaðar til muna, eða innsigli skaddað eða rofið.

17.2.6. Óski viðtakandi þess, að sending sé athuguð, er póstmaður sá, er afhendir sendinguna, skyldur til að vera viðstaddur meðan verið er að rannsaka hinn ytri umbúnað hennar. Séu umbúðir skaddaðar eða beri merki þess, að innihaldið hafi skaddast, getur viðtakandi krafist þess, að póstmaður sé viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gerast á póststöðinni um leið og sendingin er afhent.

17.2.7. Þegar um er að ræða verðsendingu, sem á er ritað, að talið hafi verið í við viðtöku, getur viðtakandi krafist, að póstmaður sá, er afhendir sendinguna, sé viðstaddur meðan talið er í henni, enda sé það gert á póststöðinni samstundis og afhending fer fram. Sjáist engar skemmdir á sendingu eða sé um að ræða verðsendingu, sem ekki hefur verið talið í af póstmanni við viðtöku, mega póstmenn ekki vera viðstaddir, þegar innihaldið er rannsakað.

18.0. **Framkvæmd og gildi reglugerðarinnar.**

18.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. grein póstlaga nr. 31/1940 til að öðlast þegar gildi.

Brot gegn reglugerðinni varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 170 um notkun pósts frá 17. september 1963 og allar síðari breytingar.

Samgönguráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 338. 30. ágúst 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Barböru Árnason, til styrktar íslenskum myndlistarmönnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. ágúst 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Barböru Árnason, til styrktar ísl. myndlistarmönnum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með einni milljón króna af fé því, sem inn kom á yfirlitssýningu á verkum hennar, sem haldin var á Kjarvalsstöðum 26. júní til 20. júlí 1976.

2. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, heldur skal vöxtum hans varið til styrktar einum listamanni ár hvert. Fjár til sjóðsins skal aflað með sölu minningarspjalda o.fl.

3. gr.

Úthlutun fer fram á afmæli listakonunnar 19. apríl. Úthlutun fer þannig fram, að dregið skal á milli þeirra, sem um styrkinn sækja hverju sinni. Æskilegt væri að sjóðurinn efldist svo, að tveir listamenn gætu hlotið styrkinn árlega. Það vakti fyrir sjóðsstofnendum, að styrkurinn væri notaður til utanfarar, en þó skal styrkþega heimilt að nota hann eins og honum best líkar.

4. gr.

Þeir af styrkþegum, sem vilja, geta látið listaverk af hendi rakna, sem síðar yrði selt til eflingar sjóðnum; en þetta er engin kvöð.

5. gr.

Sjóðsstjórnina skipa Magnús Á. Árnason, Vífill Magnússon og formaður Félags íslenskra myndlistarmanna. Að Magnúsi frá föllnum skal listfræðingur Kjarvalsstaða taka sæti í stjórn hans, og að Vífli frá föllnum forseti Bandalags íslenskra listamanna.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A 1. Um kWst.-mæli á kr. 28.85 hver kWst.

A 2. Um kWst.-mæli á kr. 12.80 hver kWst., auk fastagjalds af gólffleti, er nemi kr. 128.00 á ferm. á ári í rúmi því, er lýsa á.

A 3—6. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólffleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:

a. Orkugjald kr. 12.00 hver kWst.

b. Grunngjald (mælisleiga innifalin):
Af einfasamælingu kr. 1 280.00 á ári.
Af þrífasamælingu kr. 2 560.00 á ári.

c. Herbergisgjald kr. 1 280.00 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem eru minni en 5 ferm., skal reikna sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

C 1. Um kWst.-mæli á kr. 20.85 hver kWst.
Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.

C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af mældu afli kr. 13 888.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 4.40 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 2.54 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 1.28 hver kWst.

C 3. Um kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af uppsettu afli véla kr. 12 500.00 á hvert kW í málraun véla.

b. Orkugjald:
0—2500 kWst./kW kr. 4.40 hver kWst.
2500—4000 kWst./kW kr. 2.54 hver kWst.
Yfir 4000 kWst./kW kr. 1.07 hver kWst.

Ofangreindir taxtar C 2 og C 3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. 40% á taxta C 2).

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWst.-gjald umræðds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0.85.

Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasviksstuðull spennanna sé eigi lægri en 0.85.

D. Hitun.

D 1. Um kWst.-mæli á kr. 3.85 hver kWst. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).

D 3. Um kWst.-mæli á kr. 5.12 hver kWst. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

Skilyrði fyrir sölu raforku til hitunar eru, að:

Vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 12.00 hver kWst., enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.

F 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 22.50 hver kWst.

F 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 80 220.00 á hvert kW/ár uppsett fl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.

F 5. Til götu- og útilýsingar á kr. 32 090.00 á hvert kW/ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1.	Af einfasa kWst.-mælum 60 A og minni	kr.	400.00 á ári
2.	Af þrífasa kWst.-mælum 60 A og minni	—	800.00 — —
3.	Af þrífasa kWst.-mælum (straumspennamælum)	—	1 280.00 — —
4.	Af mestaaflsmælum 60 A og minni	—	2 560.00 — —
5.	Af mestaaflsmælum yfir 100 A (straumspennamælum)	—	2 560.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/ Málraun	Stofngjald Kr.	Lengdargjald[1] Kr./m
63 A einfasa	82 700	1 920
63 A þrífasa	90 700	2 380
100 A þrífasa	108 000	2 870
200 A þrífasa	175 000	3 580
315 A þrífasa	350 000	5 570
300 kVA þrífasa	512 000	skv. kostnaði
500 kVA þrífasa	845 000	skv. kostnaði
800 kVA þrífasa	1 344 000	skv. kostnaði

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

		Lengdargjald[1][2]	
Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A einfasa	15 100	1 730	25 600
63 A þrífasa	20 500	2 180	28 900
100 A þrífasa	22 300	2 560	34 600

A merkir málraun stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veltunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 880.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 880.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur á raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma. Hækkun samkvæmt ofanskráðu er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur, viðlagasjóðsgjald og gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu ásamt 13% verðjöfnunargjaldi, er innifalin í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 423 17. september 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 340. 20. ágúst 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Magdalenu Guðjónsdóttur, hjúkrunarkonu og hjónanna Kristínar Guðjónsdóttur og Sigfúsar Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. ágúst 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóður Magdalenu Guðjónsdóttur, hjúkrunarkonu og hjónanna Kristínar Guðjónsdóttur og Sigfúsar Jónssonar.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, er dánargjöf Sigfúsar Jónssonar, framkvæmdastjóra, skv. arfleiðsluskrá dags. 25. september 1971, en Sigfús Jónsson andaðist 26. júlí 1975. Höfuðstóllinn nemur alls kr. 6 968 730.00 miðað við 10. ágúst 1976.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er skv. erfðaskrá, að líkna og styrkja börn og unglinga undir 15 ára aldri, þeim, sem þurfa á hjálp að halda vegna sjúkdóma, sérstaklega þeim, sem eru í tengslum við Barnaspítala Hringsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skv. ákvæðum erfðaskrár, skipuð þrem mönnum þannig: Formanni Kvenfélagsins Hringsins, yfirlækni Barnaspítala Hringsins og einum af núverandi eigendum Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar, eða einum af þeim, er síðar eignast Málflutningsskrifstofuna. Skal sá aðili vera formaður sjóðstjórnarinnar. Stjórnin heldur fundargerðarbók og skulu fundargerðir undirritaðar í lok fundar. Fundur skal boðaður af formanni, sem ákveður fundarstað og fundartíma, en fundir eru því aðeins lögmætir, að tveir af stjórnarmönnum séu mættir.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Stjórnin skal leitast við að ávaxta eignir sjóðsins á þann hátt, að rýrnun höfuðstóls verði sem minnst, t. d. með því að ávaxta hann með vísitölutryggðum skuldabréfum eða fasteignum.

5. gr.

Stjórnin ákveður hverjir hljóta styrk úr sjóðnum. Heimilt er að hafa samvinnu við stjórn Kvenfélagsins Hringsins og þeirra er fara með málefni Barnaspítala Hringsins, um úthlutun hverju sinni. Afl atkvæða ræður bæði hvað varðar ráðstöfun eigna og styrkveitingar úr sjóðnum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélagsins Hringsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

25. ágúst 1976. Nr. 341.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðar Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 9—18.
Laugardaga kl. 11—12.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1975.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Hluti af sölugjaldi			kr. 1 165 445 015
2. Hluti af aðflutningsgjöldum			— 524 812 783
3. Landsútsvör annarra en banka	kr.	353 730 563	
— Fjórðungshluti sveitarfélaga	—	88 346 113	
			— 265 384 450
4. Landsútsvör banka			— 20 258 880
		Tekjur	kr. 1 975 901 128
5. Vaxtatekjur			— 30 216 857
		Vergar tekjur	kr. 2 006 117 985

Gjöld:

1. Framlag til sveitarfélaga skv. 13. gr.	kr.	1 710 241 907
2. Aukaframlag til sveitarfélaga skv. 15. gr.	—	56 350 000
3. Fólksfækkunarframlag skv. 16. gr.	—	39 045 399
4. Framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga	—	19 759 011
5. Framlag til Landshlutasamtaka sveitarfélaga	—	19 759 077
6. Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga	—	100 305 899
7. Útgjöld Innheimtustofnunar sveitarfélaga	—	8 085 461
8. Útgjöld Innheimtustofnunar sveitarfélaga:		
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga	—	2 095 560
Tekjuafgangur 1975	—	50 475 737
	Kr.	2 006 117 985

Efnahagsreikningur.

Eignir:

Veltufjármunir:

1. Ríkissjóður, viðskiptareikn.	kr.	254 162 542
2. Innheimtuumdæmi ríkissjóðs	—	165 671 220
3. Seðlabanki Íslands, hlaupareikningur	—	27 777 657
4. Sementsverksmiðja ríkisins, viðskiptareikn.	—	10 540 000
5. Sveitarfélög, viðskiptareikningar	—	145 734
Veltufjármunir samtals	kr.	458 297 153

Fastafjármunir:

1. Innheimtustofnun sveitarfélaga	kr.	350 372 753	
2. Siglufjarðarkaupstaður, skuldabr.	—	5 000 000	
3. Skútustaðahreppur skuldabr.	—	2 000 000	
			kr. 357 372 753
			Kr. 815 669 906

Skuldir:

Skammvinnt fjármagn:			
1. Sveitarfélög, viðskiptareikn.	kr.		56 377 117
2. Lánasjóður sveitarfélaga	—		20 305 899
3. Landshlutasamtök sveitarfélaga	—		10 062 243
4. Innheimtustofnun sveitarfélaga	—		8 085 461
5. Samband íslenskra sveitarfélaga	—		2 862 243
Skammvinnt fjármagn samtals	kr.		97 692 963
Framlagsfé vegna sveitarfélaga:			
1/1 1975. Frá fyrra ári	kr.	325 287 687	
Framlag 1975	—	1 710 241 907	
	Kr.	2 035 529 594	
— Úthlutun 1975	—	1 494 592 386	
	kr.		540 937 208
Eigið fé:			
Höfuðstóll 1/1 1975	kr.	126 563 998	
Tekjuafgangur 1975	—	50 475 737	
	—		177 039 735
	Kr.		815 669 906

Félagsmálaráðuneytið, 17. ágúst 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.

10. september 1976. Nr. 343.

SAMÞYKKT

um hundahald í Njarðvík.

1. gr.

Hundahald er bannað í Njarðvík, að undanskildum þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í bænum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega.

c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn á leikvelli, skóla, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvara er um hönd höfð.

e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti, Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Njarðvíkur staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. september 1976.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 344. 12. ágúst 1976.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Akureyri:

1. Umferð um Furuvelli skal víkja fyrir umferð um Hvannavelli (biðskylda).
2. Umferð frá Stórholti og Langholti skal víkja fyrir umferð um ónefnda götu, sem tengir Hörgárbraut við Krossanesbraut. Umferð um þessa nafnlausu götu skal víkja fyrir umferð á Skarðshlíð.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Tryggvabraut frá Glerárgötu að Hjalteyrargötu.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þórunnarstræti frá Munkaþverárstræti að Glerárgötu.
5. Framúrakstur er bannaður á Skipagötu frá Kaupvangsstræti og norður fyrir verslunarhús Kjarna.
6. Bifreiðastöður eru bannaðar á 30 m kafla til norðurs frá gangbrautinni við Hafnarstræti 20.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 12. ágúst 1976.

Ófeigur Eiríksson.

Stjórnartíðindi B 31—32, nr. 326—344. Útgáfudagur 24. september 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1976

22. september 1976. 669 Nr. 345.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 119 30. apríl 1976 um innflutningsgjald af bifreiðum, sbr. reglugerð nr. 245 28. júní 1976 um breytingu á henni.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Þá skal eigi innheimta innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollívilnana skv. 27. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. Skal niðurfelling gjaldsins þó aldrei vera hærri en 50% af tollverði viðkomandi bifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 22. september 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

8. september 1976. Nr. 346.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 58 30. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið staðfest þessar samþykktir fyrir byggingarsamvinnufélög:

1. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag ungs fólks í Kópavogi. Varnarþing er Kópavogur. Staðfest 1. júní 1976.
2. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag ungs fólks í Reykjavík. Varnarþing er Reykjavík. Staðfest 3. júní 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 8. september 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 33, nr. 345—346. Útgáfudagur 28. september 1976.

B 84

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 34 — 1976

Nr. 347. 670 26. september 1976.

REGLUGERÐ

um námslán og námsstyrki.

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Berist umsókn um aðstoð til náms við stofnun sem eigi hefur verið veitt aðstoð til náms við áður ber sjóðnum að kanna hvort stofnunin uppfylli skilyrði 1. mgr. Jafnframt ber sjóðnum að afla upplýsinga um námsskipan, námstíma og tilhögun þá sem við stofnunina tíðkast um eftirlit með árangri og ástundun námsmanna. Skylt er umsækjendum að aðstoða sjóðinn við slíka upplýsingaöflun.

2. gr.

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.
Fósturskóli Íslands, 3. ár.
Húsmæðrakennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Iðnskólar, framhaldsdeildir 3. ár.
Íþróttakennaraskóli Íslands, lokaár.
Leiklistarskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Stýrimannaskólar.
Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.
Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tæknинám, annað en meinatækni.
Vélskólar.
Nám á tæknifræðistigi og meinatæknинám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, telst aðstoðarhæft skv. 1. gr

3. gr.

Öðrum námsmönnum en þeim er falla undir 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar verður því aðeins veitt námsaðstoð skv. heimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976 að fyrir liggi rökstuðningur sem sjóðsstjórn metur gildan.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Auk íslenskra námsmanna skulu námsmenn frá Norðurlöndum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis eiga kost á námsaðstoð skv. reglugerð þessari, enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu, sbr. samkomulag milli Norðurlanda um það efni. Einnig er stjórn lánasjóðsins heimilt að veita aðstoð einstökum öðrum erlendum námsmönnum sem eins er háttað um.

5. gr.

Um skipan stjórnar lánasjóðsins fer eftir 4. gr. laga nr. 57/1976.

Nefnd skipuð einum fulltrúa frá námsmannasamtökum hverrar innlendrar námsstofnunar sem reglugerðin tekur til, að Háskóla Íslands undanskildum, tilnefnir einn fulltrúa í sjóðsstjórn til tveggja ára ásamt varafulltrúa hans.

II. KAFLI

Umsóknir um námsaðstoð.

6. gr.

Auglýsa skal með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námsaðstoð frá sjóðnum.

Í auglýsingu skal taka fram hverja flokka námsaðstoðar sé um að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur gögn séu fáanleg, skilafrest umsókna og annað það er máli skiptir.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins skal jafnan vera unnt að fá í innlendum námsstofnunum sem aðstoðarhæft nám er stundað við og í sendiráðum Íslands erlendis.

7. gr.

Sækja skal sérstaklega um námsaðstoð fyrir hvert almanaksár eða annað tímabil sem auglýst kann að vera hverju sinni. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sjóðsins og skal þeim ásamt tilskildum gögnum komið til sjóðsins fyrir lok skilafrests sem sjóðsstjórn ákveður. Berist sjóðnum eigi öll umbeðin gögn á tilskildum tíma, verður námsaðstoð eigi veitt nema sérstakar ástæður valdi, sem sjóðsstjórn metur gildar. Verði breytingar á högum umsækjanda eftir að umsókn var lögð fram, er honum skylt að skýra sjóðnum frá þeim, ef ætla má að þær skipti máli við ákvörðun um námsaðstoð.

8. gr.

Ef fram koma nýjar upplýsingar sem varða forsendur námsaðstoðar, er sjóðsstjórn heimilt að breyta ákvörðun um fjárhæð, og fella skal aðstoð niður, ef í ljós kemur að umsækjandi hafi vísvitandi veitt rangar upplýsingar.

9. gr.

Sé umsókn ekki tekin til greina við veitingu námsaðstoðar skal umsækjanda skýrt frá því og ástæður tilgreindar.

III. KAFLI

Námslán.

10. gr.

Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna skal árlega vegna fjárlagaundirbúnings gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir, og í upphafi hvers fjárlagaárs skal fjárhagsáætlunin endurskoðuð með hliðsjón af fjárveitingum og tekin ákvörðun um skiptingu ráðstöfunarfjár milli einstakra flokka námsaðstoðar og annarra útgjalda sjóðsins, svo og milli úthlutunar-

tímabila á árinu. Hina endurskoðuðu áætlun, svo og hugsanlegar síðari breytingar, skal leggja fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

11. gr.

Sjóðsstjórn skal árlega gefa út úthlutunarreglur að fengnu samþykki ráðherra. Úthlutunarreglurnar skulu hverju sinni miðaðar við að umráðafé sjóðsins til lána verði ráðstafað til lánshæfra umsækjenda með tilliti til:

a) Framfærslukostnaðar og námskostnaðar á námsstað eða í námslandi, sem sjóðsstjórnin lætur kanna, svo og ferðakostnaðar, ef nám er stundað erlendis, sbr. þó 22. gr.
b) Lengdar árlegs námstíma.
c) Hversu langt námsmaður er kominn með nám sitt.
d) Fjölda þeirra sem lánþegi hefur á framfæri sínu.
e) Efnahags námsmanns og maka hans, tekna þeirra eða möguleika á tekjuöflun meðan á námi stendur.
f) Námsaðstoðar sem námsmaður eða maki hans nýtur frá opinberum aðilum eða stofnunum hérlendis eða erlendis, ættingjum eða venslamönnum í formi fjárframlaga eða aðstöðu, svo sem húsnæðis o. þ. h.

Ákvæði um maka í þessari grein taka einnig til sambýlisfólks samkvæmt skilgreiningu í 3. málsgrein 8. gr. laga nr. 57/1976.

12. gr.

Áður en útborgun námsláns getur hafist skulu sjóðnum hafa borist skilríki frá námsstofnun um námsárangur eða ástundun námsmanns á yfirstandandi námstímabili. Þá skal lántakandi og leggja fram yfirlýsingu tveggja ábyrgðarmanna, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1976.

13. gr.

Stefnt skal að því, að námslán verði borguð út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á árlegu námstímabili, enda hafi öll tilskilin gögn borist sjóðnum í tæka tíð. Breytist fjárhæð námsláns á árinu vegna breyttra forsendna skal ákveða þær útborganir, sem eftir eru, í samræmi við endanlega ákvörðun um námslánið.

14. gr.

Sé námsmanni veitt víxillán til bráðabirgða, sbr. 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 57/1976, skal draga það frá útborgun endanlegrar námsaðstoðar, en falli námsaðstoð niður eða nægi eigi til greiðslu víxilsins gengur hann eða eftirstöðvar hans til innheimtu, nema framlenging komi til vegna sérstakra ástæðna að mati sjóðsstjórnar.

IV. KAFLI

Endurgreiðslur.

15. gr.

Einu ári eftir námslok falla lán þau sem veitt hafa verið gegn yfirlýsingum ábyrgðarmanna í gjalddaga ásamt verðbótum.

Verðbætur reiknast í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar skv. ákv. laga nr. 70/1967 frá fyrsta nýjum „gildistökudegi vísitölu“ eftir að lán eða hluti þess er greiddur út til næsta „gildistökudags vísitölu“ áður en lán er endurgreitt eða lánþegi undirritar skuldabréf til greiðslu á því.

Séu lán þessi ásamt verðbótum eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga skal námsskuldin innheimt ásamt áföllnum kostnaði.

16. gr.

Í skuldabréfi skv. 15. gr. skal tilgreina höfuðstól, þ. e. samtölu lána og verðbóta, og grunnvísitölu bréfsins sem miðast við næsta „gildistökudag vísitölu“ áður en skuldabréfið er gefið út.

Lánþegi skal útvega ábyrgðaraðila sem sjóðsstjórn metur gilda eða leggja fram fullnægjandi veðtryggingu.

Í skuldabréfi skal taka fram afborgunarskilmála og afborgunardaga fyrir fasta árlega afborgun sbr. 17. gr. og aukaafborgun sbr. 18. gr.

17. gr.

Gjalddagi fastrar árlegrar afborgunar er 1. mars ár hvert, í fyrsta sinn 3 árum eftir námslok.

Föst árleg afborgun skal vera 10 000.00 kr. vegna hvers byrjaðs námsárs, sem lánþegi hefur notið námsaðstoðar skv. lögum nr. 57/1976, allt að 40 000.00 kr. Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu framfærslukostnaðar 507 stig og hækka í hlutfalli við breytingar á henni til næsta „gildistökudags vísitölu“ fyrir gjalddaga ár hvert.

18. gr.

Gjalddagi aukaafborgunar er 1. september ár hvert, í fyrsta sinn á sama ári og fyrsti gjalddagi fastrar afborgunar.

Aukaafborgun skal vera ákveðinn hundraðshluti af vergum tekjum umfram viðmiðunartekjur skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1976. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn árlega og gilda fyrir þau skuldabréf sem gefin eru út á því ári.

Hundraðshluti þessi (h) miðast við:

a) RL: Samanlögð meðalárslán allra lánþega skv. 1. gr. síðustu fjögur ár, talið frá síðasta ári, sem lánþegi naut aðstoðar, umreiknuð miðað við vísitölu framfærslukostnaðar 1. maí ár hvert til þeirrar vísitölu (v) 1. maí árið áður en skuldabréf er gefið út.

b) VT: Viðmiðunartekjur lánþega með maka og tvö börn 1. maí árið fyrir útgáfu skuldabréfs.

c) Að lánþegi með maka og tvö börn endurgreiði höfuðstól lánsins að fullu á 20 árum, ef verðlag er stöðugt og hann hefur tvöfaldar viðmiðunartekjur.

Hundraðshlutinn (h) verður þá:

$$h = \frac{RL\ 40\,000 \cdot v/507 \cdot 20}{20 \cdot VT} \cdot 100$$

19. gr.

Afborganir samkvæmt 17. og 18. gr. skiptast á höfuðstól og verðbætur þannig, að upp í höfuðstól telst greiddur sá hluti afborgana, sem svarar til hlutfallsins grunnvísitala skuldabréfs á móti vísitölu á gjalddaga.

Skuldabréf er að fullu greitt þegar höfuðstóll er að fullu endurgreiddur, eða greiddar hafa verið afborganir í tuttugu ár.

Heimilt skal lánþega að endurgreiða skuld sína hraðar en ákveðið er með ákvæðum 17. og 18. gr. Slíkar viðbótarafborganir skiptast á höfuðstól og verðbætur eftir sömu reglu og aðrar afborganir sbr. 1. mgr. og hafa ekki áhrif á endurgreiðslur að öðru leyti en því, að fullnaðargreiðslu verður lokið fyrr.

20. gr.

Séu árlegar afborganir ekki inntar af hendi á réttum tíma telst öll skuldin gjaldfallin og skal innheimt á kostnað lántaka, nema sérstakar ástæður valdi að mati sjóðsstjórnar, sem getur þá samið um greiðslufrest.

21. gr.

Sjóðsstjórn getur samið um undanþágu frá endurgreiðslureglum ef lánþegi býr við stórlega skertar fjárhagsástæður til langframa, t. d. vegna örorku.

Sjóðsstjórn er heimilt að fella niður kröfur á dánarbú látins námsmanns, ef sýnt þykir að ella leggist óeðlileg greiðslubyrði á erfingja hans.

V. KAFLI

Námsstyrkir.

22. gr.

Því fé sem árlega er til ráðstöfunar til ferðastyrkja skv. endurskoðaðri fjárhagsáætlun sjóðsins, sbr. 10. gr. reglugerðar þessarar, skal ráðstafað til umsækjenda sem stunda aðstoðarhæft nám fjarri heimili sínu, innan lands eða utan. Skal fjárhæð hvers ferðastyrks ákveðin með tilliti til ferðakostnaðar milli námsstaðar og heimilis, og skulu þeir námsmenn erlendis er stunda nám er eigi verður stundað hérlendis ganga fyrir.

Ferðastyrkur vegna náms innanlands verður því aðeins veittur að sams konar nám verði ekki stundað þar sem umsækjandi á heima.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita viðbótarstyrk, ef sérstaklega er um það sótt og umsækjandi færir að því rök að sérstakar ástæður geri honum nauðsynlegt að fara oftar en einu sinni á ári milli heimilis og námsstaðar.

23. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni jöfnunarstyrk umfram veitt námslán vegna húsnæðiskostnaðar innanlands enda verði námsmaður að flytjast búferlum námsins vegna.

24. gr.

Sjóðstjórn er heimilt samkvæmt sérstakri umsókn að veita námsmanni námsstyrk umfram veitt námslán, enda geri örorka, heimilisaðstæður eða annað það sem eigi verður talið á valdi námsmanns honum illmögulegt að stunda nám sitt ella.

25. gr.

Námsstyrkir samkv. ákvæðum þessa kafla skulu að öðru jöfnu greiddir samtímis námslánum samkv. III. kafla reglugerðarinnar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

26. gr.

Heildarsamtök íslenskra námsmanna erlendis geta farið þess á leit við ráðherra, að Lánasjóður íslenskra námsmanna innheimti félagsgjald til samtakanna af þeim námsmönnum sem njóta aðstoðar frá sjóðnum til náms erlendis. Í umsókn skal stjórn samtakanna gera grein fyrir starfsemi þeirra, einkum að því er varðar fyrirgreiðslu við námsfólk, og gera tillögu um gjaldfjárhæð.

Verði ráðherra við slíkum tilmælum skal í bréfi ráðuneytisins til sjóðsstjórnar auk nafns og heimilisfangs samtakanna greina fjárhæð árgjalds, gjaldskyldu námsmanna og innheimtuskyldu sjóðsstjórnar, sbr. 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 57/1976.

27. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 16. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um úthlutun lána og styrkja, settar samkv. lögum nr. 7/1967.

Ákvæði til bráðabirgða.

Haustið 1976 skal veita námsaðstoð til eins námsmisseris, þ. e. fyrir tímabilið til ársloka 1976.

Meðan unnið er að skipulagningu mánaðarlegra útborgana, sbr. 13. gr., skal útborgun námsaðstoðar skipt eftir því sem föng eru á.

Menntamálaráðuneytið, 26. september 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

8. október 1976. Nr. 348.

REGLUGERÐ

um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

Happdrætti Háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu Háskóla Íslands. Heimili þess, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Ágóða af rekstri happdrættis háskólans skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast.

Af nettó ársarði happdrættisins greiðast í ríkissjóð 20% í einkaleyfisgjald. Rennur féð í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar, sbr. 60. gr. laga nr. 64/1965.

3. gr.

Stjórn happdrættis háskólans er í höndum þriggja manna, sem háskólaráð kýs til þess í lok hvers árs fyrir næsta ár á eftir. Stjórnin kýs sjálf formann sinn og skiptir á annan hátt störfum sín á milli. Stjórnin heldur fundi, eftir því, sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti hennar er á fundi. Ályktanir stjórnarinnar eru lögmætar, ef meiri hluti stjórnar er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók skal lesin og undirrituð í lok hvers fundar. Þóknun stjórnarmanna ákveður háskólaráð.

4. gr.

Stjórn happdrættis háskólans ræður sér til aðstoðar framkvæmdastjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf er á.

5. gr.

Til þess að skuldbinda happdrætti háskólans þarf undirskrift formanns stjórnar og framkvæmdastjóra.

6. gr.

Háskólaráð kýs árlega 2 endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga happdrættisins. Þóknun þeirra er ákveðin af háskólaráði. Reikningsár happdrættis háskólans er almanaksárið.

7. gr.

Dómsmálaráðherra skipar árlega happdrættisráð, og skulu í því sitja fimm menn og tveir til vara, og skulu a. m. k. tveir nefndarmenn vera lögfræðingar. Ráðherra skipar formann happdrættisráðsins, en ritara kýs það sjálft. Fundi heldur það eftir því sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti ráðsmanna er viðstaddur, enda sé a. m. k. tveir lögfræðingar á fundi, ef úrskurða á samkvæmt 21. gr. Ályktanir happdrættisráðsins eru lögmætar, ef meiri hluti þess er þeim samþykkur. Bókfæra skal gerðir funda og gerðabók skal lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðs. Þóknun og annar kostnaður vegna happdrættisráðs greiðist af happdrættinu.

8. gr.

Stjórn happdrættisins skal, þegar ársreikningar eru tilbúnir og endurskoðaðir, senda happdrættisráði þá til athugunar, og skal jafnframt gefa því skýrslu um starfsemi happdrættisins á síðastliðnu reikningsári. Happdrættisráð hefur, hvenær sem er, aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og eru stjórn og starfsmenn skyldir að veita því þá vitneskju um starfsemina, er þeir geta veitt og það óskar að fá. Verði happdrættisráð þess vart, að ákvæði laga um happdrættið eða reglugerðar þessarar séu brotin, skal það þegar í stað tilkynna það dómsmálaráðuneytinu. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

9. gr.

Happdrættið gefur út 60 000 hlutamiða, er skiptast í 12 flokka á ári hverju. Af hverjum hlutamiða eru gefnar út fjórar raðir, sem greinast að með bókstöfunum E, F, G og H, og að auki er gefin út sérstök röð, merkt bókstafnum B, sem hefur fimmfalt gildi á við hinar raðirnar, bæði að því er varðar endurnýjunarverð og fjárhæð vinninga.

10. gr.

Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1 til 60 000, auk auðkenna raðarinnar, svo og verð miðans, dráttardag, síðasta endurnýjunardag og innlausnarfrest vinninga. Á hvern miða skal prenta nafn og merki happdrættisins, svo og nöfn stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Á miðanum skal einnig vera undirskrift eða eiginhandarstimpill þess umboðsmanns happdrættisins, sem selt hefur miðann, svo og heimilisfang hans. Ef menn kaupa hlutamiða, sem gildir fyrir alla drætti á sama ári (ársmiða), skal prenta aftan á miðann athugasemd þess efnis, og skal hún undirrituð með sama hætti. Enginn miði er gildur fyrr en umboðsmaður happdrættisins hefur ritað á hann nafn sitt, eins og áður segir.

11. gr.

Verð hlutamiða er 500 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 6 000 kr. Ef eigandi miða vill gera hann að ársmiða, eftir að drættir, einn eða fleiri, hafa farið fram, skal hann greiða fyrirfram fyrir þá drætti, sem eftir eru. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

Umboðsmenn happdrættisins mega ekki selja hluti þessa öðru verði en hér er sagt, né heldur taka við ágóðahluta, né annarri þóknun, af vinningum, sem falla á þá hluti, sem þeir hafa selt.

12. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema umboðsmenn þess, er fá miðana beint frá aðalskrifstofu happdrættisins, og er öll önnur verslun með miðana bönnuð. Þó er happdrættinu heimilt að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða í Reykjavík.

13. gr.

Endurnýjun hlutamiða til næsta dráttar skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur ritað nafn sitt á miðann, og innan þess frests, sem greinir á miðanum. Um leið skal afhenda umboðsmanninum hlutamiða næsta flokks á undan.

Ef hlutamiði næsta flokks á undan hefur glatast, getur eigandi hans sótt skriflega um það til stjórnar happdrættisins að fá miðann endurnýjaðan, þó því aðeins, að umboðsmaður happdrættisins votti samkvæmt hlutabók sinni, að hann hafi átt miðann og enginn annar hafi beiðst endurnýjunar á honum, áður en fresturinn var liðinn.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem greinir á hlutamiðum 12. flokks, og afhenda honum þann miða, þó því aðeins, að umboðsmaður hafi fengið það númer aftur frá skrifstofu happdrættisins.

Ef viðskiptamaður beiðist endurnýjunar á hlutamiða, hvort sem er milli flokka eða milli 12. flokks og 1. flokks næsta árs, áður en endurnýjunarfrestur er liðinn, en umboðsmaður hefur glatað miðanum eða afhendir hann ekki af öðrum ástæðum, er hann skyldur til að afhenda viðskiptamanni án endurgjalds og á eigin kostnað nýjan miða og standa happdrættinu skil á andvirði þess miða í öllum flokkum, sem þegar hefur verið dregið í. Ef umboðsmaður hefur ekki fleiri miða, skal hann endurgreiða viðskiptamanni á sinn kostnað verð miðans í öllum flokkum á undan.

14. gr.

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.

Stjórn happdrættisins ákveður, að fengnu samþykki happdrættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hverjum flokki. Skal vinningaskrá samin fyrirfram fyrir ár hvert.

15. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 15. janúar ár hvert og síðan í hverjum flokki 10. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á laugardögum, helgidögum eða öðrum almennum frídögum, né heldur fyrsta virkan dag eftir almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá þessari grein, ef því þykir ástæða til.

16. gr.

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega hjá Reiknistofnun Háskólans undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúum happdrættisins og Reiknistofnunar.

17. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

a) Tölvu Reiknistofnunar Háskólans. Heimilt er þó með samþykki happdrættisráðs að nota aðra tölvu, ef nauðsyn krefur.
b) Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur á sérstökum seguldiski, segulbandi eða gataspjaldastokki.
c) Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfi skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.

d) Nauðsynlegan tölvupappír, segulbönd og gataspjöld í samræmi við þarfir dráttarforritsins.

18. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dreginn út hæsti (hæstu) vinningur, síðan næsthæsti (næsthæstu) o. s. frv. Happdrættisráð fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn, sem breytingar eru gerðar á því. Skulu hinir sérfróðu menn leggja skriflega greinargerð um gerð forritsins fyrir happdrættisráðið, sem síðan staðfestir það.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur milli drátta með öruggum hætti og undir innsigli happdrættisráðs.

19. gr.

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með eftirfarandi hætti:

a) Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti, að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala, sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið, þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
b) Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
c) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
d) Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna.
e) Tölvan dregur og prentar út vinningaskrá, sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
f) Sé óskað eftir afriti vinningaskrár á segulbandi eða gataspjöldum er það nú gert.
g) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

20. gr.

Bili tölvan eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur happdrættisráð öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ. á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

21. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmæti eða gildi dráttar meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til happdrættisráðs, sem leggur fullnaðarúrskurð á ágreininginn.

22. gr.

Að loknum drætti lætur happdrættið prenta skýrslu um vinninga, hvaða hlutamiðar hafa hlotið vinninga og hve háa. Skal skýrslan send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

23. gr.

Vinningar verða greiddir á þeim tíma, sem auglýstur er í vinningaskránni, á skrifstofu happdrættisins í Reykjavík, eða þar sem auglýst kann að verða í vinningaskránni.

Sá, sem vinning hefur hlotið, skal snúa sér til þess umboðsmanns happdrættisins, sem hefur ritað undir miðann, og skal umboðsmaðurinn rita aftan á miðann vottorð um, að hann hafi hlotið vinning og hve háan. Vinningurinn verður síðan greiddur gegn afhendingu hlutamiðans, og losnar happdrættið með því undan frekari greiðsluskyldu, þó að aðrir kynnu síðar að sanna betri rétt til vinningsins.

Ef mótmæli koma fram gegn greiðslu vinnings til handhafa hlutamiðans, áður

en greiðsla vinninganna hefst samkvæmt vinningaskránni, skal happdrættið leggja vinninginn í sparisjóð og afhenda síðan með áföllnum vöxtum þeim, sem með dómi eða á annan hátt sannar eignarrétt sinn á vinningnum. Ef aðilar hafa ekki innan þriggja mánaða frá því að mótmæli komu fram, komið sér saman um greiðslu vinningsins, greiðir happdrættið handhafa miðans vinninginn með áföllnum vöxtum, nema sannað sé fyrir stjórn happdrættisins, að mál sé þingfest um eignarrétt vinningsins.

Ef miði glatast, sem hlotið hefur vinning, getur eigandi hans snúið sér til happdrættisstjórnar með beiðni um, að fá vinninginn greiddan, enda votti umboðsmaður sá, sem seldi miðann, samkvæmt hlutabók sinni, að umsækjandi hafi keypt af honum miðann. Ekki verður slíkri beiðni sinnt, ef hún er ekki komin í hendur happdrættisstjórnar innan 6 mánaða frá því að dregið var, enda hafi vinningurinn ekki verið greiddur gegn afhendingu miðans áður en beiðnin kom fram.

24. gr.

Allir vinningar verða greiddir án nokkurs frádráttar, þó þannig, að sá, sem vinning hlýtur, er skyldur til þess að kaupa hlut, jafnstóran, í öllum þeim flokkum, sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlutarins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á ársmiða, verður ekki um neinn frádrátt að ræða.

25. gr.

Umboðsmönnum er óheimilt að svara fyrirspurnum, hvort heldur er frá almannastofnun eða öðrum, um eigendur vinninga í happdrættinu og skal beina öllum slíkum fyrirspurnum til stjórnar happdrættisins.

26. gr.

Ef vinnings er ekki vitjað áður en eitt ár er liðið frá drætti þess flokks, sem vinningurinn féll í, verður hann eign happdrættisins.

27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973, um happdrætti Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 96 24. desember 1974 og lög nr. 55 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1977, þó þannig að ákvæði reglugerðarinnar um tölvudrátt koma til framkvæmda fyrr eftir ákvörðun happdrættisráðs. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 8 21. janúar 1946, um happdrætti Háskóla Íslands, sbr. reglugerð nr. 234 7. nóvember 1950.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

28. september 1976. Nr. 349.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmlestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að			500 br.rúml.		.....	kr.	820
—	—	frá	500—	1000 br.rúml.	.....	—	840
—	—	—	1000—	1500 —	.....	—	860
—	—	—	1500—	2000 —	.....	—	880
—	—	—	2000—	3000 —	.....	—	920
—	—	—	3000—	4000 —	.....	—	960
—	—	—	4000—	5000 —	.....	—	1 000
—	—	—	5000—10000	—	.....	—	1 250
—	—	—	10000—15000	—	.....	—	1 500
—	—	—	15000—20000	—	.....	—	1 750
—	—	—	20000—30000	—	.....	—	2 000
—	—	—	yfir 30000	—	.....	—	2 100

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílur, skal vera:

Fyrir skip allt að			500 br.rúml.		.....	kr.	200
—	—	frá	500—	5000 br.rúml.	.....	—	250
—	—	—	5000—10000	—	.....	—	300
—	—	—	10000 og þar yfir		.....	—	350

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 6 150.

Leggi leiðsögumaður skipi að eða frá bryggju, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 2 100 fyrir skip allt að 500 brúttórúmlestir. og kr. 200 fyrir hverjar 100 brúttórúml. skipsins fram yfir það.

Fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma. sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar miðast við kr. 820 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmenn.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands, og ferðakostnaðar frá leiðsöguhöfn í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér meðteljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skipsins eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 820 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sólarhring (frá 0.00—24.00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars, og skal vera ⅓ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933. um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim. sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 216 28. júlí 1972.

Samgönguráðuneytið, 28. september 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUR

um endurskinsmerki á björgunarbúnaði íslenskra skipa.

1. gr.

Eftirtalin björgunartæki skulu búin viðurkenndum endurskinsmerkjum til að auðvelda leit af sjó og úr lofti:

Björgunarbátar, slöngubátar, gúmmíbjörgunarbátar, bjargbelti og bjarghringir.

2. gr.

Á báðar hliðar björgunarbáta skal upp við borðstokk, með 50 cm. millibili, fest endurskinsmerki sem eru 5 cm. breið og 30 cm. löng að minnsta kosti, samskonar merkjum skal komið fyrir ofan á borðstokk. Nægilegt er að hafa 4 merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum, sem eru lengri en 7.3 m (24 fet) og 3 á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum, skulu tvö merki eins og að ofan greinir límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

Tjaldlausir slöngubátar skulu búnir 2—4 slíkum merkjum á hvorri hlið, þannig að sjáanleg eru af sjó og úr lofti, sé á þeim hlífðartjald, skal á það límdur kross eins og að ofan greinir.

Gúmmíbjörgunarbátar skulu búnir minnst 4 merkjum með jöfnu millibili á tjaldi við flothólfið, auk krossa á tjaldtoppi og botni, hvert merki skal eigi vera minna en 5 $\times$ 30 cm.

Á bjargbeltum, sem ekki eru klædd endurskinsefni, skulu vera 4 endurskinsmerki, 5 $\times$ 15 cm. að stærð, á hvorri hlið beltisins, eða 6 merki 5 $\times$ 10 cm. að stærð.

Bjarghringir skulu búnir 4 endurskinsmerkjum, 5 cm. breiðum, sem fest eru utan um hringinn með jöfnu millibili.

3. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. september 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

24. september 1976. Nr. 351.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Ísafirði.

1. gr.

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Ísafirði. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum bæjarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísun læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, félagsráðgjafa eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt sem félagsmálastofnun metur að nauðsyn sé hverju sinni. Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist, eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálaráð sér um að starfsfólk heimilisþjónustunnar sæki námskeið í heimilishjálp þar sem þau eru haldin hverju sinni.

4. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

5. gr.

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn Ísafjarðar setur og ráðherra staðfestir.

Heimilt er félagsmálaráði að víkja frá þeirri gjaldskrá til lækkunar, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Skrifstofur Ísafjarðarkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

7. gr.

Félagsmálaráð gerir skýrslu um starfsemina fyrir hvert ár og leggur skýrsluna fyrir bæjarráð ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur félagsmálaráðs.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

Aðalnámskrá grunnskóla sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1976—1977 að því leyti sem við verður komið. Jafnframt falla úr gildi ákvæði námskrár frá 16. sept. 1960 eftir því sem við á.

Menntamálaráðuneytið, 27. september 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

27. september 1976. Nr. 353.

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

EÐLIS- OG EFNAFRÆÐI

Aðalnámskrá í eðlis- og efnafræði, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1976—1977 að því leyti sem við verður komið.

Menntamálaráðuneytið, 27. september 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

27. september 1976. Nr. 354.

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

TÓNMENNT

Aðalnámskrá tónmenntar, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1976—77 eftir því sem við verður komið.

Menntamálaráðuneytið, 27. júlí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

MÓÐURMÁL

Aðalnámskrá í móðurmáli, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1976—77 að því leyti sem við verður komið.

Menntamálaráðuneytið, 27. júlí 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 356. 6. ágúst 1976.

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

ERLEND MÁL danska og enska.

Aðalnámskrá í erlendum málum, dönsku og ensku, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast hér með gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1976—1977 að því leyti sem við verður komið.

Menntamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 357. 17. ágúst 1976.

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

KRISTIN FRÆÐI

Aðalnámskrá í kristnum fræðum, sem ráðuneytið hefur sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, öðlast gildi og kemur til framkvæmda á skólaárinu 1977—78 að því leyti sem við verður komið.

Menntamálaráðuneytið, 17. ágúst 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli kr. 48.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil kr. 13 200.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m^3 húsnæðis.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leigafyri r þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1.	Fyrir mæla allt að ¾″	kr.	510 00 á mán.
2.	Fyrir mæla frá 1—2″	—	935.00 á mán.
3.	Fyrir hemla	—	510.00 á mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m^3 kr. 102 000.00.

400 til 2000 m^3, kr. 102 000.00 af 400 m^3 + kr. 85.00 á m^3 þar yfir að 2000 m^3.

2000 m^3 kr. 238 000.00 + kr. 70.00 á m^3 þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 14 900.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.

IV. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 000.00.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 233 13. maí 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 4. október 1976.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Stjórnartíðindi B 34, nr. 347—358. Útgáfudagur 11. október 1976.

B 86

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1976

Nr. 359. 686 1. nóvember 1976.

STARFSREGLUR

fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, forstöðumann (yfirlækni) þess og heilbrigðisráðunauta.

I. KAFLI

Stjórn og skipan.

1. gr.

1. Yfirstjórn Heilbrigðiseftirlits ríkisins er í höndum heilbrigðismálaráðherra. Að öðru leyti er stjórn Heilbrigðiseftirlits ríkisins í höndum forstöðumanns (yfirlæknis) undir yfirstjórn landlæknis.

2. gr.

1. Heilbrigðismálaráðherra skipar forstöðumann (yfirlækni) Heilbrigðiseftirlitsins að fengnum tillögum landlæknis, sem leitar álits prófessorsins í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands.
2. Forstöðumaðurinn skal vera læknir með sérmenntun í heilbrigðisfræðum, maður með háskólapróf í heilbrigðisfræðum, eða maður með aðra háskólamenntun, sem fullnægir kröfum um sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti að mati ráðherra.
3. Stöðunefnd samkvæmt 33. gr. laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, skal meta hæfni umsækjanda um stöðu forstöðumanns, sé um lækni að ræða.

3. gr.

1. Heilbrigðismálaráðherra skipar heilbrigðisráðunauta, að fengnum tillögum forstöðumanns og landlæknis, sem leitar álits prófessorsins í heilbrigðisfræðum við Háskóla Íslands.
2. Heilbrigðisráðunautar skulu hafa aflað sér þeirrar undirbúningsmenntunar, sem heilbrigðismálaráðherra metur gildar.
3. Heilbrigðisráðunautar skulu vera 2 hið minnsta og búsettir í Reykjavík að jafnaði.
4. Heimilt er að fjölga heilbrigðisráðunautum í 3—4, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum.
5. Heilbrigðismálaráðherra er heimilt að ákveða einum ráðunaut a. m. k. aðsetur í hverjum hinna þriggja landshluta, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi.

4. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur aðalaðsetur í Reykjavík.

II. KAFLI

Verksvið Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

5. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur og yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í landinu samkvæmt ákvæðum annarra laga og reglna, er hollustuhætti snerta og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmdir á.
3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opnberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla.
4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðrar neysluvörur.
5. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal hafa forgöngu um eða stuðla að því að haldin séu námskeið fyrir þá er við heilbrigðiseftirlit fást.

6. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins fjallar um starfsleyfisumsóknir samkvæmt reglugerð nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.
2. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal senda eiturefnanefnd, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins, umsóknir um starfsleyfi til umsagnar, ef ástæða telst til.
3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur kannað sjálft eða látið aðra aðila kanna hver þau atriði, er það telur þörf á, og aflað hverra þeirra gagna, er það telur nauðsynlegt í sambandi við starfsleyfisumsókn. Þá getur það krafið umsækjanda um hver þau gögn og upplýsingar, sem það telur nauðsynlegt og hægt er með sanngirni að krefjast.
4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur til ráðuneytis um afgreiðslu starfsleyfisumsókna samkv. reglugerð nr. 164/1972.
5. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur á hendi yfirumsjón með því að ákvæðum reglugerðar nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna sé hlýtt.

III. KAFLI

Valdsvið Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

7. gr.

1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal leitast við að miðla málum komi til ágreinings milli heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar.
2. Takist sú málamiðlun ekki, þá má leita úrskurðar ráðherra. Sama gildir um héraðslækna og héraðsdýralækna, fái þeir ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem þeir telja nauðsynlegar.
3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur til landlæknis um framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, sem varðar almenningsheill, þar sem hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka, eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum.
4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er heimilt, álíti það að svo alvarleg hætta stafi af tiltekinni starfrækslu eða notkun, að aðgerðir þoli enga bið, að stöðva starfræksluna eða notkunina til bráðabirgða.
5. Slíkt skal tafarlaust tilkynnt hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefndin ekki á ráðstöfun þá skal Heilbrigðiseftirlit ríkisins eftir að heilbrigðisnefnd hefur skriflega tilkynnt því ágreininginn, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Skal ein greinargerð frá hvorum aðila fylgja málskotinu. Frestur heilbrigðisnefndar til málskotsins er ein vika frá því að tilkynningin barst henni, en innan viku þar frá skal Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafa afgreitt skjöl málsins til ráðherra.
6. Málskotið frestar ekki upphaflegri ákvörðun Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

7. Heilbrigðiseftirliti ríkisins skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að öllum þeim stöðum, þar sem fram fer starfræksla eða notkun í samræmi við 10. gr. laga nr. 12/1969.
8. Sé fyrirmælum um mengunarvarnir eigi hlýtt, þá skal Heilbrigðiseftirlit ríkisins þegar í stað setja þeim er hlut eiga að máli, hæfilegan frest, til úrbóta. Séu þau fyrirmæli einnig að engu höfð, þá skal Heilbrigðiseftirlitið tilkynna heilbrigðismálaráðherra um málið, og ákveður hann hvaða viðurlögum skuli beitt.
9. Telji Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg mengunarhætta stafi af eiturefnum eða hættulegum efnum, frá tiltekinni verksmiðju eða iðjuveri, og að aðgerðir þoli enga bið, þá er Heilbrigðiseftirliti ríkisins heimilt að stöðva til bráðabirgða með lögregluvaldi rekstur eða framleiðslu verksmiðjunnar eða iðjuversins. Skýrslu um þessar aðgerðir ásamt nauðsynlegum rökstuðningi og gögnum, skal Heilbrigðiseftirlitið senda heilbrigðismálaráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu að fenginni greinargerð bannþola.
10. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir tillögur um stöðvun á rekstri verksmiðja eða iðjuvera, hafi starfsleyfis eigi verið aflað, eða hafi fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra um sérstakar ráðstafanir um varnir gegn mengun eigi verið hlýtt.

IV. KAFLI

Störf forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

8. gr.

1. Forstöðumaður veitir Heilbrigðiseftirliti ríkisins forstöðu.
2. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins er ráðunautur heilbrigðisyfirvalda og heilbrigðisnefnda.
3. Forstöðumaður leiðbeinir heilbrigðisráðunautum í daglegum störfum þeirra og skipuleggur störf þeirra.
4. Forstöðumanni ber að fylgjast sem best með öllum nýmælum í íslenskum rétti og að viðhalda og auka kunnáttu sína m. a. með því að fylgjast með þróun þessara mála erlendis.
5. Forstöðumaður getur falið heilbrigðisráðunautum forsjá einstakra málefna til lengri eða skemmri tíma.
6. Forstöðumaður getur í samráði við heilbrigðismálaráðherra ráðið sérfræðinga eða aðra aðstoðarmenn til starfa til að annast tilteknar rannsóknir og eftirlit gerist þess þörf.
7. Forstöðumaður skal, verði þess óskað, halda fyrirlestra í Háskóla Íslands, í læknadeild, raunvísindadeild um málefni, er snerta hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
8. Forstöðumaður skipuleggur skýrslugerðir heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa á sviði heilbrigðiseftirlits með því að gefa út eyðublöð í því skyni o. s. frv.
9. Forstöðumaður sinnir kvörtunum almennings, hafi þær ekki borið árangur eftir öðrum leiðum, en heimilt er honum að fela heilbrigðisráðunautum að sinna einstökum málaflokkum.
10. Allar meiri háttar ákvarðanir t. d. þær sem snerta fjármál aðila, skal bera undir forstöðumann.
11. Forstöðumanni ber að kynna sér með árlegum ferðalögum um landið, ástand hollustuhátta sem víðast og gera viðkomandi heilbrigðisnefndum aðvart um það sem ábótavant er, og lætur, ef þess er þörf, aðstoðarmenn sína eða þar til kvadda sérfræðinga, gera nánari úttekt á einstökum þáttum heilbrigðiseftirlits og hollustuhátta á staðnum.
12. Forstöðumaður skal árita alla reikninga Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

V. KAFLI

Heilbrigðisráðunautar.

9. gr.

1. Heilbrigðisráðunautar skipta með sér verkum innan Heilbrigðiseftirlits ríkisins eftir fyrirmælum forstöðumanns.
2. Heilbrigðisráðunautar skulu halda dagbók um dagleg störf sín, hvort sem er á skrifstofu Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða utan þess á ferðalögum.
3. Heilbrigðisráðunautar skulu gefa forstöðumanni skýrslu um ferðir sínar á vegum stofnunarinnar, þegar að þeim loknum, hvort sem ferðin hefur leitt til bráðabirgðaniðurstöðu eða endanlegrar niðurstöðu.
4. Heilbrigðisráðunautum ríkisins ber skylda til að fara að fyrirmælum forstöðumanns þegar hann kveður þá til ferðalaga í þágu stofnunarinnar til rannsóknaeftirlits.
5. Heimilt er forstöðumanni að kveðja heilbrigðisráðunauta til annarra starfa en beirra, sem þeir eru beinlínis ráðnir til að framkvæma, sé slíkt á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og megi slíkt teljast sanngjarnt og viðráðanlegt.
6. Heilbrigðisráðunautum ber að kappkosta að viðhalda menntun sinni og þjálfun í starfi með því að kynna sér lög og reglur og öll framkvæmdaratriði, sem lúta að starfi þeirra, jafnframt því að sækja námskeið þar að lútandi hvenær sem tækifæri gefst.
7. Heilbrigðisráðunautar eiga kröfu á að fá greiddan ferðakostnað samkvæmt samningum og samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytis.
8. Heilbrigðiseftirlitið leggur heilbrigðisráðunautum til bifreið til slíkra utanbæjarferðalaga, nema heilbrigðisfulltrúar vilji frekar nota eigin bifreiðir, sem þeir þá leigja Heilbrigðiseftirlitinu til langferða, skv. sérstökum samningi þar um.

VI. KAFLI

Þagnarskylda.

10. gr.

1. Hver sá starfsmaður, sem les eða ritar bréf, sem Heilbrigðiseftirliti ríkisins berst eða sent er frá því, er bundinn algjörri þagnarskyldu um allt það er þar er fjallað um og má eingöngu ræða um efnið við forstöðumann.
2. Sama þagnarskylda gildir um hvers konar vitneskju sem starfsmaður öðlast í starfi sínu á vegum Heilbrigðiseftirlitsins.
3. Þagnarskylda fellur ekki niður, þótt látið sé af störfum í Heilbrigðiseftirliti ríkisins, sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

1. Starfsreglur þessar eru settar skv. 4. málsgr. 8. gr. i. f. laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og með stoð í 20. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsins gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Laxárdalshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Þorlákshafnar skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 0.37% af framreiknuðu gildandi matsverði húss og lóðar. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið. Lágmarks vatnsskattur skal vera kr. 5 000 á ári.

3. gr.

Notkunargjald skv. vatnsmæli.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í þau hús sem hún telur ástæðu til og skal notandi greiða kr. 11.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Mælaleiga er kr. 2 500.00 fyrir árið. Bílaþvottaplön skulu greiða kr. 25 000 yfir árið.

4. gr.

Vatn til landshafnar.

Vatn til landshafnar er ætlað til skipa og báta, það er selt eftir magni. Landshöfn selur síðan vatnið til skipa og báta. Settir verða mælar á vatnsæðar er liggja að hafnargörðum. Vatnsveitan leggur til mælana og umbúnað þeirra og annast viðhald þeirra. Í leigu skal greiða kr. 5 000.00 fyrir hvern mæli/ár.

Verð á 1 m^3 vatns til landshafnar er kr. 30.00.

5. gr.

Fyrir önnur vatnsnot þar sem mælingu verður eigi við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

6. gr.

Stofngjöld.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað. Mælar eru ekki settir í íbúðarhús.

7. gr.

Í stofngjald skal greiða kr. 33.00 fyrir hvern fermetra lóðar fyrir einbýlishús, tvíbýlis-, raðhús og fjölbýlishús.

8. gr.

Ef um er að ræða óvenju langar og kostnaðarsamar heimtaugar, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað heimtauga.

9. gr.

Stofngjald samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

10. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu Ölfushrepps jafnframt mun skrifstofa Ölfushrepps annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

11. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess að notkunar- eða fasteignagjald hefur eigi verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi Ölfushrepps eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í reglugerð fyrir vatnsveitu Ölfushrepps Þorlákshöfn skal húseigandi greiða kr. 2 000.00 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

12. gr.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll gjöldin eða hvert um sig allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjöld miðast við byggingavísitölu frá Hagstofu Íslands, sem sett var 100 stig í október 1975. Breyting leyfileg í samræmi við það þó ekki hærri en 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1922 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 362. 24. september 1976.

REGLUGERÐ

um A-gatnagerðargjöld í Þorlákshöfn í Ölfushreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í Þorlákshöfn, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Gatnagerðargjald vegna nýbygginga skal miðast við fermetir í lóð sem hér segir:

Einbýlishúsalóðir	kr.	888.00	pr. m²
Raðhúsalóðir	—	400.00	pr. m²
Atvinnurekstrarlóðir hvers konar	—	329.00	pr. m²

Einingaverð þessi eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1986 stig 1. nóvember s. l.

4. gr.

Gjöld vegna íbúðarhúsalóða breytast árlega skv. vísitölu byggingakostnaðar sem gildir um áramót, en vegna atvinnurekstrarlóða breytast þau með vísitölu byggingakostnaðar hverju sinni.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis

6. gr.

Sveitarstjórn ákveður greiðslufrest gatnagerðargjalds og getur áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð áður en byggingarleyfi verður veitt.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjald samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. september 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

4. október 1976. Nr. 363.

AUGLÝSING

um tímabundna breytingu á reglugerð um Grænmetisverslun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis nr. 162 28. september 1962.

1. gr.

3. málsgrein 14. gr. orðist svo:

II. flokkur.

Í annan flokk koma þau afbrigði, sem Tilraunaráð jarðræktar ákveður. Afbrigðin skulu vera vel aðgreind, þurr og vel útlítandi. Í blöndun annarra afbrigða ekki yfir 3%. Kartöflurnar skulu aðgreindar í tvo stærðarflokka. Annarsvegar með notkun 28—40 mm netsigtis og hins vegar þar af stærri. Í fyrri floknum má magn kartaflna er flokkast á 28—30 mm netsigti ekki fara yfir 20% og þess skal jafnframt gætt að eðlileg stærðardreifing haldist. Kartöflurnar mega ekki vera grænar, skemmdar af myglu, rotnun eða frosti. Kláði og aðrir hýðissjúkdómar séu undir 5%.

2. gr.

Reglugerðarbreytingin skal gilda fyrir uppskeru á íslenskum kartöflum haustið 1976, nema annað verði ákveðið og öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. október 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

2. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir iðnaðarráðherra. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað.

Með lagmeti og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum er í reglugerð þessari átt við hverskyns sjávarafurðir til útflutnings, sem pakkaðar eru í loftþéttar umbúðir, svo sem dósir, túbur og glös og umbúðir úr áli, álþynnum, plasti og öðrum áþekkum efnum, sem tíðkast við pökkun matvæla.

4. gr.

Til að tryggja rekstraröryggi lagmetisiðnaðarins og til að tryggja sérstaklega niðursuðuverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru, er sölustofnuninni heimilt að gerast eignaraðili að dósa- og umbúðaverksmiðju.

Nú kaupir Sölustofnun lagmetisiðnaðarins hlut í slíkri verksmiðju og skal stjórn stofnunarinnar þá tilnefna fulltrúa í stjórn verksmiðjunnar í samræmi við eignarhlutdeild hennar í fyrirtækinu. Skal hann (þeir) gæta hagsmuna niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjanna við allar rekstrarákvarðanir dósa- og umbúðaverksmiðjunnar.

5. gr.

Til að tryggja rekstraröryggi lagmetisiðnaðarins er sölustofnuninni heimilt að stofna innan sinna vébanda tæknideild, sem veiti stofnuninni og aðildarfyrirtækjum hennar tæknilegar ráðleggingar og aðstoð, bæði hvað framleiðsluna sjálfa snertir og vélbúnað fyrirtækjanna.

6. gr.

Með aðild sinni að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins fela atvinnurekendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni erlendis og er þeim óheimilt að selja vörur sínar úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar getur þó ákveðið aðlögunartíma meðan stofnunin er að byggja upp virkt sölukerfi, og skal atvinnurekendum heimilt á þeim aðlögunartíma að annast sjálfir útflutning á vörum sínum að höfðu samráði við stjórn sölustofnunarinnar. Stefnt sé að því, að sá tími sé ekki lengri en 12 mánuðir frá því að sölustofnunin tekur til starfa. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal hafa samráð við viðskiptaráðuneytið.

7. gr.

Aðilum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins ber að fara að fyrirmælum stjórnar stofnunarinnar, sem hún setur í því skyni að auka gæði framleiðslunnar. Standist framleiðslan ekki þær gæðakröfur, sem stjórn stofnunarinnar gerir, hefur hún vald

til að synja viðkomandi atvinnurekanda um leyfi til útflutnings á þeirri vöru. Einnig getur stjórnin beitt atvinnurekanda refsiaðgerðum í samræmi við sérstakar reglur þar um, sem settar og samþykktar hafa verið af fulltrúaráði stofnunarinnar.

8. gr.

Fulltrúaráð Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar. Sérhver atvinnurekandi, sem aðild á að sölustofnuninni, á rétt á að skipa einn fulltrúa í fulltrúaráðið. Atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins hafa þeir atvinnurekendur einir, sem framleitt hafa niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir og/eða flutt þær út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, áður en fundurinn er haldinn. Ákvæði þetta um atkvæðisréttinn gildir þó ekki um fundi fulltrúaráðsins fyrstu tvö starfsár stofnunarinnar.

9. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins tekur sölulaun fyrir þjónustu sína. Stjórn stofnunarinnar ákveður sölulaun að fenginni umsögn fulltrúaráðs og skulu þau miðuð við að standa straum af sölustarfsemi stofnunarinnar.

Sölustofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn og/eða útvegar aðildarfyrirtækjum sínum, og skulu þau ákveðin af stjórn stofnunarinnar.

Framlagi ríkissjóðs til stofnunarinnar skal einkum varið til uppbyggingar stofnunarinnar, markaðsöflunar og til að koma upp virku kynningar- og dreifingarkerfi á íslensku lagmeti erlendis.

10. gr.

Iðnaðarráðherra skipar Sölustofnun lagmetisiðnaðarins 5 manna stjórn til þriggja ára í senn í samræmi við ákvæði 4. greinar laganna.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina, ákveður honum starfskjör og setur honum erindisbréf. Skal framkvæmdastjóri annast allan almennan rekstur stofnunarinnar í samráði við stjórnina.

Stjórn Sölustofnunarinnar skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórnarfundir eru því aðeins ályktunarhæfir, að þar mæti meirihluti stjórnarinnar, en einfaldur meirihluti atkvæða á stjórnarfundi ræður úrslitum mála.

11. gr.

Í samráði við stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri annað starfsfólk að stofnuninni og ákveður laun þess og starfskjör.

B. Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins.

12. gr.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins skal starfa í samræmi við 6. og 7. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Sjóðurinn er í vörslu og undir stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins undir yfirumsjón iðnaðarráðherra.

13. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu iðnaðarins, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis.

14. gr.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðanda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslutækjum eða mannvirkjum þeirra.

15. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

a) Öll þau gjöld, sem lögð eru á niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir og grásleppuhrogn til ársloka 1977 skv. 3. málslið 6. gr. l. um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í l. nr. 5/1976 um útflutningsgjöld af sjávarafurðum.

b) Vextir.

c) Aðrar tekjur.

16. gr.

Framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er framkvæmdastjóri og prókúruhafi sjóðsins. Gerir hann tillögur til stjórnar sjóðsins um ráðstafanir á fé sjóðsins og nýtingu.

17. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstætt reikningshald og skal stjórn hans árlega gera iðnaðarráðherra grein fyrir störfum og stöðu sjóðsins. Skýrsla skal afhent ráðherra um leið og endurskoðaðir reikningar sjóðsins eru lagðir fram.

Drög að framkvæmda- og fjárhagsáætlun sjóðsins skal senda iðnaðarráðherra í upphafi hvers starfsárs.

18. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðuninni.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins nr. 48 26. maí 1972, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 128 24. apríl 1973 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og breyting á þeirri reglugerð, nr. 434 15. ágúst 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 7. október 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Árni P. Árnason.

Nr. 365. 8. október 1976.

REGLUGERÐ

um Starfsmannaráð Pósts og síma.

1. gr.

Innan Pósts og síma skal starfa starfsmannaráð, skipað 8 mönnum. Í starfsmannaráði eiga sæti forstjórar aðaldeilda Pósts og síma (fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild) og umdæmisstjóri í Umdæmi I, form. Félags íslenskra símamanna, formaður Póstmannafélags Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra símamanna. Auk þess á varamaður formanns Póstmannafélags Íslands, sem félagið tilnefnir, sæti á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Starfsmannaráð kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stjórnenda Pósts og síma og ritara og vararitara úr hópi fulltrúa félaganna.

Starfsmannaráð getur ákveðið fasta fundardaga og haldið aukafundi eftir því sem þörf krefur, svo og ef a. m. k. þrír atkvæðisbærir ráðsmenn krefjast, en aldrei skulu þó haldnir færri en tólf fundir á ári. Formaður boðar fundi með dagskrá og stjórnar þeim. Fundir eru ályktunarbærir ef 5 atkvæðisbærir ráðsmenn eru mættir, enda hafi allir verið boðaðir. Að jafnaði skal ekki afgreiða mál, er heyra undir einhvern fulltrúa stofnunarinnar í ráðinu, að honum fjarstöddum, né heldur mál er varða starfsfólk að fjarstöddum fulltrúum viðkomandi félags.

Halda skal gjörðabók, þar sem fundarefni og afgreiðsla mála er skráð. Ef ráðið er ekki sammála hafa einstakir ráðsmenn rétt á að fá bókuð stutt efnisleg sérálit. Afgreiðsla mála og sérálit skulu jafnan fylgja til þess aðila, sem fær málið til endanlegrar afgreiðslu. Allir fundarmenn skulu undirrita fundargerð.

3. gr.

Starfsmannaráð er ráðgefandi um þau mál, sem það tekur til meðferðar og gerir skriflegar tillögur eða umsögn um þau til Póst- og símamálastjóra. Ráðið getur kallað starfsmenn Pósts og síma á sinn fund til að fá upplýsingar um mál. Ef um er að ræða mál, sem snerta störf umdæma, sem ekki eiga fulltrúa í starfsmannaráði, skal leitað álits viðkomandi umdæmisstjóra.

Áður en starfsmannaráð tekur afstöðu til stöðuveitinga, skal leitað álits næsta yfirmanns þeirrar stöðu, sem um er að ræða.

4. gr.

Starfsmannaráð fjallar um þau mál, er varða launakjör og starfsaðstöðu starfsfólks, skipun og setningu í stöður og frávikningu svo og önnur mál er varða hagsmuni einstakra starfsmanna eða starfshópa, hvort sem þau berast frá Póst- og símamálastjóra eða einstakir ráðsmenn bera þau fram. Skal að jafnaði kynna málin með dagskrá.

5. gr.

Starfsmannaráð fjallar um þau mál, er varða hag og rekstur Pósts og síma. Skal leitast við að auka áhuga starfsfólksins á því að gefa ráðinu ábendingar um það, sem betur mætti fara og gera tillögur til úrbóta og senda þær starfsmannaráði. Póst- og símamálastjóri getur veitt starfsmönnum viðurkenningu fyrir slíkar tillögur, eftir ábendingu starfsmannaráðs.

6. gr.

Umræður á fundum ráðsins, er varða einstaka menn persónulega, skulu vera trúnaðarmál.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 8. gr. laga nr. 8/1935, um stjórn og starfrækslu Pósts og síma til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 146/1953, um breytingu á reglum um starfrækslu landsímans, frá 27. febrúar 1935.

Samgönguráðuneytið, 8. október 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í reglugerð þessari nefnd: „Samábyrgðin", skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, enda séu tryggingakjörin ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar svo og slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.
g. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landsambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður, vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfund skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður í forföllum hans.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn, þar á meðal formaður eða varaformaður, sækja fund.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi. Ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða, ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar. Geti þeir ekki sótt fund, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli sækja fundinn af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni tryggingganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

II. KAFLI

Um bráðafúatryggingar.

7. gr.

Allir eigendur tréskipa með þilfari, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland, eru skyldir að vátryggja þau hjá Samábyrgðinni gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora Cerebellum, Poria og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Þegar skip eru smíðuð eða skipshlutar endurnýjaðir, skal eigandi skips hlíta þeim fyrirmælum, sem Samábyrgðin setur til varnar gegn hættu af bráðafúa.

8. gr.

Hafi skip eigi fengið haffærisskírteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu eftir að eitt ár er liðið frá því að haffærisskírteini rann út. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal veðhöfum þá ákvörðun með 14 daga fyrirvara. Fái skipið haffærisskírteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju, að lokinni fúaskoðun. Leiði fúaskoðun í ljós, að um fúaskemmdir sé að ræða í skipinu, þá eru þær skemmdir Samábyrgðinni óviðkomandi. Leiði fúaskoðun í ljós, að um engar fúaskemmdir sé að ræða, skiptist skoðunarkostnaðurinn jafnt milli eiganda og vátryggjanda.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.

9. gr.

Nú óskar eigandi skips, sem er til annars ætlað en fiskveiða, að vátryggja það gegn bráðafúa, og er þá Samábyrgðinnni skylt að tryggja skipið, enda hafi það ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri tryggingu. Áður en skipið er tekið í tryggingu, skal láta fara fram á því fúaskoðun. Komi fúaskemmdir í ljós,

eru þær óviðkomandi Samábyrgðinni. Skal eigandi láta gera við þær, áður en skipið er tekið í tryggingu. Kostnaður við fyrstu fúaskoðun skv. þessari grein greiðist af skipseiganda. Um kostnað við síðari skoðanir tryggðra skipa, sem ekki eru tryggingaskyld, gilda sömu reglur og um tryggingarskyld skip.

10. gr.

Neiti eða vanræki skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skal það eigi að síður metið og vátryggt af Samábyrgðinni.

11. gr.

Vátryggingarfjárhæð skips, sem vátryggt er hjá bátaábyrgðarfélagi, skal vera bolverð skipsins að viðbættri raflögn skv. mati til tryggingar. Skip, sem ekki eru tryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, skulu metin af tveimur matsmönnum, sem Samábyrgðin skipar. Slíku mati má skjóta til yfirmats, sem framkvæmt skal af þremur dómkvöddum mönnum.

Ef vart verður fúaskemmda í skipi, skal það tilkynnt Samábyrgðinni. Matsmenn Samábyrgðarinnar skulu ákveða í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, hvernig fúaskoðun fer fram, og skal fara eftir fyrirmælum matsmanna um frárif vegna skoðunarinnar og undir þeirra umsjón. Viðarsýnishorn, sem send eru sérfræðingi til sveppagreiningar, skulu tryggilega merkt og innsigluð á staðnum, svo eigi verði um villst, hvar þau eru tekin.

12. gr.

Komi í ljós við skoðun vegna bráðafúa, að ekki sé um bráðafúaskemmdir að ræða, skiptist kostnaður vegna skoðunarinnar að jöfnu milli eiganda og Samábyrgðarinnar, enda sé skoðunin framkvæmd samkvæmt fyrirmælum og undir eftirliti matsmanna Samábyrgðarinnar.

13. gr.

Tjón bætist eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni. strax og skemmdar varð vart, og vátryggjandi hafi átt þess kost að láta skoða og meta tjónið áður en viðgerð hófst. Tjónmati má skjóta til yfirmats, sem framkvæmt er af þremur dómkvöddum mönnum.

Tjón skal talið tilheyra því vátryggingartímabili, þegar viðarsýnishorn þau voru tekin, er leiddu til úrskurðar um bráðafúatjón.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma um tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð á skipi sínu, nema vátryggjandi ákveði, að taka viðgerðina í sínar hendur.

Þegar gert er við skip vegna bráðafúatjóns, ber eigandi 1/5 kostnaðarins, og auk þess sjálfsábyrgð kr. 5 000.00 margfaldaðar með rúmlestatölu skipsins, þó eigi hærri tölu en 85 rúmlestir. Grunntalan breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á vátryggingarverði nýrra skipa.

Hámarksbætur vegna bráðafúatjóns er vátryggingarfjárhæð skips sbr. 11. gr. Hámarksbætur greiðast, ef viðgerðarmat bráðafúatjóns að frádregnum 1/5 hluta kostnaðar er jafnhátt eða hærra en vátryggingarverðið, enda sé gert við skipið.

Sé skip gert ónýtt vegna bráðafúatjóns, skulu bætur aldrei vera hærri en 80% af vátryggingarverðinu.

Tjónviðgerðarkostnaður greiðist eins reglulega og vátryggjanda er unnt vegna innheimtu iðgjalda.

Vátryggjandi tekur engan þátt í eldsneytis- eða mannahaldskostnaði skipsins, meðan viðgerð stendur yfir.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um að skipið skuli rifið, án þess að viðgerðarmatið að frádregnum ⅕ kostnaðar fari fram úr vátryggingarverði skipsins, skal tjónið bætt aðeins að tveim þriðju hlutum tjónmatsins, sem eftir verður að frádregnum ⅕ kostnaðar.

Ef skip er gert ónýtt vegna bráðafúa, á vátryggði leifar skipsins. Tekur hann við leifunum og ber allan kostnað þeirra vegna frá þeim degi að úrskurður vátryggjanda um tjónið liggur fyrir. Þegar þannig stendur á greiðir vátryggjandi aðeins kostnað við nauðsynlegt frárif vegna fúaskoðunar og stöðu skipsins í slipp þann tíma, er fúarannsókn vátryggjanda fór fram.

Vátryggði á rétt á vöxtum af bótum vegna alskaða þrem mánuðum eftir að ákvörðun er tekin um að ekki skuli gert við skipið.

14. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, að fenginni umsögn Tryggingaeftirlitsins, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöld falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Iðgjöld endurgreiðast ekki, þótt um hafnarlegu eða uppistöðu hlutaðeigandi skips sé að ræða.

Heimilt er vátryggjanda að innheimta vexti af ógreiddum iðgjöldum. Skulu þeir vera 1% p. a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir vátryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi lengur en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að vátryggt skip sé íveði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu vegna vanskila, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

16. gr.

Ágreiningurinn milli vátryggðra og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 31. desember 1975, til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 164 20. maí 1968.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ
um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

Skip merkir í reglugerð þessari öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenskum fána, innan þeirra takmarka, sem sett eru í 2. gr.

2. gr.

Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari 100.49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt reglugerð þessari innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í og með þeim skilmálum sem reglugerðin ákveður.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip og iðgjaldið innheimt með lögtaki skv. 33. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er bátaábyrgðarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 100.49 rúml. brúttó. Leita skal samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina. Einnig er félögunum heimilt að taka til tryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt þeim skilmálum, er hún setur.

3. gr.

Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini í eitt ár. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal veðhöfum þá ákvörðun með 14 daga fyrirvara.

4. gr.

Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að taka að sér endurtryggingu á hluta þeirrar áhættu, sem Samábyrgðin yfirtekur frá öðrum bátaábyrgðarfélögum.

5. gr.

Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar svo og slysa- og ábyrgðartryggingar á sjómönnum.

Slíka heimild skal því aðeins veita, að löglegur félagsfundur, þar sem farið er með a. m. k. helming allra atkvæða í félaginu, hafi samþykkt að óska heimildarinnar, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið yrði á dagskrá.

Heimild skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, til þess að fjárhag félaganna verði ekki stofnað í hættu, og skal leita álits Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en heimild er veitt.

Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein, í samræmi við reglugerð um ársreikninga vátryggingarfélaga.

6. gr.

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessarar reglugerðar. Þó skal því skylt að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. Einnig skal það háð ákvæðum 24. gr. um aðstoð.

7. gr.

Eftirtalin bátaábyrgðarfélög starfa skv. reglugerð þessari, og eru takmörk þeirra sem hér segir

1. Vélbátatrygging Reykjaness. Félagssvæði: Frá Krísuvíkurbergi að Keilisnesi.
2. Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta. Félagssvæði: Frá Keilisnesi í Hvalfjarðarbotn.
3. Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga. Félagssvæði: Frá Hvalfjarðarbotni að Búðum (Búðir ekki með).
4. Bátatrygging Breiðafjarðar. Félagssvæði: Frá Búðum að Brjánslæk.
5. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga. Félagssvæði: Frá Brjánslæk að Skagatá.
6. Vélbátatrygging Eyjafjarðar. Félagssvæði: Frá Skagatá að Digranesi.
7. Skipatrygging Austfjarða. Félagssvæði: Frá Digranesi til Hornafjarðar.
8. Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla. Félagssvæði: Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

Allir eigendur vátryggingarskyldra fiskiskipa á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að vátryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyst frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flyst á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1 000—25 000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skipið hefur verið skrásett á öðru félagssvæði, enda hafi viðtakandi bátaábyrgðarfélag látið skoða skipið strax eftir að því barst flutningstilkynning, og samþykkt flutninginn.

Sé skip, sem tryggt er samkvæmt bátaábyrgðarlögunum svift haffærisskírteini, skal Siglingamálastofnun ríkisins þegar í stað tilkynna það viðkomandi bátaábyrgðarfélagi eða Samábyrgðinni.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, hámark þeirrar áhættu, sem hvert bátaábyrgðarfélag tekur á eigin reikning í hverju skipi.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar í hinum vátryggðu skipum, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorast.

Verði ágreiningur milli bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðarinnar um endurtryggingariðgjöld, sker ráðherra úr.

9. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð minnst þremur og mest fimm mönnum, og skal fjöldi þeirra ákveðinn á aðalfundi.

Samábyrgðin skipar einn af stjórnarmönnum en hinir eru kosnir á aðalfundi. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Val stjórnarinnar gildir í tvö ár í senn.

Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarinnar.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Stjórnarfundi skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaðurinn, ef formaður er ekki mættur. Stjórnin er ályktunarfær, ef meirihluti stjórnarmanna er mættur, þar á meðal formaður eða varaformaður. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.

Stjórnin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Stjórnin hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka laga nr. 91 31. desember 1975, og þessarar reglugerðar. Hún úrskurðar skaðabótagreiðslur, en þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæð nemur 200 000.00 krónum eða meiru.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og ákveður starfssvið hans og laun. Einnig ræður stjórnin annað starfsfólk eftir því, sem þörf er á.

10. gr.

Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Aðalfundur ákveður þóknun kjörinna endurskoðenda.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar viðkomandi félags liggja frammi hjá framkvæmdastjóra eða formanni frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

11. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit.

Til aðalfundar skal boðað með auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er, eftir að stjórnin hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur skv. 9. og 10. gr.

Atkvæðisrétt á fundum og kjörgengi til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa hafa allir skipaeigendur eða fulltrúar þeirra, sem eiga skip í frumtryggingu hjá félaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverja 2 000 000.00 kr. eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum umboðsmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins.

Félagsmaður getur farið með atkvæðisrétt fyrir aðra félagsmenn, enda hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Fundur er lögmætur, ef farið er þar með helming allra atkvæða í félaginu. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er, boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði er farið á þeim fundi.

Senda skal ráðuneytinu, Tryggingaeftirlitinu og Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

12. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja skv. tilgangi þeirra og samkvæmt lögum um vátryggingarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum reglugerðarinnar. Þeir skulu, áður en skipið er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðun og mat skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.

Stjórn félagsins ákveður þóknun skoðunarmanna, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Bátaábyrgðarfélag, vátryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafist yfirmats, og skal það framkvæmt af þremur dómkvöddum, sérfróðum mönnum.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, getur félagið fellt það úr tryggingu, og skal bætt úr ágöllum þeim, sem skoðunarmenn telja á skipinu, áður en það er tekið í tryggingu á ný. Sé skipið fellt úr tryggingu vegna framangreindra orsaka, skal það tilkynnt veðhöfum með 14 daga fyrirvara áður en niðurfelling tryggingar tekur gildi.

Samábyrgðin gefur út leiðbeiningar um mat skipa, en leita skal samþykkis ráðuneytisins á þeim.

Vátryggingarverð skips skal vera hið sama og matsverð þess.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu skoða hvert það tjón, sem vátryggt skip verður fyrir, áður en viðgerð á skipinu hefst og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um tjónið. Þeir skulu síðan fylgjast með viðgerð á skipinu og að henni lokinni leggja fram skriflega matsgjörð á tjóninu og skýrslu um, hvort skipið sé komið í samt lag aftur eftir viðgerðina.

Ef skip er statt utan vátryggingarsvæðis félags síns, þegar það verður fyrir tjóni, skulu skoðunarmenn þess félagssvæðis, sem skipið er statt á, framkvæma skoðunina. Sé skipið statt erlendis, ber að tilkynna félaginu eða Samábyrgðinni tjónið símleiðis, og ákveður félagið eða samábyrgðin skoðunarmenn.

Fari viðgerð á skipi fram í viðgerðarstöð, sem skoðunar- og matsmaður starfar við, skal annar matsmaður fenginn til að framkvæma skoðun og viðgerðarmat, ef því verður við komið.

14. gr.

Þegar greiddar eru tjónabætur, aðrar en bætur fyrir alskaða, skal ávallt draga frá hverju einstöku tjóni sjálfsábyrgð kr. 5 000.00 margfaldaða með rúmlestatölu skipsins, þó eigi lægri tölu en 15 rúmlestir og eigi hærri tölu en 85 rúmlestir. Grunntalan 5 000.00 kr. breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á vátryggingarverði nýrra skipa.

Ef tjón verður á skipi í höfn ber eiganda þess skips sem tjóninu veldur 1/10 hluta tjónakostnaðarins auk sjálfsábyrgðar skv. 1. mgr.

Ef skip þiggur hjálp af öðrum utan hafnar vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir félagið kostnað af því að frádregnum 25%. Þó skal stjórn Samábyrgðarinnar hafa heimild til að úrskurða lægri frádrátt ef sannað þykir, að um sérstakt neyðartilfelli hafi verið að ræða. Frádráttur skv. þessari málsgr. skal þó aldrei vera minni en segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

15. gr.

Félagið greiðir tjón á skipi af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns, með þeim takmörkunum, er ákveðnar eru í reglugerð þessari.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kynni að standa á, að tjónbóta verði krafist af þriðja aðila, og eigi heldur, þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu, sbr. þó 26. gr.

Tjón á munum, sem eigi eru tryggðir beint, svo og aflatjón og annað óbeint tjón, bætir félagið aðeins þegar svo stendur á, að skip verður fyrir slíkum tjónum vegna þess að það veiti aðstoð skipum, sem tryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögunum.

Greiðsla aflatjóns skal ákveðin þannig, að félagið eða Samábyrgðin leita upp-

lýsinga hjá ábyrgum aðila um afla svipaðra skipa á sömu slóðum og skipið, sem í hlut á, var að veiðum, og greiðir félagið meðalaflaverðmæti að frádregnum 35%.

Skipaeigendur annast sjálfir viðgerð skipa sinna, nema vátryggjandi ákveði annað.

Ef viðgerð hefur ekki farið fram innan árs frá því að tjónið varð, verður það ekki tekið til greina, nema vátryggður sanni, að drátturinn hafi verið honum óviðráðanlegur eða samkomulag hafi orðið við félagið um frestun á viðgerðinni, og skal þá félagið ekki greiða mismun, er kann að hafa orðið á viðgerðarkostnaði vegna verðhækkana frá því að tjónið skeði.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði lægri en matið, þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

Vátryggður getur krafist yfirmats á tjónmati, og skal það framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum.

Nú óskar vátryggður að fá tjónbætur greiddar án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemnerað), og er þá heimilt að semja um bætur eftir atvikum, en aldrei mega þær vera hærri en 90% af matsupphæð tjónsins að frádreginni sjálfsábyrgð skv. 14. gr.

Sé um tjón á bol skipsins að ræða og jafnframt um tjón af völdum bráðafúa, mega tjónbætur samanlagt aldrei nema hærri upphæð en bolmati skipsins að viðbættri raflögn, samkvæmt seinustu vátryggingarmatsgjörð.

16. gr.

I. Félagið bætir tjón á vélum skips, einnig á ásum og öðrum útbúnaði vélarinnar, ef tjónorsakir eru þessar:
   1. Eldur eða sprenging, sem ekki stafa frá vélinni sjálfri.
   2. Skipið sekkur, því hvolfir, það strandar eða kennir grunns.
   3. Skipið rekst á fastan eða fljótandi hlut, þar með talinn ís.

   Bætur fyrir slík tjón skulu háðar sérstakri sjálfábyrgð, er nemi að hundraðshluta þeirri fyrningu, sem vélin ásamt ásum og öðrum útbúnaði var fyrnd um við síðustu vátryggingarmatsgjörð skipsins. (Þessi sjálfsábyrgð á aðeins við varahluti en ekki vinnu). Þessi sérstaka sjálfsábyrgð skal þó aldrei vera lægri en almenna sjálfsábyrgðin, sbr. 14. gr.

II. Ef aðalvél skips hefur ekki náð 12 ára aldri, miðað við smíðaár hennar, þá bætir félagið tjón, sem orsakast af öðrum ástæðum en greinir í lið I, á eftirtöldum aðalhlutum vélarinnar, enda verði að endurnýja þá:
   1. Vélarblokk, ásamt stimplum, slífum og strokkloki, og telst þá hver sjálfstæður strokkur vera vélarblokk.
   2. Sveifarás, ásamt legum.
   3. Sveifarhús, og telst þá hvert sjálfstætt strokkhús vera sveifarhús.
   4. Kambás, ásamt legum.
   5. Botnskál.

   Engar bætur koma fyrir stimpla, slífar, legur eða strokklok, nema þegar þessir hlutir eyðileggjast um leið og nefndir aðalhlutar vélarinnar.

Bætur miðast eingöngu við verð á nýjum vélarhlutum, en hvorki við vinnu, slippkostnað né annan kostnað í sambandi við tjónið. Bæturnar eru háðar sérstakri sjálfábyrgð, (sjálfsábyrgð skv. 1. mgr. 14. gr. skal ekki beitt) sem hér segir:

Aldur vélarhluta	Sjálfsábyrgð
0— 3 ár (að þriggja ára aldri)	Engin
3— 5 ár	25%
5— 7 ár	35%
7— 9 ár	45%
9—12 ár	60%

Það skilyrði er fyrir bótaskyldu skv. lið II, að vélar séu vatnskældar (ekki sjókældar), og að í skipinu sé viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna, þegar eldur er laus í vélarrúmi eða sjór streymir inn í það.

17. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og útbúnaði í herbergjum skipverjanna, sem innifalið er í vátryggingarvirðingargjörð skipsins, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi, eða rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

18. gr.

Vátryggður hefur rétt til bóta fyrir algeran skiptapa þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er dæmt óbætandi, þ. e. að áætlaður viðgerðarkostnaður og björgun fer fram úr vátryggingarverði þess. Greiði félagið bætur fyrir algeran skiptapa, ber því andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar skipsins. Vátryggjandi hefur rétt til að ráðstafa leifunum.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölulið þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfa dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algeran skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

19. gr.

Nú hefur ekki spurst til skips í 3 mánuði frá því það lagði úr höfn og skal þá líta svo á, að það hafi farist algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað innan þriggja mánaða frá því það var yfirgefið, og á vátryggði þá kröfu til bóta sem um algeran skiptapa væri að ræða. Ef öruggar sannanir liggja fyrir um það, að skip hafi farist, á vátryggði rétt á vöxtum af bótafjárhæðinni, er séu 1% lægri en víxilvextir Landsbankans, eftir að 3 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna.

20. gr.

Bætur, sem vátryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri, þegar skipið eða áhöld þess hafa rekist á annan fastan eða fljótandi hlut, ennfremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru bátaábyrgðarfélögunum óviðkomandi.

21. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York—Antwerpen ákvæðunum frá 1950.

22. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess að skip var ekki sjófært, hæfilega útbúið, þar með talin ísvörn og kjalskúffa, hafi þess verið krafist af viðkomandi bátaábyrgðarfélagi, mannað eða lestað eða hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl, þegar það lagði síðast úr höfn.
2. Tjón, sem verður vegna þess að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund vátryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.
4. Ef skip er notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskylt, að vátryggjandi hafi samþykkt notkunina.
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalda.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðagalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits t. d. vegna notkunar toghlera, skelfiskplóga og annars veiðiútbúnaðar, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

23. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af yfirvinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Kostnað vegna aflahlutar, mannahalds, hafnargjalda og eldsneytisnotkunar meðan á viðgerð stendur, greiðir vátryggjandi ekki.

Kostnað við gæslu skips meðan á viðgerð stendur, ef skipið er ekki sett á land, greiðir félagið því aðeins, að það hafi samþykkt á hvern hátt gæslunni skuli hagað og hvað greitt skuli fyrir hana.

Brak, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda.

24. gr.

Öll skip, sem tryggð eru af bátaábyrgðarfélögunum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins er hjálpina þáði.

Ákvæði laga nr. 66/1963 og 25/1967 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

25. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari.

Stjórn félagsins getur krafist þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja sjóferð. Hafi félagsstjórn krafist þess, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, ef út af er brugðið.

26. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða af vítaverðu hirðuleysi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt vátryggðum annars hefði borið fullar bætur.

Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann orðið valdur að tjóni af ásettu ráði eða af hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn þinglesnu veði í skipinu, enda skerða ákvæði reglugerðarinnar um niðurfall skaðabótaskyldu bátaábyrgðarfélags að einhverju eða öllu leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt þinglesinna veðhafa til innheimtu vátryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum er greinir í 22. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

27. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerð lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna.

Viðgerðarreikninga, sem ekki eru komnir í hendur félagsins áður en einn mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, getur félagið neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir því, að gildar ástæður séu að þess dómi fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjótjóns, ef þær eru ekki komnar félaginu í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

28. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt reglugerð þessari, skal eigandi skipsins eða skipstjóri þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félags og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur félögunum í té. Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan mánaðar frá því að það vildi til, getur félagið neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir því, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

29. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmanni að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfnunum, sem félagið kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjón og hve miklu það hefur numið.

30. gr.

Skipstjórar og vélstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri eða vélstjóri á slíkum skipum í þeim siglingum, sem þau eru í. Skipið verður einnig að fullnægja ákvæðum laga um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra og vélstjórn þess vélstjóra, sem þrisvar vegna ógætni eða vanrækslu hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt reglugerð þessari. Ef eigandi

skips hlítir ekki fyrirmælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón á skipum hans, er verða undir stjórn viðkomandi skipstjóra eða vélstjóra.

31. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðherra, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og umsögn Tryggingaeftirlitsins. Samábyrgðin skal hafa samráð við bátaábyrgðarfélögin um iðgjaldatillögur. Iðgjaldið fellur í gjalddaga við upphaf vátryggingartímabils.

Heimilt er félögunum að innheimta vexti af ógreiddum iðgjöldum, og skulu þeir vera 1% lægri en víxilvextir Landsbankans.

Ef skip hefur staðið á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem félagið tekur gildan, og slík landstaða eða hafnarlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi skipsins. Endurgreiðslan skal vera 0.20% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern dag, ef skipið hefur staðið á landi, en 0.15% af ársiðgjaldi á dag, ef það hefur legið í höfn. Hver mánuður reiknast 30 dagar og allt árið sem 360 dagar. Þrátt fyrir framangreindar reglur skal endurgreiðsla aldrei vera meiri en nemur mismun á ársiðgjaldi skips annars vegar og greiðslu Tryggingasjóðs fiskiskipa vegna iðgjalds skipsins á viðkomandi ári að viðbættum þeim hluta iðgjalds, sem skipseiganda ber að greiða sjálfum miðað við fullt úthald, hins vegar.

Hafi skip orðið fyrir alskaða, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi þess til loka ársins með sama hætti eins og ef skipið hefði staðið á landi

32. gr.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukaiðgjald á vátryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af vátryggingum skipa og 100% af iðgjöldum trygginga skv. 5. gr. Gjald þetta rennur í sjóð félaganna.

Aukaiðgjald verður eigi lagt á iðgjöld tiltekins árs, nema ákvörðun um það hafi verið tekin áður en 2 mánuðir eru liðnir frá lokum ársins.

33. gr.

Bátaábyrgðarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum af skipum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja. Sama gildir um aukaðigjöld, sem reiknuð eru af vátryggingariðgjöldum skipa.

34. gr.

Nú hefur bátaábyrgðarfélag ekki innheimt vátryggingariðgjöld og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingariðgjöldin, og er þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa tryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi.

35. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 8. gr. þessarar reglugerðar, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal ákveða, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

36. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafa þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

37. gr.

Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt reglugerð þessari, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þó skulu endurtryggingariðgjöld, sem greidd eru samkv. 8. gr. reglugerðar þessarar ekki teljast til aðstöðugjaldskyldra útgjalda.

Vátryggingarskírteini, sem bátaábyrgðarfélögin gefa út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

38. gr.

Venjur og reglur bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í reglugerð þessari.

39. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 91 31. desember 1975 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 165 20. maí 1968.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

14. október 1976. Nr. 368.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 43.50 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst. auk fastagjalds sem er kr. 133.00 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 65.30 á ári af hverjum ferm.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 11.00 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 12 129.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:

a) Um kWst.-mæli á kr. 3.60 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 12 129.00. Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kw.
b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 3.60 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 11 477.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrjár stundir á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C—3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæli:
a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 12 129.00 á kw. á ári.
b) Af allri notkun kr. 3.60 á hverja kWst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 133.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 53.20 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 96.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun.

án söluskatts frá 1. des. 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 4.60 hverja kWst.
D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 3.35 hverja kWst.
D—3. Um afl- og orkumæli:
a) Á kr. 3.35 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 2 350.00 hvert kw.
b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.

D—4. Um kWst.-mæli á kr. 1.60 hverja kWst. með rofi frá kl. 8—23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsahitunar.

a) Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
c) Að notandi kosti tengingu og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.
d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
e) Að húsnæðið fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis er hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 13.20 hvert kw. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagningar við byggingar, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 21.50 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.00 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 3.20 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 10.45 hver kWst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 21.50 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 66.00 á mán.
2.	Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 77.00 á mán.
3.	Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	— 132.00 á mán.
4.	Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	— 231.00 á mán.
5.	Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	— 209.00 á mán.
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 amp.	— 396.00 á mán.
7.	Af álagsstýriliðum minni gerð	— 226.00 á mán.
8.	Af álagsstýriliðum stærri gerð	— 396.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Heimtaugargjald kr.
1.	63 A 1-fasa	66 320.00
2.	63 A 3-fasa	71 580.00
3.	200 A 3-fasa	145 200.00
4.	350 A 3-fasa	346 500.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiðast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varakassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varakassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðestningu varakassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðarheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	11 760.00	1 750.00	22 150.00
63 A 1-fasa	16 510.00	1 750.00	25 760.00
100 A 3-fasa	17 510.00	2 250.00	29 530.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfa, skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu, eða óveður háir útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilega erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöð.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, og að til lokunar hafi komið, skal greiða fyrir enduropnun kr. 1 573.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 573.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR, GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalin í gjaldskránni eru söluskattur, viðlaga- og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 296 11. júní 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 14. október 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 369. 12. október 1976.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976:

	Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1.	10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	389.65
2.	24 × 1 lb. blokkfryst	406.15
3.	24 × 450 gr. sérfryst	406.15
4.	6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfr.	406.15
5.	4 × 2.5 kg. sérfryst	406.15
6.	2 × 5 kg. sérfryst	406.15
7.	4 × 7 kg. sérfryst	406.15
8.	1 × 25 lbs. sérfryst	406.15
9.	15 × 200 gr. sérfryst	412.75
10.	í saltlegi	389.65

Verðbil verður 2½%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. október 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

15. október 1976. Nr. 370.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.
Löggildingargjöld.

1.	**Vogarlóð:**		
	Þyngd 1—200 g	kr.	30.00
	Þyngd ½ kg—20 kg	—	70.00
	Þyngd 50 kg	—	300.00
	Þyngd 4—8 oz	—	30.00
	Þyngd 1 lb.—13½ lb.	—	60.00
2.	**Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:**		
	Burðarþol: Allar stærðir	kr.	1 300.00
3.	**Jafnarma vogir:**		
	Burðarþol: Allar stærðir	kr.	600.00
4.	**Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:**		
	Burðarþol 10— 100 kg	kr.	700.00
	Burðarþol 150— 500 kg	—	900.00
	Burðarþol 600— 2 000 kg	—	1 600.00
	Burðarþol 3 000—30 000 kg	—	6 000.00
5.	**Vísavogir: Rafmagnsvogir (talnavogir):**		
	Burðarþol 1— 5 kg	kr.	700.00
	Burðarþol 10— 25 kg	—	1 000.00
	Burðarþol 50— 200 kg	—	1 200.00
	Burðarþol 300— 5 000 kg	—	2 500.00
	Burðarþol 10 000—30 000 kg	—	6 500.00
	Burðarþol yfir 30 000 kg	—	10 500.00

6.	**Kvarðar og málbönd:**		
	Lengd ½ m—1 m	kr.	200.00
	Lengd Stálmálbönd allt að 50 m	—	600.00
	Lengd Mælivélar fyrir lengdarmál	—	800.00
7.	**Mæliker:**		
	Rúmtak 1 dl—2 l	kr.	100.00
	Rúmtak 10—50 l	—	150.00
	Rúmtak Vínmælar (veltimælar og kúlumælar) 3—6 cl	—	800.00
8.	**Rennslismælar fyrir olíur og bensín og bensínsölumælar:**		
	Rennslismælar	kr.	900.00
	Bensínsölumælar	—	600.00
9.	**Rennslismælar fyrir mjólk:**	kr.	900.00

2. gr.

	Vottorðagjald	kr.	400.00

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi frá 1. nóvember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 77 23. september 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

Nr. 371. 25. október 1976.

REGLUGERÐ

um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, skammstafað D. A. S., er heimilt að reka happdrætti um bifreiðir, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks, 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Hinn 31. maí ár hvert skal happdrættið greiða í byggingarsjóð aldraðs fólks sem svarar helmingi nettó hagnaðar happdrættisins árið á undan, en endanlegt uppgjör fari fram ekki síðar en 30. nóvember ár hvert.

2. gr.

Stjórn fulltrúaráðs sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórn fulltrúaráðs sjómannadagsins ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er frá 1. maí til 30. apríl. Dómsmálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og einn til vara og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins. Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins, og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna dómsmálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 16 frá 13. apríl 1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, eða reglugerða settra samkvæmt þeim brotin. Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 75 000 — sjötíu og fimm þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—75 000, og auk þess merki D. A. S., verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrest. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

6. gr.

Vinningar í happdrættinu skulu vera samanlagt 6 000 að tölu í öllum 12 flokkum og skal heildarverðmæti þeirra, miðað við smásöluverð, nema a. m. k. 60% af söluverði miða í öllum 12 flokkum. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað. Stjórn happdrættisins ákveður, að fengnu samþykki happdrættisráðs, fjölda vinninga og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Skal vinningaskrá samin fyrirfram fyrir ár hvert.

7. gr.

Verð ársmiða er 4 800 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 400 kr. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu D. A. S. í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið. Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 3. maí ár hvert, og síðan 3. hvers mánaðar, í janúar þó 8. þess mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum eða laugardögum

eða fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef því þykir ástæða til.

10. gr.

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega hjá Reiknistofnun Háskólans undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúum happdrættisins og Reiknistofnunar.

11. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

a) Tölvu Reiknistofnunar Háskólans. Heimilt er þó með samþykki happdrættisráðs að nota aðra tölvu, ef nauðsyn krefur.
b) Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur á sérstökum seguldiski, segulbandi eða gataspjaldastokki.
c) Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfi skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9 þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
d) Nauðsynlegan tölvupappír, segulbönd og gataspjöld í samræmi við þarfir dráttarforritsins.

12. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dreginn út hæsti (hæstu) vinningar, síðan næsthæsti (næsthæstu) o. s. frv. Happdrættisráð fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn, sem breytingar eru gerðar á því. Skulu hinir sérfróðu menn leggja skriflega greinargerð um gerð forritsins fyrir happdrættisráðið, sem síðan staðfestir það.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur milli drátta með öruggum hætti og undir innsigli happdrættisráðs.

13. gr.

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með eftirfarandi hætti:

a) Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti, að stokknum er snúið, en af því búnu er skráð sú 8 stafa tala, sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið, þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
b) Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
c) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
d) Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna.
e) Tölvan dregur og prentar út vinningaskrá, sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
f) Sé óskað eftir afriti vinningaskrár á segulbandi eða gataspjöldum er það nú gert.
g) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

14. gr.

Bili tölvan eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur happdrættisráð öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ. á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmæti eða gildi dráttar meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til happdrættisráðs, sem leggur fullnaðarúrskurð á ágreininginn.

16. gr.

Að loknum drætti lætur happdrættið prenta skýrslu um vinninga, hvaða númer hafa hlotið vinninga og hve háa. Skal skýrslan send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

17. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers happdrættisárs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn happdrættisins auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis D. A. S.

18. gr.

Allir vinningar greiðast í bifreiðum, bifhjólum, bátum eða búnaðarvélum, íbúðarhúsum eða einstökum íbúðum, húsbúnaði, hljóðfærum, búpeningi, flugvélum og farmiðum til ferðalaga, og er happdrætti D. A. S. óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

19. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir umboðsmenn happdrættisins. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkv. 17. gr.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans, nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatast, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar happdrættisins með beiðni um, að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar happdrættisins innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976 um breyting í þeim lögum öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 41 24. mars 1956 ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

Heimilt er Sambandi íslenskra berklasjúklinga (skammstafað SÍBS) að reka vöruhappdrætti. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi SÍBS, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

2. gr.

Stjórn SÍBS fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er almanaksárið. Dómsmálaráðuneytið skipar tvo endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og einn til vara og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins.

Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina, sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna dómsmálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 18 22. apríl 1959 og breytinga á þeim lögum, eða reglugerða settra samkvæmt þeim, brotin.

Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 75 000 — sjötíu og fimm þúsund — hluti í 12 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer, frá 1—75 000 og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrest. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmannsins.

6. gr.

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal heildarverðmæti vinninga nema að minnsta kosti 60% af söluverði miða í öllum 12 flokkum.

Stjórn happdrættisins ákveður, að fengnu samþykki happdrættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hverjum flokki. Skal vinningaskrá samin fyrirfram fyrir ár hvert.

7. gr.

Verð ársmiða er kr. 4 800 en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 400 Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á aðdraga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu SÍBS í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið.

Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar ár hvert, en í öðrum flokkum 5. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum eða laugardögum eða fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef því þykir ástæða til.

10. gr.

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega hjá Reiknistofnun Háskólans undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúum happdrættisins og Reiknistofnunar.

11. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

a) Tölvu Reiknistofnunar Háskólans. Heimilt er þó með samþykki happdrættisráðs að nota aðra tölvu, ef nauðsyn krefur.

b) Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur á sérstökum seguldiski, segulbandi eða gataspjaldastokki.

c) Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfi skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.

d) Nauðsynlegan tölvupappír, segulbönd og gataspjöld í samræmi við þarfir dráttarforritsins.

12. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dregin út hæsti (hæstu) vinningur, síðan næsthæsti (næsthæstu) o. s. frv. Happdrættisráð fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn, sem breytingar eru gerðar á því. Skulu hinir sérfróðu menn leggja skriflega greinargerð um gerð forritsins fyrir happdrættisráðið, sem síðan staðfestir það.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur milli drátta með öruggum hætti og undir innsigli happdrættisráðs.

13. gr.

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með eftirfarandi hætti:

a) Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti, að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala, sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið, þar til fyrir liggur 48 stafa tala.

b) Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.

c) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.

d) Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna.

e) Tölvan dregur og prentar út vinningaskrá, sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.
f) Sé óskað eftir afriti vinningaskrár á segulbandi eða gataspjöldum er það nú gert.
g) Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

14. gr.

Bili tölvan eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur happdrættisráð öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ. á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmæti eða gildi dráttar meðan dráttur fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til happdrættisráðs, sem leggur fullnaðarúrskurð á ágreininginn.

16. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

17. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn happdrættisins auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættisins.

18. gr.

Allir vinningar greiðast í vörum, og er vöruhappdrætti SÍBS óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

19. gr.

Vinninga afhenda einungis viðurkenndir birgðasalar happdrættisins. Ef vinningurinn er ekki ákveðin vörutegund er vinnanda í sjálfsvald sett hvaða vörutegund eða verðmæti hann kýs sér af því, er birgðasali hefur á boðstólum fyrir happdrættið. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkvæmt 17. gr. Umboðsmenn happdrættisins skulu láta viðskiptamönnum þess ókeypis í té skrá yfir birgðasalana.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatast, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar happdrættisins með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnarinnar innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969, lög nr. 22 10. apríl 1974 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr. kemur þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1977. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, sbr. reglugerðir nr. 291 26. september 1974, nr. 390 29. ágúst 1975 og nr. 550 31. desember 1975.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

15. október 1976. Nr. 373.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 112 8. maí 1972.

1. gr.

24. gr. hljóði svo:

A. **Til eins árs á fyrri fundi í júní ár hvert:**

1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð.
6. Fjóra menn í byggingarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og tvo utan bæjarstjórnar og fjóra varamenn á sama hátt. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn og formaður nefndarinnar.
7. Fimm menn í hafnarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og þrjá utan bæjarstjórnar og fimm varamenn á sama hátt. Auk þess eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, bæjarstjóri og bæjarverkfræðingur.
8. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.
9. Einn mann í stjórn Sparisjóðs Kópavogs. Auk þess eiga sæti í stjórninni tveir fulltrúar kjörnir af ábyrgðarmönnum Sparisjóðsins.
10. Tvo endurskoðendur Sparisjóðs Kópavogs.
11. Kjörstjórnir við bæjarstjórnarkosningar:
    a) Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
    b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
12. Kjörstjórnir við alþingiskosningar:
    a) Þrjá menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjá til vara.
    b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
13. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara. Starfstími nefndarinnar skal hefjast og enda við áramót.
14. Fimm menn í stjórn Heilsuverndarstöðvar Kópavogs og fimm til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni einn fulltrúi tilnefndur af heilbrigðisráðuneytinu

og einn fulltrúi tilnefndur af Sjúkrasamlagi Kópavogs. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar.
15. Sjö menn í stjórn Lista- og menningarsjóðs.
16. Fimm menn í umferðanefnd og fimm til vara. Rétt til setu á fundum nefndarinnar hefur bæjarfógeti og bæjarverkfræðingur með málfrelsi og tillögurétti.
17. Fimm menn í stjórn Atvinnueflingarsjóðs og fimm til vara.

B. **Til tveggja ára á fyrri fundi í júní við upphaf kjörtímabils og á miðju kjörtímabili.**

1. Sjö menn í tómstundaráð, þar af fjóra samkvæmt tilnefningu starfandi félaga í bænum, þó ekki stjórnmálafélaga. Tilnefni félögin ekki fulltrúa fyrir maílok ár hvert, kýs bæjarstjórn alla sjö fulltrúana án tilnefningar. Á sama hátt skal kjósa sjö varamenn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins.

C. **Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:**

1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlag Kópavogs og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
2. Sjö menn í félagsmálaráð og sjö til vara.
3. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
4. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
5. Fimm menn í bókasafnsstjórn og fimm til vara.
6. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
7. Sjö menn í náttúruverndarnefnd og sjö til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
8. Einn forðagæslumann.
9. Einn millimatsmann.
10. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
11. Sex menn í áfengisvarnarnefnd. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.
12. Átta menn í sjó- og verslunardóm.
13. Einn bæjarfulltrúa eða varabæjarfulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs Kópavogskaupstaðar og einn til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni einn fulltrúi kjörinn af sjóðsfélögum og bæjarstjóri, sem er formaður stjórnarinnar.
14. Sjö menn í stjórn Félagsheimilis Kópavogs og sjö til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni sex fulltrúar tilnefndir af aðildarfélögum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. október 1976.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 33—35, nr. 345—373. — Útgáfudagur 29. október 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 — 1976

14. október 1976. 725 Nr. 374.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Hellu í Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á Hellu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á A-gjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir.

Einbýlishús	2.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	1.5%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.5%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.0%
Önnur hús og byggingar	1.5%

Af kjöllurum (jarðhæðum) og rishæðum, sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslum skal greiða hálft gjald.

Auk þessa gjald skal lóðarhafi greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

Gjald skal miða við stærð húss skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^2
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús hver íbúð	400 m^2
Fjölbýlishús	300 m^2

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

B 91

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á B-gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús á einni hæð	4.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	3.0%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	3.0%
Fjölbýlishús	2.0%
Verslana- og skrifstofubyggingar	4.0%
Önnur hús og byggingar	3.0%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjöld kr. 60.00 af hverjum fermetra lóðar.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um áramót.

6. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds skv. 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Ef um er að ræða leigulóð í eigu sveitarfélagsins, getur sveitarstjórn áskilið, að úthlutun verði háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfi verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Gatnagerðargjald skv. 4. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal þá miða við meðal vísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

8. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að innheimta gjald, skv. 4. gr., af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, skal miða gjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

10. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. og 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1976.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Skúli Sigurðsson.

20. október 1976. Nr. 375.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. I	kr.	330.00
Millifiskur nr. I	—	316.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	—	267.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	—	237.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök

15/20	FF	kr.	336.00
15/20	AB	—	292.00
21/25	FF	—	324.00
21/25	AB	—	282.00
26/30	FF	—	312.00
26/30	AB	—	271.00
31/35	FF	—	301.00
31/35	AB	—	262.00
36/40	FF	—	290.00
36/40	AB	—	252.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75%, af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. október 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 532 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliðir er verði 30. og 31. tölulíður og orðist svo:

30. Skráning og umskráning beltabifhjóla kr. 1 000.00.
31. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli kr. 1 000.00.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975 öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 17. september 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 377. 15. október 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktar- og húsbyggingasjóð Leikfélags Kópavogs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. október 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktar- og húsbyggingarsjóð Leikfélags Kópavogs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Styrktar- og húsbyggingarsjóður L. K.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 100 000.00. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast, gjafafé, hagnaður af leiksýningum, sem sýndar eru á vegum sjóðsins. Af árlegum nettótekjum sjóðsins skal ávallt leggja eigi minna en 10% af tekjum við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita efnilegum leikurum, leikstjórum og leiktæknimönnum styrki til framhaldsmenntunar, veita fé til húsbyggingar fyrir starfsemi félagsins, svo og nauðsynlegra tækjakaupa í því sambandi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, þar af tveir tilnefndir af Leikfélagi Kópavogs og einn af bæjarstjórn Kópavogs. Störf í þágu sjóðsins eru ólaunuð.

6. gr.

Sjóðstjórn semur reikninga árlega og skulu þeir lagðir fyrir aðalfund Leikfélags Kópavogs til samþykktar, eftir að endurskoðendur félagsins hafa yfirfarið þá.

7. gr.

Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr.

Hætti Leikfélag Kópavogs starfsemi sinni, skal afhenda bæjarsjóði Kópavogs sjóðinn til vörslu, þar til félagið verður endurreist eða hliðstætt félag stofnað.

9. gr.

Engu má breyta í skipulagsskrá þessari.
Leita skal staðfestingar á henni.

26. október 1976. Nr. 378.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. nóv. 1976 frá því sem þær voru í okt. 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.
Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 9% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

22. október 1976. Nr. 379.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1976:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4 × 14 m/r interl.	163.60
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	173.13
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	210.07
5 × 10	215.98

4 × 13	210.07
4 × 15	219.93
12 × 1	219.93
Blokk	175.06
Blokk 24½	179.44

Ýsa:

4 × 14 m/r interl.	158.65
10 × 5	195.55
12 × 1, 3 × 18 og 4 × 13	204.73
Blokk	173.16
Blokk 24½	177.22

Steinbítur:

8 × 7 r/l	98.87
10 × 5	213.00
12 × 1	213.00
Blokk	168.42

Karfi:

8 × 7 m/r	109.15
10 × 5 r/l	182.11
10 × 5 m/r	178.13
10 × 5 m/r og m/b (Sea Star)	173.99
4 ×10 m/r og m/b flokkað (Sea Star)	184.40
5 × 8 m/r og b/l	232.23
12 × 1 r/l	182.11
12 × 1 m/r flokkað	201.95
1 × 25	144.19
4 × 12	165.81
4 × 12 og 3 × 17 m/r og m/b flokkað	176.07
1 × 20 lausfryst flokkað	182.54
Blokk	161.14

Ufsi:

8 × 7 r/l	81.04
4 × 6 kg. r/l	98.82
10 × 5	130.72
4 × 12	130.72
Blokk	117.66
Blokk 24½	117.66

Langa:

8 × 7 r/l	107.99
10 × 5	164.46
Blokk	127.67

Grálúða:

6 × 10	127.48
Heilfryst	97.00
Blokk U. S. S. R.	110.00
Blokk U. S. A.	147.70
Heilfrystur fiskur	47.22

Verðbil verður 3%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

25. október 1976. Nr. 380.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970 um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán samkvæmt þessum kafla reglugerðar þessarar skulu að jafnaði vera tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Íbúðin skal fullnægja reglum skipulags- og byggingaryfirvalda, svo og heilbrigðissamþykkt hlutaðeigandi staðar.

Um vexti og lánakjör gilda almenn ákvæði reglugerðar þessarar, að öðru leyti en því, sem tekur til lánstíma, skv. 29. gr.

Nú eru áhvílandi lán á veðréttum á undan láni samkvæmt þessum kafla við kaup íbúðar, og er þá Veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að taka veð á lakari veðrétti, og má samanlögð fjárhæð þeirra lána og láns samkvæmt þessum kafla nema allt að 65% brunabótamats íbúðarinnar, eða sérstaks mats trúnaðarmanna Veðdeildar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. október 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Skúli Sigurðsson.

28. október 1976. Nr. 381.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 40 19. febrúar 1976 um skráningu ökutækja.

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

c. beltabifhjól

2. gr.

1. málsgr. 9. gr. orðist svo:

Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum vélknúnum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki, á bif-

hjólum og léttum bifhjólum að aftan, en á dráttarvélum og beltabifhjólum að framan. Heimilt er að hafa skráningarmerki aftan á dráttarvél og beltabifhjóli, ef sérstaklega stendur á og aðstaða er til þess að mati bifreiðaeftirlitsmanns.

3. gr.

Á eftir 14. gr. komi ný grein, 14. gr. a, svo hljóðandi:

Skráningarmerki beltabifhjóla skulu vera rétthyrnd með svörtum stöfum á hvítum, glituðum grunni, 80 mm á hæð, en hæð stafa 50 mm. Aftan við umdæmisbókstaf skal standa bókstafurinn b, 35 mm á hæð.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 62 31. maí 1976, öðlist þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. október 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 382. 29. október 1976.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Selfoss Apóteks.

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Selfoss Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga	kl. 09.00—18.30
Laugardaga og sunnudaga	kl. 10.00—12.00
Helgidaga, að undanskildum nýársdegi, föstudeginum langa, páskadegi, hvítasunnudegi og jóladegi	kl. 10.00—12.00

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. sept. 1976.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 — 1976

AUGLÝSING

um álag á fasteignamat.

Félagsmálaráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í b. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 11 28. apríl 1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., sbr. lög nr. 8/1972, að álag á aðalmat fasteigna, sem tók gildi 31. desember 1971, skuli vera 236%, að því er tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati. Hér er því um að ræða 23.1% hækkun frá fyrra ári.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

Stjórnartíðindi B 37, nr. 383. Útgáfudagur 17. nóvember 1976.

B 92

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Nr. 384. 734 27. október 1976.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl. til iðnaðar.

11.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	33.28 á kWst.
12.	Fast gjald	—	F1 + F2
	Orkugjald	—	15.90 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21.	Fast gjald	kr.	F1 + F3
	Orkugjald	—	9.54 á kWst.

3. Vélanotkun.

31.	Fast gjald	kr.	F1 + F2
	Orkugjald	—	19.08 á kWst.
	Lágmarksgjald	—	18 + F1 á ári
32.	Aflgjald lágmark 3 kW	—	41 906.00 á ári
	Aflgjald frá 3—5 kW	—	13 969.00 á kWst. á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	4.65 á kWst.
33.	Aflgjald umfram 5 kW	—	11 851.00 kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	3.76 á kWst.
34.	Til súgþurrkunar.		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	4.69 á kWst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	kr.	F1 + F4
	Orkugjald	—	4.14 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag		
42.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	2.54 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
43.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	2.08 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst.		

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. Utanhúslýsing.

51.	Fast gjald	kr.	F1
	Orkugjald	—	9.91 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.	.....	kr.	234.00 á mánuði
F2.	a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	8.48 á m^2 á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	4.56 á m^2 á mán.
F3.	.....	—	74.00 á gjaldein. á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar en ekki ganga, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m^2 eða minna reiknast hálft, en 25 m^2 eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m^2 mælt innan útveggja.

c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m^2 fyrir vinnslurúm, 40 m^2 fyrir geymslurúm.

d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m^2 eða minna ein gjaldeining, hverja næstu 100 m^2 ein gjaldeining.

F4. Hvert uppsett kW ..... kr. 995.00 á kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.

b) Að vélaafl og götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.

c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

7. Véla- og tækjaálag.

Ef fasavíksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasavíksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasavíksstuðli undir 0.8.

II. OPNUNARGJÖLD

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 014.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 325.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu sem tengd er við rafveituna skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 4 134.00

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 385. 25. október 1976.

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Yfirlit um tekjur og gjöld árið 1975 og efnahagur 31. desember 1975.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1975:		
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlab. Ísl.	kr.	44 779 980.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga	—	14 972 431.00
Vaxtatekjur	—	3 490 743.00
	Kr.	63 243 154.00

Gjöld:

Eignir 31. des. 1975:		
Innstæða á hlr. 35209	kr.	63 243 154.00
	Kr.	63 243 154.00

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1975:			
Innstæða á hlr. 35217, freðfiskur, í Seðlab. Ísl.	kr.	1 539 370 607.00	
Innstæða á hlr. 35276, rækja, í Seðlab. Ísl.	—	70 240 442.00	
			kr. 1 609 611 049.00

Innborgaðar verðhækkanatekjur af freðfiski (humri) 1974	kr.	6 879 678.00		
Innborgaðar verðhækkanatekjur af rækju 1973—1974	—	1 545 481.00		
			—	8 425 159.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga:				
Hlr. 35217	kr.	449 281 338.00		
Hlr. 35276	—	22 890 721.00		
			—	472 172 059.00
Vaxtatekjur:				
Hlr. 35217	kr.	81 093 150		
Hlr. 35276	—	4 703 972.00		
			—	85 797 122.00
			Kr.	2 176 005 389.00

Gjöld:

Stjórnarlaun			kr.	396 823.00
Opinber gjöld			—	18 430.00
Auglýsingakostnaður:				
v/freðfisks	kr.	28 780.00		
v/rækju	—	14 380.00		
			—	43 160.00
Greitt v/auglýsingagjalds af freðfiski til U. S. A., framl. 1975			—	5 973 000.00
Greitt v/verðlækkana á freðfiski, framl. 1/9—31/12 1974	kr.	357 098 452.00		
Greitt vegna verðlækkana á freðfiski, framl. 1/1—31/5 1975	—	1 257 132 533.00		
			—	1 614 230 985.00
Greitt v/verðlækkana á rækju, framl. 1/9—31/12 1974	kr.	20 845 786.00		
Greitt v/verðlækkana á rækju, framl. 1/1—31/5 1975	—	30 045 919.00		
			—	50 891 705.00
Eignir 31. des. 1975:				
Innstæða á hlr. 35217	kr.	455 976 755.00		
Innstæða á hlr. 35276	—	48 474 531.00		
			—	504 451 286.00
			Kr.	2 176 005 389.00

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1975:				
Innstæða á hlr. 35225 loðnumjöl, og 35233 loðnulýsi, í Seðlab. Ísl.			kr.	298 308 022.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnumjöli, framl. 1973	kr.	8 908 353.00		
Innborgað framlag af gengismunareikn. 1975 til verðbóta á loðnumjöli framl. frá 23/3 til loka vertíðar 1975	—	25 000 000.00		
			—	33 908 353.00

Innborgaðar verðhækkanatekjur af loðnulýsi, framl. 1975			kr.	47 667 037.00
Innborgað framlag af gengismunareikn 1974 til verðbóta á fiskimjöli, framl. frá 1/1—31/8 1974	kr.	50 000 000.00		
Innborgað framlag af gengismunareikn. 1975 til verðbóta á fiskimjöli, framl. frá 15/3—31/5 1975	—	25 000 000.00		
			—	75 000 000.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga:				
Hlr. 35225	kr.	58 203 604.00		
Hlr. 35233	—	26 458 205.00		
Hlr. 35268	—	209 648.00		
			—	84 871 457.00
Vaxtatekjur:				
Hlr. 35225	kr.	7 209 990.00		
Hlr. 35233	—	6 343 525.00		
Hlr. 35268	—	666 919.00		
			—	14 220 434.00
			Kr.	553 975 303.00

Gjöld:

Stjórnarlaun:				
v/loðnumjöls	kr.	97 170.00		
v/loðnulýsis	—	97 166.00		
			kr.	194 336.00
Opinber gjöld:				
v/loðnumjöls	kr.	4 988.00		
v/loðnulýsis	—	4 988.00		
			—	9 976.00
Auglýsingakostnaður:				
v/loðnumjöls	kr.	1 980.00		
v/loðnulýsis	—	1 980.00		
			—	3 960.00
Gr. v/verðlækkana á loðnumjöli, framl. 1974	kr.	19 716 000.00		
Gr. v/verðlækkana á loðnumjöli, framl. 1975	—	358 591 967.00		
			—	378 307 967.00
Gr. v/lokauppgjörs á loðnulýsi, framl. 1973	kr.	4 449 284.00		
Gr. v/lokauppgjörs á loðnulýsi, framl. 1974	—	557 311.00		
			—	5 006 595.00
Gr. verðbætur á fiskimjöli, framl. frá 1/1—31/8 1974			—	48 996 000.00
Eignir 31. des. 1975:				
Innstæða á hlr. 35225 og 35233	kr.	94 575 902.00		
Innstæða á hlr. 35268	—	26 880 567.00		
			—	121 456 469.00
			Kr.	553 975 303.00

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. jan. 1975:			
Innstæða á hlr. 35241, í Seðlab. Ísl.			kr. 869 124 448.00
Innborgaðar verðhækkanatekjur af óverkuðum saltfiski, framl. 1974	kr.	264 883 223.00	
Innborgaðar verðhækkanatekjur af söltuðum ufsaflökum, framl. 1974	—	2 687 680.00	
			— 267 570 903.00
Uppfærsla v/gengisbreytinga			— 308 170 521.00
Vaxtatekjur			— 77 987 745.00
			Kr. 1 522 853 617.00

Gjöld:

Stjórnarlaun	kr.	209 251.00
Opinber gjöld	—	8 765.00
Auglýsingakostnaður	—	13 440.00
Gr. v/verðlækkana á söltuðum ufsaflökum, framl. 1975	—	3 000 000.00
Eignir 31. des. 1975:		
Innstæða á hlr. 35241	—	1 519 622 161.00
	Kr.	1 522 853 617.00

Reykjavík, 25. október 1976.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins,

Davíð Ólafsson, formaður.

Framanritaða efnahags- og rekstursreikninga höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og eru þeir í samræmi við þær.

Egill Símonarson, lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson, aðalendurskoðandi Seðlab. Ísl.

29. október 1976. Nr. 386.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 312 6. ágúst 1976.

1. gr.

13. grein reglugerðar nr. 312/1976 falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 1. nóvember 1976 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Vestmannaeyjar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 388. 5. nóvember 1976.

SAMÞYKKT

um hundahald í Miðneshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Miðneshreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn skal nota til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum eru undanþegnir þessu gjaldi.

c) Skylt er hverjum hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Smalahundar skulu þó vera undanþegnir þessu ákvæði á tímabilinu frá kl. 8.00 að morgni til kl. 22.00 að kvöldi. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnslustöðvar, eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum, sem og undanþága fyrir smalahunda sbr. d-lið, er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró hreppsbúa og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara til óþæginda.

f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti, skal hundinum komið fyrir

í geymslu. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Miðneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. nóvember 1976.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

6. nóvember 1976. Nr. 389.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður og Vatnsleysustrandarhreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Suðurnesja og er stofnað skv. lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja.

2. gr.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Keflavík.

3. gr.

Verkefni fyrirtækisins er að virkja jarðhita við Svartsengi í Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir. Í þessu skyni skal reisa orkuver, varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýlissvæða á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Heimilt er fyrirtækinu að reisa kyndistöðvar, ef rekstraröryggi krefur.

Starfsemi félagsins skal beinast að öflun heits vatns fyrir sveitarfélög þau, sem aðild eiga að því. Jafnskjótt og unnt er, skal hitaveita lögð til Keflavíkurflugvallar.

4. gr.

Eignarhlutdeild sameigenda í fyrirtækinu skiptist í þessum hlutföllum, sbr. yfirlýsingu.

Ríkissjóður Íslands á	40.00%
Keflavíkurkaupstaður á	31.04%
Njarðvíkurkaupstaður á	8.70%
Gerðahreppur á	3.76%

Miðneshreppur á	5.55%
Hafnahreppur á	0.71%
Grindavíkurkaupstaður á	8.11%
Vatnsleysustrandarhreppur á	2.13%

5. gr.

Sameigendur fyrirtækisins bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin á sameigendur í réttu hlutfalli við eign þeirra í fyrirtækinu.

6. gr.

Eignarhlutföllum í fyrirtækinu verður ekki breytt, og engum sameigenda er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra hinna.

Verði ákvörðun tekin um að krefjast viðbótarframlags í fyrirtækið frá eigendum þess skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll.

7. gr.

Ríkissjóður afhendir Hitaveitu Suðurnesja öll mannvirki sín við Svartsengi og þar í nánd, þar á meðal borholur fyrir heitt og kalt vatn og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana á Svartsengissvæðinu. Þetta telst til stofnfjár ríkissjóðs. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti, er aðrir eignaraðilar afhenda.

8. gr.

Sameignaraðilar að Hitaveitu Suðurnesja leggja fram stofnframlag 50 milljónir kr., sem skiptist þannig milli aðila, sbr. yfirlýsingu.

1.	Ríkissjóður Íslands	kr.	20 000 000
2.	Keflavíkurkaupstaður	—	15 520 000
3.	Njarðvíkurkaupstaður	—	4 350 000
4.	Gerðahreppur	—	1 878 000
5.	Miðneshreppur	—	2 776 000
6.	Hafnahreppur	—	354 000
7.	Grindavíkurkaupstaður	—	4 057 000
8.	Vatnsleysustrandarhreppur	—	1 065 000
		Samtals kr.	50 000 000

Í framlagi eignaraðila skulu talin verðmæti þau, er greinir í 7. gr.

9. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu.

Ráðherra er þó heimilt að ákveða, að bygging og rekstur dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli skuli þar undanþegin.

10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð 5 mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa þrjá stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag milli sveitarfélaganna um það í upphafi hvert þeirra skuli eiga fulltrúa í stjórninni skal hlutkesti ráða. Aldrei skal nema einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sitja í stjórn á hverjum

tíma. Hvert sveitarfélag skal eiga fulltrúa í stjórninni í þrjú ár samfleytt og skal hann tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn. Þó skal einn hinna upprunalegu stjórnarmanna víkja eftir eins árs setu í stjórn og annar eftir tveggja ára setu þannig, að framvegis víki fulltrúi eins sveitarfélags árlega. Komi sveitarfélögin sér ekki saman um, í hvaða röð fulltrúar þeirra skuli víkja og taka sæti í stjórn, skal hlutkesti ráða. Stjórnin skiptir með sér verkum. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur fyrirtækið.

Stjórnin ákveður sjálf starfshætti sína og fundarhöld. Hún skal þó ekki hafa fundi sjaldnar en einu sinni í mánuði, að jafnaði. Skylt er að halda fundi, þegar tveir stjórnarmenn eða einhver sameignaraðili óskar þess, og skal þá fundi halda innan viku frá því að ósk kom fram. Fundi skal boða með tryggilegum hætti.

Stjórnarfundur er löglegur, ef meirihluti stjórnar er mættur. Nú verður fundur ólögmætur vegna þess að eigi eru nægilega margir mættir og skal þá með minnst tveggja sólarhring fyrirvara boða fund að nýju með staðfestu símskeyti og halda hann innan 2ja vikna. Skal þess getið í fundarboði, að hann sé haldinn í stað þess fundar, er áður var boðaður og eigi varð lögmætur. Sá fundur er lögmætur um þau mál, er á dagskrá fyrri fundar voru, þótt meirihluti sæki eigi. Meirihluti atkvæða ræður, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, nema fundarefni varði hann sjálfan og störf hans hjá fyrirtækinu.

Halda skal gerðabók um fundi stjórnar, og skal heimilt að ráða mann utan stjórnar til þess starfa. Í gerðabók skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn og hverjir sitji hann. Færa skal til bókar frásögn um þau mál, er upp eru borin á fundinum og geta afgreiðslu þeirra. Allir fundarmenn eiga rétt til að fá sérstaklega bókaðar stuttar athugasemdir. Fundargerðir skulu bornar upp í fundarlok og undirritaðar af fundarmönnum. Óski fundarmaður eftir að gera athugasemd við fundargerð, skal hún skráð sérstaklega.

Fundargerð verður eigi breytt eftir að undirskrifuð hefur verið, nema augljós glöp séu, og telst fullnaðarheimild um afgreiðslu máls.

11. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

1. Hún markar heildarstefnu fyrirtækisins og skal gæta hagsmuna þess í hvívetna.
2. Hún ræður framkvæmdastjóra fyrirtækisins og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning.
3. Hún setur gjaldskrá.
4. Hún undirbýr reglugerð um hitalagnir o. fl. á veitusvæði fyrirtækisins og leggur fyrir ráðherra til staðfestingar.
5. Hún tekur lán til þarfa fyrir fyrirtækið og ábyrgist greiðslur og skuldbindingar fyrir þess hönd.
6. Hún ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og gefa umsögn um reikninga fyrirtækisins. Hann skal ennfremur fenginn til að gefa umsögn um breytingar á gjaldskrá.

Til að skuldbinda fyrirtækið þarf undirskrift meirihluta stjórnar. Þó getur stjórnin veitt færri stjórnarmönnum svo og mönnum utan stjórnar umboð til að skuldbinda fyrirtækið í einstökum ákveðnum tilfellum.

Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Framkvæmdastjóri skal hafa slíkt umboð, svo og aðrir þeir, sem stjórn telur rétt að veita það. Stjórnin getur eigi skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a. m. k.

fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

12. gr.

Framkvæmdastjóri veitir fyrirtækinu forstöðu. Hann skal hafa á hendi framkvæmd stefnu stjórnarinnar. Hann annast daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning, sjóðvörslu og reikningshald. Hann skal helga fyrirtækinu starfskrafta sína og er óheimilt að taka að sér störf í annarra þágu án samþykkis stjórnar fyrirtækisins. Hann getur falið öðrum framkvæmd tiltekinna verka í umboði sínu í samræmi við reglur, er stjórnin kann að setja um slíkt.

Framkvæmdastjóri skal eiga sæti á fundum stjórnar og annast undirbúning þeirra í samráði við stjórnarformann.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn fyrirtækisins og leysir þá frá störfum. Enginn verður þó fastráðinn án samþykkis stjórnar, né verður sagt upp fastráðnum manni án samþykkis hennar.

13. gr.

Við gerð gjaldskrár skal stjórnin gæta almennra arðsemissjónarmiða. Skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægjanlegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt viðskiptavinum fullnægjandi þjónustu.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Aðalfundur fyrirtækisins tekur ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs.

Framkvæmdastjóri semur í samráði við formann fyrir hvert reikningsár fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir fyrirtækið og leggur hana fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. desember ár hvert, en stjórnin sendir áætlunina samþykkta eigi síðar en 21. desember ár hvert til eigenda.

15. gr.

Reikningsár fyrirtækisins skal vera almanaksárið.

Reikningar hvers árs skulu gerðir upp og rekstrar- og efnahagsreikningur lagður fyrir stjórn félagsins eigi síðar en 1. mars ár hvert ásamt umsögn löggilts endurskoðanda.

Endurskoðaðir ársreikningar fyrirtækisins ásamt umsögn endurskoðanda og ársskýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sendir eignaraðilum til athugunar viku fyrir aðalfund.

16. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar fyrirtækisins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.

4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn.
5. Önnur mál.

II. KAFLI

17. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar nema annað sé tekið fram hér.

18. gr.

Hitaveita Suðurnesja lætur leggja allar utanhússlagnir: aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar. Í húsinu leggur hitaveitan lögnina inn fyrir hemlagrind. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1 hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rúmi fyrir vatnshemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og mælir, eða hemill, eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja getur heimilað einstaklingum og félögum fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

19. gr.

Hitaveita Suðurnesja hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á lögnum, sem hún lætur leggja. Hitaveitan getur endurkrafið húseigendur um kostnað vegna tjóns á kerfi eða tækjum eftir almennum skaðabótareglum.

20. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur hitaveitustjóri ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

21. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá, sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

22. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaorku skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæð sé ávallt nægilegur.

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds og tengingu skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

23. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfrar.

24. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Ef hitaveitan óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn skal húseigandi sjá um að leiða það í frárennsliskerfi hússins og má hitastig þess þá ekki vera hærra en 45° C.

25. gr.

Áður en ný kerfi eru lögð eða eldri kerfum breytt, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra eða umboðsmanns hans.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eigenda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast. Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

26. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi eða tæknifræðingi. Ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja getur heimilað öðrum aðilum að gera uppdrætti með sömu skilmálum. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

27. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera skv. íslenskum staðli ÍST 1, þó ekki stærri en A 1. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn skv. íslenskum staðli ÍST 64.

Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

28. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

29. gr.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans, eitt eintak skal varðveita í skjalasafni viðkomandi sveitarfélags, annað í skjalasafni hitaveitunnar, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa, rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasöfnunum.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk eða kerfi sé rétt útreiknað.

30. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir fer eftir lögum um iðju og iðnað. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, og samþykkt uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða.

Ef skipt er um ábyrgðarmenn, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum skv. reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsuðu.

Engir aðrir, en þeir, sem full réttindi hafa, mega taka að sér lagnir eða breytingar á hitakerfum sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá hitaveitustjóri veitt honum áminningu. Ennfremur getur hitaveitustjórn samþykkt, að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

31. gr.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkt uppdrætti, og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og reynslukyndingu og vera viðstaddur, þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishitastigi allra ofna og hitatækja, og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja, að stjórntæki starfi eðlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum er settar kunna að verða getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

32. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjar ráðstafanir, til varnar misnotkun heita vatnsins.

33. gr.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að hafa á hitakerfinu sjálfvirkan loka, sem tryggir, að þrýstingur á húskerfinu verði ekki of mikill, og að nýting vatnsins verði nægjanleg sbr. 8. gr.

34. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafin skv. ákvæðum gjaldskrár.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka aðrennsli að húsi, sem vangreitt er af.

Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

35. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur hitaveitunni gjaldskrá.

36. gr.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstimælar og öryggisloki samkvæmt fyrirmælum hitaveitustjóra. Ekki þarf þó öryggisloka, ef hitakerfið hefur síopna útrás um yfirfall (slaufu) og rennsli er stýrt á innrennsli eingöngu.

Á hitakerfum, tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli, sem halda hæfilegum þrýstingi á hitakerfinu skv. nánari fyrirmælum hitaveitustjóra.

Heimilt er einnig að leiða afrennsli upp fyrir efstu ofna kerfisins í sérstakri afrennslispípu (slaufu), og sé á efsta hluta hennar þensluker, hæfilega stórt að dómi hitaveitustjóra, skal það tengt frárennsliskerfi hússins með yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu, sem myndi vatnslás við kerfið, frá þenslukerum skal vera loftpípa lögð út úr húsi.

37. gr.

Hitaveitustjóri ákveður stærð og gerð hemla sem nota skal og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar og innsiglar þá. Hemlar þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, ef vart verður bilana á þeim.

Nú verður hemill fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef hemill eyðileggst af völdum frosta.

Ef maður rýfur innsigli hemils varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi hemils er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem hemillinn er fyrir, skal hann bera ábyrgð á hemlinum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt hitaveitunni upp eða tilkynnir flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna innheimtuskrifstofu með hálfs mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að hemill sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun hemils að mesta skekkja sé $+ \div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin, um hemla, skulu gilda jafnt um mæla, ef selt er samkvæmt mælataxta, að því undanskildu, að reynist mælir mæla skakkt, skal leiðrétta reikninga í samræmi við það, þó ekki lengur en 2 mánuði, nema sannað sé, að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

38. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er hitaveitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 100 31. desember 1974 öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Árni Þ. Árnason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 2 500.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾″ ..... kr. 500.00
b) fyrir mæla eða hemla 1″—2″ ..... — 1 000.00
c) fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri ..... — 2 000.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m^3	Heimæðagjald		
Allt að 400	173 530.00		
400— 2 000	173 530.00	fyrir 400m^3+	139.00 kr/m^3 þar yfir
2 000— 6 000	395 730.00	fyrir 2 000m^3+	118.00 kr/m^3 þar yfir
6 000—10 000	868 230.00	fyrir 6 000m^3+	104.00 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000	1 284 730.00	fyrir 10 000m^3+	90.50 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 20 885.00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 1000.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um Hitaveitu Suðurnesja nr. 100/1974 til að gilda frá og með 1. nóvember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 6. nóvember 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Árni Þ. Árnason.

Nr. 391. 3. nóvember 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Garðakaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. og 66. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið að taka í notkun umferðarljós á Hafnarfjarðarvegi við gatnamót Lyngáss og Lækjarfitjar.

Lögreglustjórinn í Garðakaupstað, 3. nóvember 1976.

Elías I. Elíasson,
settur.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna- og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á gólffermetra húss, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	6.0%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	5.0%
Iðnaðar- atvinnu- og vöruhús	4.5%
Tvíbýlishús og parhús	3.5%
Rað- og keðjuhús ein hæð	2.5%
Rað- og keðjuhús tvær hæðir	2.0%
Fjölbýlishús þrjár hæðir eða meira	1.0%
Gripahús og geymsluhús utan skipulags	1.0%

Af gólffleti á jarðhæð í kjallara og nýtanlegum gólffleti á rishæð allra húsa svo og bifreiðageymslum við íbúðarhús skal reikna 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.

Lágmarksstærðir íbúða við útreikning til gatnagerðargjalds, reiknuðu af gjaldstuðli hæða, skulu vera þessar nema bæjarráð ákveði annað við auglýsingu lóða:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	140 m^2
Tvíbýlishús og parhús	130 m^2 hver íbúð
Raðhús, keðjuhús og fjölbýlishús:	
Áætluð meðalstærð:	
$\leq$ 90 m^2	60 m^2 hver íbúð
$>$ 90 m^2 og $\leq$ 120 m^2	90 m^2 hver íbúð
$>$ 120 m^2	120 m^2 hver íbúð

Þegar veittar eru lóðir fyrir verslunar-, iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði, skal áætla nýtingarhlutfall lóða 0.3—0.5 eftir nánara mati byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi og skal það flatarmál reiknast til lágmarksgjalds. Sé byggt umfram áætlaðan gólfflöt greiðist af því byggingargjald, þegar byggingaleyfið er notað og skal það greitt áður en útmæling er gerð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um hver áramót.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skulu vera sem hér segir:

Við lóðaveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðaveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingaleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðaúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í reglugerð þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði í rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingaleyfi eða breytingu á byggingaleyfi svo og önnur erindi afgreidd í bygginganefnd sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingafrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingafrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðast eftir 6 múnuði.

Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Hafi byggingaleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 12 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingafrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélagsins vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingaskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu umfram það sem segir í 3. gr. þ. e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miðað við ákveðinn hluta byggingakostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2.0%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2.0%
Tvíbýlis- og parhús	1.7%
Rað- og keðjuhús á einni hæð	1.4%
Rað- og keðjuhús á tveimur hæðum	1.2%
Fjölbýlishús þrjár hæðir eða meira	0.8%
Iðnaðar- atvinnu- og vöruhús	1.0%
Gripahús og geymsluhús utan skipulags	0.8%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld samkvæmt 11. gr. skal miða við þá vísitölu byggingakostnaðar sem í gildi er í byrjun þess árs sem lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu, sbr. þó 13. gr.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðustu 5 árum, og skal gjaldið miðast við þá vísitölu sem í gildi er við staðfestingu reglugerðarinnar.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu.

Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjalds skal greiða með skuldabréfi sem greiðist jöfnum afborgunum á næstu 4 árum.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign þau skulu bera 10% vexti er greiðist eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert.

Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók á hverjum tíma.

15. gr.

Þegar veitt er byggingaleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

16. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b. Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 15. gr.
c. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

17. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 393. 4. nóvember 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 131 21. apríl 1976.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. hljóði þannig:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir verði hinir sömu og eru á hverjum tíma hjá Byggðasjóði og greiðist eftir á, á sömu gjalddögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51. 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 394. 4. nóvember 1976.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða.

2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum,

er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Sé um óeðlilega vegalengd að ræða, skal sveitarsjóður leggja til rör frá lóðarmörkum, en húseigandi greiði kostnað við lögn.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi sveitarfélagsins varða, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans, er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans, um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt holræsakerfi hreppsins. Tengigjald þetta ákveður hreppsnefnd árlega. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tengingin við aðalræsið er leyfð.

Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð, er nemi 0.1% af fasteignamati húss og lóðar þó aldrei lægra en kr. 2 000.00.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjöld skv. þessari grein um allt að 50 af hundraði, án sérstaks samþykkis ráðuneytis.

5. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði að aðfararveði. Gjalddagi holræsagjalda er 15. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

5. nóvember 1976. Nr. 395.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gatnagerðargjöld B í Akraneskaupstað.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Næstu 8 árin frá staðfestingu þessarar reglugerðar skal bæjarstjórn hafa heimild til lækkunar á gjöldum, er hún tekur til, um allt að 50%, í þeim hluta bæjarins, sem eðlilegt getur talist, miðað við fyrri gatnagerðarframkvæmdir bæjarins.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 396. 11. nóvember 1976.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Ólafsvík.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslana í Ólafsvík, þ. á m. söluturna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir vegna sölu lyfja, bensínsölur, að því er snertir sölu á bensíni, olíu, smurolíum og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, merkjasala og annað slíkt.

Hreppsnefnd getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja sem hafa bein viðskipti við almenning t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkast hafa í hverri grein.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps ágreiningsefnið að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00, og loka skal þeim eigi síðar en kl. 18.00.

Á þriðjudögum og föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00, fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00 og síðasta laugardag fyrir jól til kl. 22.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

3. gr.

Brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00—18.00, virka daga nema laugardaga, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 16.00. Á sunnudögum og eins öðrum dögum, er taldir eru í B-lið 6. gr. skal lokað eigi síðar en kl. 16.00.

Afgreiðslutími mjólkurbúða skal vera hinn sami og afgreiðslutími almennra verslana.

Heimilt er þó að hafa þær opnar kl. 9.00—12.00 þá daga, sem um ræðir í B-lið 6. gr.

4. gr.

Hreppsnefnd getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að söluturnar eða sambærilegir sölustaðir séu opnir frá kl. 8.00 til 23.30, alla daga aðra en þá sem um ræðir í A-lið 6. gr.

Sölustaðir þeir sem um ræðir í 1. mgr. skulu algjörlega aðgreindir frá verslun og birgðageymslu verslunar. Hreppsnefnd getur ákveðið, að sala þar megi eingöngu fara um söluop.

Þar skal heimilt að selja eftirgreindar vörur: Sælgæti, kex, (innpakkað) tóbaksvörur, öl og gosdrykki, blöð og tímarit, ís og ískökur, íssósur, heitar pylsur, rafhlöður, skyndiplástra, blöðrur, flugelda, saltstengur, salthnetur, öryggi, eldspýtur, dömubindi, bómull, rakblöð, rakkrem, raksápu, rakspíritus, sólgleraugu, kort, frímerki, bolluvendi, spil, greiður, hárlakk, hárkrem, filmur, vinnuvettlinga, sokka, sokkabuxur, handsápu, rafmagnsperur, ávaxtasafa, kaffi, tannbursta, tannkrem.

Í hverju leyfi, sem veitt verður til rekstrar skv. þessari grein, skal tekið fram, hvaða framangreindar vörur heilbrigðisnefnd hefur samþykkt að leyfa sölu þar, með hliðsjón af aðstæðum.

Á hverjum sölustað skal komið fyrir á stað, þar sem viðskiptamenn geta greinilega séð, skrá um það, hvað selja má á staðnum og skal sú skrá undirrituð af trúnaðarmanni nefndarinnar.

Hreppsnefnd getur leyft, að á veitingastofum (s. s. kaffi- og matstofum) séu seldar eitthvað af þeim vörum er um getur í þessari grein, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, á sömu tímum og sala fer fram í söluturnum eða sambærilegum stöðum og ber þá að greiða gjald af þeirri sölu í sveitarsjóð skv. 9. gr.

5. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og öðrum slíkum stöðum, skal heimilt að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningaskrár minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

Í kvikmyndahúsum og leikhúsum er slík sala einungis heimil í sýningahléum og hálftíma fyrir sýningu.

6. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

A. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag, nýjársdag, 17. júní, skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

B. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningadag, verslunarmannafrídaginn og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn sbr. þó undantekningarákvæði í 3.—5. gr., þessarar samþykktar.

C. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 13.00.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða þá menn, sem komnir eru í verslun eða sölustað þegar lokað er. Ennfremur er heimilt að selja eftir reglulegan lokunartíma, olíu, veiðarfæri og vistir til skipa.

8. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstakar ástæður til m. a. þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða sérstakt gjald til sveitarsjóðs sem hreppsnefnd ákveður til eins árs í senn. Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár og gjalddagi vera 15. janúar ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt á gjalddaga, skal leyfið úr gildi.

10. gr.

Ef leyfishafi sbr. 4. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun, jafnframt má ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 10 000, sem renna í sveitarsjóð. Með mál út af brotum á samþyktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða öðlast þegar gildi, með þeim takmörkum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 58 frá 1966, um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Ólafsvík.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 397. 26. október 1976.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. nóv. 1976 frá því sem þær voru í okt. 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 9% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um happdrættislán ríkissjóðs 1976, Skuldabréf I, vegna Norður- og Austurvegar.

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf, samtals að fjárhæð 200 millj. króna, skv. heimild í LXVII. lið 6. gr. fjárlaga 1976, sbr. lög nr. 36 frá 23. maí 1975 og lög nr. 7/1974.

2. gr.

Happdrættisskuldabréf, skv. reglugerð þessari skulu nefnd Skuldabréf I.

Þau skulu gefin út til handhafa. Verðgildi hvers skuldabréfs er 2 000,00 krónur og eru þau í töluröð. Skuldabréfin skulu seld á nafnverði. Sala þeirra hefst í nóvember 1976 og henni lýkur fyrir fyrsta útdráttardag, sem er 10. febrúar 1977.

Happdrættisskuldabréfin falla í gjalddaga eftir 10 ár eða hinn 30. nóvember 1986.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur árlegur útdráttardagur, tala vinninga og fjárhæð þeirra hvers um sig.

3. gr.

Við innlausn happdrættisskuldabréfs greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól bréfsins í hlutfalli við þá hækkun, er kann að verða á lánstímanum á þeirri vísitölu framfærslukostnaðar, sem í gildi er í nóvember 1976, til gjalddaga hinn 30. nóvember 1986. Miðað er við skráningu Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Kauplagsnefnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar, og eru núgildandi lög um hana nr. 70 frá 29. nóvember 1967, sbr. lög nr. 1 frá 30. janúar 1959. Happdrættisskuldabréfin skulu innleyst á nafnverði, þótt vísitala framfærslukostnaðar hafi á tímabilinu til gjalddaga þeirra verið lægri en hún var í nóvember 1976 og sé lægri á gjalddaga þeirra. Happdrættisskuldabréfin verða ekki innleyst að hluta.

4. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 3. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól happdrættisskuldabréfanna, skal þá vísa málinu til nefndar þeirrar, sem um er fjallað í 8. gr. laga nr. 71 frá 6. maí 1966 en hana skipa: Hagstofustjóri og er hann formaður, maður nefndur af Hæstarétti og annar nefndur af Seðlabankanum. Sama gildir, ef breyting verður á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, og skal þá nefndin úrskurða, hvernig umreikna skuli á milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Úrskurðir nefndar þessarar eru fullnaðarúrskurðir.

5. gr.

Af happdrættisskuldabréfum eru ekki greiddir vextir en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera sbr. 6. gr.

6. gr.

Árlega fjárhæð vinninga í þessum flokki happdrættisláns ríkissjóðs skal nema 10% — tíu af hundraði — af heildarfjárhæð skuldabréfa flokksins og skal dregið um þá einu sinni á ári, í fyrsta sinn fimmtudaginn 10. febrúar 1977 og síðan 10. febrúar ár hvert þar á eftir, þar til dregið hefur verið samtals 10 sinnum. Síðasti dráttardagur er því árið 1986.

Vinningum skal úthlutað skv. skrá þeirri, sem hér fer á eftir:

4	vinningar á kr.	1 000 000.00 =	4 000 000.00
4	vinningar á kr.	500 000.00 =	2 000 000.00
90	vinningar á kr.	100 000.00 =	9 000 000.00
500	vinningar á kr.	10 000.00 =	5 000 000.00
598	vinningar		20 000 000.00

Vinningaskrár skulu birtar í Lögbirtingablaðinu sem fyrst eftir dráttardag, auk þess sem vinningaskrár skulu liggja frammi á sölustöðum.

Notarius publicus í Reykjavík annast útdrátt vinninga að viðstöddum fulltrúa fjármálaráðuneytisins og fulltrúa Seðlabanka Íslands.

Heimilt er að nota tölvu Reiknistofnunar Háskólans við Háskóla Íslands við útdrátt vinninga. Verði að því ráði horfið, skal útdráttur fara fram eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur.

7. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, sbr. 4. gr. laga nr. 36/1975, sbr. og lög nr. 7/1974 og lög nr. 99/1971.

8. gr.

Innlausn happdrættisskuldabréfa og greiðsla vinninga fer fram í Seðlabanka Íslands, Reykjavík.

Handhafar skuldabréfa, sem hlotið hafa vinning eða við innlausn eftir 10 ár, geta snúið sér til allra banka, bankaútibúa eða sparisjóða og afhent þeim skuldabréf gegn sérstakri kvittun. Viðkomandi banki, bankaútibú eða sparisjóður sér síðan um að fá greiðslu úr hendi útgefanda með því að senda Seðlabankanum skuldabréfið til fyrirgreiðslu.

Eftir gjalddaga greiðast engar verðbætur vegna hækkunar vísitölu framfærslukostnaðar.

Skuldabréf þessi fyrnast á 10 árum frá gjalddaga og verða ekki innleyst að þeim tíma liðnum.

Falli happdrættisvinningur á skuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti ella verður hann eign ríkissjóðs.

Sé gölluðum eða rifnum skuldabréfum framvísað til greiðslu vinnings eða innlausnar með þeim hætti, að bæði númer sjáist og meira en helmingur bréfsins fylgi, fer innlausn fram að fullu, en sjáist aðeins annað númerið, verður innlausn eða greiðsla vinnings innt af hendi að hálfu, enda sé meira en fjórðungi bréfsins framvísað.

9. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland, sbr. 7. gr. laga nr. 36/1975.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. nóvember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

15. nóvember 1976. Nr. 399.

AUGLÝSING

um skipulag í Reykjahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykjahrepps, að undanskyldum nauðsynlegum byggingum á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

18. nóvember 1976. Nr. 400.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á spærlings- og kolmunnamjöli fyrir tímabilið 1. nóvember til 31. desember 1976:

Spærlingsmjöl $ 6.10 á próteineiningu í lest.
Kolmunnamjöl $ 6.10 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður 14.5%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Verðin miðast við Cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, $1 = 189.50.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðibili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. nóvember 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 31. desember 1976:

Þorskur:

Saga IG/IM	kr.	876.00	pr. kg. fob.
Edda 20/40	—	752.00	pr. kg. fob.
Edda 30/up	—	752.00	pr. kg. fob.
Astra 20/40	—	661.00	pr. kg. fob.
Astra 30/up	—	722.00	pr. kg. fob.
Polar	—	661.00	pr. kg. fob.

Ufsi:

Astra 20/40	kr.	514.00	pr. kg. fob.
Astra 30/up	—	578.00	pr. kg. fob.
Polar	—	546.00	pr. kg. fob.

Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.
Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. nóvember 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 402. 26. september 1976.

REGLUGERÐ

um námslán og námsstyrki.[1)]

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Berist umsókn um aðstoð til náms við stofnun sem eigi hefur verið veitt aðstoð til náms við áður ber sjóðnum að kanna hvort stofnunin uppfylli skilyrði 1. mgr. Jafnframt ber sjóðnum að afla upplýsinga um námsskipan, námstíma og tilhögun þá sem við stofnunina tíðkast um eftirlit með árangri og ástundun námsmanna. Skylt er umsækjendum að aðstoða sjóðinn við slíka upplýsingaöflun.

1) Reglugerð þessi, sem var nr. 347/1976, birtist hér að nýju, vegna prentvillu.

2. gr.

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.
Fósturskóli Íslands, 3. ár.
Húsmæðrakennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.
Iðnskólar, framhaldsdeildir 3. ár.
Íþróttakennaraskóli Íslands, lokaár.
Leiklistarskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.
Stýrimannaskólar.
Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.
Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tæknínám, annað en meinatækni.
Vélskólar.
Nám á tæknifræðistigi og meinatæknínám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

3. gr.

Öðrum námsmönnum en þeim er falla undir 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar verður því aðeins veitt námsaðstoð skv. heimild í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976 að fyrir liggi rökstuðningur sem sjóðsstjórn metur gildan.

4. gr.

Auk íslenskra námsmanna skulu námsmenn frá Norðurlöndum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis eiga kost á námsaðstoð skv. reglugerð þessari, enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu, sbr. samkomulag milli Norðurlanda um það efni. Einnig er stjórn lánasjóðsins heimilt að veita aðstoð einstökum öðrum erlendum námsmönnum sem eins er háttað um.

5. gr.

Um skipan stjórnar lánasjóðsins fer eftir 4. gr. laga nr. 57/1976.

Nefnd skipuð einum fulltrúa frá námsmannasamtökum hverrar innlendrar námsstofnunar sem reglugerðin tekur til, að Háskóla Íslands undanskildum, tilnefnir einn fulltrúa í sjóðsstjórn til tveggja ára ásamt varafulltrúa hans.

II. KAFLI

Umsóknir um námsaðstoð.

6. gr.

Auglýsa skal með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námsaðstoð frá sjóðnum.

Í auglýsingu skal taka fram hverja flokka námsaðstoðar sé um að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur gögn séu fáanleg, skilafrest umsókna og annað það er máli skiptir.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins skal jafnan vera unnt að fá í innlendum námsstofnunum sem aðstoðarhæft nám er stundað við og í sendiráðum Íslands erlendis.

7. gr.

Sækja skal sérstaklega um námsaðstoð fyrir hvert almanaksár eða annað tímabil sem auglýst kann að vera hverju sinni. Umsóknir skulu vera á eyðublöðum sjóðsins

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í lið XV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1977 að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum, tækjum, vélahlutum eða varahlutum sem teljast til eftirfarandi tollskrárnúmera, sbr. lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.:

84.03.00	84.35.40	84.45.65
84.04.00	84.35.50	84.45.70
84.05.10	84.36.10	84.45.75
84.05.20	84.36.20	84.46.00
84.11.11	84.36.30	84.47.01
84.11.12	84.37.10	84.47.09
84.11.21	84.37.20	84.48.10
84.13.01	84.37.30	84.48.20
84.14.00	84.38.10	84.48.30
84.15.49	84.38.20	84.49.10
84.16.00	84.38.30	84.49.20
84.17.29	84.39.00	84.50.00
84.18.19	84.40.62	84.56.32
84.18.24	84.40.63	84.57.00
84.18.32	84.40.64	84.59.10
84.19.29	84.40.79	84.59.30
84.19.39	84.41.12	84.59.40
84.30.11	84.41.20	84.59.60
84.30.12	84.42.00	84.59.70
84.30.14	84.43.10	84.59.81
84.30.20	84.43.20	84.59.99
84.31.10	84.44.10	84.60.00
84.31.20	84.44.20	84.61.01
84.31.30	84.45.10	84.61.02
84.32.10	84.45.15	84.61.11
84.32.20	84.45.20	84.61.15
84.33.10	84.45.25	85.01.51
84.33.20	84.45.30	85.01.76
84.34.10	84.45.35	85.11.10
84.34.20	84.45.40	85.11.20
84.34.30	84.45.45	90.07.12
84.35.10	84.45.50	90.07.32
84.35.20	84.45.55	90.10.33
84.35.30	84.45.60	

2. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður sölugjald af vörum sem teljast til tollskrárnúmera sem upp eru talin í 1. gr., enda lýsi innflytjandi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, þ. e. í iðngrein sem framleiðir vöru sem fellur undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands.

3. gr.

Nú er vara skv. 1. gr. flutt inn til endursölu eða um er að ræða vöru framleidda hér á landi og skal þá sölugjald innheimt við sölu en endurgreitt eftir á, enda sæki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta en í Reykjavík til tollstjóra).

Umsókn um endurgreiðslu skal borin fram í þríriti á sérstöku eyðublaði sem fjármálaráðuneytið lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir hina keyptu vöru er beri greinilega með sér að sölugjald hafi verið greitt.

Umsókn skal jafnframt m. a. tilgreina eftirfarandi:

a. Tollskrárnúmer hverrar vöru og vörulýsingu.
b. Kaupverð hverrar vöru um sig og upphæð greidds sölugjalds.
c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
e. Yfirlýsingu umsækjenda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sbr. 2. gr. i. f.

Tollstjórar í hverju umdæmi munu veita umsækjendum upplýsingar um tollskrárnúmer vara ef þess er óskað.

4. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan árs frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 25 000 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

5. gr.

Við endurgreiðslu skal viðkomandi innheimtumaður halda eftir frumriti umsóknar ásamt afriti reiknings en afhenda viðkomandi umsækjanda annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu. Eitt afrit umsóknar skal hann senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur.

6. gr.

Sá aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreitt sölugjald sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

7. gr.

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

8. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1977. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 387 24. desember 1974.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1976.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um bann við stöðum bifreiða á Vogagerði, Vogum.

Frá og með 10. desember 1976 verða bifreiðastöður bannaðar beggja vegna Vogagerðis, Vogum, við verslunina Vogabæ.

Lögreglustjórinn í Gullbringusýslu,

Jón Eysteinsson.

Stjórnartíðindi B 42, nr. 422—434. Útgáfudagur 31. desember 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1976

29. desember 1976. 829 Nr. 435.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 8. júlí 1976 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 31. janúar 1977 að nota botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Enn fremur er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. að nota flotvörpunet til 15. maí 1977, með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm þó þannig að eftir 31. janúar 1977 taka ákvæði 1. mgr. 1. gr. einnig til flotvörpuneta.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

30. desember 1976. Nr. 436.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur veitt Rafmagnsveitum ríkisins Reykjavík, Andakílsárvirkjun Akranesi og Laxárvirkjun Akureyri, heimild til 18% — átján af hundraði — hækkunar heildsöluverðs raforku á gildandi gjaldskrá þeirra frá og með 1. janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Kristmundur Halldórsson.

B 104

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í smásölu.

Skv. heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið veitt eftirtöldum rafveitum heimild til hækkunar á grunngjaldi smásöluverðs raforku á gildandi gjaldskrá þeirra frá og með 1. janúar 1977 um allt að:

Rafmagnsveita Reykjavíkur	14 %
Rafveita Hafnarfjarðar	14 %
— Selfoss	14 %
— Eyrarbakka	14 %
— Stokkseyrar	14 %
— Hveragerðis	14 %
— Ísafjarðar	23 %
Rafmagnsveitur ríkisins	14 %

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 438. 30. desember 1976.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrám hitaveitna.

Skv. heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið heimilað hækkun á gildandi gjaldskrám eftirtaldra hitaveitna frá og með 1. janúar 1977 um allt að:

Hitaveita Reykjavíkur	10 %
— Selfoss	17 %
— Ólafsfjarðar	67 %
— Hvammstanga	25 %
— Sauðárkróks	27 %

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Kristmundur Halldórsson.

Stjórnartíðindi B 43, nr. 435—438. Útgáfudagur 31. desember 1976.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 — 1976

21. desember 1976. 831 Nr. 439.

REGLUR

um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

Öll samskipti Pósts og síma og radióáhugamanna gerast fyrir milligöngu Félags íslenskra radióamatöra, skammstafað IRA.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal IRA senda Pósti og síma á þar til gerðu eyðublaði. Einnig skulu fylgja vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radióleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 14. gr.
2. vera fullra 14 ára til að öðlast nýliðaleyfi, en 16 ára til þess að öðlast A-leyfi eða T-leyfi.
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., hér á eftir.

3. gr.

Radióleyfi áhugamanna skiptast þannig:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að búa til og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radióáhugamenn.

Hámarksspenna í radióbúnaði má vera allt að 32 volt. Þó er leyfilegt, að búnaður tengist 220 volta veitukerfi, enda sé niðurfærsla úr 220 í 32 volt gerð í samræmi við reglur Rafmagnseftirlits ríkisins.

Sendar skulu vera krystalstýrðir.

Leyfistíminn er allt að tvö ár þegar umsækjandi hefur náð 16 ára aldri. Nýliðaleyfi fást ekki endurnýjuð að þeim tíma loknum. Nýliðapróf er ekki nauðsynlegur undirbúningur A-leyfis eða T-leyfis.

IRA skal hafa eftirlit með starfsemi nýliðanna og bera ábyrgð á radióáhugamannastarfsemi þeirra gagnvart Pósti og síma.

A, B og C-leyfi: Leyfi til að smíða og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til viðskipta við aðra áhugamenn sbr. 5. grein.

Til að öðlast A-leyfi skal umsækjandi ljúka A-prófi. Hafi áhugamaður haft nýliðaleyfi, skal umsögn IRA fylgja leyfisumsókn.

Til að öðlast B-leyfi skal umsækjandi hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt A-leyfi í a. m. k. hálft ár vegna samskipta við aðra radióáhugamenn innanlands og utan, sem séu staðfest með viðhlítandi gögnum (radiódagbók) ásamt umsögn IRA.

Til að öðlast C-leyfi skal umsækjandi ljúka C-prófi og hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt B-leyfi í a. m. k. eitt ár, sem sé staðfest með viðhlítandi gögnum (radió-dagbók) ásamt umsögn félagssamtakanna.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

T-leyfi: Tæknileyfi til að smíða og starfrækja talstöð á amatörtíðnum fyrir ofan 144 MHz til að hafa samband við aðra áhugamenn.

Þess er ekki krafist, að áhugamaður með tæknileyfi hafi kunnáttu í notkun Morse-merkja.

Útgeislun og leyfileg hámarksorka er samkvæmt 5. grein.

Póstur og sími getur, eftir atvikum, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum þegar menntun og starfsþjálfun er fyrir hendi, enda liggi fyrir umsögn IRA hverju sinni.

4. gr.

Póstur og sími heldur próf fyrir radióáhugamenn tvisvar á ári, vor og haust, enda hafi óskir borist þar að lútandi frá IRA hverju sinni, og skulu slíkar óskir berast a. m. k. einum mánuði áður en próf er ákveðið. Félagssamtökin geta farið fram á að þeim verði falin umsjón nýliðaprófa.

Prófkröfur eru þessar:

Nýliðapróf:

a. Helstu atriði í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti.
b. Viðtaka og sending Morse-merkja (35 bókstafir á mín.), nokkrar helstu Q-skammstafanir og lágmarksþekking í radiófræði.

A-próf:

a. Helstu atriði laga um fjarskipti og tilheyrandi reglur varðandi radióviðskipti. Greinar alþjóðaradióreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti og gildandi reglur um raforkuvirki.
b. Viðtaka og sending Morse-merkja (65 stafir á mín.), leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana.
c. Undirstöðuatriði raffræði og radiótækni skv. eftirfarandi skilgreiningu:
   1. Ohms lögmál og notkun þess.
   2. Spenna, straumur, afl og ýmsar aðferðir til að mæla þessar stærðir.
   3. Sjálfspan, rýmd, tíðni og tíðnimæling.
   4. Rásir með sjálfspani og rýmd. Q-stuðull L/C hlutfall.
   5. Síur án mögnunar.
   6. Transistorar og lampar.
   7. Aflgjafar, afriðill og áriðill.
   8. Viðtæki, bein blöndun og millitíðniblöndun.
   9. Sveifluvaki og margföldun.
   10. Útgangsstig sendis og stilling þess.
   11. Lykling sendis.
   12. Mótun: styrk-, tíðni- og fasamótun.
   13. Tíðnisviðið og notkun þess.
   14. Radióbylgjur og útbreiðsla þeirra.
   15. Loftnet og uppsetning þeirra.
   16. Fæðilína, standbylgja og tap á línum.
   17. Aðferðir til að koma í veg fyrir truflanir frá amatörsendum.
   18. Reglur um raforkuvirki.
   19. Hættur af völdum háspennu og varnir gegn henni.
   20. Lífgun úr dauðadái af völdum raflosts.

Ennfremur er krafist leikni í stillingu senditækja, tíðnimælingu o. þ. l. Krafist verður verklegrar leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l.

C-próf:

a. Viðtaka og sending Morse-merkja (80 stafir á mín.).
b. Fræðilegt próf samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu:
   1. Flokkun magnara.
   2. Línulegir og ólínulegir magnarar.
   3. Ýmsar mótunaraðferðir.
   4. Útbreiðsla radióbylgna, sviðsstyrkur og truflanir.
   5. Loftnet, mögnun og bandbreidd.

T-próf:

Kröfur eru þær sömu og fyrir A-próf, að Morse undanskildu.

Leyfishafi með T-leyfi getur öðlast A-leyfi með því að ljúka Morse-prófi.

Hafi umsækjandi áður tekið fullnægjandi próf í einhverjum framangreindum þáttum, þarf hann ekki að ganga undir próf í öðrum greinum en á vantar til þess að fullnægja settum reglum í hverju tilviki.

5. gr.

1. Sendirinn skal vera í samræmi við alþjóðareglur um tíðnistöðugleika og útgeislun.
2. Öflun radióefnis, svo og uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og raforkuvirki. Áður en vélar og tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá Pósti og síma og frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
3. Hvers konar breytingar á tækjum eru óheimilar án sérstaks skriflegs leyfis.
4. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendis.
5. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF, síðan kemur tölustafur sem ákveðst með tilliti til þess landshluta, sem stöðin er staðsett í og síðan tveir eða þrír bókstafir. Nýliðum er alltaf úthlutað þremur bókstöfum á eftir tölustafnum og er þá síðasti stafurinn N, er fellur niður eða breytist í annan bókstaf, þegar leyfishafi öðlast A-leyfi. Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er, og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
6. Sending má aðeins fara fram á þeim tíðnum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Skilgreining á útgeislunartegundum:

A1 Ómótuð burðarbylgja (Morse).
A2 Tónmótuð burðarbylgja (Morse).
A3 Talmótuð burðarbylgja (DSB)
A3A Einhliðarbandsmótun (SSB) burðarbylgja minnkuð um 16 dB.
A3H Einhliðarbandsmótun (SSB) burðarbylgja óminnkuð.
A3J Einhliðarbandsmótun (SSB) burðarbylgja minnkuð um 40 dB.
A5 Sjónvarp (í tíðnissviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).
F1 Símritun með tíðniskiptilyklingu án notkunar á mótunartíðni, tveimur tíðnum er útgeislað til skiptis.
F3 Tíðnimótuð burðarbylgja með tali (hæsta gildi tíðnissveiflu ± 4 kHz undir 144.0 MHz og ± 30 kHz fyrir ofan).
F5 Sjónvarp tíðnimótað (í tíðnisviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).

6. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, þýðingarlítil persónuleg mál o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum og tilkynningar um slys eða hættuástand skv. 4. gr.

Tíðnir stöðvanna, útgeislun og afl eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Ný liðal.	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi	Tæknileyfi
3500 —3600 kHz	A1	A1	A1, F1	A1, F1	
3600— 3800 —		F1	A1, A3, A3A, A3H A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
7000— 7040 —	A1	A1	A1, F1	A1, F1	
7040— 7100 —		F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
14000—14100 kHz		A1	A1, F1	A1, F1	
14100—14350 —		F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1 F3, F5	
21000—21150 kHz	A1	A1	A1, F1	A1, F1	
21150—21450 —		F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3 F5	
28000—28200 kHz		A1	A1, F1	A1, F1	
28200—29700 —		F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3 F5	
144— 146 MHz 430— 440 — 1215—1300 — 2300—2450 —		A1, A2, A3 A3A, A3H, A3J A5, F1, F3, F5			A3, A3A, A3H, A3J A5, F3, F5
Leyfð hámarks rafstraumsorka til síðasta mögnunarstigs	5 wött	50 wött	200 wött	500 wött	50 wött

2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verslunartilkynningum eða á nokkurn þann hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku má hvorki miðla því, né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Sending skemmti- og fræðsluefnis, efnis til auglýsinga, áróðurs eða þ. u. l. er bönnuð, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðvum.

4. Leyfishafa er heimilt að bera boð um alvarleg slysatilfelli eða hættuástand, ef augljóst er, að þau komist þannig fyrr til viðtakenda heldur en ef þau færu eftir venjulegum fjarskiptaleiðum, s. s. um hið almenna símakerfi, radióstöðvar Pósts og síma og stöðvar þeim tengdar (bifreiðar, skip) eða Ríkisútvarp/Sjónvarp.
5. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabbneyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans. Einnig að boð skv. 4. gr. séu ekki send sem fréttaefni.
6. Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem amatörviðskipti eða amatörstöðvar eru ekki leyfðar.
7. Stöðin má ekki trufla önnur radióviðskipti eða starfsemi opinberra stofnana. Kostnaður við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni, sem truflað er.

7. gr.

Dagbók skal haldin fyrir stöðina, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á Morse og tali og yfirleitt allt, sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem Póstur og sími kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

8. gr.

Ef radióáhugamaður fær einhvern grun um, að stöð, sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna Pósti og síma og félagssamtökum sínum það tafarlaust og, eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna Pósti og síma árangur af athugun sinni. Einskis endurgjalds getur radióáhugamaður krafist fyrir vinnu sína af þessu tilefni nema sérstaklega sé um það samið.

9. gr.

Við útgáfu leyfis greiðist leyfisbréfagjald. Gjald til framlengingar leyfis fellur í gjalddaga 15. janúar.

Leyfið veitir heimild til notkunar sendistöðvarinnar á föstum aðsetursstað leyfishafa. Leyfishafi skal tilkynna Pósti og síma aðsetursskipti þegar í stað.

A-, B-, C- og T-leyfishöfum er heimil notkun sendistöðvar á tímabundnum aðsetursstað, en Pósti og síma skal tilkynnt um aðsetursbreytingu áður en hún fer fram. Nýliðar, sem óska eftir slíkum tímabundnum flutningi skulu sækja um undanþágu með a. m. k. þriggja vikna fyrirvara.

Við notkun sendistöðvarinnar á tímabundnum aðsetursstað, skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og númeri þess svæðis, sem aðsetursstaðurinn er á.

A-, B-, C- og T-leyfishafar hafa heimild til notkunar far- og burðarstöðva innan íslenskrar lögsögu. Við notkun farstöðvar skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og bókstafnum M en við notkun burðarstöðvar skástriki og bókstafnum P.

Póstur og sími getur veitt leyfi til IRA eða hóps amatöra til reksturs sameiginlegrar stöðvar. Umsóknir þar að lútandi skulu berast Pósti og síma ásamt umsögn IRA. Einn leyfishafi skal vera ábyrgur fyrir starfsemi stöðvarinnar og skal gefa út leyfisbréf fyrir stöðinni í samræmi við leyfisbréf hans. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt öðrum en C-leyfishöfum. Handhafa amatörleyfis er heimilað að starfrækja slíka stöð, innan þeirra takmarka, er leyfi hans setur.

Óski leyfishafi eftir að nota sendistöð um borð í íslenskum farkosti utan íslenskrar lögsögu, skal hann senda Pósti og síma umsókn þar að lútandi.

Leyfishafi skal ávallt gæta þess, að notkun stöðvarinnar sé í fullu samræmi við leyfisbréf hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn Pósts og síma geta, hvenær sem er, skoðað stöðina og radióefni það, sem leyfishafi hefur undir höndum. Komi í ljós við slíka skyndiskoðun einhverjir gallar á útbúnaði eða notkun stöðvarinnar, fellur leyfið fyrirvaralaust úr gildi og skal leyfishafi sæta ábyrgð skv. lögum.

11. gr.

Þegar Póstur og sími telur það nauðsynlegt, má loka stöðinni eða takmarka notkun hennar, og einnig má afturkalla leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

12. gr

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

a. um brot á reglunum er að ræða.
b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.
c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma.
Sjá einnig 10. gr.

13. gr.

Póstur og sími getur, um skemmri eða lengri tíma, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum til erlendra ríkisborgara, enda sé tryggt, að fyrir liggi fullnægjandi réttindi íslenskra ríkisborgara í viðkomandi landi að þessu leyti.

I. Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:
   a) Umsókn skal vera skrifleg og sendast IRA, sem síðan senda hana ásamt umsögn samtakanna og öðrum skilríkjum til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa.
   b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sínu samsvarandi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja umsókninni, ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlendis.
   c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera víðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
   d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
   e) Að öðru leyti en tekið er fram hér að framan (14. gr.), er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

II. Þegar viðkomandi hefur haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár, getur hann sótt um að gangast undir íslenskt radióamatörpróf og hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfi þetta gildir þó aðeins á Íslandi.

14. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Á ófriðartímum er leyfishafi skyldur til, ef þess er krafist, að afhenda stjórnvöldum umráð yfir radióbúnaði sínum eða láta innsigla hann.

15. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt l. nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, nr. 106 21. apríl 1970.

Samgönguráðuneytið, 21. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

28. desember 1976. Nr. 440.

REGLUGERÐ

um fallhlífarstökk.

1. gr.
Almennt.

1.1. Með **fallhlífarstökki** er í þessari reglugerð átt við það, þegar stokkið er úr loftfari án þess að um neyðartilvik sé að ræða.

1.2. Við fallhlífarstökk skal farið eftir reglum, sem Flugmálafélag Íslands hefur sett í samræmi við reglur F. A. I. (Federation Aeronautique Internationale), eða hliðstæðum erlendum reglum.

Eigi má stökkva fallhlífarstökk nema flugmálastjórn hafi veitt leyfi sitt til þess. Þeir, sem hafa gilt skírteini útgefið í samræmi við reglur F. A. I., þurfa ekki sérstakt leyfi.

1.3. Eigi má stökkva fallhlífarstökk í flugstjórnarrými nema hlutaðeigandi flugumferðaþjónustudeild hafi í hverju tilviki veitt samþykki sitt fyrst.

1.4. Leyfi flugmálastjórnar þarf til þess að mega þjálfa fallhlífarstökkvara.

2. gr.
Búnaður.

2.1. Eigi má stökkva fallhlífarstökk nema stökkvarinn hafi tvær fallhlífar tengdar sömu ólum. Varafallhlífin skal vera af viðurkenndri gerð og tengsli hennar við ólar aðalfallhlífarinnar mega engin áhrif hafa á hana að neinu leyti.

2.2. Við framleiðslu, breytingar, skoðanir, viðhald og notkunarskráningu fallhlífa skal fara eftir reglum sem flugmálastjórn fyrirskipar.

2.3. Loftför, sem notuð eru við fallhlífarstökk, skulu vera viðurkennd af flugmálastjórn til slíkrar notkunar.

Ath.: Þegar loftfar er viðurkennt fyrir fallhlífarstökk þá má skrá athugasemd þar að lútandi í lofthæfiskírteini eða flughandbók hlutaðeigandi loftfars ef eigandi óskar þess.

2.4. Farið skal eftir reglum framleiðsluríkis þegar gerðar eru á loftfari breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að nota það fyrir fallhlífarstökk.

3. gr.
Starfslið.

3.1. Flugstjóri loftfars, sem notað er fyrir fallhlífarstökk, skal hafa skráðan a. m. k. 200 klst. flugtíma. Hann skal einnig vera viðurkenndur til starfans af ábyrgum aðila í fallhlífaklúbbnum eða af yfirflugstjóra flugrekandans. Enn fremur skal stökkstjórinn hafa kynnt flugstjóranum hvernig fljúga skal loftfari þegar það er notað fyrir fallhlífarstökk.

3.2. Við fallhlífarstökk mega auk flugliða vera um borð í loftfari aðeins þeir, sem þar þurfa að vera við framkvæmd stökksins svo og nemendur sem eru í þjálfun fyrir fallhlífarstökk.

4. gr.
Skipulagning, lágmarkskröfur o. fl.

4.1. Fallhlífarstökk má aðeins fara fram undir umsjón stökkstjóra sem viðurkenndur er af F. m. Í. og eftir reglum F. m. Í.
Ath.: Flugmálastjórn getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

4.1.1. Stökkstjórar skulu sjá um að stökkvarar hafi tilskilinn búnað við fallhlífarstökk.

4.2. Stökksvæði skal vera svo sem hér greinir og hafa verið skoðað og viðurkennt af stökkstjóra. Leyfi landeiganda skal einnig liggja fyrir.

4.2.1. Stökksvæði skal vera því sem næst hringlaga með 200 m radíus.

4.2.2. Utan stökksvæðisins skal vera öryggissvæði, a. m. k. 200 m breitt þar sem ekki er djúpt vatn, raflínur, byggingar hærri en ein hæð né álíka hindranir.

4.2.3. Fyrir björgunarþjónustu skal vera nærtækt við stökksvæði t. d. sími, bíll, börur, bátur o. s. frv. eftir því sem við á.

4.3. Lágmarksopnunarhæð fyrir fallhlíf er 1650 fet frá jörðu ef hún er sjálfvirk en 2000 fet ef stökkvarinn opnar hana sjálfur.

4.4. Stökkvari skal nota súrefni í stökkinu ef stokkið er úr 1650 feta (5000 m) hæð eða meira. Nota skal súrefni um borð í flugvélinni í klifri upp í stökkhæð meðan flogið er í meiri hæð en 10 000 fetum.

4.5. Fallhlífarstökkvari skal ganga úr skugga um ríkjandi vinda, áður en stokkið er, t. d. með því að senda upp loftbelg.

Ekki má stökkva ef vindstyrkur er meiri við jörð en 8m/sek fyrir karlmenn og 6m/sek fyrir konur.

Ef stokkið er ofan í vatn má vindur við jörð ekki vera minni en 2m/sek og ekki meiri en 10m/sek.

4.6. Þegar stokkið er ofan í vatn skal stökkstjóri sjá um að dýpi og botnlag skapi ekki hættu.

4.7. Þegar stokkið er ofan í vatn eða í nágrenni vatna eða sjávar skulu stökkvarar vera búnir björgunarvestum.

4.8. Ef stökkva á í myrkri skal sérstaklega sótt um það til flugmálastjórnar með a. m. k. 2ja vikna fyrirvara.

Ath.: Upplýsingar um fallhlífarstökk í myrkri skal tilkynna í NOTAM, með hliðsjón af hugsanlegri flugumferð á svæðinu.

5. gr.
Fallhlífarstökk á flugsýningum.

5.1. Þegar stokkið er á flugsýningum skal einnig farið eftir ákvæðum reglugerða um flugsýningar og flugkeppnir.

6. gr.
Refsiákvæði.

6.1. Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum enda taki eigi önnur refsiákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

28. desember 1976. Nr. 441.

REGLUGERÐ
um tilkynningarskyldu.

1. gr.
Orðaskýringar:

Flugstjóri: Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

Flugumferðarþjónustudeild: Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

Flugverji: Starfsmaður flugrekanda sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Loftfar: Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

2. gr.
Almennt.

Skylt er að tilkynna um eftirfarandi atriði:

a) flugslys (sjá gr. 3),
b) þegar loftfar verður fyrir óhappi eða skemmdum sem koma í ljós á flugi eða þegar skemmdir eða gallar finnast við skoðun og viðhald og hafa áhrif á lofthæfi loftfars (sjá gr. 4),
c) önnur atvik eða atburði en flugslys, óhöpp, skemmdir eða galla er um getur í lið a) og b) þegar áhöfn, farþegar eða loftfar hafa verið í háska (sjá gr. 5),
d) frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum (sjá gr. 6),
e) stórfellt lögbrot framið í loftfari eða ef flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig (sjá gr. 7).

3. gr.
Flugslys.

3.1. Flugslys er skilgreint sem atburður tengdur notkun loftfars og á sér stað frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði, þar sem:

a) mannslát verður eða stórfelld meiðsl á mönnum vegna veru þeirra í loftfari eða á eða vegna beinnar snertingar við loftfar eða hluti tengda því, eða

b) loftfar verður fyrir stórfelldum skemmdum.

Ath. 1: Með stórfelldum meiðslum er átt við meiðsl sem hafa í för með sér legu eða sjúkrahúsvist og hjúkrun í meira en 48 klst. fyrstu 7 sólarhringana eftir slysið.

Ath. 2: Þegar smávægileg eða engin meiðsl hafa orðið á mönnum og þegar skemmdir á loftfari takmarkast við hreyfla, tæki, loftskrúfur, vængenda, hjólbarða, hjól og hemla, smávægilegar dældir eða göt á klæðningu eða dúk og hafa ekki valdið frekari skemmdum er ekki litið á atburðinn sem flugslys, heldur óhapp (sbr. 4. gr.).

3.2. Ofan greint skal tilkynna flugumferðarþjónustudeild eða loftferðaeftirliti þegar í stað.

3.3. Flugstjóra loftfars ber að fullnægja tilkynningarskyldu. Ef honum er það ekki unnt hvílir tilkynningarskyldan á eiganda eða umráðanda (notanda) loftfars.

4. gr.
Óhöpp, skemmdir og gallar.

4.1. Hér er átt við:

a) Þess konar óhöpp sem loftfar verður fyrir eða skemmdir og galla á eða í því eða búnaði þess, sem hafa áhrif á flughæfi loftfarsins, án þess að um flugslys sé að ræða sem eiga sér stað eða verða uppvís frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði.

b) þess konar skemmdir eða gallar sem ekki eru taldir venjulegir en skipta verulegu máli fyrir lofthæfi loftfars eða búnað þess og koma í ljós við viðhald og/eða skoðun eða gerast á jörðu vegna árekstrar, veðurfars, eldsvoða eða af öðrum orsökum.

4.2. Tilkynna ber óhöpp eða skemmdir eða galla ef þau hefðu getað valdið alvarlegri hættu á flugslysi eða ef þau benda til þess að meiri háttar galli sé á loftfari.

4.3. Tilkynna ber ofan greint eins fljótt og unnt er en þó ekki síðar en 72 klst. eftir að atvikið átti sér stað.

4.4. Tilkynningarskylda hvílir á flugstjóra eða eiganda/umráðanda (notanda) loftfars.

5. gr.
Önnur atvik eða atburðir en flugslys, óhöpp og skemmdir eða gallar.

5.1. Hér er átt við önnur eða annars konar atvik eða atburði en um getur í gr. 3. og 4., þar sem loftfar eða fólk um borð hefur verið í greinilegum háska, og eiga sér stað eða verða uppvís frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði.

a) legið hefur við árekstri milli loftfara í lofti,

b) komið hafa upp skyndileg veikindi eða önnur forföll flugverja, eftir að flug er hafið, svo að hann getur ekki rækt starf sitt sem skyldi,
c) orðið hafa mistök hjá flugumferðarþjónustu eða veðurþjónustu,
d) orðið hefur bilun eða komið hefur fram galli á fjarskiptatækjum og öðrum hjálpartækjum flugs á jörðu niðri, svo og ef flugkort reynast röng eða ekki fullnægjandi,
e) loftfar hefur verið ranglega hlaðið.

5.2. Tilkynna ber atvik og atburði, sem gerast innan íslenskrar lögsögu, þar sem alvarleg hætta á flugslysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur að hendi borið sem til þess bendir að meiri háttar annmarki sé á búnaði flugvalla eða flugtækjum á jörðu niðri eða rekstri þeirra.

Ef atvikið eða atburðurinn verður innan lögsögu annars ríkis skal einnig tilkynna það flugmálayfirvöldum þess ríkis þar sem þess er krafist.

5.2.1. Tilkynna skal 5.1. a) þegar unnt er, hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild með fjarskiptum þegar í stað.

5.2.2. Tilkynna skal 5.1. b), c), d) og e) lið samkvæmt gr. 4.3.

5.3. Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

6. gr.

Frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum.

6.1. Tilkynna skal hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild þegar þurft hefur við stjórn loftfars að víkja frá reglum, fyrirmælum eða bönnum eða brjóta í bága við þau í neyðartilvikum vegna öryggis loftfars eða manna um borð. Ef atburðurinn verður innan lögsögu annars ríkis skal einnig tilkynna um það flugmálayfirvöldum þess ríkis.

6.2. Ofangreint skal tilkynna með fjarskiptum þegar í stað ef hægt er, annars svo fljótt sem verða má.

6.3. Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

7. gr.

Þegar framið er stórfellt lögbrot í loftfari eða flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig.

7.1. Flugstjóri loftfars skal tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild svo fljótt sem verða má og, ef unnt er, fyrir lendingu:

a) þegar einhver um borð í loftfari hefur verið tekinn í gæslu,
b) þegar einhver hefur framið eða gert sig líklegan til eða hótað að fremja verknað sem ógnaði öryggi, góðri hegðun eða reglu um borð,
c) þegar framið hefur verið stórfellt lögbrot í loftfari og þann, er verknaðinn framdi, á að afhenda lögreglu eða öðrum hlutaðeigandi yfirvöldum.

Ath.: Tilkynningarskylda flugstjóra til flugmálastjórnar í þessum tilvikum leysir ekki undan og kemur ekki í stað tilkynningarskyldu til annarra yfirvalda.

8. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964.

9. gr.
Gildissvið og -taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 30., 44., 46., 47. og 50., sbr. 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 28. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 442. 28. desember 1976.

REGLUGERÐ
um flugsýningar og flugkeppni.

1. gr.
Almennt.

1.1. Með flugsýningu er í reglugerð þessari m. a. átt við listflug, hjáflug og hópflug o. þ. h. yfir eða í nánd við þéttbýli eða mannsöfnuð, fallhlífarstökk úr loftfari niður á þess konar svæði, svo og flugkeppni, sem er þannig skipulögð að hún gæti dregið að sér almenna athygli. Leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra þarf til þess að halda flugsýningu.

2. gr.
Umsókn.

2.1. Ef nota á flugvöll sem flugmálastjórn ræður verður að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Skipuleggjandi flugsýningar skal senda flugmálastjórn með ríflegum fyrirvara skriflega umsókn um að fá afnot af hlutaðeigandi flugvelli.
Í slíkri umsókn skal tekið fram:
a) hvenær fyrirhugað sé að halda flugsýninguna,
b) að hve miklu leyti almenningur eigi aðgang,
c) hvort aðgangseyrir verði tekinn.

2.2. **Umsókn til lögregluyfirvalda.**

Samtímis umsókn, skv. gr. 2.1., skal senda umsókn til hlutaðeigandi lögreglustjóra. Áður en lögreglustjóri veitir samþykki sitt skal hann leita umsagnar flugmálastjórnar. Í slíkri umsókn skulu koma fram eftirfarandi atriði:

a) nafn, heimili og símanúmer þess sem halda vill sýninguna,
b) staður og stund væntanlegrar flugsýningar,
c) stutt lýsing á flugsýningunni, fyrirhuguð dagskrá og stutt lýsing á hverju atriði. Þar að auki skulu tekin fram í umsókninni eftirfarandi atriði sem nauðsynlegt er að fram komi til þess að flugmálastjórn geti tekið afstöðu til þess hvort leyfa beri sýninguna:
d) nafn ábyrgs stjórnanda,
e) hvort heimiluð hafa verið afnot af flugvellinum (sýningarsvæðinu),
f) skrá yfir þátttakendur og réttindi þeirra,
g) skrá yfir loftför sem taka eiga þátt í sýningunni (skrásetningarmerki),

h) kort af flugvellinum (sýningarsvæðinu) og næsta nágrenni. Á þetta kort kort skulu helstu hindranir merktar, svo sem raflínur o. s. frv. Merkja skal áhorfendasvæði, girðingar sem áhorfendur mega ekki fara yfir, bílastæði, stæði fyrir loftför, svæði fyrir fallhlífarstökk, brottfararstaði fyrir hringflug, hlið fyrir áhorfendur o. s. frv.

Forsenda samþykktar flugmálastjórnar er að hún hafi fengið upplýsingar um hvort fullnægt er skilyrðum gr. 3, 4, 5 og 6 hér á eftir.

3. gr.

Stjórnandi flugsýningarinnar.

3.1. Sá aðili sem halda vill flugsýningu eða flugkeppni skal tilnefna ábyrgan stjórnanda sem flugmálastjórn samþykkir. Stjórnandi skal vera ábyrgur fyrir því að:

a) gildandi reglur um loftferðir svo og aðrar reglur um flugsýninguna séu virtar,
b) þau loftför, sem þátt taka í flugsýningunni, hafi gild lofthæfisskírteini og að þau megi taka þátt í þeim sýningaratriðum, sem þau hafa skrásetningarleyfi til,
c) þeir, sem hagnýta sér réttindi skírteina sinna, hafi þau í gildi. Sama gildir um fallhlífarstökkvara,
d) útlendingum, sem taka þátt í keppni, hafi með aðstoð túlks, ef nauðsynlegt er, verið gerð grein fyrir þeim reglum sem ber að fara eftir,
e) samræmi og samvinna sé milli almennrar flugumferðar og herflugumferðar ef það á við,
f) hæfur aðili stjórni umferð um flugvöllinn fyrir og eftir flugsýninguna.

4. gr.

Almennar öryggisreglur.

4.1. **Girðingar.**

4.1.1. Áhorfendasvæði skulu vera afgirt frá flugbrautum og skal áhorfendum eða faratækjum ekki leyft að vera í aðflugs- eða brottflugsstefnu við flugtak eða lendingu.

4.1.2. Akbrautir loftfara til sýningarsvæðis og frá því, svo og flugtaks- og lendingarstaðir, skulu vera afgirt og þess gætt að áhorfendum sé ekki hleypt nær flugbraut en 55 metra og ekki nær akbrautum loftfara en 30 metra. Fyrir flugtök og lendingar þyrlna skal girða af svæði sem er a. m. k. 50 × 50 metrar. Hafa skal hindranalaust svæði fyrir aðflug og brottflug þyrlna þar sem áhorfendur mega ekki vera.

Svæði þetta skal vera svo stórt að þar sé hægt að nauðlenda örugglega, ef með þarf, án þess að valda skaða á fólki eða eignum.

4.1.3. Hafa skal sérstaka gæslu þar sem tekið er við farþegum og þeim skilað fyrir og eftir hringflug.

4.1.4. Stæði loftfara skulu vera afgirt og þeirra gætt og þau skulu ekki vera nær flugbraut en 55 metra.

4.1.5. Stökksvæði fallhlífarstökkvara skal vera afgirt og þess svo vel gætt að hvorki séu áhorfendur á lendingar- eða öryggissvæði, sbr. reglugerð um fallhlífarstökk.

Ath.: Flugmálastjórn getur þó leyft að áhorfendur megi vera á tilteknum litlum hluta öryggissvæðisins.

4.1.6. Þegar sýnd eru á flugi línustýrð fluglíkön skal fjarlægð frá áhorfendum vera a. m. k. 10 m miðað við hringferil þann sem líkanið ritar í loftinu. Svæðis þessa skal svo vel gætt að áhorfendur geti ekki verið þar. Þegar fjarstýrð fluglíkön

eru sýnd á flugi skal stjórnendum þeirra bent á mikilvægi þess að halda þeim í hæfilegri og öruggri fjarlægð frá áhorfendum. Forðast skal að fljúga þeim í átt til áhorfenda.

4.2. **Björgunarþjónusta.**

4.2.1. Hafa skal sjúkra- og slökkvibifreiðar nærtækar og hindrunarlausa brottfararleið fyrir þær.

4.2.2. Ef flugsýning fer fram í nágrenni sjávar eða stórra vatna skal hafa björgunarbát tiltækan með nauðsynlegum öryggisbúnaði, svo sem björgunarvestum, slökkvitæki köðlum o. s. frv.

4.3. **Annað.**

4.3.1. Mesti leyfilegi hliðarvindur á sýningarsvæðinu við flugtök og lendingar er 10 hnútar.

5. gr.

Sérstakar öryggisreglur.

5.1. **Listflug og loftbelgjaflug** skal fara fram í öruggri fjarlægð frá áhorfendasvæðum, bílastæðum og byggðum svæðum. Það má ekki fara fram neðar en í 300 feta hæð yfir hæstu hindrun innan 600 metra frá loftfarinu. Hjáflug má ekki vera í minni hæð yfir jörðu en 150 fet og ekki má fljúga yfir áhorfendasvæði neðar en í 300 feta hæð. Ekki má fljúga í átt til áhorfendasvæða né bílastæða.

5.2. Landbúnaðarflug mega aðeins þeir aðilar sýna sem hafa leyfi flugmálastjórnar til þess að stunda slíka flugstarfsemi. Farið skal eftir reglum sem um það gilda og skulu sýningar vera hlémegin við áhorfendur. Lágflug má sýna í öruggri fjarlægð frá áhorfendum og ekki má fljúga yfir áhorfendur eða í átt til þeirra.

5.3. **Við fallhlífarstökk** skal farið eftir reglugerð um fallhlífarstökk.

6. gr.

Tryggingar.

6.1. Áður en flugsýning hefst skal stjórnandi ganga úr skugga um að lögboðnar ábyrgðartryggingar séu í gildi og nái einnig yfir tjón sem verða kynni af árekstri í lofti eða á jörðu. Loftför þau sem notuð eru við fallhlífarstökk skulu vera tryggð fyrir því tjóni sem af þessari notkun kynni að hljótast.

Ath.: Þetta felur í sér að tryggingar skulu vera fyrir því tjóni sem fallhlífarstökkvari gæti valdið í stökki og við lendingu.

7. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu skv. XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964.

8. gr.

Gildissvið og -taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 82., 89. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 28. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara.

1. gr.
Orðaskýringar.

Gangtími (time in service): Hér er átt við þann hluta flugtíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta lendingarstað.

Létt loftfar (small aircraft): Loftfar sem hefur mestan leyfilegan flugtaksþunga 5700 kg eða minni.

Loftfar (aircraft): Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Þungt loftfar (large aircraft): Loftfar sem hefur leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.

2. gr.
Almennt.

Loftfar má ekki fljúga nema það hafi gilt lofthæfiskírteini og því sé haldið við og það skoðað skv. þessum reglum. Þó má loftfar fljúga reynsluflug án gilds lofthæfisskírteinis þegar um er að ræða reynsluflug eftir smíði, samsetningu, skoðun, viðhald, viðgerð, breytingu eða ísetningu enda sé reynslufluglið framkvæmt í því einu skyni að ganga úr skugga um flughæfi loftfarsins.

3. gr.
Skoðanir.

3.1. **Þung loftför og önnur loftför sem notuð eru til flugrekstrar í atvinnuskyni.**
Eigandi/umráðandi loftfars skal semja skoðanaáætlun fyrir sérhvert loftfar, sem hann rekur, og leggja fyrir flugmálastjórn til samþykktar. Telst loftfar ekki lofthæft nema fylgt sé samþykktri skoðanaáætlun.

3.2. **Létt loftför sem ekki eru notuð til flugrekstrar í atvinnuskyni.**
Skoðanir skulu gerðar í samræmi við fyrirmæli skoðunarhandbókar, þó ekki sjaldnar en á 50 og 100 gangtíma fresti (50 og 100 klst. skoðanir) eða skv. öðrum reglum sem flugmálastjórn hefur samþykkt.
Minnst eina 100 klst. skoðun skal gera því sem næst árlega til endurnýjunar lofthæfiskírteinis (ársskoðun) undir eftirliti fulltrúa flugmálastjórnar.

4. gr.
Viðhald og viðgerðir.

Loftförum skal við haldið og við þau gert skv. viðhalds- og viðgerðarbókum, sem samþykktar hafa verið fyrir hlutaðeigandi tegund loftfara og/eða samkvæmt almennt viðurkenndum aðferðum flugiðnaðarins. Flugmálastjórn sker úr í vafaatriðum.

Ath.: Sem dæmi um almennt viðurkenndar aðferðir flugiðnaðarins má nefna:

FAA — Advisory Circular No. 43. 13—1, Acceptable Methods, Techniques and Practices. Aircraft Inspection and Repair.
— No. 43. 13—2, Acceptable Methods, Techniques and Practices. Aircraft Alteration.
BCAA — Insptection Procedures.

5. gr.

Viðhaldsskrá loftfara og hreyfla.

5.1. Hverju loftfari og hverjum hreyfli loftfars skal fylgja sérstök bók, sem í eru skráðir gangtímar loftfarsins/hreyfilsins. Einnig skal skráð í bók þessa þegar viðhald, viðgerð, skoðun eða breyting fer fram á loftfari/hreyfli. Flugmálastjórn getur samþykkt aðra tilhögun skráningar þessara atriða.

5.2. Einnig skal á hentugan hátt skrá gangtíma og önnur mikilvæg atriði er varða lofthæfi þeirra hluta loftfars sem háðir eru gangtíma eða öðrum tímatakmörkunum.

5.3. Flugmálastjórn hefur ávallt aðgang að viðhaldsskrám loftfara og hreyfla og öðrum skrám og gögnum, er loftfar varðar, í því skyni að hafa eftirlit með því að viðhaldsskyldu sé fullnægt.

6. gr.

Lofthæfi

6.1. Loftfar telst ekki lofthæft nema undirritað hafi verið viðhaldsvottorð sem staðfestir að eftirlit og viðhald hafi verið innt af hendi skv. reglum þessum.

6.2. Loftfar eða hlutar þess teljast ekki lofthæfir eftir smíði, samsetningu, grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu nema loftfarið eða hlutar þess hafi verið lýstir lofthæfir.

6.3. Einungis þeir aðilar, sem til þess hafa fullgild réttindi mega undirrita viðhaldsvottorð, skv. gr. 6.1., eða lýsa lofthæfi skv. gr. 6.2.

7. gr.

Undantekningar.

Flugmálastjórn getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágur frá reglum þessum.

8. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964.

9. gr.

Gildissvið og -taka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt III. kafla, sbr. 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk loftför hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 145 15. sept. 1967.

Samgönguráðuneytið, 28. desember 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 80 17. desember 1928.

1. gr.

49. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hámarkshraði bifreiða og annarra ökutækja er 45 km á klst. Reglur þessar gilda þó ekki um umferð á Reykjanesbraut og Krísuvíkurvegi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

22. desember 1976. Nr. 445.

REGLUR

um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum.

1. gr.

Heimilt er skólastjóra, innan þeirra marka er reglur þessar ákveða, að veita kennurum skólans leyfi frá störfum með launum til þátttöku í íþróttamótum, enda fái þeir ekki greiðslu vegna vinnutaps frá öðrum aðilum. Leyfi þetta takmarkast við þátttöku íslendinga í Olympíuleikum, heimsmeistaramótum og hliðstæðum mótum svo sem Evrópumeistaramótum, Norðurlandameistaramótum og landskeppni.

Frekari skilyrði fyrir leyfisveitingu eru:

a) Leyfisbeiðandi, kennari eða fyrir hans hönd samband eða sérsamband, verður í samráði við þann er fer með stjórn íþróttamála sveitarfélagsins (íþróttafulltrúa) að tryggja staðgengil, sem skólastjóri samþykkir að annist kennslustörf hans á leyfistímabilinu.

b) Umsókn um leyfi skal berast skólastjóra minnst tveimur vikum fyrir ráðgerða brottför kennarans til móts. Í umsókninni skal greina frá mótsdögum og tíma og ferðaáætlun.

c) Leyfið skal bundið við þann tíma er ferðir til og frá mótsstað krefjast og íþróttamótið. Ekki er skólastjóra heimilt að veita kennara leyfi með launum til æfinga eða dvalar í æfingabúðum né til einkaerinda sem ætlað er að fella saman við keppnisferðina. Sé af sérstökum ástæðum óskað eftir rýmkun frá þessum reglum skal sækja um það til menntamálaráðuneytisins með minnst tveggja vikna fyrirvara.

d) Laun greidd kennara meðan á þátttöku í íþróttamótum stendur miðast við föst starfslaun hans, en aukavinna sem hann á að inna af hendi á sama tíma greiðist honum ekki.

e) Skólastjóri skal láta umsókn kennara um leyfi skv. b)-lið með árituðu samþykki sínu fylgja með þeirri launaskrá til skólanefndar (sveitarstjórnar) þar sem krafið er um greiðslu til staðgengils kennara vegna leyfis.

2. gr.

Beiðnir um leyfi til þátttöku í keppni innanlands eða utan sem fer fram milli félaga eða héraðssambanda skulu berast skólastjóra tveimur vikum fyrir dagsetningu keppni eða móts. Leyfi skal ekki veita, nema viðkomandi kennari útvegi staðgengil, sem skólastjóri samþykkir og að fyrir liggi skriflegt samþykki kennarans um að hann greiði staðgengli sínum laun og staðgengilsins um að hann fallist á þá tilhögun og muni ekki krefja skólann um laun fyrir þá kennslu sem hann þannig innir af hendi.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn uns öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 446. 28. desember 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningar- og verðlaunasjóð dr. phil. Jóns Ófeigssonar, yfirkennara, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 28. desember 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum lærisveinum og vinum Jóns Ófeigssonar og til minningar um hann. Stofnfé nemur kr. 20 000.00.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er að verðlauna bestu prófframmistöður við Menntaskólann í Reykjavík. Til verðlaunanna má verja allt að ¾ hlutum af árlegum vöxtum. Minnst ¼ hluti ársvaxtanna leggst árlega við sjóðinn til eflingar honum, auk þess sem sjóðurinn veitir móttöku þeim upphæðum, er menn vildu í hann leggja til minningar um Jón Ófeigsson eða til að styðja verkefni sjóðsins eins og skipulagsskráin greinir. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1948.

3. gr.

Veita skal einungis ein verðlaun úr sjóðnum meðan upphæð sú, er veita má, eigi nemur meiru en kr. 500.00. Skulu þau veitt þeim stúdent, er lýkur hæsta stúdentsprófi frá skólanum vor hvert. Hafi tveir stúdentar eitthvert vor jafnháa aðaleinkunn, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hefur hærri einkunn í þýsku, en hafi þeir jafnháa einkunn í þýsku, skiptast verðlaunin milli þeirra.

4. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur kr. 500.00, skal veita tvenn verðlaun. Önnur verðlaunin, kr. 500.00, skulu veitt eins og segir í 3. gr., en hin verðlaunin, það sem umfram er kr. 500.00 upp í kr. 1 000.00, skulu veitt þeim nemanda Menntaskólans, sem hæsta aðaleinkunn hlýtur við vorpróf í skólanum. Hafi tveir eða fleiri nemendur jafn háar hæstu einkunnir, sker einkunn í þýsku úr um, hver nemandinn hlýtur verðlaunin — sbr. 3. gr., — en skeri þýsku einkunn ekki úr, eða nemendur hafi ekki haft þýsku til prófs, skiptast þau verðlaun.

5. gr.

Þegar upphæð sú, er veita má, nemur yfir kr. 1 000.00, skal veita þrenn verðlaun. Veitast tvenn þeirra eins og að framan greinir, en þriðju verðlaunin, það sem umfram er kr. 1 000.00 upp í kr. 1 500.00, skulu veitt stúdent, sem best er að sér í þýskri tungu að dómi þess kennara, er kennir þýsku til stúdentsprófs, enda hafi sá stúdent jafnháa eða hærri einkunn í þýsku til stúdentsprófs og nokkur annar stúdent frá skólanum það sinn.

6. gr.

Þegar ¾ hlutar vaxta sjóðsins nema árlega meiru en kr. 1 500.00, þá hækka öll hin greindu verðlaun jafnt. Farið getur svo, að sami stúdent hljóti öll þrenn verðlaunin, en sé upphæð sú, er veita skal það há að mati rektors Menntaskólans og meiri hluta kennara hans, að æskilegt sé að fjölga verðlaunum í stað þess að hækka þau, skal það heimilt. Er það á valdi sömu aðila, hvort verðlauna beri bestu frammistöður við stúdentspróf/vorpróf í einstökum námsgreinum, eða fjölga verðlaunum eftir sömu reglum og að framan greinir, einungis væri þá um að ræða þá, er hefðu næst hæstu prófeinkunnir, og svo koll af kolli. Sama gildir og, ef þýskukennsla til stúdentsprófs yrði lögð niður. Í stað fjölgunar verðlauna geta komið styrkir sbr. 7. gr. hér á eftir.

7. gr.

Auk verðlaunaveitinga, sem að framan greinir, skal heimilt að veita bágstöddum sjúkum nemanda/nemendum, er þurfa að leita sér lækninga innan lands eða utan, styrk, enda sé um að ræða kostnað, sem ekki er bættur af sjúkrasamlögum eða almannatryggingum o. s. frv. Ennfremur er heimilt að styrkja efnilegan efnalausan nemanda/nemendur til náms utan lands eða innan. Rektor Menntaskólans í Reykjavík og meiri hluti kennara hans ákveða, hverjir skulu hljóta þessa styrki og hvernig þeim skuli hagað.

8. gr.

Öll verðlaun, sem veitt eru, skulu ávallt standa á heilum tug króna.

9. gr.

Stjórn sjóðsins og varsla skal vera hjá rektor Menntaskólans, en sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður í einhverjum ríkisbankanna, sparisjóði þeirra og veðdeildarbréfum eða öðrum jafngóðum ríkistryggðum verðbréfum. Einnig má ávaxta fé sjóðsins í fasteignum, en ávallt skal þess gætt að eignir hans séu verðtryggðar eins og best er hægt á hverjum tíma. Skal færð bók yfir eignir sjóðsins og ársreikninga hans. Þar skal og færa skýrslu um alla verðlauna- og styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar starfrækslu hans. Reikningsárið sé almanaksárið, og skal rektor árlega birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslum Menntaskólans í Reykjavík, og skal þar einnig greint, hver eða hverjir hafi hlotið verðlaun eða styrki úr sjóðnum það ár og hve mikið. Endurskoðun sjóðsins skal vera með sama hætti og annarra sjóða, er hlíta stjórn rektors.

10. gr.

Stjórnendur Minningarsjóðs séra Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur, sem stofnaður var að frumkvæði Jóns Ófeigssonar, menntaskólakennara, til minningar um forfeður hans séra Jón Eiríksson, síðast prest á Stóra-Núpi (d. 1887) og konu hans Guðrúnu Pálsdóttur, á 100 ára afmælisdegi hennar 10. júní 1917, ákváðu, eftir að hafa fengið til þess leyfi dómsmálaráðuneytisins að afhenda rektor Menntaskólans í Reykjavík sjóðinn, þannig að hann sameinist Minningar- og verðlaunasjóði dr. phil. Jóns Ófeigssonar, yfirkennara. Bætast þá við verkefni þess sjóðs styrkveitingar sbr. 7. gr. hér að framan.

11. gr.

Með staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, falla úr gildi skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Jóns Eiríkssonar og Guðrúnar Pálsdóttur staðfest af konungi þ. 5. september 1918 og skipulagsskrá Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar, yfirkennara staðfest af forseta Íslands þ. 26. febrúar 1948.

12. gr

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 447. 27. desember 1976.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

I. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Gatnagerðargjöld samkvæmt reglugerð þessari skal greiða í sveitarsjóð af öllum nýbyggingum svo og viðbyggingum við eldri hús í Mosfellshreppi, sbr. 3. gr. Íbúðarhús ábúenda á lögbýlum eru undanþegin gatnagerðargjöldum.

2. gr.

Við úthlutun lóða eða þegar samningur hefur verið gerður milli landeiganda og sveitarstjórnar um gerð byggingarlóða og lóðir ordnar byggingarhæfar að mati sveitarstjórnar, skal lóðarhafi greiða allt að helmingi gatnagerðargjalds hverrar lóðar.

Eftirstöðvar gatnagerðargjalds greiðist við veitingu byggingarleyfis, enda sé sótt um byggingarleyfi innan sex mánaða frá því lóðarúthlutun fór fram.

3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss skal greiða ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á hvern rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð á hvern rúmmetra svo sem hér segir:

Einbýlishús	8.0%
Raðhús og tvíbýlishús	6.0%
Fjölbýlishús	1.8%
Iðnaðarhúsnæði	2.5%
Iðnaðarhúsnæði 2000 m²—5000 m²	3.0%
Iðnaðarhúsnæði minna en 2000 m²	3.5%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta hæð undir þaki skal aldrei teljast minni að rúmmáli en flatarmál hennar margfaldað með 3.30 m.

Bílgeymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að mati byggingarnefndar að grafa út grunn en að fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi.

Af einbýlishúsalóðum, sem eru stærri en 1000 m^2 skal greiða sérstakt stærðargjald af því, sem er fram yfir, kr. 1 304 pr. m^2, miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er á hverjum tíma, nú 2359 stig.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja nýtt hús á sömu lóð, skal gatnagerðargjald vegna hins nýja húss lækka um allt að 75% eftir mati sveitarstjórnar. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslu skv. 3. gr.

5. gr.

Gjald skv. 3. gr. skal reikna út og miða við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag, sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi gjaldliðum. Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði, fyrir og eftir breytingu.

6. gr.

Skv. 2. gr. skal sótt um byggingarleyfi innan sex mánaða frá lóðarúthlutun. Sé eigi sótt um byggingarleyfið innan tilskilins tíma, fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi, enda sé sveitarstjórn þá skylt að endurgreiða þann hluta gatnagerðargjalds, sem þegar hefur verið greiddur.

7. gr.

Sveitarstjórn setur reglur um innheimtu gatnagerðargjalda samkvæmt reglugerð þessari.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

II. KAFLI

Um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

8. gr.

Af öllum lóðum og húsum, sem falla undir I. kafla skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

9. gr.

Af hverjum rúmmetra greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	1.0%
Raðhús og tvíbýlishús	0.7%
Fjölbýlishús	0.4%
Atvinnuhúsnæði	0.7%

Rúmál húss reiknast með sama hætti og samkvæmt 3. gr.

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

11. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið. Heimilt er þó gjaldanda að greiða ⅔ hluta gjaldsins með tveimur jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu tvö ár á eftir, enda séu greiddir venjulegir vísitilvextir af eftirstöðvum á hverjum tíma.

Gatnagerðargjöldum samkvæmt reglugerð þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps samþykkir að beita ekki heimild um afturvirkni samkv. 4. gr. l. nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. l. nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 448. 30. desember 1976.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 257 26. ágúst 1974 um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrning íbúðarhúsnæðis skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæðis úr steinsteypu	0,20%
Íbúðarhúsnæðis hlöðnu úr steinum	0,26%
Íbúðarhúsnæðis úr timbri	0,40%

Til íbúðarhúsnæðis teljast bílskúrar, sem byggðir eru skv. byggingarleyfi eða í tengslum við íbúðarhúsnæði.

Um frádrátt frá tekjum vegna viðhalds á íbúðarhúsnæði fer eftir 25. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í E-lið 15. gr. l. nr. 68 15. júní 1971 sbr. 9. tl. 7. gr. l. nr. 7 23. mars 1972 öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1976.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1976.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 392 29. október 1976 um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

1. gr.

5. mgr. 14. gr. orðist svo:

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign, þau skulu bera sömu vexti og útlán Byggðasjóðs (B-lán) til þessara framkvæmda, er greiðist eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

31. desember 1976. Nr. 450.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirra, sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr. nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera kr. 95 000 á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að kr. 2 000 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 2 000 000, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 95 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Framangreint grunngjald kr. 95 000 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 1998 stig. Grunngjaldið breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem

fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 1 100 þús. kr. Heimtaugargjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðast samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 6. apríl 1968 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugagjöld í sveit nr. 111 29. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 31. desember 1976.

F. h. r.
Árni Snævarr.

Kristmundur Halldórsson.

Nr. 451. 31. desember 1976.

REGLUGERÐ

um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 20 000.00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 10 000.00.

2. gr.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt sérlyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Ef sótt er um skráningu á tveimur eða fleiri formum eða styrkleikum sérlyfs, skal vísa til eldra (elsta) umsóknarnúmers sama lyfs, enda verði hin ýmsu lyfjaform sérlyfs skráð einu heiti í sérlyfjaskrá og undir elsta umsóknarnúmeri viðkomandi lyfs.

3. gr.

Umsækjanda er skylt að fylla út alla þá reiti á umsóknareyðublaði, sem merktir eru í töluröð 1—10. Sé ógerlegt að koma fyrir þeim upplýsingum, sem ætlað er að færa í einstaka reiti eyðublaðsins, skal umsækjandi færa þær upplýsingar á örk, sem festa skal við sjálft umsóknareyðublaðið.

4. gr.

Auk þeirra upplýsinga, sem taldar eru í 3. gr., skal umsækjandi skrá eftirtaldar upplýsingar á sérstöku fylgiskjali með sjálfu umsóknareyðublaðinu:

a. Upplýsingar um fob- eða cif-verð sérlyfs í þeim pakkningastærðum, sem sótt er um skráningu á.
b. Upplýsingar um ábendingar (indications) lyfsins. Skal lyfið skráð samkvæmt þeim ábendingum einum, sem í umsókn greinir og lyfjanefnd samþykkir.
c. Upplýsingar um frábendingar (contraindicationes) lyfsins.
d. Upplýsingar um, hve stórir venjulegir skammtar af lyfinu eru. Skulu þessar upplýsingar vera í fullkomnu samræmi við upplýsingar í ritgerðum, sem umsókn fylgja (sbr. 6. gr. F, G og H).
e. Upplýsingar um mestu skammta, sem framleiðandi lyfsins mælir með.
f. Gerð skal full grein fyrir stærð skammta lyfsins, sé það notað við barnalækningar. Skulu þessar upplýsingar vera í fullkomnu samræmi við upplýsingar í ritgerðum, sem umsókn fylgja (sbr. 6. gr. F, G og H). Sé lyf ekki notað við barnalækningar, skal umsækjandi láta þess getið.
g. Upplýsingar um allar aukaverkanir lyfsins.
h. Upplýsingar um milliverkanir lyfsins.
i. Upplýsingar um eiturverkanir lyfsins ásamt upplýsingum um meðferð slíkra eitrana.
j. Upplýsingar um geymsluþol lyfsins.
k. Upplýsingar um sérstök geymsluákvæði lyfsins.

Þær upplýsingar, sem taldar eru í 4. gr. a—k, skulu undirritaðar af framleiðanda eða umboðsmanni hans. Skal íslensk þýðing fylgja á lið b—i.

5. gr.

Með umsókn skulu fylgja tvö eintök af merkimiðum svo og eitt eintak af réttum umbúðum lyfsins fyrir hverja pakkningastærð og lyfjasýnishorn. Á merkimiða má ekki geta þess við hverju lyfið skuli notað, sbr. þó 59. gr. lyfsölulaga.

6. gr.

Með umsókn á að fylgja eitt eintak af upplýsingum, sem greinir í lið A—I:

A. **Virkt (virk) efni sérlyfs:** Nafn efnisins (INN- eða NFN-nafn), efnafræðilegt nafn (kemiskt nafn), byggingarformúla og mólekúlþungi.

Ýtarleg greinargerð um uppruna og framleiðslu virks efnis.

Enn fremur nákvæmar upplýsingar um hreinleika efnisins, geymsluþol þess, efnafræðilegar og eðlisfræðilegar einkennistölur, leysanleika, svo og lýsing á aðferðum til ákvörðunar á séreinkennum efnisins og upplýsingar um þær gæðakröfur, er efnið skal uppfylla (a. m. k. sannkennslispróf, magnákvörðun og hreinleikapróf).

B. **Hjálparefni:** Nákvæmar upplýsingar um öll hjálparefni, sem notuð eru til framleiðslu á lyfinu, m. a. nöfn þeirra, lýsing á efnunum, efnafræðilegar og eðlisfræðilegar einkennistölur, svo og nákvæmar lýsingar á aðferðum til ákvörðunar á séreinkennum efnanna og upplýsingar um þær gæðakröfur, er efnin skulu uppfylla (a. m. k. sannkennslispróf, hreinleikapróf og magnákvörðun).

Séu hjálparefni, sem notuð eru í lyf, stöðluð samkvæmt lyfjaskrám, (evrópsku lyfjaskránni, bresku, bandarísku eða norrænu lyfjaskránni), er heimilt að vísa til þeirra, enda standist hjálparefnin þær kröfur, sem þar eru gerðar.

C. **Lyfjasamsetningin (sérlyfið):** Nákvæmar upplýsingar um samsetningu sérlyfs, nákvæm lýsing á gerð lyfjaforms, lýsing á framleiðsluháttum lyfjaforms ekki

sist, ef um er að ræða óvenjulega gerð lyfjaforms eða ef lyf á að vera sæft (sterilt). Enn fremur upplýsingar um tæknilega eiginleika lyfsins svo og lýsingar á aðferðum til rannsóknar og efnagreiningar á lyfinu, þar með talin magnákvörðun, sannkennslispróf, hreinleikapróf svo og nákvæmar upplýsingar um geymsluþolsrannsóknir á lyfinu.

D. **Umbúðir um sérlyf:** Lýsing á umbúðum um sérlyf og þeim gæðakröfum, sem þær skulu uppfylla.

E. Nákvæmar upplýsingar um það, á hvern hátt lyfhrif virkra efna eru ákveðin (t. d. líffræðileg kvörðun og stöðlun).

F. Prentaðar ritgerðir, birtar eða óbirtar, er fjalla um lyfhrif, hugsanlegar aukaverkanir, eiturverkanir og lækningagildi sélyfs (sbr. 55. gr. lyfsölulaga).

G. Prentaðar ritgerðir, birtar eða óbirtar, er fjalla um verkunarmáta, frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað sérlyfs.

H. Prentaðar ritgerðir, birtar eða óbirtar, þar sem gerður er samanburður á sérlyfi og öðru eða öðrum þekktum lyfjum með svipað verkunarsvið.

I. **Efnisyfirlit:** Nákvæmt efnisyfirlit skal fylgja um gögn, sem talin eru í liðum A—H hér að framan, og skal þeim raðað á þann hátt sem þegar er greint. Skulu gögn þessi bundin í hæfilega stórar möppur. Þó skulu lyfjagerðarfræðilegar og lyfjaefnafræðilegar upplýsingar um lyfið vera aðskildar læknisfræðilegum gögnum.

7. gr.

Þær ritgerðir, sem taldar eru í 6. gr. F, G og H hér að framan, skulu ritaðar á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku eða þýsku. Ljósprentanir af ritgerðum má því aðeins senda með umsókn, að sérprentanir séu ófáanlegar.

8. gr.

Upplýsingar um niðurstöður rannsókna á öðrum hugsanlegum verkunum lyfsins, t. d. áhrif þeirra á krabbameinsmyndun, stökkbreytingar, fósturskemmdir o. fl., skulu fylgja umsókn.

9. gr.

Hliðstæðar kröfur eru gerðar til gagna, er fylgja skulu umsóknum um skráningu **dýralyfja** og skráningu annarra lyfja. Að auki skulu fylgja upplýsingar um rannsóknir, sem gerðar hafa verið um útskilnað lyfs með afurðum, sem notaðar eru til fæðu eða fóðurs, t. d. egg og mjólk. Enn fremur skulu fylgja upplýsingar um rannsóknir, er varða hugsanlegar lyfjaleifar í kjöti og öðrum líffærum dýra, sem ætluð eru til fæðu eða fóðurs. Upplýsingar um eiturverkanir dýralyfja hjá mönnum og meðferð á þeim skulu fylgja.

10. gr.

Þegar sótt er um skráningu sérlyfs, sem framleitt er af aðila, er ekki hefur áður fengið skráð sérlyf á sérlyfjaskrá, skal fylgja með umsókn ýtarleg greinargerð um framleiðsluhætti fyrirtækisins og eftirlit, sbr. 58. gr. lyfsölulaga. Skal með greinargerð þessari fylgja staðfest yfirlýsing frá viðkomandi stjórnvöldum um, að rétt sé með farið.

11. gr.

Öll gögn, er fylgja umsókn um skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá, skulu vera greinileg og auðlæs.

Lyfjanefnd getur óskað eftir fyllri gögnum varðandi umsókn um skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá.

Lyfjanefnd getur hafnað umsókn um skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá, ef umsóknargögn eru ófullkomin.

Umsóknargögn um skráningu sérlyfs, sem hafnað er, verða varðveitt í eitt ár frá dagsetningu ákvörðunar nefndarinnar. Fylgiskjölum með slíkum umsóknum verður skilað, ef þess er óskað bréflega innan árs.

12. gr

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 5 000.00, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

13. gr.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

14. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 12. og 13. gr. renna í sérlyfjasjóð samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga, og er þeim ætlað að standa straum af kostnaði við störf lyfjanefndar og Lyfjaeftirlits ríkisins. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, sbr. og 2. og 3. gr. laga nr. 85 25. maí 1976 um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 48 20. maí 1964 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Almar Grímsson.

31. desember 1976. Nr. 452.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyristrygginga almannatrygginga árið 1977.

1. gr.

Árið 1977 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkv. 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 440.00 fyrir hverja tryggingarviku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 246 5. júní 1975 um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Fyrir skráningu bifreiðar samkvæmt reglum þessum skal greiða sama gjald til ríkissjóðs og fyrir nýskráningu bifreiðar, en fyrir framlengingu hverju sinni skal greiða sama gjald og fyrir umskráningu milli umdæma, sbr. reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs, og annast viðkomandi lögreglustjóri innheimtu þess.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. tölulið 3. gr. laga nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., sbr. og umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 454. 31. desember 1976.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1976:

Borgarfjarðarsýsla:

Klöpp á garðyrkjubýli í landi Kleppjárnsreykja, Reykholtsdalshreppi.

Strandasýsla:

Markhöfði á þjónustubýli í landi Fjarðarhorns, Bæjarhreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:

Hlíðarfoss í stað nafnsins Huppahlíð III á býli í Ytri-Torfustaðahreppi.
Brún á smábýli í landi Auðunarstaða, Þorkelshólshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Háabrekka í stað nafnsins Reiðholt á býli í Lýtingsstaðahreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Garður III á iðnaðarbýli í landi Garðs II, Mývatnssveit.
Hraunbær á iðnaðarbýli í landi Hólmavaðs, Aðaldælahreppi.

Norður-Múlasýsla:

Fossvellir II á smábýli í landi Fossvalla, Hlíðarhreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla:

Litlahlíð á smábýli í landi Austurhlíðar, Skaftártunguhreppi.

Rangárvallasýsla:

Norðurbær á þjónustubýli í landi Gunnarsholts, Rangárvöllum.
Jaðar II á nýbýli í landi Jaðars, Djúpárhreppi.

Árnessýsla:
Kirkjutún á þjónustubýli í landi Laugardæla, Hraungerðishreppi.
Tröð á kennarabústað í landi Gnúpverjahrepps hjá félagsheimilinu Árnesi.
Árteigur á þjónustubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.
Reykjaflöt á garðyrkjubýli í landi Reykjabóls, Hrunamannahreppi.
Miðfell VI á smábýli í landi Miðfells II, Hrunamannahreppi.
Birkilundur II á garðyrkjubýli í landi Birkilundar, Biskupstungnahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1976.

F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

31. desember 1976. Nr. 455.

AUGLÝSING

um skiptingu Hafnarfjarðarprestakalls í tvö prestaköll og tvær sóknir.

Að fengnum tillögum biskups og samkvæmt ósk viðkomandi sóknarnefndar, er hér með ákveðið, í samræmi við ákvæði laga um skipun prestakalla og prófastsdæma og Kristnisjóð, nr. 35 9. maí 1970, að núverandi Hafnarfjarðarprestakalli skuli skipt í tvö prestaköll:

Hafnarfjarðarprestakall: Hafnarfjarðarsókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað austan Reykjavíkurvegar.

Víðistaðaprestakall: Víðistaðasókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað vestan Reykjavíkurvegar.

Skipan þessi tekur gildi 1. janúar 1977, að því er varðar skiptingu prestakallsins í tvær sóknir, en 1. mars 1977 að því er varðar hina nýju skipun prestakalla.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Þorleifur Pálsson.

30. desember 1976. Nr. 456.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verður við Suðurlandsbraut, ef beygt er til vinstri frá Álfheimum.
2. Rýmkað verður bann við bifreiðastöðum á Túngötu við Landakotsspítala, þannig að heimilt verður að leggja bifreiðum sunnanmegin götunnar á milli Ægisgötu og Hofsvallagötu á tímabilinu frá kl. 18 til 20 á mánudegi til föstudags og milli kl. 15 og 16 á laugardögum og sunnudögum.

3. Bann við stöðu bifreiða verður fellt úr gildi á eftirtöldum götum:
Ingólfsstræti að austanverðu frá Bankastræti að Hverfisgötu.
Naustunum að austanverðu frá Tryggvagötu að Hafnarstræti.
Tryggvagötu að sunnanverðu frá Norðurstíg til vesturs í boga við Hamarshús.
Garðastræti að austanverðu á milli Ránargötu og Vesturgötu.
Bergstaðastræti að austanverðu á milli Skólavörðustígs og Hallveigarstígs.
Kirkjustræti að sunnanverðu frá Thorvaldsensstræti að Tjarnargötu.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. janúar 1977.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. desember 1976.

Sigurjón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 44, nr. 439—456. Útgáfudagur 10. janúar 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1976

29. desember 1976. 861 Nr. 457.

REGLUR

um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla skólaárið 1976—'77.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Trúnaðarmenn (eftirlitsmenn) og prófdómarar við námsmat í grunnskóla eru skipaðir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og teljast starfsmenn menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Sami maður getur gegnt bæði störfum trúnaðarmanns og prófdómara ef unnt er að koma því við og það þykir henta.

3. gr.

Greiðslur til trúnaðarmanna og prófdómara fara eftir gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur.

II. Trúnaðarmenn.

4. gr.

Trúnaðarmaður skal vera á prófstað meðan samræmd próf fara fram. Honum ber að rjúfa innsigli þeirra í viðurvist skólastjóra eða staðgengils hans u. þ. b. hálfri klukkustund áður en próf hefst, kanna hvort um er að ræða sérstök fyrirmæli varðandi framkvæmd prófsins sem nauðsynlegt er að gera yfirsetumönnum grein fyrir, og ganga úr skugga um að öll prófgögn séu fyrir hendi. Reynist í einhverju áfátt um undirbúning eða framkvæmd prófsins skal trúnaðarmaður sjá um, að ráðin verði bót á því.

5. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við skólastjóra ganga úr skugga um, að niðurröðun nemenda í stofur sé þannig háttað að nemendur geti ekki lesið milli borða, að yfirsetumenn séu hæfilega margir og sinni starfinu af árvekni.

6. gr.

Trúnaðarmaður skal sjá um að próf hefjist og því ljúki á tilsettum tíma. Ef um er að ræða próf sem eingöngu er dæmt af prófanefnd skal trúnaðarmaður sjá um að senda prófúrlausnir til nefndarinnar strax að prófi loknu.

B 108

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra úrskurða um sérstök tilvik sem upp kunna að koma varðandi prófið eða framkvæmd þess. Telji trúnaðarmaður og skólastjóri það nauðsynlegt skal haft samráð við menntamálaráðuneytið um lausn vandamálsins.

III. Prófdómarar.

8. gr.

Prófdómarar starfa aðeins við námsmat í 9. bekk í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins þar um hverju sinni, sbr. 61. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

9. gr.

Prófdómari skal í samráði við hlutaðeigandi kennara sjá svo til að námsmat á vegum skólans fari fram í samræmi við ákvæði námskrár og fyrirmæli prófanefndar þar um. Þeir starfa fyrst og fremst við þau próf sem haldin eru í lok námsáfanga eða námsárs. Prófdómari skal samþykkja skrifleg prófverkefni áður en þau eru lögð fyrir. Sérstaklega skal þess gætt að prófkröfur séu í samræmi við námsmarkmið.

10. gr.

Prófdómari skal ásamt kennara gefa einkunnir í munnlegum prófum. Skriflegar úrlausnir skulu prófdómari og kennari meta hvor fyrir sig. Þeim er þó heimilt að meta úrlausnirnar í sameiningu ef það vinnuform þykir henta betur. Greini prófdómara og kennara á um einkunn og náist ekki samkomulag skal meðaltal einkunna gilda.

11. gr.

Prófdómari og hlutaðeigandi kennari eru ábyrgir fyrir því að einkunnir séu rétt færðar í spjaldskrá skólans.

12. gr.

Prófdómara er ekki heimilt að taka að sér meiri verkefni en svo, að hann geti með hægu móti annað verkefninu á þeim tíma sem er til umráða. Er þá miðað við, að prófdómari geti skilað alls um 13 vinnustundum á dag að jafnaði.

IV. Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kann að verða ákveðið. Jafnframt falla úr gildi reglur um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins, nr. 61/1975, svo og önnur ákvæði sem kunna að fara í bága við reglur þessar.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Hörður Lárusson.

Stjórnartíðindi B 45, nr. 457. Útgáfudagur 10. febrúar 1977.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 — 1976

AUGLÝSING

frá Vörumerkjaskrárritara, Reykjavík.

I. Vörumerki skrásett 1976.

Skrás. 1976, nr. 1. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 304/1975. Tilkynnt 23. september 1975, kl. 10.53.



LABORATOIRES ROJA S.A., 8, Place Vendome, PARIS, Frakklandi.

Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Ilmvörur, fegurðarvörur, sápur, farða, loftnæmar olíur, fegrunarvörur, hársnyrtingarvörur, efnablöndur til tannhirðingar. (Fl. 3).

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Skrás. 1976, nr. 2. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 306/1975. Tilkynnt 26. september 1975, kl. 11.45.



WARENZEICHENVERBAND VEM e.V., Henningsdorfer Strasse 25, 8017 Dresden, Austur-Þýskalandi.

Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.

Logsuðusmyrsl; rafmagnslútdælur, rafknúin hleðslu- og færibúnaður fyrir millitíðni-spankerfi, kerfistíðni spanzinkhúðunar- og blýbaðsbúnaður og kerfistíðni spanhitunarbúnaðar fyrir málmhleifa; þrýstiloftskerfi, rafmagnssuðuvélar, lóðun og slaglóðun; þrýstiloftsdælur, rafmagns línulegar drifvélar (linear machines), (þó ekki í farartæki á landi), suðutengur (vélhlutar) fyrir viðnáms-suðu, lóðun og slaglóðun; sveiflurásar-breytir, rafbúnaður fyrir tengingu og aftengingu, stýri- og stillibúnaður fyrir málmpressur, sements þurrkofna, hráolíu- og jarðolíu-, jarðgas-, vinnslu- og framleiðsluvélar, jarðhnetu-pressur og vélar fyrir mötun á straumteinum farartækja; tyristor stýrðir afriðlar, tyristor stýrieiningar og -skápar; rafmagns prófunartæki til prófunar og mælingar rafmagnsstærða; afl-, stilli- og prófunarspennar, rafmagnsbreytar og mælispennar, rafmagns spanspólur, rafmagns vartappar og gegnfærslur, yfirspennuleiðarar, búnaður fyrir rannsóknastofur til mælingar á rafafli háspennu-, þungavinnubúnaðar, töluleg stjórnun, háspennu loftlínur, lágspennu tengibúnaður, loftknúnir mælibreytar, span-hitunartæki, tæki til öryggis í járnbrautarlestum, einkum þó stýritæki fyrir brautarteina með stýribúnaði, lokunarbúnaður, gangstígar, sjálfvirk númeratafla er sýni brottför lestanna; rafmagns ljósalagnir, rafmagnshitaðir ofnar fyrir iðnfyrirtæki, rafmagnseldavélar innbyggðar og -þurrkofnar, kælibúnaður fyrir spanhitunar búnað; rafmagns línulegan drifvéla búnað fyrir farartæki á landi, rafmagns einangrunar efni, einangrandi lakk og einangrandi áburður, húðaðar lagskiptar pressaðar plötur fyrir prentaðar straumrásir, óhúðaðar einangrandi sveigjanlegar þynnur fyrir vefjur rafmagnsvéla. (Fl. 2, 7, 9, 11, 12, 17).

Skrás. 1976, nr. 3. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 307/1975. Tilkynnt 29. september 1975, kl. 14.45.

"Blendi"

Blendax-Werke R. Schneider GmbH & Co., 65 Mainz 1, Postfach 1580, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Sápur, ilmvörur, loftnæmar olíur, efnablöndur til líkamshirðingar og fegrunar, hárvötn og efnablöndur til tannhirðingar. (Fl. 3).

Skrás. 1976, nr. 4. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 308/1975. Tilkynnt 29. september 1975, kl. 14.45.

"Strahler 80"

Blendax-Werke R. Schneider GmbH & Co., 65 Mainz 1, Postfach 1580, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Sápur, ilmvörur, loftnæmar olíur, efnablöndur til líkamshirðingar og fegrunar, hárvötn og efnablöndur til tannhirðingar. (Fl. 3).

Skrás. 1976, nr. 5. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 309/1975. Tilkynnt 29. september 1975, kl. 14.45.

"Lareen"

Blendax-Werke R. Schneider GmbH & Co., 65 Mainz 1, Postfach 1580, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Sápur, ilmvörur, loftnæmar olíur, efnablöndur til líkamshirðingar og fegrunar, hárvötn og efnablöndur til tannhirðingar. (Fl. 3).

Skrás. 1976, nr. 6. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 310/1975. Tilkynnt 29. september 1975, kl. 14.45.

"Shamtu"

Blendax-Werke R. Schneider GmbH & Co., 65 Mainz 1, Postfach 1580, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Sápur, ilmvörur, loftnæmar olíur, efnablöndur til líkamshirðingar og fegrunar, hárvötn og efnablöndur til tannhirðingar. (Fl. 3).

Skrás. 1976, nr. 7. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 311/1975. Tilkynnt 29. september 1975, kl. 14.45.

"Vitana"

Blendax-Werke R. Schneider GmbH & Co., 65 Mainz 1, Postfach 1580, Þýskalandi
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Sápur, ilmvörur, loftnæmar olíur, efnablöndur til líkamshirðingar og fegrunar, hárvötn og efnablöndur til tannhirðingar. (Fl. 3).

Skrás. 1976, nr. 8. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 312/1975. Tilkynnt 29. september 1975, kl. 14.45.

"Blend-a-med"

Blendax-Werke R. Schneider GmbH & Co., 65 Mainz 1, Postfach 1580, Þýskalandi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Sápur, ilmvörur, loftnæmar olíur, efnablöndur til líkamshirðingar og fegrunar, hárvötn og efnablöndur til tannhirðingar. Tannbursta. (Fl. 3, 21).

Skrás. 1976, nr. 9. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 313/1975. Tilkynnt 29. september 1975, kl. 14.45.

LLOYD'S

Lloyd's Electronics International, 18601 South Susana Road, Compton, California, Bandaríki N.-Ameríku.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Úr, klukkur og önnur áhöld til tímamælingar, þar með talin rafeinda-úr. (Fl. 14).

Skrás. 1976, nr. 10. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 314/1975. Tilkynnt 30. september 1975, kl. 11.45.



Regla Jötu-systkina, Pósthólf 4073-R4, Reykjavík.
Umboðsmaður: Sigurður Herlufsen, Hverfisgötu 35, Hafnarfirði.
Kennsla og uppeldisfræði. (Fl. 41).

Skrás. 1976, nr. 11. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 315/1975. Tilkynnt 30. september 1975, kl. 11.45.

Nýheimsfræði

Regla Jötu-systkina, Pósthólf 4073-R4, Reykjavík.
Umboðsmaður: Sigurður Herlufsen, Hverfisgötu 35, Hafnarfirði.
Kennsla og uppeldisfræði. (Fl. 41).

Skrás. 1976, nr. 12. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 316/1975. Tilkynnt 1. október 1975, kl. 13.05.

HYDROMET

Merck & Co., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1976, nr. 13. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 317/1975. Tilkynnt 1. október 1975, kl. 13.05.

BLOCURETIC

Merck & Co., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1976, nr. 14. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 318/1975. Tilkynnt 1. október 1975, kl. 13.05.

BLOCAZIDE

Merck & Co., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1976, nr. 15. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 319/1975. Tilkynnt 1. október 1975, kl. 13.05.

ALDORETIC

Merck & Co., Inc., 126 E. Lincoln Avenue, Rahway, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Allar vörur í 5. flokki. (Fl. 5).

Skrás. 1976, nr. 16. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 320/1975. Tilkynnt 1. október 1975, kl. 15.10.



Saga Petroleum A/S & Co., Maries vei 20, Høvik pr. Oslo, Noregi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Allar vörur í 1. og 4. flokki. (Fl. 1, 4).
Forgangsréttar krafist hér á landi frá 4. apríl 1975.

Skrás. 1976, nr. 17. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 321/1975. Tilkynnt 1. október 1975, kl. 15.10.



Saga Petroleum A/S & Co., Maries vei 20, Høvik pr. Oslo, Noregi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Allar vörur í 1. og 4. flokki. (Fl. 1, 4).
Merkið óskast skráð í litum.
Forgangsréttar krafist hér á landi frá 4. apríl 1975.

Skrás. 1976, nr. 18. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 322/1975. Tilkynnt 1. október 1975, kl. 15.10.

saga

Saga Petroleum A/S & Co., Maries vei 20, Høvik pr. Oslo, Noregi.
Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Allar vörur í 1. og 4. flokki. (Fl. 1, 4).
Forgangsréttar krafist hér á landi frá 4. apríl 1975.

Skrás. 1976, nr. 19. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 323/1975. Tilkynnt 2. október 1975, kl. 09.35.

MORE

R.J. Reynolds Tobacco International S.A., 12—14, chemin Rieu, Geneve, Sviss.
Umboðsmaður: Faktor Company, Reykjavík.
Tóbak óunnið og unnið; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur. (Fl. 34).
Forgangsréttar skv. Parísarsamþ. er krafist hér á landi frá 2. júní 1975.

Skrás. 1976, nr. 20. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 324/1975. Tilkynnt 2. október 1975, kl. 11.25.

WILLIAM LAWSON'S

William Lawson Distillers Limited, Main Street, Coatbridge, Skotlandi ML5 3RH.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Vín og áfenga drykki í 33. flokki. (Fl. 33).

Skrás. 1976, nr. 21. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 325/1975. Tilkynnt 2. október 1975, kl. 11.25.



William Lawson Distillers Limited, Main Street, Coatbridge, Skotlandi ML5 3RH.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Skoskt whisky í 33. flokki. (Fl. 33).

Skrás. 1976, nr. 22. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 327/1975. Tilkynnt 8. október 1975, kl. 10.15.

FINIPHOS

Shell International Petroleum Company Limited, Shell Centre, London SE1 7NA.
Umboðsmaður: Árni Björnsson, cand. polit., Reykjavík.
Efni til að eyða skordýrum, lirfum, sveppum, plöntum og meindýrum; lindýraeyðar og ormaeyðar; reykefni til að svæla út óþrifnað. (Fl. 5).

Skrás. 1976, nr. 23. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 329/1975. Tilkynnt 14. október 1975, kl. 11.30.

CORGARD

E. R. SQUIBB & SONS, INC., Princeton Road, Princeton, New Jersey 08540, Bandaríki N-Ameríku.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Lyf gegn kransæða-sjúkdómum og blóðþrýstingslækkandi lyf. (Fl. 5).

Skrás. 1976, nr. 24. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 332/1975. Tilkynnt 15. október 1975, kl. 13.05.

NIPRIDE

F. Hoffmann–La Roche & Co., Aktiengesellschaft, Grenzacherstrasse 124-184, Basel, Sviss.

Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.

Kemiskar vörur notaðar í þágu vísinda; efnasamsetningar til að varðveita matvæli óskemmd; sápur; ilmvörur, eterolíur, fegrunarmeðul, hárvötn; lyf, dýralækningalyf og heilsuverndarlyf; barna- og sjúkrafæðu; plástra, umbúðaefni; sótthreinsunarefni, efnasambönd til að eyða illgresi, meindýrum og óværu. (Fl. 1, 3, 5).

Skrás. 1976, nr. 25. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 333/1975. Tilkynnt 16. október 1975, kl. 15.15.

APPENDAGEZ

Appendagez, Inc., 537 University Avenue, Norwood, Massachusetts 02062, Bandaríki N.-Ameríku.

Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Fatnaður fyrir karlmenn og kvenfólk. (Fl. 25).

Skrás. 1976, nr. 26. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 334/1975. Tilkynnt 16. október 1975, kl. 15.15.

FADED GLORY

Appendagez, Inc., 537 University Avenue, Norwood, Massachusetts 02062, Bandaríki N.-Ameríku.

Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Fatnaður fyrir karlmenn og kvenfólk. (Fl. 25).

Skrás. 1976, nr. 27. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 335/1975. Tilkynnt 16. október 1975, kl. 15.15.

FADED GLORY BY APPENDAGEZ

Appendagez, Inc., 537 University Avenue, Norwood, Massachusetts 02062, Bandaríki N.-Ameríku.

Umboðsmaður: Gunnar H. Sigurgeirsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.

Fatnaður fyrir karlmenn og kvenfólk. (Fl. 25).

Skrás. 1976, nr. 28. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 337/1975. Tilkynnt 17. október 1975, kl. 10.35.

ESJUBERG

Hótel Esja hf., Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.
Veitingastarfsemi. (Fl. 42).

Skrás. 1976, nr. 29. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 338/1975. Tilkynnt 17. október 1975, kl. 10.38.

RACASAN

RACASAN LIMITED, Cromwell Road, Ellesmere Port, Cheshire, Englandi.
Umboðsmaður: Axel Einarsson, hrl., Aðalstræti 6, Reykjavík.
Fyrir allar vörur í 3. og 5. flokki. (Fl. 3, 5).

Skrás. 1976, nr. 30. Skráningard. 6. janúar 1976.
T 257/1975. Tilkynnt 11. ágúst 1975, kl. 09.00.

Hallmark

Hallmark Cards Inc., félag í Missouri, 25 og McGee Trafficway, Kansas City, Missouri 64141, Bandaríki N.-Ameríku.
Umboðsmaður: Faktor Company, Reykjavík.
Allar vörur í 4. fl., einkum kerti.
Allar vörur í 16. fl., einkum kveðjukort, skrifpappír, pappír, pappírsvörur, pappavörur, umbúða- og innpökkunarefni, allt í 16. flokki, prentað mál, bækur, límefni (ritföng), fræðslu-og kennsluefni (tæki undanskilin), og venjuleg spil.
Allar vörur í 21. fl., einkum drykkjarbikarar og borðdiskar, auk smærri búsáhalda og hylkja (ekki úr dýrum málmum né húðuð þeim).
Allar vörur í 26. fl., einkum bönd og borðar, innifalið í 26. fl.
Allar vörur í 28. fl., einkum skrautvörur og skreytingaefni innifalið í 28. fl., leikföng, leikvörur og leikspil. (Fl. 4, 16, 21, 26, 28).

Skrás. 1976, nr. 31. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 341/1975. Tilkynnt 21. október 1975, kl. 09.00.

IISI Products AG., Grabenstrasse 15, Chur (Graubunden), Sviss.
Umboðsmaður: Faktor Company, Reykjavík.
Hylki til geymslu á segulbanda kassettum. (Fl. 9).

Skrás. 1976, nr. 32. Skráningard. 6. janúar 1976.

T 290/1975. Tilkynnt 11. september 1975, kl. 13.46.

BLUE STRATOS

Shulton, Inc., 697 Route 46, Clifton, New Jersey 07015, Bandaríkjum N.-Ameríku.
Umboðsmaður: Páll Pálmason, lögfræðingur, Þingholtsstræti 29, Reykjavík.
Hreinlætisvörur fyrir karlmenn, þ.á m. andlitsáburður eftir rakstur, kölnarvatn, ilmsmyrsl, hörundsáburður, andlitskrem, púður, sótthreinsiefni og svitaeyðir, handsápa, hársnyrtiefni, hárþvottasápa, rakkrem og andlitsáburður fyrir rakstur með rafmagnsrakvél. (Fl. 3, 5).

Skrás. 1976, nr. 33. Skráningard. 29. janúar 1976.

T 282/1975. Tilkynnt 2. september 1975, kl. 11.53.

SIKORSKY

UNITED TECHNOLOGIES CORPORATION, United Technologies Building, Hartford, Connecticut 06101, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Flugvélar af þyrilvængjagerð. (Fl. 12).

Skrás. 1976, nr. 34. Skráningard. 29. janúar 1976.
T 209/1975. Tilkynnt 14. júlí 1975, kl. 15.30.

N° 10 RF

OSBORNE Y COMPANIA SOCIEDAD ANONIMA, Fernán Caballero No. 3, Puerto de Santa Maria, Cádiz, Spáni.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Fyrir vín, sterka drykki og líkjöra. (Fl. 33).

Skrás. 1976, nr. 35. Skráningard. 29. janúar 1976.
T 210/1975. Tilkynnt 14. júlí 1975, kl. 15.30.

VETERANO

OSBORNE Y COMPANIA SOCIEDAD ANONIMA, Fernán Caballero No. 3, Puerto de Santa Maria, Cádiz, Spáni.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Fyrir vín, sterka drykki og líkjöra. (Fl. 33).

Skrás. 1976, nr. 36. Skráningard. 29. janúar 1976.
T 211/1975. Tilkynnt 14. júlí 1975, kl. 15.30.

DUCAL

OSBORNE Y COMPANIA SOCIEDAD ANONIMA, Fernán Caballero No. 3, Puerto de Santa Maria, Cádiz, Spáni.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Fyrir vín, sterka drykki og líkjöra. (Fl. 33).

Skrás. 1976, nr. 37. Skráningard. 29. janúar 1976.
T 212/1975. Tilkynnt 14. júlí 1975, kl. 15.30.

COQUINERO

OSBORNE Y COMPANIA SOCIEDAD ANONIMA, Fernán Caballero No. 3, Puerto de Santa Maria, Cádiz, Spáni.
Umboðsmaður: S. Sigurjónsson (SIGURJÓNSSON & ÞÓR), Óðinsgötu 4, Reykjavík.
Fyrir vín, sterka drykki og líkjöra. (Fl. 33).

Skrás. 1976, nr. 38. Skráningard. 29. janúar 1976.

T 158/1970. Tilkynnt 7. apríl 1970, kl. 17.00.

"CARMEN"

Bristol-Myers Company, 345 Park Avenue, New York, N. Y. 10022, Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Umboðsmaður: Sigurgeir Sigurjónsson, Óðinsgötu 4, Reykjavík.

